Hæstaréttardómar 1954

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 146 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 49-50 og 716 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

EFNISSKRÁ

til bráðabirgða um hæstaréttardóma 1954.

Bls.

Ábúðarréttur 357
Aðgerðaleysi 498
Áfengislagabrot 218, 507, 603
Ákæruvald 439
Barnsfaðernismál 670, 718
Bifreiðamál:
1. Opinber mál 50, 145, 468, 480, 483, 516, 542, 596
2. Skaðabótamál 336, 608
Bjarglaun 43, 171, 208, 351, 425, 428
Byggingarmál 444
Byggingarsamvinnufélög 387
Dómarar (sjá ennfremur kærumál) 705, 708
Dómstólar 447
Dráttaraðstoð 364
Eignarréttur 135, 260, 340
Endurgreiðslukrafa 166, 212, 297, 394, 560
Endurkaupsréttur 584
Farmflutningur 232
Festaslit 577
Fiskveiðabrot 65, 99, 124, 154, 354, 525, 642, 647, 711
Fjárhættuspil 268
Fjárnám 307, 632
Fjársvik 149, 653
Fógetaréttarmál:
1. Innsetningarmál 340
2. Útburðarmál 69, 367, 727
Forkaupsréttur 26
Framfærslukrafa 282
Frávísun (sjá ennfremur kærumál):
1. Frá héraðsdómi 11, 187, 254, 374
2. Frá Hæstarétti 327, 493, 694
Fyrning refsingar 294
Gjaldeyris- og innflutningsbrot 507
Húsaleiga 69, 182, 254, 367, 394
Iðja og iðnaður 313, 501
Innheimtulaun 31, 35
Jarðaleiga 727
Kaupkrafa 187, 498, 539, 574, 577, 637, 714
Kaup og sala 329, 590

Kærumál: Bls.
1. Dómarar 684
2. Dómssátt (gildi hennar) 618
3. Frávísun:
a. Frá héraðsdómi 111, 310, 447, 452, 562, 601, 615
b. Frá Hæstarétti 61, 439, 547
4. Frestun 121, 216
5. Málskostnaður 56, 257
6. Ómerking 131, 133, 383
7. Staðfesting vitnaskýrslu 522
8. Vitnaskylda 16
9. Vörzlur fjárnuminna muna 632
Landamerkjamál 38
Líkamsáverkar 50, 145
Lögtak 17, 31, 327
Manndráp 218
Meðlag 17, 433
Meiðyrði 294, 635
Ómerking:
1. Einkamál 11. 131, 133, 139, 157, 374, 459, 705, 708
2. Opinber mál 627
Póstburðargjald 370
Séreign konu 114
Siðferðismál 695
Sjálfræðissvipting 531
Skaðabætur (sjá ennfremur bifreiðamál 2) .....
..... 1, 104, 127, 162, 190, 203, 212, 232,
249, 317, 377, 399, 405, 415, 460, 534, 549, 565, 577, 592, 664, 678, 714
Skattar:
1. Til ríkissjóðs:
a. Stóreignaskattur 73, 81, 85, 93
b. Söluskattur 474
2. Til sveitarfélags:
a. Gjaldskylda kvikmyndahúss 199
b. Útsvar 90, 303, 560, 580
Skiptamál 114, 282
Skuldamál 1, 282, 489
Tolllagabrot 218, 507
Umferðarréttur 47, 260
Uppboðssala 297
Uppboðshaldarar 494
Verksamningur 190
Þjófnaður 391, 529, 621

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXV. BINDI
1954

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F
MCMLIV

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1954:

Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Slysavarnafélag Íslands gegn Daníel Þorsteinssyni & Co. h/f og gagnsök. Skuldamál. Skaðabótakrafa.	13/1	1
2.	Skipaútgerð ríkisins gegn Útgerðarfélagi Akureyringa h/f. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.	16/1	11
3.	Ákæruvaldið gegn Ragnari Jónssyni. Kærumál. Um skyldu vitnis til að gera grein fyrir trúarskoðun sinni.	16/1	16
4.	Sigríður Einarsdóttir gegn Gísla Halldórssyni og gagnsök. Lögtak samkvæmt meðlagsúrskurði.	18/1	17
5.	Hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. hreppsins gegn Birni Guðmundssyni og Helga Erlendssyni. Kaupréttur að jörð.	22/1	26
6.	Elín Jónsson gegn Arnari Jónssyni. Lögtaksmál. Synjað um innheimtulaun af meðlagseyri.	26/1	31
7.	Elín Jónsson gegn Arnari Jónssyni. Sýknað af kröfu um greiðslu innheimtulauna.	26/1	35
8.	Magnús Jósepsson gegn Finni Þorsteinssyni og gagnsök. Landamerkjamál.	26/1	38
9.	Skipaútgerð ríkisins gegn eiganda v/s Fells, R.E. 38. Bjarglaun.	26/1	43
10.	Gunnar Egilsson og Sigríður Egilsson gegn Herði G. Guðmundssyni. Útivistardómur.	29/1	46
11.	Steindór Jónsson gegn Lárusi Óskarssyni. Útivistardómur.	29/1	46
12.	Borgarfell h/f gegn Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins. Útivistardómur.	29/1	47
13.	Jón Erlendsson gegn Aroni Guðbrandssyni. Deila um læsingu á hliði.	29/1	47
14.	Ákæruvaldið gegn Skúla Sigurðssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.	29/1	50
15.	Magnús Thorlacius gegn Bjólfi h/f og Gústaf A. Sveinssyni og Sigurgeir Sigurjónsson gegn Bjólfi h/f og Bjólfur h/f gegn Magnúsi Thorlacius og Sigurgeiri Sigurjónssyni. Kærumál. Málskostnaður.	3/2	56

	Dómur	Bls.
16. Magnús Thorlacius gegn stjórn Lögmannafélags Íslands. Kærumál. Málinu vísað frá Hæstarétti.	½	61
17. Ákæruvaldið gegn Gaston Heinderson. Fiskveiðabrot.	½	65
18. Ragnheiður Magnúsdóttir gegn Skarphéðni Jósepssyni og gagnsök. Útburðarmál.	½	69
19. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn dánarbúi Alfons Jónssonar. Sýknað af kröfu um stóreignaskatt.	½	73
20. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Carli Sæmundsen. Sýknað af kröfu um stóreignaskatt.	½	81
21. Theódór Siemsen gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Sýknað af kröfu um stóreignaskatt.	1½	85
22. Samband íslenzkra samvinnufélaga vegna Kaupfélags verkamanna í Vestmannaeyjum gegn bæjargjaldkeranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál.	1½	90
23. Hamar h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stóreignaskattur. Sératkvæði.	1½	93
24. Ákæruvaldið gegn George Whitehouse Gill. Fiskveiðabrot.	1½	99
25. Pétur Magnússon gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabætur vegna ólögmætrar handtöku.	1½	104
26. Sameinaðir verktakar og til vara Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem synjaði um frávísun máls, staðfestur.	1½	111
27. Sigurður Þórðarson gegn Guðnýju Runólfsdóttur. Skiptamál. Séreign konu. Sératkvæði.	1½	114
28. Guðlaugur Ásgeirsson gegn Pétri Péturssyni. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem synjaði um frest, staðfestur.	1½	121
29. Ákæruvaldið gegn Urbain Laplasse. Fiskveiðabrot.	1½	124
30. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Hólmjárni J. Hólmjárn og gagnsök. Skaðabætur vegna afnáms embættis.	1½	127
31. Páll Þorgeirsson f. h. Osuuspuu i. l. gegn Bæjarútgerð Neskaupstaðar. Kærumál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.	2½	131
32. Páll Þorgeirsson gegn Bæjarútgerð Neskaupstaðar. Kærumál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.	2½	133
33. Jón Hjaltason gegn Póstafgreiðslu Vestmannaeyja. Um eignarrétt að frímerki á póstávísun.	2½	135
34. Björn Gíslason gegn Gísla Styff og Agli Sigurgeirs-		

		Dómur	Bls.
	syni og Gísli Styff og dánarbú Jóhönnu Filippusdóttur gegn Birni Gíslasyni. Ómerking héraðsdóms.	26½	139
35.	Ákæruvaldið gegn Jóni Magnússyni Guðmundssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.	⅓	145
36.	Ákæruvaldið gegn Guðna Erlendssyni. Fjársvik.	⅔	149
37.	Ákæruvaldið gegn Albert Victor Meech. Fiskveiðabrot.	⅔	154
38.	Helgi Benediktsson gegn Hjálmari Jónssyni. Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.	⅔	157
39.	Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson gegn Oddsteini Friðrikssyni. Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.	10⅔	162
40.	Ingvar Brynjólfsson gegn Gunnari Guðmundssyni og Finni Thorlacius. Endurgreiðslukrafa.	12⅔	166
41.	Theodór B. Líndal f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur, F.D. 493, gegn Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, V.E. 322, og Skipaútgerð ríkisins f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins og gagnsök. Bjarglaun.	15⅔	171
42.	Ákæruvaldið gegn Benedikt Kristjánssyni. Sýknað af ákæru fyrir húsaleiguokur.	17⅔	182
43.	Jón M. Jónsson gegn Þóri Kristjánssyni. Kaupkrafa bifreiðarstjóra. Gagnkröfum vísað frá héraðsdómi.	17⅔	187
44.	Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson gegn Byggingarsamvinnufélaginu Garði og gagnsök. Verksamningur. Skaðabætur.	17⅔	190
45.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Háskólaráði vegna Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós. Gjaldskylda kvikmyndahúss samkv. lögum nr. 28/1952.	22⅔	199
46.	Hólmfríður Jónsdóttir gegn Skúla Benjamínssyni og Einari Haraldssyni og Skúli Benjamínsson gegn Hólmfríði Jónsdóttur. Skaðabótamál.	24⅔	203
47.	Skipaútgerð ríkisins og skipshöfn v/s Ægis gegn Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda v/s Harle og gagnsök. Bjarglaun.	26⅔	208
48.	Jóhannes Bjarnason gegn Stilli h/f og gagnsök. Endurgreiðslu- og skaðabótakrafa.	26⅔	212
49.	Hótel Borg gegn Gunnari Erni Gunnarssyni. Kærumál. Úrskurður um frestveitingu staðfestur.	31⅓	216
50.	Ákæruvaldið gegn Robert Raymond Willits, Arnari Semingi Andersen og Einari Gunnarssyni. Líkamsárás. Manndráp af gáleysi. Áfengis- og tolllagabrot o. fl.	¾	218

	Dómur	Bls.
51. Skipaútgerð ríkisins gegn Olíufélaginu h/f og gagnsök. Farmflutningur. Skaðabætur.	7/4	232
52. Magnús Randrup gegn Ögn Randrup og Emil Randrup. Mál hafið. Ómaksbætur.	9/4	249
53. Guðlaugur Ásgeirsson gegn Sigurði Berndsen. Skaðabótamál.	9/4	249
54. Vignir Eðvaldsson gegn Hallgrími Márussyni. Húsaleigumál. Frávísun frá héraðsdómi.	9/4	254
55. Vélar og skip h/f gegn Rafveitu Vestmannaeyja. Kærumál. Málskostnaður.	9/4	257
56. Dánarbú Guðfinnu Finnsdóttur, Jón Erlendsson, Guðrún Erlendsdóttir og Unnur Erlendsdóttir gegn Aroni Guðbrandssyni og gagnsök. Um eignarrétt að vegi o. fl.	10/4	260
57. Ákæruvaldið gegn Michael Sigfinnssyni, Ólafi Ólafssyni, Baldri Ársælssyni, Birni Ársælssyni og Hannesi Ágústssyni. Fjárhættuspil.	28/4	268
58. Skapti Davíðsson gegn Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur. Skiptamál. Endurgjaldskrafa og framfærslukrafa í dánarbú. Sératkvæði.	3/5	282
59. Júlíus Ingibergsson gegn Gústaf Finnbogasyni. Meiðyrðamál. Fyrning refsingar. Sératkvæði.	3/5	294
60. Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson gegn Birni Jóhannssyni og Kristjáni Torfasyni. Deilt um, hvort tilteknir munir fylgdu skipi við uppboðssölu.	4/5	297
61. Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs gegn Ásmundi Friðrikssyni. Útsvarsmál.	4/5	303
62. Magnús Helgason og Sigurður Berndsen gegn Pétri Þorsteinssyni og gagnsök. Fjárnámsgerð staðfest.	7/5	307
63. Goðanes h/f gegn Pétri Jónssyni. Kærumál. Hrundið kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi.	11/5	310
64. Ákæruvaldið gegn Birni Benediktssyni. Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.	12/5	313
65. Rafstöð Vestmannaeyja gegn Sigurfinni Einarssyni f. h. ólögráða sonar síns, Sigurfinns, og gagnsök. Slysabætur.	15/5	317
66. Þorvarður K. Þorsteinsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Máli vísað frá Hæstarétti.	15/5	327
67. Tryggvi Jónsson gegn Magnúsi Einarssyni. Deilt um kaup á hlutabréfum.	17/5	329
68. H/f Shell á Íslandi gegn Sigurði Eyvald og gagnsök. Fébótamál vegna árekstrar bifreiða.	17/5	336
69. Helgi Lárusson gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Innsetningarmál. Deilt um eignarrétt að		

	Dómur	Bls.
fergju. Sératkvæði.	19/5	340
70. Sjómannafélag Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar gegn Skipaútgerð ríkisins. Skipting bjarglauna milli skipverja á varðskipi.	19/5	351
71. Ákæruvaldið gegn Roger Coulier. Fiskveiðabrot.	24/5	354
72. Jóhann Guðmundsson gegn Bárði Magnússyni og gagnsök. Ábúð jarða. Um skyldu ábúanda til brottvikningar af jörð.	26/5	357
73. Eigendur v/b Njáls, R. E. 99, gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Dráttaraðstoð.	28/5	364
74. Geir Zoëga gegn Árna Jónssyni. Húsaleiga. Útburðarmál.	28/5	367
75. Póst- og símamálastjórnin gegn Bókaforlaginu Hlaðbúð. Burðargjald af riti.	2/6	370
76. Anna Guðmundsdóttir gegn Óskari Nielssyni. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.	2/6	374
77. Tunnuverksmiðjur ríkisins gegn Birni Magnússyni og gagnsök. Slysabætur.	4/6	377
78. Kristján Gíslason og Gróa Sigurbjörnsdóttir gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Kærumál. Héraðsdómar ómerktir. Sératkvæði.	8/6	383
79. Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur gegn Lárusi Hermannssyni. Byggingarsamvinnufélög. Réttur félagsmanns til íbúðar.	9/6	387
80. Ákæruvaldið gegn Magnúsi Gíslasyni. Þjófnaður.	11/6	391
81. Ákæruvaldið gegn Geirþrúði Bjarnadóttur. Brot á lögum nr. 39/1943. Endurgreiðslukrafa.	11/6	394
82. Bæjarsjóður Reykjavíkur gegn Ólafi Valdemarssyni. Slysabætur.	18/6	399
83. Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson gegn Sigríði Stefaníu Erlendsdóttur. Úrskurður um öflun nýrra gagna.	21/6	405
84. Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson gegn Valdemar Guðjónssyni og gagnsök. Slysabætur.	22/6	405
85. Jón Þorsteinsson gegn Kaupfélagi Borgfirðinga. Slysabætur.	22/6	415
86. Valtýr Þorsteinsson gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Bjarglaun.	23/6	425
87. Sigfús Baldvinsson gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Bjarglaun.	23/6	428
88. Jóhann Valdimarsson gegn Haraldi Salómonssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	23/6	432
89. Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Lárusi Óskarssyni. Útivistardómur.	23/6	432
90. Lárus Óskarsson gegn Árnason, Pálsson & Co. h/f. Útivistardómur.	23/6	433

	Dómur	Bls.
91. Dánarbú Þóru Helgadóttur gegn Jóni Birni Benjamínssyni. Krafa um barnsmeðlag. Sératkvæði.	23/6	433
92. Ákæruvaldið gegn Kristjáni Hans Jónssyni. Kærumál. Ákæruvald. Frávísun frá Hæstarétti.	25/6	439
93. Valdstjórnin gegn Gróu S. Sigurbjörnsdóttur. Niðurrif húss. Sératkvæði.	29/6	444
94. Valdstjórnin gegn Emil Jónatan Jónssyni. Kærumál. Dómstólar. Sératkvæði.	20/7	447
95. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Böðvari Sigurðssyni. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.	21/9	450
96. Gunnar Jóhannsson gegn Ófeigi Helgasyni og gagnsök. Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi staðfest.	24/9	452
97. Friðbert Friðbertsson gegn Halldóri Halldórssyni. Héraðsdómur ómerktur. Heimvísun.	24/9	459
98. Stefán Valgeirsson gegn Brandi Brynjólfssyni. Skaðabætur vegna vanrækslu við miðlarastörf.	28/9	460
99. Ákæruvaldið gegn Grétari Þórarni Vilhjálmssyni. Bifreiðarslyssmál. Brottfall refsingar sakir geðbilunar sakbornings.	29/9	468
100. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Björnsbakarii h/f. Söluskattur af vörum seldum í umboðssölu. ..	29/9	474
101. Kristinn Guðbrandsson, Magnús Davíðsson og Haraldur Þorsteinsson gegn Sveinbirni Davíðssyni. Útivistardómur.	29/9	477
102. Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Gauta Hannessyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	29/9	477
103. Þorgrímur Jónsson gegn Ásgeiri J. Guðmundssyni og Ágústi E. B. Björnssyni. Útivistardómur.	29/9	478
104. Þorgrímur Jónsson gegn Ásgeiri J. Guðmundssyni og Ágústi E. B. Björnssyni. Útivistardómur.	29/9	478
105. Sigurður Berndsen gegn Lúðvík Guðmundssyni. Útivistardómur.	29/9	479
106. Sigurður Berndsen gegn Lúðvík Guðmundssyni. Útivistardómur.	29/9	479
107. Ákæruvaldið gegn Sigurði Guðnasyni. Bifreiðalagabrot.	1/10	480
108. Ákæruvaldið gegn Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni. Bifreiðalagabrot.	5/10	483
109. Kaupfélag Eyfirðinga gegn Útgerðarfélagi Hríseyjar. Skuldaskil samkv. lögum nr. 100/1948.	6/10	489
110. Helgi Benediktsson gegn Helga Bergvinssyni. Frávísun frá Hæstarétti.	6/10	493

	Dómur	Bls.
111. Ákæruvaldið gegn Sigurði Benediktssyni. Brot á 116. gr. hegningarlaga.	6/10	494
112. Sveinn Jónsson gegn Sjóklæðagerð Íslands h/f. Kaupkrafa. Aðgerðaleysi.	12/10	498
113. Ákæruvaldið gegn Sæmundi Eliasi Ólafssyni. Sýknað af broti á lögum um iðju og iðnað.	12/10	501
114. Gunnar S. Hafdal gegn Eftirlaunasjóði Akureyrar. Úrskurður um öflun gagna.	12/10	506
115. Ákæruvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni. Brot á gjaldeyrislöggjöf, áfengislögum og tolllögum o. fl.	13/10	507
116. Ákæruvaldið gegn Georg Svavari Sigfinnssyni og Sigurbjörgu Magnúsdóttur. Bifreiðalagabrot.	19/10	516
117. Ís h/f gegn Ingólfi G. S. Espholín og Steingrími Árnasyni. Kærumál. Heimild vitnis til að staðfesta framburð sinn.	20/10	522
118. Ákæruvaldið gegn Páli Pálssyni. Fiskveiðabrot.	20/10	525
119. Ákæruvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni. Þjófnaður.	20/10	529
120. Valdstjórnin gegn Jóni Vídalín Markússyni. Sjálfræðissvipting. Sératkvæði.	20/10	531
121. Bjarni Þorsteinsson gegn Axel Björnssyni og gagnsök. Skaðabótamál út af íbúðarkaupum.	20/10	534
122. Skjöldur h/f gegn Sumarliða Hallgrímssyni. Kaupkrafa skipverja.	25/10	539
123. Ákæruvaldið gegn Vigfúsi Waagfjörð. Bifreiðalagabrot.	25/10	542
124. Valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.	29/10	547
125. Guðmundur Þórðarson gegn Kol & Salt h/f og gagnsök. Slysabætur.	29/10	549
126. Kristín Kristjánsdóttir gegn Sigurði Gissurarsyni. Útivistardómur.	29/10	558
127. Lúðvík Guðmundsson gegn Sigurði Berndsen. Útivistardómur.	29/10	558
128. Lúðvík Guðmundsson gegn Sigurði Berndsen. Útivistardómur.	29/10	559
129. Guðmundur H. Þórðarson gegn Ásmundi Ásgeirssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	29/10	559
130. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar gegn Gunnari Leifi Guðmundssyni. Endurheimt útsvarsgreiðslna.	1/11	560
131. Bæjarsjóður Akureyrar gegn Idu Magnúsdóttur. Kærumál. Synjun um frávísun staðfest.	1/11	562
132. Tryggingastofnun ríkisins gegn Jóni Hjaltalín og Jón Hjaltalín gegn Loftleiðum h/f. Slysabætur.	5/11	565

	Dómur	Bls.
133. Glitsteinn h/f gegn Kristjáni E. Kristinssyni. Kaupkrafa.	5/11	574
134. Steingrímur Nikulásson gegn Vilhelmínu Jónsdóttur og gagnsök. Festaslit. Kaupkrafa ráðskonu.	5/11	577
135. Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum gegn bæjarsjóði Vestmannaeyja. Útsvarsmál.	9/11	580
136. Guðmundur Tryggvason gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs. Deilt um endurkaupsrétt að þjóðjörð.	10/11	584
137. Fiskimjöl h/f gegn Júpíter h/f. Lausafjárkaup.	10/11	590
138. Stefán Aðalsteinsson gegn Sigurði Kristófer Árnasyni og gagnsök. Slysabætur.	10/11	592
139. Ákæruvaldið gegn Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni. Umferðar- og bifreiðalagabrot.	15/11	596
140. Aron Guðbrandsson gegn Jóni Erlendssyni. Kærumál. Frávísun héraðsdóms hrundið.	15/11	601
141. Ákæruvaldið gegn Jóhanni Pétri Runólfssyni. Sýknað af broti á áfengislögum.	17/11	603
142. Páll Merkúr Aðalsteinsson gegn Steindóri Einarssyni og gagnsök. Skaðabótamál út af árekstri bifreiða.	17/11	608
143. Helgi Benediktsson gegn Gunnari A. Pálssyni. Frávísun skaðabótakröfu á hendur undirdómara út af dómaraverki staðfest.	17/11	615
144. Ákæruvaldið gegn Gísla Gíslasyni. Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.	19/11	618
145. Ákæruvaldið gegn Sigurði Þorkeli Þorlákssyni. Þjófnaður.	19/11	621
146. Ákæruvaldið gegn Jóni Ísak Magnússyni. Héraðsdómur ómerktur.	19/11	627
147. Ewald Berndsen gegn Pétri Þorsteinssyni. Kærumál. Úrskurður fógetaréttar um töku fjárnuminna muna úr vörzlum gerðarþola staðfestur.	19/11	632
148. Gunnar A. Pálsson gegn Helga Benediktssyni og gagnsök. Meiðyrðamál.	22/11	635
149. Ottó B. Arnar gegn Birni Ólafssyni og gagnsök. Kaupkrafa.	24/11	637
150. Ákæruvaldið gegn Pétri Guðmundssyni. Fiskveiðabrot.	24/11	642
151. Ákæruvaldið gegn Kristjáni Kristjánssyni. Fiskveiðabrot.	24/11	647
152. Ákæruvaldið gegn Jóni Finnbogasyni. Öflun nýrra gagna.	26/11	651
153. Ákæruvaldið gegn Kristjáni Einarssyni. Sýknað		

	Dómur	Bls.
af broti á 248. og 249. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.	29/11	653
154. Glersteypan h/f gegn Jóni Guðmundssyni og Jóni Jakobssyni. Útivistardómur.	30/11	663
155. Guðmundur H. Þórðarson gegn Jóhannesi Hjartarsyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	30/11	663
156. Dánarbú Ísaks Vilhjálmssonar gegn Vilhelm Davíðssyni f. h. Vilhelms Sverrissonar og gagnsök. Dánarbætur vegna bifreiðarslyss.	30/11	664
157. X gegn Y. Barnsfaðernismál.	3/12	670
158. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Sveinbirni Guðlaugssyni f. h. Ólafs Odds Sveinbjarnarsonar og gagnsök. Slysabætur.	6/12	678
159. Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni. Kveðið á um, að dómari samkvæmt umboðsskrá skuli víkja sæti vegna ýmissa mistaka og mikils dráttar á málinu.	7/12	684
160. Halldór Björnsson gegn Sveinbirni Sigurðssyni og Oddnýju Stefánsson. Frávísun frá Hæstarétti. Ómaksbætur.	7/12	694
161. Ákæruvaldið gegn Ingvari Diðrik Júníussyni og Hauki Sigurjónssyni. Brot gegn 206. gr. hegningarlaga.	7/12	695
162. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Ingimundi Hjálmarssyni. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.	8/12	705
163. Halldór Ásgrímsson gegn sýslumanni Norður-Múlasýslu f. h. ríkissjóðs. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.	8/12	708
164. Ákæruvaldið gegn Nicholas Wright. Fiskveiðabrot.	15/12	711
165. Kristinn Friðriksson gegn Albert Guðmundssyni. Kaupkrafa.	15/12	714
166. X gegn Ý. Barnsfaðernismál.	20/12	718
167. Margrét Helgadóttir og Ástríður Guðjónsdóttir gegn Ingólfi Gíslasyni. Útivistardómur.	20/12	722
168. Jón Valdimarsson gegn Árna H. Bachmann. Útivistardómur.	20/12	723
169. Kristinn Guðbrandsson, Magnús Magnússon og Haraldur Þorsteinsson gegn Sveinbirni Davíðssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	20/12	723
170. Guðlaugur Ásgeirsson og Sigurður Berndsen gegn Pétri Péturssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/12	724
171. Guðlaugur Ásgeirsson og Sigurður Berndsen gegn Pétri Péturssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/12	725
172. Guðlaugur Ásgeirsson gegn Pétri Péturssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/12	726
173. Guðlaugur Ásgeirsson gegn Pétri Péturssyni. Úti-		

		Dómur	Bls.
	vistardómur. Ómaksbætur.	$^{22}/_{12}$	726
174.	Kjartan Sveinsson gegn sýslumanni Árnessýslu, umráðamanni jarðeigna Strandarkirkju. Leigumáli um jörð. Synjað um útburð.	$^{22}/_{12}$	727

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXV. árgangur. 1954.

Miðvikudaginn 13. janúar 1954.

Nr. 178/1952. **Slysavarnafélag Íslands** (Magnús Thorlacius)
gegn
Daníel Þorsteinssyni & Co. h/f
(Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1952. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði og að gagnáfrýjanda verði í gagnsök í héraði dæmt að greiða honum skaðabætur eftir mati Hæstaréttar allt að kr. 1.011.213,69 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hans verði dæmd hæfileg málssóknarlaun fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. nóvember 1952. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í gagnsök í héraði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Guðbjartur Ólafsson, for-

seti Slysavarnafélags Íslands, komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Henry Hálfdánarson, skrifstofustjóri félagsins, hefur og borið vætti um málsatvik. Þá hafa þeir Þorsteinn Daníelsson og Gunnar Stefán Richter, sem báðir eru stjórnarmenn í Daníel Þorsteinssyni & Co. h/f, gefið skýrslur fyrir dómi. Auk nefndra skýrslna hafa mörg ný málsgögn verið lögð fram í Hæstarétti.

Eftir að gagnáfrýjandi tók að sér að breyta skipinu Sæbjörgu, galt aðaláfrýjandi honum smám saman án fyrirvara ýmsar fjárhæðir upp í breytingarkostnaðinn. Námu þær greiðslur frá 30. apríl 1946 til 30. janúar 1948 samtals kr. 458.422,97. Hinn 6. marz 1948 námu eftirstöðvar af kröfu gagnáfrýjanda vegna breytingarinnar kr. 119.382,58. Galt fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda gagnáfrýjanda þá kr. 110.000,00 af eftirstöðvunum, og var þá skipið þenna sama dag sett á flot. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda er ekki sannað í málinu, að af hálfu aðaláfrýjanda hafi, er síðastnefnd greiðsla fór fram, verið gerður fyrirvari um bætur eða afslátt vegna dráttar á framkvæmd verksins né af öðrum ástæðum. Ekki hefur heldur verið leitt í ljós, að komið hafi fram síðar neinir þeir gallar á verki gagnáfrýjanda, er baki honum skaðabótaskyldu, og eigi hefur verið kvartað undan verki því, er hann innti síðar af hendi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skuldakröfu gagnáfrýjanda og skaðabótakröfu aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000,00.

Laun skipaðs málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði. Við ákvörðun þeirra verður aðeins að litlu leyti höfð hliðsjón af skaðabótakröfu aðaláfrýjanda, er hann hafði uppi í gagnsök í héraði, með því að kröfugerðin var í flestum atriðum mjög fjarri sanni. Þykja málflutningslaunin hæfilega ákveðin kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Slysavarnafélag Íslands, greiði gagnáfrýjanda, Daníel Þorsteinssyni & Co. h/f, kr. 33.772,31

með 6% ársvöxtum frá 23. september 1948 til greiðsludags og samtals kr. 15.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Daníel Þorsteinsson f. h. Daníels Þorsteinssonar & Co. h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. september 1948, gegn stjórn Slysavarnafélags Íslands, þeim Guðbjarti Ólafssyni hafnsögumanni, Sigurjóni Á. Ólafssyni, fyrrv. alþingismanni, Friðrik V. Ólafssyni skólastjóra, Árna Árnasyni kaupmanni, Guðrúnu Jónasson kaupkonu, öllum hér í bæ, Ólafi Þórðarsyni skipstjóra og Rannveigu Vigfúsdóttur húsfrú, til heimilis í Hafnarfirði, f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 33.772,31, með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Mál þetta var upphaflega dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 8. nóv. 1949. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 7. des. 1951 var dómur bæjarþingsins og meðferð málsins frá 9. des. 1948 ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Með gagnstefnu, út gefinni 4. marz 1952, höfðaði stefndi gagnsök. Gerði gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði dæmdur til að greiða kr. 1.039.986,00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í munnlegum málflutningi breytti gagnstefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 1.011.213,69 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, að í aprílmánuði 1945 kom til umræðu hjá stjórn aðalstefnda, að nauðsyn bæri til að gera stórvægilegar breytingar á björgunarskipi félagsins, Sæbjörgu. Virðist Þorsteini Daníelssyni skipasmið, en hann er í stjórn aðalstefnanda, hafa verið falið að gera lýsingu og kostnaðaráætlun um breytingu þá, sem fyrirhuguð var. Í maímánuði s. á. sendi Þorsteinn aðalstefnda lýsingu þessa og kostnaðaráætlun.

Í lýsingunni er gert ráð fyrir, að hvalbakur skipsins og stýrishús verði úr stáli og lestarrými skipsins aukið. Þá er áætlað, að kostnaður allur, að undanskildu verði véla og niðursetningu þeirra, mundi nema kr. 200.000,00. Aðiljar eru sammála um, að lýsing þessi og kostnaðaráætlun hafi verið mjög lausleg og ekki öruggt að byggja á henni. Í októbermánuði 1945 virðist Þorsteinn Daníelsson hafa lokið við að gera teikningu og lýsingu á breytingum, sem gera skyldi á bol skipsins. Aðalstefndi virðist um þessar mundir hafa gert tilraunir til að fá verkið unnið í ákvæðisvinnu, en án árangurs. Um áramót 1945 og 1946 virðist aðalstefndi hafa látið aðalstefnanda hefja vinnu við að rífa innan úr skipinu, og um miðjan febrúar 1946 var skipið tekið upp í dráttarbraut hjá aðalstefnanda. Hinn 12. apríl 1946 komu fyrirsvarsmenn aðilja saman á fund, og var þar rætt um verk þetta. Útlitsteikning af skipinu eftir fyrirhugaða breytingu virðist þá hafa legið frammi og hafa verið samþykkt í öllum höfuðatriðum. Þá var rætt um að hafa yfirbyggingu skipsins úr alúmíníum og láta smíða hana erlendis. Forsvarsmenn aðalstefnanda töldu, að efni til breytinganna væri þá þegar á staðnum. Þá virðast þeir hafa verið inntir eftir því, hvenær verkinu mundi verða lokið, en ekki gefið ákveðin svör um það, en þó sagt, að engar vonir stæðu til, að því yrði lokið fyrr en um áramót. Virðist aðalstefnandi þá hafa tekið að sér verkið, en enginn skriflegur verksamningur var gerður, og aðalstefndi hafði engan sérfróðan mann um skipabyggingar sér til ráðuneytis. Aðalstefnandi hélt síðan verkinu áfram. Aðalstefndi hafði til eftirlits með verkinu vélstjóra einn, og auk þess mun hafa verið litið eftir því, svo sem venja er, af Skipaskoðun ríkisins. Hinn 30. apríl 1946 greiddi aðalstefndi þann verkkostnað, sem þá var á fallinn hjá aðalstefnanda. Teikning af innréttingu skipsins virðist hafa verið fullgerð í júlímánuði 1946, og hafði þá verið ákveðið, að meginhluti lestarrýmis skyldi innréttaður sem íbúðarherbergi. Verkinu var nú haldið áfram af aðalstefnanda, en gekk seint. Var brátt kvartað um það af aðalstefnda, að seinagangur væri á verkinu, en af hálfu aðalstefnanda var borið við vinnuaflsskorti. Telja forsvarsmenn aðalstefnanda, að þeir hafi boðið aðalstefnda að taka við skipinu, eins og það var þá, en því hafi ekki verið sinnt. Hinn 11. nóvember 1946 ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf. Í bréfi þessu er óskað ákveðins svars um það, hvenær skipið muni verða tilbúið. Í bréfi þessu er tekið fram, að við það skuli miðað, að hvalbakur, yfirbygging og efni til innréttingar verði komið á staðinn 1. des. 1946, en aðalstefndi hafði látið smíða þessa hluti erlendis. Bréfi þessu var svarað af aðalstefnanda með bréfi dags. 19. s. m. Þar segir aðalstefnandi, að ákveðið svar, sem feli í sér loforð eða skuldbindingu, komi ekki til greina. Síðan segir svo:

„Ef litið er nú á það, hvað verkið er nú á veg komið, vonum vér, að eftirtaldar áætlanir reynist í aðalatriðum réttar.

Bolur skipsins, það er þilfar, byrðingur, innri klæðning og undir-

smíði undir vél (aðalvél), verði búið síðast í janúar, og hefst þá vinna við innréttingu, verði vatns- og olíugeymar tilbúnir, er koma eiga undir gólfið í miðhluta skipsins, ásamt öllum leiðslum að og frá þeim, einnig við allan frágang ofan þilja, svo sem timburvinnu við yfirbyggingar, möstur, öldustokk, skjólborð og margt fleira, er gera þarf. Raflögn í skipið er ekki hægt að framkvæma, fyrr en innrétting er að mestu búin.

Samkvæmt framansögðu álítum vér, að skipið verði fulltilbúið til notkunar um 20. apríl 1947."

Geymar þeir, sem hér um ræðir, komu hingað til lands með skipi 21. des. 1946 og innréttingarefnið 26. janúar 1947. Hinn 9. febrúar 1947 er fyrst endanlega lokið lýsingu á breytingu þeirri, sem gera skyldi á skipinu. Hinn 18. apríl 1947 kom hingað til lands hvalbakur sá úr alúmíníum, sem settur skyldi á skipið, og 22. maí s. á. kom hingað sá hluti yfirbyggingar skipsins, sem smíðaður var erlendis. Á stjórnarfundi aðalstefnda 6. sept. 1947 var enn rætt um þessi mál, og lá þá frammi sundurliðuð skýrsla um kostnað af breytingu skipsins. Á fundi þessum var staddur einn af forsvarsmönnum aðalstefnanda, og varð það að samkomulagi, að aðalstefndi fengi menn til að vinna ýmsa fagvinnu við skipið, sem aðalstefnandi gæti ekki innt af hendi. Hinn 16. des. 1947 ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf og kvartaði mjög um það, hve verkið gengi seint. Þá óskaði aðalstefndi þess, að verkinu yrði hraðað svo sem unnt væri, til þess að skipið yrði tilbúið til notkunar eigi síðar en 20. janúar 1948. Bréfi þessu virðist ekki hafa verið svarað. Aðalstefnandi telur, að verkinu hafi verið lokið af hans hendi 6. marz 1948, en þann dag var skipið sett á flot og afhent aðalstefnda. Aðalstefnandi vann þó nokkuð við skipið eftir þetta, eða til 13. apríl s. á., en aðalstefndi telur, að verkinu hafi verið lokið 3. apríl s. á. Hinn 12. júní 1948 ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf. Var þar mjög kvartað undan drætti þeim, sem orðið hefði á verkinu hjá aðalstefnanda, og á það bent, að tjón aðalstefnda af þeim sökum næmi a. m. k. kr. 82.000,00. Með vísan til þessa óskaði aðalstefndi þess, að aðalstefnandi léti falla niður kröfu sína um eftirstöðvar smíðalaunanna. Þessu synjaði aðalstefnandi með bréfi næsta dag.

Eins og áður getur, greiddi aðalstefndi allan þann kostnað, sem á fallinn var, 30. apríl 1946. Eftir það voru greiddar öðru hverju upphæðir upp í kostnaðinn til aðalstefnanda.

Aðalsök: Aðalstefnandi telur, að heildarkostnaður við verk það, sem hann innti af hendi fyrir aðalstefnda, verð efnis þess, sem hann hafi lagt til, svo og dráttarbrautarleiga nemi alls kr. 602.195,28. Þar af hafi aðalstefndi þegar greitt kr. 568.422,97, og standi því eftir ógreiddar kr. 33.772,31, sem aðalstefnda beri að greiða, og eru kröfur aðalstefnanda í aðalsök við það miðaðar. Því hefur eindregið verið mótmælt af aðalstefnanda, að hann beri ábyrgð á því, hve verkið hafi gengið seint. Af hans hendi hafi því aldrei verið

lofað, að verkinu yrði lokið innan ákveðins tíma né að það mundi kosta ákveðna fjárhæð. Þegar í upphafi hafi verið tekið fram, að aðalstefnandi hefði ýmis verk með höndum, sem yrðu að ganga fyrir breytingum á Sæbjörgu, og hafi fyrirsvarsmenn aðalstefnda ekkert haft við það að athuga. Aðalstefndi hafi haft fastan eftirlitsmann með verkinu, auk þess sem fyrirsvarsmenn aðalstefnda hafi persónulega oft litið eftir því. Verkið hafi að vísu gengið seint, en til þess hafi legið margar ástæður. Eftir að vinna hafi hafizt við skipið, hafi verið gerðar margar og miklar breytingar á því, hvað gera skyldi. Staðið hafi á efni og hlutum, sem aðalstefndi skyldi leggja til, og þeir hafi reynzt öðruvísi en í upphafi hafi verið ráð fyrir gert. Þá hafi verkföll tafið vinnu. Vinnunótur og reikningar hafi verið sendir jafnóðum til aðalstefnda, og ekki hafi verið hreyft athugasemdum við þeim. Þá er því haldið fram af aðalstefnanda, að aldrei hafi verið hreyft neinum athugasemdum við fjárhæð reikninganna fyrr en í máli þessu. Hinn 6. marz 1948 hafi aðalstefndi greitt kr. 110.000,00 upp í kostnaðinn án nokkurra athugasemda eða fyrirvara. Eftir þann tíma og eftir að skipið hafi verið komið í vörzlur aðalstefnda, hafi fyrirsvarsmenn aðalstefnda fengið aðalstefnanda til að vinna áfram við það, og nemi kostnaðurinn af því kr. 24.389,58, en sú fjárhæð sé innifalin í stefnukröfu aðalsakar.

Sýknukröfu sína byggir aðalstefndi á því, að reikningar aðalstefnanda séu allt of háir. Aðalstefnandi reikni sér kr. 602.195,28 fyrir vinnu þá og efni, sem hann hafi látið í té. Fjárhæð þessi nái ekki nokkurri átt, og hljóti aðalstefnandi að reikna sér þjónustu þá, er hann hefur látið í té, langt yfir sannvirði. Hefur aðalstefndi bent á, að í upphafi hafi einn af forráðamönnum aðalstefnanda áætlað, að breytingarnar á skipinu mundu kosta kr. 200.000,00. Í framkvæmdinni hafi þetta orðið svo, að breytingarnar hafi kostað kr. 1.016.434,84.

Hinn 20. des. 1950 fékk aðalstefndi dómkvadda tvo menn til þess meðal annars að meta til fjár kostnað við breytingar þær, sem aðalstefnandi hafði látið framkvæma á skipinu. Hinir dómkvöddu menn töldu sig ekki geta metið þetta atriði, þar sem eftir svo langan tíma væri ógerningur að greina, hvaða verk aðalstefnandi hafði framkvæmt. Hins vegar töldu hinir dómkvöddu menn, að verkið hefði tekið óhæfilega langan tíma hjá aðalstefnanda. Matsgerð manna þessara hefur verið mótmælt sem óstaðfestri af hendi aðalstefnanda og hefur ekki verið staðfest fyrir dómi.

Hinn 9. júlí 1951 fékk aðalstefndi dómkvadda þrjá yfirskoðunarmenn til þess meðal annars að láta í ljós álit sitt um, hvort tími sá, sem verkið tók, hefði verið hæfilegur. Yfirskoðunarmennirnir töldu, að þar sem svo langt væri um liðið, síðan verkið var unnið, væri ekki hægt að segja með vissu, hvað unnið hefði verið af aðalstefnanda. Verkið hefði tekið óvenjulega langan tíma. Kostnaður við framkvæmd þess sé hár, og líkur bendi til, að það standi í sam-

bandi við hinn langa tíma, sem verkið hafi tekið. Þá telja yfirskoðunarmennirnir, að ekki verði séð, að neitt af því, sem aðalstefndi átti að leggja til verksins, hafi tafið fyrir því. Álitsgerð yfirskoðunarmannanna hefur verið staðfest fyrir dómi.

Aðalstefndi hefur bent á, að á vinnunótum þeim, sem félagið hafi fengið frá aðalstefnanda, séu ekki skráð nöfn þeirra manna, sem unnu við skipið, eða við hvað var unnið. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafi aðalstefnandi ekki fengizt til að leggja fram gögn um þetta atriði og þar með spillt sönnunargögnum. Þetta atriði hljóti að metast honum í óhag, þegar metnir séu reikningar hans. Forráðamenn aðalstefnanda hafi ekki heldur hirt að koma fyrir dóm þrátt fyrir áskoranir.

Aðalstefndi hefur mótmælt því, að aðalstefnanda beri dráttarbrautarleiga fyrir allan þann tíma, sem skipið stóð á dráttarbraut aðalstefnanda. Mótmæli sín byggir aðalstefndi bæði á því, að hér hafi verið um nýsmíði að ræða og þá beri ekki að greiða sérstaklega dráttarbrautarleigu og að það sé sök aðalstefnanda, hve langan tíma skipið stóð á dráttarbrautinni, og komi því ekki til greina leigugreiðsla. Telur aðalstefndi, að af hans hálfu hafi dráttarbrautarleigunni ætíð verið mótmælt. Að því er varðar greiðslu þá, sem aðalstefndi innti af hendi 6. marz 1948, þá hefur af aðalstefnda hálfu verið talið, að sú greiðsla hafi verið greidd með áskildum fyrirvara um reikningsfjárhæðina, en nauðsyn hafi til borið að greiða fé þetta, þar sem aðalstefnandi hafi að öðrum kosti neitað að afhenda skipið.

Loks hefur aðalstefndi talið, að vegna þessara viðskipta eigi það mjög háa skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda.

Gagnsök máls þessa fjallar um skaðabótakröfu þessa, og verður sérstaklega um hana rætt þar.

Svo sem að framan hefur verið getið, hafði aðalstefndi fastan eftirlitsmann við verkið, og viðurkennt er, að félaginu hafi borizt reikningar yfir efni og vinnu reglulega, jafnóðum og verkinu miðaði áfram. Ekki er fram komið, að af hálfu aðalstefnda hafi verið gerðar athugasemdir við fjárhæð reikninga þessara, nema formaður aðalstefnda hefur borið fyrir dómi, að hann minni, að þegar hann greiddi aðalstefnanda kr. 110.000,00 hinn 6. marz 1948, hafi hann munnlega áskilið sér allan rétt í sambandi við verkið. Af gögnum málsins er ljóst, að breytingarnar á skipinu hafa tekið óeðlilega langan tíma, og ætla má, að kostnaðurinn hafi af þeim sökum orðið nokkru meiri en annars hefði orðið. Eigi verður nú að fullu séð, hverjar séu orsakir þessarar tímalengdar, en ætla má, að mestu hafi þar um ráðið atvik, sem aðalstefnandi verði ekki talinn bera ábyrgð á. Af gögnum málsins er ljóst, að aðalstefnandi hefur ekki skuldbundið sig til að ljúka verkinu innan ákveðins tíma. Að því er dráttarbrautarleiguna varðar, þá hefur aðalstefnandi reiknað sér kr. 40,00 fyrir dag hvern í leigu. Verk það, sem aðalstefnandi framkvæmdi, var breyting á skipinu, en ekki nýsmíði, og á því aðalstefn-

andi rétt til leigu fyrir dráttarbrautina. Ekki verður talið, að leigufjárhæðin sé of há fyrir dag hvern, enda greiddi aðalstefndi hinn 30. apríl 1946 án athugasemda allan kostnað, sem aðalstefnandi taldi sig þá hafa haft af verkinu, þar með talda dráttarbrautarleigu. Með vísan til alls þessa og þegar þess er sérstaklega gætt, að fyrirsvarsmenn aðalstefnda fylgdust með verkinu, tóku við reikningum og greiddu upp í þá án athugasemda, þá þykir verða að leggja reikninga aðalstefnanda til grundvallar í máli þessu. Verða því kröfur hans í aðalsök teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá stefnudegi, 23. september 1948.

Þá þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500,00.

Gagnsök: Gagnstefnandi telur, að vegna hins óhæfilega dráttar, sem orðið hafi á verkinu og gagnstefndi beri ábyrgð á, hafi félagið orðið fyrir geysilegu tjóni. Þá hafi verk það, sem gagnstefndi framkvæmdi, verið illa unnið, og hafi kostað stórfé að bæta úr því. Af þessu efni eigi gagnstefnandi stórfelldar skaðabótakröfur á hendur gagnstefnda.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Töpuð skipsleiga fyrir tímabilið frá 20. apríl 1947 til 3. apríl 1948 ..... kr. 45.000,00
2. Skaðabætur vegna þess, hve miklu munaði á áætluðum kostnaði gagnstefnda, áður en verkið hófst, og hinum raunverulega kostnaði ..... — 816.434,84
3. Skaðabætur vegna galla á skipinu ..... — 33.551,16
4. Skaðabætur vegna galla á yfirbyggingu ..... — 150.000,00

Kr. 1.044.986,00

Frá þessari fjárhæð, kr. 1.044.986,00, hefur gagnstefnandi dregið kröfur aðalstefnanda í aðalsök, og kemur þannig fram krafa hans í gagnsök, kr. 1.011.213,69.

Um 1. Kröfu sína að þessu leyti byggir gagnstefnandi á því, að með yfirlýsingu sinni frá 19. nóv. 1946 hafi gagnstefndi skuldbundið sig til að hafa lokið verkinu fyrir 20. apríl 1947. Skipið hafi hins vegar ekki verið afhent af gagnstefnda fyrr en 3. apríl 1948. Hér muni því nærri heilu ári, sem skipið hafi verið ónothæft af ástæðum, sem gagnstefndi beri ábyrgð á. Vegna þessa hafi félagið misst af leigu fyrir skipið í eitt ár, en það hafi verið selt á leigu miðað við fyrrgreinda yfirlýsingu. Tjón þetta beri gagnstefnda að bæta.

Af hálfu gagnstefnda hefur því verið algerlega mótmælt, að hann hafi skuldbundið sig til að ljúka verkinu innan ákveðins tíma, enda sé það skýrt fram tekið í bréfum frá 19. nóv. 1946, að ekki sé um neina skuldbindingu af hans hendi að ræða. Þá hefur gagnstefndi bent á, að í fyrirspurn gagnstefnanda frá 11. s. m. sé þess óskað, að miðað sé við, að allt efni til skipsins og yfirbygging þess sé komið

á vinnustað 1. des. 1946. Hins vegar hafi raunin orðið sú, að yfirbyggingin hafi ekki komið hingað til lands fyrr en 22. maí 1947 og nokkru síðar á vinnustað. Þá hafi nokkuð af þeim hlutum, sem gagnstefnandi lagði til og smíðaðir hafi verið erlendis, verið algerlega ónothæfir og orðið að fá þá smíðaða hér. Allt þetta hafi tafið verkið. Þá hafi verkföll skipasmiða tafið verkið, skömmu eftir að fyrrgreint bréf var ritað. Öll þau atvik, sem hafi tafið verkið, hafi verið þess eðlis, að hann beri ekki ábyrgð á þeim, og verði honum því ekki gefin nein sök á drætti þeim, sem varð á því, að skipið yrði tilbúið. Þá hefur gagnstefndi mótmælt kröfu gagnstefnanda sem of hárri og órökstuddri og bent á, að gagnstefnandi hafi í upphafi máls þessa talið, að ársleigan fyrir skipið væri kr. 28.000,00.

Hér að framan hafa verið rakin bréfaskipti aðilja í nóvembermánuði 1946. Af bréfi gagnstefnda er ljóst, að hann hefur ekki tekið á sig neina skuldbindingu á því, að verkinu yrði lokið 20. apríl 1947. Getur gagnstefnandi því ekki reist kröfur sínar á því. Þá er þess að gæta, að hvalbakurinn og yfirbyggingin komu ekki hingað til lands fyrr en í apríl- og maímánuði 1947, en þessa hluti hafði gagnstefnandi tekið að sér að útvega. Eins og getið var, þegar rætt var um aðalsökina hér að framan, er ljóst, að verkið hefur tekið óeðlilega langan tíma. Þegar þess er hins vegar gætt, að fyrirsvarsmenn gagnstefnanda höfðu fastan eftirlitsmann með verkinu og fylgdust auk þess með því sjálfir, en gerðu samt eigi fyrirvara um bótakröfur vegna þessa fyrr en í júnímánuði 1948, þá verður eigi talið, að gagnstefnandi geti nú haft uppi bótakröfu byggða á afhendingardrætti. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Kröfu þessa byggir gagnstefnandi á því, að í upphafi hafi gagnstefndi talið, að breytingin á skipinu mundi kosta kr. 200.000,00. Mið hliðsjón af þessari kostnaðaráætlun hafi verið ráðizt í verkið. Reyndin hafi hins vegar orðið sú, að raunverulegur kostnaður við breytingu skipsins, sá sem gagnstefndi hafi áætlað kr. 200.000,00, hafi orðið kr. 1.016.434,84, þ. e. farið kr. 816.434,84 fram úr áætlun. Meginorsökin til þessa gífurlega mismunar sé framferði gagnstefnda. Vegna framkomu gagnstefnda hafi orðið mistök í efnispöntunum og hagnýtingu á efni. Þá hafi hinn mikli dráttur á verkinu hleypt kostnaði öllum fram.

Sýknukröfu sína að þessu leyti byggir gagnstefndi á því, að kostnaðaráætlunin í upphafi sé honum alveg óviðkomandi. Teikningar af breytingum öllum, verklýsingar og annað slíkt hafi að vísu verið gert af starfsmanni hans og stjórnarmanni, en á ábyrgð þess manns persónulega, enda unnið utan starfs hans hjá gagnstefnda. Gagnstefnandi hafi líka goldið honum sérstaklega laun fyrir það verk, og það sé ekki tekið með á reikningum gagnstefnda. Auk þessa sé ljóst af verklýsingunni sjálfri, að fjárhæð sú, sem þar sé nefnd, sé aðeins ágizkun ein. Eftir að hún hafi verið gerð, hafi verið breytt að verulegu leyti, hvað gera skyldi við skipið. Í upphafi hafi verið

gert ráð fyrir verulegu lestarrými í því, en síðar hafi verið ákveðið, að niðri í skipinu yrðu innréttuð íbúðarherbergi, en við það hafi kostnaðurinn aukizt mjög. Þá hefur gagnstefndi bent á, að í breytingarkostnaðinum, kr. 1.016.434,84, séu innifaldir ýmsir liðir, sem séu gagnstefnda alveg óviðkomandi. Þannig sé þar með tekið verð þeirra hluta, sem gagnstefnandi hafi látið smíða erlendis, verð innanstokksmuna og áhalda, ýmis sérvinna, sem gagnstefnandi hafi lagt til, laun eftirlitsmanns gagnstefnanda og fleira, sem sé máli þessu óviðkomandi.

Af gögnum málsins er ljóst, að gagnstefndi tók verk þetta ekki að sér fyrir ákveðið verð, og fallast má á, að hin upphaflega kostnaðaráætlun sé honum óviðkomandi. Getur gagnstefnandi því ekki reist kröfur sínar á þeim rökum. Með vísan til þessa svo og annars þess, sem þegar hefur verið greint um ábyrgð gagnstefnda á verki þessu, þá þykir ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina.

Um 3. Eftir að Sæbjörg var komin á flot og talin sjófær, var á árinu 1948 gert við skipið fyrir kr. 33.551,16. Nokkuð af þessu verki var unnið hjá gagnstefnda og kostnaður við það greiddur athugasemdalaust. Telur gagnstefnandi, að hér hafi verið um að ræða viðgerð á göllum á verki því, sem gagnstefndi framkvæmdi, og beri honum því að greiða þennan kostnað.

Gagnstefndi hefur mótmælt því, að hér sé um nokkrar þær viðgerðir að ræða, sem stafi af göllum, sem hann eigi sök á.

Hinir dómkvöddu yfirskoðunarmenn, sem fyrr greinir, hafa athugað þetta atriði. Telja þeir, að ekki verði séð, að viðgerðir þessar stafi af óforsvaranlegri vinnu gagnstefnda. Ekkert er fram komið, er hnekki því áliti yfirskoðunarmanna, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4. Kröfuliður þessi virðist á því byggður, að yfirbygging sú, sem smíðuð var erlendis, hafi verið óþétt og hafi kostað kr. 150.000,00 að þétta hana.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi, enda hafi hann ekkert haft með smíði yfirbyggingarinnar að gera.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að gagnstefndi hafi neinu ráðið um smíði yfirbyggingar þessarar, heldur virðast fyrirsvarsmenn gagnstefnanda sjálfir hafa séð um það atriði. Þá hafði gagnstefndi ekki eftirlit með þeirri smíði. Verður því ekki séð, að gagnstefndi geti borið ábyrgð á göllum þeim, sem á þessu verki kunna að hafa verið, og verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hjálmari Árnasyni og Páli Pálssyni skipasmiðum.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Guðbjartur Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Friðrik V. Ólafsson, Árni Árnason, Guðrún Jónasson, Ólafur Þórðarson og Rannveig Vigfúsdóttir f. h. Slysavarnafélags Íslands, aðalstefnanda, Daníel Þorsteinssyni f. h. Daníels Þorsteinssonar & Co. h/f, kr. 33.772,31 með 6% ársvöxtum frá 23. september 1948 til greiðsludags og kr. 2.500,00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 16. janúar 1954.

Nr. 60/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Útgerðarfélagi Akureyringa h/f
(Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 1.317,00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í greinargerð stefnda í héraði byggði hann, eins og hér fyrir dómi, sýknukröfu sína á því, að „ríkisvaldinu beri tvímælalaus skylda til að annast um það, að tundurdufl verði gerð óvirk, án þess að einstaklingar þurfi að greiða þóknun fyrir það starf til ríkisins eða þeirrar stofnunar þess, sem

sér um framkvæmd verksins". Þrátt fyrir þetta hefur ekki verið fengin yfirlýsing dómsmálaráðuneytisins um horf þess til málsefnisins. Vegna þessarar vanreifunar af hálfu stefnanda í héraði hefði héraðsdómari átt að vísa málinu frá héraðsdómi. Þykir því bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 1.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. janúar 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þriðjudaginn 15. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 24. október sl., af Pálma Loftssyni, framkvæmdastjóra í Reykjavík, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, Reykjavík, gegn Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, Akureyri, og gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.317,10 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 468,48 í málskostnað.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir: Að kvöldi hins 30. desember 1950 var tilkynnt til Ísafjarðar frá b/v Svalbak, E.A. 2, frá Akureyri, sem var á veiðum út af Vestfjörðum, að hann hefði fengið tundurdufl í botnvörpuna og innbyrt það, og þyrfti hann að fá kunnáttumann til að athuga það. Um kl. 21 sama kvöld átti einhver af áhöfn togarans símtal við Guðfinn Sigmundsson, vélsmið á Ísafirði, og talaðist þeim svo til, að Guðfinnur fengi samþykki bæjarfógetans á Ísafirði fyrir, hvað gera skyldi. Bæjarfógetinn ákvað síðan, að togarinn skyldi koma inn á „Prestabugt" til að fá afgreiðslu. Gert hafði verið ráð fyrir því, að togarinn yrði kominn til Ísafjarðar kl. 1—2 um nóttina, og var varðskipið María Júlía fengið til að flytja Guðfinn Sigmundsson út að togaranum. Var lagt af stað frá bæjarbryggjunni um kl. 0.30 og beðið úti á „Prestabugt", þar til togarinn var kominn og lagztur kl. 02.15, og var þá lagt að togaranum. Eftir að Guðfinnur

hafði haft tal af skipstjóranum á togaranum, fór öll áhöfnin af togaranum yfir í varðskipið, meðan Guðfinnur átti við duflið. Guðfinnur gerði síðan þær aðgerðir á tundurduflinu, sem með þurfti, og liggur fyrir í málinu skýrsla hans um gerð og ástand duflsins og hvað hann gerði við það. Um kl. 03.00 gaf Guðfinnur merki um, að hann hefði lokið starfi sínu, og kom þá skipshöfn togarans aftur um borð, en varðskipið flutti Guðfinn að bryggju á Ísafirði. Umboðsmaður stefnanda hefur tekið það fram í greinargerð sinni í málinu, að beiðninni um að gera tundurduflið óvirkt hafi verið komið á framfæri við umboðsmann Skipaútgerðar ríkisins á Ísafirði fyrir munnleg skilaboð frá símstöðinni á Ísafirði. Samkvæmt skýrslu skipherrans á Maríu Júlíu fór hann með Guðfinn Sigmundsson greinda ferð eftir munnlegum skilaboðum hans þar um frá umboðsmanni Skipaútgerðarinnar á Ísafirði. Einnig er greint svo frá í skýrslu skipherrans, að varðskipið hafi haldið til lands aftur kl. 03.40 og komið að bryggju kl. 04.05.

Stefnandi hefur sundurgreint kröfu sína þannig, að kr. 317,10 séu vegna kaups og áhættuþóknunar, sem hann hafi greitt Guðfinni Sigmundssyni, og kr. 1.000,00 fyrir aðstoð varðskipsins. Kveður stefnandi bæði eigendur togarans og vátryggjendur hafa neitað að greiða reikninginn.

Stefnandi hefur einkum byggt greiðsluskyldu stefnda á þeirri almennu reglu, að sá, sem biður annan aðilja að vinna verk, verði að greiða fyrir það. Þá hefur hann haldið því fram, að tundurduflið hafi ekki verið á alfaraleið, heldur hafi það verið tekið upp af sjávarbotni. Hann telur því, að þá hafi engin almenn hætta stafað af tundurduflinu, og eftir að duflið hafi verið innbyrt í skipið, hafi skipseigandi og vátryggjandi skipsins haft alla hagsmunina af því, að það væri eyðilagt. Þá hefur hann bent á, að engin lagafyrirmæli væru til, sem legðu þá skyldu á herðar ríkinu að eyða tundurduflum, og áleit, að eigi væri hægt að leiða slíka reglu af öðrum lagafyrirmælum. Einnig tilgreindi hann, að annar aðili en ríkið stæði aðallega fyrir almennum slysavörnum í landinu, en hér hafi verið um slysavarnarstarfsemi að ræða. Þá benti hann á, að ríkið tæki björgunarlaun fyrir björgunarstarf varðskipanna.

Loks hefur stefnandi haldið því fram, að eigendur erlendra skipa hefðu greitt stefnanda fyrir eyðingu tundurdufla, og hefur gefið í skyn, að svo kunni einnig að hafa verið um innlend skip.

Stefndi hefur fært fram eftirfarandi rök fyrir sýknukröfu sinni: Ríkisvaldinu beri tvímælalaus skylda til að annast um, að tundurdufl verði gerð óvirk án endurgjalds frá einstaklingum. Starfið sé lögreglu- eða löggæzlustarf, sem unnið sé í þágu þjóðarheildarinnar til almenns öryggis og í því fólgið að gera óvirkt manndráps- og eyðileggingartæki. Verkið sé unnið til að fjarlægja hættulegt tæki, sem valdið gæti líftjóni og eigna, ef það væri látið leika lausum hala á fiskimiðum og siglingaleiðum við strendur landsins. Til styrktar

því, að hér sé um lögreglustarf að ræða, hefur hann haldið því fram, að eyðing tundurdufla sé framkvæmd undir stjórn lögreglustjóra á hverjum stað, og hefur þar um skírskotað til þess, að Guðfinnur Sigmundsson hafi leitað úrskurðar bæjarfógeta á Ísafirði um, hvað ætti að gera í málinu. Þá hefur stefndi haldið því fram, að leiða megi þá reglu út frá ákvæðum laga nr. 29 frá 1941 og laga nr. 52 sama ár, að ríkið beri kostnað af hindrun á almannahættu vegna hernaðaraðgerða. Sama sé meginreglan varðandi hættur af ýmsum öðrum orsökum. Það var upplýst við flutning málsins af umboðsmanni stefnanda, að Skipaútgerðin hefði staðið fyrir því, að mönnum hér yrði kennt að eyðileggja tundurdufl, sett taxta um kaup þeirra og áhættuþóknun, og að menn þessir yrðu að færa sönnur á það fyrir viðkomandi lögreglustjóra, að þeir hefðu gert tundurdufl óvirkt, með því að afhenda honum tiltekið stykki úr tundurduflinu. Telur stefndi, að menn þessir, sem Skipaútgerðin hefur falið það starf að gera tundurdufl óvirk, séu starfsmenn ríkisins sem slíkir og staða þeirra hin sama og löggæzlumanna að þessu leyti, enda hafi aðrir menn hvorki rétt né möguleika til að inna þessi störf af höndum. Þá hefur stefndi haldið því fram, að almenn hætta hafi stafað af tundurdufli því, er hér um ræðir, þar sem það hafi verið á fjölsóttum fiskimiðum, og hefði það því auðveldlega getað farið í vörpu annars íslenzks togara, ef því hefði verið sleppt frá Svalbak. Einnig hefur hann bent á, að samkvæmt íslenzkum lögum séu íslenzk skip sem hluti af landinu, hvar sem þau séu, og beri því að líta á þau ásamt skipshöfninni eins og um líf og eignir á landi væri að ræða. Loks hefur hann haldið því fram, að þetta sé einsdæmi þess, að stefnandi hafi krafið íslenzka aðilja endurgjalds fyrir eyðingu tundurdufla eða sprengna, sem fundizt hafi á landi.

Það er upplýst með skýrslu Guðfinns Sigmundssonar, sbr. og *Upplýsingar um tundurdufl,* sem Skipaútgerð ríkisins hefur sent til ýmissa aðilja og fram er lagt í málinu, að tundurdufl það, sem hér var um að ræða, var af brezkri gerð, og koma því ákvæði laga nr. 99/1943 hér hvorki beint né með lögjöfnun til greina. Ekki eru heldur nein fyrirmæli um efni þetta annars staðar í lögum eða reglugerðum. Ekki var heldur neitt samið um deiluefnið, það er, hvort greiða skyldi fyrir eyðingu tundurduflsins. Verður því að dæma málið eftir grundvallarreglum laga og eðli málsins.

Þótt eigi hafi verið sett lög eða önnur opinber ákvæði um eyðingu tundurdufla, er þó vitað, að ríkið eða Skipaútgerðin fyrir þess hönd hefur látið þessi mál mikið til sín taka. Það hefur látið semja og sent út upplýsingar um tundurdufl með lýsingu á gerð þeirra og uppdráttum. Einnig er upplýst, að ríkið eða Skipaútgerðin fyrir þess hönd hefur séð vissum mönnum fyrir kennslu í eyðingu tundurdufla, sem síðan tækju að sér eyðingu þeirra víðs vegar um land, og jafnframt hefur stofnun þessi sett taxta um kaup þeirra og áhættuþóknun og greitt þeim fyrir verkið. Alkunna er, að mikill fjöldi

tundurdufla, sem rekið hefur á fjörur hér á landi, hefur verið eyðilagður, og mun það að mestu eða eingöngu hafa verið á vegum stefnanda, enda má það alkunnugt telja, að sá háttur sé almennt á hafður, að verði menn slíkra tundurdufla varir, tilkynni þeir það viðkomandi lögreglustjóra og síðan tilkynni hann það Skipaútgerð ríkisins. Varðandi greiðslu fyrir eyðingu tundurdufla er það upplýst, að aldrei hefur stefnandi tekið greiðslu fyrir eyðingu þeirra dufla, sem rekið hefur á fjörur. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram, að greiðsla hafi verið tekin fyrir eyðingu tundurdufla um borð í skipum, og hefur starfsmaður stefnanda um þessi mál þó eigi viljað fullyrða, að slíkt hafi komið fyrir um íslenzk skip, og er það ósannað gegn mótmælum stefnda. Fallast verður á það með stefnda, að hér hafi verið um slíka hættu að ræða, að ríkisvaldinu hafi borið að koma í veg fyrir, að tjón hlytist af, væri þess nokkur kostur. Þeir, sem vinna verkið, eru annars vegar maður sá, sem eyðir duflinu, sem skoðast verður starfsmaður ríkisins að þessu leyti, þar sem hann starfar eftir fyrirsögn stefnanda og tekur þóknun fyrir starfið hjá honum, og hins vegar skipshöfn varðskipsins, en skipshöfnin er starfsmenn ríkisins og löggæzlumenn, sbr. lög nr. 50/1940, 5. gr., og lög nr. 32/1935, 2. gr. Með lögum nr. 29/1941 og nr. 52 frá sama ári hefur ríkisvaldið tekið á sig að vissu marki skyldu til að forða almenningi frá hættum af hernaðaraðgerðum og hefur lagt væntanlegan kostnað af því á hið opinbera og hefur með því að minnsta kosti í vissar áttir tileinkað sér það sjónarmið, að því beri að draga úr almennri hættu af stríðsorsökum. Einnig hefur ríkið með aðgerðum þeim, er að framan greinir, tekið að sér sem sitt málefni eyðingu tundurdufla og án endurgjalds, þegar íslenzkir hagsmunir hafa verið í húfi, allt til þessa, að því er vitað er. Þótt hæpið sé að ályktа, að stefnandi hafi með því einu firrt sig rétti til að taka gjald fyrir eyðingu tundurdufls þess, er mál þetta er risið af, má þó ætla, að almenningur líti svo á, að verk þessi séu framkvæmd af stefnanda án endurgjalds. Niðurstaðan verður samkvæmt framanrituðu sú, að einkum með tilliti til eðlis hættu þeirrar, sem hér var um að ræða, að stefnendur hafa látið þessi mál til sín taka með þeim hætti, er að framan greinir, og einnig tekið á sig kostnað af öryggisráðstöfunum af hernaðarorsökum í öðru tilliti, hverjir það eru, sem vinna verkið fyrir stefnanda, og loks, að eigi er sannað eða leiddar að því líkur, að gjald hafi verið tekið fyrir slík störf áður af íslenzkum aðiljum, — telur rétturinn, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Útgerðarfélags Akureyringa h/f, á að vera

sýkn af öllum kröfum stefnanda, Pálma Loftssonar framkvæmdastjóra f. h. Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 16. janúar 1954.

Kærumálið nr. 18/1953.

Ákæruvaldið
gegn
Ragnari Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um skyldu vitnis til að gera grein fyrir trúarskoðun sinni.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Ákæruvaldið hefur skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 3. desember f. á., og gert þær dómkröfur, að varnaraðilja, Ragnari Jónssyni, verði dæmt að svara spurningu þeirri, er í úrskurðinum greinir. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki borizt nein greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1953.

Ár 1953, fimmtudaginn 3. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ákæruvaldið gegn Benedikt Kristjánssyni.

Er mál þetta, sem nú er fyrir Hæstarétti, var rannsakað í sakadómi, var Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður leiddur sem vitni.

Hinn 13. f. m. kom hann fyrir dóm við framhaldsrannsókn í málinu og skyldi þá staðfesta framburð sinn. Lýsti hann þá yfir því að gefnu tilefni frá dómara, að hann væri utan trúfélags, en kvaðst ekki gera nánari grein fyrir trúarsannfæringu sinni. Kvaðst hann fús að staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti.

Skipaður sækjandi í málinu, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, krafðist þess þá, að vitnið yrði með úrskurði skyldað til að svara því, hvort það tryði á guð og hvort heit samkvæmt því samræmdist trúarsannfæringu þess.

Af 100. gr. laga nr. 27/1951, 2. mgr. 1. tl., leiðir, að dómari skal spyrja vitni framangreindra spurninga, og svari vitni þeim játandi, skal eiðvinning fara fram, eins og greint er í nefndum 1. tl. Gefi vitni ekki slíka yfirlýsingu, skal heit fest skv. 2. tl. nefndrar greinar. Að áliti dómsins þykja nefndar spurningar þess eðlis, að vitni verði eigi skyldað til að veita svör við þeim, enda þykir slík skylda ekki verða leidd af ákvæðum 100. gr. laga nr. 27/1951. Verður vitnið Ragnar Jónsson því eigi skyldaður til að svara því, hvort hann trúi á guð og hvort heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæringu hans.

Dráttur varð á uppkvaðningu úrskurðar þessa sakir anna dómarans.

Því úrskurðast:

Vitninu Ragnari Jónssyni er óskylt að svara framangreindum spurningum.

Mánudaginn 18. janúar 1954.

Nr. 57/1952. **Sigríður Einarsdóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn
Gísla Halldórssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson.

Lögtak samkvæmt meðlagsúrskurði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1952, krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að gera lögtak hjá gagnáfrýjanda fyrir kr. 9.000,00 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 13. júní 1952 og áfrýjað málinu með stefnu 20. s. m. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang lögtaksgerðarinnar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Eftir uppsögu úrskurðar fógeta hefur aðaláfrýjandi, Sigríður, gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi, vitni hafa verið leidd og ný skjöl lögð fram.

Aðiljar máls þessa slitu samvistir um mánaðamótin nóvember og desember 1949 eða í desember s. á., og fór gagnáfrýjandi, Gísli, þá af heimili þeirra, en aðaláfrýjandi, Sigríður, bjó þar eftir ásamt sonum þeirra þremur. Hinn 14. nóvember 1950 fengu þau leyfisbréf til hjónaskilnaðar, og hinn 7. desember 1951 urðu þau ásátt um, að skipti á búi þeirra skyldi miða við 1. desember 1949.

Aðaláfrýjandi, Sigríður, hefur nú fyrir dómi skýrt svo frá, að þau Gísli hafi eftir samvistarslitin komið sér saman um, að Gísli greiddi henni í peningum kr. 3.000,00 mánaðarlega til heimilis hennar og sona þeirra, unz lagaskilnaður þeirra yrði ger, og stæði auk þess straum af ýmsum útgjöldum heimilisins, svo sem rafmagni, olíu, aukakennslu sona þeirra o. fl. Hafi þetta samkomulag verið endurnýjað vorið 1950. Samkvæmt þessu hafi gagnáfrýjandi, Gísli, greitt henni áskildar kr. 3.000,00 um nokkurra mánaða skeið og staðið jafnframt að nokkru undir umsömdum kostnaði. En þar sem vanefndir hafi orðið af hans hendi um greiðslu framfærslupeninga fyrir suma mánuði, hafi hún snúið sér til sakadómara og krafizt úrskurðar á hendur gagnáfrýjanda, Gísla. Hinn 19. október 1950 gaf sakadómari út úrskurð, þar sem gagnáfrýjanda var gert að greiða aðaláfrýjanda, Sigríði, framfærslueyri henni og sonum þeirra til handa, kr. 3.000,00 á mánuði hverjum, mánuðina desember 1949, janúar til marz 1950 og frá 1. október 1950. Ákvæði úrskurðar þessa stóðu,

þangað til ákvæði skilnaðarbréfsins frá 14. nóvember 1950 tóku við, en nú er einungis krafizt lögtaks samkvæmt úrskurðinum. Hinn 31. janúar 1950 hafði gagnáfrýjandi, Gísli, greitt til aðaláfrýjanda kr. 3.000,00, og standa því eftir ógreiddar samkvæmt úrskurðinum kr. 9.000,00. Aðaláfrýjandi, Sigríður, krafðist lögtaks á hendur gagnáfrýjanda, Gísla, hinn 28. marz 1951. Var lögtakskrafan upphaflega kr. 15.000,00, kr. 12.000,00 samkvæmt úrskurði sakadómara og kr. 3.000,00 samkvæmt lögskilnaðarleyfinu, en krafan var lækkuð, er í ljós kom, að kr. 3.000,00 samkvæmt úrskurðinum og aðrar kr. 3.000,00 samkvæmt hjónaskilnaðarbréfinu höfðu verið inntar af hendi.

Hinn 20. október 1950 var úrskurður sakadómara birtur af stefnuvottum á vinnustað gagnáfrýjanda, Gísla, fyrir starfsmanni þar, sem lofaði að koma honum til skila. Hinn 9. apríl 1951 ritaði gagnáfrýjandi sakadómara og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur, þar sem hann, Gísli, hefði verið búinn að fullnægja framfærsluskyldu sinni fyrir tímabil það, sem úrskurðurinn tekur yfir. Sakadómari sinnti ekki þeirri kröfu. Hinn 7. ágúst 1951, meðan málið var enn fyrir fógetadómi, ritaði gagnáfrýjandi, Gísli, dómsmálaráðuneyti og krafðist þess, að úrskurður sakadómara yrði úr gildi felldur.

Úrskurður sakadómara er reistur á 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 2. og 3. gr. laga nr. 80/1947. Í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 er valdsmanni, hér sakadómara, sbr. 4. gr. laga nr. 65/1943, fengið vald til að kveða upp meðlagsúrskurði, m. a. þegar svo stendur á sem í máli þessu greinir, en um málskot til dómsmálaráðuneytis segir þar ekki. Slíkt málskot til æðra stjórnvalds þykir þó vera heimilt, enda sé það framkvæmt án ástæðulauss dráttar, eftir að aðili fékk eða mátti fá vitneskju um úrskurð valdsmanns. Í máli þessu leitaði Gísli ekki til sakadómara fyrr en liðnir voru nær sex mánuðir, frá því að úrskurðurinn var birtur, og skaut ekki úrskurði sakadómara til dómsmálaráðuneytis, fyrr en liðnir voru yfir níu mánuðir frá birtingu hans og meir en fjórir mánuðir, frá því að lögtaks var beiðzt samkvæmt honum. Slíkt málskot verður að teljast of seint framkvæmt, og stendur

úrskurður sakadómara því óhaggaður þegar af þeirri ástæðu.

Dómsmálaráðuneytið lýsti því í bréfi, dags. 10. ágúst 1951, að það felldi úrskurðinn ekki úr gildi, en lét í ljós það álit, að frá meðlagsfjárhæðinni bæri að draga allar greiðslur, sem upplýst er, að gagnáfrýjandi, Gísli, hafi greitt til aðaláfrýjanda, Sigríðar, á meðlagstímabilinu. Svo sem sagt var, staðhæfir aðaláfrýjandi, Sigríður, að þau Gísli hafi orðið ásátt um, að gagnáfrýjandi, Gísli, greiddi kr. 3.000,00 til hennar og sona þeirra, unz lögskilnaður væri ger, og auk þess ýmis heimilisútgjöld, og staðhæfir hún, að gagnáfrýjandi, Gísli, hafi stundum í verki viðurkennt þetta samkomulag. Gagnáfrýjandi, Gísli, hefur hins vegar fullyrt, að hann hafi á þeim tíma, er úrskurður sakadómara tekur yfir, fullnægt framfærsluskyldu sinni við aðaláfrýjanda, Sigríði, og syni þeirra, og hvíli því eigi á honum skylda til frekari greiðslna. Úrskurður sakadómara er fullnaðarúrskurður, og á honum eru engir þeir gallar, sem varða eigi ógildingu hans. Ber því að leggja hann til grundvallar. Óheimilt er að lögum að láta koma til frádráttar framfærslueyri þeim, sem í úrskurðinum greinir, aðrar greiðslur, sem gagnáfrýjandi, Gísli, hefur innt til heimilis aðaláfrýjanda, Sigríðar, og sona þeirra og aðiljar deila um, hvort gagnáfrýjandi, Gísli, hafi tekizt á hendur að greiða auk peninga. Skiptir það engu máli, þótt í bréfi dómsmálaráðuneytis gæti misskilnings að þessu leyti. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu aðaláfrýjanda til greina og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er, fyrir kr. 9.000,00.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara í eignum gagnáfrýjanda, Gísla Halldórssonar, fyrir kr. 9.000,00.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Sigríði Einarsdóttur, kr. 3.500,00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 10. marz 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigríður Einarsdóttir, Bólstaðarhlíð 3 hér í bæ, krafizt lögtaks hjá fyrrv. eiginmanni sínum, Gísla Halldórssyni vélaverkfræðingi hér í bæ, til tryggingar ógreiddu meðlagi, að fjárhæð kr. 9.000,00. Gerðarþoli hefur mótmælt lögtakskröfu þessari, og var ágreiningurinn því lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði sakadómarans í Reykjavík, út gefnum 19. október 1950, var gerðarþola gert að greiða gerðarbeiðanda í meðlag með henni og þremur sonum þeirra hjóna fyrir tímabilið desember 1949, janúar, febrúar og marz 1950 svo og frá og með 1. október 1950 kr. 3.000,00 á mánuði. Segir í úrskurðinum, að hjónin hafi slitið samvistir um mánaðamót nóvember og desember 1949, án þess að skilnaður að borði og sæng hafi farið fram, og enn fremur, að maðurinn muni hafa samþykkt þessa fjárgreiðslu. Með leyfisbréfi til algers skilnaðar aðilja, sem gefið var út af dómsmálaráðherra 14. nóvember 1950, skyldi gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda meðlag með henni kr. 1.500,00 á mánuði í tvö ár frá 1. þess mánaðar að telja og kr. 500,00 í meðlag með hverju barni til fullnaðs 16 ára aldurs. Í lögtaksbeiðninni krafðist gerðarbeiðandi lögtaks fyrir kr. 15.000,00, og í greinargerðinni taldi hann þessa fjárhæð vera vangoldið meðlag fyrir mánuðina desember 1949 og janúar, febrúar og marz 1950 samkvæmt úrskurði sakadómara og meðlag fyrir janúarmánuð 1951 samkvæmt leyfisbréfi dómsmálaráðherra. Eftir að gerðarþoli hafði lagt fram í málinu kvittun gerðarbeiðanda fyrir kr. 3.000,00 greiðslu til heimilishalds í janúarmánuði 1951 og kvittun hennar, dags. 31. jan. 1950, fyrir kr. 3.000,00 fjárgreiðslu, lækkaði gerðarbeiðandi kröfu sína niður í þær kr. 9.000,00, sem nú er krafizt lögtaks fyrir.

Eftir að mál þetta kom í fógetaréttinn, ritaði gerðarþoli sakadómaranum í Reykjavík bréf, þar sem hann lét í ljós þá skoðun sína, að úrskurður hans um meðlagsgreiðslu á hendur sér fyrir mánuðina des. 1949—marz 1950 væri á misskilningi byggður, þar sem hann hefði á þeim tíma séð fyrir heimilinu, og krafðist hann þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur fyrir þetta tímabil.

Sakadómari virðist ekki hafa viljað fallast á kröfu þessa, og ritaði gerðarþoli þá dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 7. ágúst 1951, og krafðist hann þess þar, að ráðuneytið felldi úrskurð þenna úr gildi, og var krafan sett fram á sama grundvelli og áður í bréfi gerðarþola til sakadómara. Ráðuneytið tilkynnir síðan gerðarþola í bréfi, dags. 10. sama mánaðar, að það geti ekki fallizt á það að fella úrskurð þenna úr gildi, en segir síðan í bréfi til gerðarþola: „Hins vegar lítur ráðuneytið svo á, að frá meðlagsupphæðinni beri að draga

allar þær greiðslur, sem upplýst er, að þér hafið greitt til konunnar á meðlagstímabilinu."

Skipti á félagsbúi gerðarbeiðanda og gerðarþola hófust í skiptarétti Reykjavíkur með uppskrift á eignum búsins 9. okt. 1950, en þá var hjónaskilnaðarmál þeirra til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu. Hinn 7. desember 1951 urðu aðiljar loks sammála um að miða skiptin við 1. des. 1949, en frá þeim degi var, eins og áður er fram tekið, gerðarþola gert að greiða meðlag með gerðarbeiðanda, og er því meðlagskrafa sú, sem hér um ræðir, persónuleg krafa á hann, en snertir ekki félagsbúið.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram í máli þessu, að svo hafi verið um samið milli hjónanna í maímánuði 1950, að gerðarþoli greiddi henni frá samvistarslitum kr. 3.000,00 á mánuði, eins og úrskurður sakadómara tiltekur, auk olíu, rafmagns og aukatíma fyrir börn aðilja og aðra þá reikninga, er ekki gætu talizt undir húshald. Telur hann því, að kröfur þær, sem gerðarþoli hefur fært fram í máli þessu til skuldajafnaðar, hafi ekki við nein rök að styðjast, auk þess sem hann heldur því fram, að fógetarétturinn hafi ekki vald til að úrskurða um skuldajöfnuð fyrir þessum kröfum, sem hann hefur mótmælt sem röngum og máli þessu óviðkomandi. Hefur hann jafnframt haldið því fram, að ofangreint samkomulag aðilja sé sannað með því, að auk þess sem gerðarþoli hafi greitt þær kr. 3.000,00, sem hann hafi lofað, að undantekinni lögtakskröfu þeirri, sem hér um ræðir, þá hafi hann samhliða greitt reikninga þá, sem hér eigi að koma til skuldajafnaðar.

Gerðarþoli heldur því aftur á móti fram, að samkomulag hafi orðið um meðlagsgreiðslu gerðarþola til gerðarbeiðanda í marzmánuði 1950 á þann hátt, að gerðarþoli greiddi gerðarbeiðanda meðlag með henni og þremur sonum þeirra hjóna kr. 3.000,00 á mánuði frá og með 1. apríl 1950, og þá gengið út frá af sinni hálfu, þótt ekki væri um það rætt, að öllum meðlagskröfum til þess tíma væri fullnægt, enda engir samningar gerðir fyrir það tímabil. Telur hann, að þessi greiðsla hafi átt að vera full meðlagsgreiðsla með konu og börnum, enda sé það í samræmi við úrskurð sakadómarans, að því er snertir ákvörðun mánaðarlegra meðlagsgreiðslna, og sérstaklega komi þetta berlega í ljós í áminnztu bréfi dómsmálaráðuneytisins til sín, sem einnig heimili skuldajöfnuð að því leyti. Telur gerðarþoli því engan vafa leika á því, að fógeti eigi úrskurðarvald um kröfur þær, er hann hefur lagt hér fram í máli þessu til skuldajafnaðar, sem komi gleggst fram á réttarskj. nr. 25 undir liðunum III, IV og V, og hafi sér ekki verið unnt að ákveða þær endanlega, fyrr en fyrir lá, við hvaða tíma ætti að miða skiptin, en það hafi fyrst verið 7. des. 1951, og dómsniðurstaða í máli milli aðilja í sambandi við kaupmála þeirra, en dómur í því máli hafi fallið í Hæstarétti 11. f. m.

Hefur gerðarþoli krafizt þess, að allar þær kröfur, sem tilgreindar eru á réttarskj. nr. 25 undir liðunum III—V að báðum meðtöldum,

eigi að koma til skuldajafnaðar lögtakskröfu þessari að undanteknum kr. 3.000,00 undir lið III, fylgiskj. 84, þar sem gerðarbeiðandi hafi þegar dregið þá fjárgreiðslu frá lögtakskröfunni.

Ekki verður talið sannað, að gerðarbeiðandi hafi við samkomulag aðilja, það er fram fór fyrri hluta árs 1950 um meðlagsgreiðslur gerðarþola til hennar, fallið frá meðlagsgreiðslum fyrir tímabilið frá samvistarslitum um mánaðamót nóvember og desember 1949 til marzloka 1950, að greiðslur til hennar hófust, og verður því að telja, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að meðlagsúrskurður sakadómara standi óhaggaður að þessu leyti. Hins vegar verður umræddur úrskurður ekki skilinn á annan veg en þann, að gerðarþoli fullnægi að öllu framfærsluskyldu sinni gagnvart konu og börnum með kr. 3.000,00 greiðslu á mánuði, enda kemur sú skoðun heim við umgetið bréf dómsmálaráðuneytisins til gerðarþola, dags. 10. ágúst f. á., og hefur gerðarbeiðanda ekki tekizt að sanna gegn mótmælum gerðarþola staðhæfingu sína um frekara framlag.

Verður að líta svo á, að allar þær greiðslur, sem gerðarþoli hefur innt af hendi vegna gerðarbeiðanda eða til hagsbóta heimilinu, eftir að samvistir þeirra féllu niður, beri að koma til skuldajafnaðar við lögtakskröfu þessa, og verður ekki annað séð en fógeti hafi vald til að úrskurða um þær.

Kröfur þær, er hér koma til álita, eru á réttarskjali nr. 25 undir flokkunum III—V, og eru kröfurnar þessar:

III. flokkur:

		1950				
nr.	1.	Jan.	25.	Endurgreidd innborgun frá 9. nóv. 1949. Ókvittað, en á fylgiskjalinu stendur: „Afh. frú Halldórsson af Ól. Ól. 24/1 '50, en frúin neitaði að kvitta fyrir."	fskj.	73 kr. 1.000,00
—	2.	Maí	5.	Greitt frú Sigríði Halldórsson. Frúin kvittar fyrir. ..	—	455 — 1.225,00

IV. flokkur:

		1949				
nr.	1.	Des.	17.	Greiddur tollur af ávöxtum. Kvittun dags. 19/12 '49	fskj.	1901 kr. 292,24
—	2.	—	20.	Greitt flutningsgjald á ávöxtum	—	1919 — 133,80
		1950				
—	3.	Jan.	4.	Greitt áskriftargjald Alþýðublaðsins	—	9 — 24,00
—	4.	Jan.	9.	Greiddur tollur	—	24 — 9,20
—	5.	—	9.	Greitt skólagjald fyrir Steindór Gíslason	—	25 — 260,00
—	6.	—	10.	Greitt áskriftargjald fyrir		

			Vísi f. desember '49	fskj.	39.	kr.	10,00
nr.	7. Jan.	21.	Greitt fyrir rafmagn. Reikn. dags. 20/1 '50	—	48	—	175,54
—	8. Marz	2.	Greitt H.Í.S. fyrir hráolíu. Reikningurinn dags. 30/1 '50	—	195	—	468,00
—	9. —	6.	Greitt fyrir rafmagn	—	207	—	129,94
—	10. —	15.	Greitt fyrir rafmagn	—	244	—	90,50
—	11. —	18.	Greitt H.Í.S., hráolía. Reikn. dags. 2/1 1950	—	258	—	241,80
—	12. —	24.	Greitt H.Í.S., hráolía. Reikn. dags. 15/12 '49	—	286	—	448,50
—	13. Apr.	5.	Greitt Olíuverzlun Íslands h/f, sólarolía. Reikn. dags. 11/4 '50	—	344	—	800,40
—	14. —	19.	Greitt áskriftargjald Alþýðublaðsins, febrúar og marz 1950	—	402	—	24,00
—	15. Maí	3.	Greitt O. P. Nielsen, viðgerð á olíukyndingu. Reikn. dags. 1/3 '50	—	446	—	47,90
—	16. —	31.	Greitt H.Í.S. fyrir hráolíu. Reikn. dags. 3/3 '50	—	571	—	578,10
—	17. Júní	26.	Greitt H.Í.S. fyrir gasolíu. Reikn. dags. 10/5 '50	—	657	—	574,78
—	18. —	21.	Greitt rafmagn. Reikn. dags. 19/6 '50	—	639	—	146,09
—	19. Sept.	25.	Greitt H.Í.S., gasolía. Reikn. dags. 18/8 '50	—	1054	—	409,96
—	20. Okt.	4.	Greitt Halldóri Gíslasyni fyrir skólabækur	—	1077	—	163,00
—	21. —	14.	Greitt Einari Gíslasyni fyrir skólabækur	—	1085	—	300,00
			V. flokkur:				
nr.	1. Jan.	9.	Greitt fasteigna- og lóðaleigugjald	—	21	—	826,00
—	2. —	25.	Greidd afborgun og vextir af Flókagötu 6. Fylgiskjalið ókvittað, en á því stendur: „Afhent frú Halldórsson af Ól. Ól. 24/1 '50, en frúin neitaði að kvitta fyrir.“ ..	—	72	—	992,93

III. flokkur.

Ekki virðist sannað af því, sem fyrir liggur, að fjárhæð sú, sem getur undir lið nr. 1, hafi runnið til gerðarbeiðanda, enda hefur maður sá, er talið er, að hafi afhent gerðarbeiðanda fjárhæð þessa, ekki

mætt hér fyrir rétti, og verður krafa þessi því ekki metin gild til skuldajafnaðar.

Fyrir fjárhæð þeirri, kr. 1.225,00, er getur undir lið 2, er kvittun gerðarbeiðanda á réttarskj. nr. 23, 16. bls. Þessa fjárhæð þykir verða að taka til greina til lækkunar á meðlagskröfunni.

IV. flokkur.

Þá verður ekki talið, að til frádráttar meðlagskröfunni beri að reikna fjárhæðir þær, sem fram koma undir liðunum 1, 2, 3 og 6, sbr. fylgiskjöl með réttarskjali 9, né liðina 14 og 15, sbr. réttarskjal nr. 23, 14. og 15. bls., og ekki heldur kröfuna undir lið nr. 18, sbr. réttarskjal 26, 1. bls., þar sem ekki þykir fullsannað, að fjárgreiðslur þessar séu beinlínis inntar af hendi fyrir gerðarbeiðanda. Hins vegar verður ekki betur séð en fjárhæðirnar undir liðunum nr. 5, 7, 8, 9, 10, 11 og 12, sbr. fylgiskjöl með réttarskj. nr. 9, svo og liðirnir undir nr. 4, 13, 16, 17, 19 og 20 með fylgiskjölum á réttarskjali nr. 23, 4., 13., 21., 24., 30. og 31. bls., og loks krafan undir lið nr. 21, sbr. réttarskjal nr. 26, 2. bls., beri að koma til frádráttar meðlagskröfunni, þar sem svo virðist, að þær greiðslur hafi verið inntar af hendi sem hluti af framfærslu gerðarþola til gerðarbeiðanda.

Eftir þessum flokki þykir því verða að lækka meðlagskröfuna um þessar fjárhæðir: 9,20 + 260,00 + 175,54 + 468,00 + 129,94 + 90,50 + 241,80 + 448,50 + 800,40 + 578,10 + 574,78 + 409,96 + 163,00 + 300,00 = 4.649,72.

V. flokkur.

Fjárhæðina kr. 826,00, sbr. fylgiskj. með réttarskj. nr. 9 undir lið nr. 1, þykir rétt að taka til greina til skuldajafnaðar við meðlagskröfuna, þar sem sú greiðsla er eingöngu í þágu gerðarbeiðanda sem einkaeiganda að eigninni Flókagötu 6 hér í bæ, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. f. m. í máli hjónanna Gísli Halldórsson gegn Sigríði Einarsdóttur, þar sem endanlega er úr því skorið, að eign þessi sé séreign hennar og félagsbúi þeirra hjóna óviðkomandi. Aftur á móti verður krafan undir 2. lið þessa flokks ekki tekin til greina, þar sem engar fullnægjandi sannanir liggja fyrir þeirri fjárgreiðslu.

Af því, sem hér að framan greinir, þykir verða að lækka lögtakskröfuna um kr. 1.225,00 + 4.649,72 + 826,00 = kr. 6.700,72, og verður því lögtak leyft aðeins fyrir kr. 2.299,28.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af önnum við embættið.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram fyrir kr. 2.299,28.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. janúar 1954.

Nr. 194/1952. **Hreppsnefnd Rangárvallahrepps**
f. h. hreppsins (Magnús Thorlacius)
gegn
Birni Guðmundssyni og Helga Erlendssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupréttur að jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn í málinu og skotið því til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1952. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að sala stefnda Björns Guðmundssonar hinn 30. maí 1947 til stefnda Helga Erlendssonar á jörðinni Rauðnefsstöðum í Rangárvallahreppi verði dæmd ógild og áfrýjanda heimilað að ganga inn í kaupin, *aðallega* að undanteknum húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum, en *til vara* einnig að því, er til þeirra tekur. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir báðum dómum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Leggja verður til grundvallar í máli þessu þá samhljóða skýrslu hinna stefndu, að þeir hafi í febrúarmánuði 1947 samið svo með sér, að stefndi Helgi Erlendsson keypti af stefnda Birni Guðmundssyni eignarjörð hans, Rauðnefsstaði í Rangárvallahreppi, fyrir kr. 36.000,00, enda hefur það m. a. stoð í því, að áfrýjanda var í greindum mánuði tilkynnt kauptilboð Helga og boðinn forkaupsréttur, sem áfrýjandi hafnaði. Hafði Helgi því öðlazt rétt til jarðarinnar, er spjöll af völdum eldgoss urðu á henni í marzmánuði 1947. Ljóst virðist, að samningur stefndu 30. maí 1947 um breytt kaupkjör hafi verið gerður vegna spjalla þessara og eigi í því skyni að fara

í kringum forkaupsrétt áfrýjanda. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, enda hefur honum ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00. Málflutningslaun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. hreppsins, greiði stefndu, Birni Guðmundssyni og Helga Erlendssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Málflutningslaun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu 11. nóvember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. október sl., hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu, út gefinni 9. júní sl., gegn Birni Guðmundssyni verzlunarmanni, Vegamótum, Holtahreppi, og Helga Erlendssyni bónda, Hlíðarenda, Fljótshlíðarhreppi, til þess að fá hrundið afsali Björns Guðmundssonar til Helga Erlendssonar, dags. 30. maí 1947, varðandi jörðina Rauðnefsstaði í Rangárvallahreppi. Þá krefst stefnandi þess, að Birni Guðmundssyni verði dæmt að selja stefnanda jörðina Rauðnefsstaði fyrir kaupverð, aðallega samkvæmt mati dómkvaddra manna nú til greiðslu árið 1957, en til vara samkv. mati dómkvaddra manna árið 1957. Loks krefst stefnandi þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til skipaðs talsmanns stefnanda, hrl. Magnúsar Thorlacius, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. júní sl., var stefnanda veitt gjafsókn.

Stefndir hafa krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Í febrúarmánuði árið 1947 lofaði stefndur, Björn Guðmundsson, að

selja meðstefndum, Helga Erlendssyni, jörðina Rauðnefsstaði í Rangárvallahreppi ásamt húsum og öðrum mannvirkjum fyrir kr. 36.000,00. Frá þessari fjárhæð skyldi draga endurbyggingarstyrk kr. 1.200,00. Einnig var svo ákveðið að taka undan sölunni Þórðargerði í túni og tvo hektara lands utan túns eftir samkomulagi. Stefnanda í máli þessu, hreppsnefndinni í Rangárvallahreppi, var boðinn kaupréttur að eignunum, sem þannig skyldi selja, með hinu tilgreinda kaupverði, en stefnandi afsalaði sér kaupréttinum. Því næst virðist salan hafa verið fullráðin milli stefndu, en skriflegur kaupsamningur var eigi gerður að svo komnu.

Hinn 29. marz 1947 hófst Heklugos, og urðu margar jarðir í Rangárþingi fyrir þungum búsifjum af völdum ösku- og vikurfalls. Ein þeirra jarða voru Rauðnefsstaðir. Hinn 2. apríl 1947 skipaði ríkisstjórnin nefnd manna til athugunar og tillagnagerðar vegna ástands þess, sem skapaðist við landskemmdir. Á vegum þessarar nefndar fór fram skoðun á um 100 jörðum, sem skipt var í fjóra flokka eftir því, hver brögð voru að landskemmdum. Í þann flokk, sem mest kvað að þeim að áliti nefndarinnar, var Rauðnefsstöðum skipað ásamt fimm jörðum öðrum. Um þennan flokk jarða segir í skýrslu nefndarinnar: „Á sex jörðum er vikurmagnið það mikið, að vart má telja framkvæmanlega hreinsun, svo að nokkru nemi, og virðist því helzt koma til greina tilfærsla á vikrinum í lægðir í landinu eða til staða þar, sem hægt er að hefta frekara fok með jarðbindandi efnum, melsáningu eða hrísþakningu. Endurræktun yrði að vera gerð á meiri hluta þessara jarða.“ Á árinu 1947 var ekki framkvæmd endurræktun á þessum jörðum, en vorið 1948 á nokkrum þeirra, en ekki Rauðnefsstöðum. Í skýrslu nefndarinnar segir, að m. a. hafi sú verið ástæða til þess, að eigi var lagt í endurræktun á jörðinni, „að hin tvö fyrstu árin var sandfokshættan á jörðum þessum svo mikil, að telja mátti mjög áhættusamt að kosta á þeim tíma til nýræktar í stærri stíl.“

Nokkru eftir að þannig var komið hag jarðarinnar eða 30. maí 1947, gera stefndir loks með sér skriflegan kaupgerning, dómsskj. nr. 4, þar sem fyrst er skráð, á hvern veg þeir höfðu samið með sér í febrúarmánuði, og hefur því verið lýst að framan. Síðan er í kaupgerningnum að því vikið, hversu skipt sé um hag jarðarinnar, og af þeirri sök sé sanngjarnt og sjálfsagt að breyta skilmálum, eða eins og segir á dómsskj. nr. 4: „Síðan (frá því í febrúarmánuði 1947) kom það svo fyrir, að jörð þessi, þ. e. Rauðnefsstaðir, varð fyrir svo miklu ösku- og vikurfalli, að hún varð nálega einskis virði í nokkur ár, að því er virðist. Þess vegna er sanngirni og sjálfsagt að breyta samningnum og þá þannig: „Ég, Björn Guðmundsson, sel hér með hr. Helga Erlendssyni eignarjörð mína, Rauðnefsstaði, ásamt húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum, þ. e. með þeim hætti, að hann borgi þegar kr. 21.000,00 — tuttugu og eitt þúsund krónur — fyrir húsin og girðingar og því um líkt. Hins vegar greiði

svo Helgi Erlendsson eða hans erfingjar mér eða mínum erfingjum jörðina sjálfa eftir 10 ár með því verði, sem hún yrði metin þá af óvilhöllum mönnum, einnig miðað við söluverð, sem þá kynni að vera fáanlegt, og má því ekki veðsetja jörðina nema með leyfi eða til greiðslu hennar sjálfrar. Húsin hafa að mestu verið greidd og samkomulag um eftirstöðvar. Samkvæmt ofanrituðu afsala ég mér því eignarrétti á téðri jörð til handa hr. Helga Erlendssyni á Hlíðarenda, — áðurnefndar landspildur undanteknar."

Kaupgerningur þessi var þinglesinn á manntalsþingi Rangárvallahrepps 12. júlí 1950.

Ekki var stefnanda boðinn kaupréttur að nýju.

Stefndur, Björn Guðmundsson, fluttist frá Rauðnefsstöðum vorið 1947, og hefur jörðin verið í eyði síðan. Hús jarðarinnar voru niður rifin og flutt brott árið 1947 eða 1948, hvort árið fremur er eigi upplýst. Þóttu húsin ganga svo ört úr sér og liggja undir skemmdum.

Árið 1951 hyggst meðstefndur, Helgi Erlendsson, að selja jörðina að undanskildu túni og landspildu utan túns og leitar tilboða um kaupverð. Skýrir Helgi Erlendsson stefnanda frá þessari fyrirætlun sinni í bréfi, dags. 9. nóv. 1951, og upplýsir þar jafnframt um fram komið kaupverðstilboð frá hreppsnefnd Hvolhrepps, að fjárhæð kr. 41.000,00, og býður meðstefndur, Helgi, stefnanda að ganga inn í kaupin. Kaupréttinum afsalaði stefnandi með því skilyrði, að jörðin væri leigð til ábúðar og hið undantekna land væri í eðlilegu sambandi við jörðina. Þegar eftir að Helgi Erlendsson fékk þessa tilkynningu frá stefnanda, tjáði hann stefnanda, að sá hluti jarðarinnar, sem hann hygðist selja, færi eigi til ábúðar. Þessari orðsendingu svarar stefnandi með bréfi, dags. 8. des. 1951, m. a. þannig, að stefnandi mótmæli, að jörðin sé notuð fyrir upprekstrarland óviðkomandi hreppa. Auk þess krefst stefnandi þess, að jörðin verði þegar auglýst til ábúðar. Loks kveðst stefnandi hafa vísan ábúanda, ef til kemur, og krefst þess, að eigandi jarðarinnar, hver sem hann verði, byggi upp hús og mannvirki á jörðinni.

Nú tekur málsefnið aðra stefnu.

Hinn 13. des. 1951 sendi stefndur, Björn Guðmundsson, oddvita Rangárvallahrepps bréf, þar sem hann skýrir oddvitanum frá innihaldi kaupgerningsins frá 30. maí 1947. Úr þessu bréfi kveðst stefnandi fyrst hafa fengið vitneskju um hina breyttu skilmála.

Virðist málið nú kyrrt liggja með aðiljum þar til hinn 8. apríl 1952, að meðstefndur, Helgi Erlendsson, býður stefnanda enn kauprétt að Rauðnefsstöðum að undanskildum áðurnefndum landspildum fyrir kr. 50.000,00, en það tilboð kom frá nokkrum bændum í Fljótshlíðarhreppi. Nú svarar stefnandi því til í bréfi, dags. 16. apr. 1952, að hann hafi ákveðið að höfða mál á hendur stefndum til þess að fá hrundið sölunni frá 30. maí 1947.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hinn 30. maí 1947 hafi stefndur, Björn Guðmundsson, selt meðstefndum, Helga Erlends-

syni, jörðina með allt öðrum og vægari kjörum en í kaupréttartilboðinu til stefnanda fólst í febrúarmánuði. Hafi salan þannig verið algerlega í blóra við kauprétt stefnanda. Stefnandi hafi verið grandalaus um hin breyttu samningskjör, þar til er bréf stefnds, Björns Guðmundssonar, dags. 13. des. 1951, barst stefnanda í hendur. Þá hafi stefnandi hafizt handa í tæka tíð um riftun sölunnar. Hins vegar nái krafan um riftun eigi til húsa né girðinga, þar eð hvort tveggja hafi verið flutt brott af jörðinni og eigi lengur til að dreifa.

Stefndir halda því hins vegar fram, að breyting sú, sem átti sér stað 30. maí 1947 á skilmálum, væri þess eðlis, að full heimild hefði verið til án framboðs á kauprétti til handa stefnanda. Um kaupverðseftirgjöf væri ekki að ræða, eða að minnsta kosti væri ekkert um það vitað, fyrr en frá samningsbundnu mati hefði verið gengið. Væri einvörðungu um veitingu frests á kaupverðsgreiðslu að tefla og veitt, þar eð hin selda jörð varð fyrir verulegu áfalli. Þessi hlunnindi væru svo bundin persónulega við meðstefndan, Helga Erlendsson, að stefnandi gæti engan veginn notfært sér þau gegn andmælum stefnds, Björns Guðmundssonar. Þessi sérstaklegu kjör væru því alls ekki brot á ákvæðum laga um kauprétt. Enn fremur halda stefndir því fram, að stefnandi hafi staðfest söluna frá 30. maí með því að viðurkenna eignarhald meðstefnds, Helga, á jörðinni við innheimtu ýmissa skatta af fasteigninni og einnig með því að afsala sér síðar kaupréttí.

Telja verður, að kaup um jörðina Rauðnefsstaði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum fyrir kr. 36.000,00, að frádregnum byggingarstyrk kr. 1.200,00, hafi verið fullráðin með hinum stefndu, þegar eftir að stefnandi hafði afsalað sér kauprétti í febrúarmánuði, án þess að nánar væri hugað að greiðsluskilmálum. Stefnandi heldur því fram, að meðstefndur, Helgi, hafi haft á orði, að hann tæki jörðina til ábúðar, og þess vegna hafi stefnandi eigi sinnt kaupréttinum. Þessu atriði hefur Helgi mótmælt, slíka yfirlýsingu hafi hann enga gefið. Verður staðhæfing stefnanda því að teljast ósönnuð.

Nú er stefndir gera með sér skriflegan kaupgerning 30. maí 1947, kemur að því, eftir að kaupverð húsa og annarra mannvirkja er ákveðið kr. 21.000,00, sem greiða skyldi að mestu strax, að greiðslufrestur er veittur meðstefndum, Helga, á kaupverði jarðar, og enn fremur er kaupverð hennar eigi endanlega ákveðið, heldur skuli það greitt eftir mati óvilhallra manna að 10 árum liðnum. Orsökin til þessara greiðsluskilmála virðist vera sú, að stefndur, Björn Guðmundsson, hyggur og hefur ástæðu til að ætla, að meðstefndur, Helgi Erlendsson, bíði vegna kaupanna nokkurt tjón, sem ekki er þó séð fyrir, hvert verður, og býður því að greiða fyrir honum um greiðslukjör. Þessa skilmála, sem þannig eru til komnir, eftir að stefnandi hafði nokkru áður hafnað kauprétti án þess að ræða nánar greiðsluskilmála, verður að telja byggjast svo einvörðungu á persónulegu

vináttusambandi hinna stefndu, að stefnandi geti alls ekki orðið þeirra aðnjótandi gegn mótmælum stefnds, Björns Guðmundssonar.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að kaupgerningurinn frá 30. maí 1947 brjóti ekki í bága við ákvæði laga um kauprétt, nr. 40/1948, 2. gr., samanber áður 2. gr. l. nr. 55/1926, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir málavöxtum, að málskostnaður falli niður, en talsmanni stefnanda ber að greiða úr ríkissjóði málflutningslaun, þar á meðal dagpeninga og ferðakostnað, sem hæfilega má telja ákveðin kr. 2.500,00.

Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna anna við embættið.

Dómsorð:

Stefndir, Björn Guðmundsson og Helgi Erlendsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Rangárvallahrepps, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 2.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 47/1953. **Elín Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Arnari Jónssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Synjað um innheimtulaun af meðlagseyri.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1953. Krefst hún þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir hann að framkvæma lögtak fyrir kr. 153,00. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Áfrýjun máls þessa var algerlega ófyrirsynju, og stofnaði málflutningsmaður áfrýjanda hagsmunum umbjóðanda síns í hættu með henni. Þrátt fyrir þetta og þar sem stefndi hefur ekki neytt heimildar 182. gr. laga nr. 85/1936 til að krefja málflutningsmann áfrýjanda persónulega um málskostnað, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 800,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elín Jónsson, greiði stefnda, Arnari Jónssyni, kr. 800,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. marz 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 24. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Elín Jónsson, krafizt þess, að gert verði lögtak hjá Arnari Jónssyni, Hagamel 22 hér í bæ, til tryggingar skuld, samtals að fjárhæð kr. 959,72, innheimtulaunum samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. svo og málskostnaði að skaðlausu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 9. október 1951 með þeim skilmálum m. a., að maðurinn greiddi konunni kr. 500,00 á mánuði í meðlag með barni þeirra til fullnaðs 16 ára aldurs og með henni sjálfri kr. 500,00 á mánuði, meðan skilnaður að borði og sæng stæði. Leyfisbréf til algers skilnaðar þeirra var gefið út 27. október 1952, og var í því ákveðin sama meðlagsgreiðsla með barninu og áður, en meðlag með konunni sjálfri féll niður.

Aðiljum kemur saman um, að gerðarþoli hafi innt greiðslur þessar af höndum með beztu skilum í skrifstofu umboðsmanns gerðarbeiðanda fyrsta eða fyrstu daga hvers mánaðar allt frá upphafi og þar til í október sl., en þá kveðst gerðarþoli hafa falið nafngreindum lögfræðingi hér í bæ að annast greiðslu fyrir sig og segist hafa afhent honum peninga í því skyni í tæka tíð. Síðar í mánuðinum

kveðst gerðarþoli, er hann komst að raun um, að lögfræðingurinn hafði látið undan fallast að inna umrædda greiðslu af höndum, hafa farið í skrifstofu umboðsmanns gerðarbeiðanda og boðizt til að greiða meðlagið, en viðtöku þess hafi verið synjað nema því aðeins, að hann greiddi innheimtulaun.

Hinn 29. október sl. afhenti gerðarþoli til flutnings í pósthúsinu hér í bæ póstávísun, að fjárhæð kr. 500,00, til greiðslu á októbermeðlaginu, og hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda viðurkennt að hafa fengið þá upphæð í hendur 31. s. m. Þessari greiðsluaðferð hélt hann síðan áfram og sendi umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 1.000,00 í póstávísun 3. des. 1952 og loks kr. 500,00 til greiðslu á meðlagi fyrir janúar sl. á sama hátt 31. s. m., en þá ávísun fékk hann endursenda.

Hinn 7. jan. sl. sneri umboðsmaður gerðarbeiðanda sér til fógeta og fékk kveðinn upp lögtaksúrskurð fyrir meðlagi fyrir janúar 1953, kr. 500,00, og eftirstöðvum meðlags fyrir mánuðina október—desember 1952 incl., kr. 527,11. Í lögtaksbeiðni óskar hann þó ekki lögtaks nema fyrir kr. 433,36 að viðbættu janúarmeðlaginu, auk kostnaðar af birtingu lögtaksúrskurðarins, og virðist því hafa í upphafi ofreiknað kröfu sína sem þessum mismun nemur. Þrátt fyrir orðalag nefnds úrskurðar kemur það fram í skjölum málsins, enda viðurkennt við munnlegan flutning þess, að síðastnefnd upphæð er ekki eftirstöðvar meðlags, heldur sumpart innheimtulaun til umboðsmanns gerðarbeiðanda, eða kr. 375,00, og sumpart útlagður kostnaður vegna lögtaksúrskurða, sem umboðsmaðurinn fékk upp kveðna og lét birta gerðarþola 24. október og 11. desember sl., eða kr. 58,36.

Undir rekstri málsins hinn 27. febr. sl. bauð gerðarþoli fram að nýju greiðslu þá, er hann hafði áður reynt að koma til skila í póstávísuninni 31. des. sl., og lýsti þá jafnframt yfir því, þegar umboðsmaður gerðarbeiðanda synjaði viðtöku, að hann væri reiðubúinn til að greiða meðlag þetta, þegar gerðarbeiðanda hentaði að taka við því.

Þegar litið er á háttsemi umboðsmanns gerðarbeiðanda gagnvart greiðslutilraunum gerðarþola, virðist ekki, með hliðsjón af síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885, vera efni til að leyfa lögtak til tryggingar ofangreindu janúarmeðlagi.

Eins og lýst er hér að framan, innti gerðarþoli ekki af höndum meðlagsgreiðslu fyrir október sl. fyrr en í lok þess mánaðar og meðlag fyrir nóvember ekki fyrr en í byrjun desember. Um vanskil á meðlagsgreiðslu fyrir desembermánuð virðist hins vegar naumast vera að ræða, né heldur sýnist greiðsludráttur sá, sem orðið hefur á greiðslu janúarmeðlagsins, verða talinn gerðarþola vítaverður, þar sem hann virðist hafa haft ástæðu til að ætla, að umboðsmaður gerðarbeiðanda hefði ekkert við greiðsluaðferð hans að athuga vegna viðtöku hans á undanfarandi greiðslum. Krafa umboðsmanns

gerðarbeiðanda um lögtak til tryggingar innheimtulaunum sér til handa virðist vera reist á vanskilum þeim, sem nú var lýst, og ber því að athuga, hvort eða að hve miklu leyti hún hefur við rök að styðjast.

Í lögum nr. 29/1885, 6. gr., er þeim, sem framfærslueyri á að heimta samkv. yfirvaldsúrskurði, veittur réttur til þess að snúa sér beint til fógeta með slíkar kröfur, og er fógeta skylt að annast innheimtuna án frekari atbeina lögtaksbeiðanda, og í 7. gr. sömu laga segir, að lögtakið nái auk aðalkröfunnar til alls kostnaðar, sem leiði af gerðinni, geymslu og sölu hinna lögteknu muna.

Eftir orðanna hljóðan virðast ákvæði 7. gr. ekki eiga við annan kostnað en þann, sem leiðir óhjákvæmilega af lögtaki fyrir slíkum kröfum, og með hliðsjón af því, sem segir í 6. gr., verða innheimtulaun til málflutningsmanns ekki talin þar með.

Samkv. þessu er ekki unnt að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, að því er varðar áðurgreindar kr. 375,00.

Það leiðir af því, sem að framan er rakið, að ekki verður litið svo á, að gerðarbeiðandi hafi átt nokkra þá kröfu á gerðarþola, er gæfi tilefni til lögtaksúrskurðar eða birtingar hans, þegar umboðsmaður hans lét birta gerðarþola úrskurðinn 11. des. sl., og með tilliti til þess, að greiðsla á janúarmeðlaginu var umboðsmanninum til reiðu, áður en hann lét birta lögtaksúrskurðinn 8. jan. sl., þykir ekki vera ástæða til að leyfa lögtak til tryggingar á kostnaði þeim, er á hefur fallið vegna birtinga þessara. Vanskil gerðarþola á meðlagsgreiðslunni fyrir októbermánuð sl. valda því hins vegar, að honum ber að greiða kostnað vegna birtingar úrskurðarins 24. október, og ber að leyfa lögtak til tryggingar honum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að lögtak skal fara fram til tryggingar kr. 28,00. Þá þykir rétt, að lögtakið nái enn fremur til þóknunar umboðsmanns gerðarbeiðanda vegna fyrirhafnar hans við mál þetta, og telst hún eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 300,00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til tryggingar kr. 328,00.

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 48/1953. **Elín Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Arnari Jónssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um greiðslu innheimtulauna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1953. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 2.813,19 með 6% ársvöxtum af kr. 44.763,92 frá 24. desember 1951 til 7. janúar 1952 og af kr. 2.813,19 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa málsaðiljar gefið skýrslur fyrir dómi, en þær skýrslur breyta engu um þau málsatriði, sem héraðsdómur er reistur á.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sem hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Málflutningsmanni áfrýjanda var ekki rétt að halda eftir kr. 2.813,19 sem innheimtulaunum til sín, er stefndi greiddi honum hinn 7. janúar 1952 búshluta áfrýjanda, kr. 44.763,92, og hann stefndi síðan hagsmunum umbjóðanda síns í hættu með því að standa að málssókn áfrýjanda til heimtu á nefndum kr. 2.813,19. Þrátt fyrir þetta og þar sem stefndi hefur ekki neytt heimildar 182. gr. laga nr. 85/1936 til að krefja málflutningsmann áfrýjanda persónulega um málskostnað, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elín Jónsson, greiði stefnda, Arnari Jóns-

syni, kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febr. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Elín Jónsson hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. janúar 1952, gegn Arnari Jónssyni matsveini, Snorrabraut 34 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2.813,19, með 6% ársvöxtum af kr. 44.763,92 frá 24. desember 1951 til 7. janúar 1952 og af kr. 2.813,19 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar málsins voru í hjónabandi, en skildu að borði og sæng hinn 9. okt. 1951, að því er stefnandi hermir. Þá var eigi lokið skiptum á félagsbúi þeirra, en skipti hófust með uppskrift 25. sept. 1951 eftir beiðni, dags. 19. s. m. Eftir að skilnaðarleyfi var veitt, fengu aðiljar búið framselt til einkaskipta. Í byrjun desember s. á. samdi fulltrúi lögmanns stefnda, Ólafur Sv. Björnsson hdl., skuldalista og höfuðstólsreikning, er hann sendi lögmanni stefnanda, Magnúsi Thorlacius hrl. Voru skjöl þessi samin á þeim grundvelli, að fasteign búsins skyldi talin með kaupverði kr. 115.000,00, en lausafé með matsverði við uppskrift kr. 36.200,00. Skuldir voru taldar kr. 45.352,16. Varð búshluti hvors aðilja því kr. 52.923,92. Gert var ráð fyrir samkomulagi um, að stefndi fengi fasteignina og lausafé fyrir kr. 23.040,00, en stefnandi lausafé fyrir kr. 13.160,00, og að stefndi greiddi mismuninn, kr. 39.763,92. Stefnandi vildi ekki sætta sig við skuldir þær, er taldar voru á listanum, og varð það úr, að þær voru lækkaðar um kr. 10.000,00. Hækkaði búshlutur stefnanda því um kr. 5.000,00 og mismunur sá, er stefndi skyldi greiða henni, í kr. 44.763,92. Lögmaður hennar skýrir svo frá fyrir dómi, að fyrrnefndur fulltrúi hafi lofað því fyrir hönd stefnda, að greiðsla skyldi fram fara hinn 24. desember 1951. Er það brást, átti hann tal við fulltrúann, er taldi víst, að greiðsla mundi berast þegar eftir jól. Á gamlaársdag hafði greiðsla enn eigi farið fram, og ritaði lögmaður stefnanda þá kröfubréf til stefnda og setti honum frest til 5. jan. 1952. Kveðst hann hafa ritað bréf þetta í samráði við fulltrúann, er hafi talið, að stefndi mundi frekar standa við samkomulagið um skiptin, ef hann sæi, að alvara væri á ferðum. Engin greiðsla barst á hinum tilsetta tíma, en hins vegar kom fulltrúinn þá með samningsuppkast, miðað við, að greiðsla færi fram 20. janúar, en því hafnaði lögmaður stefnanda og lét þá rita og birta sáttakæru hinn 5. janúar, og skyldi sáttafundur vera 7. s. m. Þann dag voru greiddar til skrifstofu hans kr. 44.763,92, er gjaldkeri hans kvittaði fyrir með fyrirvara sem greiðslu upp í kröfu

stefnanda. Af fé þessu reiknaði lögmaður stefnanda sér kr. 2.813,19 í innheimtulaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Er mál þetta því höfðað gegn stefnda til greiðslu þessarar fjárhæðar.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum, að samningum um búskiptin hafi ekki verið lokið fyrr en eftir áramót 1951—1952 og hafi því ekkert samkomulag verið á komið, er fyrrgreind kröfubréf og sáttakæra voru rituð. Áðurnefndur fulltrúi hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt svo frá málavöxtum, að lögmaður stefnanda hafi sett það sem skilyrði fyrir samkomulagi um búskiptin, að greiðsla til hennar færi fram fyrir jól, en fulltrúinn kveðst þá hafa sagt, að það kæmi ekki til greina og að hann væri þeirrar skoðunar, að samkomulag væri ekki komið á. Milli jóla og nýárs kveðst hann hafa átt tal við lögmann stefnanda og tjáð honum, að erfiðlega gengi að fá stefnda til að fallast á samkomulag og að gott væri, að lögmaðurinn ýtti við stefnda, en eigi hafi hann nefnt neitt um kröfubréf. Hinn 5. janúar hafi hann komið með samningsuppkast til lögmanns stefnanda og farið fram á, að stefnandi samþykkti það og undirritaði, en í því var miðað við það, að greiðslu á búshluta stefnanda yrði að fullu lokið 20. s. m. Hafi lögmaðurinn talið sennilegt, að þetta yrði ekki samþykkt, en talið sig þurfa að ræða það við stefnanda, en svar hafi ekki borizt annað en það, að sáttakæran var birt sama dag.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru á því byggðar, að samkomulag um búskiptin hafi verið á komið og búshluti hennar því gjaldkræfur, er hún lét lögmann sinn hefjast handa um innheimtu hans. Gegn þeim mótmælum af hálfu stefnda, sem þegar hafa verið rakin, þykir henni ekki hafa tekizt að færa nægar sönnur á það, að svo hafi verið, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Arnar Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elínar Jónsson, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 165/1952. **Magnús Jósepsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Finni Þorsteinssyni (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson og samdómendur hans, Geir Sigurðsson og Jóhannes Benediktsson, hafa kveðið upp héraðsdóm í máli þessu.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1952 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. nóvember 1952. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að eðlilegast sé að skýra ákvæði engjaskiptabréfsins frá 1866 á þá leið, að þrætulandið í máli þessu hafi þá orðið eign Ytri-Hrafnabjarga. Hörðudalsá ræður merkjum Hrafnabjargajarðanna á einn veg, en bréfið greinir, að merki milli engjanna skuli vera sjónhending úr svonefndum Ytrihólma í Veitusíkinu í Skógarmannsgil. Gil þetta er að vísu handan árinnar, en ekkert kennileiti, sem merkjum eigi að ráða, er nefnt á leiðinni frá nefndum Ytrihólma til árinnar. Ekki er þess heldur getið, að neitt sameiginlegt beitiland jarðanna sé þarna undan skilið, hvorugum megin merkjanna, en talið er, að eignarland Fremri-Hrafnabjarga sunnan merkjanna nái alla leið að Hörðudalsá. Þessi skýring á ákvæðum bréfsins leiðir til þess, að sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu aðaláfrýjanda um, að þrætulandið sé sameiginlegt beitiland jarðanna, hvílir á honum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa mörg vitni borið vætti í máli þessu, og málsaðiljar hafa einnig komið af nýju fyrir dóm og gefið skýrslur. Hefur einkum verið leitazt við að leiða í ljós, hvort búpeningi frá Fremri-Hrafnabjörgum hafi verið beitt á þrætulandið, svonefndan Hrossabakka, eða hann gengið þangað til beitar, áður en gagnáfrýjandi setti þar girðingu meðfram veginum árið 1949. Mörg vitni hafa borið, að á ýmsum tímum fram að því ári hafi kýr og hestar frá Fremri-Hrafnabjörgum oft verið á beit á Hrossabakka, og sum vitnin kveðast vita til þess, að stórgripir frá Fremri-Hrafnabjörgum hafi stundum verið reknir þangað. Hins vegar hafa allmörg vitni, sem einnig höfðu á ýmsum tímum aðstöðu til að fylgjast með þessum málum, skýrt svo frá, að þau hafi aldrei orðið þess vör, að kýr eða hestar frá Fremri-Hrafnabjörgum væru rekin á Hrossabakka, enda hafi verið venja að reka gripina á beit á aðra staði. Þó hafi oft komið fyrir, að búpeningur rásaði á Hrossabakkann, þar á meðal kýr og hestar frá Fremri-Hrafnabjörgum. Eru vitnaskýrslur um þetta atriði svo sundurleitar og andstæðar sín á milli, að ekki þykir verða dregin af þeim örugg ályktun um beitarrétt á þrætulandinu til handa Fremri-Hrafnabjörgum.

Þá er og á það að líta, að gagnáfrýjandi hefur um margra ára bil, eða frá árinu 1929, að því er virðist, unnið að nýrækt á þrætulandinu, án þess að aðaláfrýjandi hafi haft uppi mótmæli gegn því, svo að sannað sé, fyrr en í þessu máli. Var honum þó sérstaklega þörf á að hreyfa andmælum gegn framkvæmdum þessum, þar sem þrætulandið er lítið og tiltölulega stór hluti þess hefur verið brotinn til ræktunar.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 2.000,00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Magnús Jósepsson, greiði gagnáfrýj-

anda, Finni Þorsteinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Dalasýslu 22. september 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., er risið út af ágreiningi um eignar- og nytjarétt landspildu, sem nefnd er Hrossabakki og er á flatlendinu milli Hrafnabjarga og Hörðudalsár.

Hefur sóknaraðili, Magnús Jósepsson, eigandi og ábúandi Fremri-Hrafnabjarga, gert þær réttarkröfur, að landspildan Hrossabakki verði með landamerkjadómi viðurkennd óskipt beitiland jarðanna Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga og sameign þeirra.

Varnaraðili, Finnur Þorsteinsson, eigandi og ábúandi Ytri-Hrafnabjarga, gerir hins vegar þær réttarkröfur, að sá hluti Hrossabakka, sem er norðan engjamarkagirðingar þeirrar, er stefnir í Skógarmannsgil, verði viðurkenndur óskoruð eign Ytri-Hrafnabjarga.

Auk þessa hafa báðir aðiljar gert málskostnaðarkröfur.

Engin þinglesin skrá er til um merkin milli jarða þessara, enda beitiland óskipt. Í máli þessu hefur varnaraðili lagt fram dómskj. nr. 3, engjaskiptagerning milli téðra jarða frá 2. júlí 1866, og hefur honum ekki verið mótmælt.

Fyrir merkjadóminum liggur uppdráttur yfir þrætusvæðið eftir mælingu í október 1951, er umboðsmenn aðilja hafa látið gera, dskj. 19, ásamt skýringum yfir hann á dómskjali 22 og 23.

Dómendur ásamt málsaðiljum hafa, eins og bókun málsins ber með sér, tvívegis gengið á þrætusvæðið, — þangað hafa og komið öll þau vitni, er mætt hafa, áður en þau staðfestu vitnisburð sinn, — og hafa athugað svæði þetta og umhverfi eftir föngum.

Sóknaraðili heldur því fram, að við engjaskiptin 1866 hafi Hrossabakki ekki verið talinn með í skiptunum, hann hafi jafnan verið óskipt beitiland beggja jarðanna, og leggur fram vottorð um það atriði. Vottorðin dskj. 6 og 7 hafa ekki verið staðfest og dskj. 6 verið mótmælt sem vilhöllu. Vottorð á dskj. 8—11 telja Hrossabakka hafa verið notaðan til beitar frá báðum bæjunum og einnig dskj. 25. Aftur á móti hafa verið staðfest í dóminum tvö vottorð um, að slegið hafi verið á Hrossabakka frá Ytri-Hrafnabjörgum. Öllum þessum vottorðum hefur verið mótmælt í réttinum.

Fæstir af vottorðsgefendum virðast hafa verið heimilismenn á Hrafnabjargabæjunum. Vottorðið um hestabeit Gests í Tungu á Hrossabakka, dskj. 6, sannar ekki neitt um beitarréttindi, því að þar gat komið til leyfi frá ábúanda Ytri-Hrafnabjarga.

Varnaraðili telur girðingar, er hann hefur lagt eftir Hrossabakka, styðja þá staðhæfingu, að Ytri-Hrafnabjörg ættu ein Hrossabakka norðan markagirðingar, og eins markagirðingu þá, er Fremri-Hrafna-

bjargamenn létu gera í beinu framhaldi af girðingu hans. En sóknaraðili segir, að þessi engjagirðing Fremri-Hrafnabjarga hafi verið lögð til að verjast ágangi búfjár frá hinu óskipta beitilandi.

Varnaraðili segir, að þar sem sóknaraðili telji allt land sunnan markagirðingar óskoraða eign Fremri-Hrafnabjarga, — en því hafi ekki verið hrundið, að hluti Hrossabakka nái suður fyrir girðinguna, — þá beri það ekki heim við þann kost, er hann vilji láta Ytri-Hrafnabjörg hlíta, að Hrossabakki þeirra megin sé óskipt beitiland.

Þá telur varnaraðili, að ræktun sú, er hann hefur gert á Hrossabakka óátalið, sanni fullan eignarrétt Ytri-Hrafnabjarga á þrætulandinu og með þeim framkvæmdum hafi hann hefðað sér hið ræktaða land, ef ekki hefði áður verið fullkomin eign Ytri-Hrafnabjarga.

Sóknaraðili segir ræktunarframkvæmdunum hafa verið mótmælt af eigendum Fremri-Hrafnabjarga og hefð geti ekki þarna komið til mála.

Dómurinn athugaði staðhætti í námunda við þrætulandið með tilliti til engjaskiptagerningsins frá 1866, og virðist honum, að þá hafi verið skipt milli jarðanna öllu flatlendi innan þeirra landamerkja neðan frá Hörðudalsá og upp undir túnin og börðin út frá Ytri-Hrafnabjörgum, frá Seljalandsbakka (en þar eru innri takmörk landareignanna) og niður fyrir Fjórðunga, þar sem flatlendið þrýtur. Þó er mýrarröndum niður frá túnunum ekki skipt í gerningnum, en þær skiptast eftir túnmörkunum. Þá verður þarna á engjunum miðjum Hrossabakki, — ef ekki væri úrskiptur, — sem beitiland fyrir búpening beggja bæjanna, er gæti dreift sér þaðan yfir engjalöndin út frá honum. Hrossabakkinn, — það landsvæði, sem er óumþrætt, að beri það nafn, — mun nú 3—4 hektarar, og verður það að teljast frekar óeðlilegt að skilja eftir við skipti flatlendisins slíkan smáblett, sem orðið gæti uppspretta margs konar deilna um búfjárágang. Þótt Hrossabakkinn sé þýfður og seinsleginn, mundi hann víða vera talinn nothæft slægjuland, en þarna eru ágæt engjalönd og hann því minna notaður til heyskapar. Orðalag gerningsins virðist benda frekar á, að ekki hafi verið beitiland á því svæði, er hann nefnir Framengjar, sem er flatlendið sunnan Grundarengja, — því að þegar hann er búinn að segja, hvernig skiptilínan liggur, segir þar: „var þannig engjum þessum skipt í tvo hluti, og hlutu Fremri-Hrafnabjörg fremri part engjanna". Af þessum ástæðum þykir líklegra, að Hrossabakkinn hafi ekki verið undanskilinn við engjaskiptinguna 1866.

Í vottorði á dskj. 24 og 26, er sóknaraðili hefur lagt fram, segir, að áður fyrr hafi jafnan verið slegin mön á sumrum frá svonefndu Veitusíki og alla leið niður á bakka Hörðudalsár til að fyrirbyggja, að annar bóndinn gæti slegið upp á hinn, og staðfestir varnaraðili þessa frásögn. Slíkur manarsláttur virðist ekki hafa verið nauðsynlegur óslitið niður á árbakka, ef Hrossabakkinn var óskipt beiti-

land, eins og sóknaraðili neldur fram. Þess skal getið, að svo virðist sem mjög svipað land sé báðum megin nefndrar merkjagirðingar, þegar kemur vestur fyrir lautardrag það, sem talið er, að takmarki Hrossabakka að austanverðu.

Samkvæmt dómskjali 33 og 34 hafa eigendur og ábúendur bæði Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga gefið þá yfirlýsingu við fasteignamatsgerð árið 1940, að landamerki jarðanna séu ágreiningslaus. Samkvæmt réttarskjölunum kemur aðiljum ekki saman um, hvenær girðingarframkvæmdir og ræktunarframkvæmdir hafi fyrst verið hafnar á Hrossabakka. Telur sóknaraðili, að þær hafi ekki verið hafnar eins snemma og varnaraðili heldur fram. Þó hefur sóknaraðili ekki neitað því, að framkvæmdir þessar hafi verið hafnar fyrir árið 1940 og að þar á meðal hafi verið komin girðing sú, er samkvæmt réttarskjali 19 skiptir landspildu þeirri, er óumþrætt ber nafnið Hrossabakki, því sem næst til helminga. Verður því að líta svo á, að ef eigendur og ábúendur Fremri-Hrafnabjarga hefðu talið Hrossabakka þá vera sameignarbeitiland beggja bæjanna, mundu þeir sízt af öllu hafa lýst yfir því við opinbera nefnd, að enginn ágreiningur væri um landamerki jarðanna.

Samkvæmt framansögðu og að athuguðum öllum staðháttum á þrætusvæðinu og nágrenni þess virðist varnaraðili hafa veigameiri rök fyrir sínum málstað. Lítur því dómurinn svo á, að hinn umdeildi Hrossabakki sé ekki sameignarbeitiland beggja jarðanna, en verði að teljast eign Ytri-Hrafnabjarga.

Rétt þykir eftir þessum úrslitum, að borgun til dómenda, sem sé kr. 770,00 til sýslumanns Þorsteins Þorsteinssonar, kr. 870,00 til dómarans Jóhannesar Benediktssonar og kr. 1010,00 til dómarans Geirs Sigurðssonar, samtals kr. 2.650,00, greiðist af sóknaraðilja, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hið umdeilda land, Hrossabakki, norðan merkjagirðingar þeirrar, er liggur úr Veitusíki niður á bakka Hörðudalsár sjónhending í Skógarmannsgil, þar sem það kemur í ána, verði talið óskoruð eign Ytri-Hrafnabjarga. Borgun til dómenda, samtals kr. 2.650,00 greiði sækjandi, Magnús Jósepsson, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 36/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Eiganda v/s Fells, R. E. 38
(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1952, gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 96.500,00 eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, eiganda v/s Fells, R.E. 38, kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. desember 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri höfðað fyrir hönd Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Faxaborgar fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 21. júní 1950, gegn eiganda v/s Fells, R.E. 38, Sigurjóni Sigurðssyni framkvæmdastjóra, og vátryggjanda skipsins, Almennum tryggingum h/f, báðum hér í bænum, til greiðslu björgunarlauna, *aðallega* að fjárhæð kr. 165.000,00, en *til vara* að fjárhæð kr. 96.500,00, auk 6% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd verður, frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins,

þar með talinn kostnaður við undir- og yfirmat, kr. 3.478,00.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum á hendur vátryggjanda nema um réttargæzlu, og ekki hefur vátryggjandi gert neinar kröfur á hendur stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda sem allt of háum og krafizt þess, að honum verði aðeins gert að greiða hæfilega fjárhæð eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 28. febr. 1949, kl. 20.05, hélt v/s Fell, R. E. 38, eign stefnda, Sigurjóns, af stað frá Reykjavík til Akraness. Stýrt var eftir landsýn og vitum. Þegar skipið nálgaðist Akranes, var stefnt á Akranessvitann hvítan og dýptarmælir hafður í gangi. Skipstjóri skipsins var á stjórnpalli og stjórnaði siglingu þess. Siglt var með fullri ferð, 8—9 sjómílur miðað við klukkustund. Þegar skipið kom inn í hvíta geislann frá innsiglingarvitanum, sneri skipstjóri sér við í brúnni og athugaði dálitla stund sjóuppdrátt af þessu svæði. Að athugun þessari lokinni leit hann út um glugga stjórnpallsins og sá þá, að skipið var komið inn í rauða geislann frá innsiglingarvitanum. Var dýpið þá mælt og reyndist 5 faðmar. Samtímis lét skipstjóri leggja stýrið hart til stjórnborða, en það reyndist óvirkt. Var vél skipsins þá sett á fulla ferð aftur á bak, en þar sem talsverður skriður var á skipinu, var það seinvirkt aftur á og sótti heldur til bakborða. Örlitlu síðar tók skipið niðri á svonefndri Flös og stóð þar fast. Var klukkan þá 21.50. Við athugun á stýrinu kom í ljós, að ró á endabolta í stýriskeðju hafði losnað og endaboltinn dregizt úr stýriskeðjunni. Orsakaði þetta, að stýrið var óvirkt. Er skipið strandaði, var logn, ládauður sjór og rúmlega hálffallið út. Féll sjór smám saman undan skipinu aftur fyrir miðju. Um klukkan 23.30 náði skipstjóri um talstöð skipsins sambandi við varðskipið Faxaborg, er þá var að draga vélbát til Keflavíkur, og bað um hjálp. Klukkan 0.10 þriðjudaginn 1. marz hélt v/s Faxaborg frá Keflavík áleiðis á strandstaðinn, kom þangað kl. 2.50 og lagðist fyrir akkeri eins nálægt hinu strandaða skipi og unnt var. Var síðan settur út bátur frá Faxaborg og 3½" dráttarvír festur í v/s Fell að aftan. Þessu var lokið kl. 3.40, og var hið strandaða skip þá farið að láta illa á strandstaðnum. Togaði nú v/s Faxaborg í dráttarvírinn með hálfri og síðar fullri ferð, en án árangurs. Kl. 4 slokknuðu öll ljós í v/s Felli, og skipshöfn þess yfirgaf það í björgunarbátnum, er orðinn var talsvert laskaður, þar sem hann hafði slegizt í skipshliðina. Björgunarbátur frá v/s Faxaborg var sendur til móts við skipbrotsmenn þeim til aðstoðar, og voru þeir teknir upp í varðskipið. Meðan þessu fór fram, var hætt að toga í v/s Fell. Um það leyti, er skipshöfn Fells yfirgaf skipið, var vél þess orðin óvirk, þar eð sjór hafði komizt í olíuna. Þá var og kominn ANA-vindur, um 3 vindstig, og dálítil suðvestanalda. Er skipshöfn Fells var komin upp í Faxaborg, hóf það skip að nýju að toga í hið strandaða skip

með fullri ferð og rykkjum, og losnaði það af grunni kl. 5.10. Dró Faxaborg skipið síðan frá grunninu og lagðist fyrir akkeri. Því næst fór skipshöfn Fells yfir í það aftur, og var þá athugað, hvort leki hefði komizt að skipinu. Kom í ljós, að sjór var í stafnhylki og lítils háttar í vélarrúmi, en enginn sjór virtist í lestum. Síðan var dráttartaug fest í stefni skipsins, og hélt Faxaborg af stað með það í eftirdragi áleiðis til Reykjavíkur kl. 6.15. Skipshöfn Fells var kyrr í skipinu, en henni var lánaður björgunarbátur Faxaborgar til öryggis. Drátturinn til Reykjavíkur gekk vel. Var hingað komið kl. 8.30, og skilaði Faxaborg skipinu á innri höfninni hér, en þar tók hafnsögubátur við því. V/s Fell var síðan tekið í dráttarbraut h/f Bátanausts hér í bæ til athugunar. Kom þá í ljós, að skipið hafði laskazt mjög við strandið. Samkvæmt matsgerð þriggja yfirmatsmanna, dags. 19. apríl 1949, mátu yfirmatsmennirnir skipið viðgert á kr. 514.000,00 og kostnað við viðgerð þess kr. 510.000,00. Hins vegar mátu matsmennirnir skipið til niðurrifs, eins og það stóð á dráttarbrautinni með öllum vélum og tækjum, á kr. 60.000,00. Í skipinu hafði verið, er það strandaði, nokkuð af vistum og 57.860 kg af fiski. Við yfirmatið voru vistirnar metnar á kr. 1.800,00 og fiskurinn á kr. 34.716,00. Skipið var vátryggt fyrir kr. 600.000,00 (kaskó), er það strandaði, og farmur fyrir kr. 260.000,00. Var vátryggingarverð farmsins miðað við, að skipið væri með fullfermi af fiski í söluferð til Englands. Bráðabirgðaviðgerð fór fram á skipinu hér á landi. Var skipinu síðan siglt til Englands og gert að fullu við það þar og það flokkað af nýju.

Kröfur sínar reisir stefnandi á því, að um hreina björgun hafi verið að ræða. Þá hafi viðgerð skipsins kostað mun minna en yfirmatsmennirnir hafi áætlað og hafi því hin björguðu verðmæti numið mun meira en fram hafi komið í yfirmatsgerðinni. Stefndi hefur mótmælt því, að kostnaður við viðgerð skipsins hafi orðið lægri en metið var í yfirmatinu. Heldur hann því fram, að viðgerðarkostnaðurinn hafi numið rúmlega kr. 550.000,00, og hefur boðið stefnanda að athuga viðgerðarreikningana til þess að ganga úr skugga um þetta atriði. Telur stefndi, að um verðmæti hinna björguðu hagsmuna eigi að fara eftir yfirmatinu og geti þá hæfileg greiðsla fyrir hjálp v/s Faxaborgar ekki farið fram úr kr. 25.000,00.

Fallast verður á það hjá stefnanda, að um ótvíræða björgun hafi verið að ræða, enda er það ekki vefengt af stefnda. Samkvæmt áðurgreindri yfirmatsgerð nam verðmæti hagsmuna þeirra, sem bjargað var, samtals kr. 96.516,00. Ber að leggja þá fjárhæð til grundvallar við ákvörðun björgunarlauna til stefnanda.

Að þessu athuguðu og þegar virt eru öll málsatvik, sem rakin hafa verið nákvæmlega hér að framan, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 35.000,00. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 6.500,00, og er þar með talinn matskostnaður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingja.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurjón Sigurðsson, eigandi v/s Fells, R.E. 38, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Faxaborgar, kr. 35.000,00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1950 til greiðsludags og kr. 6.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 7/1952. **Gunnar Egilsson og Sigríður Egilsson**
gegn
Herði G. Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar Egilsson og Sigríður Egilsson, er eigi láta sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 146/1953. **Steindór Jónsson**
gegn
Lárusi Óskarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steindór Jónsson, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 165/1953. **Borgarfell h/f**
gegn
Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Borgarfell h/f, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 120/1950. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Aroni Guðbrandssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Deila um læsingu á hliði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1953. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda svo og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Vegur sá, sem í málinu greinir, var með samkomulagi stefnda og eiganda Mógilsár að nokkru lagður gegnum tún eða túnstæði jarðarinnar. Eðlilegasta skýring á samkomulagi þessu verður að teljast sú, að stefndi hafi einkaafnot vegar þessa að öðru leyti en því, að ábúandi megi hafa, stefnda að skaðlausu, nauðsynleg afnot af veginum vegna landsnytjanna.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Erlendsson, greiði stefnda, Aroni Guðbrandssyni, kr. 500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. júní 1950.

Ár 1950, laugardaginn 24. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 13. júní sl.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi sýslunnar með stefnu, út gefinni 21. febrúar sl., af Aroni Guðbrandssyni forstjóra, Grenimel 32, Reykjavík, gegn Jóni Erlendssyni, ábúanda jarðarinnar Mógilsár í Kjalarnesshreppi, Kjósarsýslu, og gerir stefnandi þær kröfur á hendur stefnda, að hann verði með dómi skyldaður til að þola, að umdeilt girðingarhlið við þjóðveginn, þar sem afleggjari heim að sumarhúsi stefnanda liggur, verði ávallt læst, svo sem verið hafi, gegn því að stefndi hafi sem hingað til lykil að því ásamt stefnanda, að stefndi verði látinn sæta refsiábyrgð skv. 260. gr. alm. hegningarlaga og stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu af öllum kærum og kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málið var með samþykki aðilja flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar og dæmt þar.

Málavextir eru þessir:

Með lóðarsamningi, dagsettum 19. maí 1940, tók stefnandi þessa máls, Aron Guðbrandsson, á leigu hjá Erlendi Jónssyni, þáverandi bónda að Mógilsá á Kjalarnesi, blett úr landi jarðarinnar til 50 ára. Í leigusamningnum er stefnanda heimiluð umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðveginn eftir bökkum Mógilsár. Því næst hóf stefnandi framkvæmdir með því að leggja bílveg frá þjóðveginum að landi sínu. Var vegur þessi lagður skemmstu leið, kippkorn frá árbakkanum samkvæmt tilvísun leigusala, að því er stefnandi segir. Svo var frá gengið, að á einum stað var sett grjótbrú, svo að hægt

væri að koma ökutækjum þvert yfir veginn. Telur stefnandi, að vegarlagning þessi hafi farið fram vorið 1941. Síðan byggði stefnandi sumarhús á hinu leigða landi og gekk frá girðingu umhverfis blettinn.

Á þeim stað, sem umræddur vegur kemur á þjóðveginn, var áður girðing um land leigusala, og segir stefnandi, að í fyrstu hafi verið settur óvandaður hliðsútbúnaður við enda vegar þessa, þar sem hann liggur út á þjóðveginn. Síðar hafi samkv. ósk leigusala og núverandi ábúanda verið sett þarna af stefnanda vandað hlið. Hafi þá orðið að samkomulagi, að þegar stefnandi væri eigi á hinu leigða landi, væri hliðinu lokað með lás, en ábúandi jarðarinnar skyldi jafnan hafa lykil að lásnum, ef hann þyrfti að fara um hliðið með landbúnaðarverkfæri eða þess háttar.

Þetta fyrirkomulag virðist hafa haldizt þar til í ágúst 1949, að stefndi, sem hafði í höndum lykil að umræddum lás, tók hann burtu, en hefur síðan neitað að hafa lás þennan læstan fyrir hliðinu framar. Mótmælir stefndi, að stefnandi hafi neinn rétt til að hafa læstan lás fyrir hliðinu, enda sé stefnda mikil óþægindi að því, þar sem hliðið sé að vegi, sem liggi um tún stefnda, en hann þurfi að fara þar um.

Eins og þegar er fram tekið, var umrætt hlið sett þar, sem áður var heil girðing um land stefnda, enda mun hliðið hafa verið sett samkvæmt sérstakri ósk hans. Það virðist augljóst, að hliðið og vegurinn hafi eingöngu verið gert vegna afnota fyrir sumarhús stefnanda, og ekki upplýst um neina sérstaka þörf stefnda fyrir afnot af þessum vegi. Hins vegar kynni stefnda í einstökum tilfellum að vera þægindi að því að geta notað veginn og í því skyni fengið afhentan lykil að lásnum. Verður ekki betur séð en þannig sé nægilega tryggt, að stefndi geti notið þeirra þæginda af umræddri vegarlagningu, sem hann kynni að óska.

Hins vegar má fallast á, að það sé að ýmsu leyti heppilegra og tryggara fyrir stefnanda að geta læst hliðinu, þegar hann er fjarverandi úr sumarhúsinu, og þar sem hann á veginn, umrætt hlið og lásinn og þar sem ekki verður talið, að það komi í bága við rétt annarra, að hann læsi hliðinu, þykir dómara bera að taka til greina stefnukröfu hans um að hafa hliðið læst, gegn því, að stefndi eða sá ábúandi, sem á hverjum tíma verður, hafi jafnan lykil að því.

Ekki þykir ástæða til að taka til greina refsikröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 250,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandi, Aron Guðbrandsson, hefur heimild til að læsa með lás umræddu hliði, gegn því, að stefndi, Jón Erlendsson, fái afhentan til afnota lykil að lási þessum.

Þá greiði stefndi stefnanda í málskostnað kr. 250,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi skal sýkn af frekari kröfum stefnanda í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1954.

Nr. 138/1953. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Skúla Sigurðssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari virðist að mestu hafa látið nægja próf lögreglumanna í máli þessu, en ekki prófað sakaratriði sjálfstætt. Er þetta brýnt brot á ákvæðum 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Skúli Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 23. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2357/1953: Ákæruvaldið gegn Skúla Sigurðssyni, sem dómtekið var 20. júní sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 16. febrúar sl., gegn Skúla Sigurðssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Langholtsvegi 109 hér í bæ, fyrir að hafa orðið valdur að líkamsmeiðingu af gáleysi samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og gerzt sekur um bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, *með því* að aka bifreiðinni R. 5852 austur Suðurlandsbraut hinn 1. september 1952 án nægilegrar aðgæzlu, án þess að gefa hljóðmerki, er hann ætlaði að aka fram hjá manni á reiðhjóli, og án þess að halda bifreið sinni þá neitt til hægri á akbrautinni, með þeim afleiðingum, að Guðmundur Ingi Sigurðsson, sem ók á reiðhjóli í sömu átt, varð fyrir bifreiðinni og hlaut af mikil meiðsl, m. a. höfuðkúpubrot. Þær kröfur eru gerðar skv. ákæruskjali, að nefndur Skúli verði dæmdur til refsingar skv. framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga, til réttindasviptingar skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður Skúli er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. janúar 1898 á Stokkseyri, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1928 18/6 Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið afgreitt til dómara.
1929 29/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðal. og lögrsþ. Rvíkur.
1932 23/7 Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengisbrugg í vörzlu.
1932 25/10 Undir rannsókn út af bifreiðaárekstri. Málinu lokið án málshöfðunar eða sektar.
1935 30/10 Sátt, 40 kr. sekt fyrir að aka bifreið á fjárrekstur.
1951 16/1 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 1. september 1952, kl. 13.15, var tilkynnt á lögreglustöðina hér í bæ, að slys hefði orðið á Suðurlandsbraut rétt hjá Múla. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að Guðmundur Ingi Sigurðsson, Bergþórugötu 23 hér í bæ, 10 ára að aldri, hafði verið á leið austur Suðurlandsbraut þá rétt áður á reiðhjóli. Hjá Múla hafði bifreiðinni R. 5832 verið ekið fram úr honum. Hafði þá engum togum skipt, að Guðmundur Ingi lenti utan í bifreiðinni og féll í götuna af reiðhjólinu. Er slysið varð, var norðanstormur og þurrt veður. Skv. uppdrætti af slysstaðnum stendur bifreiðin R. 5852 á vinstri helmingi steinsteypta vegarins. Er hún bein fyrir á veginum og veit í suðaustur. Nokkru fyrir aftan bifreiðina er markaður blóðpollur á steinsteypta veginum við jaðar malborna vegarins. Skv. mynd, sem tekin var

af slysstaðnum, er reynt hafði verið að færa allt í sama horf og verið hafði, er slysið var nýafstaðið, þá liggur Guðmundur Ingi á bakinu á steinsteypta veginum, en höfuð hans nær þó út á malborna veginn. Rétt fyrir framan hann liggur reiðhjólið að mestu leyti á steinsteypta veginum.

Ákærður í máli þessu, Skúli Sigurðsson, stjórnandi bifreiðarinnar R. 5852, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi verið á leið upp að Rauðhólum til að sækja rauðamöl, er slysið varð. Var hann að koma heiman að frá sér og ók sem leið liggur austur Suðurlandsbraut. Hraðamælir á bifreið ákærðs var ekki í lagi, en hann ætlar, að hann hafi ekið með 30—35 km hraða. Segir hann það mesta hugsanlegan hraða. Ákærður hefur tekið fram, að hann hafi ekki verið að flýta sér. Er ákærður var kominn austur fyrir húsið Undraland, veitti hann athygli ungum dreng, sem ók á undan honum á reiðhjóli í sömu átt. Drengurinn hjólaði norðan steypta vegarins á malborna kaflanum. Ók hann á eðlilegri ferð. Er ákærður, sem hélt sér á vinstri vegarhelmingi, nálgaðist drenginn, tók hann eftir því, að drengurinn beygði tvisvar sinnum til suðurs eða að nyrðri brún steinsteypta vegarins, en síðan beygði hann aftur til norðurs eða út á malborna veginn. Hjólaði drengurinn sem ákærður kallar „sikksakk". Er ákærður var kominn á hlið við drenginn, var hann að mæta 6 manna fólksbifreið, er var ekið eðlilega á sínum vinstri vegarhelmingi. Ekki kveðst ákærður hafa þurft að víkja neitt utar á sínum vinstri vegarhelmingi, þótt bifreiðarnar mættust. Um leið og bifreiðarnar voru að mætast, varð ákærðum litið í áttina að drengnum. Sá hann þá, að drengurinn hafði enn einu sinni beygt til hægri. Virtist ákærðum hann stefna með framhjól reiðhjólsins að bifreið sinni. Er ákærður sá þetta, gaf hann hljóðmerki, en í því fann hann, að reiðhjólið lenti utan í vinstri hlið vörupalls bifreiðarinnar. Um leið og ákærður varð var við þetta, hemlaði hann, og stöðvaðist bifreiðin þá um leið.

Ákærður fór svo út úr bifreiðinni og gekk aftur með henni vinstra megin. Sá hann þá drenginn liggja fyrir aftan bifreiðina norðan megin steinsteypta vegarins. Lá hann á bakinu, og vissi höfuð hans, er var við eða á nyrðri brún steinsteypta vegarins, til norðurs, en fætur hans til suðurs. Ákærður veit ekki, hvort drengurinn var þá með meðvitund, en heldur, að svo hafi ekki verið. Reiðhjól drengsins lá við hlið hans, að austanverðu. Var það næstum þversum á veginum, og vissi framhjólið inn á veginn eða til suðurs. Ákærður ætlar, að drengurinn hafi lent á skjólborðinu, sem er vinstra megin á vörupallinum fyrir aftan afturhjólið. Telur hann öruggt, að bifreiðin hafi ekki lent ofan á drengnum. Ákærður kveðst hafa talið það öruggt, að drengurinn hafi orðið bifreiðar sinnar var, þar sem hann vék frá, er hann gaf hljóðmerki. Ákærður hefur gizkað á, að bilið milli bifreiðar sinnar og reiðhjólsins hafi verið um 2 metrar,

er hann ók fram með því. Með ákærðum var í bifreiðinni 6 ára drengur, sem talið hefur verið þýðingarlaust að kveðja fyrir dóm.

Vitnið Torfi Eysteinsson hefur skýrt svo frá atvikum, að það hafi, er umrætt slys varð, komið akandi vestur Suðurlandsbraut á bifreið sinni R. 5011. Er vitnið var komið vestur fyrir húsið Múla, veitti það athygli dreng, sem kom akandi á reiðhjóli á móti því. Hjólaði drengurinn yzt á nyrðri brún steypta vegarins í alla staði eðlilega. Er vitnið átti eftir 70—100 metra að drengnum, sá það, að bifreiðinni R. 5852 var ekið fram með hlið hans hægra megin nokkuð nálægt honum. Var bifreiðinni ekið nokkru norðan við strikið, sem skiptir akbrautunum. Er drengurinn var á móts við stýrishús bifreiðarinnar, sá vitnið, að hann sveigði að bifreiðinni. Vitninu fannst bifreiðarstjórinn á R. 5852 verða var við þetta, þar sem hann sveigði bifreiðinni frá drengnum. Um leið lenti framhluti reiðhjólsins utan í afturhjóli bifreiðarinnar vinstra megin með þeim afleiðingum, að drengurinn féll í götuna niður með vinstri hlið bifreiðarinnar. Vitnið segir það öruggt, að bifreiðin hafi ekki lent ofan á drengnum. Bifreiðarstjórinn lét bifreið sína renna nokkuð áfram, en nam síðan staðar. Vitnið kveðst og hafa numið staðar og haldið á staðinn, þar sem drengurinn lá. Drengurinn var langsum á veginum. Nam höfuð hans við nyrðri brún steypta vegarins, en fætur hans vissu í vesturátt eftir vegjaðrinum. Drengurinn lá næstum á grúfu, þó aðeins meira á hægri hlið ef til vill. Var hann meðvitundarlaus. Vitnið segir það álit sitt, að bifreiðarstjórinn á R. 5852, ákærður Skúli, hafi ekið óþarflega nærri drengnum. Hefði hann ekki þurft að aka jafnutarlega á veginum og hann gerði, þar sem bifreið þess hafi verið í nokkurri fjarlægð, er hann ók fram hjá drengnum, og það hafi verið utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt ákærðan gefa hljóðmerki, er hann ók fram hjá drengnum, en vill þó taka fram, að það hafi verið í nokkurri fjarlægð, er slysið varð, og sé því hugsanlegt, að það hafi ekki heyrt hljóðmerki, ef það hafi verið gefið.

Vitnið Jón Þorbjörnsson hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið austur Suðurlandsbraut á reiðhjóli, er umrætt slys varð. Er vitnið var komið á móts við benzínafgreiðslu Shell, varð það vart við dreng þann, er fyrir slysinu varð, á reiðhjóli fyrir framan það. Virtist vitninu hann hjóla eðlilega. Er þeir fóru upp brekkuna að Þvottalaugavegi og vitnið var komið austur fyrir brú, sem þar er, hjólaði það út á malborna hluta vegarins. Drengurinn hins vegar hjólaði eftir nyrðri jaðri steypta vegarins. Vitnið hjólaði síðan á eftir drengnum upp alla brekkuna. Tók það þar eftir því, að eins var og drengurinn næði ekki niður á fótstig reiðhjólsins. Við það segir vitnið reiðhjólið hafa „svansað“ aðeins til, en þó ekki meira en svo, að akstur drengsins var eðlilegur og alls ekki hættulegur. Virtist vitninu drengurinn hafa fullt vald á reiðhjólinu. Er komið var austur fyrir gatnamót Þvottalaugavegar, hjólaði vitnið fram með

vinstri hlið drengsins, sem þá var á nyrðri jaðri steypta vegarins. Vitnið hjólaði fremur hægt fram hjá drengnum, og kveður það þá hafa fylgzt að nokkra stund. Er vitnið var komið 20—30 metrum fram fyrir drenginn, heyrði það, að hann rak upp óp. Um leið leit vitnið við og sá þá, að drengurinn hafði fallið í götuna af reiðhjólinu. Samtímis kom það auga á bifreiðina R. 5852, sem komin var fram hjá drengnum. Hafði stjórnandi hennar beygt inn á veginn, þannig að hægra framhjól bifreiðarinnar var sunnanvert við mót akbrautanna. Í þessu nam vitnið staðar. Bifreiðinni R. 5852 var nú beygt til vinstri á hægri ferð og síðan ekið allri inn á sinn vinstri vegarhelming og stöðvuð um 20 metra frá drengnum. Vitnið kveðst hafa séð, að bifreiðarstjórinn á 5852 leit aftur í áttina til drengsins, er það leit við. Telur það, að bifreiðarstjórinn hafi því orðið var við slysið samtímis því. Vitnið segir það öruggt, að bifreiðarstjórinn hafi hvorki gefið hljóðmerki fyrir né eftir slysið, þar sem það hefði átt að heyra það, ef það hefði verið gefið með eðlilegum hljóðgjafa. Vitnið hélt strax á staðinn, þar sem drengurinn var. Drengurinn lá á bakinu með höfuðið við nyrðri jaðar steinsteypta vegarins, en fæturnir vissu nokkuð þvert inn á veginn. Reiðhjól drengsins lá við vinstri hlið hans eða fyrir austan hann á veginum. Vitnið segir drenginn hafa hjólað alltaf, á meðan það sá til, eftir nyrðri brún steypta vegarins, og sé það því óhugsandi, að hann hafi verið kominn út á malborna hluta vegarins, er slysið varð.

Vitnið Gestur Zóphónías Sveinsson var á gangi, er slysið vildi til, norður götuna, sem liggur frá Múlakamp að Suðurlandsbraut, rétt austan við Laugabrekku. Vitnið kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R. 5852, þar sem henni var ekið austur Suðurlandsbraut. Bifreiðinni var ekið á eðlilegri ferð eða á um 40 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið veitti því athygli, að bifreiðinni var ekið nokkuð utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi. Vitnið varð ekki vart við dreng þann, er var á reiðhjólinu, fyrr en bifreiðin var komin rétt austur fyrir húsið Laugabrekku. Sá það drenginn falla í götuna, um leið og bifreiðin var að færast fram fyrir hann. Vitnið hélt strax að drengnum, er lá á bakinu á nyrðri brún steypta vegarins. Höfuð drengsins nam við nyrðri brún steypta vegarins og vissi í austur, en fætur drengsins vissu að stýri reiðhjólsins og vissu í vestur. Drengurinn var meðvitundarlaus. Stjórnandi bifreiðarinnar R. 5852 ók áfram um 20 metra frá stað þeim, er slysið varð á. Vitnið heyrði aldrei, að bifreiðarstjórinn gæfi hljóðmerki, hvorki fyrir né eftir slysið. Kveðst vitnið þó hafa átt að heyra, ef svo hefði verið. Vitnið sá til ferða bifreiðarinnar R. 5011, sem kom á móti bifreiðinni R. 5852. Var hún stödd á móts við Múlaveg, er drengurinn féll í götuna. Vitnið varð ekki vart við, að bifreið kæmi á móti bifreiðinni R. 5852, er slysið varð.

Vitnið Guðmundur Ingi Sigurðsson kveðst hafa verið á leið inn í Herskólakamp, er það varð fyrir slysinu. Vitnið hafði gott vald á

reiðhjóli því, sem það ók á, og náði vel niður á fótstig þess. Vitnið hjólaði eftir malborna hluta vegarins utan steypta vegarins. Það heyrði aldrei stjórnanda R. 5852 gefa hljóðmerki og varð ekki vart við bifreiðina, fyrr en það lenti utan í henni og féll í götuna. Vitnið var með hettu yfir höfuðið, en telur þó, að það hefði átt að heyra, ef bifreiðarstjórinn hefði gefið hljóðmerki.

Skv. vætti Torfa Eysteinssonar, er ber það, að ákærður hafi ekið óþarflega nærri Guðmundi Inga, svo og af uppdrætti og myndum, en skv. þeim liggur Guðmundur Ingi inni á steinsteypta veginum ásamt reiðhjólinu að slysinu afstöðnu, — en það er fram komið í málinu, að ákærður ók á sínum vinstri vegarhelmingi fram úr honum, — þá þykir nægilega sannað þrátt fyrir framburð ákærðs, að hann hafi ekið of nærri Guðmundi Inga. Þá verður að telja sannað þrátt fyrir framburð ákærðs, að hann hafi ekki gefið hljóðmerki, með því að engin af vitnunum í máli þessu hafa heyrt það, enda verður og ráðið af framburði ákærðs, að hljóðmerkið hafi ekki verið gefið í tæka tíð, þótt það hefði verið gefið. Skv. þessu þykir ákærður ekki hafa sýnt nægilega varfærni í akstri, sem hann hafði þó sérstaka ástæðu til, þar sem norðanstormur var á og hann hafði orðið var við það, að drengurinn hjólaði til og frá á veginum. Með þessu atferli sínu þykir ákærður að áliti dómsins hafa orðið samvaldur að slysinu. Hefur hann gerzt brotlegur skv. því gegn 219. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin skv. framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga kr. 2.000,00 sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, ber að svipta ákærðan ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki verkunum dómsins að þessu leyti.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 400,00.

Dómsorð:

Ákærður, Skúli Sigurðsson, greiði kr. 2.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 400,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 1/1954.

Magnús Thorlacius
gegn
Bjólfi h/f og
Gústaf A. Sveinssyni
og
Sigurgeir Sigurjónsson
gegn
Bjólfi h/f
og
Bjólfur h/f
gegn
Magnúsi Thorlacius og
Sigurgeiri Sigurjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Magnús Thorlacius hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember f. á. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði honum til handa verði hækkaður, að Gústaf A. Sveinssyni verði dæmd sekt og að Bjólfi h/f og Gústaf A. Sveinssyni verði in solidum dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Sigurgeir Sigurjónsson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember f. á. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði honum til handa verði hækkaður og að Bjólfi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Bjólfur h/f hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 24. desember f. á. Hann krefst sýknu af kröfum Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gústaf A. Sveinsson hefur engar kröfur haft uppi af sinni hendi hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að Magnús Thorlacius og Sigurgeir Sigurjónsson greiði hvor um sig Bjólfi h/f kærumálskostnað, kr. 300,00. En þar sem Gústaf A. Sveinsson hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, verður honum ekki dæmdur kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðalkærendur, Magnús Thorlacius og Sigurgeir Sigurjónsson, greiði hvor um sig gagnkæranda, Bjólfi h/f, kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. desember 1953.

Þær réttarkröfur voru upphaflega gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Bjólfs h/f, Seyðisfirði, að löghald yrði gert í inneign, er Weser A/G, Bremerhaven, Þýzkalandi, var talið eiga í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl. hér í bæ, fyrir kröfum, að upphæð kr. 14.892,92, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júní 1952 til greiðsludags auk alls kostnaðar við löghaldsgerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð. — Á síðara stigi málsins var kröfum þessum og málssókn enn fremur beint að Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. hér í bæ, að því leyti sem hann kynni að vera vörzlumaður inneignar Wesers A/G.

Magnús Thorlacius mótmælti framgangi hinnar umbeðnu löghaldsgerðar, að því er sig persónulega varðaði, og krafðist þess, að gerðarbeiðanda yrði gert að greiða sér málskostnað. Þá krafðist hann þess og, að umboðsmanni gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinssyni hrl., yrði gerð sekt fyrir að fara með vísvitandi rangar kröfur á hendur sér.

Sigurgeir Sigurjónsson hafði uppi sams konar réttarkröfur og Magnús Thorlacius, að sektarkröfunni undanskilinni.

Hvorugur þeirra Magnúsar eða Sigurgeirs kvaðst hafa umboð til að mæta fyrir Weser A/G í málinu.

Beiðni um fógetagerð þessa er dagsett hinn 15. apríl sl., en barst fógeta ekki í hendur fyrr en hinn 28. sama mánaðar. Var hún tekin fyrir á skrifstofu Magnúsar Thorlacius samdægurs, en síðan var

málið sótt og varið fyrir réttinum. Þess skal getið, að ágreiningur kom upp í málinu um það, hvort Magnúsi Thorlacius bæri skylda til að svara sem vitni tilteknum spurningum, er umboðsmaður gerðarbeiðanda beindi til hans, en Magnús neitaði að svara. Voru þessar spurningar í sambandi við inneign Wesers A/G, sem Magnús hafði áður neitað í greinargerð að hafa undir höndum. Úrskurður fógeta gekk Magnúsi í vil, og er þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, urðu úrslit þar hin sömu, og byggði Hæstiréttur á því, að yfirlýsingu Magnúsar um, að hann geymdi ekki fé vegna Wesers A/G, hefði ekki verið hnekkt og að svo vöxnu máli væru engir réttarhagsmunir fyrir þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að Magnúsi yrði gert að gefa vitnaskýrslu í málinu. Sjá dóm Hæstaréttar, rskj. 19.

Í réttarhaldi hinn 19. október sl. óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að málið yrði hafið, en jafnframt krafðist hann þess, að Weser A/G, Magnúsi Thorlacius og Sigurgeiri Sigurjónssyni yrði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað. Magnús Thorlacius samþykkti hafningu málsins fyrir sitt leyti, en ítrekaði gerðar kröfur um málskostnað sér til handa, svo og ítrekaði hann sektakröfuna. Sigurgeir Sigurjónsson var ekki mættur í réttarhaldi þessu. — Fógeti ákvað nú að fresta málinu að sinni, til þess að Weser A/G yrði gefinn kostur á að láta mæta í málinu vegna fram kominnar málskostnaðarkröfu, og lét fógeti lögfræðing þýzka sendiráðsins hér, Ólaf Björnsson hdl., vita, hvernig málum var komið.

Málið var nú aftur tekið fyrir hinn 16. nóvember sl. Hafði fógeti þá átt tal við Ólaf Björnsson hdl., og lýsti Ólafur yfir því, að ekki yrði mætt í málinu af hálfu Wesers A/G. — Í réttarhaldi þessu voru aðiljar ásáttir um hafningu málsins að aðalefni til. Voru ítrekaðar réttarkröfur þær, sem að framan er lýst, og eru þær hér til úrskurðar. Þess skal getið, að uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna annríkis fógeta.

Málsatvik eru að öðru leyti þau, að með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 1/1952, Magnús Thorlacius f. h. Wesers A/G gegn Bjólfi h/f, var Bjólfi h/f gert að greiða stefnanda £952-7-8 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað. Hinn 23. og 28. júní 1952 fór fram fjárnám fyrir hluta af kröfum þessum eða kr. 23.000,00, en kr. 31.608,22 voru greiddar í fógetaréttinum. Í september 1952 var togari einn, eign Bjólfs h/f, kyrrsettur í Hamborg í Þýzkalandi skv. kröfu Wesers A/G, sem taldi, að eftir stæði af kröfunni, og hlaut Bjólfur h/f að greiða þar á staðnum DM 9.791,67 til þess að leysa skipið úr farbanni.

Skv. yfirliti á rskj. 1 telur Bjólfur h/f, að Weser A/G skuldi sér kr. 14.892,92 og að sú upphæð muni vera í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl. Ekki verður hér farið út í einstaka liði þess yfirlits.

Fyrir liggur í málinu skjal, er tjáist vera yfirlitsgerð um viðskipti Bjólfs h/f við Weser A/G, og eru nokkrir liðir hennar á annan veg

en frá greinir á rskj. 1. Sjá rskj. 7. Niðurstaða þess hljóðar um 11.640,80 kr. inneign, en skjalið er dagsett hinn 7. nóvember 1952. Hefur því verið haldið fram af hálfu Bjólfs h/f, að skjal þetta hafi verið samið af Magnúsi Thorlacius hrl., og var því mótmælt sem röngu að því leyti, sem þar er á annan veg frá skýrt en fram kom af hálfu Bjólfs h/f.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., ritar Magnúsi Thorlacius hrl. bréf hinn 7. febrúar sl. og kveður Bjólf h/f eiga inni fé hjá honum og muni sú upphæð nokkru hærri en frá er greint á rskj. 7, sem hann kveður sér hafa borizt frá Magnúsi. Er þess farið á leit í bréfinu, að inneign Bjólfs h/f verði greidd. Erindi þetta er ítrekað með bréfi, dags. 4. marz sl., og enn með bréfi, dags. 9. apríl sl. Sjá hér rskj. 8, 9 og 10. Magnús Thorlacius svarar hinu síðast dagsetta bréfi hinn 10. apríl og vísar gerðum kröfum á bug. Sjá rskj. 11.

Í greinargerð, sem fram hefur komið í málinu af hálfu Magnúsar Thorlacius hrl., kveðst hann mæta í málinu fyrir sig einan. Hann skýrir svo frá, að hann hafi ekkert umboð til þess að mæta af hálfu Wesers A/G, og kveðst hann hafa sagt upp umboði fyrir félagið hinn 29. desember 1952, sbr. bréf á rskj. 15, en hinn 11. apríl sl. hafi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. tekið við umboði fyrir Weser A/G og einnig tekið við inneign þess hér. Kveðst Magnús hafa tjáð umboðsmanni Bjólfs h/f um þetta hinn sama dag. Telur hann málssókn þessari hafa verið beint að sér gegn betri vitund. Hann lagði fram sem rskj. 14 endurrit af skilagrein, þar sem Weser A/G er talið eiga inni kr. 26.623,15, og hefur Sigurgeir Sigurjónsson kvittað fyrir móttöku þeirrar upphæðar með fyrirvara hinn 11. apríl sl.

Í greinargerð sinni skýrir Sigurgeir Sigurjónsson hrl. svo frá, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni Bjólfs h/f, að inneign Wesers A/G hjá sér næmi ekki nema kr. 8.362,00, og hafi þeim komið ásamt um, að sú upphæð yrði fljótlega innt af hendi til umboðsmanns Bjólfs h/f. Af þessu hafi þó ekki orðið. Kveðst Sigurgeir hafa greitt til þýzka sendiráðsins hér kr. 18.261,15 af því fé, sem hann tók við af Magnúsi Thorlacius hrl. hinn 11. apríl sl. Kveðst Sigurgeir aðeins hafa haft umboð til þess að taka við fé því, sem Magnús hafði innheimt, og koma því áleiðis til Wesers A/G eða umboðsmanns þess.

Magnús Thorlacius hrl. hefur tekið fram, að hann hafi ekki samið yfirlitsgerð þá, sem lögð hefur verið fram sem rskj. 14 og að framan er getið. Eins og að framan getur, hefur Magnús Thorlacius hrl. haldið því fram, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni Bjólfs h/f um það hinn 11. apríl sl., að hann hafi hætt umboðsmennsku sinni fyrir Weser A/G þá hinn sama dag. Í greinargerð sinni hefur umboðsmaður Bjólfs h/f viðurkennt, að Magnús hafi þá fyrir skemmstu látið sig vita um þetta, en hann bætir því hins vegar við, að þessi yfirlýsing Magnúsar verði ekki tekin til greina, enda hafi og Magnús

tekið við því fé Bjólfs h/f, sem það félag hafi goldið til Wesers A/G í íslenzkum gjaldeyri, og haldi Magnús því vafalaust enn.

Umboðsmaður Bjólfs h/f virðist þó ekki undir rekstri máls þessa hafa fært að því rök, að Magnús Thorlacius eða Sigurgeir Sigurjónsson hafi haft fjármuni fyrir Weser A/G undir höndum, þá er mál þetta var höfðað gegn þeim vegna Wesers A/G, eða að Weser A/G hafi átt hér neinar þær eignir, sem löghald yrði gert í.

Með tilliti til þessa verður ekki séð, að Bjólfur h/f eigi heimtingu á málskostnaði úr höndum þeirra aðilja, sem máli þessu hefur verið beint gegn. Hins vegar hefur máli þessu verið haldið áfram af fullu kappi af hálfu Bjólfs h/f, eftir að greinargerðir þeirra Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar voru komnar fram, en þar hafði Magnús lýst yfir því, að hann hefði enga peninga undir höndum frá Weser A/G, en Sigurgeir, að hann hefði einungis vissa upphæð, sem vitja mætti til sín, hvenær sem væri. Þykir verða að líta svo á, að þeir Magnús og Sigurgeir hafi gefið yfirlýsingar þessar sem opinberir sýslunarmenn, og verður ekki séð, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að þessum staðhæfingum hafi verið hnekkt. Þykir því verða að gera Bjólfi h/f að greiða þessum aðiljum málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 800,00 til hvors.

Magnús Thorlacius hrl. hefur krafizt þess, að umboðsmanni Bjólfs h/f, Gústaf A. Sveinssyni hrl., verði gerð sekt fyrir að fara með vísvitandi rangar kröfur á hendur sér. Hér athugast, að málinu var ekki beint gegn Magnúsi persónulega, heldur sem umboðsmanni Wesers A/G, og þykir því ekki ástæða til þess að gera umboðsmanni Bjólfs h/f sektir fyrir málatilbúnað þenna.

Því úrskurðast:

Bjólfur h/f, Seyðisfirði, greiði Magnúsi Thorlacius og Sigurgeiri Sigurjónssyni, hæstaréttarlögmönnum hér í bæ, hvorum um sig kr. 800,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Krafa Magnúsar Thorlacius hrl. um sektir á hendur Gústaf A. Sveinssyni hrl. verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 3/1954.

Magnús Thorlacius

gegn

Stjórn Lögmannafélags Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni og Ágústi Fjeldsted héraðsdómslögmanni.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. f. m., er barst dóminum hinn 19. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, lýsti sóknaraðili því fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands hinn 9. október 1953, „að hann muni ekki sækja fundi félagsstjórnarinnar oftar út af þessu máli og muni ekki veita neinar upplýsingar í því". Með þessu hátterni sínu þykir sóknaraðili hafa firrt sig rétti til að bera úrskurð félagsstjórnarinnar undir Hæstarétt og fá þar komið að gögnum, sem honum var í lófa lagið og skylt að leggja fyrir félagsstjórnina. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, verður honum ekki dæmdur kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 14. jan. 1954.

Kærumálið: **H/f Bjólfur**
gegn
Magnúsi Thorlacius.

Tildrög málsins eru þessi:

Með bréfi, dags. 2. maí 1953, sneri h/f Bjólfur á Seyðisfirði sér til stjórnar Lögmannafélags Íslands. Var í bréfinu frá því skýrt, að h/f Bjólfi hefði með dómi Sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. marz 1952, verið gert að greiða Magnúsi Thorlacius f. h. Wesers A/G í Bremerhaven í Þýzkalandi £952-7-8 auk 6% ársvaxta frá 17. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað. Samkvæmt kröfu lögmanns Wesers A/G, Magnúsar Thorlacius hrl., hefði verið framkvæmt fjárnám hjá h/f Bjólfi 23. og 28. júní 1952. Kveðst félagið hafa greitt umboðsmanni gerðarbeiðanda við fjárnámið kr. 31.608,22, en fyrir eftirstöðvum dómkröfunnar, sem gerðarbeiðandi taldi nema kr. 23.000,00, hafi verið gert fjárnám í eignum félagsins. Í septembermánuði 1952 hafi b/v Ísólfur, sem h/f Bjólfur er eigandi að, selt afla sinn í Hamborg. Hafi þá Weser A/G krafizt þess, að skip og farmur yrði kyrrsett, ef ekki yrðu greiddar eftirstöðvar skuldarinnar. Til þess að leysa skipið úr löghaldi kveðst félagið hafa neyðzt til þess að greiða kröfu Wesers A/G, DM 9.791,67, eða ísl. kr. 37.893,76.

Í áminnztu bréfi lýsir h/f Bjólfur því, að lögmaður þess hafi um þetta leyti verið Gústaf A. Sveinsson hrl. og samkvæmt ósk hans hafi Magnús Thorlacius hrl. látið honum í té yfirlit um kröfu þessa hinn 7. nóvember 1952. Í þessu yfirliti telji Magnús Thorlacius hrl., að eftirstöðvar kröfunnar hafi, er löghald var lagt á skipið hinn 4. september 1952, numið kr. 23.000,84. H/f Bjólfur hafi samkvæmt framansögðu greitt Weser A/G kr. 37.893,76, þannig að félagið hafi átt inni hjá Weser A/G kr. 14.892,92, sem geymdar hafi verið í vörzlu Magnúsar Thorlacius hrl. Getur h/f Bjólfur þess, að lögmaður félagsins, Gústaf A. Sveinsson hrl., hafi hvað eftir annað krafið Magnús Thorlacius hrl. um innstæðuna, fyrst munnlega og síðan með bréfum, dags. 7. febrúar, 4. marz og 9. apríl sl. Bréfum þessum hafi Magnús Thorlacius hrl. ekki svarað nema því síðasta, sem var ábyrgðarbréf. Því bréfi hafi hann svarað á þá lund, að kröfur Gústafs A. Sveinssonar hrl. væru honum óviðkomandi. Litlu síðar hafi Magnús Thorlacius hrl. tjáð Gústaf A. Sveinssyni hrl., að hann væri hættur umboðsmennsku fyrir Weser A/G, en við umboðinu hefði tekið Sigurgeir Sigurjónsson hrl. Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hafi hins vegar gefið um þetta mjög óglögg svör.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1953, kveðst h/f Bjólfur hafa farið þess á leit við borgarfógetann í Reykjavík, að lagt yrði löghald á téða

innstæðu Wesers A/G hjá Magnúsi Thorlacius hrl. til tryggingar kröfu félagsins á hendur hinu þýzka firma auk vaxta og kostnaðar. Hafi málið verið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 28. apríl 1953. Í greinargerð, dags. 29. s. m., hafi Magnús Thorlacius hrl. skýrt svo frá, að hann hafi hinn 29. desember 1952 sagt upp umboði sínu fyrir Weser A/G, og hinn 11. apríl 1953 hafi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. tekið við inneign félagsins. Undir rannsókn málsins hjá stjórn Lögmannafélagsins hefur Gústaf A. Sveinsson hrl. skýrt frá því, að Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hafi greitt til hans kr. 8.362,00, en afhent eftirstöðvarnar þýzka sendiráðinu í Reykjavík.

Með því að greiða féð af hendi til Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., er síðan hafi afhent það þýzka sendiráðinu í Reykjavík í stað þess að greiða það lögmanni h/f Bjólfs, Gústaf A. Sveinssyni hrl., telur h/f Bjólfur, að Magnús Thorlacius hrl. hafi svipt félagið möguleika til að kyrrsetja fjárhæðina og þannig sækja rétt sinn fyrir íslenzkum dómstólum. Telur h/f Bjólfur, að þetta athæfi Magnúsar Thorlacius hrl. sé ósamboðið manni af stétt hæstaréttarlögmanna, og krefst þess með skírskotun til 8. gr. laga nr. 61/1942, að Magnúsi Thorlacius hrl. verði ger áminning af þessu efni og refsað lögum samkvæmt. Jafnframt áskilur h/f Bjólfur sér rétt til að krefja Magnús Thorlacius hrl. í sérstöku máli fullra bóta fyrir allt það tjón, sem hann hefur bakað félaginu eða kann að baka því með framferði sínu.

Stjórn Lögmannafélagsins hefur fengið afhent afrit af skjölum, sem lögð voru fram í áminnztu fógetaréttarmáli. Þá hefur stjórnin kvatt á sinn fund til yfirheyrslu hæstaréttarlögmennina Gústaf A. Sveinsson, Magnús Thorlacius og Sigurgeir Sigurjónsson.

Gústaf A. Sveinsson hrl. hefur í einu og öllu staðfest þá skýrslu h/f Bjólfs, sem að framan er rakin, enda lýst því, að hann hafi sjálfur samið kæruskjalið til stjórnar Lögmannafélagsins, dags. 2. maí 1953.

Sigurgeir Sigurjónsson hrl. hefur upplýst, að hann hafi hinn 11. apríl 1953 veitt viðtöku frá Magnúsi Thorlacius hrl. kr. 26.623,15, sem hafi verið eign Wesers A/G. Af þessari fjárhæð hafi kr. 8.362,00 átt að greiðast h/f Bjólfi. Skýrir Sigurgeir Sigurjónsson frá því í greinargerð fyrir fógetarétti Reykjavíkur 11. maí 1953, að hann hafi boðizt til að greiða Gústaf A. Sveinssyni hrl. þessa fjárhæð, og hefur Gústaf A. Sveinsson hrl., svo sem að framan greinir, viðurkennt að hafa veitt þessari fjárhæð viðtöku. Eftirstöðvarnar, kr. 18.261,15, kveðst Sigurgeir Sigurjónsson hafa greitt þýzka sendiráðinu í Reykjavík.

Magnús Thorlacius hrl. mætti á fundi stjórnarinnar 9. október 1953. Mótmælti hann kæru h/f Bjólfs sem rangri svo og skjölum þeim, er lögð voru fram á fundinum. Tók hann fram, að hann mundi ekki sækja fundi félagsstjórnarinnar oftar út af þessu kærumáli og mundi ekki veita neinar upplýsingar í því.

Hins vegar liggur fyrir í málinu ábyrgðarbréf, er Gústaf A. Sveins-

son hrl. skrifaði Magnúsi Thorlacius hrl. 9. apríl 1953. Þar vísar Gústaf A. Sveinsson til kröfubréfa, er hann kveðst hafa skrifað Magnúsi Thorlacius 7. febrúar og 4. marz s. á., og skorar jafnframt á hann að greiða þegar í stað og eigi síðar en 14. apríl 1953 innstæðu h/f Bjólfs vegna skuldaskiptanna við Weser A/G. Að öðrum kosti verði krafan innheimt án frekari viðvörunar með lögsókn. Þessu ábyrgðarbréfi er svarað hinn 10. apríl 1953 með svofelldu bréfi:

„Ég hef fengið bréf yðar, dags. í gær, út af ofangreindu málefni.

Kröfur þessar eru mér óviðkomandi svo og væntanlegar hótanir yðar um lögsókn á hendur mér a. m. k.

Virðingarfyllst,

f. h. Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögm.

Oddgeir Magnússon."

Er þetta og nánar staðfest í greinargerð Magnúsar Thorlacius hrl., sem lögð var fram í fógetarétti Reykjavíkur 30. apríl 1953, og í skýrslu, er hann gaf í fógetaréttinum 7. júlí s. á. Er þannig sannað, að Magnúsi Thorlacius hrl. hafði borizt vitneskja um, að Gústaf A. Sveinsson hrl. var umboðsmaður h/f Bjólfs, áður en hann afhenti Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. innstæðu h/f Bjólfs.

Í máli þessu hefur ekki tekizt að afla fullra upplýsinga um fjárhæð þá, er h/f Bjólfur átti í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl., er Weser A/G hafði fengið greiðslu á kröfu sinni af andvirði afla b/v Ísólfs í september 1952. Hins vegar er því lýst af umboðsmanni Magnúsar Thorlacius hrl. í fógetarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 28. júní 1952, að krafa Wesers A/G með vöxtum og öllum kostnaði hafi þann dag numið kr. 54.600,22. Upplýst er, að í fógetaréttinum greiddi h/f Bjólfur kr. 31.600,22. Þá kemur og fram í skilagrein 15. september 1952 yfir andvirði afla þess, er h/f Ísólfur seldi í Þýzkalandi, að Weser A/G hafa verið greidd DM 9.791,67 eða ísl. kr. 37.893,76. Samkvæmt því hefur h/f Bjólfur greitt samtals kr. 69.493,98 eða kr. 14.893,76 umfram skuld sína við Weser A/G. Eigi er þó unnt að leggja þessa fjárhæð til grundvallar skuldaskiptum h/f Bjólfs og Wesers A/G, þar sem hvort tveggja er, að ekki eru reiknaðir vextir af skuldareftirstöðvum frá 28. júní 1952 fram í september sama ár, auk þess sem vera má, að Weser A/G hafi haft einhvern kostnað af málinu í Þýzkalandi, sem h/f Bjólfi bar að greiða. Hér getur þó eigi verið um verulega fjárhæð að ræða, svo að telja má víst, að inneign h/f Bjólfs hjá umboðsmanni Wesers A/G, Magnúsi Thorlacius hrl., hafi numið mun hærri fjárhæð en þeim kr. 8.362,00, er Sigurgeir Sigurjónsson hrl. greiddi Gústaf A. Sveinssyni hrl.

Í máli þessu er samkvæmt framansögðu upplýst, að h/f Bjólfur átti allverulega fjárhæð hjá Weser A/G og að vörzlumaður þess fjár var Magnús Thorlacius hrl.

Upplýst er enn fremur, að Magnúsi Thorlacius hrl. var hinn 10.

apríl 1953 um það kunnugt, að Gústaf A. Sveinsson hrl. var umboðsmaður h/f Bjólfs og að hann krafðist greiðslu á innstæðu félagsins. Þrátt fyrir þetta afhendir Magnús Thorlacius hrl. Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. innstæðuna. Með því að svara ekki áminnztu ábyrgðarbréfi Gústafs A. Sveinssonar hrl. frá 9. apríl 1953 á fullnægjandi hátt og með því að greiða af hendi innstæðu h/f Bjólfs til annars lögmanns, þótt vitneskja lægi fyrir um, að fjárhæðina ætti að afhenda Gústaf A. Sveinssyni hrl., hefur Magnús Thorlacius hrl. gerzt sekur um ámælisverða háttsemi í starfi sínu, sbr. 8. gr. l. 61/1942. Þykir þó ekki ástæða til þess að beita um þessa háttsemi hans sektum, heldur áminningu.

Ályktarorð:

Framangreind háttsemi Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns telst ámælisverð.

Úrskurður þessi er upp kveðinn og málið rannsakað af stjórn Lögmannafélagsins, varaformanni félagsins, Einari B. Guðmundssyni hrl., og þeim Agli Sigurgeirssyni hrl., féhirði félagsins, og Ágústi Fjeldsted hdl., ritara þess.

Föstudaginn 5. febrúar 1954.

Nr. 149/1953. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Gaston Heinderson (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins við dufl það, er varðskipsmenn settu í sjó hjá skipi

ákærða. Reyndist staður sá, sem yfirmenn varðskipsins mældu við duflið með tvöfaldri hornamælingu hinn 24. júní 1953 kl. 21.50, vera 0.9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Eins og í héraðsdómi greinir, taldi skipherra varðskipsins stað þenna 1.3 sjóm. innan greindra marka. Skipherrann hefur nú fyrir dómi lýst því, að niðurstaða skólastjórans sé rétt og stafi mismunurinn af því, að sjóuppdráttur varðskipsins, sem staðurinn var fyrst markaður á, hafi verið velktur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum, og varðar það brot hans við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og 1. gr. laga nr. 5/1951 svo og 1. gr. laga nr. 4/1924. Með hliðsjón af því, að gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans að öðru en því, að varðhald 7 mánuði komi í stað sektar ákærða, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að varðhald 7 mánuði komi í stað sektar ákærða, Gastons Heindersons, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 26. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Gaston Heinderson, skipstjóra á belgíska togaranum Edison, O. 86, frá Ostende, með ákæruskjali, út gefnu af bæjar-

fógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum þriðjudaginn 23. júní 1953 suðvestur af Tvískerjum um 1.3 sjómílur innan landhelgislínu samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Þær kröfur eru gerðar af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Gaston Heinderson, skipstjóri á b/v Edison, O. 86, er fæddur í Bouzigues í Frakklandi 30. ágúst 1918 og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt neinni kæru eða refsingu hér á landi.

Þriðjudaginn 23. júní 1953 var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð austur með landi. Um kvöldið var varðskipið statt út af Tvískerjum og sá þá togara á bakborða, er samkvæmt leiðarreikningi varðskipsins reyndist vera í landhelgi. Skyggni var slæmt, og sást ekkert til lands. Kl. 23.55 beygði varðskipið upp að togaranum, og kl. 00.07 var lagt að honum og 2 menn settir um borð í hann. Kl. 00.10 var „bauja" sett út við hlið togarans. Var þetta togarinn Edison, O. 86, frá Ostende og skipstjóri hans ákærði í máli þessu. Togarinn var með vörpuna utan borðs, og var verið að taka hana inn. Fiskur var í vörpunni. — Togaranum var lagt fyrir að halda sig við „baujuna". Kl. 00.22 setti varðskipið út vegmæli við „baujuna" og mældi vegalengdina upp að vesturbrún Tvískerja, og reyndist hún vera 4.1 sjóm., stefna m/v N a A ½ A. Mótsett stefna var stýrð frá Tvískerjum og út að „baujunni", og mældist vegalengdin þá 4.0 sjóm. Var síðan andæft við „baujuna" og beðið eftir, að eitthvað létti til, svo að unnt væri að gera nákvæmari staðarákvarðanir. — Kl. 04.28 létti dálítið til, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við „baujuna": Ingólfshöfði í r/v 251° > í Salthöfða 21° 40'. Fleiri staðir sáust ekki.

Kl. 04.58 sást grilla í Tvísker, og miðuðust þau í r/v 4°, en höfðarnir voru þá horfnir í þoku. Í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar og að ósk ákærða var ákveðið að bíða á staðnum, þar til létti til. Um kvöldið kl. 21.50 létti til, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við „baujuna":

Ingólfshöfði
> 21° 40'
Salthöfði
> 88° 00'
Tvísker

Dýpi 165 m, og gefur það stað skipsins 1.3 sjóm. innan landhelgislínu.

Að loknum mælingum varðskipsins fór togarinn að „baujunni", setti út vegmæli og mældi vegalengdina upp á móts við Tvísker og til baka aftur. Að því loknu kvaðst ákærði tilbúinn til burtferðar. Var „baujan" síðan tekin upp, og kl. 23.17 lagði varðskipið af stað

með togarann til Vestmannaeyja. Komu skipin til Vestmannaeyja upp úr hádeginu í gær og lögðust þar við bryggju kl. 12.43. Þoka var og súld og SA-gola, dálítill SV-sjór.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að ofangreind skýrsla væri að öllu leyti rétt. Hann kveðst hafa verið að taka inn vörpuna, er varðskipið kom að, en vegna dimmviðris hefði hann ekki vitað, hvar hann var staddur nákvæmlega. Eftir að létti upp, hafi honum verið ljóst, að hann hafði verið að toga innan landhelgislínu. Hann hefur því viðurkennt að hafa gerzt sekur um það brot, sem ákæran beinist að. Af hálfu skipseigenda hefur sú mótbára verið sett fram, að íslenzka ríkið hafi ekki haft heimild til að ákveða landhelgislínuna eins og gert var í tilskipun nr. 21/1952, en ekki virðist ástæða til að taka það atriði til meðferðar hér fyrir réttinum.

Með framburði skipherra varðskipsins og 1. stýrimanns, sem var á þá leið, sem að ofan er lýst, og með játningu ákærða, verður að telja sannað, að hann hafi að kvöldi hins 23. júní 1953 verið að togveiðum á skipi sínu Edison, O. 86, innan við landhelgislínu suðvestur af Tvískerjum. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5. frá 1920, sbr. lög nr. 82 8. des. 1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkv. mælingabréfi er togarinn Edison, O. 86, að stærð 219.95 rúml. brúttó, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi ísl. krónu í dag þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Þar eð ákærði hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, þykir refsing hans samkv. 3. gr. l. nr. 5/1920, sbr. 1. gr. l. nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 74.000,00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Edison, O. 86, skal gert upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Gaston Heinderson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í b/v Edison, O. 86, er gert upptækt, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. febrúar 1954.

Nr. 101/1953. **Ragnheiður Magnúsdóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn
Skarphéðni Jósepssyni (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1953 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð á gagnáfrýjanda svo og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 31. ágúst 1953, krefst þess, að synjað verði útburðar og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 7. október 1948 fór gagnáfrýjandi á fund aðaláfrýjanda og lagði fyrir hana til undirskriftar yfirlýsingu, sem hann hafði samið og handritað, svo hljóðandi:

„Ég undirrituð, Ragnheiður Magnúsdóttir, Þórsgötu 5, viðurkenni hér með, að ég leigi Skarphéðni Jósepssyni, Spítalastíg 4 B, íbúðina áfram, á meðan hann þarf hennar.

Rvík, 7/10 — 1948.“

Ritaði aðaláfrýjandi fyrir neðan dagsetningu yfirlýsingarinnar orðin: „Húsaleiga greidd fyrir október“ — og síðan nafn sitt undir, og kveður gagnáfrýjandi sig samkvæmt þessu hafa öðlazt ótímabundinn rétt til leigu á íbúðinni, meðan hann telji sig hafa hennar þörf. Aðaláfrýjandi segist hins vegar hafa undirritað yfirlýsinguna í trausti þess, að hún hefði einungis að geyma samkomulag aðilja um leigufjárhæð, enda hafi hún ekki lesið yfirlýsinguna. Fógeti hefur í úrskurði,

upp kveðnum 26. júní 1951, sem hefur ekki verið áfrýjað, lagt til grundvallar þá frásögn gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi lesið yfirlýsinguna, áður en hún undirritaði. En þótt miðað sé við, að aðaláfrýjandi hafi lesið yfirlýsinguna, þá bar gagnáfrýjanda samt að benda henni á, áður en hún undirritaði, að yfirlýsingin geymdi, að hans dómi, miklu víðtækari rétt honum til handa en tíðkast almennt í leigusamningum. Var skylda gagnáfrýjanda til að kynna aðaláfrýjanda efni yfirlýsingarinnar og afleiðingar því ríkari, þar sem hann hafði samið yfirlýsinguna sjálfur og vildi með henni leggja óvenjulegar byrðar á aðaláfrýjanda. Með því að mjög ósennilegt má teljast, að aðaláfrýjandi hefði undirritað yfirlýsinguna, ef henni hefði verið ljóst, að hverju hún gekk, og gagnáfrýjandi hefur engar líkur leitt að því, að aðaláfrýjandi hafi ekki vaðið í villu, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi í þessum skiptum aðilja gerzt brotlegur við 7. gr. laga nr. 73/1933 og 32. gr. laga nr. 7/1936, og stendur fógetaúrskurðurinn frá 26. júní 1951 því ekki í vegi, að málsástæða sú, sem nú var athuguð, verði tekin til greina í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður að telja, að aðaláfrýjandi sé ekki bundin af yfirlýsingunni frá 7. október 1948. Ber því að taka til greina kröfu hennar um útburð á hendur gagnáfrýjanda úr íbúð þeirri, sem hann hefur leigt af henni í húsinu nr. 4 B við Spítalastíg í Reykjavík.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem í málinu greinir.

Gagnáfrýjandi, Skarphéðinn Jósepsson, greiði aðaláfrýjanda, Ragnheiði Magnúsdóttur, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. júlí 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. júní sl., hefur Ragnheiður Magnúsdóttir, Spítalastíg 7, krafizt þess, að Skarphéðinn Jósepsson verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur haft til afnota í húsinu nr. 4 B við Spítalastíg. Enn fremur krefst hún málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Skarphéðinn Jósepsson, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Hinn 7. október 1948 leigði gerðarbeiðandi gerðarþola íbúð, 3 herbergi og eldhús, á 1. hæð húss síns nr. 4 B við Spítalastíg. Liggur fyrir skrifleg yfirlýsing gerðarbeiðanda, dagsett sama dag, sjá rskj. 10, en þar segir svo, að gerðarþola sé leigð íbúð þessi, „á meðan hann þarf hennar". Þá er tekið fram um, að leiga sé greidd fyrir október, og loks er undirskrift gerðarbeiðanda. — Annar skriflegur leigumáli liggur ekki fyrir.

Með bréfi, dags. 13. febrúar sl., segir gerðarbeiðandi gerðarþola upp ofangreindu húsnæði frá og með 14. maí sl., og er uppsögnin birt gerðarþola með stefnuvottum á dagsetningardegi hennar.

Gerðarþoli hefur ekki farið að þessari uppsögn, og krefst gerðarbeiðandi útburðar á honum með bréfi til borgarfógeta, dags. 18. maí sl. Byggist útburðarkrafan á eftirfarandi atriðum: 1) Gerðarþoli hafi ekki, þrátt fyrir lögmæta uppsögn, rýmt húsnæðið á tilskildum tíma, en gerðarbeiðandi kveðst vera búin að leigja öðrum húsnæðið. 2) Hann hafi gerzt sekur um vítaverð vanskil á hitagreiðslum. Svo hagar til í húsinu nr. 4 B við Spítalastíg, að heitavatnsmælir er sameiginlegur fyrir íbúð gerðarþola og aðra íbúð í húsinu, þar sem nú býr Einar Theodórsson. Hefur mælirinn verið á nafni gerðarþola og hann greitt fyrir hitanotkun beggja íbúðanna og krafið síðan íbúa hinnar íbúðarinnar um tiltölulegan hluta hans af greiðslunni. Nú skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að gerðarþoli hafi upp úr síðastliðnum áramótum fyrirvaralaust hætt að inna hitagreiðslur af hendi og hafi því verið lokað fyrir hitaveitulögnina. Kveðst gerðarbeiðandi hafa neyðzt til að greiða tvo hitareikninga, sjá rskj. 4 og 5, svo og sérstakt gjald fyrir enduropnun, með því og að hennar nafn hafi verið talið fyrir hitaveitumælinum að tilhlutan gerðarþola. Kveður gerðarbeiðandi gerðarþola hafa gert þá ráðstöfun algerlega í heimildarleysi, og telur hún honum það til enn frekari víta. 3) Gerðarbeiðandi kveður gerðarþola hafa vélað sig til þess að undirrita rskj. 10. Hann hafi ritað texta þess skjals og fengið sér það til undirskriftar, og kveðst hún hafa undirritað það í þeirri trú, að efni þess væri annað en vera reyndist. 4) Þá hafi gerðarþoli fengið sig með brögðum til að láta framkvæma rándýra viðgerð á hinni umdeildu íbúð. 5) Gerðarþoli hafi beitt aðra íbúa hússins ágengni, og auk þess kveður gerðarbeiðandi, að hann hafi reynt að spilla þeim við sig og spana þá á móti sér, og telur gerðarbeiðandi slíkt

atferli atvinnuróg beint að sér. — Vegna framanritaðs telur gerðarbeiðandi gerðarþola hafa glatað öllum rétti til að hafast við í hinni umdeildu íbúð.

Gerðarþoli telur uppsögnina á rskj. 2 óvirka gagnvart sér með tilliti til þess, að yfirlýsing gerðarbeiðanda sjálfrar á rskj. 10, áskilji honum leigurétt í íbúðinni, á meðan hann þurfi hennar við. Kveðst gerðarþoli ekki þrátt fyrir miklar tilraunir hafa getað fengið sér aðra íbúð jafngóða eða með viðráðanlegum leigukjörum.

Gerðarþoli mótmælir því, að hann hafi gerzt sekur um vanskil gagnvart gerðarbeiðanda. Hann skýrir svo frá, að hann hafi alltaf orðið að greiða hitareikninga, áður en hann gæti krafið Einar Theodórsson um tiltölulegan hluta hans, og hafi sér verið það ofviða fjárhagslega, með því og að iðulega hafi dregizt um marga daga, að Einar stæði í skilum við sig, stundum allt að því um hálfan mánuð. Kveðst hann hafa farið þess á leit við ráðamenn hitaveitunnar að fá sérmæli fyrir hitaveitu, en þess hafi ekki verið kostur. Þannig hafi verið farin sú leið að skrifa gerðarbeiðanda fyrir mælinum. Hann kveðst aldrei hafa beðið gerðarbeiðanda að leggja út fyrir sig fé og þaðan af síður að láta dragast að krefja sig um það, en hann kveður gerðarbeiðanda aldrei hafa endurkrafið sig fyrr en nú í máli þessu.

Hjónin Einar Theodórsson og Kristín Olsen, Spítalastíg 4 B, hafa gefið vottorð í málinu, sjá rskj. 7. Þau skýra þar svo frá, að gerðarþoli hafi ekki skrúfað frá heitavatnsrennsli til íbúðar þeirra fyrr en kl. 10.30 f. h., og hafi þess vegna oft verið óhæfilega kalt í íbúð þeirra, en síðan hann hætti að greiða hitareikninga, hafi hann aftur á móti skrúfað svo mjög frá, að hitinn hafi orðið allt of mikill. Þau kvarta um ýmiss konar yfirgang, sem hann hafi sýnt þeim í þessu sambandi, og segja, að hann hafi reynt að egna þau gegn húseiganda. — Þau hjónin hafa mætt í réttinum sem vitni. Kristín Ólsen segist oft hafa orðið að biðja gerðarþola þess sérstaklega að opna fyrir hitaveituna, og hafi hann þá orðið við því. Einar Theodórsson tók fram, aðspurður, að þegar í vottorðinu sé talað um, að gerðarþoli hafi reynt að egna þau hjónin gegn húseiganda, sé átt við það, að gerðarþoli hafi sagt þeim, að þau mættu búast við því, að gerðarbeiðandi léti þau rýma íbúðina. Vitnum þessum ber saman um, að gerðarþoli hafi stundum sýnt hitareikninga, áður en þau greiddu þá að sínum hluta, en í vottorðinu segir, að gerðarþoli hafi aldrei sýnt slíka reikninga og sjaldan gefið kvittun fyrir slíkum greiðslum.

Í sama réttarhaldi og greinargerð kom fram af hálfu gerðarþola greiddi hann upphæð þá, sem gerðarbeiðandi taldi hann skulda sér, kr. 399,50, og var tekið við þeirri greiðslu með fyrirvara um framgang útburðar.

Í máli milli sömu aðilja, er rekið var hér fyrir dómi og lauk með úrskurði, upp kveðnum 26. júní 1951, krafðist gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola og byggði þá kröfu sína m. a. á uppsögn.

Varnarástæða gerðarþola gegn uppsögn þessari var þá eins og nú, að uppsögnin væri ekki gild vegna yfirlýsingar gerðarbeiðanda á rskj. 10 um rétt hans til íbúðarinnar, á meðan hann þyrfti hennar með. Um málsástæðu þessa hefur því þegar verið dæmt, og kemur hún því eigi til álita í þessu máli. Sú ástæða, að gerðarþoli hafi fengið gerðarbeiðanda með brögðum til að framkvæma rándýra viðgerð á íbúðinni, virðist einnig hafa verið afgreidd í fyrra málinu.

Staðhæfing gerðarbeiðanda um ágengni gerðarþola við sambýlisfólk hans og meintar tilraunir hans til að spilla afstöðu þess til gerðarbeiðanda sýnist ekki hafa við nægileg rök að styðjast, til þess að talið verði, að gerðarþoli hafi fyrirgert leigurétti sínum af þeim sökum.

Eins og segir hér að framan, byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína einnig á vanskilum gerðarþola á greiðslu fyrir hita í íbúð hans. Með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi krafði gerðarþola ekki um þessa greiðslu, áður en mál þetta hófst, en gerðarþoli greiddi hins vegar skuld sína í sama réttarhaldi og hann lagði fram greinargerð af sinni hálfu, verður ekki talið, að um svo veruleg vanskil af hans hálfu sé að ræða, að hann hafi þeirra vegna fyrirgert leigurétti sínum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1954.

Nr. 5/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason)
gegn
Dánarbúi Alfons Jónssonar
(Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson, próf. Ármann Snævarr og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1953. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda

og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og getið er í héraðsdómi, hefur skattanefnd Siglufjarðarkaupstaðar lýst því, að hún telji skuldir h/f Víkings, kr. 343.000,00, sem í málinu greinir, algerlega tapað fé og að afskrift þeirra hafi verið réttmæt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, dánarbúi Alfons Jónssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Alfons Jónsson, ræðismaður á Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. febrúar 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eftir að mál þetta var höfðað, lézt stefnandi, en dánarbú hans hefur haldið málinu áfram.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að felldur verði niður stóreignaskattur sá, að fjárhæð kr. 23.648,00, sem honum var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur enn fremur áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á skattinum af öðrum ástæðum en fram koma í máli þessu, ef svo skyldi virðast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólum hér á landi varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá

1950 og laga nr. 117 frá 1950, um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 117 frá 1950 bar skattstjóranum í Reykjavík að leggja á skatt þennan. Skatturinn skyldi lagður á skattþegna miðað við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi, að eign stefnanda við ákvörðun stóreignaskatts næmi kr. 696.663,00 auk eignar hans í félögum, kr. 24.572,00. Samkvæmt þessu taldi skattstjórinn, að stefnanda bæri að greiða kr. 49.499,00 í stóreignaskatt og auk þess nokkrum félögum, sem hann átti hlutafé í, kr. 3.684,00. Skattálagningu þessari vildi stefnandi ekki una og kærði hana til skattstjórans í Reykjavík. Skattstjórinn endurreiknaði nú skattverðmæti eigna stefnanda og lækkaði nú eignamatið um kr. 172.638,00; þar af var hlutafjáreign stefnanda lækkuð að verðmæti um kr. 10.800,00. Þessum úrskurði skattstjóra skaut stefnandi til ríkisskattanefndar, sem lækkaði enn skattverðmæti eigna stefnanda um kr. 10.500,00. Stóreignaskattur stefnanda var nú ákveðinn kr. 23.648,00, og auk þess skyldu hlutafélög, sem hann átti hlutafé í, greiða kr. 2.038,00 vegna þessarar eignar hans. Þessu vildi stefnandi ekki una og höfðaði því mál þetta.

Kröfur sínar um, að stóreignaskattur hans verði felldur niður, byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að þau ákvæði laga nr. 22 frá 1950, laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, sem um stóreignaskattinn fjalla, séu ógild af þeirri ástæðu, að þau brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 frá 17. júní 1944.

Skoðun þessa rökstyður stefnandi með því, að samkvæmt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsheill krefjist, enda komi fullt verð fyrir. Þetta ákvæði og sú hugsun, sem þar komi fram, sé einn af hyrningarsteinum þess þjóðskipulags, sem við nú höfum, og á henni byggist allt þjóðhagskerfi okkar. Hins vegar sé ljóst, að þrátt fyrir þetta beri nauðsyn til að setja eignarréttinum ýmis takmörk. Þannig sé heimilt samkvæmt ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar að leggja skatt á menn. Þetta byggist á því, að ríki verði ekki haldið uppi, nema það hafi umráð yfir verulegum fjárverðmætum, en þeirra verði ekki aflað nema með því að taka þau af þegnunum. Eðlilegasta leiðin til að afla slíkra verðmæta sé að leggja skatta á tekjur þegnanna. Eignarskattar séu hins vegar mjög óeðlilegir og megi aldrei vera hærri en svo, að þá megi vel greiða af þeim tekjum, sem eignin gefi af sér, þannig að hún sjálf rýrni ekki. Sé lengra gengið í þessu, sé ekki um sköttun að ræða, heldur eignarupptöku, sem einmitt sé óheimil samkvæmt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar. Stóreignaskattur sá, sem hér um ræðir, sé mjög hár. Skattþegn geti orðið að greiða næstum einn fjórða hluta af skuldlausri eign sinni í stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950. Þetta sé mun meiri eignataka en hægt sé að telja skatt. Hér sé um ólögmæta eignarupptöku að ræða,

sem á engan hátt verði réttlætt. Lagaákvæði þessi brjóti því greinilega í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, og beri því að fella þau úr gildi.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að ákvæði laga nr. 22 frá 1950, um stóreignaskatt, svo og síðari breytingar á þeim lögum brjóti á nokkurn hátt í bága við stjórnarskrána. Lögin hafi verið sett á venjulegan stjórnskipulegan hátt, og enginn formgalli sé á setningu þeirra. Þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd einstaklingseignarréttarins sé ráð fyrir því gert í stjórnarskránni sjálfri, að ríkið taki verðmæti af þegnunum án endurgjalds. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar sé rætt um, að skattar séu lagðir á þegnana. Skattaálögur séu því heimilar, þar á meðal álagning stóreignaskatts. Ljóst sé, að stóreignaskatturinn sé raunverulegur skattur, en ekki eignarupptaka. Ekki hafi verið vitað fyrir fram, hverjir yrðu að greiða stóreignaskatt, og álagning hans hafi verið miðuð við ákveðnar eignir hjá skattþegnunum. Þetta sé meðal annars eitt af einkennum skatta. Þá beri þess að gæta, að álagning stóreignaskattsins hafi verið einn þáttur í margþættri tilraun til að lagfæra fjárhagskerfi þjóðarinnar í heild.

Í stjórnarskránni, nr. 33. frá 17. júní 1944, segir í 40. gr., að engan skatt megi leggja á né breyta né taka af nema með lögum, og í 77. gr. segir, að skattamálum skuli skipa með lögum. Önnur ákvæði eru ekki um skatta í stjórnarskránni, og ekki er þar tekið fram, á hvern hátt eða eftir hvaða reglum ríkið skuli fá tekjur til að standast straum af rekstrarkostnaði sínum. Almenni löggjafinn virðist því hafa allfrjálsar hendur um tekjuöflunaraðferðir þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er ómótmælt, að lög nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum séu settar á stjórnskipulegan hátt, og byggist stóreignaskatturinn því á formlega gildri lagaheimild.

Þess verður að krefjast um skatta, að þeir séu lagðir á gjaldendur eftir efnahagslegum mælikvarða. Þegar virt eru ákvæði laga nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum, sem hér skipta máli, er ljóst, að þessa er gætt í þeim atriðum, sem þetta mál snýst um, enda þótt óvanalegum reglum sé beitt við mat á skattskyldum eignum.

Með lögum nr. 22 frá 1950 voru gerðar róttækar breytingar á fjárhagskerfi landsins í því skyni að koma því í fastari skorður. Gengi íslenzks gjaldmiðils var stórlækkað gagnvart erlendum gjaldmiðli, en við það mátti ætla, að verð eigna innan lands hækkaði mjög í krónutali. Til þess að reisa skorður við því, að gengisbreytingin orsakaði aukna verðbólgu innan lands, voru sett ýmis ákvæði í lögum þessum, þar á meðal ákvæðin um stóreignaskatt. Þetta markmið ákvæða laganna verður að hafa í huga, þegar það er metið, hvort þau séu ógild af þeim ástæðum, að þau brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ljóst er, að stóreignaskatturinn mun rýra að marki eignir þeirra,

sem verða að bera hann. Þrátt fyrir það þykir, þegar gætt er þeirra atriða, sem að framan hafa verið rakin, eigi ástæða til að telja, að þau ákvæði laga nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum, sem um hann fjalla, brjóti í heild eða meginstefnu í bága við þau ákvæði stjórnarskrárinnar, sem fjalla um friðhelgi eignarréttarins. Verður því krafa stefnanda um, að skattur hans verði felldur niður, ekki á þessu byggð.

Svo sem að framan var getið, var stóreignaskattskyld eign stefnanda talin nema kr. 524.325,00 og auk þess verðmæti hlutabréfaeignar hans kr. 13.599,00. Hefur stefnandi bent sérstaklega á þrjú atriði, er hann telur, að breyta beri í skattmati eigna sinna.

1. Meðal eigna stefnanda er talin inneign hans hjá Víkingi h/f á Siglufirði, að fjárhæð kr. 343.000,00. Fé þetta telur stefnandi að öllu leyti tapað, og ekki beri að telja það með eignum hans.

2. Meðal eigna stefnanda er talin inneign hans hjá Skipaverzlun Víkings h/f á Siglufirði, að fjárhæð kr. 120.497,78. Skattstjórinn í Reykjavík ákvað, að inneign þessi skyldi teljast stefnanda til eignar með kr. 54.497.78. Stefnandi telur hins vegar, að fé þetta sé allt tapað og beri ekki að telja neitt af því meðal eigna hans.

3. Við álagningu stóreignaskattsins var stefnanda reiknuð eign í leigulóðum kr. 52.562,00. Eignarlið þennan, telur stefnandi, að fella beri algerlega í burtu. Þá telur stefnandi, að bryggju og bryggjupall, sem honum var talin til eignar á ferföldu fasteignamatsverði, kr. 193.600,00, beri aðeins að telja honum til eignar á fasteignamatsverði, kr. 48.400,00.

Inneign hjá Víkingi h/f.

Stefnandi og kona hans áttu hlutabréf í Víkingi h/f á Siglufirði, að nafnverði kr. 2.700,00. Stefnandi var í stjórn félagsins og framkvæmdastjóri þess og virðist algerlega hafa haft einn með fjárreiður þess að gera. Samkvæmt skattaframtali stefnanda árið 1950 átti hann hinn 31. des. 1949 kr. 25.000,00 hjá þessu félagi, og auk þess hafði hann tekið á sig persónulega ábyrgð á skuldum félagsins, að fjárhæð kr. 318.000,00. Taldi stefnandi allt þetta fé, kr. 343.000,00, sér til eignar á skattaframtalinu, en krafðist þess jafnframt, að þessi eignarliður yrði með öllu felldur niður. Skattstjórinn í Reykjavík taldi hins vegar allt fé þetta með eignum stefnanda. Heildarhlutafé Víkings h/f virðist hafa verið kr. 3.000,00 og tilgangur þess hafa verið að reka verzlun. Félagið mun enga starfsemi hafa rekið um alllangt skeið. Félagið taldi eigi nægilega snemma fram til skatts á árinu 1950. Á framtali, sem frá félaginu kom, er engra eigna getið og engra skulda. Þá er þar ekki getið neinna tekna eða gjalda, og enginn efnahags- og rekstrarreikningur fylgdi. Á framtalinu er þess eins getið, að hlutafé þess sé kr. 3.000,00 og sé allt tapað. Félaginu mun í upphafi hafa verið gert að greiða einhverja skatta á Siglufirði, en síðan verið strikað út af skattskrá af skattyfirvöldum samkvæmt kæru.

Stefnandi telur, að fé þetta, kr. 343.000,00, beri ekki að telja með eignum hans við ákvörðun stóreignaskatts, þar sem félagið Víkingur h/f sé gersamlega eignalaust og geti aldrei greitt neitt af því. Hefur stefnandi þessu til stuðnings bent á, að Víkingi h/f hafi ekki verið gert að greiða neinn skatt á árinu 1950, og lagt fram vottorð skattanefndar Siglufjarðar, þar sem talið er, að inneign hans hjá Víkingi h/f sé algerlega tapað fé. Hefur hann bent á, að í upphafi 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé ákveðið, að við ákvörðun stóreignaskatts skuli hrein eign ákveðin eins og í skattalögum greinir, en þar sé átt við ákvæði laga nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt, og ákvæði reglugerðar nr. 133 frá 1936. Í f-lið 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 segi, að útistandandi skuldir skuli taldar með nafnverði, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu. Í samræmi við þetta segi svo í 3. mgr. H-liðar 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936, að sé vitanlegt, að skuld greiðist eigi að fullu, skuli færa hana niður eftir ástæðum í samráði við skattanefnd og sleppa henni alveg, ef hún telst töpuð með öllu. Með vísan til þessa alls telur stefnandi, að þegar af þessari ástæðu beri að lækka eign hans við ákvörðun stóreignaskatts um kr. 343.000,00 eða í kr. 194.924,00, en af þeirri eign skuli ekki greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Stefndi hefur mótmælt því, að fé þetta sé stefnanda tapað. Ekki hafi komið fram nein örugg gögn um efnahag Víkings h/f. Ekkert verði byggt á skattframtali því, sem félagið hafi gert, enda sé það sannanlega rangt. Hefur stefndi bent á, að talið sé, að félagið eigi lóð á Siglufirði, sem sé metin á kr. 3.000,00 að fasteignamatsverði. Engar skuldir séu þar taldar, engar tekjur og engin gjöld. Hins vegar telji stefnandi sjálfur, að félagið hafi greitt honum kr. 12.000,00 í laun á árinu 1949. Það sé því algerlega ósannað, hvort félagið hafi átt fyrir skuldum eða ekki hinn 31. des. 1949. Vottorð skattanefndar Siglufjarðar skipti engu máli í þessu sambandi og sýni aðeins einkaálit manna þeirra, sem í skattanefndinni hafi verið. Það sé því rétt að telja stefnanda fé þetta til eignar, enda sé á engan hátt fullnægt skilyrðum f-liðar 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 og 3 mgr. H-liðar 25. gr., sbr. C-lið 16. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936, en við þessi ákvæði skuli miðað í þessu sambandi.

Efnahags- og rekstrarreikningur Víkings h/f fyrir árið 1949 hefur ekki komið fram í máli þessu, og af hálfu stefnanda hefur verið lýst yfir því, að ekki muni vera unnt að afla gagna þessara.

Í skattaframtali stefnanda árið 1950 eru færðar meðal eigna eftirtaldar útistandandi skuldir hjá Víkingi h/f:

1. Lánað 1948	kr.	25.000,00
2. Víxill í Landsbankanum	—	125.000,00
3. Víxill í Landsbankanum	—	138.000,00
4. Víxill í Sparisjóði	—	35.000,00

5. Víxill í Útvegsbankanum ..... kr. 20.000,00

kr. 343.000,00

Skuldir þessar eru síðan afskrifaðar að fullu sem tapaðar.

Um 1. Hér virðist vera um lán að ræða, sem stefnandi hafi veitt Víkingi h/f.

Í upphafi 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að við álagningu stóreignaskatts skuli mat á verðmæti eigna fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign ákveðin eins og þar segir, nema annað sé fram tekið í lögum nr. 22 frá 1950 sjálfum. Hér hlýtur að vera átt við ákvæði laga nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt. Í f-lið 19. gr. þeirra laga segir, að útistandandi skuldir skuli taldar með nafnverði, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu. Í 3. mgr. H-liðar 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 segir í samræmi við þetta, að sé vitanlegt, að skuld greiðist eigi að fullu eða að skuld sé töpuð að einhverju leyti, skuli færa hana niður eftir ástæðum í samráði við skattanefnd og sleppa henni alveg, ef hún teljist töpuð með öllu. Í 5. mgr. H-liðar sömu greinar segir hins vegar, að um mat á útistandandi skuldum atvinnufyrirtækja skuli fara eftir ákvæðum C-liðar 16. gr. reglugerðarinnar. Ekki verður séð, að stefnandi hafi verið atvinnurekandi á þessum tíma, og skipta því þessi síðasttöldu ákvæði ekki máli hér.

Í málinu er fram komið, að skuldir Víkings h/f námu verulegu fé í árslok 1949 auk umræddra kr. 25.000,00. Hins vegar er ekki fram komið, að eignir félagsins hafi verið aðrar en réttindi til einnar leigulóðar, sem var kr. 3.000,00 að fasteignamatsverði. Þegar þetta er virt, er ljóst, að þessi inneign stefnanda hjá félaginu er einskis virði, og ber ekki að telja hana með eignum hans samkvæmt ákvæðum f-liðar 19. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Um 2 og 3. Fram er komið í málinu, að hér er um að ræða tvo víxla, út gefna af stefnanda og samþykkta af Víkingi h/f, til greiðslu 30. des. 1949 og 1. janúar 1950, en útibú Landsbanka Íslands á Akureyri var eigandi víxla þessara. Víkingur h/f var talinn skuldari samkvæmt víxlum þessum, og stefnandi hafði ekki leyst þá til sín. Hins vegar er því ómótmælt haldið fram, að á skattaframtali sínu telji stefnandi víxilskuldir þessar meðal annarra skulda sinna. Stefnandi hafði ekki greitt víxilskuldir þessar hinn 31. des. 1949 og eigandi víxlanna hafði ekki fært honum víxilfjárhæðirnar til skuldar, enda var annar víxillinn þá ekki fallinn í gjalddaga. Þegar þess er hins vegar gætt, að Víkingur h/f hafði engan rekstur haft um langt skeið og átti mjög óverulegar eignir, en skuldaði stórfé, þá virðist stefnandi hafa mátt ætla, að hann yrði að greiða víxilskuldir þessar, enda virðast þær eigi hafa verið tryggðar á annan hátt en með persónulegri ábyrgð hans. Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi ekki greint í sundur sín eigin fjárskipti og Víkings h/f. Þegar

þetta allt er virt, þykir eftir atvikum öllum stefnanda hafa verið heimilt í þessu sambandi að telja skuldbindingar þessar með öðrum skuldum sínum. Hins vegar má á það fallast, að inneign stefnanda hjá Víkingi h/f vegna þessara skuldbindinga hafi verið einskis virði og megi samkvæmt ákvæðum f-liðar 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 lækka eign hans um það fé. Ber því að lækka eignir stefnanda um þessar fjárhæðir, kr. 263.000,00.

Um 4. Fram er komið, að hér er um að ræða víxil, samþykktan af Víkingi h/f, en út gefinn af stefnanda. Víxill þessi var eign Sparisjóðs Siglufjarðar. Stefnandi hafði ekki leyst víxil þennan til sín, en ómótmælt er, að á skattframtali sínu árið 1950 telji stefnandi víxilskuld þessa meðal annarra skulda sinna. Með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan um hag Víkings h/f og fjárskipti félagsins og stefnanda, þá þykir mega fella niður inneign stefnanda hjá Víkingi h/f vegna víxils þessa.

Um 5. Fram er komið í málinu, að hér er um að ræða víxil, út gefinn af stefnanda og samþykktan af Víkingi h/f, en víxill þessi var eign skrifstofu Útvegsbanka Íslands h/f á Siglufirði. Eigi er annað fram komið en Víkingur h/f hafi verið raunverulegur skuldari samkvæmt víxli þessum og stefnandi hafði ekki leyst víxilinn til sín. Stefnandi taldi víxilskuld þessa ekki meðal skulda sinna á skattframtali árið 1950, þótt hann hins vegar teldi sig eiga inneign hjá Víkingi h/f, sem víxilfjárhæðinni nam. Af framangreindu er ljóst, að stefnandi gat ekki með réttu talið Víking h/f skulda sér víxilfjárhæð þessa eða jafnvirði hennar. Ber því að lækka útistandandi skuldir stefnanda um þessa fjárhæð, kr. 20.000,00, enda þykir ekki eiga að koma honum til halla hið þersýnilega ranga skattframtal á árinu 1950.

Samkvæmt framangreindu ber þegar af þessum ástæðum að lækka stóreignaskattskylda eign stefnanda um kr. 343.000,00. Eins og áður getur, taldi skattstjórinn í Reykjavík grunnskattseign stefnanda kr. 524.325,00. Samkvæmt framangreindu ber að lækka þá fjárhæð um kr. 343.000,00 eða í kr. 181.325,00. Hlutafjáreign stefnanda og konu hans var reiknuð til eignar í þessu sambandi á kr. 13.599,00. Með þeim breytingum, sem þegar hafa verið gerðar, nemur því heildareign stefnanda kr. 194.924,00, en af þeirri eign ber eigi að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Þar sem heildareign stefnanda er þannig komin niður fyrir það lágmark eigna, sem greiða skal stóreignaskatt af, þykir eftir atvikum ekki ástæða til að ræða önnur rök stefnanda fyrir frekari lækkun á eignamati hans.

Samkvæmt þessu verður krafa stefnanda um niðurfellingu stóreignaskattsins tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, út gefnu 16. júlí 1952, en með úrskurði, upp kveðnum 1. s. m., hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefnanda, dánarbúi Alfons Jónssonar, er óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1954.

Nr. 159/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Egill Sigurgeirsson) gegn **Carli Sæmundsen** (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson, próf. Ármann Snævarr og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1952. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Carli Sæmundsen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Gunnar Þorsteinsson hrl. hér í bæ f. h. Carls Sæmundsens stórkaupmanns, Kaupmannahöfn, Danmörku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. febrúar 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að felldur verði niður stóreignaskattur sá, að fjárhæð kr. 17.760,00, sem honum var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur enn fremur áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á stóreignaskatti þessum, ef það skyldi teljast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir bæjarþinginu varðandi stóreignaskattinn.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattur þessi var lagður á skattþegna miðað við eignir þeirra hinn 31. des. 1950.

Firmað Carl Sæmundsen & Co. í Kaupmannahöfn er þinglesinn eigandi fasteignanna nr. 13 og 15 við Pósthússtræti og lóðarinnar nr. 30 við Brávallagötu hér í bæ, en stefnandi er talinn einkaeigandi firma þessa. Eignir þessar eru samtals að fasteignamatsverði kr. 79.600,00. Við ákvörðun stóreignaskatts taldi skattstjórinn í Reykjavík eignir þessar stefnanda til eignar á sexföldu fasteignamatsverði, kr. 477.600,00, og gerði honum að greiða kr. 17.760,00 í stóreignaskatt.

Á fasteignunum nr. 13 og 15 við Pósthússtræti hvíldu tvær þinglesnar veðskuldir, samtals að fjárhæð d. kr. 150.000,00. Á skattaframtali ársins 1950 voru skuldir þessar ekki taldar fram, og var ekki tekið tillit til þeirra við ákvörðun stóreignaskattsins. Stefnandi kærði stóreignaskattsálagningu þessa fyrst til skattstjórans í Reykjavík og síðar til ríkisskattanefndar, en án þess að henni fengist breytt.

Firmað Carl Sæmundsen & Co. hefur um langt skeið verið þinglesinn eigandi húseignanna nr. 13 og 15 við Pósthússtræti ásamt

fylgjandi eignarlóðum. Með veðskuldabréfi, dags. 24. marz 1936, veðsetti firmað Peder Pedersen í Kaupmannahöfn eignir þessar með fyrsta veðrétti til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 95.000,00. Ársvextir af skuldinni voru ákveðnir 5%, er greiða skyldi misserislega 11. júní og 11. desember ár hvert. Afborganir af skuldinni skyldu vera 10% af leigutekjum eignanna, eins og þær væru á hverjum tíma. Afborganir skyldi greiða á sama tíma og vextina. Með öðru veðskuldabréfi, dags. 24. maí 1936, veðsetti firmað Amagerbanken í Kaupmannahöfn eignir þessar með öðrum veðrétti til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 55.000,00. Ársvextir af skuld þessari voru ákveðnir 5%, er skyldi greiða misserislega 11. júní og 11. desember ár hvert. Afborganir af skuld þessari skyldu vera 10% af leigutekjum eignanna, eins og þær væru á hverjum tíma. Svo virðist sem eigi hafi verið greiddar afborganir af þeim um langt skeið þrátt fyrir þetta ákvæði veðskuldabréfanna. Samkvæmt vottorði löggilts endurskoðara í Kaupmannahöfn voru skuldabréf þessi eign A/S Lützens Trikotage- og Tekstilfabrik hinn 31. des. 1949, og hafði þá ekkert verið greitt af þeim.

Stefnandi, Carl Sæmundsen & Co., hefur fastan umboðsmann hér á landi og hefur að jafnaði talið fram til skatts. Árin 1939 og 1949 incl. taldi stefnandi fram til skatts og þar með fyrrgreindar veðskuldir. Skattyfirvöldin tóku hins vegar ekki tillit til skulda þessara við ákvörðun skatta hans. Árið 1950 taldi stefnandi enn fram til skatts, en á því framtali var skulda þessara ekki getið.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að við ákvörðun eignar hans, þegar stóreignaskattur sé á lagður, beri að taka tillit til skulda þessara. Honum beri ekki að greiða skatt af meira fé en nemi eign hans hér á landi. Samkvæmt ákvörðun skattstjórans nemi verðmæti fasteigna hans hér við ákvörðun stóreignaskatts kr. 477.600,00. Frá þeirri fjárhæð beri að draga skuldir þær, er á fasteignunum hvíldu, d. kr. 150.000,00, sem með gengi 236,30 séu ísl. kr. 354.450,00. Heildareignin hafi því átt að teljast kr. 123.150,00, en af þeirri eign eigi ekki að reikna stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Ástæðan til þess, að skulda þessara hafi ekki verið getið á skattaframtali árið 1949, sé aðeins sú, að umboðsmanninum hafi láðst að rita þær á framtalið.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að óskylt hafi verið að reikna með margnefndum veðskuldum, þegar ákveðin var heildareign stefnanda við álagningu stóreignaskattsins. Skuldir þessar séu á allan hátt húsinu óviðkomandi, en það séu aðeins þær skuldir, sem séu risnar af viðskiptum varðandi fasteignir sjálfar, sem taka eigi tillit til, þegar ákveðnar séu eignir erlendra manna í sambandi við álagningu skatta.

Þá hefur stefndi bent á, að stefnandi hafi ekki talið fram skuldir þessar, þegar hann taldi fram til skatts í ársbyrjun 1950.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að leggja skuli stór-

eignaskattinn á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Þá segir í upphafi 2. mgr. 12. gr., að mat á verðmæti eigna skuli fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign ákveðin, eins og þar segir, með þeim breytingum, sem greinir síðar í 2. mgr. 12. gr. Í 2. mgr. 15. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 6 frá 1935, segir, að menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, skuli greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, sem um ræðir í 2. gr. laganna, en þar er meðal annars talað um fasteignir og tekjur af þeim. Í 1. mgr. 17. gr. segir, að sé skattur greiddur samkvæmt 2. mgr. 15. gr., megi aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Því er ómótmælt, að stefnandi hafi verið skattskyldur hér á landi vegna framangreindra fasteigna hinn 31. des. 1949. Veðskuldir þær, sem um getur í máli þessu, voru tryggðar með veði í fasteignunum nr. 13 og 15 við Pósthússtræti, og kröfuhafi gat gengið að þeim samkvæmt ákvæðum veðbréfanna, ef eigi var staðið í skilum um greiðslu afborgana eða vaxta. Skuldir þessar hvíldu því á umræddum fasteignum hinn 31. des. 1949. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 17. gr. laga nr. 6 frá 1935, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, bar því að draga skuldir þessar frá eignum stefnanda við ákvörðun stóreignaskattsins, enda er annað ósannað en hér sé um raunverulegar skuldir að ræða. Ekki þykir ástæða til að telja stefnanda hafa firrt sig rétti til að telja fram skuldir þessar, þótt þeirra væri eigi getið á framtali hans til skatts á árinu 1950.

Svo sem áður getur, nam verðmæti fasteigna stefnanda hér á landi kr. 477.600,00, ef það var reiknað samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Frá því bar samkvæmt framangreindu að draga veðskuldir þessar, d. kr. 150.000,00, sem ómótmælt er, að hafi átt að reikna á kr. 354.450,00. Hrein eign stefnanda í þessu sambandi nam því kr. 123.150,00, en af þeirri eign ber eigi að reikna stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Verður því krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dags. 16. júlí sl., en með úrskurði, upp kveðnum 1. júlí sl., hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefnanda, Carli Sæmundsen, er óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1954.

Nr. 109/1952. **Theódór Siemsen** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1952, krefst þess, að stóreignaskattur, sem honum hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22/1950, að fjárhæð kr. 1.926,00, verði felldur niður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Er virtar voru eignir áfrýjanda samkvæmt reglum 12. gr. laga nr. 22/1950, bar samkvæmt 1. tölulið nefndrar lagagreinar að leggja til grundvallar sexfalt fasteignamat húseignarinnar nr. 3 við Laugateig í Reykjavík, að því er varðaði eignarhluta áfrýjanda í þeirri húseign, enda hafði fasteignamat á eigninni verið framkvæmt, áður en ríkisskattanefnd felldi úrskurð í málinu, og stjórnvöldum innan handar að fá það framkvæmt fyrr, ef því var að skipta, sbr. 12. gr. laga nr. 70/1945. Samkvæmt þessu bar að reikna nefndan eignarhluta áfrýjanda kr. 185.130,00 í stað kr. 228.866,00, og lækkar heildarmat á eignum hans 31. desember 1949 því úr kr. 319.261,00 í kr. 275.525,00, en af þeirri fjárhæð á áfrýjandi ekki að greiða stóreignaskatt, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950. Af þessu leiðir, að kröfur áfrýjanda verða teknar til greina og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Stóreignaskattur, að fjárhæð kr. 1.926,00, er áfrýjanda, Theódór Siemsen, var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22/1950, er felldur niður.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Theódór Siemsen, kaupmaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. febrúar sl., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að felldur verði niður stóreignaskattur sá, að fjárhæð kr. 1.926,00, er honum var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattstjóranum í Reykjavík var falið að annast álagningu skatts þessa og úrskurða um kærur út af álagningu hans. Úrskurði skattstjóra skyldi þó mega skjóta til ríkisskattanefndar, og úrskurð hennar skyldi mega bera undir dómstólana.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi stóreignaskattsskylda eign stefnanda nema kr. 319.261,00, og var eignarhluti stefnanda í húsinu nr. 3 við Laugateig talinn þar með á kostnaðarverði, kr. 228.866,00. Samkvæmt þessu ákvað skattstjórinn stóreignaskatt stefnanda kr. 1.926,00. Stefnandi kærði skattálagningu þessa til skattstjórans, sem virðist ekki hafa breytt henni. Stefnandi skaut þá máli sínu til ríkisskattanefndar, sem með úrskurði, upp kveðnum 16. júlí 1951, ákvað, að skattákvörðun skattstjóra skyldi óbreytt standa.

Stefnandi skýrir svo frá, að á árinu 1948 hafi hann keypt 55% af húseigninni nr. 3 við Laugateig hér í bæ. Húseign þessi hafi þá verið fullgerð, en hafi þá enn eigi verið metin fasteignamati. Í skattaframtali ársins 1950 hafi hann talið eignarhluta sinn til eignar á áætluðu fasteignamatsverði, kr. 45.000,00, og hafi hann sjálfur tiltekið þá fjárhæð. Þetta atriði hafi skattstjórinn í Reykjavík ekki viljað taka til greina og talið húshlutann til eignar á kostnaðarverði, kr. 228.866,00. Hafi þeirri verðmætisákvörðun verið beitt bæði við ákvörðun eignarskatts og stóreignaskatts. Að því er eignarskattinn

varðaði, kærði stefnandi þessa ákvörðun bæði til skattstjórans og síðan til yfirskattanefndar, án þess að breyting fengizt á gerð. Stefnandi kærði þá þessa ákvörðun til ríkisskattanefndar, sem með úrskurði, upp kveðnum 20. febrúar 1951, ákvað, að fyrrgreindur húshluti stefnanda skyldi við ákvörðun eignarskatts teljast honum til eignar á hinu áætlaða fasteignamatsverði, kr. 45.000,00. Eins og áður greinir, kærði stefnandi einnig þetta atriði, að því er stóreignaskattinn varðaði, en án árangurs. Í desembermánuði 1950 var fasteignamat hússins loksins framkvæmt, og var þá eignarhluti stefnanda talinn kr. 30.855,00 að fasteignamatsverði.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 skuli mat á verðmæti eigna við ákvörðun stóreignaskatts fara fram eftir ákvæðum skattalaga og í 1. tl. sömu málsgreinar sé tekið fram, að fasteignir skuli metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með ákveðinni tölu. Engin ákvæði séu í 12. gr. um það, hvernig reikna skuli verðmæti fasteigna, sem hafa ekki verið metnar fasteignamati. Þar hljóti því að gilda ákvæði a-liðar 19. gr. laga nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt, en samkvæmt þeim skuli við mat á fasteignum til eignarskatts farið eftir gildandi fasteignamati eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat sé ekki fyrir hendi. Af þessum ákvæðum sé ljóst, að kostnaðarverðið skuli ekki nota við skattákvörðunina, og séu því ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um þetta atriði ógild, þar sem þau hafi ekki stoð í lögum. Fasteignamatsverð húseignarinnar nr. 3 við Laugateig hafi hins vegar verið fyrir hendi, áður en stóreignaskatturinn var endanlega ákveðinn, og hafi því borið að nota það við ákvörðun hans. Fasteignamatsverð hluta hans af húsinu hafi aðeins numið kr. 30.855,00, og þótt sú fjárhæð væri margfölduð með 6 samkvæmt ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, þá hefði samt heildareign hans ekki náð kr. 300.000,00 og því eigi verið stóreignaskattsskyld. Beri því að fella stóreignaskattinn niður þegar af þessari ástæðu.

Hefur stefnandi í þessu sambandi mótmælt gildi ákvæða 1. tl. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 um hækkun fasteignamatsverðsins. Þá hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar stóreignaskattsins eða lækkunar á honum af öðrum ástæðum, ef svo skyldi sýnast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem nú eru rekin fyrir dómstólunum hér á landi varðandi skatt þennan.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að í ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýlaust tekið fram, að álagning stóreignaskattsins skuli miðuð við eignir skattþegna hinn 31. des. 1949. Á þeim tíma hafi ekkert fasteignamat verið komið á eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 3 við Laugateig. Í ákvæðum 2. mgr. 12. gr. fyrrgreindra laga sé hins vegar um það talað, að leggja skuli fasteignamatsverð margfaldað með ákveðinni tölu til grundvallar við ákvörðun verðmætis fasteigna, þegar stóreignaskatturinn sé á lagður.

Þar sé hins vegar ekkert um það rætt, hvernig fari, ef fasteignamat sé ekki komið. Í 4. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 sé hins vegar tekið fram, að sé fasteign ekki komin í fasteignamat hinn 31. des. 1949, skuli eignin talin til eignar á kostnaðarverði. Þetta ákvæði sé í fullu samræmi við venju þá, sem ríkt hafi að undanförnu við verðmætisákvörðun slíkra eigna við skattálagningu. Ákvæði 4. gr. nefndrar reglugerðar hafi fulla stoð í ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Í 1. mgr. 12. gr. segi, að fara skuli um mat á verðmæti eigna eftir ákvæðum skattalaga, eftir því sem við á. Í a-lið 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 segi, að miðað skuli við áætlað matsverð, ef fasteignamatið sé ekki fyrir hendi á fasteignum, og í A-lið 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 sé boðið, að þegar áætla skuli matsverð fasteignar, skuli hafa kostnaðarverð til hliðsjónar. Það sé því fullheimilt að telja eign stefnanda með kostnaðarverði við álagningu stóreignaskattsins. Verð það, er stefnandi sjálfur hafi áætlað, kr. 45.000,00, sé að engu hafandi, enda mundi sízt vera til hagsbóta fyrir hann, ef við það væri miðað, þar sem þá bæri að margfalda það með tölunni 6 samkvæmt ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og húshluta hans ætti þá að reikna honum til eignar í þessu sambandi á kr. 270.000,00. Það skipti heldur engu máli í þessu sambandi, þótt síðar hafi komið fasteignamat á hús þetta. Við það verði ekki miðað við álagningu stóreignaskattsins, þar sem hann sé lagður á eignir skattþegna, eins og þær voru hinn 31. des. 1949, og síðari verðmætismöt skipti ekki máli, að því er álagningu hans varði.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo ákveðið, að við álagningu stóreignaskattsins skuli miðað við eignir skattþegna hinn 31. des. 1949. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að mat á verðmæti eigna skuli fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign ákveðin eins og þar segir, þó með þeim breytingum, sem greinir síðar í 12. greininni. Í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. segir, að fasteignir skuli metnar með fasteignamati margfölduðu með ákveðinni tölu, misjafnri eftir staðsetningu fasteignanna. Lögin hafa hins vegar engin ákvæði um, hvernig ákveða skuli verðmæti fasteigna, sem hafa ekki verið metnar fasteignamati. Í 4. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950, sem sett er samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 22 frá 1950, segir, að fasteignir, sem eru ekki komnar í fasteignamat 31. des. 1949, skuli taldar til eignar á kostnaðarverði. Í a-lið 19. gr. laga nr. 6 frá 1935, um tekju- og eignarskatt, segir, að mat á fasteignum til eignarskatts skuli fara eftir gildandi fasteignamati eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat sé ekki fyrir hendi. Í samræmi við þetta er boðið í reglugerð nr. 133 frá 1936, að sé fasteignamat húseignar ekki fyrir hendi, skuli skattanefnd áætla matsverð eignarinnar, og skuli þá kostnaðarverð haft til hliðsjónar. Í máli þessu er fram komið, að húsið nr. 3 við Laugateig hafði ekki verið metið fasteignamati 31. des. 1949, enda þótt það hafi verið fullgert á árinu 1948. Samkvæmt

skýrslu fasteignamatsmanna hér í Reykjavík er sá háttur hafður á um framkvæmd einstakra fasteignamata (millimata), að fasteignamatsmenn rannsaka ekki sjálfir, hvenær ástæða sé til að framkvæma mat. Algengast er, að tryggingarfélag það, sem brunatryggir húseignir í Reykjavík, tilkynni fasteignamatsmönnum, að brunabótamat hafi fram farið á nýju húsi, og er þá fasteignamatið framkvæmt. Stundum munu þó húseigendur sjálfir óska fasteignamatsins. Fram er komið í málinu, að beðið var um brunabótamat á húsinu nr. 3 við Laugateig hinn 6. nóv. 1950 af húseigendum, og tryggingarfélagið mun síðan hafa tilkynnt fasteignamatsmönnum um húseign þessa, sem þá framkvæmdu matið.

Svo sem að framan getur, hafði húseignin nr. 3 við Laugateig ekki verið metin fasteignamati hinn 31. des. 1949. Skattstjóranum í Reykjavík var því heimilt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. a-lið 19. gr. laga nr. 6 frá 1935, að áætla verðmæti hennar við álagningu stóreignaskattsins, enda skipti verðmætisáætlun stefnanda sjálfs engu máli. Þar sem fasteignamat var ekki fyrir hendi, kom ekki til greina að beita reglum 1. tl. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 um eign þessa og með hliðsjón af því og hinum sérstaka tilgangi ákvæða laga nr. 22 frá 1950, um stóreignaskatt, var heimilt að miða við kostnaðarverð eignarinnar, enda er því ekki haldið fram, að það verð sé hærra heldur en markaðsverð eignarinnar á þeim tíma. Samkvæmt þessu og þar sem eignamat til stóreignaskatts er bundið við ákveðinn tíma, skiptir fasteignamat það, er fram fór í desembermánuði 1950, ekki máli við álagningu stóreignaskattsins.

Með vísan til þessa verður að telja, að við ákvörðun stóreignaskattsins hafi verið heimilt að reikna eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 3 við Laugateig honum til eignar á kostnaðarverði.

Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dags. 23. apríl sl., en með úrskurði, upp kveðnum 18. apríl sl., hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Theódórs Siemsens, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. febrúar 1954.

Nr. 27/1951. **Samband íslenzkra samvinnufélaga vegna Kaupfélags verkamanna í Vestmannaeyjum** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Bæjargjaldkeranum í Vestmannaeyjum fyrir hönd bæjarsjóðs (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1951 og krafizt þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu er aðeins ágreiningur um fjárhæð útsvars, er lagt var á viðskiptaveltu Kaupfélags verkamanna í Vestmannaeyjum árið 1949 vegna viðskipta þess við utanfélagsmenn árið 1948. Er kaupfélagið taldi fram til skatts árið 1949, lét það fylgja framtalinu skýrslu um sundurliðun vörusölu á milli félagsmanna og utanfélagsmanna árið 1948, en samkvæmt því nam sala annarra vara en kola kr. 1.044.213,12 til félagsmanna og kr. 398.628,10 til utanfélagsmanna. Um veltuútsvar kaupfélagsins af kolasölunni er enginn ágreiningur í máli þessu. Niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja lagði hins vegar ekki til grundvallar ofangreinda skiptingu kaupfélagsins á annarri vörusölu en kolasölunni, heldur lagði veltuútsvar á kaupfélagið miðað við alla vörusöluna, kr.

1.442.841,22. Áfrýjandi skýrir svo frá, að skattayfirvöld hafi enga athugasemd gert við framtal kaupfélagsins og ekki krafið það um frekari gögn en framtali þess fylgdu um skiptingu vörusölunnar milli félagsmanna og utanfélagsmanna, og er þessu ekki andmælt af stefnda. Þar sem svo stóð á, átti niðurjöfnunarnefnd að leggja til grundvallar skýrslu kaupfélagsins, er framtali þess fylgdi, um skiptinguna. Þetta gerði niðurjöfnunarnefnd ekki, og í máli þessu hefur stefndi ekki sýnt fram á, að skýrsla kaupfélagsins um skiptinguna hafi verið röng. Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi greitt að fullu veltuútsvar af viðskiptum utanfélagsmanna árið 1948, sé miðað við framtal kaupfélagsins. Af þessu leiðir, að fella ber hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.800,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd lögtaksins.

Stefndi, bæjargjaldkerinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga f. h. Kaupfélags verkamanna, Vestmannaeyjum, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.800,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 29. janúar 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hér fyrir réttinum 5. janúar sl., kom þann dag fyrir réttinn eftir kröfu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum til heimtu á útsvarseftirstöðvum Kaupfélags verkamanna hér frá árinu 1949, að fjárhæð kr. 5.070,45, auk dráttarvaxta til greiðsludags og kostnaðar, með lögtaki hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem hefur yfirtekið eignir og skuldir greinds kaupfélags.

Umboðsmaður SÍS hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar, þar sem útsvarið væri í upphafi ranglega á lagt og hafi ekki fengizt leiðrétting á því, en Kaupfélag verkamanna mun

hafa kært útsvar þetta bæði til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Útsvarið 1949 var af niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja þannig á lagt:

1% af 1.442 þús.	kr.	14.420,00
½% af 378 þús.	—	1.890,00
	Kr.	16.310,00
÷ 20%	—	3.260,00
Útsvar	Kr.	13.050,00

Var álagning þessi staðfest af yfirskattanefnd, en ríkisskattanefnd lækkaði útsvarið um kr. 3.050,00, eða niður í kr. 10.000,00.

Samkvæmt alllangri venju niðurjöfnunarnefndar í Vestmannaeyjum hefur verið lagt veltuútsvar svonefnt á veltu fyrirtækja án tillits til taps og gróða, og hefur niðurjöfnunarnefnd beitt þessari reglu gagnvart Kaupfélagi verkamanna við álagningu 1949, þannig að því er gert að greiða 1% af vöruveltu annarri en kolasölu, en ½% af kolasölu.

Skv. útsvarslögum, nr. 66/1945, 6. gr. II., ber samvinnufélögum að greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þenna, enda láti félagið nefndinni í té *glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim.*

Það verður að telja óheimilt niðurjöfnunarnefnd að leggja veltuútsvar á samvinnufélög, ef fyllilega er gætt ákvæða 6. gr. útsvarslaga um fyllstu upplýsingar og skýrslugjafir. Hins vegar þegja lögin um, hversu með skuli fara, ef ekki er gætt umræddra ákvæða. Verður að ætla, að þá njóti samvinnufélögin ekki þeirra fríðinda, er þetta undantekningarákvæði veitir þeim, og megi þá leggja á þau eins og hvert annað fyrirtæki annarrar tegundar.

Við athugun á framtali Kaupfélags verkamanna á rskj. nr. 5 kemur í ljós, að því er að ýmsu leyti ábótavant, einmitt hvað snertir þau atriði, er 6. gr. útsvarsl. tekur til. Á rekstrarreikningi er að vísu tilfærð fjárhæð, kr. 153.246,34, sem hagnaður af vörusölu, og er sú fjárhæð tilfærð í bréfi með upplýsingum varðandi skattaframtalið á næstu síðu rskj. nr. 5. Ekki er annað, sem styður, að fjárhæð þessi sé rétt tilgreind, og hefði þó mátt vera innan handar að gera yfirlitsreikning yfir vörusöluna áþekkan kolareikningi á síðustu bls. rskj. nr. 5. Það verður að teljast höfuðgalli, að hvergi eru sýnilegar vörubirgðir í ársbyrjun 1948 og því ekki hægt að sanna tölulega né reikna út arð af vörusölunni og því síður að segja til um, hversu mikill hluti arðsins sé fyrir viðskipti við félagsmenn og hve mikill við utanfélagsmenn. Sundurliðun vörusölu milli félagsmanna og utanfélagsmanna á 4. síðu rskj. nr. 5 er aðeins einhliða yfirlýsing kaupfélagsstjóra, sem er ekki studd frekari gögnum, og

verður því a. m. k. að telja, að hún fullnægi ekki tilætlun löggjafans um „glögga" skýrslu í 6. gr. útsvarslaga.

Af þeim ástæðum, sem hér eru greindar, verður að telja það ekki óeðlilegt af niðurjöfnunarnefnd að leggja útsvar á veltu kaupfélagsins á sama hátt og það leggur á veltu kaupmanna hér, og þótt tap hafi orðið á veltu félagsins árið 1948, verður að telja, að það skeri á engan hátt úr, þar sem ekki er óeðlilegra né erfiðara fyrir félög að greiða af hallarekstri sínum en einstaklinga, sem hliðstætt stendur á um, nema þau séu undanþegin að lögum.

Verður rétturinn því að fallast á kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu, að lögtak skuli fara fram til tryggingar greiðslu útsvarseftirstöðva frá árinu 1949 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Gerðarbeiðandi hefur ekki gert málskostnaðarkröfu sérstaklega, en málskostnaðarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa umboðsmanns gerðarþola er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 12. febrúar 1954.

Nr. 51/1953. **Hamar h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prof. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1953. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: að stóreignaskatt hans samkvæmt lögum nr. 22/1950 beri að reikna þannig, að bætt sé við grunnskattseign hvers hluthafa verðmæti hlutabréfa hans í félaginu,

ákveðnu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laganna, að frádregnu nafnverði bréfanna, enda sé ekki tekið tillit til hlutafjáreignar hluthafa í öðrum félögum.

Varakrafa: að skatturinn sé reiknaður svo sem í aðalkröfu greinir, að öðru en því, að nafnverð hlutabréfa sé ekki dregið frá hinni skattskyldu fjárhæð.

Þrautavarakrafa: að skatturinn sé reiknaður svo sem í varakröfu greinir, að öðru en því, að við skattskylda eign samkvæmt þeirri kröfu sé bætt nafnverði hlutabréfa, sem hluthafi kann að eiga í öðrum félögum.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögunum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Samkvæmt 3., 4. og 5. málslið 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, sbr. 3. gr. laga nr. 117/1950, skal við útreikning á þeim hluta stóreignaskatts, sem félagi ber að greiða, fyrst finna, hvað einstaklingur á að greiða af skírri eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Lagaákvæði þetta er skýrt og ótvírætt, og er ágreiningslaust, að áfrýjanda hafi verið reiknaður stóreignaskattur samkvæmt því. Kröfur áfrýjanda virðast hins vegar á því reistar, að lagaákvæðið fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að vísu verður að telja, að framangreindar reglur laga nr. 22/1950 séu ekki eðlilegar og geti leitt til nokkurs ósamræmis, að því er skattgreiðslu einstakra félaga varðar. En þar sem löggjafinn hefur ekki fyrir fram tekið ákveðin félög út úr í því skyni að gera hlut þeirra verri en annarra, þykir ekki verða staðhæft, að nefnd ákvæði laganna fái ekki samrýmzt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hamar h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórðar Eyjólfssonar hrd. og Ármanns Snævars prófessors.

Skýra verður ákvæði 12. gr. laga nr. 22/1950 þannig, að einstakir hluthafar í hlutafélögum, en ekki hlutafélögin sjálf, séu skattgjaldendur, að því er varðar stóreignaskatt af hlutafjáreign, þó að félögin séu ábyrg um greiðslu þess hluta skattsins gagnvart ríkissjóði. Þar sem áfrýjanda hefur verið

tilkynnt, að hann eigi að standa skil á stóreignaskatti, sem lagður hefur verið á hluthafa í Hamri h/f vegna hlutafjáreignar í félaginu, þá þykir hann eiga rétt til að fá úrlausn dómstóla um kröfur sínar í máli þessu.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 felst sérstök regla um skattmat hlutabréfa. Verðlagningarreglur þessar geta valdið því, að hlutabréf verði ofmetin til skatts, svo að miklu muni. Þykja verðlagningarreglurnar því ekki geta staðizt, og hefði í þess stað átt að miða við sannvirði hlutabréfanna. Kröfur áfrýjanda í máli þessu eru ekki í samræmi við efnisreglur þær um skattmat hlutabréfa, sem hér var lýst, og er því ekki unnt að taka þær til greina. Ber þess vegna að staðfesta sýknuákvæði héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð okkar verður þannig:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Hamars h/f, í máli þessu.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Hamar h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. nóv. 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði, að óheimilt sé að reikna stóreignaskatt þann, sem félaginu var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, á þann hátt, að hlutafjáreign hluthafanna í öðrum félögum geti haft hækkandi áhrif á skatt þann, sem félaginu er gert að greiða.

Þá hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar skattsins eða lækkunar á honum, ef svo skyldi sýnast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem nú eru rekin fyrir dómstólunum varðandi stóreignaskattinn.

Í upphafi krafðist stefndi frávísunar á máli þessu. Var frávísunarkrafan sótt og varin sérstaklega. Með úrskurði, upp kveðnum á bæjarþinginu 28. janúar sl., var frávísunarkröfunni hrundið. Sá úrskurður hefur ekki verið kærður til Hæstaréttar.

Í efnishluta málsins hefur stefndi krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, um gengisskráningu, launa-

breytingar, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Í upphafi 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 59/1950, segir, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skattinum, sem eigendum þeirra eða hluthöfum beri að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign.

Samkvæmt útreikningi skattyfirvaldanna nam stóreignaskattur stefnanda kr. 736.413,00. Þar frá, var talið, að draga bæri kr. 335.101,00, sem öðrum hlutafélögum, er stefnandi ætti í, bæri að greiða. Stefnanda var því sjálfum gert að greiða kr. 401.312,00 í stóreignaskatt.

Kröfur sínar í máli þessu hefur stefnandi skilgreint þannig, að hann telur *aðallega*, að skatt hans hafi átt að reikna á þann hátt, að við grunnskattseign hvers hluthafa hafi átt að bæta verðmæti hlutabréfa hans í félaginu, ákveðnum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að frádregnu nafnverði bréfanna. Hins vegar skyldi ekki tekið tillit til hlutafjáreignar hluthafans í öðrum félögum. Af skattstofninum þannig reiknuðum beri honum að greiða skattinn samkvæmt reglum 3. og 4. málsliðar 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-liðar 3. gr. laga nr. 117 frá 1950.

Til *vara* telur stefnandi, að skatt hans beri að reikna þannig, að við grunnskattseign hvers hluthafa beri að bæta verðmæti hlutabréfa hans í félaginu, metnu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Af skattstofninum þannig reiknuðum beri honum síðan að greiða skatt samkvæmt fyrrnefndum reglum.

Til *þrautavara* hefur stefnandi talið, að þannig beri að reikna skattinn, að við grunnskattseign hvers hluthafa beri að bæta verðmæti hlutabréfa hans í félaginu, metnu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22. frá 1950, og nafnverðmæti annarra hlutabréfa, er hluthafinn kunni að eiga. Af skattstofninum þannig reiknuðum beri honum síðan að greiða skatt samkvæmt fyrrgreindum reglum.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að reglur þær, sem skattyfirvöldin hafi beitt við ákvörðun stóreignaskatts, leiði til þess, að eign hluthafa í einu hlutafélagi hafi áhrif til hækkunar á skatt annars hlutafélags, sem hluthafinn eigi einnig hlutabréf í. Þetta sé mjög óeðlilegt og ranglátt, þar sem það hafi í för með sér, að sú tilviljun, að sami maður á hlutabréf í fleiri félögum en einu, orsaki, að eignir óskyldra félaga verki gagnkvæmt hækkandi á skattgreiðslur þeirra. Hefur stefnandi bent á, að í 3. málslið 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950, sé talað um „félag", en ekki „félög", þegar rætt sé um útreikning á þeim hluta skattsins, sem félagi beri að greiða.

Aðal- og varakröfu sína fær stefnandi þannig fram, að hann telur, að við ákvörðun skatts hvers félags beri alls ekki að taka með í skattstofninum eign hluthafans í öðrum félögum. Í aðalkröfunni er

við það miðað, að nafnverð hlutabréfanna sé ekki tekið með við ákvörðun eignarhluta hluthafans í hlutafélaginu, enda sé þar ekki um að ræða eign félagsins, heldur skuld. Þrautavarakröfu sína fær stefnandi þannig fram, að hann telur, að við ákvörðun skatts hvers félags beri að taka með í skattstofninum hlutabréf í öðrum félögum á nafnverði, því að annað verði ekki talin raunveruleg eign hluthafans.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að í ákvæðum 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 og b- og c-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950 séu skýrar reglur um það, hvernig reikna skuli stóreignaskatt hlutafélaga og eftir þeim reglum hafi skattyfirvöldin farið við ákvörðun stóreignaskatts stefnanda. Þar séu hvergi að finna ákvæði, sem bendi til þess, að skattinn skuli reikna í mörgu lagi, enda beint ákveðið, að hann skuli miðaður við heildareignir einstaklinga og þá hlutafjáreign tekin með, metin samkvæmt reglum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Í b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 og c-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950 sé beint tekið fram, að við ákvörðun skatts hlutafélaga skuli hlutafjáreign talin með skattstofni hlutafélaganna, og komi því ekki til greina að draga nafnverð hlutabréfanna frá stóreignaskattsmatsverði þeirra, þegar skattur hlutafélaganna sé ákveðinn.

Í 1. málslið 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, eins og því ákvæði var breytt með b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950, segir svo: „Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign.“ Af ákvæði þessu er ljóst, að hlutafjáreign skal ekki talin með grunnskattseign hluthafans og honum ber ekki að greiða skatt af því fé, heldur hlutafélaginu sjálfu. Með vísan til þessa verður ekki talið, að sá þáttur aðalkröfu stefnanda, sem fjallar um frádrátt á nafnverði hlutabréfanna, hafi við rök að styðjast.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo ákveðið, að hreinum eignum félaga, metnum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og eignirnar síðan taldar með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna.

Reglurnar um, hversu skuli reikna skatt félaga, er að finna í 3., 4. og 5. málslið 9. mgr. 12. gr. sömu laga, eins og þeim ákvæðum var breytt með b-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950, en þar segir svo: „Við útreikning á þeim hluta skatts, sem félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim.“

Ekki verður annað séð en reglum þeim, sem greinir í lagaákvæð-

um þessum, hafi verið beitt við útreikning stóreignaskatts stefnanda. Reglur þessar virðast að vísu geta leitt til nokkurs ósamræmis um skattlagningu hinna einstöku félaga, en ekki verður það ósamræmi talið slíkt, að leiði til ógildingar þeirra. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi hefur engin sérstök rök fært fram fyrir því, að öðrum reglum skuli beita, verður ekki unnt að taka kröfur hans til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem dómari samkvæmt umboðsskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1952.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hamars h/f, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 13. febrúar 1954.

Nr. 87/1953. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
George Whitehouse Gill (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa komið fram nokkur ný gögn í málinu. M. a. hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, athugað staðarákvörðun varðskipsmanna kl. 18.50 hinn 8. maí 1953, og reyndist togari ákærða samkvæmt henni þá vera 1.5 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Þá hafa þeir Friðrik V. Ólafsson og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri látið uppi álit sitt á því, hvort togara ákærða hefði getað rekið 1.5 sjómílu inn fyrir fiskveiðitakmörkin frá kl. 18.20 til kl. 18.40 hinn 8. maí 1953. Telja þeir, „að ekki hafi getað verið um það að ræða, að skipið hafi borizt þessa leið

á umræddu tímabili vegna vinds, öldugangs eða straums.“ Með þessum athugasemdum og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, George Whitehouse Gill, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1953.

Ár 1953, mánudaginn 11. maí, var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara og meðdómendunum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni skipstjórum, dómur í málinu nr. 1493/1953: Ákæruvaldið gegn George Whitehouse Gill, sem dómtekið var sama dag. Samkvæmt ákæruskjalinu er George Whitehouse Gill, 163, Boothferry Road, Hessle í Englandi, skipstjóri á togaranum Lord Cunningham, H. 69, frá Hull, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því *að* hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara föstudaginn 8. maí 1953 um kl. 18.00 vestur af Reykjanesi, innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 81 8. desember 1952. Ákærist skipstjórinn til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 5 29. janúar

1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hull 15. ágúst 1919, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi sigldi það föstudaginn 8. þ. m. norður eftir fiskveiðitakmörkunum úti af Reykjanesi. Kl. 17.55 sást togari, sem reyndist vera Lord Cunningham, H. 69, á stjórnborða innan takmarkanna. Varðskipið sigldi til togarans, og kl. 18.31 dró það upp stöðvunarflagg. Kl. 18.34 sást togarinn taka inn vörpupokann stjórnborðs megin, eftir að hafa snúizt, og sáu þetta þrír stýrimenn varðskipsins auk skipherra. Kl. 18.37 skaut varðskipið aðvörunarskoti, og kl. 18.38 var numið staðar. Kl. 18.40 var sett út dufl við togarann, settur út bátur og skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, sóttur yfir í togarann og fluttur yfir í varðskipið. Kl. 18.50 gerðu I. og II. stýrimaður varðskipsins þessar staðarákvarðanir við duflið:

Vífilsfell
> 35° 18'
Karl
> 27° 50'
Eldey

Enn fremur mældist

Keilir
> 28° 04'
Karl

Dýpi mældist 115 metrar.

Samkvæmt þessum mælingum var staður togarans 1.5 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum. Ákærði gerði staðarákvarðanir með sextant um borð í varðskipinu kl. 18.58 og komst að mjög svipaðri niðurstöðu. Var hann síðan fluttur yfir í togarann ásamt tveimur varðmönnum frá varðskipinu, og héldu síðan bæði skipin hingað til hafnar. Hægviðri var, sjór NNV 2, skýjað, ágætt skyggni.

Staðarákvarðanirnar, sem að framan eru greindar, hafa I. og II. stýrimaður varðskipsins staðfest, og hefur ákærði viðurkennt, að þær séu réttar. Kveðst hann hafa gert staðarákvarðanir í varðskipinu með sextant kl. 18.58 og komizt að mjög svipaðri niðurstöðu og varðskipsmenn. Er þannig enginn ágreiningur um stað togarans.

Ákærði skýrir þannig frá aðgerðum togarans, að hann hafi kastað vörpunni og farið að toga kl. 17.30 og þá engar miðanir gert. Síðan togaði hann í SSA, og kl. 18.00 tók hann misvísandi miðanir á Eldey og Stafnes, og var hin fyrrnefnda kompásmiðun, en hin síðarnefnda radíómiðun. Var þá stefnan á Stafnes ASA, en á Eldey SA. Í beinu framhaldi af þessum miðunum mældi ákærði með ratsjá fjarlægð togarans frá nefndum stöðum, og mældist honum fjarlægðin frá Eldey 17 sjómílur, en frá Stafnesi 17½ sjómíla. Af þessum mæl-

ingum réð ákærði, að staður togarans kl. 18.00 væri um 2 sjómílur utan fiskveiðitakmarkalínunnar. Eftir þetta gerði hann engar mælingar fyrr en um borð í varðskipinu. Þegar hann hafði gert staðarákvörðun sína kl. 18.00, breytti hann stefnu togarans til SSV, og í þá stefnu togaði hann til kl. 18.20, að hann dró inn vörpuna, og var aflinn í þessu togi 15—18 körfur fisks. Eftir að þessu togi lauk og þar til ákærði kveðst hafa ætlað að kasta vörpunni og byrja að toga að nýju, lá skipið kyrrt nema að því leyti sem það var hreyft til að koma vörpunni aftur þannig útbyrðis, að eigi væri hætta á, að veiðarfærin færu í skrúfuna. Þegar varðskipið kom að togaranum, kveðst ákærði hafa verið í þann veginn að kasta, og var lokið við að koma vörpunni útbyrðis, og var hún öll komin í sjó, en hlerar voru enn í gálgum, og er þetta staðfest af stýrimanni og bátsmanni togarans. Hefur ákærði haldið því fram, að frá því er hann dró inn vörpuna kl. 18.20 og þar til aðvörunarskotinu var skotið kl. 18.37, hafi straumur borið togarann hliðhallt að landi, og gizkar hann á, að við þetta hafi togarinn færzt 2¼—2½ sjómílu nær landi. Um straum á þessum slóðum í þetta skipti hafa skipherra og I. stýrimaður varðskipsins upplýst, að hann hafi verið lítill, en eigi er þeim ljóst, í hvaða stefnu hann lá. Samkvæmt framansögðu heldur ákærði því fram, að hann hafi ekki togað inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, en viðurkennir hins vegar að hafa ætlað að kasta vörpunni og toga á þeim stað, sem hann var stöðvaður á, þ. e. a. s. 1.5 sjómílu innan takmarkanna, og að hafa verið búinn að kasta vörpunni í sjó í þessu skyni.

Skipherra varðskipsins skýrir svo frá, að kl. 18.34 hafi hann og þrír stýrimenn varðskipsins verið á stjórnpalli varðskipsins, en þá var varðskipið að sigla að togaranum bakborðs megin. Kveðst hann þá hafa séð togarann taka inn vörpupokann og að í honum var eitthvað af fiski. Hann sá pokann skella inn á þilfar togarans, og fór þetta fram eins og svo oft áður, þegar hann hefur séð vörpupoka tekna um borð í togara. Meðan þetta gerðist, voru vörpuhlerarnir í gálgum. Stýrimenn varðskipsins, þrír, hafa skýrt svo frá, að þegar varðskipið var að sigla að togaranum bakborðs megin, hafi þeir allir horft í sjónauka yfir á togarann og séð, að vörpupokinn var dreginn upp yfir stjórnborðsöldustokk togarans. Tveir þeirra tóku ekki eftir fiski í pokanum, en einn hefur ekki um þetta atriði borið.

Þegar skipin höfðu numið staðar, fóru varðskipsmenn yfir í togarann til að sækja ákærða. Enginn þeirra aðgætti þá verksummerki varðandi aðgerðir togarans nema háseti Björgvin Kristinn Hannesson. Hann fór út í stjórnborðshlið togarans og sá, að vörpuhlerarnir voru í gálgum utan borðs og varpan í sjó, en áhöfn togarans var að innbyrða hana. Ekki tók hann eftir, hvort fiskur var í vörpunni. Lítið eitt af óaðgerðum fiski sá hann á framþilfarinu, og virtist hann mjög nýlega veiddur. III. stýrimaður varðskipsins og Þorbjörn Aðalbjörnsson háseti, sem voru á verði í togaranum á leiðinni

til hafnar, sáu óaðgerðan fisk á þilfari togarans, og virtist þeim hann einnig nýlega veiddur. Enginn varðskipsmanna hefur um það borið, hvort fiskur var í vörpupokanum, þegar hann var dreginn inn, að því þó undanteknu, að skipherrann kveðst hafa séð af stjórnpalli varðskipsins, að eitthvað af fiski hafi verið í honum.

Öll framangreind vitni nema Þorbjörn Aðalbjörnsson hafa staðfest skýrslur sínar með eiði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að verið var að draga upp vörpupoka togarans, þegar varðskipið var að sigla að honum, og verður það að teljast sönnun þess, að togarinn hafi verið þarna að veiðum. Enn fremur hefur ákærði samkvæmt framansögðu játað að hafa ekki hreyft skip sitt, frá því að hann dró inn vörpuna kl. 18.20 og þar til aðvörunarskotinu var skotið og skipin námu staðar, nema vegna þess að hann var að kasta vörpunni. Lítur dómurinn svo á, að ágizkun ákærða um, að togarann hafi á þessu tímabili rekið til lands 2¼—2½ sjómílu, sé fjarri öllum sanni og að óhugsandi sé, að togarann hafi á þessum stutta tíma rekið á þennan stað utan fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, eins og straumi og veðri var háttað. En jafnvel þó að skýrsla ákærða sjálfs um aðgerðir togarans væri tekin til greina að öllu leyti, ber að sama brunni, því að ákærði kannast við að hafa verið nýbúinn að kasta vörpunni í sjó, þegar skipin námu staðar, og að það hafi hann gert sem byrjunaraðgerð að togveiðum, en þessi aðgerð ákærða telst veiðiaðgerð í skilningi laga nr. 5/1920.

Hefur ákærði því gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu eru greind, og þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lord Cunninghams, H. 69, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, George Whitehouse Gill, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lord Cunninghams, H. 69, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 1.500,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1954.

Nr. 65/1952. **Pétur Magnússon** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál vegna ólögmætrar handtöku.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1952. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 150.000,00 eða lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. maí 1952. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Handtaka aðaláfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi, var saknæmt misferli af hendi ríkislöggæzlumanns þess, er hana framkvæmdi, án þess að aðaláfrýjandi hefði með ólögmætu framferði gefið tilefni til þeirra aðgerða. Þegar handtakan fór fram, voru enn í gildi lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., nr. 28/1893. Þau lög höfðu ekki að geyma ákvæði um bætur fyrir handtöku, og á þeim tíma, er þau voru sett, var ekki talið, að ríkið bæri fébótaábyrgð á tjóni af aðgerðum opinberra starfsmanna að öðru leyti en því, sem mælt var í sérstökum lögum. Nú hefur réttarþróunin hins vegar orðið sú, að á þessu sviði hefur verið lögð á ríkið víðtækari ábyrgð en áður var. Þykir aðaláfrýjandi því samkvæmt meginreglu nefndra laga hafa öðlazt rétt til bóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna hinnar ólögmætu handtöku. Eins

og á stóð, var eðlilegt, að aðaláfrýjandi biði úrslita í máli ákæruvaldsins gegn löggæzlumanni þeim, sem handtökunni stjórnaði, áður en hann hæfist handa um höfðun máls þessa. Réttur hans til að krefjast bóta var því eigi niður fallinn samkvæmt reglum 4. gr. laga nr. 28/1893, er málssókn þessi var hafin.

Þegar litið er til þess, með hverjum hætti handtakan var framkvæmd, til afleiðinga hennar og annarra atvika, þykja bætur aðaláfrýjanda til handa hæfilega metnar kr. 30.000,00. Ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 5.500,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Pétri Magnússyni, kr. 30.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.500,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Pétur Magnússon, sóknarprestur að Vallanesi í Suður-Múlasýslu, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. okt. f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi 29. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. „ríkisvaldsins" til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur honum, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess *til vara*, að honum yrðu dæmdar skaðabætur að mati dómarans. Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudags 16. janúar 1950 um kl. 1 þóttist ung stúlka, er bjó ásamt ungu barni sínu í húsinu nr. 18 A við Óðinsgötu hér í bæ, verða þess vör, að maður væri að bjástra við gluggann á herbergi hennar að utanverðu, og kveðst stúlkan hafa haldið, að hann

væri að reyna að opna gluggann alveg, en eina rúðu á honum hafi verið hægt að opna, og hafi á henni verið ofurlítil rifa. Kveðst stúlkan hafa verið háttuð og verið að lesa. Er hún varð þessa vör, kveðst hún hafa kvatt til föður sinn, er bjó þarna í húsinu. Segist hann hafa sagt dóttur sinni að slökkva ljós, er var í herberginu, svo að betra væri að sjá út. Er ljósið hafði verið slökkt, kveðast feðginin hafa séð mann vera að fara frá húsinu og upp á gangstétt Óðinsgötu. Hafi hann síðan gengið nokkurn spöl eftir götunni, en þegar hann hafi verið kominn að suðurgafli hússins nr. 18 við götuna, hafi hann staðnæmzt, litið í kring um sig og snúið sér síðan að húsinu nr. 18 A og horft þangað. Þóttust þau feðginin örugglega þekkja, að þetta væri stefnandi, en bæði þekktu þau hann áður persónulega. Næsta dag kveðst stúlkan hafa séð stefnanda á götu hér í bænum, og hafi hann þá verið eins klæddur og maður sá, er hún taldi sig þekkja sem stefnanda nóttina áður. Þegar stúlkan hafði séð stefnanda á götunni og talið sig þekkja hann aftur, fór hún rakleitt niður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar að Fríkirkjuvegi 11 til þess að hitta unnusta sinn og barnsföður, Guðmund Arngrímsson rannsóknarlögregluþjón. Skýrði hún honum frá því, sem við hafði borið um nóttina, og að hún hefði rétt áður séð stefnanda í sama frakkanum og með sama trefil og hatt og hann hefði haft um nóttina.

Aðfaranótt hins 19. janúar um kl. 1 kveðst stúlka þessi hafa verið háttuð og hafa verið að lesa í bók. Hafi hún þá heyrt, að gengið var að suðurglugga herbergis hennar. Virtist henni sá, er úti var, nema staðar við gluggann, en ganga síðan fram og aftur fyrir utan hann. Síðan kveðst hún allt í einu hafa séð andlit á glugganum, milli gluggatjaldsins, sem ekki hafði alveg verið dregið niður, og gluggakistunnar. Andlitið kveðst hún ekki hafa séð greinilega, en hún hafi séð glampa á gleraugu og móta fyrir hatti. Taldi hún sig þekkja stefnanda þarna. Hringdi hún nú heim til áðurnefnds Guðmundar Arngrímssonar og skýrði honum frá, að stefnandi væri kominn aftur, eða eitthvað á þá leið. Í viðtalinu sagði Guðmundur henni að hringja á lögreglustöðina og tala svo við sig aftur. Hringdi hún síðan á lögregluvarðstofuna og kvartaði yfir því, að maður væri úti í garðinum við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu, og væri hann að kíkja inn um glugga. Er stúlkan hafði hringt til Guðmundar og á lögregluvarðstofuna, kveðst hún hafa farið út að austurglugga herbergis síns, vegna þess að hún hafi þá heyrt í manninum þar úti fyrir. Hafi hún, er hún horfði út um gluggann, séð alveg örugglega, að stefnandi var þarna fyrir utan. Kveður hún hann hafa verið hálfboginn, eins og hann ætlaði að fara að horfa inn um gluggann, en hann hafi þá beygt sig niður fyrir hann. Eftir þetta kveðst hún ekki hafa orðið vör við stefnanda og ekki hafi hún heyrt hann fara frá húsinu. Stuttri stundu eftir að stúlkan hafði hringt á lögregluvarðstofuna, komu lögreglumenn á vettvang. Skýrði hún þeim ekki frá nafni manns þess, er hún taldi hafa verið við húsið, en lýsti hon-

um þannig, að hann væri meðalmaður á hæð, klæddur dökkleitum frakka, með dökkan hatt á höfði og með gleraugu og að henni hafi virzt á fótataki mannsins, að þetta væri miðaldra maður. Lögreglumennirnir leituðu umhverfis húsið og í nágrenni þess, en urðu einskis varir. En eftir nokkra stund kom áðurnefndur Guðmundur til lögreglumannanna og bað þá að leita betur í nágrenni hússins, en sú leit bar heldur engan árangur.

Í málinu kemur fram, að sú venja hefur verið ríkjandi hér í bænum, að rannsóknarlögreglan hefur stjórn lögregluaðgerða á hendi, þegar um samstarf milli hennar og götulögreglunnar er að ræða.

Þegar leitinni í nágrenni hússins hafði verið hætt, spurði Guðmundur lögregluþjónana að því, hvort þeir þekktu stefnanda, en grunur lægi á því, að það væri hann, sem þarna hefði verið. Verður ekki séð, að lögreglumennirnir hafi gefið nokkur svör við þessu. Eftir beiðni Guðmundar hafði einn lögreglumannanna samband við lögregluvarðstofuna um talstöð lögreglubifreiðarinnar, sem lögreglumennirnir höfðu komið í að húsinu, og spurðist fyrir um það hjá varðstjóranum, hvar stefnandi ætti heima, en varðstjórinn gat ekki upplýst það. Var þá enn eftir beiðni Guðmundar hringt á afgreiðslu Morgunblaðsins og til eins ritstjóra þess og spurzt fyrir um heimilisfang stefnanda, og mun einn ritstjórinn hafa vísað til bróður stefnanda um upplýsingar varðandi þetta. Var nú ekið til lögreglustöðvarinnar, og hringdi Guðmundur þaðan heim til bróður stefnanda og fékk þær upplýsingar hjá konu bróðurins, að stefnandi hefði herbergi á Spítalastíg 7. Í viðtalinu lét Guðmundur þess getið við konuna, að hringt væri frá lögreglunni, og kveðst hún hafa spurt, hvort eitthvað hefði komið fyrir, og hafi þá Guðmundur tjáð henni, að hann ætlaði að handtaka stefnanda. Urðu nokkrar viðræður milli konunnar og Guðmundar út af þessu, og áður en þeim lauk, kom bróðir stefnanda í símann og virðist hafa spurt Guðmund að því, hvaða ástæða væri til að handtaka stefnanda. Svaraði Guðmundur því til, að hann gæti ekki sagt það í símann, en tjáði bróður stefnanda, að því er bróðurnum skildist, að honum væri óhætt að koma niður á lögreglustöð eftir um það bil 20 mínútur. Að samtalinu við bróður stefnanda loknu bað Guðmundur nafngreindan götulögreglumann að koma með sér. Lögreglumaður þessi bað síðan aðra þrjá götulögreglumenn að koma með þeim Guðmundi. Óku þeir síðan allir í einni af bifreiðum lögreglunnar að húsinu nr. 7 við Spítalastíg, en þar fóru þeir út úr bifreiðinni. Drap Guðmundur fyrst á útidyr hússins, en þar sem enginn kom til dyra, barði hann í glugga vinstra megin við innganginn. Út í gluggann kom stúlka, og voru útidyrnar opnaðar að vörmu spori. Guðmundur spurði þann, er opnaði dyrnar, hvar herbergi stefnanda væri í húsinu, og var honum bent á dyr þess, er voru gegnt útidyrum. Guðmundur barði að dyrum, þar sem honum hafði verið bent á, að stefnandi byggi. Stefnandi svaraði: „Kom inn.“ Gengu lögreglumennirnir þá inn í her-

bergið, og mun Guðmundur hafa nafngreint sig og kynnt sig sem rannsóknarlögreglumann. Ljós var ekki í herberginu, og reyndi einn lögreglumannanna að kveikja, en tókst ekki, og fór stefnandi þá fram úr rúmi sínu í náttklæðum og kveikti. Jafnframt spurði hann, hverju það sætti, að rannsóknarlögreglan réðist inn til hans um hánótt með þessum hætti. Guðmundur svaraði því til, að stefnanda yrði skýrt frá því síðar. Stefnandi fór þá að leita að fötum sínum og fór sér hægt að eigin sögn, og varð nokkur bið á því, að hann klæddist. Sagði Guðmundur þá stefnanda, að ef hann ekki flýtti sér, yrði hann tekinn eins og hann stæði. Hélt stefnandi þá áfram að klæða sig, en spurðist fyrir um það, hvað heimilaði handtöku á einum af prestum þjóðkirkjunnar. Er ekki ljóst, hverju Guðmundur svaraði þessu. Er stefnandi hafði klætt sig, taldi Guðmundur sig þekkja fatnað þann, er unnusta hans hafði lýst á manni þeim, er hún þóttist hafa séð fyrir utan glugga á herbergi sínu. Guðmundur hefur viðurkennt að hafa kvatt stefnanda eindregið til að flýta sér. Meðan hann var að klæðast og meðan á því stóð, sneri stefnandi sér að lögreglumönnunum og sagði á þá leið, að hann léti þá vita, að hann hefði viðkvæmar taugar, vegna þess að hann væri vangæfur með svefn. Þegar stefnandi hafði klætt sig, virðist hann eftir boði Guðmundar hafa farið út úr herbergi sínu, og er hann og lögreglumennirnir voru komnir fram á ganginn, kom bróðir hans, sem er lögfræðingur, á vettvang. Bað hann stefnanda að vera rólegan, ekki væri annars kostur en fara með lögreglunni. Bifreið lögreglumannanna beið fyrir utan húsið, og heldur stefnandi fram, að honum hafi verið hrint á leið sinni út í hana, en það er ósannað. Var stefnanda síðan ekið niður á lögreglustöð, og mun hafa verið ætlunin að yfirheyra stefnanda þar, en þaðan var honum ekið á skrifstofu Guðmundar hjá rannsóknarlögreglunni á Fríkirkjuvegi 11. Hófst þar yfirheyrsla yfir stefnanda, og stóð Guðmundur fyrir henni. Var stefnanda gefið að sök það, sem unnusta Guðmundar hafði kvartað um, svo og, að Guðmundur hafi þótzt sjá hann sönglandi og ölvaðan á götu um kl. 24 að kvöldi sunnudagsins 15. janúar 1950. Þessi yfirheyrsla stóð yfir um 2 klukkustundir, og var stefnanda þá sleppt. Síðar sama dag, eða hinn 19. janúar 1950, kærði stefnandi yfir framferði oftnefnds Guðmundar Arngrímssonar til yfirmanns lögreglunnar. Sama dag kærði Guðmundur stefnanda. Með umboðsskrá, dagsettri 19. janúar 1950, var sérstökum dómara falin rannsókn máls þessa, og að henni lokinni var dómaranum fyrirskipað að höfða mál gegn Guðmundi Arngrímssyni fyrir brot gegn XIV. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940. Lyktaði máli því gegn honum með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. febrúar 1951, þar sem Guðmundur var dæmdur fyrir brot gegn 131. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og refsing hans ákveðin 20 daga varðhald.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að handtaka hans hafi verið alger lögleysa, og eigi hann því bætur úr hendi

ríkissjóðs, sem borið hafi ábyrgð á starfi rannsóknarlögreglumannsins í umrætt skipti. Vísar stefnandi í þessu efni í fyrsta lagi til 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og almennrar skaðabótareglu íslenzks réttar. Þessum rökstuðningi stefnanda, sem kom fyrst fram við munnlegan flutning málsins, hefur stefndi mótmælt sem of seint fram komnum, en ekki eru efni til að taka þau andmæli til greina.

Í öðru lagi reisir stefnandi kröfu sína á því, að hann eigi bótarétt á hendur ríkisvaldinu samkvæmt lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 26. okt. 1893 og 151. gr., sbr. 154. og 155. gr. laga nr. 27/1951. Telur stefnandi, að handtaka hans hafi bakað sér beint fjártjón, þar sem hann hafi orðið vegna rannsóknar málsins að dveljast langdvölum hér í Reykjavík. Þá telur hann, að handtakan hafi bakað honum sérstök óþægindi, álitsspjöll og miska. Mál þetta hafi orðið blaðamál, það hafi komizt í hámæli, nafn hans hafi orðið á hvers manns vörum í sambandi við þennan áburð, og hafi þetta orðið sér sérlega tilfinnanlegt sem presti þjóðkirkjunnar. Leggur hann ríka áherzlu á það til stuðnings skaðabótakröfu sinni, að eitthvað kunni að loða við af áburðinum, en slíkt verði aldrei að fullu bætt með fé.

Sýknukröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að rannsóknarlögreglumaður sá, sem handtók stefnanda, hafi ekki starfað sem slíkur, heldur verið í einkaerindisrekstri. Það hafi verið unnusta hans, sem hlut hafi átt að máli. Hafi hún hringt heim til hans að næturþeli, og hafi hann brugðið við sem unnusti hennar, en ekki sem rannsóknarlögreglumaður, enda hafi þetta verið utan hans vinnutíma.

Í öðru lagi telur stefndi, að jafnvel þótt svo verði litið á, að rannsóknarlögreglumaðurinn hafi starfað sem slíkur, þá hafi hann ekki gengið lengra en starfssvið hans heimilaði honum. Slíkum manni sé heimilt að kalla menn til yfirheyrslu á hvaða tíma sólarhrings, sem er. Þá telur stefndi, að lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28/1893 komi ekki til greina, þar sem það ákvæði telji tæmandi upp tilvik, sem bótaskyld séu, og taki því ekki til handtöku, jafnvel þó að hún væri ólögmæt. Auk þess væri hugsanlegur bótaréttur stefnanda samkvæmt þessum lögum fallinn niður eftir ákvæðum 4. gr. laganna. Enn telur stefndi, að ákvæði laga nr. 27/ 1951 komi ekki til, þar sem þau hafi ekki tekið gildi, fyrr en eftir að atburðir þeir gerðust, sem mál þetta rís af.

Til vara heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi ekki beðið neitt fjártjón eða álitsspjöll nema þá þau, sem til aðgerða hans verði rakin. Í þessu sambandi telur stefndi í fyrsta lagi, að stefnandi hafi að jafnaði dvalizt langdvölum hér í bænum að vetrarlagi, og hafi því áðurnefndur atburður ekki bakað honum nein aukaútgjöld. Í öðru lagi telur stefndi, að færsla stefnanda til yfirheyrslu umrædda nótt hafi ekki bakað honum nein óþægindi. Loks telur stefndi, að stefnandi hafi staðið fyrir blaðaskrifum um málið. Hann hafi átt upp-

tökin að fyrstu grein, sem birtist í dagblaði um málið, önnur blaðaskrif um það hafi túlkað hans sjónarmið, og hann hafi gefið út bækling um málið.

Svo sem áður er sagt, þóttist unnusta Guðmundar hafa skynjað, að stefnandi væri maður sá, er hún telur sig hafa séð aðfaranætur 16. og 19. janúar 1950 á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu. Hún og faðir hennar segjast hafa talið sig þekkja stefnanda um kl. 1 aðfaranótt hins 16. janúar 1950. Fram hefur komið, að birta var ekki góð og þau sáu mann þann, sem þau töldu stefnanda, í nokkurri fjarlægð. Bróðir stefnanda, kona hans og starfsstúlka þeirra hafa borið, að stefnandi hafi verið á heimili þeirra aðfaranótt hins 16. janúar 1950. Tvö vitni hafa borið, að stefnandi hafi verið á heimili þeirra fram til kl. rúmlega 24 aðfaranótt hins 19. janúar, og eitt vitni, starfsstúlka í húsi því, sem stefnandi bjó í, kveður, að ljós hafi verið komið í herbergi hans kl. rúmlega 24, en myrkur hafi verið þar áður, og segir þessi stúlka, að hún mundi hafa orðið þess vör, ef nokkur hefði farið út eftir það.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, og annars þess, sem komið hefur fram við rannsókn áðurgreinds máls, brestur algerlega sönnun fyrir því, að stefnandi hafi verið maður sá, er var á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu áðurgreindar nætur.

Guðmundur Arngrímsson virðist ótvírætt hafa starfað sem rannsóknarlögreglumaður í þjónustu ríkisins við handtöku stefnanda, sbr. og hrd. frá 7. febr. 1951. Grunur hans, jafnvel þótt réttur reyndist, að stefnandi væri maður sá, er sást á ferli utan nefnds húss, réttlætti á engan hátt framangreinda handtöku stefnanda. Eðlilegt þykir, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum. Verður því að telja, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni, beinu og óbeinu, sem stefnandi kann að hafa beðið vegna hinnar ólögmætu handtöku. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi beðið nokkurt beint fjártjón, en víst má telja, að hann hafi orðið fyrir óþægindum, álitsspjöllum og miska vegna hinnar ólögmætu handtöku, sem framkvæmd var með töluverðum harðræðum.

Þegar tilefni handtökunnar er virt, haft í huga, með hverjum hætti hún var framkvæmd, og þess gætt, að hún mun hafa stutt að því, að niðrandi orðrómur um stefnanda komst í hámæli, þá þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00.

Ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.100,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Pétri Magnússyni, kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og kr. 2.100,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 4/1954.

Sameinaðir verktakar og til vara Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. janúar þ. á. hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 6. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og dómkröfum stefnda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta í nefndu bæjarþingsmáli vísað frá dómi. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Endanlega úrlausn á dómkröfum varnaraðilja á hendur sóknaraðilja ber að lögum undir dómstóla. Hefur frávísunarkrafa sóknaraðilja þess vegna ekki við rök að styðjast, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Sameinaðir verktakar, Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 300,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 17. f. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. sept. sl., gegn Sameinuðum verktökum hér í bæ til viðurkenningar á skattskyldu stefnda samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 svo og til greiðslu skattskulda, að fjárhæð kr. 99.915,00, auk lögmæltra dráttarvaxta frá 1. september 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stjórnarmenn stefnda, þeir Halldór H. Jónsson arkitekt, Ægissíðu 88, Árni Snævarr verkfræðingur, Laufásvegi 46, Tómas Vigfússon húsasm., Víðimel 57, Guðmundur Halldórsson húsasm., Bergstaðastræti 9, og Einar Gíslason málaram., Bergstaðastræti 12, allir hér í bæ, verði persónulega sameiginlega dæmdir til greiðslu framangreindra skattskulda auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var greint.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu stefnanda um viðurkenningu á skattskyldu hans. Stefndi hefur og krafizt þess, að kröfu stefnanda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta verði vísað frá dómi, en *til vara* hefur hann krafizt sýknu af þeim kröfulið. Málskostnaðar krefst hann að skaðlausu, hvað snertir hvern einstakan kröfulið og málið í heild.

Málið er nú flutt, að því er varðar frávísunarkröfu stefnda, og mótmælti stefnandi henni og krafðist málskostnaðar.

Í ágústmánuði 1951 héldu ýmsir verktakar hér í bæ og nágrenni með sér fundi, og varð að samkomulagi með þeim, að þeir stofnuðu samtök, er nefndust Sameinaðir verktakar (Associated Icelandic Contractors). Eftir samþykktum samtaka þessara (dskj. nr. 14) voru þau stofnuð í samráði við ríkisstjórnina með það fyrir augum að tryggja, að Íslendingar sæju um byggingarframkvæmdir varnarliðsins á Íslandi, og að tryggja þeim jafna aðstöðu, sem áhuga og tök hefðu á því að annast slíkar framkvæmdir. Meðal annarra ákvæða samþykktanna var það, að til samtakanna væri eigi stofnað í hagnaðarskyni, enda reki þau eigi atvinnu og aldrei geti orðið um eigna-

söfnun að ræða. Þá var og ákveðið, að reikningsár samtakanna skyldi vera frá 1. júlí ár hvert til jafnlengdar næsta árs á eftir.

Stefnandi telur, að starfsemi samtaka þessara hafi verið allmikil á árinu 1951 og hafi síðan farið vaxandi.

Samtök þessi töldu eigi tekjur sínar né eignir fram til skatts í ársbyrjun 1952, en skattstjórinn í Reykjavík áætlaði þeim því skatt sem hér segir: tekjuskatt kr. 40.950,00, eignarskatt kr. 1.635,00, tekjuskattsviðauka kr. 16.730,00 og stríðsgróðaskatt kr. 40.600,00, eða samtals kr. 99.915,00. Af hálfu stefnda var skattálagning þessi kærð til yfirskattanefndar, er staðfesti álagninguna með úrskurði, sem kærður var til ríkisskattanefndar. Með úrskurði, dags. 1. maí 1953, ákvað ríkisskattanefnd, að falla skyldu niður álagðir skattar, samtals kr. 99.915,00, þar eð hið stefnda fyrirtæki væri ekki félag í skilningi 3. gr. laga nr. 6 frá 1935. Stefnandi hefur eigi viljað una við þessa niðurstöðu og hefur því höfðað mál þetta, eins og fyrr greinir.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun kröfu stefnanda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta við þá staðreynd, að ríkisskattanefnd hefur með fyrrnefndum úrskurði sínum fellt niður skyldur stefnda til að greiða tekjuskatt, eignarskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt fyrir skattárið 1951. Telur stefndi, að þar eð enginn skattur sé löglega á sig lagður fyrir skattárið 1951, beri að vísa frá dómi kröfu stefnanda um greiðslu slíkra skatta, og vísar í því efni til 2. mgr. 41. gr. laga nr. 6/1935.

Í fyrrnefndri málsgrein 41. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir m. a.: „Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla." Þegar af þeirri ástæðu leiðir það, að eigi er unnt að taka til greina kröfu stefnda um frávísun á kröfu stefnanda um greiðslu fyrrnefndra skatta og vaxta af þeim, en ákvörðun um málskostnað verður tekin í sambandi við efnisdóm í máli þessu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurðinn.

Uppsaga hans hefur dregizt nokkuð, og valda því annir við önnur dómsmál svo og þingleyfi um jólin.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 7/1953. **Sigurður Þórðarson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Guðnýju Runólfsdóttur (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Skiptamál. Séreign konu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1953. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði *aðallega*, að fasteignarhluti sá og húsmunir, sem um er deilt, verði talið félagseign aðilja, er koma skuli til jafnra skipta milli þeirra, en *til vara*, að greindar eignir verði taldar hjúskapareign stefnda, er skiptast eigi jöfnum skiptum með aðiljum. Þá áskilur áfrýjandi sér, ef nefndum kröfum hans verður hrundið, rétt til að fá greiddan verðauka vegna viðauka og breytinga á fasteign þeirri og lausafé, sem um er deilt. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa gengu að eigast árið 1936. Hinn 1. júní 1945 gerðu þau með sér kaupmála, þar sem ákveðið var, að fasteign hjónanna, ½ húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti, skyldi vera séreign stefnda. Einnig skyldu allir innanstokksmunir, bæði þeir, sem hjónin áttu þá, svo og þeir, sem þau kynnu síðar að eignast, vera séreign stefnda. Sama skyldi og gilda um allt það, sem stefndi eignaðist síðar í hjúskapnum, svo sem vegna gjafa, arfs, vinnutekna eða á annan hátt. Að öðru leyti skyldi fara um fjármál hjónanna eftir almennum

reglum laga. Skrá var gerð um lausafjármuni þá, sem urðu séreign stefnda, og látin fylgja kaupmálanum.

Í máli þessu heldur stefndi því fram, að ýmsar tilgreindar eignir eigi að teljast til séreignar sinnar, en því er andmælt af áfrýjanda, sem vill telja eignir þessar félagseign hjónanna. Verða hér greindar eignir þær, sem ágreiningur er um.

A. Viðbótarbygging við húseignina nr. 60 við Bergstaðastræti og breytingar á eigninni.

B. Ýmsir lausafjármunir, eins og hér segir:

1. Sófi og tveir djúpir stólar	Matsverð kr.		4.500,00
2. Útvarpstæki	—	—	500,00
3. Bókaskápur	—	—	600,00
4. Tveir stólar 160/—	—	—	320,00
5. Armstóll	—	—	250,00
6. Sófaborð	—	—	500,00
7. Annað sófaborð	—	—	750,00
8. Tveir vegglampar (tvöfaldir) ..	—	—	300,00
9. Þrír vegglampar (einfaldir)	—	—	270,00
10. Loftlampi	—	—	475,00
11. Málverk af Stokkseyri	—	—	300,00
12. Bókaskápur	—	—	900,00
13. Skjalaskápur	—	—	750,00
14. Stóll	—	—	160,00
15. Vegglampi	—	—	90,00

Um A. Húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti ásamt eignarlóð er að hálfu talin eign systur stefnda og mágs. Eftir að hálf húseignin varð séreign stefnda samkvæmt kaupmálanum, var húsinu breytt og reist við það viðbótarbygging, er sameinuð var að ýmsu leyti eldra hluta hússins. Virðist verk þetta hafa verið hafið árið 1946. Aðiljar eru sammála um, að kostnaður af viðbyggingu þessari og breytingum hafi, að því er tók til húshluta stefnda, verið greiddur af félagseign hjónanna og að áfrýjandi hafi einnig lagt fram vinnu sína við verkið.

Í álitsgerð tveggja dómkvaddra manna er viðbyggingunni og sambandi hennar við eldra hluta hússins meðal annars lýst þannig:

„Árið 1946 var enn hafin viðbótarbygging við hús þetta. Var nú byggt við austurgafl hússins og niður í lóðina. Bygg-

ing þessi er um 38 m² að grunnfleti, kjallari, tvær hæðir og ris, auk svala á aðalhæðum. Á risinu eru tveir kvistir. Þá hefur og verið settur kvistur á gamla hluta hússins og ýmsar breytingar gerðar á honum, sérstaklega í rishæð og kjallara. Húsrými það, er fékkst með viðbyggingunni, var sameinað gamla húsinu, enda engar útgöngudyr á viðbyggingunni."

Svo sem sjá má af lýsingu þessari, er viðbyggingunni skeytt þannig við húsið, sem var séreign stefnda samkvæmt kaupmálanum, að telja verður stefnda hafa öðlazt eignarrétt yfir henni og öðrum breytingum á húsinu, að því er til eignarhluta hennar tekur. Að vísu verður að ætla, eins og málum var háttað, að áfrýjandi hafi með sameiginlegan hag hjónanna fyrir augum ráðstafað fé af félagseign til þessara framkvæmda, og má samkvæmt því telja félagsbúið eiga kröfu á hendur stefnda, sem svari því, er fasteignarhluti hennar var ótvírætt meira virði vegna viðbyggingarinnar og annarra breytinga, er uppskrift á búinu fór fram. En krafa áfrýjanda um, að viðbyggingin og breytingarnar verði taldar félagseign hjónanna, verður ekki tekin til greina.

Um B 1. Á skrá þeirri, er kaupmálanum fylgdi, er meðal annars talið „ottóman og 2 hægindastólar". Húsmunir þessir voru síðar seldir, en um svipað leyti voru keyptir í þeirra stað munir þeir, sófi og tveir stólar, sem hér er deilt um. Kveður stefndi 1.000,00 krónur hafa skort til þess, að söluverð eldri munanna nægði til greiðslu á nýju munum, og hafi sá mismunur verið greiddur af félagseign. Þegar þess er gætt, að húsgögnin voru notuð á heimilinu til hags fyrir hjónin bæði, þá þykir fjárhæð sú, sem greidd var af félagseign þeirra, ekki eiga að standa í vegi fyrir því í skiptum milli hjónanna, að hinir umdeildu munir verði taldir séreign stefnda samkvæmt 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923. Verður krafa áfrýjanda því ekki tekin til greina, að því er þenna lið varðar.

Um B 2. Á skránni, sem kaupmálanum fylgdi, er talið eitt útvarpstæki. Í janúar 1947 keypti áfrýjandi nýtt útvarpstæki fyrir kr. 800,00, en seldi um líkt leyti útvarpstæki stefnda fyrir kr. 500,00, sem runnu til félagsbúsins. Af sömu

rökum og greinir um næsta lið hér að framan verður útvarpstæki það, sem hér getur, talið séreign stefnda.

Um B 3—15. Allir þeir munir, sem hér greinir, voru keyptir, eftir að kaupmálinn var gerður, og greiddir af félagseign hjónanna. Ekki létu hjónin bæta þessum munum við á skrá þá, er kaupmálanum fylgdi, né gerðu þá að séreign stefnda með annars konar viðauka við kaupmálann. Samkvæmt þessu verður ekki talið, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 20/1923, að umræddir munir hafi orðið séreign stefnda, og eiga þeir því að falla til félagsbúsins.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði. Eftir úrslitum málsins hér fyrir dómi þykir rétt, að hvor aðili beri sjálfur sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðbygging sú og breytingar á hálfri fasteigninni nr. 60 við Bergstaðastræti, sem í máli þessu getur, er séreign stefnda, Guðnýjar Runólfsdóttur. Húsmunir þeir, sófi, tveir stólar og útvarpstæki, sem getur í B 1 og 2 hér að framan, eru einnig séreign stefnda. Aðrir húsmunir, sem um er deilt í málinu, eru félagseign aðilja, Sigurðar Þórðarsonar og Guðnýjar Runólfsdóttur, og skulu koma til jafnra skipta milli þeirra.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði á að vera óraskað. Aðiljar beri hvor um sig sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hrd. og Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Við erum samþykkir hæstaréttardóminum að öðru en varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með því að aðal- og varakrafa áfrýjanda um húseign þá, sem í málinu greinir, eru gersamlega haldlausar og hann hefur með flutningi þeirra fyrir Hæstarétti bakað stefnda fyrir-

höfn og kostnað, teljum við rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 13. október 1952.

Hinn 7. janúar síðastliðinn fór fram í skiptarétti Reykjavíkur uppskrift á félagsbúi hjónanna Sigurðar Þórðarsonar og Guðnýjar Runólfsdóttur, Bergstaðastræti 60 hér í bænum, vegna væntanlegs hjónaskilnaðar. Voru hinar uppskrifuðu eignir flokkaðar í sex flokka undir númerunum I—VI. Hefur konan haldið því fram, að sumt af hinum uppskrifuðu eignum væri séreign sín, en eiginmaðurinn hefur ekki viljað viðurkenna það nema að nokkru leyti, og hafa aðiljar því lagt atriðið undir úrskurð skiptaréttarins og hvort um sig krafizt málskostnaðar. Var ágreiningur þessi tekinn undir úrskurð hinn 25. f. m. að afloknum munnlegum málflutningi.

Af hinum uppskrifuðu eignum hefur sóknaraðili talið, að séreign sín væru þær eignir, sem skráðar eru á réttarskj. nr. 1 undir II, III að undanteknum 2 kertastjökum, sem virtir eru á kr. 500,00, IV að undanteknu 1 málverki, sem metið er á kr. 150,00, og V að undanteknum 1 hnalli, sem metinn er á kr. 50,00, og hefur hún gert þær kröfur í málinu, að viðurkennt verði með úrskurði réttarins, að eignir þessar séu séreign hennar og búskiptunum óviðkomandi. Byggir hún þenna rétt sinn á kaupmála, sem þau hjónin gerðu með sér hinn 1. júní 1945 og skráður er í kaupmálabók 7. júlí sama ár, og hefur kaupmáli þessi verið lagður fram hér í málinu sem réttarskj. nr. 2. Telur hún, að allar þær eignir, sem getur hér að framan, séu þess eðlis, að þær falli beint undir séreignarákvæði í kaupmálanum. Hvað húsmununum viðkemur, telur hún tvímælalaust, að að svo miklu leyti sem þeir séu ekki taldir í kaupmálaskránni, falli þeir undir almennu ákvæðin í kaupmálanum, þar sem segir, að allir innanstokksmunir, bæði þeir, sem þau eigi nú, og þeir, sem þau kunni síðar að eignast, skuli vera séreign hennar, auk þess sem sófi og 2 stólar og útvarpstæki, sem getur í uppskriftargerðinni undir nr. II 2, sé beinlínis keypt í stað muna, sem taldir eru í kaupmálaskránni. Viðgerðir og endurbætur þær, sem farið hafi fram á húseigninni, kveður hún, að hafi orðið séreign sín, samstundis og það kom í fast tengsl við hluta sinn í henni, sem beinlínis hafi verið gerð að séreign sinni í kaupmálanum, enda séu þessar breytingar óaðskiljanlegar frá húsinu, eins og það var, þegar kaupmálinn var gerður.

Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að aðeins þær eignir séu séreign sóknaraðilja, sem taldar séu upp í kaupmálanum og skrá þeirri, er honum fylgdi, er hann var gerður, en allar aðrar

eignir, sem skrifaðar hafi verið upp, séu sameign aðilja, og beri að taka þær til skiptameðferðar.

Hann viðurkennir eignarrétt sóknaraðilja á munum þeim, sem taldir eru undir II 2, að undanteknum 1 sófa og 2 djúpum stólum svo og 1 útvarpstæki. Kveður hann, að þessir munir hafi verið keyptir, eftir að kaupmálinn var gerður, og þótt sams konar munir hafi verið skráðir í kaupmálaskránni, þá hafi þessir munir ekki komið í stað þeirra, þar sem sala þeirra hafi farið fram, eftir að hinir voru keyptir. Varnaraðili heldur því einnig fram, að ekki komi til mála að telja aðrar eignir séreign sóknaraðilja en þær, sem skráðar séu í kaupmála eða skrá þeirri, er honum fylgdi. Almenna ákvæðið í kaupmálanum nái ekki yfir þær eignir, sem til hafi fallið, eftir að kaupmálinn var gerður. Af þeim ástæðum verði ofangreindar eignir, 1 sófi, 2 djúpir stólar og útsvarpstæki, ekki taldar séreign sóknaraðilja og ekki heldur munir þeir, er getur undir III, að undantekinni bókahillunni, sem til hafi verið, þegar kaupmálinn var gerður, né heldur munir þeir, sem skráðir eru undir IV og V í uppskriftargerð, því að allir þessir munir hafi komið inn í búið, eftir að kaupmálinn var gerður.

Þá heldur varnaraðili því fram, að þótt í kaupmálanum standi, að ½ húseignin Bergstaðastræti 60 hér í bæ skuli vera séreign sóknaraðilja, þá gildi það ákvæði aðeins um húsið, eins og það hafi verið, þegar kaupmálinn var gerður. Síðan hafi farið fram bæði viðbætur og endurbætur á því, sem félagsbúið hafi lagt fram fé til að gera, og hljóti það að falla utan við kaupmálann og verða sameign hjónanna, enda hafi sóknaraðili sjálf ekkert lagt fram af séreign sinni til þeirra hluta. Verði eigi fallizt á, að breytingar á húsinu og viðaukar verði talin sameign hjónanna, telur varnaraðili, að það hljóti að teljast hjúskapareign sóknaraðilja, og beri því allt að einu að koma undir búskipti þessi.

Í hinum framlagða kaupmála segir svo:

„Allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast, svo sem stofuhúsgögn og svefnherbergishúsgögn, bæði það, sem við eigum nú, og það, sem við síðar kunnum að eignast, skulu vera séreign mín, Guðnýjar Runólfsdóttur. Sama gildir og um allt það, er ég, Guðný Runólfsdóttir, eignast í hjúskap okkar, — svo sem vegna gjafa, arfs eða innvinnu minnar eða á annan hátt. Skulu allar framangreindar eignir vera öllum skuldbindingum félagsbús okkar svo og skuldbindingum Sigurðar Þórðarsonar óviðkomandi."

Kaupmáli þessi er samningur milli aðilja, og virðist þetta ákvæði kaupmálans eiga til fulls að kveða á um eignarrétt á innanstokksmunum í búinu, bæði þeim, er til eru, þegar kaupmálinn er gerður, og þeim, er til verða síðar. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að aðiljar hafi ætlazt til nokkurrar breytingar á þessu samningsákvæði fyrr en við uppskrift á búi þessu, að varnaraðili vill takmarka samningsloforð sitt við innanstokksmuni þá,

er til voru, er kaupmálinn var gerður. Verður ekki séð, að þessi skýring á ákvæði kaupmálans hafi við rök að styðjast, og þykir því verða að taka kröfu sóknaraðilja til greina, að því er innanstokksmuni varðar.

Enn fremur segir í áminnztum kaupmála:

„Húseign okkar, ½ húseignin nr. 60 við Bergstaðastræti, með öllu múr- og naglföstu og tilheyrandi lóðarréttindum verður séreign mín, Guðnýjar Runólfsdóttur, enda tek ég að mér allar áhvílandi veðskuldir."

Með ákvæði þessu var ½ húseignin Bergstaðastræti 60 hér í bæ gerð að séreign sóknaraðilja. Þær breytingar og viðauki, sem gert hefur verið á eigninni, verður ekki frá henni skilið, eftir því sem fram er komið í máli þessu. Eigi verður séð, að varnaraðili hafi á þeim tíma, sem aðgerð þessi stóð yfir, gert nokkra tilraun til að tryggja sinn rétt yfir eign þessari, en hann hefst þá fyrst handa, er uppskrift á búinu fer fram. Að þessu athuguðu verður ekki séð, að hann geti helgað sér eða búi þeirra hjóna eignarrétt að nokkrum hluta úr húseign þessari, og verður því að fallast á það, að eign þessi sé séreign sóknaraðilja, og kemur því varakrafa varnaraðilja ekki heldur til álita.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 1.200,00 upp í málskostnað.

Því úrskurðast:

Eignir þær, sem greinir í uppskrift undir II, III að undanteknum 2 kertastjökum, metnum á kr. 500,00, IV að undanteknu 1 málverki, metnu á kr. 150,00, og V að undanteknum 1 hnalli, metnum á kr. 50,00, skulu teljast séreign sóknaraðilja, Guðnýjar Runólfsdóttur, og búskiptum þessum óviðkomandi. Þá greiði varnaraðili, Sigurður Þórðarson, sóknaraðilja kr. 1.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 5/1954.

Guðlaugur Ásgeirsson

gegn

Pétri Péturssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Úrskurður um synjun frests staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. f. m., er hingað barst 28. s. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Hvor aðilja á að bera málskostnað sinn hér fyrir dómi, enda hefur varnaraðili ekki krafizt kærumálskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja á að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. f. m., hefur Pétur Pétursson kaupmaður, Hafnarstræti 7 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. október f. á., gegn Guðlaugi Ásgeirssyni kaupmanni, Laugavegi 12 hér í bæ, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 10.000,00, út gefins af Ewald Berndsen, en samþykkts af stefnda til greiðslu í Útvegsbankanum 19. marz f. á.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Guðlaugur verði dæmdur til að greiða sér fjárhæð „víxilsins" með 6% ársvöxtum frá gjald-

daga hans til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 25,00 í stimpilgjald og málskostnað að skaðlausu.

Einnig hefur stefnandi krafizt, að staðfest verði löghald, sem lagt var á húseignina nr. 10 A við Bergstaðastræti hér í bæ hinn 20. október f. á. til tryggingar kröfunum.

Stefnandi hefur stefnt Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bæ, til réttargæzlu í málinu og til að þola staðfestingu framangreinds löghalds, en hann er eigandi áðurnefndrar húseignar.

Stefndi Sigurður hefur ekki sótt þing í málinu, en stefndi Guðlaugur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans. Hefur hann fært þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að hann hafi greitt stefnanda fyrir fram vexti af „víxlinum" til 19. des. f. á., og verði því að telja, að „víxillinn" hafi ekki átt að falla í gjalddaga fyrr en þann dag. Telur stefnandi fyrirframgreiðslu sína á vöxtum hafa numið kr. 450,00, og eigi sú greiðsla að koma honum til góða í máli þessu.

Mál þetta var þingfest hinn 29. október f. á., og lagði stefnandi þá fram sóknargögn sín, en stefndi Guðlaugur fékk tveggja vikna frest til að rita greinargerð. Hinn 12. nóvember f. á. kom síðan fram greinargerð af hans hendi, og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 26. s. m. Í þinghaldi þann dag lagði stefndi Guðlaugur fram eitt skjal til stuðnings staðhæfingum sínum um fyrrgreinda vaxtagreiðslu, og óskaði hann eftir framhaldsfresti til 3. des. sl., þar sem hann þyrfti að leiða vitni í málinu. Stefnandi andmælti, að fresturinn yrði veittur. Færði hann þau rök fyrir mótmælum sínum, að mál þetta væri víxilmál, en stefndi Guðlaugur hefði ekki haft uppi neinar þær varnir, sem kæmust að í slíku máli. Eigi hefði löghaldsgerðin heldur sætt andmælum.

Með úrskurði, upp kveðnum 30. nóv. sl., var hinn umbeðni frestur veittur, enda var honum talið í hóf stillt og skjal það, sem stefnandi reisti kröfur sínar á, ekki talið vera lögfullur víxill og réttur stefnda Guðlaugs til að hafa uppi varnir því ekki takmarkast af ákvæðum 208. gr. einkamálalaganna.

Eftir uppkvaðningu úrskurðarins var ákveðið þinghald í málinu í skrifstofu embættisins hinn 3. des. sl. kl. 3 e. h., til þess að aðiljar leiddu þau vitni, sem þeir teldu þurfa. Var stefnda Guðlaugi og lögmanni stefnanda tilkynnt um stað og stund þinghaldsins. Stefndi Guðlaugur sótti ekki þinghald þetta, og hafði hann þó engin forföll boðað. Var málið þá dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Eftir dómtöku málsins tjáði stefndi Guðlaugur dómaranum, fyrst í símtali og síðan með bréfi, dags. 11. des. sl., er barst skrifstofu embættisins hinn 18. s. m., að hann hefði eigi getað sótt fyrrgreint þinghald vegna sjúkleika, og beiddist þess, að málið yrði endurupptekið.

Hinn 23. f. m. var málið endurupptekið með samþykki lögmanns stefnanda. Lýsti lögmaður stefnanda þá yfir, að hann lækkaði vaxta-

kröfur sínar um kr. 450,00, ef stefndi Guðlaugur vildi fallast á að greiða aðrar kröfur hans fyrir 10. þ. m. Stefndi Guðlaugur vildi eigi samþykkja það, og lækkaði stefnandi þá dómkröfur sínar um kr. 450,00. Stefndi Guðlaugur óskaði eftir framhaldsfresti til gagnaöflunar og fresti til að hafa uppi gagnkröfur til 14. þ. m. Stefndi Guðlaugur hefur talið, að sér væri nauðsyn á umbeðnum fresti til að leiða vitni um staðhæfingu sína um þá greiðslu á vöxtum, sem fyrr greinir. Stefnandi hefur nú lækkað kröfur sínar um þá fjárhæð, sem stefndi Guðlaugur hefur talið þá greiðslu hafa numið. Þá er „víxillinn" enn fremur fallinn í gjalddaga nú samkvæmt skýringum stefnda Guðlaugs sjálfs. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að vitnaleiðsla sú, er stefndi Guðlaugur hefur óskað eftir, hafi þýðingu fyrir úrslit málsins. Hefur hann ekki tilgreint önnur gögn, er hann hyggist afla.

Stefndi Guðlaugur hefur lýst yfir, að gagnkröfur þær, er hann vilji hafa uppi, stafi af því, að brugðizt hafi, að hann fengi endurgjald frá stefnanda fyrir nokkurn hluta „víxilsins". Kröfur út af því hefði stefnda Guðlaugi hins vegar verið unnt að hafa uppi þegar í öndverðu, og þykir því ekki ástæða til þess að veita honum nú frest til þess gegn andmælum stefnanda.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður hinn umbeðni frestur ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðarins vegna jólahelgarinnar.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 191/1953. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Urbain Laplasse (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða samkvæmt hornamælingum varðskipsmanna kl. 13.45 hinn 12. nóvember 1953. Reyndist staðurinn vera 0.9—1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Urbain Laplasse, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 13. nóv. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Urbain Laplasse, skipstjóra á belgíska botnvörpuskipinu Henriette, O. 236, frá Ostende, til heimilis í Ostende í Belgíu, með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðuneytinu í dag, fyrir meint brot á 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum fimmtudaginn 12. þ. m. SA af Ingólfshöfða innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í nefndri reglugerð, nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. grein reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og enn fremur til upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt heimildum sömu lagagreina. Svo er þess og krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Urbain Laplasse, er fæddur 25/12 1914 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina:

Fimmtudaginn 12. nóvember 1953 var varðskipið María Júlía á eftirlitsferð vestur með landi austan við Ingólfshöfða. Kl. 12.24 sást togari grunsamlega nærri landi, og var haldið að honum með fullri ferð. Kl. 12.37 var gefið stöðvunarmerki og skotið lausu skoti, og staðnæmdist togarinn þá samstundis. Kl. 12.40 var varðskipið komið að togaranum, sem reyndist vera Henriette, O. 236, er ákærði er skipstjóri á. Togarinn var að toga með stjórnborðsvörpu úti, og dró hann nú upp vörpuna, en í henni var nokkuð af fiski („cirka poki").

Strax og komið var að togaranum, var sett út dufl utan til við hann. Vegna snjókomu og dimmviðris var þá ekki hægt að gera mælingar með sextant, en samkvæmt ratsjá skipsins var Ingólfshöfði í 3.8 sjóm. fjarlægð, og eftir áttavita miðaðist hann í 290° réttvísandi. Dýpi var 60 metrar.

Var nú skipstjóri togarans sóttur og honum skýrt frá, að hann væri að veiðum innan við fiskveiðitakmörkin, og sýndur staður skipsins. Talið var, að hann væri ca. 0.8 sjómílu innan takmarkanna. Ákærða var boðið að mæla stað skipsins með ratsjánni, en hann vildi það ekki og kvaðst óvanur mælingum með ratsjá og sextant. Var ákærði því næst fluttur aftur út í skip sitt og honum sagt að fylgjast með varðskipinu til Vestmannaeyja og vörður settur um borð í skipið. Var nú beðið um stund við duflið, enda var að létta til. Kl. 13.45 var orðið vel bjart til lands, og var þá við duflið gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði
> 43° 59'
Salthöfði
> 34° 30'
Rákartindur

Dýpi 55 metrar. Gefur þetta stað duflsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna.

Hornamælingarnar framkvæmdu skipherra varðskipsins og I. stýrimaður með tveim sextöntum samtímis.

Var því næst haldið til Vestmannaeyja kl. 14.05. Veður var N 3, snjókoma fyrst og síðan skýjað, sjór SV 3.

Skipherra og I. stýrimaður hafa staðfest þessa skýrslu sína fyrir dómi og unnið eið að henni.

Ákærði hefur fyrir dómi kannazt við, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið kom að skipi hans og setti út duflið. Ekki hefur ákærði skýlaust viðurkennt mælingar varðskipsins og játað að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hins vegar hefur hann ekki heldur neitað því, en kveðst ekki vita það með vissu.

Ákærði hafði aðeins gamalt kort, en þar var ekki dregin lína, sem sýnir fiskveiðitakmörkin samkvæmt reglugerð nr. 21/1952, heldur gömlu þriggja mílna línuna. Kveður ákærði sig samkvæmt athugunum sínum hafa örugglega talið sig utan þeirrar línu, en kveðst ekki vita glöggt, hvar fiskveiðitakmörkin skv. reglugerð 21/1952 séu sett.

Ákærði hefur játað að hafa verið að botnvörpuveiðum á þeim stað, sem dufl varðskipsins hafi verið sett út. Samkvæmt mælingum skipherra og I. stýrimanns varðskipsins, sem þeir hafa báðir staðfest fyrir dómi með eiði, er staður þessi 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum hinn 12. nóvember 1953 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna á skipi sínu, Henriette, O. 236, suðaustur af Ingólfshöfða. Hefur hann því brotið 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingarbréfi togarans er brúttórúmlestastærð togarans 154.45, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, dagsettu í dag, er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Henriette, O. 236, þar

með taldir dragstrengir, skulu upptæk ger, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Urbain Laplasse, greiði 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Henriette, O. 236, eru ger upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 181/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason) gegn **Hólmjárni J. Hólmjárn** (Lárus Jóhannesson) **og gagnsök.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Skaðabætur vegna afnáms embættis.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst hann *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og hvor málsaðilja látinn bera kostnað sinn af málinu.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1953 að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 265.771,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Staða gagnáfrýjanda var lögð niður með lögum nr. 11/1951, en nú eru ekki lengur, eins og áður var, lögmælt eftirlaun til handa embættismanni, sem þannig verður að láta af embætti, án þess að sakir séu sannaðar. Ber því að dæma gagnáfrýjanda, sem misst hefur þessa stöðu sína án nokkurra saka, bætur úr hendi aðaláfrýjanda. Þykja þær eftir öllum atvikum og högum gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000,00, með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hólmjárni J. Hólmjárn, kr. 60.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. f. m., hefur Hólmjárn Jósefsson Hólmjárn höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. okt. 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 265.771,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í 11. gr. laga nr. 38 frá 1937 segir svo: „Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði.“ Í 12. gr. sömu laga eru talin störf þau, er loðdýraræktarráðunaut eru falin: almenn fræðsla og leiðbeiningar um loðdýrarækt, dómarastörf á loðdýrasýningum og yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu.

Með lögum nr. 94 frá 1940 var m. a. sett það skilyrði um ráðunautinn, að hann skyldi hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum eða annan hliðstæðan skóla. Stefnandi var settur til að gegna starfi þessu frá 1. sept. 1937, en hinn 20. ágúst 1942 var hann skipaður ráðunautur frá 1. sept. s. á. Með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 11. sept. 1950, var stefnanda veitt lausn frá störfum loðdýraræktarráðunautar ríkisins frá 1. apríl 1951 að telja. Stefnandi hafði eigi beðið um lausn, en bréf ráðherra hljóðar svo:

„Þar sem loðdýrarækt landsmanna hefur dregizt mjög saman hin síðari ár og ekki er af þeim sökum orðið um fullt starf að ræða fyrir ráðunautinn í þeirri grein, telur ráðuneytið ónauðsynlegt að halda mann á fullum launum og með sérstakt skrifstofuhald við það starf. Hefur ráðuneytið því ákveðið að bera fram frumvarp á næsta Alþingi um breyting á lögum nr. 112 30. september 1947, um loðdýrarækt, þess efnis, að lagt verði niður starf ríkisráðunautarins í loðdýrarækt, en þau störf, sem hann hefur haft með höndum, verði falin Búnaðarfélagi Íslands.

Með skírskotun til þessa veitir ráðuneytið yður hér með, herra loðdýraræktarráðunautur, lausn frá störfum loðdýraræktarráðunautar ríkisins frá 1. apríl nk. að telja."

Frumvarp það, er ræðir um í bréfinu, var fram borið og samþykkt sem lög nr. 11 frá 1951. Með lögum þessum var lagt niður starf þetta, en í 3. gr. þeirra er svo ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands skuli fela einum af ráðunautum sínum þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hafði haft með höndum. Eftir að stefnandi lét af störfum, bauð hann stefnda starfskrafta sína í skyldum starfsgreinum og sótti um kennarastöðu við bændaskólann á Hólum. Eigi var boði hans né umsókn sinnt, og höfðaði stefnandi síðan mál þetta. Reisir hann kröfur sínar á því, að hann hafi mátt vænta þess, er hann varð loðdýraræktarráðunautur ríkisins, að hann mætti gegna þeim starfa, á meðan hann hefði heilsu til og væri undir lögmæltu aldurshámarki opinberra starfsmanna, enda bryti hann eigi af sér í starfi, svo að réttlætt fengi uppsögn. Telur hann, að uppsögn þessi jafngildi brottvikningu án saka, og bendir jafnframt á, að störf þau, er hann gegndi, hafi eigi verið lögð niður, heldur falin öðrum aðiljum. Stefnandi hefur látið tryggingarfræðing reikna verðmæti launataps síns um tímabilið 1. apríl 1951 til 31. jan. 1961 svo og væntanlegt tap af því, að niður falla iðgjaldsgreiðslur launagreiðanda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þeim reikningum nemur launatapið kr. 250.727,00, en hið síðara 6% af þeirri fjárhæð eða kr. 15.044,00. Til vara heldur stefnandi því fram, að honum hafi verið sagt upp með of skömmum fyrirvara, enda uppsögnin verið bundin skilyrði, sem eigi var fullnægt fyrr en við gildistöku laganna nr. 11 frá 9. febrúar 1951.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að grundvöllurinn fyrir

starfa stefnanda hafi verið fallinn niður, vegna þess að atvinnuvegur sá, er starfið var tengt, sé nú sem næst niður lagður. Bendir hann á, að loðdýr í eldi hafi verið á ellefta þúsund árið 1941, en 1950 aðeins um 800, og nú séu í eldi um 180 minkar og innan við 50 refir. Minkabú megi eigi reka eftir 1956. Telur hann stefnanda því ekki eiga rétt til bóta úr hendi stefnda, enda vefengir hann, að það sé almenn regla, að íslenzkur embættismaður eigi rétt til bóta fyrir það, að starf hans sé lagt niður. Þá telur hann, að uppsagnarfrestur hafi verið nægur, og til vara mótmælir hann kröfum stefnanda sem of háum. Loks mótmælir hann sérstaklega kröfu stefnanda um bætur fyrir niðurfall iðgjaldsgreiðslna í lífeyrissjóð.

Þótt loðdýrarækt væri í vexti, þegar stefnandi gerðist ráðunautur, var hún nýr atvinnuvegur og ósýnt, hverja framtíð hún ætti fyrir höndum hér á landi. Mátti stefnandi því vera við því búinn, að breytingar kynnu að verða gerðar um tilhögun eftirlits og umsjónar af hálfu stjórnarvalda með atvinnugrein þessari. Hins vegar mátti hann og ætla, að hann mundi til nokkurrar frambúðar gegna starfi sínu, ekki sízt eftir að staða hans var tekin í lög um laun starfsmanna ríkisins frá 1945 og grunnlaun þar ákveðin kr. 8.400,00. Að þessu athuguðu svo og því, að störf stefnanda hafa ekki með öllu verið lögð niður, heldur falin öðrum aðiljum, þykir stefnandi eiga rétt til bóta fyrir það, að staða hans var lögð niður og hann sviptur launum aðeins með rúmlega 6 mánaða fyrirvara og án nokkurra saka af hans hálfu.

Stefnandi er fæddur 1. febrúar 1891 og var því 60 ára og 2 mánaða gamall, er hann lét af störfum. Hér að framan var greint frá niðurstöðum tryggingarfræðings um launatap stefnanda og tjón vegna niðurfalls lífeyrissjóðsiðgjalda. Að öllu framanrituðu athuguðu þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 45.000,00, og verður stefnandi því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnaðar, er ákveðst kr. 4.200,00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hólmjárni Jósefssyni Hólmjárn, kr. 45.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 og kr. 4.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 6/1954.

Páll Þorgeirsson f. h. Osuuspuu i. l.

gegn

Bæjarútgerð Neskaupstaðar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. f. m., er barst dóminum 10. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að frestur samkvæmt úrskurði héraðsdóms verði styttur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði hins kærða úrskurðar um frest verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins. Ekki er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum nema að litlu leyti. Héraðsdómari hefur því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Sóknaraðili, Páll Þorgeirsson f. h. Osuuspuu i. l., greiði varnaraðilja, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, kærumálskostnað, kr. 300,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður
sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 22. janúar 1954.

Mál þetta er af sækjanda höfðað með stefnu, áletraðri 11. janúar, og þingfest 15. janúar sl. Dómurinn leitaði þá sátta. Umboðsmenn beggja aðilja kváðu sáttagrundvöll hugsanlegan, en gátu ekki gengið endanlega frá sátt án samráðs við umbjóðendur sína. Voru þeir sammála um að fá viku frest til að reyna samkomulag. Var af hálfu verjanda fram tekið, að hann teldi frestinn ætlaðan einungis til samningatilrauna. Samningar tókust ekki. Í þinghaldi í dag krafðist verjandi skriflegs málflutnings og 5 vikna frests til að afla gagna og semja vörn, en til þess telur hann sig þurfa aðstoð málfærslumanns í Reykjavík, þar eð um flókin lögfræðileg úrlausnarefni kunni að verða að ræða. Jafnframt er af verjanda hálfu boðið, að hann skuli mæta fyrir rétti í Reykjavík að liðnum kröfðum fresti og þola þar dóm í máli þessu.

Af hálfu sækjanda var einungis lengd frestsins mótmælt, en skriflegum málflutningi ekki mótmælt.

Rétt þykir að fallast á, að þörf er verulegs frests til að afla lögfræðilegrar aðstoðar við málflutninginn vegna tregra samgangna. Með tilliti til þessa og þess réttarfarshagræðis, sem boðið er af hálfu verjanda, að samþykkt er af hans hálfu að þola dóm í málinu á varnarþingi sækjanda, þykir rétt að veita umkrafinn frest þrátt fyrir mótmæli af hálfu sækjanda.

Formaður dómsins, Axel V. Tulinius bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna, en vegna annríkis meðdómenda voru þeir ekki kvaddir til, þar eð víst þótti, að aðeins yrðu lögð fram skjöl eða frestur veittur, sbr. 205. gr. l. nr. 85/1936.

Niðurlagsorð:

Málflutningur skal vera skriflegur.

Umkrafinn frestur í 5 vikur skal veittur.

Mánudaginn 22. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 7/1954.

Páll Þorgeirsson

gegn

Bæjarútgerð Neskaupstaðar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. f. m., sem barst dóminum 10. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að frestur samkvæmt úrskurðinum verði styttur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði hins kærða úrskurðar um frest verði staðfest og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins. Ekki er þar heldur lýst málsástæðum né málsatvikum nema að litlu leyti. Héraðsdómari hefur því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Sóknaraðili, Páll Þorgeirsson, greiði varnaraðilja, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, kærumálskostnað, kr. 300,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður
sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 22. janúar 1954.

Mál þetta er af sækjanda höfðað með stefnu, áritaðri 11. janúar, og þingfest 15. janúar sl.

Dómurinn leitaði þá sátta. Umboðsmenn beggja aðilja kváðu sáttagrundvöll hugsanlegan, en gátu ekki gengið endanlega frá sátt án samráðs við umbjóðendur sína. Voru þeir sammála um að fá viku frest til að reyna samkomulag. Var af hálfu verjanda fram tekið, að hann teldi frestinn ætlaðan einungis til samningatilrauna. Samningar tókust ekki. Í þinghaldi í dag krafðist verjandi skriflegs málflutnings og 5 vikna frests til að afla gagna og semja vörn, en til þess telur hann sig þurfa aðstoð málfærslumanns í Reykjavík, þar eð um flókin lögfræðileg úrlausnarefni geti verið að ræða. Jafnframt er af verjanda hálfu boðið, að hann skuli mæta fyrir rétti í Reykjavík að liðnum umkröfðum fresti og þola þar dóm í máli þessu.

Af hálfu sækjanda var einungis lengd frestsins mótmælt, en skriflegum málflutningi ekki mótmælt.

Rétt þykir að fallast á, að þörf er verulegs frests til að afla lögfræðilegrar aðstoðar við málflutninginn vegna tregra samgangna. Með tilliti til þessa og þess réttarfarshagræðis, sem boðið er af hálfu verjanda, að samþykkt er af hans hálfu að þola dóm í málinu á varnarþingi sækjanda, þykir rétt að veita honum umkrafinn frest þrátt fyrir mótmæli af hálfu sækjanda.

Formaður dómsins, Axel V. Tulinius bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna, en vegna annríkis meðdómsmanna voru þeir ekki kvaddir til, þar eð víst þótti, að aðeins yrðu lögð fram skjöl eða frestur veittur, sbr. 205. gr. l. 85/1936.

Niðurlagsorð:

Málflutningur skal vera skriflegur.

Umkrafinn frestur í 5 vikur skal veittur.

Föstudaginn 26. febrúar 1954.

Nr. 95/1953. **Jón Hjaltason** (Sigurður Ólason)
gegn
Póstafgreiðslu Vestmannaeyja
(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Deilt um eignarrétt að frímerki á póstávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1953, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum fjárhæð póstávísunar nr. 7485, kr. 119,20, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 24. júní 1952 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur skýlausa heimild samkvæmt 9. mgr. 17. gr. laga nr. 31/1940 til að binda greiðslu ávísunar þeirrar, sem í málinu greinir, því skilyrði, að ávísunin sé afhent með álímdu frímerki. Nefnt lagaboð verður ekki talið brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, enda er sá skilningur ákvæðisins eðlilegastur, að það veiti heimild til aukins gjalds fyrir póstþjónustu þá, er þar greinir. Þetta viðbótargjald virðist áfrýjandi geta innt af hendi með greiðslu á nafnverði frímerkjanna, kr. 2,00.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Hjaltason, greiði stefnda, Póstafgreiðslu Vestmannaeyja, kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 21. apríl 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 15. þ. m., er höfðað af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni 24. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Bjarna Linnet póstafgreiðslumanni vegna póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar til greiðslu póstávísunar nr. 7485, að fjárhæð kr. 119,20, auk vaxta og málskostnaðar. Undir rekstri málsins lýsti málflutningsmaður stefnanda, Jón Hjaltason, yfir því, að hann hefði greitt umbjóðanda sínum, bæjarsjóði Vestmannaeyja, andvirði póstávísunarinnar, sem málið snýst um, og ræki hann því málið áfram sjálfur á eigin ábyrgð.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur *aðallega*, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum andvirði póstávísunarinnar, kr. 119,20, ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt fram lögðum reikningi, að fjárhæð kr. 268,50, en *til vara*, að stefndur verði dæmdur til að greiða kröfur þessar að frádregnu andvirði hins notaða frímerkis, sem var á póstávísuninni og stefnandi telur, að sé 10 aura virði.

Stefndur mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að í júní sl. tók stefnandi úr pósthólfi bæjarins póstávísun til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, að fjárhæð kr. 119,20. Að morgni hins 22. júní sl. framvísaði stefnandi ávísuninni á pósthúsinu, en hafði áður rifið af henni hægra hornið með álímdu frímerki, sem var að upphæð kr. 2,00. Póstafgreiðslumaðurinn neitaði að greiða ávísunina nema því aðeins, að hægra horni ávísunarinnar ásamt álímdu frímerki yrði skilað eða burðargjaldið, kr. 2,00, yrði dregið frá upphæð ávísunarinnar. Stefnandi vildi ekki hlíta þessu og fór burtu og hafði ávísunina með sér. Höfðaði hann síðan mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir. Í málinu hefur hann lagt fram umrædda ávísun og einnig hægra horn hennar með álímdu frímerki.

Stefndur hefur í máli þessu boðið fram greiðslu á póstávísuninni með sömu skilyrðum og áður, þ. e. a. s. gegn afhendingu póstávísun-

arinnar og ásamt frímerkinu, en verði frímerkinu ekki skilað, þá gegn því, að burðargjaldið, kr. 2,00, yrði dregið frá ávísunarupphæðinni. Stefnandi hefur hafnað þessu tilboði og talið sig eiganda frímerkisins og haldið því fram, að stefndum væri algerlega óheimilt að setja þessi skilyrði fyrir greiðslu póstávísunarinnar. Vexti og málskostnað hefur stefndur neitað algerlega að greiða og talið sér það óskylt með öllu.

Í póstlögum, nr. 31 frá 12. febrúar 1940, 9. mgr. 17. gr., segir svo:

„Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð."

Stefnandi telur ákvæði þetta markleysu, þar eð það fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Telur hann, að viðtakandi póstsendinga verði eigandi að álímdum frímerkjum og engir almenningshagsmunir eða ástæður almenns eðlis séu fyrir hendi, sem réttlæti það, að viðtakandi sé sviptur eignarrétti sínum. Þessu er ákveðið andmælt af stefndum, og telur hann, að reglan, sem komi fram í tilvitnaðri lagagrein, sé réttmæt og eðlileg, þar eð póststjórnin þurfi að fá eyðublöðin og með álímdum frímerkjum vegna endurskoðunar póstreikninga. Gegn þessu bendir stefnandi á, að sá háttur sé hafður á hjá póstafgreiðslum landsins, að frímerkin séu tekin af póstávísunum, jafnskjótt og þær hafa verið innleystar og komnar að nýju í vörzlur póstsins. Að því er frímerkin snertir, sé ákvæðið ekki heldur sett vegna væntanlegrar endurskoðunar, heldur eingöngu í því skyni að afla póststjórninni tekna, sem að nokkru leyti renna síðan til póstmannasjóðs samkv. reglug. nr. 49/1923.

Í póstlögum ákveður löggjafinn, hvernig greiðslum til póstsjóðs skuli hagað fyrir þá þjónustu, sem pósturinn lætur í té. Burðargjaldið fyrir bréf og aðrar póstsendingar skal í flestum tilfellum greitt með gildandi frímerkjum, sem póststjórnin annast um sölu á. Greiða skal fyrir fram. Löggjafanum er að sjálfsögðu heimilt að ákveða, að frímerkin, sem notuð eru til greiðslu burðargjalds, skuli um leið verða eign póstsjóðs, alveg á sama hátt og annar gjaldmiðill verður eign póstsjóðs, sem inntur er af hendi fyrir ákveðna póstþjónustu. Stjórnarskrárgjafinn bannar þetta ekki, en hins vegar hefur löggjafinn ekki farið inn á þessa leið, og liggja til þess allt aðrar ástæður en tillitið til 67. greinar stjórnarskrárinnar. Í 9. mgr. 17. gr. póstlaganna áskilur löggjafinn raunar póststjórninni eignarrétt að frímerkjum, sem límd eru á eyðublöð, sem póststjórnin þarf á að halda sem fylgiskjölum með bókhaldi sínu. Er þetta fyllilega heimilt samkvæmt því, sem fyrr segir, og á einskis einstaks manns rétt gengið, þótt viðtakandi eyðublaðanna sé þar með sviptur tæki-

færi til að hagnýta sér frímerkin endurgjaldslaust. Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eins og fyrr getur, hefur stefnandi lagt fram í máli þessu bæði ávísunina og tilheyrandi frímerki. Var honum því unnt að uppfylla lögleg skilyrði til þess að fá ávísunina greidda. Hann átti ekki heimtingu á að fá frímerkið til eignar, hvorki gegn öðru frímerki né ákveðnu endurgjaldi, nema samþykki póststjórnarinnar kæmi til. Hún hefur hins vegar gefið stefnanda kost á að fá frímerkið gegn greiðslu á nafnverði þess, kr. 2,00. Verð þetta er mun hærra en gangverð á sams konar frímerkjum notuðum, en virðist þó geta staðizt, þar eð hér koma ekki eingöngu fjárhagslegir hagsmunir til greina, heldur hefur stefndur einnig annarra hagsmuna að gæta. Samkvæmt þessu verður varakrafa stefnanda ekki heldur tekin til greina.

Telja verður, að stefndum sé heimilt að binda greiðslu ávísunarinnar því skilyrði, að ávísunin sé afhent með álímdu frímerki. Og þar eð stefndur hefur samþykkt, að stefnandi fengi frímerkið gegn greiðslu á kr. 2,00, á stefnandi einnig kost á greiðslu ávísunarinnar með því skilyrði. Tæplega verður gert ráð fyrir, að stefnandi ætlist til sýknu, ef aðalkrafa hans og varakrafa eru ekki teknar til greina, og verður stefndur því dæmdur til greiðslu ávísunarinnar, ef ofangreindum skilyrðum verður fullnægt. Vextir af ávísunarfjárhæðinni verða ekki tildæmdir, þar sem greiðsla var strax boðin fram.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndum kr. 250,00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Bjarni Linnet vegna póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar, greiði stefnanda, Jóni Hjaltasyni, kr. 119,20 gegn afhendingu póstávísunar nr. 7485 með tilheyrandi frímerki eða í stað frímerkisins gegn greiðslu á kr. 2,00.

Stefnandi, Jón Hjaltason, greiði stefndum, Bjarna Linnet vegna póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar, kr. 250,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1954.

Nr. 48/1951. **Björn Gíslason** (Sigurður Ólason)
gegn
Gísla Styff (Magnús Thorlacius)
og Agli Sigurgeirssyni (sjálfur)
og
Gísli Styff og dánarbú Jóhönnu Filippusdóttur
(Magnús Thorlacius)
gegn
Birni Gíslasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur í héraði. Var kröfugerð hans þar mjög ófullkomin og óskýr. M. a. beindi aðaláfrýjandi kröfum ranglega gegn stefndu sameiginlega og gerði kröfu um afhendingu ýmissa muna án þess að sérgreina suma þeirra. Þá gerði aðaláfrýjandi kröfu um, að honum yrði afhent til eignar og umráða tiltekin fasteign, án þess að beina málinu gegn aðilja, sem fengið hafði afsal fyrir eigninni. Héraðsdómari lét þrátt fyrir þessa augljósu annmarka á höfðun málsins og kröfugerð aðaláfrýjanda undan falla að leiðbeina honum samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936. Þá leiðbeindi héraðsdómari aðaláfrýjanda eigi nægilega um öflun gagna og málflutning.

Af framangreindum sökum þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt allri meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum og kröfum gagnáfrýjenda og stefnda hér fyrir dómi er rétt, að aðaláfrýjandi greiði hvorum gagnáfrýjenda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.500,00, og stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýj-

anda, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Björn Gíslason, greiði gagnáfrýjendum, Gísla Styff og dánarbúi Jóhönnu Filippusdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, hvorum um sig kr. 2.500,00, og stefnda, Agli Sigurgeirssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00. Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 19. desember sl. og flutt skriflega, hefur Björn Gíslason, Þórsgötu 28 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. október 1949, gegn Gísla Styff, Vatnsstíg 16, Jóhönnu Filippusdóttur, s. st., og Agli Sigurgeirssyni, Holtsgötu 25, öllum hér í bænum, og haft þar uppi kröfur um afhendingu á verðmætum og skaðabótagreiðslu in solidum, sem hér greinir:

1. Mér verði afhent til frjálsrar eignar og umráða húseignin Sæmundarbúð í Grindavík, og auk þess verði mér greidd hæfileg leiga af húseigninni frá 11. maí 1946 til afhendingardags eftir mati. *Til vara* krefst ég, að mér verði greiddar kr. 25.000,00 í peningum með því gengi, er á þeim var árið 1947 miðað við dollar, og 5% ársvöxtum frá 11. maí 1946 til greiðsludags.

2. Skili mér aftur veiðarfærum og öðru, er útgerðinni fylgdi, svo sem fiskilóðum, niðurstöðum, belgjum, lóðarstöngum og salti, eða *til vara,* að mér verði greiddar kr. 6.000,00 í peningum fyrir það.

3. Mér verði greiddar kr. 2.000,00 fyrir léttbát og kr. 8.000,00 fyrir tvo „Erika"-mótora, 7—10 hestafla.

4. Mér verði skilað skrifborði mínu ásamt öllum skjölum, er í því voru, og 2 útvarpstækjum, er ég átti í Sæmundarbúð.

5. Mér verði skilað eða félagsútgerð okkar Gísla Styffs m/b Hrönn, GK. 50, í ríkisskoðunarstandi, eins og hann var í tryggri múrningu í Grindavíkurhöfn.

6. Mér verði afhent andvirði seldrar mótorvélar, kr. 1.750,00.

7. Mér verði greiddar kr. 5.864,37, er ég hef greitt vegna m/b Hrannar.

Loks hefur stefnandi krafizt 5% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar. — Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. maí 1945 gerðu Helgi nokkur Jónsson og stefndi Gísli Styff með sér kaupsamning þess efnis, að Helgi lofaði að selja Gísla vélbátinn Sigurbjörgu, G.K. 41, með vél og legufærum, um 17 bjóðum af línu ásamt köðlum og bólum, svo og fiskhús í Grindavík ásamt lóðarréttindum og fiskreit, sem húsinu fylgdi. Kaupverð eigna þessara var kr. 40.000,00, og skyldi greiða kr. 5.000,00, er seljandi hefði komið vél bátsins í gangfært ástand, en kaupandi gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, tryggt með 1. veðrétti í eignunum, er greiða skyldi með 7 jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti 20. maí 1946. Hinn 6. september 1945 gaf kaupandi út skuldabréfið, enda virðist seljandi þá jafnframt hafa afsalað eignunum, en gjalddögum afborgananna var breytt í 30. júní ár hvert í stað 20. maí. Kaupandi stóð ekki í skilum með greiðslu afborgunar á réttum gjalddaga, og fól seljandi stefnda Agli þá að höfða mál á hendur honum. Með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 19. október 1946, var stefnda Gísla gert að greiða fjárhæð skuldabréfsins, og veðrétturinn var viðurkenndur. Var síðan beðið um fjárnám 26. nóvember s. á., en þar eð eigi náðist til dómþola, varð ekki af því, að fjárnám yrði gert. Hinn 30. s. m. sneri Vilbergur nokkur Aðalgeirsson sér til stefnda Egils með umleitan um kaup á fiskhúsinu og bauð kr. 15.000,00 fyrir það. Bar stefndi Egill þetta undir veðhafa og stefnda Gísla, en þeir ákváðu að gefa Vilberg kost á að kaupa eignina fyrir kr. 17.500,00, og samþykkti Vilberg þá fjárhæð. Afsalaði stefndi Gísli Vilberg síðan fiskhúsinu 3. janúar 1947, en kaupverðið rann til veðhafa upp í dómskuldina.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann hafi verið sameigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu, og hafi þeir haft félag með sér um útgerð. Þykir rétt að taka hvern kröfulið stefnanda til athugunar um sig og þá í sömu röð og í stefnu greinir:

Um 1.

Stefnandi kveður það hafa orðið að samkomulagi, að stefndi Gísli yrði einn skráður eigandi fiskhússins, þótt þeir keyptu það báðir. Kveðst stefnandi hafa greitt þær kr. 5.000,00, er greiða skyldi í peningum, og auk þess tekið persónulega ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins. Hafi stefndi Gísli átt að greiða fyrstu afborgun af bréfinu, en stefnandi þá næstu, og svo til skiptis, unz bréfið væri að fullu greitt. En þar eð stefndi Gísli greiddi aldrei neitt af fjárhæð skuldabréfsins, kveðst stefnandi hafa orðið að greiða það, og hafi sú fjárhæð, að frádregnu söluverði fiskhússins, með vöxtum og kostnaði

numið kr. 28.334,17. Telur stefnandi því, að hann sé raunverulega orðinn eigandi fiskhússins einn, og er aðalkrafa hans við það miðuð.

Stefndi Gísli segir, að hann og stefnandi hafi keypt eignina saman upphaflega, en stefnandi hafi ekki greitt neitt af kaupverði hennar, og sé kvittun sú frá seljanda, að fjárhæð kr. 5.000,00, sem lögð hefur verið fram í málinu, einungis gerð til málamynda.

Eins og segir að framan, gerðu þeir Helgi Jónsson og stefndi Gísli með sér kaupsamning, og var þar ákveðið, að kaupverðið skyldi vera kr. 40.000,00 og kr. 5.000,00 greiða, er afsal væri gert. Fyrrgreind kvittun frá seljanda er dagsett sama dag og skuldabréfið, en þá fór afsalið fram. Þegar þetta er virt, þykir staðhæfing stefnda Gísla um þetta efni ekki hafa við rök að styðjast. Með vísan til þessa og annars þess, er upp hefur komið í málinu um þetta efni, verður að fallast á þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi verið meðeigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu. Hins vegar var stefndi Gísli einn skráður eigandi þess, og afsalaði hann því, eins og áður getur, hinn 3. janúar 1947, og verður ekki annað séð en kaupandi þess hafi verið í góðri trú, að því er varðaði eignarheimild að því. Er því ekki unnt þegar af þessari ástæðu að taka aðalkröfu stefnanda til greina. Að því er varðar varakröfu stefnanda, hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda Gísla, að stefnandi hafi borið persónulega ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins. Þegar stefnandi leysti bréfið til sín, nam fjárhæð þess ásamt vöxtum kr. 42.878,67. Bar stefnanda því að greiða þá fjárhæð að frádregnu söluverði fiskhússins, kr. 17.500,00, er ganga skyldi til veðhafans, eða alls kr. 25.378,67. Á stefnandi því endurkröfurétt á stefnda Gísla fyrir þeirri fjárhæð með þeim vöxtum, er stefnandi hefur krafizt, og reiknast þeir frá þeim tíma, er stefnandi leysti bréfið til sín, 24. september 1949.

Um 2.

Stefnandi kveðst einn hafa keypt öll veiðarfæri til útgerðar þeirrar, er þeir stefndi Gísli hafi rekið, og telur sig því eiga kröfu til tækja þeirra, er útgerð þeirra hafi fylgt. Stefndi Gísli kveðst aftur á móti einn hafa annazt kaup á þessum hlutum, og hafi stefnandi komið þar hvergi nærri.

Gegn þessum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært neinar sönnur á þessa staðhæfingu sína. Þá er þess og að gæta, að í vottorðum, sem stefnandi hefur lagt fram, koma fram ummæli hjá starfsmönnum útgerðarinnar, sem veita staðhæfingu stefnda Gísla um þetta efni nokkurn stuðning. Verður þessi kröfuliður stefnanda því ekki tekinn til greina.

Um 3.

Stefnandi kveðst hafa léð stefnda Gísla léttbát, er hann hafi átt, til þess að fara á milli lands og skips. Bátnum hafi Gísli aldrei skilað, og hafi hann rekið upp í fjöru og eyðilagzt. Þá telur stefn-

andi, að stefndi Gísli hafi selt tvær vélar sínar af svonefndri „Erika"-gerð alveg í óleyfi sínu.

Stefndi Gísli hefur andmælt því, að hann hafi fengið nefndan bát léðan hjá stefnanda. Kveðst hann einungis hafa haft þau afskipti af báti þessum, að stefnandi hafi leyft sér að veðsetja bátinn til tryggingar bankaláni, en þar eð virðingarverð bátsins hafi verið mjög lágt, kveðst stefndi Gísli hafa hætt við veðsetninguna. Þá hefur stefndi Gísli enn fremur andmælt því eindregið, að hann hafi selt eða haft nokkur afskipti af nefndum vélum stefnanda.

Þegar til þessa er litið, þykir þessi kröfuliður stefnanda ekki hafa við rök að styðjast.

Um 4.

Stefnandi kveðst hafa geymt skrifborð sitt í fiskhúsinu og auk þess tvö útvarpstæki og krefst nú afhendingar á því. Hefur stefnandi lagt fram vottorð frá starfsmönnunum við útgerðina, að stefndi Gísli hafi tekið útvarpstækin úr fiskhúsinu.

Stefndi Gísli hefur andmælt lið þessum og talið muni þessa sér algerlega óviðkomandi.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, er rannsókn fór fram þar vegna skipta þeirra Gísla, að hann hefði ekki séð skrifborð sitt í fiskhúsinu, eftir að stefndi Gísli fór þaðan, og var það áður en afsalið fór fram til nefnds Vilbergs. Gegn andmælum stefnda Gísla er ósannað, að hann hafi haft skrifborðið á brott með sér, og þar eð stefnandi hefur ekki haldið því fram, að stefndi Gísli hafi borið ábyrgð á geymslu þess í fiskhúsinu, verður þessu atriði kröfuliðarins ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð þess efnis frá fjórum starfsmönnum útgerðarinnar, að stefndi Gísli hafi tekið annað af útvarpstækjum þeim, er verið hafi í fiskhúsinu. Vottorðum þessum hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda Gísla, og verður honum því gert að skila stefnanda tækinu.

Um 5.

Kröfur sínar samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að þeir stefndi Gísli hafi keypt bátinn í sameiningu og haft félag um útgerð hans. Stefndi Gísli hefur hins vegar eindregið andmælt því, að stefnandi hafi verið meðeigandi að bátnum.

Gegn þessum andmælum hefur stefnandi engar sönnur leitt að því, að hann hafi verið meiðeigandi stefnda Gísla að bátnum, enda var stefndi Gísli einn skráður eigandi hans. Verður þessum kröfulið því ekki sinnt.

Um 6.

Gegn eindregnum andmælum stefnda Gísla hefur stefnandi engin gögn fært fram þessum kröfulið til stuðnings, og verður hann ekki tekinn til greina.

Um 7.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu nokkra reikninga þessum

kröfulið til stuðnings yfir vinnu við v/b Hrönn og olíu og benzín til hans. Eins og að framan getur, voru þeir stefndi Gísli í félagi um útgerð bátsins, og virðist stefnandi sjálfur því eiga að greiða einhvern hluta þess kostnaðar. Þar eð ekkert er upp komið í málinu um, hvernig skipta skyldi þeirra í milli kostnaði af útgerðinni, verður að sýkna stefnda Gísla af þessum lið að svo stöddu.

Kröfur sínar á stefndu Jóhönnu byggir stefnandi á því, að hún hafi stöðvað félagsútgerð þeirra stefnda Gísla með því að reka starfsmenn, sem hann hafi ráðið, út úr fiskhúsinu og meinað þeim að dveljast þar við vinnu sína. Hins vegar eru kröfur stefnanda á hendur henni ekki miðaðar við tjón það, er hann kann að hafa beðið af þessu verki hennar, eins og ljóst er af framansögðu. Þegar það er haft í huga, að stefnandi er ekki einn aðili að hugsanlegri skaðabótakröfu um þetta efni, þykir verða að sýkna stefndu Jóhönnu af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart henni.

Kröfur sínar á hendur stefnda Agli byggir stefnandi á því, að stefndi Egill hafi átt þátt í sölu fiskhússins til nefnds Vilbergs, þótt honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi væri meðeigandi stefnda Gísla að húsinu, auk þess sem stefnandi kveðst áður hafa verið búinn að snúa sér til stefnda Egils og biðja hann að gæta hagsmuna sinna í sambandi við viðskipti sín við stefnda Gísla, og hafi stefndi Egill lofað aðstoð sinni í því efni.

Stefndi Egill hefur eindregið andmælt því, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi væri meðeigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu, svo og því, að stefnandi hafi beðið sig að gæta hagsmuna hans í þeim skiptum.

Gegn andmælum þessum hefur stefnandi engin rök fært að kröfum sínum. Ber því að sýkna stefnda Egil af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda Gísla ber að greiða stefnanda kr. 25.378,67 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1949 til greiðsludags. Þá ber stefnda Gísla enn fremur að afhenda stefnanda útvarpstæki það, er hann hafði á brott með sér úr fiskhúsinu. Stefndi Gísli á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda til greiðslu á kr. 5.864,37. Þá þykir rétt, að stefndi Gísli greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00. Að öðru leyti á stefndi Gísli að vera sýkn af kröfum stefnanda svo og stefndu, Jóhanna og Egill, og fellur málskostnaður niður, að því er þau varðar.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn, og hefur dómsuppsaga dregizt um venju fram vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefndu Jóhanna Filippusdóttir og Egill Sigurgeirsson eru

sýknuð af kröfum stefnanda, Björns Gíslasonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er þau varðar.

Stefndi Gísli Styff greiði stefnanda kr. 25.378,67 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1949 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Stefndi Gísli Styff er sýknaður að svo stöddu af kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 5.864,37.

Að öðru leyti á stefndi Gísli Styff að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marz 1954.

Nr. 190/1953. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Jóni Magnússyni Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Skýrslur lækna, sem lagðar hafa verið fram í Hæstarétti, sýna, að Sigríður Guðmundsdóttir mun hafa hlotið við slys það, er í málinu greinir, rifbeinsbrot, sár á handlegg og nefi svo og augnmeiðsl. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki prófað sakaratriði sjálfstætt nema að litlu leyti. Er þetta brot á ákvæðum 73. gr., 75. gr. og 77. gr. laga nr. 27/1951. Þá hefur og orðið óhæfilegur dráttur á meðferð málsins í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Magnússon Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. febrúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Magnússyni Guðmundssyni bílstjóra, til heimilis að Grund í Garðahreppi, með ákæruskjali, dags. 4. þ. m., fyrir brot á bifreiðalögum, nr. 23/1941, 26. gr., 4. mgr. og 5. mgr., 27. gr., 1. mgr., og 28. gr., 4. mgr., sbr. 38. gr., umferðarlögum, nr. 24/1941, 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., og 219. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir hann hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka vörubílnum G. 870 kl. rúml. 12.00 31. ágúst 1950 vestur Reynivallaháls í Kjós of hratt og óvarlega, er hann nálgaðist jeppabílinn G. 622, er kom niður brekkuna, og í stað þess að stöðva G. 870 á útskoti á veginum rétt við ræsi, sem þar var, að aka þá óvarlega fyrir ræsið með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bílanna og jeppabíllinn skemmdist verulega og einn farþegi í honum, Sigríður Guðmundsdóttir, Hamrafelli, slasaðist.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, f. í Hafnarfirði 20. janúar 1926, og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt kæru né refsingu.

Málavextir:

Hinn 31. ágúst 1950 var tilkynnt á lögreglustöðina í Hafnarfirði, að árekstur hefði orðið milli tveggja bíla norðan til í Reynivallahálsi. Mun það hafa verið kl. rúmlega 12.00 þann dag. Yfirlögregluþjónninn fór á staðinn og gerði athuganir. Vegurinn er þarna um

4.30 m á breidd og liggur frá austri til vesturs eða því sem næst. Slétt er út af veginum að sunnan, en að norðan er vegkanturinn 1.5—2 m á hæð. Brekka er þarna allbrött og löng. Vörubíllinn G. 870 hafði verið á leið upp brekkuna með kindur á vörupalli, en jeppabíllinn G. 622 hafði verið á leið niður brekkuna og við árekstur-inn farið út af veginum að norðanverðu og brotnað allmikið. Árekstur-inn hafði orðið um það bil í miðri brekkunni, aðeins ofan við ræsi, sem þar er undir veginum, og er brúin yfir ræsið um það bil 50 sm mjórri en vegurinn. Ekki er þar neitt hættumerki. Útskot er á veginum fyrir neðan ræsið og nær alveg að því. Veður var bjart og þurrt.

Ákærður hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið að flytja fé frá Fossá í Kjós til Reykjavíkur. Var hann einn í stýris-húsinu, en einn maður, Baldvin Júlíusson, var á vörupalli að gæta fjárins. Er ákærður ók upp brekkuna norðan í Reynivallahálsi, telur hann, að hraði bílsins hafi verið um 30 km á klukkustund. Neðarlega í brekkunni mætti hann fólksbíl og tók um sama leyti eftir jeppabíl efst í brekkunni, sem hann telur, að hafi verið ekið hægt. Hann kveðst þá hafa haldið áfram að næsta útskoti og hafi þá verið búinn að skipta niður í 3. „gír" úr 4. Honum sýndist jepp-inn þá vera stanzaður og hélt því áfram, en tók í sama bili eftir fyrrnefndu ræsi. Segir hann, að þá hafi verið of seint að stanza, svo að hann beygði inn á veginn lítils háttar, til að bíllinn færi ekki út af ræsinu. Síðan beygði hann aftur út á vinstri kant, til að jeppinn kæmist fram hjá, en í sama bili kom mikill hnykkur á bílinn, og heyrðist allmikill hávaði. Mun hnykkurinn hafa stafað af því, að vinstra afturhjól vörubílsins hafi farið ofan í ræsið, og auk þess hafa bílarnir rekizt á í þessum svifum. Drifskaft vörubílsins fór úr sambandi, og rann hann áfram nokkurn spöl. Ákærður segir þó, að bíll sinn hafi verið á frekar lítilli ferð. Ákærður fór út úr bíl sínum og sá þá, að jeppinn hafði farið út af veginum. Var húsið á honum mölbrotið, en fólk það, sem í honum hafði verið, sat kyrrt í honum, tvær konur og tvö börn. Önnur konan kvartaði um meiðsli. Fólk þetta var skömmu síðar flutt til Reykjavíkur í bíl, sem bar þarna að.

Vitnið Baldvin Hermann Júlíusson telur, að vörubílnum hafi ekki verið ekið mjög hratt. Hann telur, að ein eða tvær bíllengdir hafi verið á milli bifreiðanna, þegar framhjól vörubílsins fór yfir ræsið. Rétt á eftir heyrði vitnið skruðning, en þá var jeppinn horfinn sjónum þess, þar sem fjárgrindurnar byrgðu fyrir útsýn.

Jóna Sigríður Sveinbjörnsdóttir, til heimilis að Hamrafelli í Mos-fellssveit, ók jeppanum G. 622. Kveðst hún fyrst hafa tekið eftir vörubílnum, er hún kom á brekkubrúnina. Hún skipti þá úr 3. „gír" í 2. „gír" og ók hægt niður brekkuna eða á um 20 km hraða. Þegar hún nálgaðist ræsi, sem þarna er undir veginum, var vöru-bíllinn að nálgast útskot fyrir neðan ræsið. Bjóst Jóna Sigríður við, að hann mundi stanza þar til að hleypa sér fram hjá, enda var ræsið

svo mjótt, að þar var ekki hægt að mætast.Vörubíllinn stanzaði þó ekki, en hélt áfram yfir ræsið, og virtist henni hann beygja inn á veginn um leið, og rétt í sömu svifum varð árekstur inn með þeim afleiðingum, að jeppinn kastaðist út af veginum. Jóna Sigríður kveðst ekki hafa séð vörubílinn draga neitt úr hraðanum né fara út á útskotið. Hún kveðst aldrei hafa stigið á hemla.

Vitnið Sigríður Guðmundsdóttir, Hamrafelli, sat í framsæti hjá Jónu Sigríði. Það segir, að Jóna hafi ekið hægt niður brekkuna, en vörubílnum veitti það ekki athygli fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, og sýndist hann þá beygja inn á veginn.

Vitnið kveðst hafa marizt og skorizt á handlegg og höfði og fengið högg á brjóstið, en við það hafi brotnað eitt rif hægra megin. Var gert að sárum þess á Landspítalanum. Auk þess fékk vitnið flís í hægra auga, svo að leita varð læknis. Vitnið kveðst hafa verið óvinnufært til áramóta 1950—1951 og var ekki búið að ná sér að fullu, er réttarskýrsla var tekin af því 26. okt. 1951. Læknisvottorðs hefur ekki tekizt að afla.

Börnin, sem sátu í aftursæti jeppans, Ólafur Grétar Óskarsson, 13 ára, og Sigríður Birna Ólafsdóttir, 10 ára, hafa ekki getað borið um neitt, sem máli skiptir. Þau meiddust bæði lítils háttar.

Vitnið Sigtryggur Árnason, lögregluþjónn úr Keflavík, kom á slysstaðinn, rétt eftir að slysið varð. Kveðst hann hafa rannsakað hjólför beggja bílanna og séð af þeim, að G. 622 hefði verið eins utarlega á sínum kanti og mögulegt var. Hjólför G. 870 sýndu, að sá bíll hafði ekki farið út á útskotið fyrir neðan ræsið, en þó svo utarlega, að hjól hans, vinstra megin a. m. k. afturhjól, hafði farið fyrir utan brúna yfir ræsið. Svo virtist einnig af hjólförunum, að bíllinn hefði beygt inn á veginn, rétt áður en áreksturinn varð. Engin hemlaför voru sjáanleg. Vitnið Erlendur Sigurðsson, bílstjóri úr Keflavík, var með Sigtryggi við athugun hans, og eru framburðir þeirra samhljóða efnislega.

Vitnið Kristján Jóhannsson bílstjóri kom á slysstaðinn skömmu eftir áreksturinn. Það gat ekki greint hjólför eftir jeppann, en kveðst hafa séð hjólför eftir afturhjól vörubílsins alveg úti í vegkantinum.

Eftir því sem atvikum hefur nú verið lýst, verður rétturinn að telja nægilega upplýst, að ákærður hafi með ógætilegum akstri sínum og eftir atvikum of hröðum að verulegu leyti orðið valdur að nefndu slysi. Telja verður, að honum hafi borið skylda til að nema staðar á útskotinu fyrir neðan ræsið eða a. m. k. aka ekki hraðar en svo, að hann gæti numið staðar þegar í stað. Það telst honum þó til málsbóta, að margnefnt ræsi var ekki auðkennt sem hættulegt, þó að það væri mjórra en vegurinn, en hins vegar var þó bíllinn á svo mikilli ferð, að of seint var að stanza, er hann kom auga á það, að hans eigin sögn, og beygði hann þá inn á veginn til að fara ekki út af ræsinu. Þykir háttsemi ákærðs varða við þau lagaákvæði,

sem í ákæru greinir, og refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en afplánist með varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærðan leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Ákvörðun um áfrýjun frestar ekki verkunum dóms að þessu leyti.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Allmikill dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa. Það kom ekki í hendur dómarans fyrr en haustið 1951, og hófst réttarrannsókn 26. okt. það ár. Þá tafðist rannsóknin vegna þess, að yfirheyra þurfti menn í þremur lögsagnarumdæmum, og enn fremur gekk mjög erfiðlega að ná til sumra vitnanna.

Málið hefur að öðru leyti verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Magnússon Guðmundsson, greiði 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti til vara varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður skal sviptur leyfi til að aka bíl í 3 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki verkun hans að því leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1954.

Nr. 192/1953. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Guðna Erlendssyni (Sigurður Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði greiddi víxla þá, sem í málinu greinir, annan hinn 25. febrúar 1953 og hinn eigi síðar en í maímánuði s. á. Sakaratriðum er að öðru leyti lýst í héraðsdómi, en eins og þar greinir, undirgekkst ákærði, eftir að rannsókn máls þessa

hófst eða hinn 31. marz 1953, greiðslu 2.000 króna sektar fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Atferli ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr., sbr. 8. tölulið 74. gr., 77. gr. og 78. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Samkvæmt 76. gr. nefndra laga er rétt, að gæzluvarðhaldstími ákærða frá 23. til 29. janúar 1953 komi til frádráttar refsivistinni. Eftir atvikum ákveðst, að refsingu ákærða skuli fresta og að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar ákvæðum 8. töluliðar 74. gr. laga nr. 19/1940, þykir mega láta undan falla að svipta ákærða réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Erlendsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Gæzluvarðhaldstími ákærða komi til frádráttar refsingunni, sem skal fresta og niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. október 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 20. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4123/1953: Ákæruvaldið gegn Guðna Erlendssyni, sem tekið var til dóms 19. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 4. maí sl., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Guðna Erlendssyni verzlunarmanni, til heimilis að Fögrubrekku við Suðurlandsbraut hér í bæ, fyrir að hafa í septembermánuði 1952 samþykkt sem prókúruhafi tvo víxla f. h. veitingastofunnar Centrals h/f, Hafnarstræti 18 hér í bæ, samtals að upphæð kr. 19.724,50, og ráðstafað haustið og veturinn sama ár andvirði víxlanna í eigin þarfir. Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga, greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafizt, og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 21. desember 1915 að Vatnshóli í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 24/7 Hafnarfj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1947 10/10 — Sátt, 50 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
1948 21/5 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1949 6/8 — Dómur, 600 kr. sekt fyrir brot á 235. gr. hegningarl. Ummæli dæmd ómerk.
1952 6/9 — Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lsþ. Rvíkur.
1953 31/3 — Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. l. nr. 47/1951, 1., 6. og 20. gr. bifrl. og 2. gr. l. nr. 7/1952.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Hinn 1. febrúar f. á. gerðist ákærði meðeigandi veitingastofunnar Centrals hér í bæ. Hinn 1. ágúst f. á. var fyrirtæki þessu breytt í hlutafélag, og varð ákærði einn af hluthöfum. Um líkt leyti var ákærði ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins og honum veitt prókúruumboð fyrir það. Hinn 11. október f. á. seldi hann hlutabréf sín í félaginu. Lét hann um leið af framkvæmdarstjórastarfinu, og prókúruumboð hans féll niður. Maður að nafni Ásgeir Einarsson var þá ráðinn framkvæmdartjóri félagsins með prókúruumboði.

Ákærði vann einnig á tímabilinu 1. ágúst f. á. til 1. desember f. á. sem sölumaður eða afgreiðslumaður í sælgætisgerð Guðmundar Holbergs Þórðarsonar, Spítalastíg 5 hér í bæ.

Félagið Central h/f átti við örðugan fjárhag að stríða, og ræddi stjórn þess við ákærða, meðan hann var framkvæmdarstjóri, um möguleika á því, að fyrrgreindur Guðmundur Holberg Þórðarson keypti víxla af félaginu eða sæi um sölu á þeim til að útvega reiðufé í bili. Taldi ákærði sig því hafa heimild til að samþykkja víxla f. h. félagsins og selja þá. Samþykkti ákærði síðan fyrir hönd Centrals h/f tvo víxla við Útvegsbanka Íslands h/f, og var Guðmundur Holberg Þórðarson útgefandi þeirra. Var annar að fjárhæð kr. 9.856,70, út gefinn 1. september f. á., og var gjalddagi hans 28. desember f. á.,

en hinn að fjárhæð kr. 9.867,80, út gefinn 21. september f. á., og var gjalddagi hans 22. desember f. á.

Ákærði lét ekki stjórn félagsins vita um víxla þessa, og hafði hún ekki hugmynd um þá, fyrr en hún var krafin um greiðslu þeirra með tilkynningum Útvegsbankans, dags. 2. janúar sl.

Guðmundur Holberg Þórðarson hefur borið það, að hann hafi keypt umrædda víxla í byrjun september f. á. eða um það bil, og hafi allt að ein vika liðið á milli kaupa víxlanna. Hann hafi greitt fyrri víxilinn með kr. 4.000,00 í peningum, en að öðru leyti með sælgæti, og hafi ákærði tekið það út á nokkrum tíma. Seinni víxilinn hafi hann greitt með a. m. k. kr. 1.000,00 í peningum og smjöri að verðmæti á að gizka kr. 4.000,00, en að öðru leyti með sælgæti. Heldur hann, að ákærði hafi tekið smjörið út í tvennu lagi og sælgætið í nokkrum afgreiðslum, en hann man ekki, hvenær ákærði var búinn að fá andvirði víxlanna sér greitt, og megi vel vera, að það hafi ekki verið fyrr en í nóvember f. á.

Guðmundur Holberg kveðst hafa keypt víxlana til að auka sölu á sælgæti úr sælgætisgerð sinni, og hafi hann vonað, að úr þessu gætu orðið framtíðarviðskipti við veitingastofu, sem Central h/f rak, og hafi hann verið fús til að leggja fram nokkurt reiðufé í þessu skyni.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að hann hafi ekki litið svo á, að hann hefði selt Guðmundi Holberg víxlana, heldur hafi hann afhent honum þá, til þess að hann (Guðmundur Holberg) seldi eða reyndi að selja þá. Hann hafi síðan ekki heyrt frá Guðmundi Holberg fyrr en nokkru eftir 11. október f. á., en þá hafi hann skýrt ákærða frá því, að hann væri búinn að selja annan víxilinn. Hafi Guðmundur Holberg síðan afhent honum kr. 4.000,00 í peningum og afgang víxilfjárhæðarinnar í vörum, einkum sælgæti. Ákærði kveðst hafa notað peningana og vörurnar í eigin þarfir. Hafi það verið ætlun hans að greiða víxilfjárhæðina persónulega, þegar víxillinn væri fallinn í gjalddaga. Hann hafi þó ekkert talað um þetta við stjórn Centrals h/f. Nokkru síðar hafi hann fengið enn frá Guðmundi Holberg sælgæti og smjör, sem hann hafi litið á sem lán sér til handa, en ekkert hafi verið minnzt á gjaldfrest eða greiðslutilhögun á vörunum. Laust fyrir sl. áramót hafi ákærði farið að athuga viðskipti sín og Guðmundar Holbergs, og hafi hann þá komizt að því, að Guðmundur Holberg hafði selt einnig hinn víxilinn og fært fjárhæð hans ákærða til tekna sem greiðslu á vöruúttekt hans. Kveður ákærði, að þetta hafi verið gert án vitundar sinnar og vilja, en hann hefur viðurkennt, að greindar vörur hafi að andvirði numið fjárhæð seinni víxilsins. Ákærði kveðst nú hafa tekið þá ákvörðun að samþykkja tvo víxla, sem Guðmundur Holberg hafi tekið að sér að selja, í því skyni að standa skil á fyrrgreindum tveimur víxlum, að fjárhæð kr. 9.856,70 og kr. 9.867,80, sem fallnir voru í gjalddaga og búið var að krefjast greiðslu á. Greiddi ákærði víxilfjárhæðirnar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa notað andvirði annars víxilsins, bæði peninga og vörur, í eigin þarfir. Þá hefur hann ekki fært nokkra stoð undir þá staðhæfingu sína, að vörur þær, sem Guðmundur Holberg afhenti honum og telur, að hafi verið næstum allt andvirði hins víxilsins, hafi verið lán honum til handa, sem hann hafi mátt ráðstafa til eigin þarfa. Hitt verður að telja, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að vörurnar, sem að andvirði námu næstum allri fjárhæð þessa víxils og voru sömu tegundar og hinar fyrri, voru greiðsla á þeim víxli. Samkvæmt þessu er næg sönnun fengin fyrir því, að ákærði hefur dregið sér andvirði beggja víxlanna, samtals að fjárhæð kr. 19.724,50, í eigin þarfir. Hefur ákærði því gerzt brotlegur gegn 247. gr., 1 mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 23. til 29. janúar sl., en samkvæmt framansögðu þykir þessi varðhaldsvist hans ekki geta komið samkvæmt 76. gr. hegningarlaga refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Hauks Jónssonar hdl., kr. 600,00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Erlendsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Hauks Jónssonar hdl., kr. 600,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. marz 1954.

Nr. 162/1953. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Albert Victor Meech (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Ólafur Lárusson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Erlendur Björnsson bæjarfógeti og samdómsmennirnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt m. a. staði varðskipsins kl. 13.48 og kl. 13.50 hinn 7. september 1953. Reyndist fyrrnefndi staðurinn vera 0.8 og hinn síðartaldi 0.2—0.3 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Victor Meech, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðarkaupstaðar 8. sept. 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Albert V. Meech, skipstjóra á brezka togaranum British, GY. 249, til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 81/ 1952, lögum nr. 5/1920, lögum nr. 82/1952, sbr. reglugerð nr. 21/1952 og lög nr. 44/1948, svo og til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 11. ágúst 1910. Hann hefur ekki, svo að vitað sé, áður sætt refsingu eða ákæru fyrir dómstólum hér.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, sem ákærði hefur viðurkennt rétta, var atvikum þannig háttað:

Í gær var varðskipið á eftirlitsferð suður með landi úti af Borgarfirði eystra. Kl. 13.19 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Glettinganesviti
> 76° 45'
Borgir — Vegmælir 0.0.
> 50° 16'
Kögurviti

Siglt var þaðan 140° réttvísandi. Kl. 13.23 vegmælir 1.4. Þá siglt í 120° réttvísandi. Kl. 13.27 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 13.41 vegmælir 5.7. Þaðan stýrt 150° réttvísandi, og sást þá togari rétt á stjórnborða, og hélt hann frá landi. Var haldið að honum. Kl. 13.44 var skotið púðurskoti. Kl. 13.48 var stanzað í kjölvatni togarans og sett út dufl. Dýpi 70 metrar. Fjarlægð frá Glettinganesi 3.00 sjómílur eftir ratsjá, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Dalafjöll
> 27° 05'
Skælingur
> 47° 26'
Glettinganesviti

Kl. 13.50 var varðskipið við hlið togarans, er byrjaði að vinda upp stjórnborðsvörpu sína. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Dalafjöll
> 28° 58'
Skælingur — Dýpi 70 metrar.
> 52° 39'
Glettinganesviti

Samtímis var skipstjóranum tilkynnt, að hann væri stöðvaður vegna landhelgisveiða. Kl. 14.03 var bátur settur út og skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann væri að landhelgisveiðum. Viðurkenndi hann, að svo væri, en taldi það óviljaverk vegna þess, að hann hefði verið að tala í talstöð og ekki fylgzt með stjórn skipsins. Hann sagðist hafa fengið 20 körfur af fiski í umræddu „hali".

Staður sá, er togarinn var stöðvaður á, er að áliti réttarins 1 sjómílu innan landhelgislínunnar.

Samkvæmt eigin játningu ákærða hér í réttinum var hann að toga innan landhelgislínu í umrætt skipti. Er það í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur verið að fiskveiðum með botnvörpu í landhelgi og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu skv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar eð skip ákærða, togarinn British, GY. 249, er samkv. mælingarbréfi 406.33 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum British, G.Y. 249, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Victor Meech, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum British, GY. 249, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. marz 1954.

Nr. 8/1952. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Hjálmari Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Ólafur Lárusson.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var rekið í héraði fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja. Átti héraðsdómur samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi 25. maí 1950, eftir að stefndi í héraði hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. sömu laga. Sönnur brestur á, að héraðsdómur hafi þá eða síðar leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.200,00.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá 25. maí 1950 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi, Hjálmar Jónsson, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 1.200,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 20. okt. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. sept. sl. og endurupptekið hinn 14. þ. m. og lagt að nýju í dóm þann dag, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Hjálmari Jónssyni, Vesturvegi 34, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 27. apríl 1950, birtri 2.

maí 1950, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangoldnu kaupi frá þeim tíma, er stefnandi var stýrimaður á skipi stefnds, m/b Helga, VE. 333.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.028,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1948 til greiðsludags og málskostnað samkv. taxta Lögmannafélags Íslands. Svo krefst stefnandi, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í m/b Helga, VE. 333, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndur mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Um áramótin 1942—1943 réðst stefnandi á skip stefnds, m/b Helga, VE. 333. Var hann síðan á skipinu, að því er virðist óslitið, til hausts 1948. Fór hann þá af skipinu og hvarf úr þjónustu stefnds. Kveðst hann þá hafa átt inni stórar fjárhæðir hjá stefndum í vangoldnu kaupi. Hefur hann lagt fram reikning frá stefndum yfir viðskipti þeirra á árinu 1947, og sýnir hann inneign stefnanda í ársbyrjun 1948, kr. 18.475,58. Í framhaldi af þeim reikningi hefur stefnandi lagt fram reikning, er hann hefur sjálfur samið yfir viðskipti þeirra á árinu 1948, og er hann á þessa leið:

Aflahl. úr 4142 málum á ca. 31 kr. pr. mál	4.494,00
Kaup í 47 daga, kr. 360 pr. mánuð	564,00
Kaup í siglingum í ca. 3 mán., kr. 2.700 pr. mán.	8.100,00
% af aflasölum í Englandi, 0.31% af ca. kr. 450.000,00 ...	1.395,00
Úttekið frá 1. jan. til 31. maí ca..... 8.000,00	

Sýnir hann þannig inneign stefnanda í árslok 1948 kr. 25.028,58, og er það sú fjárhæð, er stefnandi krefst greiðslu á í máli þessu. Reikning frá stefndum um viðskipti þeirra á árinu 1948 kveðst stefnandi ekki hafa fengið, og tók stefnandi það fram strax í upphafi máls þessa, að reikningur sinn væri bráðabirgðareikningur, en krafðist þess, að hann yrði lagður til grundvallar eins og hann væri, ef stefndur legði ekki fram viðskiptareikning sinn. Stefndur hefur allt að einu engan viðskiptareikning lagt fram í málinu. Við aðiljayfirheyrslu taldi stefnandi, að tekjuliðir reiknings síns, stýrimannskaup og aflahlutur á síldveiðum veturinn 1948 og söluprósentur í utanlandssiglingum, væri réttur, og einnig sýndi reikningurinn þá fjárhæð, kr. 8.000,00, er stefnandi hafði móttekið í peningum frá stefndum á árinu 1948. Hins vegar kvaðst hann halda, að engin vöruúttekt væri innifalin í þeirri upphæð, og mundi hún því vera vantalin á reikningnum. Leiddi það til þess, að stefnukrafan væri eitthvað of há, en ekki næmi það miklu, þar eð vöruúttekt sín hjá stefndum á árinu 1948 hefði verið lítil. Gizkaði hann á, að hún hefði numið ca. 500—2.000 krónum.

Áður en mál þetta hófst, en eftir að stefnandi hafði hætt störfum

hjá stefndum, höfðaði hann mál gegn stefndum út af vangoldnum kaupkröfum, og að því er hann sjálfur segir, fyrir litlum hluta inneignar sinnar hjá stefndum. Kveður stefnandi, að sér hafi jafnan gengið treglega að fá greiðslur hjá stefndum og viðskiptareikning hafi hann aðeins fengið árlega og ekki fyrr en nokkuð var komið fram á næsta ár. Er komið var fram á árið 1948, fékk stefnandi viðskiptareikning sinn fyrir árið 1947, og sýndi hann þá innstæðu, sem áður er tilgreind. Stefnandi taldi hins vegar, er hann hafði athugað reikninginn, að innstæða sín væri of lítil, þar eð kaup sitt á árinu væri vanreiknað að ýmsu leyti. Jafnframt komst stefnandi að því, að stefndur vanreiknaði kaup hans á árinu 1948, þótt hann hins vegar hefði ekki fengið viðskiptareikning fyrir það ár. Kveðst hann hafa átt tal um þetta við stefndan ásamt fyrsta vélstjóra skipsins, Jóni Valdemarssyni, og hafi þá komið í ljós, að stefndur taldi, að þeim bæri minna kaup á árinu 1948 en þeir sjálfir álitu, að þeir ættu tilkall til. Í september 1948 kveðst stefnandi hafa farið til stefnds og farið fram á að fá uppgjör, en stefndur hafi tekið dauft í það og sagt, að illa stæði á fyrir sér með peninga. Upp úr þessu fór stefnandi til Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns og beiddi hann aðstoðar. Eftir tilmælum stefnanda ritaði Jón Eiríksson stefnu út af ágreiningskröfunum, og er hún á þessa leið:

... „Mér hefur tjáð Hjálmar Jónsson, Vesturvegi 34 hér í bæ, að hann þurfi að höfða mál fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja á hendur Helga Benediktssyni útgm. hér í bæ til greiðslu á vangoldnum stýrimannslaunum, kauptryggingu á síldveiðum, strandsiglingaþóknun og fæðishlunnindum á árunum 1947 og '48, allt til samans kr. 2.879,30, ásamt 5% ársvöxtum frá deginum í dag að telja til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Fyrir því stefnist hér með með eins sólarhrings stefnufresti nefndum Helga Benediktssyni fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja, sem haldinn verður að Tindastóli fimmtudaginn 30. september nk. kl. 4½" — o. s. frv.

Stefna þessi var gefin út 28. september 1948, og er hún hafði verið birt stefndum, boðaði hann stefnanda og Jón Eiríksson á sinn fund. Komu þeir báðir til hans hinn 30. september, og varð þá að samkomulagi, að stefndur fengi fullnaðarkvittun fyrir stefnukröfunni ásamt kostnaði með greiðslu á kr. 3.000,00. Greiddi stefndur síðan upphæðina, og kvittuðu þeir báðir, stefnandi og Jón Eiríksson, á eftirrit af stefnunni, og er kvittun þeirra á þessa leið:

„Framanritуð stefnukrafa er mér að fullu greidd með kr. 3.000,00, — þrjú þúsund krónum, — og er þar með öllum kröfum mínum fullnægt.

Ve., 30.9. 1948.
Hjálmar Jónsson.
Samþykkur:
Jón Eiríksson."

Að þessu loknu mætti Jón Eiríksson í sjó- og verzlunardómi á tilskildum tíma og lét þar þingfesta málið og síðan hefja það. Auk stefnu lagði hann fram greinargerð, en reikning hins vegar ekki. Í greinargerðinni er stefnukrafan sundurliðuð og jafnframt gerð grein fyrir hinum einstöku liðum. Tekið er fram, að stefndur hafi ekki viljað viðurkenna né greiða þessa kröfuliði, og einnig er stefnanda geymdur réttur til sjálfstæðrar málshöfðunar, ef ágreiningur kynni að rísa út af frekari viðskiptum aðiljanna, eftir því sem viðskiptareikningur kynni að gefa tilefni til.

Hinn 14. janúar 1949 kveðst stefnandi síðan hafa komið á skrifstofu stefnds og átt tal við hann. Ætlaði stefnandi þá að fara að semja skattskýrslu sína og þurfti þá að fá upp gefna inneign sína hjá stefndum um áramótin. Kveðst hann hafa spurt stefndan, hver hún væri og hvað laun sín hjá honum hefðu numið miklu á árinu og hvenær hann gæti vænzt þess að fá uppgert. Hafi þá stefndur svarað því til, að viðskipti þeirra hafi verið gerð upp að fullu hinn 30. sept. sl. og síðan hefði stefnandi tekið eitthvað smávegis út í verzlunum sínum og skuldaði sér því eitthvað lítils háttar. Kveðst stefnandi þegar hafa andmælt þessu og tekið fram, að greiðsla stefnds hinn 30. sept. sl. og kvittunin, sem hann fékk fyrir greiðsluna, hafi aðeins lotið að þeim kröfum, sem ágreiningur var um og stefnt var út af, en ekki þeim kröfum, sem ágreiningslausar voru. Þessu hafi stefndur mótmælt og sagt, að hann byggist við, að kvittunin héldi.

Eftir þetta höfðaði stefnandi mál gegn stefndum til greiðslu inneignar sinnar, en það mál var hafið og höfðað að nýju með þessu máli, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, sem fyrr greinir.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að viðskipti sín við stefnanda hafi verið gerð upp að fullu hinn 30. sept. 1948. Skýrir hann svo frá, að í september það ár hafi stefnandi komið til sín og hafi þá orðið að samkomulagi, að viðskipti þeirra yrðu gerð upp á ákveðnum tíma, en áður en til þess kæmi, hafi hann fengið stefnu frá honum fyrir inneign sinni. Kveðst stefndur þá hafa hringt til Jóns Eiríkssonar hdl., þar sem hann þóttist vita, að hann stæði á bak við málssóknina. Varð þetta til þess, að upp úr hádegi hinn 30. sept. kom stefnandi ásamt Jóni Eiríkssyni á skrifstofu stefnds, og kveður stefndur, að þá hafi skipti þeirra verið gerð upp, eins og þeir óskuðu, og þeir gefið honum kvittun á stefnuna, eins og áður er greint. Eftir þetta hafi stefnandi ekkert unnið hjá honum, en hins vegar hafi hann fengið lánaða smámuni í verzlunum sínum og skuldi sér því eitthvað smávegis.

Jón Eiríksson hdl. hefur gefið vitnaskýrslu í málinu og staðfest hana með eiði. Sagði hann m. a., að hann hefði samið stefnuna fyrir stefnandann, sem gefin var út 28. sept. 1948 og áður er getið um, og hefði verið tilætlunin, að stefnan lyti aðeins að þeim kröfuliðum, sem ágreiningur var um milli aðilja. Hafi þetta einnig komið til

orða, er stefndur greiddi stefnukröfuna hinn 30. sept., og hafi þá stefndur lýst yfir því, að innstæða stefnanda samkv. bókum sínum stæði óbreytt þrátt fyrir greiðslu stefnukröfunnar. Stefndur hefur hins vegar algerlega neitað, að nokkuð væri hæft í þessu.

Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Jóni Eirikssyni hdl. sem skattstjóra í Vestmannaeyjum. Segir þar, að skv. framtali stefnds fyrir árið 1949 sé stefnandi meðal skuldheimtumanna hans með inneign hinn 31. des. 1948, að upphæð kr. 20.712,45.

Stefndur hefur ekki sérstaklega mótmælt þessu vottorði, en hins vegar hefur hann lagt fram eftirrit af bréfi til sín frá Óskari Sigurðssyni endurskoðanda, dags. 15. febr. sl. Segir í bréfi þessu, að á skrá um skuldunauta og skuldheimtumenn, sem fylgdi uppgjöri stefnds fyrir árið 1949, séu heimilisföng viðkomandi manna ekki tilgreind, en skrár þessar kveðst endurskoðandinn hafa látið rita upp eftir listum frá stefndum, sem höfðu engar upplýsingar að geyma umfram nöfn og upphæð. Á listum þessum sé maður, að nafni Hjálmar Jónsson, talinn með inneign, að fjárhæð kr. 20.712,45, en annar Hjálmar Jónsson með skuld kr. 7.889,51. En þar eð heimilisföng séu ekki tilgreind frekar en við önnur nöfn á listunum, sé ekki unnt fyrir sig skv. þessum listum að segja til um, við hvaða mann sé átt.

Stefndur hefur ekki gefið upp, við hvaða menn væri átt, sem báru nafn stefnanda á umræddum skrám, er fylgdu framtali stefnds fyrir árið 1949. Hann hefur ekki heldur neitað því, að annar þeirra væri stefnandi. Kunnugt er, að einn alnafni stefnanda er hér í bænum, en ekki þykir réttinum sennilegt, að hann hafi átt stórar fjárhæðir hjá stefndum. Og með því að stefndur hefur þrátt fyrir gefin tilefni látið hjá líða að leggja fram viðskiptareikning stefnanda fyrir árið 1948, verður að ganga út frá, að samkvæmt bókhaldi stefnds sé stefnandi skrifaður fyrir inneign kr. 20.712,45 í árslok 1948, eins og segir í vottorði skattstjórans. Af þessu leiðir, að kaupkrafa stefnanda hefur ekki fallið niður fyrir greiðslu, og kemur þá til athugunar, hvort hún kunni að vera niður fallin af öðrum ástæðum.

Rétt er að vísu, að orðalag stefnunnar, sem stefnandi lét gefa út í september 1948 og áður er tilfærð, bendir til, að stefnt sé út af heildarkröfum stefnanda, og af orðalagi kvittunarinnar, sem stefnandi og málflutningsmaður hans undirrituðu á stefnuafritið, mætti ætla, að um fullnaðarskil hefði verið að ræða. En þar eð ekki kemur fleira til og innstæða stefnanda nam verulegum fjárhæðum, virðist ekki unnt að líta svo á, að stefnandi hafi með þessu gefið stefndum réttmæta ástæðu til að ætla, að hann gæfi honum eftir innstæðu sína. Verður því ekki talið, að krafan sé niður fallin fyrir eftirgjöf, og leiðir það til þess, að telja verður hana enn í gildi, þar eð öðrum sýknuástæðum virðist ekki til að dreifa.

Stefndur hefur ekki gert athugasemdir við einstaka liði á reikningi stefnanda og ekki lagt fram viðskiptareikning hans fyrir árið 1948, eins og þegar hefur verið tekið fram. Verður reikningur stefn-

anda því tekinn til greina, eins og hann er, að því undanskildu, að rétt þykir að lækka hann um kr. 2.000,00 vegna áætlaðrar vöruúttektar, sem stefnandi hélt, að væri vanfærð á reikningnum, eins og fyrr er getið. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndur verður dæmdur til að greiða kr. 25.028,00 að frádregnum kr. 2.000,00 eða kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

M/b Helgi, VE. 333, fórst við Faxasker 7. janúar 1950 eða tæpum 4 mánuðum áður en mál þetta hófst. Sjóveðskrafa í skipinu verður því ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Hjálmari Jónssyni, kr. 23.028,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1954.

Nr. 92/1953. **Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson fulltrúi og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Páll Þorbjörnsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1953, krefjast þess, að þeim verði dæmd sýkna

og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi tók að neyta áfengis laugardaginn 9. febrúar 1952 og gat af þeim sökum ekki komið til vinnu mánudaginn hinn 11. s. m. og þriðjudagsmorguninn hinn 12. s. m. Eftir hádegi á þriðjudag kveðst hann hafa verið orðinn svo hress, að hann hafi ætlað að hefja vinnu, en þá hafi verið fram komin auglýsing frá áfrýjendum eftir vélstjóra í hans stað, og hafi hann því horfið frá því að fara til vinnu í bátnum. Telja verður, að stefnda hafi borið nauðsyn til að bjóða fram vinnu sína, þegar er hann mátti því við koma, ef hann vildi halda rétti sínum á hendur áfrýjendum til þrautar. Þetta gerði stefndi ekki, og hann hófst ekki handa gegn áfrýjendum, svo að séð verði, fyrr en stefna var gefin út í máli þessu hinn 11. júní 1952. Með framangreindu hátterni þykir stefndi hafa firrt sig rétti til að koma fram kröfum sínum í máli þessu. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Guðlaugur Halldórsson, Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Oddsteins Friðrikssonar, í máli þessu.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 19. maí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Oddsteini Friðrikssyni vélstjóra, Helgafellsbraut 23 í Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 11. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Guðlaugi Halldórssyni skipstjóra, Brekastíg 3, og eigendum Hraðfrystistöðvarinnar í Vestmannaeyjum, þeim Ágústi V. Matthíassyni, Sólhlíð 7, Gísla Þor-

steinssyni, Brimhólabraut 22 og Þorsteini Sigurðssyni, Blátindi, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á kauptryggingu í einn mánuð vegna ólöglegrar frávikningar.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins og viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum. Í lok málsins gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndir verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur að mati réttarins auk vaxta, málskostnaðar og sjóveðréttar.

Stefndir hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans. Varakröfu stefnanda mótmæla þeir sérstaklega sem of seint fram kominni.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru tildrög málsins þau, að í byrjun desember 1951 var stefnandi ráðinn vélstjóri á m/b Hellisey, VE. 2, á vetrarvertíð 1952. Skipstjórinn var einn hinna stefndu, Guðlaugur Halldórsson, og var það hann, sem annaðist ráðninguna, enda er hann mágur stefnanda. Eins og venja er til, skyldi stefnandi vinna að standsetningu vélarinnar, áður en úthaldið hæfist. Hóf stefnandi síðan vinnuna við skipið hinn 7. janúar 1952 og vann til 10. þess mánaðar. Þá veiktist hann og varð frá vinnu til 21. janúar. Byrjaði hann þá vinnu aftur og vann til og með 9. febrúar. Um kvöldið þann dag, sem var laugardagur, hélt Iðnaðarmannafélagið dansleik í Samkomuhúsinu. Lagði stefnandi leið sína þangað og neytti þar áfengis. Daginn eftir, sem var sunnudagur, kom hann ekki að bátnum, enda var ekki unnið þar þann dag. Á mánudag mætti hann ekki heldur, og er komið var fram á þriðjudag, án þess að stefnandi léti sjá sig, ákvað skipstjórinn að auglýsa eftir (nýjum) vélstjóra á skipið og festi upp auglýsingar á nokkrum stöðum í bænum. Von bráðar bauðst skipstjóra annar vélstjóri á skipið. En maður þessi var ráðinn á annan bát, er netjaveiðar hæfust, og vildi skipstjóri því ekki ráða hann, fyrr en hann hefði talað við skipstjóra þess báts. Náði hann síðan sambandi við skipstjórann, sem gaf manninn eftir. Var maðurinn þá ráðinn vélstjóri á m/b Hellisey og byrjaði vinnu við bátinn hinn 13. febrúar og vann svo óslitið til 22. febrúar, en þá var báturinn tilbúinn til veiða. Var lögskráð á bátinn þann dag og róðrar hafnir. Nokkrum dögum eftir að nýi vélstjórinn hafði hafið vinnu sína, kom stefnandi um borð í bátinn og var þá með reikning yfir vinnu sína. Fékk hann reikning þennan greiddan. Síðan sótti hann föt sín og farangur niður í bátinn.

Stefnandi telur, að ráðningu sinni hafi verið ólöglega slitið, og eigi hann því samkvæmt sjómannalögunum rétt til kauptryggingar í einn mánuð, sem nemi hinni umstefndu fjárhæð. Kveðst hann hafa verið lasinn á mánudag og fram á þriðjudag, og hafi hann því ekki mætt til vinnunnar, enda hafi hann ekki verið kallaður. Er ljóst,

að „lasleikinn", sem að honum gekk, stafaði af áfengisneyzlu, enda óbeint viðurkennt af honum sjálfum. Kvaðst hann hafa ætlað sér að mæta upp úr hádegi á þriðjudag, en þá hafi hann frétt, að búið væri að ráða annan vélstjóra, án þess að við sig hefði verið talað. Kvaðst hann þá hafa horfið frá því að mæta. Hann hefur haldið því fram, að sér hafi verið óskylt að mæta til vinnunnar nema samkvæmt kalli skipstjóra, en skipstjóri hafi látið slíkt hjá líða, og áður en þeir skildu á laugardag, hafi hann ekki lagt honum neitt starf fyrir, er hann skyldi vinna á mánudag, enda hafi standsetningu vélarinnar verið lokið. Þó viðurkenndi hann, að ekki hefði verið venja, að hann hefði verið kallaður til vinnu.

Stefndir byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að skiprúmssamningur hafi ekki verið kominn á, heldur aðeins forsamningur eða samningur um væntanlega ráðningu stefnanda sem vélstjóra á skipið. Eigi hann því engan rétt á uppsagnarfresti samkv. sjómannalögum, og kauptrygging komi ekki til greina, þar sem stefnandi hafi ekki verið á neinni kauptryggingu, meðan hann vann við bátinn. Í öðru lagi telja stefndir, að stefnandi hafi vanrækt skuldbindingar sínar verulega með því að mæta ekki til vinnu vegna afleiðingar vínneyzlu, meðan enn var margt ógert við vél og dragnótaspil og komið fram á vertíð og áríðandi, að róðrar gætu hafizt eins fljótt og hægt væri. Hafi hann því fyrirgert öllum rétti til þess að krefjast bóta, hafi hann á annað borð átt slíkan rétt. Þá benda stefndir á, að stefnanda hafi verið innan handar að sækja formlega um vélstjórastarfið, en það hafi hann alls ekki gert og ekki talað við skipstjóra fyrr en 9 dögum síðar.

Eins og áður er fram tekið, hefur skipstjóri viðurkennt, að hann hafi verið búinn að ráða stefnanda sem vélstjóra á bátinn á vetrarvertíðinni 1952. Ráðning þessi var bindandi og skapaði aðiljum rétt og skyldur og m. a. bótarétt vegna ráðningarslita, þótt lögskráning hefði ekki farið fram og þótt ekki væri kominn sá tími, er skylt var að lögskrá. Kemur þá til athugunar, hvort stefndum hafi verið heimilt að slíta ráðningunni, án þess að til bóta kæmi. Er ráðningarslitin fóru fram, var vertíð almennt byrjuð eða í þann veginn að byrja, en bátur stefndra ekki tilbúinn, vegna þess að standsetningu var ekki lokið. Stefnandi hefur haldið því fram, að standsetningu vélar hafi verið að öllu lokið, og laugardaginn 9. febrúar kveðst hann hafa unnið við að stilla upp í lestinni, og er hann hætti, hafi sér ekki verið lagt neitt verkefni fyrir á mánudag, og sé sér ókunnugt um, að nokkurt verkefni lægi fyrir vélstjórastarfinu tilheyrandi. Skipstjóri hefur bent á, að eftir hafi verið að hreinsa til í vélarrúmi og gera við spilið, en ekki bent á neitt annað ógert, er að vélstjórastarfinu laut. Þykir því varhugavert að telja, að stefnanda hafi verið skylt að mæta ókallaður til vinnu. Og þótt upplýst megi telja, að stefnandi hafi verið forfallaður á mánudag og fram á þriðjudag vegna ástæðna, er hann sjálfur átti sök á, þykir verða að líta svo

á, að hann eigi rétt til bóta, þar sem skipstjóri lét hjá líða að kalla hann til vinnu eða hafa tal af honum og láta hann vita, að fjarvistir hans yrðu látnar varða ráðningarslitum. Bæturnar, sem stefnandi á rétt til, nema kaupi vélstjóra í einn mánuð samkv. 13. gr. sjómannalaga. Og þar sem upplýst er, að vélstjórinn, sem tók við af stefnanda, hafði kr. 3.845,98 í kaup fyrir tímavinnu og aflahlut til 10. marz 1952, virðist bótaupphæðin, sem stefnandi fer fram á, geta staðizt. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Guðlaugur Halldórsson og eigendur Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, þeir Ágúst Matthíasson, Gísli Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Oddsteini Friðrikssyni, kr. 3.597,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Hellisey, VE. 2, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Föstudaginn 12. marz 1954.

Nr. 24/1950. **Ingvar Brynjólfsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Gunnari Guðmundssyni og Finni Thorlacius
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1950. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik. Hafa skýrslur þessar verið lagðar fram í Hæstarétti svo og ýmis önnur ný málsgögn.

Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti hinn 30. maí 1947 að gefa áfrýjanda kost á að taka á leigu lóðina nr. 95 við Langholtsveg til að reisa á henni íbúðarhús. Þetta samþykki bæjarráðs var m. a. þeim skilyrðum bundið, að byggingarnefnd hefði samþykkt teikningu að húsinu og að byrjað yrði á grefti á lóðinni fyrir 1. ágúst 1947, svo og, að kjallari hússins yrði steyptur eða gólf 1. hæðar fullgert, ef húsið yrði kjallaralaust, innan mánaðar frá þeim tíma, enda yrði ekki fyrr gerður lóðarsamningur við áfrýjanda. Ef framangreindum skilyrðum yrði ekki fullnægt, skyldi bæjarráði heimilt að leigja öðrum lóðina.

Samþykkt bæjarráðs var tilkynnt áfrýjanda með bréfi borgarstjóra Reykjavíkur 31. maí 1947.

Áfrýjandi fékk stefnda Finn Thorlacius til að gera uppdrátt að íbúðarhúsi og bílskúr á lóðinni. Kveðst áfrýjandi ekki muna örugglega, hversu háa fjárhæð hann greiddi Finni fyrir uppdráttinn, en það muni ekki hafa verið undir kr. 3.000,00 samtals. Stefndi Finnur kveðst hafa fengið greiðslu fyrir uppdráttinn, en ekki muna fjárhæðina.

Hinn 22. ágúst 1947 tilkynnti borgarstjóri áfrýjanda, að byggingarnefnd hefði samþykkt að veita byggingarleyfi, og hinn 20. september sama ár galt áfrýjandi byggingarleyfisgjaldið, kr. 269,00, og fékk þá byggingarleyfið og uppdrátt að byggingunni með árituðu samþykki byggingarnefndar. Sama dag galt áfrýjandi bæjarsjóði kr. 30,00 fyrir leyfi til að grafa í götu fyrir holræsi og fyrir vinnu og efni við tengingu þess.

Hinn 11. júní 1948 framseldi áfrýjandi stefndu rétt sinn til lóðarinnar nr. 95 við Langholtsveg og til að reisa á henni íbúðarhús samkvæmt hinum samþykkta uppdrætti. Skyldu stefndu fá afsal fyrir lóðinni, þegar þeir hefðu lokið við að steypa neðri hæð hússins. Skýrir áfrýjandi svo frá, að hann hafi þá jafnframt afhent stefndu hinn samþykkta uppdrátt, og hefur því ekki verið andmælt. Fyrir réttindi þessi greiddu stefndu áfrýjanda kr. 4.000,00. Kveðst áfrýjandi hafa haft

hliðsjón af útlögðum greiðslum fyrir uppdrátt og byggingarleyfi, er hann ákvað andvirðið, auk þess sem hann hafi ætlað sér lítils háttar þóknun fyrir umstang við útvegun lóðar og byggingarleyfis. Sama dag og aðiljar gerðu samning þenna sótti áfrýjandi um fjárfestingarleyfi til byggingar íbúðarhússins, og var tilætlun aðilja, að stefndu nytu góðs af því, ef það fengist, en með bréfi Fjárhagsráðs 21. júlí 1948 var synjað um fjárfestingarleyfi.

Þegar aðiljar gerðu ofangreindan samning, hafði áfrýjandi ekki enn hafið undirbúning að byggingu á lóðinni, og ekki hófust stefndu heldur handa um slíkar framkvæmdir, eftir að þeir höfðu fengið lóðarréttindin framseld. Hinn 17. júlí 1948 tilkynnti borgarstjóri áfrýjanda, að bæjarráð hefði dagginn áður samþykkt að afturkalla fyrirheit sitt um lóðarleiguna, þar sem áfrýjandi hefði ekki fullnægt settum skilyrðum um byggingarfrest. Þrátt fyrir þetta virðast bæjaryfirvöld þó hafa fallizt síðar á frekari frest, því að hinn 11. maí 1949 tilkynnti borgarstjóri áfrýjanda af nýju, að bæjarráð hefði samþykkt að afturkalla úthlutun lóðarinnar, með því að ekkert hefði verið unnið að byggingarframkvæmdum, enda þótt byggingarfrestir væru löngu liðnir.

Stefndu hafa í máli þessu flutt það fram sem rök fyrir endurgreiðslukröfu sinni, að áfrýjanda muni hafa verið óheimilt að framselja lóðarréttindin, og auk þess hafi hann verið búinn að fyrirgera rétti til lóðarinnar, er samningur aðilja var gerður, þar sem hann hefði ekki fullnægt skilyrðum bæjarráðs um framkvæmdir á lóðinni innan tilskilins frests.

Stefndi Gunnar hefur lýst því í aðiljaskýrslu, að áfrýjandi hafi sýnt stefndu við samningsgerðina gögn varðandi lóðarréttindin. Mátti þeim því vera ljóst, hvernig réttindum áfrýjanda var háttað, enda eru stefndu báðir vegna atvinnu sinnar fróðir um byggingarmálefni í Reykjavík. Bendir ekkert til þess, að áfrýjandi hafi beitt stefndu nokkrum blekkingum um þessi efni. Stefndu hafa ekki leitt í ljós, að áfrýjanda hafi verið óheimilt að framselja þeim rétt sinn með fyrirheiti um fullkomið afsal síðar, er lóðarleigusamningur væri fenginn. Ekki hafði bæjarráð, er samningur aðilja var gerður, neytt

heimildar til að taka lóðina af áfrýjanda, og má ætla eftir gögnum málsins, að lóðarúthlutunin hefði verið látin haldast, ef hafizt hefði verið handa um framkvæmdir á lóðinni á árinu 1948. Og þar sem stefndu var eða mátti vera kunnugt um heimildir áfrýjanda til lóðarinnar, þegar samningur var gerður, og áfrýjandi tókst ekki á hendur ábyrgð á því, að bæjarráð afturkallaði ekki lóðarúthlutunina, þá geta þær málsástæður stefndu, sem hér hafa verið ræddar, ekki leitt til þess, að þeim verði játaður endurgreiðsluréttur.

Þá hafa stefndu haldið því fram, að áfrýjandi hafi lofað þeim, er samningurinn var gerður, að útvega fjárfestingarleyfi til byggingar á lóðinni, og þar sem hann hafi vanefnt þessa skyldu, eigi þeir rétt til að rifta samningnum og fá endurgreitt fé það, er þeir greiddu áfrýjanda. Í hinum skriflega samningi aðilja er ekki minnzt á fjárfestingarleyfi, og áfrýjandi hefur ákveðið andmælt því, að hann hafi ábyrgzt stefndu útvegun þess. Hafa stefndu ekki fært sönnur á þessa staðhæfingu sína. Verður endurgreiðsluréttur því ekki á því reistur, að áfrýjandi hafi vanefnt samningsskyldur að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, ber að sýkna áfrýjanda af endurgreiðslukröfu stefndu.

Áfrýjandi kom ekki fyrir dóm í héraði, og verður kröfu hans um málskostnað fyrir héraðsdómi því ekki sinnt. Hann hefur ekki fært sönnur á, að lögmæt forföll hafi hindrað hann frá því að koma fyrir héraðsdóm. Hefur hann með vanrækslu sinni um þingsókn þar valdið því, að mál þetta var þar eigi skýrt svo sem átt hefði að vera. Af þessum sökum og með hliðsjón af kröfugerð og málaefnum stefndu þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingvar Brynjólfsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Gunnars Guðmundssonar og Finns Thorlacius, í máli þessu.

Aðiljar beri hvor um sig kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. f. m., hafa Gunnar Guðmundsson, skála nr. 13 við Háteigsveg, og Finnur Thorlacius, Garðastræti 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, með stefnu, út gefinni 5. október sl., gegn Ingvari Brynjólfssyni, Helgadal við Kringlumýrarveg, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5.000,00, með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 11. júní 1948, seldi stefndur stefnendum rétt hans yfir lóðinni nr. 95 við Langholtsveg hér í bæ fyrir kr. 4.000,00, er þeir greiddu þegar. Þá telja stefnendur, að stefndur hafi lofað því að fá fjárfestingarleyfi til byggingar húss á lóðinni og afhenda stefnendum það. Fjárfestingarleyfið hafi hann hins vegar aldrei fengið, og hinn 17. júlí 1948 hafi stefndur verið sviptur öllum rétti til lóðarinnar og hún leigð öðrum. Hafi þeir stefnendur því ekkert fengið fyrir fé sitt, er þeir höfðu greitt. Þá hafa þeir haft ýmsan kostnað af þessu, er þeir telja nema kr. 1.000,00.

Fé þetta, kr. 5.000,00, telja stefnendur, að stefndur eigi að endurgreiða.

Með vísan til framangreinds verður að telja, að stefndum beri að endurgreiða verð lóðarréttindanna, kr. 4.000,00. Hins vegar hafa stefnendur engin rök fært fram fyrir frekara tjóni vegna þessa, og verður því skaðabótakrafa þeirra eigi tekin til greina.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 4.000,00 með 6% ársvöxtum, er reiknast frá sáttakærudegi, 23. ágúst sl. Þá þykir rétt, að stefndur greiði stefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 625,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndur, Ingvar Brynjólfsson, greiði stefnendum, Gunnari Guðmundssyni og Finni Thorlacius, kr. 4.000,00 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 625,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. marz 1954.

Nr. 46/1953. **Theodór B. Líndal f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur, FD. 493,** (sjálfur)
gegn
Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, VE. 322, (Sigurður Ólason)
og
Skipaútgerð ríkisins f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins (Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómsmönnunum Lúðvík N. Lúðvíkssyni og Þorsteini Jónssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1953. Hann krefst þess, að fjárhæð sú, er dæmd var í héraði, verði lækkuð, að hver aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt verði fellt úr gildi.

Eigendur og áhöfn v/b Muggs, VE. 322, hafa áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1953. Þau krefjast þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 90.000,00 eða lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þau krefjast og sjóveðréttar í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Eigandi og áhöfn v/s Óðins hafa áfrýjað málinu með stefnu 3. júní 1953 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 75.000,00 eða lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þá krefjast þau sjóveðréttar í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Fallast ber á rök héraðsdóms fyrir því, að hjálp sú, er v/b Muggur veitti v/s Boðasteinur, hafi verið björgun í merkingu 229. gr. siglingalaganna.

Er v/s Boðasteinur slitnaði aftan úr v/b Mugg, voru skipin, eins og í héraðsdómi greinir, stödd á hættulegum stað, myrkt var af nóttu, veðurhæð mikil og áhöfn v/s Boðasteinur ókunnug staðháttum. Verður því að telja, að af hendi v/s Óðins hafi einnig verið unnið björgunarstarf í merkingu siglingalaganna.

Bjarglaun gagnáfrýjendum til handa þykja hæfilega ákveðin samtals kr. 54.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs ⅔ hluta fjárhæðarinnar, en eigandi og áhöfn v/s Óðins ⅓ hluta hennar, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs þar af kr. 7.000,00, en eigandi og áhöfn v/s Óðins kr. 5.000,00.

Dæma ber gagnáfrýjendum sjóveðrétt í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Theodór B. Líndal f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur, FD. 493, greiði gagnáfrýjendum, Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, VE. 322, og Skipaútgerð ríkisins f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins, kr. 54.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs ⅔ hluta fjárhæðarinnar, en eigandi og áhöfn v/s Óðins ⅓ hluta hennar, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs þar af kr. 7.000.00, en eigandi og áhöfn v/s Óðins kr. 5.000,00.

Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi, Vestmannaeyjum, f. h. eigenda og skipshafnar m/b Muggs, VE. 322, og varðskipsins Óðins, með stefnu, út gefinni 2. apríl 1951, birtri 3. apríl s. á., á hendur Theodór Johannessen skipstjóra vegna útgerðar- og eigenda m/k Boðasteinur, FD. 493, h/f Jacob Haraldsen eft., Fuglafirði, Færeyjum, til greiðslu björgunarlauna vegna björgunar á m/k Boðasteinur, FD. 493, hinn 20. marz 1951, svo og til greiðslu málskostnaðar. Enn fremur hafa stefnendur stefnt Theodór Johannessen f. h. vátryggjenda m/k Boðasteinur til réttargæzlu í málinu.

Stefnendur gerðu í upphafi þær réttarkröfur, að stefndur, Theodór Johannessen f. h. h/f Jacob Haraldsen eft., verði dæmdur til þess að greiða þeim Helga Benediktssyni vegna eigenda og áhafnar m/b Muggs, VE. 322, og Pálma Loftssyni, framkvæmdarstjóra Skipaútgerðar ríkisins, vegna varðskipsins Óðins, björgunarlaun, sem nema kr. 100.000,00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags, svo og allan málskostnað, þar á meðal matskostnað, samtals að fjárhæð samkvæmt framlögðum reikningi kr. 8.769,05. Enn fremur kröfðust stefnendur þess, að sjóveðréttur verði viðurkenndur í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir öllum hinum umstefndu fjárhæðum. Síðar kröfðust þeir þess, að dómurinn kvæði á um skiptingarhlutföll bjarglaunanna milli Muggs og Óðins, án þess að málið yrði þó sundurgreint.

Við lok málsins breyttu stefnendur kröfum sínum, og urðu þær á þessa leið:

Stefnandi, Helgi Benediktsson f. h. eigenda og áhafnar m/b Muggs, gerði þær kröfur, að stefndir, eigendur m/k Boðasteinur, verði dæmdir til þess að greiða honum björgunarlaun, sem næmu kr. 90.000,00 eða lægri fjárhæð að mati dómsins, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og sjóveðréttur verði viðurkenndur í m/k Boðasteinur fyrir öllum dómkröfunum.

Jafnframt tók hann fram, að fram lagður málskostnaðarreikningur ætti að hækka um kr. 4.000,00 vegna hækkunar á taxta L.M.F.Í., eftir að reikningur þessi hafði verið lagður fram.

Meðstefnandi, Pálmi Loftsson f. h. eiganda og áhafnar varðskipsins Óðins, gerði þær kröfur, að stefndir verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 75.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og matskostnað og málskostnað að skaðlausu eftir

mati dómsins og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Gagnvart eigendum og áhöfn m/b Muggs væri þess krafizt *aðallega*, að kröfur þeirra verði engin áhrif látnar hafa á kröfur eiganda og áhafnar m/s Óðins, en *til vara*, að kröfur eigenda og áhafnar m/b Muggs verði færðar niður til verulegra muna.

Stefndir mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur, að þeir verði aðeins dæmdir til þess að greiða stefnendum hæfilega upphæð og þá í einu lagi fyrir dráttaraðstoð samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir kr. 10.000,00, en til vara björgunarlaun eftir mati dómsins, þó ekki yfir kr. 15.000,00. Svo krefjast þeir, að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur í m/k Boðasteinur fyrir tildæmdri fjárhæð og málskostnaður verði látinn falla niður. Stefndir samþykktu, að dómurinn kvæði á um, hversu mikill hluti ómakslaunanna skyldi renna til hvors stefnanda, en mótmæltu því ákveðið, að dómurinn tildæmdi stefnendum hvorum fyrir sig sjálfstæðar kröfur.

Dæmt var í máli þessu í héraði 12. júlí 1951, en héraðsdómurinn var ómerktur í Hæstarétti 2. febrúar sl.

Málavextir eru þessir samkvæmt fyrirliggjandi gögnum:

Laugardaginn 17. marz 1951 lét m/k Boðasteinur, FD. 493, úr höfn í Miðvági í Færeyjum og hélt í átt til Íslands, og var tilætlunin að stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum. Veður var gott og vindlítið, og gekk ferðin vel í fyrstu. Að áliðnum degi á sunnudag eða kl. 16 dró úr ferð skipsins, þótt vélin hins vegar gengi með eðlilegum hætti. Við athugun reyndist skrúfa skipsins í ólagi, og leitaðist þá áhöfn skipsins við að ráða bót á því, sem úr lagi hafði gengið, en tókst það ekki. Kl. 19 náði áhöfnin talstöðvarsambandi við aðra færeyska skútu, m/k Carlton, sem var í allmikilli fjarlægð, og skýrði henni frá, hvernig komið væri, og beiddi hana að hlusta í talstöðina að klukkutíma liðnum. Áhöfn m/k Boðasteinur hélt síðan áfram við að reyna að koma skrúfunni í lag, en allt kom fyrir ekki. Kl. 21 átti svo áhöfnin aftur talstöðvarsamband við m/k Carlton og beiddi hann að koma til aðstoðar og draga skútuna til Vestmannaeyja. M/k Carlton var þá staddur ca. 17 sjómílur SV af Ingólfshöfða og hélt þegar af stað í áttina til skútunnar. Á meðan sigldi m/k Boðasteinur með seglum, en siglingin gekk hægt, vegna þess að veður var kyrrt. Kl. 7 á mánudagsmorgni kom m/k Carlton til skútunnar, og var þá dráttartaug fest á milli skipanna. Byrjaði m/k Carlton síðan að draga skútuna í áttina til Vestmannaeyja. Drátturinn gekk vel allan mánudaginn og fram á þriðjudag, enda var veður gott. Hafði m/k Boðasteinur segl uppi til þess að létta undir með drættinum. Er skipin nálguðust Vestmannaeyjar, átti m/k Boðasteinur talstöðvarsamband við Vestmannaeyjaradíó og spurðist fyrir um, hvort unnt yrði að taka skútuna inn á höfnina þá um kvöldið. Fékk hún játandi svar, og var þeim sagt, að hafnsögumaðurinn mundi bíða hennar fyrir utan höfnina. Þetta var kl. 18—19 á þriðju-

dagskvöldið. Vindur var þá 5—6 stig að austan eftir sólarátt. Er skipin voru komin inn fyrir Bjarnarey, felldi m/k Boðasteinur seglin, en um leið vildi það til, að dráttartaugin milli skipanna slitnaði. Kl. var þá 20.00, og var skútan stödd í græna ljósinu frá Urðavitanum. Í sömu svifum og dráttartaugin slitnaði, bilaði gangráður vélarinnar í m/k Carlton, svo að hann gat ekki komið skútunni til hjálpar. Vindur var þá orðinn 7 stig að austan og vaxandi, og rak skútuna flata undan vindi í áttina til lands með bakborðssíðu að landi. Átti hún talstöðvarsamband við m/k Carlton og fékk að vita, að hjálpar væri þaðan ekki að vænta, eins og stæði, vegna þess að vél skipsins væri biluð. M/k Boðasteinur gerði engar ráðstafanir til að bjarga sér af sjálfsdáðum, varpaði hvorki akkerum né dró upp segl, en kl. 20.45 kallaði hann upp Vestmannaeyjaradíó og náði sambandi kl. 20.50. Skýrði hann frá, hvernig komið væri, og bað um aðstoð. Um sama leyti sáu skipverjar skútunnar mótorbát undan Klettsnefi á leið inn í höfnina. Sendu þeir þá út neyðarmerki, skutu flugeldum, til þess að mótorbáturinn kæmi til aðstoðar. Þetta var m/b Muggur, VE. 322, og brá hann þegar við og setti á fulla ferð og stefndi til skútunnar. Skýrir áhöfn Muggs svo frá, að m/k Boðasteinur hafi þá verið staddur úti af Urðunum, nálægt því að vera mitt á milli Urðavitans og Þurrkhússins, og rak óðfluga að landi. Sigldi Muggur að skútunni og lagði svo nærri til kuls sem áhöfnin þorði, og var þegar gerð tilraun til að kasta kastlínu yfir í skútuna, en það mistókst. Áhöfnin á m/k Boðasteinur lét þá ljósdufl í sjóinn með færislínu, og tókst skipverjum á Mugg að ná strax í duflið. Drógu þeir færislínuna í skyndi, en hún slitnaði í drættinum, og töldu þeir, að ástæðan hefði verið sú, að of mikið af færislínu hefði verið kastað út, og hefði hún festst í botni eða undir kjöl bátsins. Er þeir höfðu dregið inn endann, kveðst skipstjórinn á Mugg hafa kallað til skipverja á Boðasteinur, að þeir skyldu draga upp fokkuna, en þeir hafi ekki sinnt því. Sjálfir kváðust skipverjar á Boðasteinur ekki hafa heyrt skipstjórann á Mugg minnast á þetta. Skipstjórinn á Mugg sneri síðan bátnum austur um á fullri ferð og hugðist taka hring og leggja aftur að skútunni, en er hann hafði tekið stefnuna á land, varð hann þess var, að þeir voru komnir mjög nærri landi, og setti vélina fullt aftur á bak. Sló þá fram undan vestur um undan vindinum, svo að framendi Muggs horfði á afturenda Boðasteinur. Setti skipstjórinn þá á fulla ferð áfram og stefndi aftur fyrir skipið svo nærri, að skipverjar á Boðasteinur gátu auðveldlega rétt enda yfir í Mugg, sem þeir og gerðu. Allmikil alda var, og kveður áhöfnin á Mugg, að hryggjað hafi undir bátinn, er þeir voru fyrir aftan skútuna, svo nærri landi hafi þeir verið komnir. Síðan setti Muggur á ferð fram með skipinu til hlés og nam staðar nærri framstafni skútunnar á kul, og gengu þá allir skipverjar á Mugg í að draga inn dráttartaugina, er m/k Boðasteinur lagði til.

Var dráttartaugin síðan sett föst í gúmmíhring, sem komið hafði verið fyrir á festaklampa (krussholt). Kl. var þá um 21.00.

Sigldi Muggur síðan af stað á mjög hægri ferð skáhallt undan vindi með skútuna í eftirdragi. Tókst honum að fjarlægja skútuna frá landi. Hafði hann fyrst stefnu á Klettsnefið, en síðan var tekin stefna syðst á Bjarnarey. Mjakaðist hann með skútuna hægt austur flóann, og var slegið á stopp við hverja kviku eftir því, sem áhöfnin sagði. Óskaði skipstjórinn á Boðasteinur eftir, að skútan yrði dregin inn á höfnina, en skipstjórinn á Mugg taldi það ekki gerlegt vegna þess, hve dráttartaugin var veik, og ákvað að draga skútuna inn fyrir Eiði.

Þegar Muggur var kominn með skútuna dálítið áleiðis, kom varðskipið Óðinn á vettvang. Hafði hann heyrt í talstöð sinni kl. 20.45, er Boðasteinur kallaði upp Vestmannaeyjaradíó og beiddi um skjóta hjálp. Var Óðinn þá staddur undir Eiðinu og lá fyrir akkerum. Létti hann þegar akkerum og hélt af stað í áttina til skútunnar. Um það leyti, sem hann var að leggja af stað, kallaði Vestmannaeyjaradíó upp varðskipið Ægi til þess að fá hann til að koma skútunni til hjálpar. Ægir var fjarstaddur, og svaraði því Óðinn og kvaðst vera á leiðinni til skútunnar. Sigldi Óðinn síðan gegnum Faxasund og kom von bráðar til skútunnar. Var hún þá skammt undan landi út af Urðunum, og var Muggur með hana í eftirdragi. Myrkur var yfir og fulldimmt af nóttu. Óðinn átti strax viðtal við m/b Mugg, og kvaðst Muggur telja dráttartaugina ekki örugga, og væri hann hræddur um, að hún kynni að slitna. Ákvað því Óðinn að fylgjast með skipunum og hafði dráttartaug tilbúna. Tilkynnti hann síðan Vestmannaeyjaradíó, að hann mundi fylgjast með skútunni og vera til taks, ef eitthvað bæri út af. Var kl. þá 21.35 samkv. dagbók Vestmannaeyjaradíós.

Eftir að Óðinn kom til, hélt Muggur áfram hægt og sígandi með m/k Boðasteinur út á flóann. Óðinn fylgdist með á næstu grösum. Er klukkan var 22.20, slitnaði dráttartrossan, og tilkynnti Boðasteinur það Óðni samstundis með talstöð sinni og með því að kveikja blys. Var hann þá staddur fyrir opnu Faxasundi og nýkominn í Urðavitann hvítan (úr rauða ljósinu). Muggur kveðst þegar hafa snúið við, er dráttartaugin slitnaði, og sett á fulla ferð og siglt til hlés við skútuna. En Óðinn lagði strax að henni kulborðs megin og rétti dráttartaug yfir til hennar, sem þegar var fest milli skipanna. Átti þá skipstjórinn á Mugg tal við skipstjórann á Boðasteinur og spurði hann, hvort hann gæti gert nokkuð frekar fyrir hann, og lét þess jafnframt getið, að dráttartaug Óðins mundi vera örugg. Skipstjórinn á Boðasteinur taldi þá ekki þörf, að Muggur veitti frekari aðstoð. Skildi Muggur síðan við skútuna og hélt inn á höfn í Vestmannaeyjum.

Óðinn dró hins vegar skútuna fyrir austan Faxasker og inn fyrir Eiði, og lögðust bæði skipin þar fyrir akkeri kl. 23.50. Tók það

nokkurn tíma fyrir Boðasteinur að koma akkerum fyrir, því að akkerisfestin hafði verið notuð sem dráttartaug, meðan Carlton og Muggur drógu skútuna. Þurfti því að lása keðjunni í akkerið, og var það ekki gert, fyrr en komið var undir Eiðið.

Óðinn og Boðasteinur lágu síðan undir Eiðinu til kl. 06.10. Létti Óðinn þá akkerum og fór til Boðasteinur og lét hann létta. Kl. 06.50 var dráttartaug fest í hann, og dró Óðinn hann síðan fyrir klettinn og inn á höfn í Vestmannaeyjum, og var þar lagzt við bryggju kl. 07.45. Veður var þá orðið gott. Hélzt góðviðri þann dag allan, við logn í Vestmannaeyjum, en norðaustankaldi úti fyrir. Veðurhæð virðist hafa orðið mest kvöldið áður um tólfleytið, og var vindur þá 9 stig samkv. veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða. Upp úr því lygndi og breytti um átt.

Áhöfnin á hafnsögubátnum Létti var áhorfandi um tíma að hjálparstarfinu, sem Muggur veitti. Skýrði hafnsögumaðurinn, Jón Ísak Sigurðsson, svo frá, að ritsíminn hér hefði hringt til sín að kvöldi hins 20. marz sl. og sagt sér, að m/k Boðasteinur væri væntanlegur hingað til Eyja kl. 20.30. Fór hann síðan ásamt fjórum mönnum öðrum um borð í hafnsögu- og tollbátinn Létti, og héldu þeir af stað út úr höfninni, er klukkan var um 20.30. Er Léttir var kominn út úr innri höfninni og út á Víkina, sáu þeir skip skjóta flugeldum innan við Bjarnarey, og var þetta Boðasteinur. Um sama leyti sáu þeir skip koma að norðan og sigla til skútunnar, og var það m/b Muggur. Svo sáu þeir, að Muggur sigldi upp að Boðasteinur, og eftir nokkra stund sáu þeir, að búið var að koma dráttartaug milli skipanna og Muggur byrjaður að draga skútuna frá landi. Gizkuðu þeir á, að Léttir hafi þá verið í ca. 300 metra fjarlægð frá Boðasteinur. Sýndist þeim Boðasteinur svo nærri landi, að hann mundi fljótlega reka upp í Urðirnar, ef dráttartaugin kynni að slitna. Kallaði þá hafnsögumaðurinn upp Vestmannaeyjaradíó og óskaði eftir, að björgunartæki yrðu send austur á Urðir og látin vera þar til taks, ef dráttartaugin slitnaði eða eitthvað bæri út af. Samkv. dagbók Vestmannaeyjaradíós fór samtal þetta fram kl. 21.10. Vestmannaeyjaradíó virðist ekki hafa heyrt nægjanlega vel til hafnsögumannsins, og voru björgunartækin ekki send austur á Urðir, heldur um borð í mótorbát, sem lá á höfninni. Áhöfn Léttis horfði síðan góða stund á skipin, er þau mjökuðust út flóann, og er Muggur var kominn með skútuna út á flóann miðjan, sneri Léttir til lands. Var þá Óðinn nýkominn á vettvang og lónaði eftir Mugg og skútunni. Hafnsögumaðurinn kvaðst álíta, að Óðinn mundi ekki hafa komið nægjanlega snemma til þess að bjarga skútunni, ef Muggs hefði ekki notið við. Kvaðst hann halda, að Boðasteinur hefði verið kominn upp í Urðirnar, er Óðinn kom á vettvang, ef engin hjálp hefði borizt annars staðar frá. Aðrir af áhöfn Léttis, er leiddir voru sem vitni, voru á líkri skoðun.

Stefnendur, eigendur og áhöfn m/b Muggs, telja, að m/k Boða-

steinur hafi verið staddur í neyð, er Muggur kom til, og mundi hann tvímælalaust hafa borizt upp í Urðirnar og brotnað í spón, ef hann hefði ekki notið hjálpar hans. Telja þeir því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða, sem skapi þeim rétt til björgunarlauna. Hins vegar telja þeir, að neyðarástandi skútunnar hafi verið lokið, er Óðinn tók við drætti hennar fyrir opnu Faxasundi.

Meðstefnendur, eigandi og áhöfn v/s Óðins, telja einnig, að Boðasteinur hafi verið staddur í neyð og yfirvofandi háska, er Mugg bar að. En þeir telja auk þess, að Boðasteinur hafi ekki verið staddur í minni hættu, er Óðinn tók við drætti hans. Álíta þeir, að skútan hafi þá verið stödd á mjög hættulegum stað, og næsta ósennilegt, að hún hefði á nokkurn hátt getað bjargað sér sjálf, og hafi það hvorki verið á valdi Muggs né nokkurs annars skips að láta skútunni í té þá hjálp, sem Óðinn veitti, þar eð Óðinn hafi verið hjá skútunni með trausta dráttartaug tilbúna, en m/b Muggur hafi enga haft. Telja þeir samkvæmt þessu, að sú hjálp, sem Óðinn veitti, hafi verið björgun í skilningi siglingalaganna.

M/k Boðasteinur hafði þrjú segl: fokku, stórsegl og „mesan". Allt voru þetta þríhyrnur, en ekki gaffalsegl. Skipstjórinn á skútunni kvaðst halda, að unnt hefði verið að sigla henni inn á höfnina með seglum þessum, og það kvaðst hann mundu hafa reynt, ef hann hefði ekki séð til Muggs, skömmu eftir að skútan slitnaði aftan úr Carlton. Skipstjórinn á Carlton kvaðst mundu hafa dregið upp seglin í sporum skipstjórans á Boðasteinur, ef engan bát hefði borið að, og virtist þar með telja möguleika á fyrir skútuna að bjarga sér á seglum. Bendir þetta einnig til, að seglin hafi verið í nothæfu ástandi, þar eð skipstjórinn á Carlton hlaut að þekkja nokkuð til segla skútunnar. Boðasteinur var með tvö akkeri, og taldi skipstjórinn, að unnt hefði verið að afstýra því, að skútan bærist á land, með því að láta akkerin falla. Áleit hann, að Boðasteinur hefði aldrei verið staddur í neinni hættu, þótt hann hins vegar viðurkenndi, að skútan hefði verið komin fullnærri landi, er Mugg bar að. Aðrir skipverjar á Boðasteinur, er skýrslu gáfu, voru á sömu eða líkri skoðun og skipstjórinn.

Svo virðist sem Boðasteinur mundi hafa borizt upp á Grasatanga eða þar í grennd, ef hann hefði rekið á land í umrætt skipti, og er þá haft í huga, að útfall var, svo að nokkurs straums hefði gætt suður með ströndinni, sem hefði valdið því, að skútuna hefði ekki rekið alveg beint undan vindinum. Ströndin er þarna hættuleg, og svo er á öllu svæðinu frá hafnarmynninu að Urðavita, svokölluðum Urðum. Skiptast þar á hraunklappir, hrauntangar og smávik, full af brimsorfnu stórgrýti. Nokkur sker undir og upp úr sjó eru skammt undan landi. Tvisvar á síðustu áratugum hafa skip borizt þarna upp í ströndina, og brotnuðu þau og hurfu á örfáum mínútum. Út frá landi dýpkar ört, og er botninn ójafn og grýttur, þar sem honum hallar frá ströndinni. Er fjær dregur, verður botninn

sléttari. Eru þar móbergs- og hraunklappir með leir- og sandpollum hér og hvar. Má þar teljast sæmilegur haldbotn víðast hvar.

Af upplýsingum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, virðist mega ráða, að Boðasteinur hafi verið kominn mjög nærri landi, er Muggur kom að. Framburðir áhafna Muggs og Léttis benda allir í þá átt. Raunar verður að taka framburði þeirra með nokkurri varúð, vegna þess að örðugt var um nákvæmar staðarákvarðanir vegna myrkurs. Sérstaklega virðist þó ástæða til að leggja mikið upp úr framburði hafnsögumannsins, Jóns Í. Sigurðssonar, vegna náinnar staðþekkingar á því svæði, sem hér um ræðir, en honum sýndist Boðasteinur ískyggilega nálægt landi. Fleira hnígur í sömu átt. Eins og fyrr getur, var skútan stödd innan við Bjarnarey, er hún slitnaði aftan úr Carlton, og eftir það rak skútuna undan sjó og vindi í tæp 5 kortér í áttina til lands, áður en hjálp Muggs barst. Þá er og ljóst, að Mugg tók skamman tíma að sigla til skútunnar, og hefur því varla þurft að sækja á móti vindi, en hann var staddur þvert af Klettsnefi, er hann lagði af stað henni til hjálpar. Bendir þetta hvort tveggja til, að Boðasteinur hafi verið kominn allnærri landi. Þykir verða að ganga út frá, að svo hafi verið. Virðist því ljóst, þar sem vindur stóð á land, að tæplega hefði komið að haldi, úr því sem komið var, þótt skútan hefði dregið upp segl eða varpað akkerum, er auk þess virðast ekki hafa verið í reiðu, heldur mundi skútan allt að einu hafa borizt upp í Urðirnar undan vindinum. Telur rétturinn því, að bæði skútan Boðasteinur og áhöfn hennar hafi verið stödd í yfirvofandi hættu og ekki getað bjargað sér af sjálfsdáðum, er Mugg bar að, og hafi því hér verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna.

Nokkuð öðru máli gegnir, er Óðinn tók við drætti skútunnar. Skútan var þá stödd út af Lögmannssæti fyrir opnu Faxasundi, eins og fyrr getur. Var hún þá komin alllangt frá Urðunum, en nálgaðist hins vegar Faxasker og skerin þar í kring, sem verður að telja allhættuleg. Meðal annars skal þess getið, að í austanátt liggur straumur í Faxasundi að skerinu vegna frákasts frá berginu (Klettinum). Komið gat þá til mála að leggjast fyrir akkeri og bíða morguns. En sá kostur virðist ekki hafa verið fyrir hendi, þar eð akkerin voru ekki til taks (klár), svo að nokkur tími hlaut að líða, unz þeim yrði varpað fyrir borð og þau tækju við sér. Á meðan var hætt við, að skútan hefði borizt of nærri berginu eða skerinu. Aftur á móti var sá kostur fyrir hendi að bjarga sér á seglum, þótt seglaútbúnaður skútunnar væri ekki meiri en að framan er lýst. Sigling inn í höfnina þá um kvöldið kom raunar ekki til greina, þar sem það var ekki á færi nema vel kunnugra manna. Hitt átti ekki að vera neinum sérstökum vandkvæðum bundið að sigla undan veðrinu í gegnum Faxasund eða jafnvel austan við skerið og inn fyrir Eiði eða vestur fyrir Eyjar, leggjast þar fyrir akkeri og bíða birtu og betri veðurskilyrða. Þetta er þó því skilyrði bundið, að seglin hefðu verið dregin upp,

strax og skútan slitnaði aftan úr Mugg, þau verið nothæf og áhöfnin haft nokkra æfingu í meðferð þeirra og ekki verið með öllu ókunnug staðháttum. Nýlega var búið að fella seglin, og áttu þau því að vera tiltæk. Kunnugleiki á staðháttum mun hafa verið takmarkaður, og nokkur ástæða er til að ætla, að áhöfnin hafi ekki treyst seglum skútunnar, þar sem ekki var gripið til þeirra, er skútan slitnaði aftan úr Carlton, en í þess stað var skútan látin reka undan veðrinu upp að hættulegri strönd. Þrátt fyrir það, lítur rétturinn þó svo á, að öllu meiri líkur hafi verið til, að skútan hefði bjargað sér af eigin rammleik og neyðarástandinu þar af leiðandi lokið, þótt skútan hafi enn verið stödd í allmikilli hættu. Telur rétturinn því, að v/s Óðinn hafi leyst af hendi aðstoð í skilningi siglingalaganna.

Björgunar- og hjálparstarfið stóð yfir í 11 klukkustundir. Klukkan var 20.45, er Muggur lagði af stað til skútunnar, og klukkan var 22.25, er dráttartaugin slitnaði, og upp úr því sneri Muggur heim á leið. Tafir Muggs vegna björgunarinnar námu því um 1 klukkustund og 40 mínútum. Óðinn lagði af stað til hjálpar kl. 20.45 og lagðist að bryggju með Boðasteinur næsta morgun kl. 07.45. Starf hans stóð því yfir í réttar 11 klukkustundir. Stefndir hafa talið, að hjálpin hafi tekið lengri tíma en þörf var á, þar eð Óðinn hefði strax átt að sigla með Boðasteinur inn á höfnina í stað þess að draga hann norður fyrir Eiði. Rétturinn telur hins vegar, að öruggara hafi verið að fara með skútuna undir Eiði, þar sem varhugavert virðist hafa verið að draga hana inn á höfnina, er vindur stóð á opið hafnarmynnið, og innsiglingin þröng og ekki bein.

Muggur telur sig hafa orðið fyrir einhverju aflatjóni vegna tafa við eftirfarandi sjópróf. Hann fór í róður strax nóttina eftir björgunina, og áhöfnin mætti ekki til sjóprófs fyrr en viku síðar eða þriðjudaginn 27. marz 1951. Var skipið í landi þann dag. Engar upplýsingar liggja fyrir um afla hliðstæðra báta þann sólarhring, en gæftir munu hafa verið, og má því gera ráð fyrir, að Muggur hafi orðið fyrir einhverju aflatjóni. Þykir rétt að hafa það í huga, er björgunarlaunin eru ákveðin.

M/k Boðasteinur er að stærð 85.72 rúmlestir brúttó samkv. mælingarbréfi og var byggður 1880 og endurbyggður 1923. Dómkvaddir matsmenn virtu hann með farmi til peningaverðs hinn 22. marz sl. Var mat þeirra á þá leið, að skipið ásamt vél og tilheyrandi fylgifé væri 196.500,00 kr. virði, en farmur skipsins, salt, veiðarfæri og olía o. fl. 31.640,00 kr. virði. Heildarmat hins bjargaða nam því samtals kr. 228.140,00. Stefndir hafa talið mat þetta of hátt, að því er skipið varðar, og fært það til, að skipið væri orðið gamalt og vél þess gömul. Önnur rök gegn matinu hafa þeir ekki fært fram. Þar eð rök stefndu gegn matinu eru haldlaus, verður það lagt til grundvallar, eins og það er, enda ekki sjáanlegt, að neitt sé við það að athuga.

M/b Muggur er að stærð 35.07 rúmlestir brúttó og byggður 1935 og stækkaður 1943. Samkv. upplýsingum stefnenda er hann vá-

tryggður fyrir kr. 200.000,00. Varðskipið Óðinn er 72 rúmlestir brúttó með 425 ha. Petters-dísilvél. Samkv. upplýsingum stefnenda er hann vátryggður hjá Samábyrgðinni og endurtryggður í Englandi fyrir 30.000 £.

Eins og fyrr getur, kröfðust stefnendur þess í lok málsins, að þeim yrðu dæmdar sjálfstæðar kröfur á hendur stefndum fyrir störf sín. Stefndir hafa algerlega mótmælt þessu og krafizt þess, að ómakslaunin verði ákveðin í einu lagi. Þykir bera að taka þessi mótmæli til greina, þar sem stefndir virðast eiga heimtingu á, að málinu sé haldið á þeim grundvelli, sem lagður var í stefnu. Hins vegar mun rétturinn ákveða, hvernig hin tildæmda fjárhæð skuli skiptast milli stefnendanna, enda hafa stefndir samþykkt, að svo yrði gert.

Eins og þegar er fram tekið, tókst björgunin til fullnustu og var fljótt og greiðlega látin í té. Boðasteinur og áhöfn hans voru stödd í yfirvofandi hættu, er Muggur kom til, og sýndi áhöfn Muggs áræði og dugnað við björgunina. Muggur virðist hafa lagt sig í nokkra hættu, er hann sigldi fyrir innan skútuna til þess að ná í dráttartaugina. Bæði var skammt til lands og hann fór sjáanlega svo nærri skútunni, að allmikil hætta gat verið á árekstri, og eins hefði illa farið, ef eitthvað hefði komið fyrir vél, stýri eða skrúfu skipsins. Hins vegar tók starf hans skamman tíma og virðist ekki hafa haft neinn skaða eða kostnað í för með sér að því undanskildu, að hann hefur sennilega orðið fyrir einhverju aflatjóni. Starf Óðins var einnig fljótt og vel af hendi leyst og tók nokkurn tíma, en mun ekki hafa haft neinn skaða eða kostnað í för með sér og virðist ekki hafa verið neinum erfiðleikum bundið. Og er þáttur hans hófst, hafði bráðustu hættunni verið afstýrt. Samkvæmt þessu og með tilliti til verðmætis hins bjargaða þykja ómakslaunin hæfilega ákveðin kr. 45.000,00, er stefndum ber að greiða stefnendum ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Þá þykir rétt að ákveða, að stefndir greiði stefnendum kr. 5.500,00 í málskostnað, og er þar með talinn matskostnaður, kr. 2.000,00, en hins vegar ekki endurgjald fyrir bankatryggingu vegna væntanlegrar kyrrsetningar, kr. 500,00, sem stefnendur hafa fært á málskostnaðarreikning sinn. Sú krafa virðist ekki eiga rétt á sér.

Stefndir hafa mótmælt því, að sjóveðréttur verði viðurkenndur stefnendum til handa í m/k Boðasteinur fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum. Björgunarlaunum fylgir sjóveðréttur samkv. 236. gr. sigll., 1. mgr., og samkv. 4. mgr. þeirrar greinar virðist sjóveðréttur einnig fylgja ómakslaunum fyrir dráttaraðstoðinni, sem hér var leyst af hendi. Stefndir hafa ekki sýnt fram á, að stefnendur hafi fallið frá sjóveðréttinum, um leið og stefndir settu tryggingu fyrir kröfum þeirra, né að sjóveðrétturinn hafi fallið niður af öðrum ástæðum. Verður sjóveðréttur því viðurkenndur í m/k Boðasteinur fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Ofangreindar fjárhæðir skulu með tilvísan til þess, er að framan getur, skiptast þannig milli stefnenda, að ⅔ hlutar komi í hlut eigenda og áhafnar Muggs, en ⅓ hluti renni til eiganda og áhafnar v/s Óðins.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Theodór Johannessen, f. h. eigenda og útgerðar m/k Boðasteinur, FD. 493, greiði stefnendunum, Helga Benediktssyni vegna eigenda og áhafnar m/b Muggs, VE. 322, og Pálma Loftssyni vegna eiganda og áhafnar varðskipsins Óðins, kr. 45.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fjárhæðir þessar skiptast þannig milli stefnenda, að ⅔ hlutar renna til eigenda og áhafnar m/b Muggs, en ⅓ hluti til eiganda og áhafnar v/s Óðins.

Stefnendur hafa sjóveðrétt í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1954.

Nr. 135/1953. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Benedikt Kristjánssyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru fyrir húsaleiguokur.

Dómur Hæstaréttar.

Það hefur að vísu komið fram í máli þessu, að þegar ákærði átti tal við Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmann í maí 1951, mótmælti hann því ekki, að hann kynni að hafa tekið hærri húsaleigu af Theódór Jónssyni en lög heimiluðu. Hins vegar hefur ákærði fullyrt, að hann hafi þá ekki samþykkt réttmæti þeirrar fjárhæðar, er Ragnar taldi hann hafa tekið í húsaleigu, né fallizt á endurgreiðslu. Ragnar hefur sem vitni í málinu ekki talið sig geta fullyrt, hvort hann hafi í þetta sinn nefnt tilteknar mánaðargreiðslur, sem Theódór teldi sig hafa

greitt, eða aðeins eina heildarfjárhæð. Þar sem ekki er öruggt, að ákærði hafi verið búinn að gera sér ljósa grein fyrir málavöxtum, er samtal þetta fór fram, þykir varhugavert að telja, að hann hafi með framkomu sinni viðurkennt viðtöku þeirra leigugreiðslna, sem Theódór kveður sig hafa goldið. Eru ekki færðar sönnur á það í máli þessu, að hann hafi tekið við svo háum greiðslum.

Samkvæmt skýrslu ákærða galt Theódór honum samtals kr. 400,00 á mánuði fyrir húsnæði, rafmagn og hita. Er ekki leitt í ljós, að ákærði hafi með þessu áskilið sér né tekið hærra endurgjald fyrir húsnæðið en heimilt var að lögum. Ber því að sýkna hann af refsiákæru í máli þessu svo og af endurgreiðslukröfu Theódórs Jónssonar.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 850,00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu svo og af endurgreiðslukröfu Theódórs Jónssonar.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 850,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Einars Ásmundssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1953.

Ár 1953, föstudaginn 5. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1997/1953: Ákæruvaldið gegn Benedikt Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 17. febr. sl.

Í máli þessu er Benedikt Kristjánsson verkamaður, Barmahlíð 55 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa brotið gegn 12. gr. húsaleigulaga,

nr. 39/1943, sbr. 5. gr. laga nr. 56/1950, með því að taka of háa leigu af Theódór Jónssyni fyrir tvö herbergi og aðgang að þvottahúsi í kjallara hússins nr. 55 við Barmahlíð fyrir tímabilið 12. júlí 1950 til 28. apríl 1951. Er hann ákærður til refsingar skv. 17. gr. laga nr. 39/1943, sbr. 6. gr. laga nr. 56/1950, til endurgreiðslu á oftekinni húsaleigu skv. 13. gr. laga nr. 39/1943 og til málskostnaðargreiðslu.

Ákærður er fæddur 21. ágúst 1910 í Bolungarvík. Hann hefur ekki fyrr, svo að kunnugt sé, verið dæmdur fyrir lagabrot.

Ákærður er eigandi að kjallara hússins nr. 55 við Barmahlíð og býr þar. Á tímabilinu frá 12. júlí 1950 til 28. apríl 1951 leigði ákærður tvö herbergi af íbúðinni Theódór Jóni Jónssyni verkamanni og sambýliskonu hans, Ingibjörgu Brynjólfsdóttur. Heldur Theódór því fram, að þau hafi greitt í leigu fyrir húsnæðið samtals kr. 6.400,00, þ. e. 600 kr. fyrstu tvo mánuðina, síðan 650 kr. í einn mánuð og eftir það 700 kr. á mánuði. Samkvæmt mati húsaleigunefndar, gerðu 26. apríl 1951, er húsaleiga hæfilega ákveðin kr. 256,00 á mánuði fyrir umrætt húsnæði, og skal vísitölu ekki bætt við þá upphæð. Hefur Theódór því krafizt endurgreiðslu á þeirri upphæð, er ákærður reynist hafa oftekið skv. framansögðu.

Ákærður neitar kæruefninu, og kveðst hann ekki hafa tekið nema 400 kr. á mánuði í leigu af þeim Theódór, og þess sé og að gæta, að í þeirri upphæð hafi verið innifalin greiðsla fyrir ljós og hita. Að því athuguðu hafi alls ekki verið of mikið að taka 400 kr. í leigu hvern mánuð. Aldrei kveðst hann hafa gefið kvittanir fyrir leigugreiðslunum. Hann kveður leiguna hafa verið yfirleitt greidda reglulega fyrir fram. Ósamkomulag kveður hann hafa orðið mikið milli fjölskyldu sinnar og þeirra Ingibjargar og Theódórs, og muni Theódór hafa kært sig í hefndarskyni.

Ingibjörg Brynjólfsdóttir kveðst stundum hafa greitt leiguna til ákærðs, og hafi hún í þau skipti ævinlega greitt honum 700 kr., en það hafi verið eftir áramótin.

Vitnið Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur borið fyrir dómi, að hann hafi að beiðni Theódórs Jónssonar tekið að sér að innheimta hjá ákærðum oftekna húsaleigu, og hafi hann þá þegar skýrt sér svo frá, að hann hefði greitt ákærðum samtals 6.400 krónur. Í þessu væri og innifalinn rafmagnskostnaður, og kvaðst Theódór telja réttmætt, að hann greiddi þriðjung af sameiginlegum rafmagnskostnaði kjallarans. Kveðst Ragnar síðan hafa náð tali af ákærðum og kunngert honum kröfur Theódórs, og hafi ákærður alls ekki hreyft neinum mótmælum við upphæð greiðslunnar frá Theódór, en haft það hins vegar að athuga við kröfur hans, að taka yrði tillit til hitakostnaðar og að rétt væri, að Theódór greiddi helming rafmagnskostnaðarins. Fullyrðir Ragnar, að hann hafi berum orðum krafið ákærðan um endurgreiðslu á oftekinni leigu, og hafi ákærður alls engar mótbárur haft uppi nema þær, sem áður greinir. Kveðst Ragnar hafa litið svo á, að fullt samkomulag væri

fengið um, að ákærður endurgreiddi oftekna leigu, þegar búið væri að ganga frá skiptingu rafmagns- og hitakostnaðar. Kveðst hann hafa aflað sér umboðs hjá Theódór til að semja um þessi atriði, en er hann hafði náð tali af ákærðum síðar, hafi ákærður brugðizt mjög á annan veg við en hið fyrra skiptið og neitað nú allri endurgreiðslu.

Ákærður og Ragnar voru samprófaðir um það, hvað þeim hefði farið á milli í fyrra skiptið, sem þeir ræddust við um mál þetta. Hélt Ragnar fast við fyrri framburð sinn, er rakinn hefur verið, en ákærður gaf mjög óljós svör um það, hvaða svör hann hefði gefið Ragnari. Segir ákærður, að Ragnar hafi krafið hann um endurgreiðslu, og kveðst ákærður ekkert hafa gefið út á það, og ekki hafi hann samþykkt neina endurgreiðslu. Annars kveðst hann ekki muna, hvaða orð hann hafi viðhaft.

Þegar virt er sönnunargildi framburðar Theódórs og Ingibjargar og svo hitt, að sannað verður að telja, að hann hafi engin mótmæli viðhaft í fyrsta samtali sínu við Ragnar Jónsson gegn því, að hann hefði tekið við leigugreiðslum svo sem Theódór hefur haldið fram, þykir mega telja sannað, að ákærður hafi tekið við leigugreiðslum að upphæð kr. 6.400,00 frá þeim Theódór og Ingibjörgu á framangreindu tímabili.

Með því að upplýst er, að þau Theódór greiddu ekki sérstaklega fyrir ljós og hita, verður að finna út, hve miklu sanngjörn greiðsla fyrir það nemur, svo að sannreynd verði sú upphæð, sem ákærður hefur raunverulega oftekið.

1. *Hitakostnaður.* Sameiginleg kynding er fyrir allt húsið. Samkvæmt framburðum ákærðs og annarra eigenda hússins, Konráðs Ingimundarsonar og Guðmundar Ragnars Brynjólfssonar, er kostnaði af kyndingu skipt á þann veg, að ákærður greiðir 21% kostnaðarins, en fyrr á því tímabili, er hér um ræðir, greiddi hann 25%. Er ekki fyllilega upplýst, hvenær samið var um breytingu á hlutföllunum. Konráð telur það hafa verið nokkru fyrir áramót 1950—51, en þeir ákærður og Guðmundur Ragnar telja, að það hafi verið einhvern tíma um áramótin. Verður að leggja framburð ákærðs og Guðmundar til grundvallar, enda er það fremur í hag ákærðum, og telst ákærður skv. því hafa greitt 25% kyndingarkostnaðar til áramóta, en eftir það 21%.

Í húsinu er olíukynding. Olíu hafa húseigendur keypt hjá Olíuverzlun Íslands h/f, og skv. upplýsingum verzlunarinnar var á árinu 1950 eftir 12. júlí afgreidd til hússins olía 8 sinnum, að verðmæti samtals kr. 3.875,24, en á árinu 1951 fram til 28. apríl 8 sinnum, að verðmæti samtals kr. 4.391,90. Nær hinum raunverulega hitakostnaði verður ekki komizt. Hefur ákærður því á umræddu tímabili skv. framangreindu greitt 25% af kr. 3.875,24, þ. e. kr. 968,81, + 21% af kr. 4.391,90, þ. e. kr. 922,30, eða alls kr. 1.891,11.

Dómkvaddir voru tveir matsmenn til að meta, í hverju hlutfalli

skipta bæri hita- og rafmagnskostnaði milli þess hluta húseignar ákærðs, er Theódór og Ingibjörg bjuggu í, og hins, er ákærður sjálfur bjó í. Skiptu þeir kostnaði af kyndingu í hlutfalli við hitaflöt ofna, þannig að ákærður skyldi greiða 63% sameiginlegs hitakostnaðar, en Theódór 37%. Réttmæt greiðsla Theódórs og Ingibjargar fyrir hita er því 37% af kr. 1.891,11 eða kr. 699,71.

2. *Rafmagnskostnaður.* Á tímabilinu 7. júní 1950 til 5. maí 1951 greiddi ákærður kr. 1.373,86 í rafmagnskostnað, en fyrsti álestur eftir 7. júní var 25. júlí, þ. e. nokkru eftir að Theódór og Ingibjörg fluttust í íbúðina. Að mati hinna dómkvöddu matsmanna ber að skipta rafmagnskostnaði þannig, að ákærður greiði ⅔ hluta, en Theódór ⅓ hluta. Þykir skv. þessu mega ákveða sanngjarnan hluta Theódórs og Ingibjargar af rafmagnskostnaði kr. 450,00.

Skv. mati húsaleigunefndar var ákærðum heimilt að taka í leigu af Theódór og Ingibjörgu fyrir 9½ mánuð kr. 2.432,00. Upphæð sú, er ákærður hefur löglega tekið við, verður því kr. 3.581,71, sem fæst með því að leggja saman matsleigu, kr. 2.432,00, rafmagnskostnað, kr. 450,00, og hitakostnað, kr. 699,71.

Oftekin húsaleiga nemur að fengnum framangreindum niðurstöðum kr. 2.818,29.

Hefur ákærður með framangreindu atferli gerzt brotlegur við 12. gr. laga nr. 39/1943, sbr. 5. gr. laga nr. 56/1950, og unnið til refsingar skv. 17. gr. laga nr. 39/1943, sbr. 6. gr. laga nr. 56/1950. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún 8 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa hefur verið gerð um, að ákærður verði dæmdur til endurgreiðslu oftekinnar leigu, að upphæð kr. 3.618,00 ÷ hæfilegri greiðslu fyrir hitakostnað.

Skv. framangreindu ber að dæma ákærðan til að greiða Theódór Jóni Jónssyni og Ingibjörgu Brynjólfsdóttur kr. 2.818,29 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 850,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Ásmundssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærður, Benedikt Kristjánsson, greiði 1.000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 8 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði Theódór Jóni Jónssyni og Ingibjörgu Brynjólfsdóttur kr. 2.818,29 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 850,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Ásmundssonar hrl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1954.

Nr. 154/1951. **Jón M. Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Þóri Kristjánssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupkrafa bifreiðarstjóra. Gagnkröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1951. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn og vitni verið leidd.

Í máli þessu krefst stefndi kaupgjalds fyrir bifreiðarstjórn í þágu áfrýjanda í nóvembermánuði 1948. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að málsaðiljar hafi samið svo, að nefnt kaup stefnda skyldi greiða með skuldajöfnuði. Skuldajafnaðarkröfur þær, sem áfrýjandi hefur uppi í málinu, að undantekinni 50 króna kröfu þeirri, sem dregin er frá í héraðsdómi og stefndi hefur sætt sig við, koma því ekki til álita í máli þessu, sbr. lög nr. 15/1931 og 1. gr. laga nr. 28/1930, og ber að vísa þeim frá héraðsdómi. Hins vegar verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda hið vangoldna kaup hans að frádregnum nefndum kr. 50,00, og ber að því leyti að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Framangreindum gagnkröfum vísast frá héraðsdómi.
Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón M. Jónsson, greiði stefnda, Þóri Kristjánssyni, kr. 1.500,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 10. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur stefnandi, Þórir Kristjánsson, Strandgötu 13, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. marz sl., á hendur Jóni M. Jónssyni, bónda í Litla-Dunhaga, Arnarneshreppi, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 1.500,00, auk 6% ársvaxta frá 1. des. 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur fallizt á, að mál þetta verði rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar og gengið sé fram hjá sáttanefnd og mætt sé án stefnubirtingar.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Er málið var tekið fyrir í bæjarþingi 3. þ. m., mætti enginn af hálfu stefnds, og krafðist þá umboðsmaður stefnanda, að málið væri tekið til dóms.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum, að hann hafi yfir nóvembermánuð 1948 ekið mjólkurflutningabifreið hjá stefndum, og nemi kaup hans fyrir þetta starf kr. 1.500,00, sem allt sé ógreitt þrátt fyrir margar innheimtutilraunir, sem allar hafi strandað á fjárskorti stefnds.

Stefndur hefur viðurkennt, að stefnandi hafi í nóvember 1948 ekið hjá sér mjólkurflutningabifreið í tæpan mánuð. Hafi þá verið munnlega svo um samið á milli þeirra, að stefnandi skyldi vinna af sér skuldir, sem hann var í við stefndan og námu kr. 1.897,00. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Stefndur gerir þannig grein fyrir skuld þessari:

Stefnandi hafi fengið að hálfu á móti Hauki, syni sínum, lánaða 10 manna bifreið austur að Jökulsárbrú. Hluti hans af því nam kr. 400,00. Þá hafi hann ásamt syni sínum fengið bifreið lánaða hjá sér 8 sinnum í Vaglaskóg, og nam hluti hans þar kr. 400,00. Þá hafi hann fengið lánaða hjá sér bifreið út á Árskógsströnd, sem kostaði kr. 100,00.

Einnig hafi hann alloft fengið lánaða hjá sér bifreið inn á Akureyri að kvöldi til og um helgar, og sé það vægilega áætlað kr. 200,00.

Þá hafi hann fengið hjá sér ofn í bifreið, sem kostaði kr. 50,00, slátur fyrir kr. 100,00, auk þess hafi hann haft fæði hjá sér að hálfu, sem sé vægilega reiknað á kr. 250,00.

Enn fremur hafi hann fengið hjá Jóni, syni sínum, frakka, sem seldur hafi verið á kr. 300,00, og Hauki, syni sínum, kr. 97,00 fyrir

sjóstakk. Samanlagt geri þetta kr. 1.897,00, og sé því skuld sín við stefnanda að fullu greidd.

Stefnandi hefur mótmælt því að skulda stefndum neitt nema umræddan ofn, enda hafi stefndur sér vitanlega ekki haldið því fram fyrr en nú í máli þessu.

Stefnandi heldur því fram, að í stefnukröfunni sé fólgin krafa um frítt fæði og húsnæði og stefnukröfunni sé í hóf stillt þrátt fyrir þetta. Hann kveðst aðeins hafa borðað kvöldmat í Litla-Dunhaga, en oftast drukkið morgunkaffi annars staðar. Annarra máltíða kveðst hann hafa neytt heima hjá sér á Akureyri. Varðandi bílferð að Jökulsárbrú heldur hann því fram, að sonur stefnds hafi boðið sér þangað ótilkvaddur án þess að setja upp endurgjald.

Þá heldur stefnandi því fram, að í Vaglaskóg hafi hann farið 4 eða 5 ferðir, en ekki 8, eins og stefndur telur. Sonur stefnds hafi einnig boðið sér þangað án þess að setja upp endurgjald.

Stefnandi heldur því enn fremur fram, að sami sonur stefnds hafi beðið sig að sækja sig út á Árskógsströnd, en þar var þá dansleikur. Hann hafi því farið þessa ferð vegna beiðni sonar stefnds, en ekki sín vegna.

Um bílferðir til Akureyrar segir stefnandi, að hann hafi fengið tvisvar eða þrisvar leyfi stefnds til að fara í bifreið hans til Akureyrar, og kveðst hann hafa beðið um bifreiðina endurgjaldslaust, enda hafi ekki verið minnzt á neitt gjald af hálfu stefnds fyrir þetta.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa keypt gluggaofn af stefndum og að andvirðið sé ógreitt. Þá neitar stefnandi því að hafa fengið nokkurt slátur hjá stefndum.

Stefnandi kveðst hafa keypt frakka og sjóstakk af sonum stefnds og greitt báðum andvirðið, enda séu þau viðskipti þessu máli óviðkomandi.

Svo sem atvikum hefur nú verið lýst, verður ekki séð af skjölum málsins, að stefndum hafi tekizt að færa sönnur á, að hann eigi lögmætar kröfur á stefnanda, sem til skuldajafnaðar geti komið í máli þessu, að undanskildum þeim kr. 50,00, sem stefnandi hefur viðurkennt, enda er óupplýst, að stefndur hafi, áður en til þessarar málssóknar kom, hreyft neinum skuldakröfum á hendur honum.

Verður af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að kr. 50,00 komi til frádráttar stefnukröfunni.

Samkvæmt þessu þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 500,00.

Dómsorð:

Stefndur, Jón M. Jónsson, greiði stefnanda, Þóri Kristjánssyni, kr. 1.450,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. marz 1951 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

Miðvikudaginn 17. marz 1954.

Nr. 52/1953. **Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Byggingarsamvinnufélaginu Garði
(Svavar Guðmundsson, formaður félagsins)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verksamningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1953. Krefjast þeir þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 3.629,69 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1948 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða kr. 15.683,00 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Telja verður, að gagnáfrýjandi hafi einnig áfrýjað máli þessu til breytingar á úrlausn héraðsdóms um kröfur aðaláfrýjenda í aðalsök í héraði.

1. Aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjanda um kr. 2.404,60, sem þeir telja vangoldin umsjónarlaun samkvæmt 4. gr. verðskrár Byggingarmeistarafélags Akureyrar, og er þá miðað við stærð húsa þeirra, er aðaláfrýjendur byggðu fyrir gagnáfrýjanda, eins og hún varð, eftir að rishæðir húsanna höfðu verið stækkaðar. Auk þess krefjast aðaláfrýjendur kr. 805,09 fyrir umsjón með innismíði í rishæðum húsanna, sem hafi ekki verið gert ráð fyrir, er verksamningur málaðilja var gerður.

Um áramótin 1947—1948 sendu aðaláfrýjendur gagnáfrýjanda reikning fyrir „meistaralaun við hús félagsins við Grænugötu, Akureyri, fimmta greiðsla samkvæmt samningi

1. júní 1946, 10% af kr. 19.230,00, kr. 1.923,00", — en samkvæmt nefndum samningi skyldi fimmta greiðsla vera lokagreiðsla. Framangreindar auknar kröfur um umsjónarlaun höfðu aðaláfrýjendur uppi, löngu eftir að þeir vissu um fyrrnefnda stækkun á rishæðum húsanna og mörgum mánuðum eftir að þeir höfðu lokið störfum við húsin. Að svo vöxnu máli þykja aðaláfrýjendur ekki geta krafið gagnáfrýjanda í máli þessu um hærri umsjónarlaun en greinir í nefndum reikningi þeirra. Viðurkennt er, að fjárhæð þessi, kr. 1.923,00, er ógreidd, og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

2. Aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjanda um kr. 320,00 fyrir teikningu að rishæð húsanna og kr. 100,00 fyrir uppdrátt að eldhúsbúnaði. Ósannað er, að aðaláfrýjendur hafi haft kröfur þessar uppi fyrr en í máli þessu, og verður þeim því ekki sinnt.

II. 1. Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjendur um skaðabætur vegna ætlaðra vanefnda á að útvega starfsmenn við nefnda byggingu, kr. 971,10, á að ljúka byggingunni, kr. 711,90, vegna breytinga á gerð stiga í húsunum, kr. 12.000,00, svo og vegna þakleka. Viðurkennt er, að kröfur þessar hafa ekki verið hafðar uppi fyrr en í máli þessu, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðaláfrýjendur af þeim.

2. Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjendur um skaðabætur vegna galla á hurðum. Aðaláfrýjandi Guðmundur Tómasson og stjórnendur gagnáfrýjanda áttu viðræður í aprílmánuði 1947 um þá galla á hurðum, sem þá voru komnir í ljós, en frekari gallar virðast hafa komið fram og ágerzt síðar smátt og smátt. Þykir því réttur gagnáfrýjanda til skaðabóta af þessum sökum ekki vera niður fallinn vegna tómlætis um kröfugerð. Að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að dæma aðaláfrýjanda Guðmund Tómasson til að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur vegna þessara galla, kr. 2.000,00, ásamt vöxtum eins og greinir í héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri kostnað sinn af máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Byggingarsamvinnufélagið Garður, greiði aðaláfrýjendum, Guðmundi Tómassyni og Gaston Ásmundssyni, kr. 1.923,00 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1948 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi Guðmundur Tómasson greiði gagnáfrýjanda kr. 2.000,00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1948 til greiðsludags.

Hver aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. janúar 1953.

Mál þetta hafa aðalstefnendur, þeir Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson, byggingarmeistarar á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. maí 1948, á hendur stjórn Byggingarfélagsins Garðs, Akureyri, fyrir félagsins hönd, en stjórn þess skipuðu þá þeir Svavar Guðmundsson bankastjóri, formaður, Karl Friðriksson vegaeftirlitsmaður, Sigurður M. Helgason fulltrúi, Halldór Halldórsson menntaskólakennari og Jóhannes Jónsson verzlunarmaður, allir á Akureyri. Upphaflega var málið tekið til dóms hinn 8. nóv. 1948, en endurupptekið til frekari gagnasöfnunar að tilhlutun dómarans 16. s. m. Síðan var það aftur tekið til dóms hinn 8. nóv. 1949 og dómur kveðinn upp 15. s. m. Með hæstaréttardómi hinn 19. des. 1951 var dómur þessi ómerktur og málsmeðferð frá 8. nóv. 1948 og vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, sökum þess að ekki höfðu verið kvaddir til sérkunnáttumenn um húsagerð til þess að dæma málið með héraðsdómaranum. Samkvæmt því var málið tekið upp af nýju hinn 12. marz sl. og að lokinni nýrri gagnasöfnun og málflutningi tekið til dóms hinn 16. þ. m.

Stefnendur í aðalsök gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.629,69 auk vaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og kr. 700,00 í málskostnað. Stefndi í aðalsök mótmælir öllum kröfum stefnenda að undanskildum kr. 1.923,00, sem hann viðurkennir, en krefst þess, að sú upphæð komi til skuldajafnaðar gagnkröfu, er um ræðir í gagnsök. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnenda í aðalsök eftir mati dómsins.

Með gagnstefnu, út gefinni 15. sept. 1948, hefur stefndi í aðalsök höfðað gagnsök á hendur stefnendum og gert þær dómkröfur, að þeir verði dæmdir sameiginlega til að greiða kr. 15.232,58 auk vaxta

frá útgáfudegi gagnstefnu og málskostnaðar, með eða án skuldajafnaðar við kröfur stefnenda í aðalsök. Með framhaldsstefnu, út gefinni 15. maí sl., hefur stefnandi í gagnsök hækkað kröfur sínar í gagnsökinni um kr. 450,42 í kr. 15.683,00 auk vaxta og málskostnaðar.

Gagnstefndu mótmæla kröfum gagnstefnanda og krefjast þess, að ekkert tillit verði tekið til þeirra.

Aðalsök. Stefnendur gera þannig grein fyrir kröfum sínum í aðalsök: Með verksamningi, dags. 1. júní 1946, tóku þeir að sér að byggja tvö íbúðarhús við Grænugötu hér í bæ fyrir stefnda. Fyrir umsjón með byggingunum áttu þeir að fá greidd meistaralaun kr. 19.710,60 samkvæmt 4. gr. verðskrár Byggingarmeistarafélags Akureyrar. Af upphæð þessari telja stefnendur vangoldnar kr. 2.404,60. Auk þess krefjast þeir þess að fá greiddar kr. 805,09 vegna umsjónar með innréttingu á rishæðum húsanna, en ekki var við samningsgerð gert ráð fyrir þeirri innréttingu. Fyrir teikningu að innréttingu rishæðanna krefjast þeir að fá greiddar kr. 320,00, og fyrir uppdrátt að eldhússinnréttingum krefjast þeir að fá greiddar kr. 100,00. Samtals nemur þetta kr. 3.629,69, eins og í stefnu greinir.

Stefnendur telja rúmmál beggja húsanna vera samtals 3.458 teningsmetra, og er það ekki vefengt. Samkvæmt 4. gr. ofannefndrar verðskrár bar stefnendum að fá greiddar kr. 3,00 fyrir hvern rúmmetra að viðbættri vísitöluuppbót miðað við vísitölu, er samningur var gerður, en hún var þá 285. Frá grunnupphæðinni skyldu þó dragast 50 aurar fyrir bókhald og útborgun og 50 aurar fyrir útvegun á efni, en stefndi annaðist þessi verk. Þóknun stefnenda skyldi því vera kr. 2,00 margfaldaðar með vísitölunni, þ. e. kr. 5,70 fyrir hvern rúmmetra, eða samtals kr. 19.710,60 fyrir 3.458 rúmmetra. Teikning sú, er lögð var til grundvallar við samningsgerð, sýndi óinnréttaða rishæð. Síðan var þessu breytt og meðstefnanda Guðmundi Tómassyni falið að gera teikningu að innréttingu rishæðar. Risið var einnig hækkað frá því, sem upphaflega var ætlað, og fjórir kvistir settir á hvora hlið hússanna. Í rishæðum hússanna voru innréttuð samtals 12 herbergi og 4 snyrtiklefar. Risið ásamt kvistum telja stefnendur vera að rúmmáli 281,6 rúmmetra í hvoru húsi eða samtals 563,2 rúmmetra. Segja stefnendur, að ekki sé víst, að þeir hefðu samið við stefnda um byggingu hússanna á þann hátt, sem gert var, ef fyrir hefði legið þá að innrétta rishæðirnar. Telja þeir sig eiga rétt á ¼ hluta af kr. 5,70 pr. rúmmetra, þ. e. kr. 1,43, í þóknun fyrir að sjá um innréttingu þessa, eða alls kr. 805,09. Þóknun fyrir teikningu rishæðarinnar kveða stefnendur byggða á 6. og 7. gr. verðskrár byggingarmeistarafélagsins.

Stefndi í aðalsök gerir þannig grein fyrir mótmælum sínum: Hann telur, að umsamin þóknun til stefnenda fyrir eftirlit með byggingunum hafi verið kr. 19.230,00, en ekki kr. 19.710,60. Reikningar stefnenda hafi allir verið miðaðir við fyrrgreinda upphæð, og síðasti

reikningur, sem stefnendur gáfu út 31. des. 1947, hafi aðeins numið kr. 1.923,00, þ. e. 1/10 hluta af umsaminni þóknun, en hinir 9/10 hafi þá verið greiddir, samtals kr. 17.307,00. Stefndi viðurkennir, að stefnendur hefðu átt rétt á að krefjast upphæðarinnar, kr. 1.923,00, ef þeir hefðu uppfyllt verksamninginn að sínum hluta, en svo hafi ekki verið, og hafi hann því synjað um greiðslu upphæðarinnar, þar til kröfur hans á hendur stefnendum vegna vanefnda væru á enda kljáðar, en fyrir þeim er grein gerð í gagnsök. Kröfu um sérstaka þóknun fyrir umsjón með innréttingu þakhæðanna mótmælir stefndi eindregið. Hann telur, að ekki hafi verið gerð krafa um þóknun þessa fyrr en í stefnu máls þessa, og komi hún því algerlega á óvart. Hins vegar viðurkennir hann, að ris húsanna hafi verið hækkað nokkuð frá því, sem fyrst var ákveðið, og hafi rúmmál þeirra aukizt við það um 84 rúmmetra. Þá telur hann, að innrétting rishæðanna eða fyrirkomulag hennar hafi verið ákveðið af Guðjóni Samúelssyni húsameistara og Karli Friðrikssyni og meðstefnandi Guðmundur Tómasson hafi ekki verið beðinn að teikna hana, og jafnvel þótt Karl Friðriksson hafi beðið hann þess, geti þóknun fyrir það vart farið fram úr kr. 50,00. Um eldhússinnréttingarnar segir hann, að þær hafi verið keyptar af Guðmundi Tómassyni, enda smíðaðar í verkstæði hans, og er reikningi fyrir teikningu af þeim eindregið mótmælt.

Eins og fyrr var greint, varð rúmmál húsanna að lokum 3.458 rúmmetrar. Samkvæmt verksamningnum eiga meistaralaun stefnenda því að vera kr. 19.710,60, en hann ber að sjálfsögðu að leggja til grundvallar við ákvörðun þeirra, og skiptir ekki máli í því sambandi, þótt rúmmál húsanna væri ákveðið minna í upphafi og reikningar væru gefnir út samkvæmt því. Af þessari upphæð eru þegar greiddar kr. 17.307,00 og því vangoldnar kr. 2.403,60, sem stefnda ber að greiða.

Þegar ákveðið var að innrétta rishæðir húsanna, var tilefni til þess fyrir stefnendur að gera kröfu um hækkun meistaralauna, ef það var ætlun þeirra, að svo skyldi gert, umfram þær kr. 5,70 pr. rúmmetra, sem leiddi af stækkun þeirri, sem jafnframt var ákveðin. Þar sem þeir létu þetta undir höfuð leggjast, var stefnda rétt að líta svo á, að ekki yrði krafizt aukaþóknunar fyrir þetta, og ekki er sannað, að krafa þessi hafi komið fram fyrr en í stefnu máls þessa. Þykir eftir atvikum ekki unnt að taka kröfu þessa til greina.

Upplýst er, að Karl Friðriksson bað meðstefnanda Guðmund Tómasson að gera teikningu að rishæðum húsanna, eftir að ákveðið hafði verið að innrétta þær. Ekki þykir sýnt fram á, að 320 króna þóknun fyrir verk þetta sé ósanngjarnlega há, og verður krafa þessi því tekin til greina.

Meðstefnandi Guðmundur Tómasson seldi stefnda fyrrgreindar eldhússinnréttingar. Stefnda var rétt að líta svo á, að verð þeirra væri ekki hærra en reikningar fyrir þær sýndu og þóknun hans fyrir

teikningu væri innifalin í verðinu. Þykir því krafa stefnenda um 100 króna þóknun fyrir þetta ekki á rökum byggð.

Niðurstaða í aðalsök verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnendum kr. 2.723,60 auk 6% ársvaxta frá 27. maí 1948 til greiðsludags. Um málskostnað verður síðar greint.

Gagnsök. Í gagnsök gerir gagnstefnandi þannig grein fyrir kröfum sínum: Er byrjað var á byggingum, kom í ljós, að verktaka skorti mjög smiði og æfða byggingarverkamenn, en þeim bar samkvæmt verksamningnum að annast útvegun þeirra. Steypuvinna og múrverk gekk þó að öllu leyti að óskum. Vinna við byggingarnar hófst vorið 1946. Þegar komið var fram í miðjan desember, unnu aðeins tveir vanir smiðir, einn gervismiður og fjórir verkamenn við byggingarnar. Þótti stjórn gagnstefnanda þá í svo óvænt efni komið, að hún fól Karli Friðrikssyni að reyna að útvega menn. Tókst honum að útvega nokkra vana smiði eftir áramótin, þ. á m. Þorvald nokkurn Guðjónsson brúarsmið. Tók Þorvaldur að sér að sjá um smíðavinnu í öðru húsinu, og kveðst gagnstefnandi hafa neyðzt til að greiða honum meistarakaup. Hann vann við byggingarnar fram í maímánuð, og nam kaupgreiðsla til hans umfram venjulegt smíðakaup kr. 971,10.

Þennan kostnaðarauka, telur gagnstefnandi, að gagnstefndu beri að greiða, enda stafi hann beinlínis af því, að gagnstefndu hafi vanefnt verksamninginn um útvegun byggingarmanna. Auk Þorvalds og fjögurra manna, er honum fylgdu, útvegaði Karl einn smið og tvo verkamenn. Þegar Þorvaldur og menn hans hættu störfum við húsið, sótti fljótt í sama horfið, og síðustu vikuna kveður gagnstefnandi aðeins tvo menn hafa unnið fulla vinnuviku.

Þök húsanna voru ekki járnklædd strax, heldur aðeins pappalögð, sökum þess að ekki var þá unnt að útvega járn í svipinn. Kom fram verulegur þakleki á húsunum, og urðu nokkrar skemmdir á þakhæðunum af þessum sökum. Þá kveður gagnstefnandi, að hurðir, sem gagnstefndi Guðmundur Tómasson smíðaði í verkstæði sínu og seldi gagnstefnanda, hafi reynzt mjög gallaðar, og taka varð margar þeirra upp af nýju, þar sem þær gisnuðu og undust svo, að ekki varð við unað. Nokkrar hurðanna lét gagnstefndi að vísu laga, en ekki allar. Fyrir tjón af þessum sökum, af þaklekanum og galla á hurðum, krefst gagnstefnandi 2.000,00 króna bóta.

Þá heldur gagnstefnandi því fram, að við byggingu stigahúsa hafi gagnstefndu ekki farið eftir teikningu, sem byggt var eftir, heldur hafi stigahúsin verið gerð þrengri en vera átti, og valdi það óþægindum og erfiðleikum við að koma stórum munum upp eða niður stigana, og slíkt sé jafnvel ómögulegt. Fyrir óhagræði, sem af þessu hlýzt, krefst hann bóta úr hendi gagnstefndu, kr. 3.000,00 fyrir hverja íbúð á efri hæð eða samtals kr. 12.000,00.

Nokkur dráttur varð af hendi gagnstefnanda á útvegun járns á þök húsanna. Þegar það hafði tekizt, sneri formaður stjórnar gagnstefnanda, Svavar Guðmundsson, sér til gagnstefnda Guðmundar Tómas-

sonar og fór þess á leit, að hann járnklæddi þökin, svo sem honum bar samkvæmt verksamningnum. Kveður gagnstefnandi, að hann hafi þá svarað því, að hann gæti þetta ekki um sinn, þar sem hann hefði þá tekið að sér önnur verk. Komið var fram á haust, og taldi gagnstefnandi bráðra aðgerða þörf vegna þaklekans. Fékk hann þá aðra smiði til þess að annast verk þetta, og varð gagnstefnandi að greiða aukaþóknun fyrir verkið umfram venjulegt kaup smiðanna. Nam þóknun þessi kr. 261,48 og kr. 450,42 (sbr. framhaldsstefnu) eða samtals kr. 711,90. Telur hann, að gagnstefndu beri að draga upphæð þessa frá meistaralaunum sínum eða greiða samsvarandi bætur fyrir að hafa látið hjá líða að ljúka verkinu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök nema þannig kr. 15.683,00, og er það í samræmi við gagnstefnu og framhaldsgagnstefnu.

Gagnstefndu gera þannig grein fyrir mótmælum sínum í gagnsök: Þeir benda á, að ekki hafi verið samningi bundið, á hve skömmum tíma húsin skyldu byggð. Þeir halda því fram, að Karl Friðriksson, einn af stjórnendum gagnstefnanda, hafi sótt fast að koma Þorvaldi Guðjónssyni og nokkrum verkamönnum að byggingarvinnu við húsin, en þeir hafi unnið hjá honum í vegavinnu um sumarið og enginn hörgull hafi verið á faglærðum mönnum um þetta leyti. Þorvaldur hafi haft verkstjórn á hendi yfir mönnum þeim, er honum fylgdu, en Guðmundur Tómasson yfirstjórn verksins. Gagnstefndu kannast ekki við, að fundið hafi verið að því, að of fáir smiðir og verkamenn ynnu við húsin, fyrr en um vorið 1947, er Þorvaldur og menn hans voru farnir. Kaup Þorvalds og hans manna kveða stefnendur sér óviðkomandi, enda hafi þeir ekki átt hlut að því að ákveða það.

Gagnstefndu viðurkenna, að þökin hafi lekið, þó ekki svo mikið, að tjón yrði að. Þeir telja, að pappinn hafi verið óeðlilega stökkur og gagnstefnandi hafi ekki sinnt ítrekuðum tilmælum um að leggja til bik á hann. Þeir telja og, að nýjar hurðir hafi verið settar í stað þeirra, sem gallaðar reyndust, og ekki hafi verið unnt að útvega betra hurðarefni á þessum tíma, en mótmæla bótakröfu vegna galla á hurðum að öðru leyti með því, að þeir séu ekki réttir aðiljar að þeirri kröfu. Hurðirnar hafi verið smíðaðar í verkstæði Guðmundar Tómassonar og Eyþórs Tómassonar og keyptar af því verkstæði.

Að því er gerð stiga og stigahúsa snertir, heldur gagnstefndi Guðmundur Tómasson því fram, að hann hafi farið þess á leit við Karl Friðriksson, að stigunum yrði gerbreytt, sökum þess hve þeir yrðu annars þröngir. Karl hafi hins vegar ekki tekið það í mál, og hafi stigar síðan verið byggðir í samráði við hann. Er bótakröfu af þessum sökum algerlega mótmælt.

Kröfu gagnstefnanda um bætur fyrir tjón, sökum þess að aðrir smiðir voru fengnir til að setja járn á þökin, er einnig mótmælt. Gagnstefndi Guðmundur Tómasson kveðst ekki hafa skorazt undan að vinna verkið, enda þótt hann hefði ekki tök á því, þegar er um

það var beðið. Kveðst hann hafa tjáð formanni stjórnar gagnstefnanda, að hann skyldi gera þetta, þegar hann hefði lokið verki því, er hann þá vann að. Er hann nokkru síðar ætlaði að hefja verkið, voru aðrir menn byrjaðir á því.

Að því er varðar ráðningu starfsmanna við byggingarnar, verður þetta annars ráðið af gögnum málsins: Gagnstefndu bar skylda til að annast útvegun á mönnum. Viðurkennt er, að Karl Friðriksson réð fyrrnefndan Þorvald Guðjónsson með nokkrum mönnum, sem unnu við byggingarnar frá jan. 1947 til maí s. á. Snemma sumars 1946 réð sami Karl Friðriksson tvo menn og hinn þriðja síðsumars sama ár. Gagnstefndu mótmæla því hins vegar, að hörgull hafi verið á vinnukrafti um þetta leyti, og ekki hafi verið að því fundið fyrr en sumarið 1947, eftir að Þorvaldur og menn hans voru farnir, að of fáir menn ynnu við byggingarnar. Þorvald og menn hans kveða þeir hafa fengið vinnu þarna eftir eindregnum tilmælum Karls Friðrikssonar. Þegar á allt þetta er litið, þykir ekki nægilega sannað, að vanefndir gagnstefndu að þessu leyti hafi verið svo verulegar, að bótaskylt sé.

Um bætur fyrir tjón af þakleka og galla á hurðum verður þetta sagt: Ekki hefur verið sýnt fram á, hverjar skemmdir hafi hlotizt af þakleka né að hann hafi stafað af handvömm gagnstefndu eða starfsmanna þeirra. Verða því ekki dæmdar bætur í þessu efni. Hurðirnar hafa verið skoðaðar af dómkvöddum matsmönnum, og dómendur í máli þessu hafa einnig skoðað þær. Matsmenn meta tjón vegna galla á hurðunum kr. 3.550,00. Upplýst er með framlögðum reikningum, að gagnstefndi Guðmundur Tómasson seldi gagnstefnanda hurðirnar af verkstæði sínu. Þykir gagnstefndi Gaston Ásmundsson því ekki eiga að bera ábyrgð á göllum þeim. Framangreindu mati hefur ekki verið hnekkt, enda eru hurðirnar óvenjulega mikið gallaðar að áliti dómenda. Telst því bótakrafa kr. 2.000,00 samkvæmt þessum kröfulið á fullum rökum byggð, enda verður að álíta, að gagnstefnda Guðmundi hefði átt að vera ljóst, að hurðarefnið var ekki nægilega þurrt. Verður gagnstefndi Guðmundur einn saman dæmdur til að greiða upphæð þessa.

Dómendur hafa vandlega skoðað stiga þá, sem um ræðir í máli þessu, og teikningar þær, sem fyrir liggja. Samkvæmt aðalteikningu húsanna skyldu stigar upp á 2. hæð vera þannig byggðir, að þeir áttu að vera tviskiptir með palli. Neðri stiginn í vestara stigahúsi, en stigahúsin eru tvö í hvoru húsi, er teiknaður með kjálka, en undir efri stiganum er sýndur steyptur veggur. Í austari stigahúsunum eru hins vegar teiknaðir kjálkar á báðum hlutum stigans, en væntanlega hefur sá, sem teiknaði, þó ætlazt til, að þessir stigar yrðu eins byggðir og hinir. Járnateikning er hins vegar þannig, að gert er ráð fyrir veggjum undir báðum hlutum stiganna. Stigarnir voru aftur á móti byggðir þannig, að einn steyptur veggur skiptir stigahúsunum í tvo nokkurn veginn jafna hluta. Að áliti hinna sérfróðu manna

í dóminum hefur breyting sú, sem gerð var á stigunum, verið til bóta með tilliti til stigarýmis, eins og það er áætlað í járnateikningunni. Hins vegar þrengir fyrirkomulag það, sem haft var á gerð stiganna, forstofu og neðri stiga um 17 sm frá því, sem áætlað er á aðalteikningu. Á aðalteikningu var gert ráð fyrir forstofu og neðri stiga svo þröngum, að ekki var á bætandi. Hins vegar voru stærðir þessar samkvæmt teikningunni heimilar samkvæmt þágildandi byggingarsamþykkt. Breytingin, sem gerð var frá aðalteikningu, gerir stigana óhentugri að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum og rýrir dálítið verðmæti húsanna. Gagnstefndu bar skylda til að vekja athygli gagnstefnanda á ósamræmi í járnateikningu og aðalteikningu, en ósannað er, að hann hafi gert svo. Ekki hafa heldur verið færðar sönnur á, að Karl Friðriksson hafi vitað um breytinguna fyrr en eftir á, enda er hann ekki faglærður í byggingariðnaði. Þykja því gagnstefndu eiga að bæta tjón af þessum sökum, sem þykir hæfilega metið á kr. 1.000,00 fyrir hverja íbúð efri hæða eða samtals kr. 4.000,00.

Um síðasta kröfulið gagnstefnanda er þetta að segja: Nokkur dráttur varð á því, að gagnstefnandi útvegaði þakjárnið. Höfðu gagnstefndu því tekið að sér önnur verk með menn sína, meðan á því stóð. Þegar formaður stjórnar gagnstefnanda óskaði eftir, að þökin yrðu járnklædd, tjáði gagnstefndi Guðmundur honum að vísu ekki, hvenær hann gæti gert það, eða kveðst ekki muna, hvort hann hafi sagt honum það. Gagnstefnandi segir hins vegar, að gagnstefndi Guðmundur hafi tjáð sig ekki geta unnið verkið fyrst um sinn. Telja verður, að gagnstefndi hafi átt rétt á nokkru ráðrúmi, áður en hann hóf verkið, sökum þess að dráttur hafði orðið á útvegun járnsins. Þar sem gagnstefnandi hins vegar setti honum ekki frest í þessu efni, heldur hóf þegar útvegun annarra manna til þess að vinna verkið án þess að tjá gagnstefnda þar um, þykir ekki unnt að taka til greina kröfu gagnstefnanda að þessu leyti.

Niðurstaða gagnsakar verður samkvæmt þessu, að gagnstefndu verða dæmdir til að greiða kr. 4.000,00 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi gagnstefnu og gagnstefndi Guðmundur Tómasson auk þess dæmdur til að greiða kr. 2.000,00 auk sömu ársvaxta frá sama degi.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök þykir mega falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Ásgeir Valdimarsson verkfræðingur og Jónas Snæbjörnsson byggingarmeistari.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarsamvinnufélagið Garður, aðalstefnendum, Guðmundi Tómassyni og Gaston Ásmundssyni, kr. 2.723,60 auk 6% ársvaxta frá 27. maí 1948 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndu, Guðmundur Tómasson og

Gaston Ásmundsson, gagnstefnanda, Byggingarsamvinnufélaginu Garði, kr. 4.000,00 auk 6% ársvaxta frá 15. sept. 1948 til greiðsludags, og gagnstefndi Guðmundur Tómasson greiði gagnstefnanda auk þess einn saman kr. 2.000,00 auk 6% ársvaxta frá sama degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. marz 1954.

Nr. 180/1953. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Háskólaráði vegna Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um gjaldskyldu kvikmyndahúss samkv. lögum nr. 28/1952.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak á hendur stefnda. Svo krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er andstætt lagarökum og lagasamræmi, að eftirgefinn skemmtanaskattur sé gerður að gjaldstofni samkvæmt 2. gr. laga nr. 28/1952 og að kvikmyndahúsi, sem undan skemmtanaskatti er þegið, sé gert að greiða hlutfallslega hærra gjald

til áfrýjanda samkvæmt nefndum lögum en kvikmyndahúsum, er skemmtanaskatt greiða. Verður og ekki talið fullvíst, þrátt fyrir orða hljóðan laganna, að þeir, sem þau settu, hafi viljað stofna til slíkrar skattlagningar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. júlí 1953.

Gerðarþola, Tjarnarbíói í Reykjavík, var gert að greiða gjald af kvikmyndasýningum stofnunarinnar í aprílmánuði sl., er nam alls kr. 7.940,58. Er þessi álagning gerð samkvæmt heimild í lögum nr. 28 4. febrúar 1952, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 26. febrúar 1952. Gerðarþoli hefur þegar greitt upp í ofangreinda upphæð kr. 5.756,17. Eftirstöðvarnar, kr. 2.184,41, hefur gerðarþoli hins vegar neitað að greiða, og hefur því borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak yrði framkvæmt í eignum gerðarþola fyrir áðurgreindum eftirstöðvum auk vaxta, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, skv. 5. gr. l. nr. 28/1952, sbr. 1. tl. 1. gr. l. nr. 29/1885.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því, að umbeðin lögtaksgerð verði látin fara fram. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða umbjóðanda sínum, Háskólaráði vegna Sáttmálasjóðs, hæfilegan málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati réttarins, en Sáttmálasjóður starfrækir Tjarnarbíó.

Réttarkröfur sínar reisir umboðsmaður gerðarþola á því, að hann telur eðlilegast að skilja svo ákvæði 2. gr. laga nr. 28/1952, að gerðarþola sé heimilt að draga frá heildarandvirði seldra aðgöngumiða þann hundraðshluta, er kvikmyndahúsum ber að greiða í skemmtanaskatt á hverjum tíma, áður en gjald af kvikmyndasýningum samkvæmt l. nr. 28/1952 er reiknað út. Telur hann það ekki skipta máli, þótt eitthvert kvikmyndahús þurfi ekki að greiða skemmtanaskatt vegna undanþáguákvæða laga um skemmtanaskatt, sbr. l. nr. 56/1927, 3. gr., enda verði ef til vill alls ekki um það sagt, hvort kvikmyndahús njóti undanþágu frá skemmtanaskatti, fyrr en síðar, er úr því hefur verið skorið með dómi. Ef skilningur gerðarbeiðanda ætti að ráða í þessu efni, yrði niðurstaðan sú, að þau

kvikmyndahús, sem eru undanþegin skemmtanaskatti, þyrftu að bera þyngri kvöð í þessu tilliti gagnvart bæjar- eða sveitarsjóðum en hin, sem skemmtanaskattinn greiða, — þ. e. gjald hinna fyrrnefndu yrði þá reiknað af hlutfallslega hærri skattstofni en hinna síðartöldu. — Í greinargerð frumvarpsins að l. nr. 28/1952 hefði þetta sjónarmið hvergi komið fram, og hefði þó svo átt að vera, ef til þess hefði verið ætlazt, að það sjónarmið réði. Hins vegar telur umboðsmaður gerðarþola, að eðlisrök málsins styðji framangreindan skilning hans á þessu atriði, enda væri það óeðlilegt, að Tjarnarbíó ætti að greiða hlutfallslega miklu hærra kvikmyndasýningagjald en önnur kvikmyndahús hér í bæ, en til slíks mundi skilningur gerðarbeiðanda leiða. Slíkt væri í litlu samræmi við sérstöðu Tjarnarbíós að öðru leyti, sem aftur byggist á því, að það sé í rauninni hálfopinber stofnun og að öllum ágóða þess sé varið til almenningsheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt framangreindum skilningi umboðsmanns gerðarþola og hefur haldið fast við þá skoðun sína, að gerðarþola beri að greiða hið umkrafða gjald. Byggir hann þann skilning sinn á orðalagi l. nr. 28/1952, þar sem í 2. gr. sé talað um „álagðan skemmtanaskatt", og hljóti þar að vera átt við þann skemmtanaskatt, sem raunverulega sé á lagður. — Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda með skírskotan til þessa svo og annarra sóknargagna haldið fast við þá kröfu sína, að lögtakið nái fram að ganga, og enn fremur hefur hann mótmælt öllum kröfum gerðarþola, þar á meðal kröfu hans um málskostnað úr hendi gerðarbeiðanda.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Skv. l. nr. 28/1952 er sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda. Samkvæmt 2. gr. laganna má gjaldið vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur. Í samræmi við þessa lagaheimild ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi sínum 26. febrúar 1952 að innheimta þetta gjald með 9%. Var því gerðarþoli krafinn um þetta gjald, reiknað af kr. 88.228,72, sem var heildarsala aðgöngumiða fyrirtækisins í marzmánuði sl., og nam upphæð gjaldsins kr. 7.940,58. Þessar kr. 88.228,72, sem gjaldið er miðað við, er brúttósala aðgöngumiða, þannig að ekki er þar dregin frá sú upphæð, er skemmtanaskattur mundi nema, ef gerðarþola bæri að greiða hann, en gerðarþoli er að lögum undanþeginn skemmtanaskatti. Ef skemmtanaskattsupphæðin hefði hins vegar verið dregin frá, hefði upphæð sú, sem gjaldið miðaðist við, orðið kr. 63.957,48 og gjaldið sjálft, 9% af þeirri upphæð, kr. 5.756,17. Þessa upphæð hafa forráðamenn gerðarþola þegar greitt, en hafa hins vegar neitað að greiða hærri upphæðina, og nemur sá mismunur kr. 2.184,41. Rök forráðamanna

gerðarþola hafa verið tilfærð hér að framan og svo rök gerðarbeiðanda fyrir kröfu hans. Það er réttilega tekið fram af umboðsmanni gerðarþola, að með því að krefjast af gerðarþola áðurnefnds gjalds af heildarsölu aðgöngumiða án þess að draga frá þá upphæð, sem skemmtanaskattinum mundi nema, þá er þetta gjald gerðarþola reiknað af hærri skattstofni hlutfallslega en gjald annarra kvikmyndahúsa hér í bæ, þar sem skemmtanaskattur sá, sem þeim ber að greiða, er dreginn frá heildaraðgöngumiðasölu þeirra, áður en gjaldið er reiknað út. — Nú er það að vísu svo, að gerðarþoli er undanþeginn greiðslu skemmtanaskatts og að í 2. gr. nefndra laga, nr. 28/1952, er kveðið svo á, að gjaldið megi vera allt að 10% af aðgangseyri, „þegar frá honum hefur verið dreginn *álagður* skemmtanaskattur". — Hér kemur því til álita, hvernig skilja beri eftir atvikum orðið „álagður" í nefndri lagagrein. — Það er ljóst af fyrri afskiptum löggjafans af starfsemi gerðarþola og afkomu hans, að löggjafinn hefur ætlað gerðarþola nokkra sérstöðu honum til hagsbóta miðað við önnur kvikmyndahús hér í bæ, sbr. undanþágu hans frá greiðslu skemmtanaskatts. Það væri því tæplega í samræmi við þessar aðgerðir löggjafans að ætla, að hann hafi með ákvæði 2. gr. nefndra laga viljað þröngva kosti gerðarþola frekar en annarra kvikmyndahúsa hér. Nær sanni mundi að áliti réttarins vera að líta svo á, að ákvæði 2. gr. sé almennt og nái þá einnig til þeirra kvikmyndahúsa, sem vera kunna af sérstökum ástæðum undanþegin skemmtanaskatti. Verður rétturinn í því efni að fallast á sjónarmið umboðsmanns gerðarþola. Af því leiðir, að rétturinn lítur svo á, að gerðarþola beri eigi að greiða þær kr. 2.184,41, sem hann er hér krafinn um. Þykir því verða að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. — Hins vegar verður eftir atvikum ekki fallizt á málskostnaðarkröfu gerðarþola.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. marz 1954.

Nr. 168/1951. **Hólmfríður Jónsdóttir** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Skúla Benjamínssyni (Theodór B. Líndal)
og
Einari Haraldssyni (Lárus Jóhannesson)
og
Skúli Benjamínsson
gegn
Hólmfríði Jónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1951 og gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, og stefndi, Einar Haraldsson, verði in solidum dæmdir til þess að greiða henni kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst 1952 áfrýjað málinu með stefnu 3. september 1952. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, Einar Haraldsson, krefst sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi lánaði gagnáfrýjanda, Skúla, kú þá, er í málinu greinir, frá því í október 1949 til vorsins 1950. Gagnáfrýjandi afhenti kúna að aðaláfrýjanda fornspurðri stefnda, Einari Haraldssyni, bónda á Miðgili í Engihlíðarhreppi, síðast í desember 1949, og flutti Einar hana heim til sín, þótt hann vissi eða mætti vita um heimildarleysi gagnáfrýjanda,

Skúla, til ráðstöfunar á henni. Er kýrin var komin að Miðgili, varð hún ekki að lögum flutt aftur vestur yfir Blöndu, sbr. lög nr. 75/1941, lög nr. 44/1947 og lög nr. 47/1950 svo og reglugerð nr. 78/1946. Ekki er sannað, að samningar hafi tekizt með aðiljum hinn 17. maí 1950 um, að þeir Skúli og Einar keyptu kúna. Í nóvember s. á. vildi stefndi, Einar, skila aðaláfrýjanda kúnni, en hún neitaði að taka við henni. Var kýrin síðan hjá Einari til vorsins 1951. Var þá sent með hana á bifreið til aðaláfrýjanda að Undirfelli, en hún neitaði enn að taka við henni. Gagnáfrýjandi, Skúli, vildi ekki heldur þá taka við henni. Auglýsti sýslumaður kúna því næst til sölu á uppboði. Fór það uppboð fram hinn 6. júní 1951, og seldist kýrin á kr. 2.000,00. Var andvirðið lagt inn á sparisjóð Húnavatnssýslu til geymslu.

Svo sem áður var sagt, urðu gagnáfrýjandi, Skúli, og stefndi, Einar, ásáttir um að flytja kúna austur yfir Blöndu að aðaláfrýjanda fornspurðri, og mátti aðaláfrýjandi hvorki að lögum fara með kúna aftur vestur yfir Blöndu né taka við henni og hafa hennar not að búi sínu á Undirfelli. Þeir gagnáfrýjandi, Skúli, og stefndi, Einar, drýgðu með greindum aðgerðum sínum réttarbrot gegn aðaláfrýjanda, og ber þeim að bæta henni allan skaða, sem hún hefur af því hlotið. Aðaláfrýjandi krefst kr. 3.500,00 bóta fyrir kúna. Ósannað er, að krafa þessi sé ósanngjörn, enda er sennilegt, að tjón aðaláfrýjanda sé mun meira heldur en nemur þeirri fjárhæð, sem fékkst fyrir kúna á uppboði vorið 1951. Í bréfi sínu til stefnda, Einars, dags. 2. október 1950, krafðist umboðsmaður aðaláfrýjanda 6% ársvaxta af bótafénu frá 17. maí 1950, og getur hann því ekki í málinu krafizt vaxta frá fyrri tíma.

Samkvæmt framanrituðu ber því að dæma þá gagnáfrýjanda, Skúla, og stefnda, Einar, til þess að greiða aðaláfrýjanda in solidum kr. 3.500,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3.700,00, enda er kostnaður aðaláfrýjanda af málinu mikill.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Skúli Benjamínsson, og stefndi, Einar

Haraldsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Hólmfríði Jónsdóttur, kr. 3.500,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1950 til greiðsludags og kr. 3.700,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 24. október 1951.

Mál þetta, sem er þingfest 6. júní þ. á. og tekið til dóms 17. þ. m., er höfðað með stefnu, út gefinni 25. maí þ. á., af Hólmfríði Jónsdóttur, búanda að Undirfelli í Áshreppi, gegn Skúla Benjamínssyni, áður járnsmið, nú tómthúsmanni á Blönduósi, og Einari Haraldssyni, bónda að Miðgili í Engihlíðarhreppi, til greiðslu in solidum á kr. 3.500,00 fyrir kú, er stefnandi lánaði stefndum Skúla Benjamínssyni í október 1949 og eigi varð skilað aftur, ásamt 6% ársvöxtum af kröfuupphæðinni frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Báðir hinir stefndu krefjast sýknu í málinu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar samkv. mati dómarans, Skúli Benjamínsson með þeim rökum, að þar sem stefnandi telji sig hafa selt stefndum Einari Haraldssyni kúna, komi málið sér ekki lengur við. Einar Haraldsson telur sig hins vegar aðeins hafa tekið kúna af Skúla í greiðaskyni til að firra hann vandræðum og alls ekki keypt hana síðar af eiganda hennar.

Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum málsins og bókunum virðast málsatvik vera þessi:

Í október 1949 lánar stefnandi, sem þá er að flytjast til Reykjavíkur, stefndum Skúla Benjamínssyni snemmbæra kú til næsta vors leigulaust. Í desember sama ár kemur Skúli kúnni fyrir hjá stefndum Einari Haraldssyni, vegna þess að hann gat ekki annazt um hana svo sem þurfti. Hinn 17. maí 1950 boðar stefnandi Einar til fundar við sig í húsi Skúla Benjamínssonar, Blönduósi. Þar bjóðast stefndir til að kaupa kúna fyrir kr. 3.500,00, en stefnandi hafnaði því boði samkv. umsögn stefnds Einars og samkv. framburði viðstadds eiðfests vitnis, Garðars Stefánssonar bónda, Kúskerpi, en stefnandi telur sig sjálf hafa samþykkt kaupin með þeim orðum, að auðvitað yrði Einar að kaupa kúna, það væri hið minnsta, sem hann gæti gert. Þá heldur stefndur Einar því fram, að sama dag hafi stefnandi fengið sig til viðtals í húsi Jónasar Bjarnasonar, Blönduósi, og hafi erindið verið að fá hann til að undirskrifa samning, skrifaðan af Bjarna Jónassyni, Blöndudalshólum, sem þar var staddur, þess efnis, að hann keypti kúna af stefnanda ásamt tveimur kvígum fyrir kr. 10.000,00. Vitnið Garðar Stefánsson bar og, að sams konar tilboð hefði stefnandi borið fram

í kröfuformi í húsi Skúla Benjamínssonar. Þessu neitar stefnandi, en viðurkennir hins vegar, að hún hafi gert kröfu til þess, að Einar keypti af sér kúna og fjórar kvígur fyrir kr. 3.500,00 kúna, en kr. 2.500,00 hverja kvígu.

Í máli þessu verður fyrst að taka til meðferðar kröfur stefnanda á hendur stefndum Einari Haraldssyni. Stefndur Skúli Benjamínsson fær kúna lánaða í október, en kemur henni fyrir í desember s. á. hjá Einari. Skúli er heilsubilað gamalmenni samkv. fyrirliggjandi læknisvottorði (rskj. nr. 18), 76 ára að aldri. Stefndur Einar telur sig hafa tekið kúna af Skúla ótiltekinn tíma samkv. áskorun hans, vegna þess að hann hafi ekki getað hirt um kúna sjálfur og engan getað fengið til þess. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem afsanni þessa fullyrðingu eða geri hana ósennilega. Var stefnandi þá í Reykjavík og því ekki auðvelt að skila kúnni til hennar aftur. Með því að taka við kúnni og flytja hana til heimilis síns norðan Blöndu, telur stefnandi, að Einar hafi gerzt brotlegur við gildandi ákvæði um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Þetta virðist þó ekki vera rétt, heldur hitt, að samkvæmt bókstaf sömu ákvæða var óheimilt að flytja kúna aftur suður fyrir Blöndu, en í reyndinni er óhindruð samganga alls búpenings yfir Blöndubrú við Blönduós, en Miðgil er aðeins fáa kílómetra frá henni. Ekki verður séð, að stefnanda hafi verið þörf að fá kúna aftur, þar sem hún að eigin sögn hafði boðið hana til sölu og fjórar nær fullvaxta kvígur að auki, eftir verðlagningu þeirra að dæma. Virðist auðsætt, að kúna hefði eins vel mátt selja norðan Blöndu sem sunnan hennar. Svo fjarri fór því, að Einar Haraldsson héldi kúnni fyrir stefnanda, að Einar sótti á að losna við hana. Loks, er stefndir í félagi bjóðast til að kaupa kúna hinn 17. maí 1950, eins og áður segir, fyrir kr. 3.500,00, er að sögn stefnds Einars miðað við það, að hann greiddi verð fyrir hana kr. 2.500,00, en Skúli bætti við kr. 1.000,00 til að losna við frekari óþægindi og sem eins konar sáttafórn, þá neitar stefnandi því boði að sögn eiðfests vitnis. Átti stefnandi þess kost að leiða sem vitni þá Bjarna Jónasson og Ara Jónsson bílstjóra, Blönduósi, ef hún hefði talið sér það hagkvæmt, en þá menn telur hún hafa verið viðstadda, er samtalið við stefndu átti sér stað, til sönnunar því, að hún hefði samþykkt kauptilboð stefndra eða Einars Haraldssonar. En málflutningsmaður stefnanda, sem er lögfræðingur, kaus ekki þá leið, og talar það sínu máli. Í þess stað vísar hann til orðanna, sem stefnandi sjálf segist hafa viðhaft: „Auðvitað verður þú að kaupa kúna.“ En í slíkri yfirlýsingu felst ekki samþykki á kauptilboðinu. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi hvorki samþykkt kauptilboð stefndra, sem þeir gerðu í félagi, eða sams konar tilboð Einars Haraldssonar, hafi slíkt legið fyrir. Og ósannað er með öllu gegn neitun Einars Haraldssonar, að hann hafi síðar samþykkt að kaupa kúna.

Af þessu leiðir, að taka verður til greina kröfu stefnds Einars

Haraldssonar um sýknun í máli þessu af öllum kröfum stefnanda á hendur honum. En þar sem Einar lét undir höfuð leggjast að svara bréfum til hans frá málflutningsmönnum stefnanda, en skýring hans á málavöxtum hefði mátt leiða til þess, að mál hefði ekki verið höfðað gegn honum, þykir krafa hans um málskostnað úr hendi stefnanda eiga að falla niður.

Stefndur Skúli Benjamínsson hefur með því að ráðstafa kúnni norður yfir Blöndu orðið þess valdandi, að hann gat ekki með löglegum hætti skilað henni í hendur eiganda aftur, þar sem ekki mun hafa fengizt undanþága til þess. Á það ástand, er þannig skapaðist, verður að líta hliðstætt því, að kýrin hefði misfarizt í vörzlu hans og fyrir hans tilverknað. Nú „skal láni heilu heim skila", og ber því að dæma hann til að greiða stefnanda andvirði kýrinnar, svo sem hún gerir kröfu til, kr. 3.500,00, með hliðsjón af því, að hann átti hlut í að bjóða fram slíkt verð fyrir kúna. En af þessu framboðna verði voru kr. 1.000,00 eins konar sáttafórn, eins og áður segir, og jafnvel raunverulega meira, því að á opinberu uppboði 6. júní þ. á. seldist kýrin aðeins á kr. 2.000,00 og meðalverð á kúm samkv. birtri verðlagsskrá, miðað við verðlag í Húnavatnssýslu 1950, var aðeins kr. 2.082,35.

Kýrin var leigð eða lánuð til vors 1950 án endurgjalds. Til vors er óákveðið tímamark, en ætla verður, að annað tveggja sé átt við 14. maí eða fardaga það vor. Þykir rétt að miða við hið fyrra tímamark, þar eð þá þegar var fyrir hendi hindrun þess, að stefnandi gæti tekið kúna aftur í sínar vörzlur, og dæma stefndan Skúla Benjamínsson til að greiða stefnanda 5% vexti af verði kýrinnar, kr. 3.500,00, frá 14. maí 1950 til greiðsludags.

Með tilliti til þess, að í verði kýrinnar, eins og það er ákveðið samkv. kröfu stefnanda, verður að teljast vera allveruleg upphæð, sem hugsuð var sem eins konar sáttagreiðsla til stefnanda, svo og alveg sérstaklega með tilliti til þess, að stefnandi hafnaði 17. maí 1950 verðtilboði fyrir kúna, hinu sama að upphæð til, er hún sækir í máli þessu á hendur stefndum, og á þannig sjálf sök á þeim kostnaði, er málssóknin hefur haft í för með sér, þá þykir rétt, að málskostnaður af hendi stefnds Skúla Benjamínssonar falli niður.

Dómsorð:

Stefndur í máli þessu Skúli Benjamínsson, Blönduósi, greiði stefnandanum, Hólmfríði Jónsdóttur, Undirfelli, kr. 3.500,00, — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur —, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. maí 1950 til greiðsludags.

Stefndur Einar Haraldsson, Miðgili, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. marz 1954.

Nr. 91/1953. **Skipaútgerð ríkisins og skipshöfn v/s Ægis**
(Hermann Jónasson)
gegn
Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda v/s Harle
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1953, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 685.000,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 6. maí 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 2. júlí 1953. Hann gerir *aðallega* þær dómkröfur, að fjárhæð héraðsdóms verði lækkuð og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en að hvor aðilja um sig verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Samkvæmt skýrslu skipstjórnarmanna á v/s Harle, sem studd er af öðrum gögnum málsins, verða ekki taldar líkur til, að skipið hefði náð höfn eða öruggu lægi hjálparlaust, eins og stýri því var háttað, sem bjargazt varð við, en sær mikill og hvassviðri. Var v/s Harle því statt í hættu og hjálp sú, sem varðskipið Ægir veitti því, björgun í merkingu 229. gr. siglingalaga.

Við ákvörðun björgunarlauna verður auk þess, sem nú var greint, og annars, sem rakið er í héraðsdómi, sérstaklega að gæta þess, að hjálp Ægis var veitt að næturlagi um hávetur, svo og, að nokkur áhætta fyrir bjargendur hlýtur ávallt að fylgja löngum drætti á hafi úti, þegar svo er ástatt sem hér

var. Þykja björgunarlaun aðaláfrýjanda til handa, þegar litið er til allra aðstæðna, hæfilega ákveðin kr. 430.000,00 ásamt vöxtum eins og í héraðsdómi segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 28.000,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda v/s Harle, greiði aðaláfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins og skipshöfn v/s Ægis, kr. 430.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. maí 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 28.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. maí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Ægis höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. maí f. á., gegn Gunnari Guðjónssyni skipamiðlara hér í bæ f. h. eigenda dráttarskipsins Harle frá Bremerhaven til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 685.000,00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins matskostnaðar. Þá hefur stefnandi stefnt Trolle & Rothe h/f hér í bæ vegna vátryggjenda nefnds skips til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur hefur hann gert á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi hefur ekki heldur gert neinar kröfur á hendur stefnanda.

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð að mati dómsins og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. febrúar 1952 hélt m/s Harle, sem er dráttarskip, áleiðis frá Aberdeen til Reykjavíkur. Undir kvöld hinn 17. febrúar var vindur NV 6, og 18. febrúar var vindur NV 7, stórsjór og undiralda, og tók skipið á sig marga sjói. Næsta dag hélzt veður óbreytt, en nóttina milli 19. og 20. febrúar óx vindur upp í 10 vindstig, og varð stórsjór. Um kl. 4.47 bilaði rafall (dynamo) stýrisvélarinnar skyndilega. Handstýri, er var á skipinu, var þegar tekið í notkun, en ekki reyndist unnt að halda stefnu skipsins með handstýrinu í hinum mikla sjógangi. Það ráð var því tekið að halda skipinu upp í vindinn, og var aflvél þess látin ganga í samræmi við þetta. Skip-

stjóri áleit ekki unnt að láta reka vegna hættu á, að þá færðist skipið í kaf að aftan. Unnið var að viðgerð á rafli stýrisvélarinnar, eftir því sem við varð komið, en án verulegs árangurs, og þar sem sjór varð stöðugt verri og meiri, veðurskeyti spáðu ekki batnandi veðri og m/s Harle hallaðist um 70° til stjórnborða, eins og segir í skýrslu skipstjóra, ákvað hann að biðja um hjálp, og var hjálparbeiðni send út með loftskeyti klukkan að ganga tólf hinn 20. febrúar. Eigi að síður var þó haldið áfram viðgerð á raflinum. Hlutir þeir, sem bilaðir voru, voru teknir burtu og varahlutir settir í staðinn (akkeri og spóla). Rafallinn var síðan settur saman aftur, en að viðgerð lokinni um kl. 19.30 gekk hann ekki. Varahlutir voru nú engir til, og var því frekari tilraunum til viðgerðar hætt.

Hinn 20. febrúar lá varðskipið Ægir við Vestmannaeyjar. Kl. 11.12 létti skipið akkerum og hélt m/s Harle til hjálpar samkvæmt beiðni frá skipstjóranum, er kvað skip sitt vera með bilað stýri á 62° 19′ norðlægrar breiddar og 17° 50′ vestlægrar lengdar. Um kl. 19.50 sáu skipverjar á Ægi ljós á skipi fram undan í 7 sjómílna fjarlægð. Sigldi Ægir að skipi þessu, og reyndist það vera m/s Harle, er var statt á 61° 55′ norðlægrar breiddar og 18° 14′ vestlægrar lengdar. Kl. 21.35 var skotið línu frá Ægi yfir í m/s Harle, og var tengt við línuna 2″ tóg og 2½″ vír, en við hann var festur 5″ vír 185 faðma langur. Þennan svera vír festu skipverjar á m/s Harle traustlega í framstefni skipsins. Þessu var lokið kl. 21.55, og hélt Ægir síðan áleiðis til lands með m/s Harle í eftirdragi og sigldi fyrst með hægri, en síðar með hálfri ferð, því að sjór var talsverður og náttmyrkur, svo að ekki sást til þess, hvort mjög strengdist á vírnum. Um þetta leyti var veðrið vindur V 7, sjór V 6 og éljagangur. Hinn 21. febrúar kl. 7 var ferðin aukin og siglt með ¾ ferð. Eftir ósk skipstjórans á m/s Harle var haldið til Vestmannaeyja, þar eð talið var, að unnt væri að gera við bilun rafalsins þar. Kl. 18.05 komu skipin á Víkina í Vestmannaeyjum, og varpaði Ægir þar akkerum og dró dráttartaugina inn að mestu. Nokkru síðar komu tveir hafnsögumenn úr landi, og fór annar þeirra í Ægi, en hinn í m/s Harle. Kl. 18.55 létti Ægir akkerum og hélt inn í höfnina með m/s Harle í eftirdragi, en kl. 19.20 tók Harle niðri á sandrifi í höfninni, þar eð erfitt var að stjórna skipinu vegna bilunarinnar á stýrisvélinni. Þegar skipið tók niðri, strengdist svo snöggt á dráttarvírnum, að ásinn („pollinn") á Ægi, sem vírinn var festur við, brotnaði og stytta bognaði í öldustokk skipsins. Harle losnaði af sandrifinu kl. 21.00, og var skipið þá dregið upp að stjórnborðshlið Ægis, er skilaði því að bryggju í höfninni kl. 21.20. Á leiðinni til lands var aflvél skipsins höfð í gangi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér hafi verið um björgun að ræða. Þegar Ægir hafi komið m/s Harle til hjálpar, hafi það rekið stjórnlaust á opnu hafi í mjög slæmu veðri og sjó. Telur hann, að skipið hefði ekki komizt til hafnar af eigin rammleik.

Stefndi reisir hins vegar í fyrsta lagi kröfur sínar á því, að hjálp sú, sem Ægir veitti m/s Harle í umrætt skipti, hafi verið aðstoð, en ekki björgun. Telur hann, að unnt hefði verið að koma skipinu til hafnar með varastýri því, er í því var, eða neyðarstýri, sem hægt hefði verið að koma upp.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, lét m/s Harle ekki að stjórn í því veðri og þeim sjó, sem var aðfaranótt hins 20. febrúar, og um það leyti, sem beðið var um hjálp, virðist skipið hafa verið í talsverðri hættu, sbr. það, sem skipstjórinn segir um halla þess. Skipstjóri skipsins hefur látið uppi það álit sitt, að í góðu veðri hefði skipið komizt til hafnar hjálparlaust, í slíku veðri hefði varastýri dugað. Hins vegar er það álit 1. stýrimanns á skipinu, að skipið hefði ekki getað komizt til hafnar með varastýrinu af eigin rammleik, jafnvel í góðu veðri. Það hafi ekki verið hægt að stýra skipinu til lengdar með því. Þá hefur stýrimaðurinn borið það, að skipið hafi ekki látið að stýri, er Ægir dró það inn á höfnina í Vestmannaeyjum, en þá var þar logn og sléttur sjór. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Veðurstofunnar í Reykjavík um veður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum dagana 20.—24. febrúar 1952 að báðum dögum meðtöldum. Hinn 20. febrúar er vindur frá 5—12 vindstig og stórsjór. Hinn 21. febrúar er logn við tvær athuganir, en annars 1—7 vindstig og talsverður sjór. Hinn 22. febrúar er logn við eina athugun, en annars 1—8 vindstig og sjólítið. Hinn 23. febr. er frá 1—10 vindstig og dálítill og talsverður sjór. Og hinn 24. febr. er vindur frá 2—8 vindstig og talsverður og allmikill sjór.

Þegar öll þau atriði eru virt, er greind eru hér að framan, og það haft í huga, að bilunin varð um hávetur, þykir allsendis óvíst, hvort m/s Harle hefði náð til hafnar hjálparlaust. Var því umrædd hjálp Ægis til handa skipinu björgun.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

1. Viðgerðarkostnaður á v/s Ægi	kr.	7.948,87
2. Aðstoð v/b Léttis í Vestmannaeyjum	—	309,00
3. Björgunarlaun	—	676.742,13
Samtals	kr.	685.000,00

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæðinni undir 1. og 2. lið, og verða því þeir liðir teknir til greina.

Hins vegar hefur stefndi andmælt 3. lið sem allt of háum.

Dómkvaddir matsmenn hafa virt m/s Harle með dráttartækjum og olíubirgðum á kr. 3.418.800,00. Matsverð þetta telur stefnandi allt of hátt. Kveður hann, að m/s Harle sé vatnabátur úr þýzka sjóhernum og því tiltölulega gamalt skip og það sé vátryggt fyrir aðeins 350 þúsund ríkismörk. En þar sem virðingargerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekkt, verður að leggja hana til grundvallar um verðmæti hinna björguðu hagsmuna.

Umrædd björgun var auðveld, og ekki verður talið, að v/s Ægir

eða skipshöfn hans hafi verið lagt í hættu við björgunina. Þá tók björgunin tiltölulega stuttan tíma (tæpan 1½ sólarhring), en rekstrarkostnaður Ægis á hvern starfsdag árið 1952 er talinn nema kr. 8.282,00, og eru þá afskrift og fyrning ekki með taldar. Telja verður, að m/s Harle hafi ekki verið í yfirvofandi hættu, er hjálp Ægis barst. Björgunin tókst vel.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og öll málsatvik, er rakin eru hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 280.000,00, og eru þar með taldar fjárhæðirnar í 1. og 2. kröfulið hans. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, er ákveðst kr. 18.000,00, og er þar með talinn matskostnaður, kr. 4.000,00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda m/s Harle, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Ægis, kr. 280.000,00 með 6% ársvöxtum frá 6. maí 1952 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. marz 1954.

Nr. 156/1952. **Jóhannes Bjarnason** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Stilli h/f (Jón N. Sigurðsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og próf. Ólafur Lárusson.

Endurgreiðslu- og skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1952, krefst þess, að gagnáfrýjanda

verði dæmt að greiða honum kr. 11.243,62 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. marz 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 18. nóvember 1953 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. nóvember s. á. Hann gerir þá *aðalkröfu,* að honum verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda einungis kr. 1.705,12, en *til vara* kr. 2.528,32. Þá krefst hann þess, að málskostnaður, sem dæmdur var í héraði, verði lækkaður, en aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 4.643,62 ásamt vöxtum eins og þar greinir.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn matskostnað, kr. 2.000,00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00.

Það athugast, að réttara hefði verið, að héraðsdómari hefði kvatt sérfróða meðdómsmenn til dómsetu með sér í málinu.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Stillir h/f, greiði aðaláfrýjanda, Jóhannesi Bjarnasyni, kr. 4.643,62 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. október 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.200,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Jóhannes Bjarnason verzlunarmaður, Drápuhlíð 19 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. október 1951, gegn Stilli h/f hér í bæ til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.403,62, með 6% ársvöxtum af kr. 11.775,62 frá 3. marz 1951 til 18. sept. s. á. og af kr. 14.403,62 frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að í síðari hluta janúarmánaðar 1950 hafi hann komið bifreiðinni R. 4209 til viðgerðar í bifreiðaviðgerðarverkstæði stefnda. Svo hafi verið um talað, að gert

yrði við það, sem þyrfti, í bifreiðinni. Bifreiðin hafi síðan verið á verkstæðinu um árs skeið, án þess að viðgerðinni væri lokið, og hafi þó oft verið fundið að seinagangi þessum. Í janúarmánuði 1951 sneri stefnandi sér til lögmanns eins hér í bænum til að fá aðstoð hans við að fá viðgerðinni lokið. Hinn 19. janúar 1951 ritaði lögmaðurinn stefnda bréf og krafðist þess, að bifreiðin yrði afhent stefnanda fullviðgerð. Um mánaðamótin febrúar og marz 1951 tilkynnti stefndi, að viðgerð væri lokið. Hinn 3. marz tók stefnandi við bifreiðinni og greiddi um leið viðgerðarkostnaðinn, kr. 11.775,62, með fyrirvara um endurgreiðslu, ef hann kynni að hafa ofgreitt. Bifreiðinni var síðan ekið heim til stefnanda, en síðan á annað verkstæði til að byggja yfir hana. Hinn 29. marz 1951 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta viðgerðarkostnaðinn, sérstaklega að því er varðaði vinnureikningana. Hinir dómkvöddu menn töldu, að hæfilegur viðgerðartími væri 191 vinnustund og gjald fyrir þá vinnu ætti að vera kr. 3.751,24.

Bifreiðin var á yfirbyggingarverkstæðinu fram í júnímánuð 1951. Er farið var að aka bifreiðinni, kom í ljós óeðlilegur hávaði í skiptihólfinu. Hinn 21. júní 1951 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að láta í ljós álit sitt um þetta og hvað kosta mundi að bæta úr þessu. Hinir dómkvöddu menn töldu, að í skiptihólfið hefðu verið settir gamlir og notaðir vélarhlutir, sumir alveg ónothæfir. Töldu þeir, að kosta mundi kr. 2.738,50 að taka burtu hina ónothæfu hluti og setja nýja í staðinn.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Ofgreiddur viðgerðarkostnaður	kr.	1.705,12
2. Viðgerð í skiptihólfum	—	2.738,50
3. Bætur fyrir afnotamissi	—	9.960,00
	Kr.	14.403,62

Um 1. Stefnandi telur, að samkvæmt reikningum stefnda hafi viðgerðarvinnan kostað alls kr. 5.436,36, en samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna sé hæfilegt gjald fyrir viðgerðarvinnuna kr. 3.751,24. Hann hafi þannig ofgreitt kr. 1.705,12, sem hann eigi rétt á að fá endurgreiddar.

Af hálfu stefnda hefur mati þessu verið mótmælt sem röngu og talið, að vinnustundir séu rétt færðar á reikningum hans.

Fyrrgreind matsgerð hefur verið staðfest fyrir dómi, og henni hefur á engan hátt verið hnekkt. Þykir því mega leggja hana til grundvallar í máli þessu og dæma stefnda til að endurgreiða kr. 1.705,12, en því hefur ekki verið mótmælt, að vinnukostnaðurinn samkvæmt reikningum stefnda sé rétt talinn hjá stefnanda.

Um 2. Kröfu sína að þessu leyti byggir stefnandi á því, að notaðir hafi verið ónothæfir vélarhlutir í skiptihólf bifreiðarinnar. Viðgerðin sé að því leyti gagnslaus. Beri honum því að fá endurgreitt verðmæti þessara hluta og vinnulaun við lagfæringu á þessu, en

það hafa hinir dómkvöddu menn talið nema alls kr. 2.738,50.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að á þeim tíma, sem viðgerðin hafi farið fram, hafi ekki fengizt nýir varahlutir í hreyfil bifreiðarinnar. Hafi því orðið að notast við gamla hluti, sem hafi verið fullnothæfir. Stefnanda eða umboðsmanni hans hafi verið kunnugt, að gamlir hlutir voru notaðir, og engum athugasemdum hreyft gegn því. Hefur mati hinna dómkvöddu manna verið mótmælt sem röngu í þessu sambandi.

Hinir dómkvöddu menn hafa komið fyrir dóm í málinu og staðfest matsgerð sína. Álitsgerð þeirra og mat hefur engum rökstuddum andmælum sætt, og þar sem því hefur á engan hátt verið hnekkt, verður það lagt til grundvallar í máli þessu og þessi kröfuliður stefnanda tekinn til greina.

Um 3. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að bifreiðin hafi verið óhæfilega lengi til viðgerðar á verkstæði stefnda, og beri stefnda að bæta það tjón, sem af hafi hlotizt. Kveðst stefnandi hafa afhent stefnda bifreiðina til viðgerðar síðast í janúar 1950 og ekki fengið hana aftur fullviðgerða fyrr en 18. september 1951. Telur stefnandi, að hæfilegur viðgerðartími hafi verið tveir mánuðir. Stefndi hafi því haldið bifreiðinni að þarflausu í 16 mánuði og 18 daga. Bifreiðina kveðst stefnandi hafa notað við akstur í þágu verzlunar sinnar og telur tjón sitt af því að vera án bifreiðarinnar nema kr. 20,00 á dag eða kr. 9.960,00 fyrir allt tímabilið.

Af hálfu stefnda hefur því verið algerlega mótmælt, að nokkur óeðlilegur dráttur hafi orðið á viðgerðinni. Ástæðan til þess, að hún hafi dregizt nokkuð, hafi verið sú, að ógerlegt hafi verið að fá varahluti í bifreiðina, en á því geti viðgerðarverkstæðið ekki borið ábyrgð. Umboðsmanni stefnanda, sem fylgzt hafi með viðgerðinni, hafi verið þetta fullkunnugt, enda engum athugasemdum hreyft gegn því. Þá hafi viðgerðinni strax verið lokið, þegar varahlutirnir voru til. Loks hefur verið á það bent af hálfu stefnda, að bifreiðinni hafi verið komið til viðgerðar á verkstæðið um mánaðamótin janúar og febrúar 1950, en verið tilbúin til afhendingar síðast í febrúarmánuði 1951.

Maður sá, sem fór með bifreiðina til viðgerðar á verkstæði stefnda og fylgdist með viðgerðinni, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að honum hafi verið ljóst, að ekki væru til hlutir í skiptihólfin, en hins vegar hafi alltaf verið sagt, að þeirra væri von á næstunni. Hann hafi margspurt eftir varahlutum þessum, en alltaf fengið sömu svörin. Verkstæðisformaður stefnda hafi tjáð honum, að gömlu hlutirnir væru algerlega ónýtir og tilgangslaust að setja þá í aftur. Af þessum ástæðum hafi því verið beðið svo lengi sem raun varð á.

Því er ómótmælt, að meginástæðan til þess, hve viðgerðin tók langan tíma, var skortur á nýjum hlutum í bifreiðina. Þar sem umboðsmanni stefnanda var þetta kunnugt og hann virðist hafa fylgzt með, hvernig gekk, þá verður ekki talið, að stefndi sé bóta-

skyldur fyrir þá töf, sem af því leiddi. Hins vegar er ljóst, að stefnandi hefur misst af notum bifreiðarinnar nokkurn tíma vegna þess, hve viðgerð stefnda var gölluð, samkvæmt því, sem greinir um 2. lið hér að framan. Þykir stefndi eiga sök á þeim afnotamissi og vera bótaskyldur vegna þess. Með hliðsjón af öllum atvikum og þar sem stefnandi virðist lítið nota bifreiðina, þykja hæfilegar bætur í þessu skyni vera kr. 200,00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.643,62 (1.705,12 + 2.738,50 + 200,00) með 6% ársvöxtum, er reiknast frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, með kr. 1.200,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Stillir h/f, greiði stefnanda, Jóhannesi Bjarnasyni, kr. 4.643,62 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1951 til greiðsludags og kr. 1.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. marz 1954.

Kærumálið nr. 9/1954.

Hótel Borg

gegn

Gunnari Erni Gunnarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður um frestveitingu staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 2. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um frekari frest í málinu. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hótel Borg, greiði varnaraðilja, Gunnari Erni Gunnarssyni, kr. 300,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1954.

Mál þetta hefur Gunnar Örn Gunnarsson, Mávahlíð 19 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 4. sept. 1952, gegn Hótel Borg hér í bæ til greiðslu vinnulaunaskuldar, að fjárhæð kr. 28.184,20, með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags auk málskostnaðar. Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 9. september 1952, og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 30. s. m., og síðan hefur verið sameiginlegur gagnaöflunarfrestur í málinu. Í þinghaldinu óskaði lögmaður stefnanda eftir tveggja mánaða framhaldsfresti. Gat hann þess, að stefnandi hefði um nokkurra mánaða skeið verið erlendis, en væri væntanlegur á þessu tímabili. Taldi hann nauðsynlegt, að stefnandi gæfi aðiljaskýrslu í máli þessu.

Af hálfu stefnda var hins umbeðna frests synjað á þeim forsendum, að ekkert hefði verið gert í málinu. Hafi Kristján Eiríksson héraðsdómslögmaður tjáð stefnda, að stefnandi hafi komið til landsins í fyrra vetur, og hafi verið hægt að láta hann koma fyrir dóm í málinu þá. Lögmaður stefnanda mótmælti þeirri staðhæfingu lögmanns stefnda. Lögmaður stefnda bað bókað, að hann teldi, „að önnur þau gögn, sem valdið gætu úrslitum í máli þessu, væru enn ekki komin fram í málinu, en þeirra hefði þó verið hægt að afla".

Eins og að framan getur, hefur lögmaður stefnanda haldið því fram, að stefnandi hafi ekki verið hér á landi um margra mánaða skeið, svo og, að stefnandi sé væntanlegur til landsins innan tveggja mánaða. Hefur þessum staðhæfingum ekki verið andmælt af hálfu stefnda. Þar eð telja verður rétt að gefa stefnanda kost á að koma fyrir dóm í málinu og tjá sig nánar um málsatvik, þykir verða að veita hinn umbeðna frest, þótt telja verði, að gagnaöflun í málinu hafi dregizt allmjög.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er veittur.

Mánudaginn 5. apríl 1954.

Nr. 184/1953. **Ákæruvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hdl.)
gegn
Robert Raymond Willits (Sigurður Ólason),
Arnari Semingi Andersen (Einar Ásmundsson)
og
Einari Gunnarssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Manndráp af gáleysi o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, er mál þetta varða, þar á meðal framhaldspróf, er fram hafa farið í sakadómi Keflavíkur, svo og álitsgerð Læknaráðs.

Eftir því, sem fram er komið í máli þessu, fór Ólafur Ottesen, 61 árs að aldri, frá húsinu nr. 50 við Hafnargötu í Keflavík um kl. 3 að nóttu hinn 12. marz 1953 og var þá mjög drukkinn. Hann kom þá þegar á eftir að húsinu nr. 9 A við Kirkjuveg í Keflavík og barði að dyrum. Í húsinu voru þá staddir og á fótum allir hinir ákærðu, Willits, 31 árs að aldri, Arnar, 17 ára, og Einar, 20 ára. Voru þeir Willits og Arnar undir áhrifum áfengis. Hinir ákærðu gengu til dyra og vildu aftra Ólafi frá að komast inn í húsið. Kveður Willits sig þá hafa reiðzt ummælum, sem Arnar hafði eftir Ólafi og þýddi fyrir Willits. Gekk Willits að Ólafi og barði hann með krepptum hnefa hægri handar á hökuna. Ólafur féll við höggið, en reis eða var reistur á fætur aftur. Greiddi Willits honum þá rétt á eftir annað höfuðhögg með hnefa hægri handar, en við það féll Ólafur meðvitundarlaus til jarðar. Þeir Willits og Arnar, sem horft hafði á aðfarir þessar, báru Ólaf síðan eða drógu að fiskþvottakeri, sem var þar skammt frá. Settu þeir Ólaf í kerið og skildu hann þar eftir meðvitundarlausan og illa til reika. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veðri þannig háttað á Keflavíkurflugvelli kl. 3 um nóttina: vindur VSV 9, rigning, hiti 3.4° C. Þeir Willits og Arnar fóru því

næst inn í húsið, en skömmu síðar fóru allir hinir ákærðu og fluttu Ólaf að bifreið, sem stóð utan við lóðargirðingu hússins nr. 10 við Kirkjuveg. Ólafur var þá enn meðvitundarlaus, en við tilraun hinna ákærðu til að setja hann inn í bílinn er hann talinn hafa raknað eitthvað við og streitzt á móti. Sló Arnar hann þá, þannig á sig kominn, með krepptum hnefa á vinstra kjálkabarð, og hreyfði Ólafur sig ekki eftir það. Er ákærðu höfðu komið Ólafi inn í bílinn, breiddu þeir teppi ofan á hann, lokuðu bílnum og skildu hann þar eftir blóðugan, meðvitundarlausan og bjargarlausan. Var hann þarna í bílnum, unz íbúar hússins nr. 10 við Kirkjuveg urðu hans varir af tilviljun um hádegi daginn eftir.

Er Ólafur fannst í bílnum, hafði hann samkvæmt vottorði héraðslæknis glóðarauga á hægra auga, stóra kúlu (ekki opna) ásamt bólgu á háhnakka og skurð undir vinstra kjálkabarði. Hægri ökli hans var stokkbólginn og eymsli upp undir hægra hné. Enn fremur var hann marinn á báðum upphandleggjum, á baki hægra megin og kvið.

Ólafur var fluttur í sjúkrahús Hvítabandsins í Reykjavík hinn 12. marz 1953, en þaðan var hann fluttur í Landspítalann 15. s. m., og þar andaðist hann 24. s. m. Ályktun prófessors Níels Dungals í krufningarskýrslu, dags. 25. marz 1953, um dánarorsök Ólafs er á þessa leið: „Banameinið virðist hafa verið heilahristingur (commotio cerebri) með subarachnoidal-blæðingum og blæðingum inni í heila, sem allt verður að teljast afleiðing af höfuðhöggi og getur hafa hlotizt af höggi á vinstri kjálka. Lungnabólgan beggja vegna hefur loks gert út af við sjúklinginn, og verður hún að teljast afleiðing af áverkanum á höfuðið.“ Í greinargerð sama prófessors um smásjárrannsókn, dags. 30. apríl 1953, segir svo: „Breytingarnar á heilavefnum eru sams konar og þær, sem vanalega er að sjá eftir mikinn heilahristing. Þær eru það miklar, að telja verður sennilegt, að þær hafi valdið verulegri truflun á starfsemi heilans og verið meginorsök að dauða mannsins ásamt lungnabólgunni.“

Læknaráð hefur í álitsgerð, dags. 14. marz 1954, fallizt á framangreindar ályktanir prófessors Níels Dungals. Telur það, að banamein Ólafs Ottesens hafi orsakazt af höfuðáverka

og að lungnabólga, sem að lokum leiddi hann til dauða, beri að teljast fylgikvilli. Þá telur Læknaráð, að ekkert mæli gegn því, að banameinið hafi getað orsakazt af höfuðáverkum þeim, sem Ólafur hlaut aðfaranótt 12. marz 1953 og í málinu greinir, en ekki sé unnt að meta þátt hvers og eins þeirra samkvæmt gögnum málsins. Læknaráð telur enn fremur, að skurðáverkinn undir vinstra kjálkabarði Ólafs geti ekki út af fyrir sig talizt meðvirk dánarorsök og að lega hans í fiskþvottakerinu, vera hans í bílnum Ö. 173, flutningur hans til Reykjavíkur hinn 12. marz 1953 og undanfarandi ölvunarástand hans geti ekki talizt samverkandi orsakir að dauða Ólafs. Loks hefur Læknaráð fallizt á ályktun dr. Helga Tómassonar um sakhæfi ákærða Arnars Semings Andersens.

Samkvæmt atvikum málsins, ályktunum prófessors Níels Dungals og álitsgerð Læknaráðs má telja sannað, að banamein Ólafs Ottesens hafi verið skemmdir á heilavef ásamt blæðingum í höfði, sem orsakazt hafi af áverka á höfuð hans.

Sannað er með játningu ákærða Willits, sem styðst við framburð ákærðu Arnars og Einars, að ákærði Willits sló Ólaf framangreind tvö högg og eftir það var hann fluttur meðvitundarlaus í fiskþvottakerið og lá þar í roti, unz ákærðu fluttu hann nokkru síðar í áðurnefnda bifreið. Með játningu ákærða Arnars, sem einnig styðst við framburð ákærðu Willits og Einars, er sannað, að ákærði Arnar sló Ólaf höfuðhögg við bifreiðina, er hann rumskaði lítið eitt við sér, og ákærðu skildu þar við hann rænulausan. Lýsing á ákomum á Ólafi, eftir að hann fannst, sýnir, að hann hefur hlotið fleiri áverka en raktir verða til framangreindra höfuðhögga, og verður að telja, að þeir stafi af meðferð ákærðu Willits og Arnars, enda bendir ekkert til, að þar sé öðrum til að dreifa. Hafa ákærðu Willits og Arnar því veitt Ólafi meiri ákomur en þeir hafa beinlínis játað. Þar sem Ólafur var svo hart leikinn af völdum þeirra beggja, verða þeir báðir taldir refsiábyrgir vegna þess líkamstjóns, er Ólafur hlaut, svo og vegna afleiðinga þess.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að hinir ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen skuli vera sýknir af ákæru fyrir brot á ákvæðum 211. gr. laga nr.

19/1940. Hins vegar hafa þeir með vísvitandi líkamsárás á Ólaf Ottesen brotið ákvæði 218. gr. sömu laga. Sú grein er að vísu ekki nefnd í ákæruskjali, en með því að þar er greindur verknaður sá, sem greinin fjallar um, og skilyrði eru fyrir hendi samkvæmt 118. gr. laga nr. 27/1951 til þess að beita nefndri 218. gr., ber að heimfæra brot þeirra Willits og Arnars undir hana. Þar sem verknaður þessara ákærðu hafði dauða Ólafs Ottesens í för með sér og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar þeim til sakar vegna gáleysis, varðar brot þeirra einnig við 215. gr. laga nr. 19/1940, eins og ákveðið er í héraðsdómi. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um heimfærslu brots þeirra undir 1. málsgrein 220. gr. sömu laga.

Þá hefur ákærði Robert Raymond Willits gerzt sekur við þau ákvæði áfengislaga, nr. 33/1935, og laga um tollheimtu og tolleftirlit, sem í héraðsdómi greinir.

Ákærði Einar Gunnarsson hefur gerzt sekur um brot á ákvæðum 1. málsgreinar 221. gr. laga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi segir.

Refsing ákærða Roberts Raymonds Willits þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 3 ár, og tekur sú refsing einnig til brots hans gegn áfengislögum og tolllögum. Gæzluvarðhaldsvist hans skal samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, svo sem í héraðsdómi greinir. Þar sem ákærði Willits er útlendingur, sem ekki hefur hér á landi réttindi þau, sem getur í 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, verður honum ekki dæmd réttindasvipting samkvæmt því ákvæði.

Refsing ákærða Arnars Semings Andersens þykir vegna ungs aldurs hans með hliðsjón af ákvæði 2. töluliðar 74. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Gæzluvarðhaldstími hans eftir 18. marz 1953 skal koma til frádráttar refsingunni. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu, að því er til hans tekur.

Refsing ákærða Einars Gunnarssonar ákveðst fangelsi 3 mánuði, en refsing hans skal vera skilorðsbundin, svo sem segir í héraðsdómi.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði skipuðum verjanda

sínum málsvarnarlaun í héraði, kr. 3.000,00, og málflutningslaun fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 2.000,00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 1.500,00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda í héraði, kr. 3.000,00, og málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 5.500,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕ hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að ⅘ hlutum.

Það er átöluvert, að héraðsdómari eiðfesti hina ákærðu Willits og Einar.

Dómsorð:

Ákærði Robert Raymond Willits sæti fangelsi 3 ár. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans.

Ákærði Arnar Semingur Andersen sæti fangelsi 2 ár. Gæzluvarðhaldstími hans eftir 18. marz 1953 skal koma til frádráttar refsingu hans. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu hans.

Ákærði Einar Gunnarsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 3.000,00, og fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði skipuðum verjanda sínum í héraði, Guðjóni Steingrímssyni cand.

jur., málsvarnarlaun, kr. 2.000,00, og skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Einari Ásmundssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 4.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 1.500,00, og málflutningslaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda í héraði, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Reynis Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.500,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ⅕ hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að ⅘ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 18. september 1953.

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldinu gegn Robert R. Willits, starfsmanni á Keflavíkurflugvelli, Arnari Semingi Andersen verkamanni, Norðurbraut 33, Hafnarfirði, fyrir að hafa gerzt sekir um manndráp, en til vara manndráp af gáleysi, samkvæmt 211. gr., til vara 215. gr., og 220. gr., 1. mgr., hegningarlaga, nr. 19/1940, og einnig fyrir áfengis- og tóbakssmygl samkvæmt 2., sbr. 27. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, og 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 63/1937, að því er Robert R. Willits snertir, svo og gegn Einari Gunnarssyni skrifstofumanni, Freyjugötu 15, Reykjavík, fyrir brot á 221. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum svo og til greiðslu málskostnaðar, og að því er ákærðu Robert R. Willits og Arnar Seming Andersen varðar til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Þá er og þess krafizt, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Arnar Semingur Andersen verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, sbr. lög nr. 110/1951, viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, 12. gr. 2, og til greiðslu málskostnaðar.

Hinir ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Robert R. Willits fæddur 22. marz 1921 í San Fransisco, Arnar Semingur

Andersen fæddur 12. okt. 1935 og Einar Gunnarsson fæddur 20. okt. 1932.

Ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen hafa ekki, svo að kunnugt sé, sætt áður ákæru né refsingu fyrir brot á landslögum. Ákærði Einar Gunnarsson hefur 1952 fengið áminningu fyrir dómi fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og 6. gr. umferðarlaga og sætt 50 króna sekt sama ár fyrir brot á umferðarlögunum. Að öðru leyti hefur hann ekki gerzt brotlegur við landslög.

Málsatvik eru þau, sem hér skal greina, og koma heim við framburði ákærðu og vitna.

Fimmtudaginn 12. marz sl. kl. 12.30 var lögreglunni í Keflavík gert aðvart um, að maður nokkur væri inni í bifreiðinni Ö. 173 og virtist ósjálfbjarga, en bifreið þessi, sem er hálfkassabíll, stóð utan vegar við húsið nr. 10 við Kirkjuveg. Er lögreglumaður kom á vettvang, sá hann, að í bílnum sat maður í stýrissæti vinstra megin og hálfhallaði sér út af til hægri. Var hann allur storkinn blóði. Bílhurðirnar reyndust læstar, hin hægri með „smekk"-lás, en hin vinstri með „klinku". Lögreglumaðurinn kallaði til mannsins og bað hann að opna hurðina, en árangurslaust, og spennti hann því upp vinstri hurð bílsins. Maður þessi var með rænu, en máttfarinn mjög, og hið eina, sem hann gat upplýst, var nafn sitt, Ólafur Ottesen, en af skjölum hans mátti ráða, að hann ætti heima að Ánanaustum í Reykjavík og væri matsveinn á m/b Heimi, KE. 77. Héraðslæknirinn var strax sóttur til mannsins, sem flutti hann á lækningastofu sína, þar eð sauma þurfti saman skurð undir höku hans vinstra megin. Læknirinn fyrirskipaði síðan, að Ólafur skyldi fluttur á sjúkrahús, og annaðist þann flutning útgerðarmaður Ólafs, sem flutti hann á sjúkrahús Hvítabandsins. Þar dvaldist Ólafur 2 daga, en 15. marz var hann fluttur í Landspítalann, þar sem hann andaðist 24. marz sl.

Samkvæmt vottorði héraðslæknis hafði Ólafur ca. 6—7 sm langan, djúpan skurð neðan við vinstra kjálkabarð, en stórar slagæðar heilar, skurðurinn sennilega eftir eggverkfæri. Hafði maðurinn sjáanlega misst mikið blóð, var alblóðugur í andliti, skyrta alblóðug og jakki mikið blóðugur, auk þess nasaholur fullar af storknuðu blóði. Hægri ökli stokkbólginn og mjög aumur og mikil eymsli undir hægra hné, marinn á báðum upphandleggjum og á baki hægra megin og á kviði. Á hægra auga glóðarauga. Á háhnakka var stór kúla (ekki opin) og bólga. Maðurinn var rænulítill. Læknirinn hreinsaði og saumaði saman skurðinn og gerði að öðru leyti að meiðslum mannsins.

Samkvæmt vottorði Snorra Hallgrímssonar, yfirlæknis á Landspítalanum, 17. marz hafði Ólafur rænu, er hann kom á sjúkrahús Hvítabandsins á fimmtudag og var sæmilega hress á laugardag og fram á sunnudagsmorgun, en nokkuð ruglaður og mundi ekkert, hvað skeð hafði í sambandi við áverka þá, er hann hafði hlotið.

Fyrir hádegi á sunnudag versnaði ástand sjúklingsins skyndilega, og varð hann meðvitundarlaus. Þar eð læknar Hvítabandsins álitu, að um blæðingu inn á heilabúið gæti verið að ræða, var sjúklingurinn fluttur á Landspítalann. Við komu sína þangað var Ólafur djúpt meðvitundarlaus. Á höfði, utan við hægra auga, var tveggja krónu stór marblettur, á hægri ökla allmikið mar, sem náði allt í kringum öklann niður á hæl og upp á miðjan legg. Á neðanverðu vinstra kjálkabarði var 5 sm langur saumaður skurður. Hauskúpan var opnuð hægra megin, og er farið var í gegnum yztu heilahimnuna hægra megin, rann út þó nokkuð af blóði blönduðu mænuvökva, og smáblæðingar sáust á víð og dreif í yfirborði heilans undir yztu heilahimnunni. Sjúklingurinn hresstist mjög við aðgerðina, en var áfram mjög ruglaður. Um batahorfur gat yfirlæknirinn þá ekkert sagt.

Í réttarkrufningarskýrslu Níels Dungals prófessors 25. marz segir, að eftir aðgerðina hafi líðan sjúklingsins batnað lítils háttar. En 23. marz breyttist ástand hans aftur til hins verra, og 24. marz varð hann algerlega meðvitundarlaus, og andaðist hann, eins og fyrr segir, 24. marz.

Við líkskoðun sáust á líkinu hér og þar smámarblettir, gómstórir og allt upp í barnslófastórir, einkum á hægri handlegg. Allstór blæðing var á framanverðum legg frá miðju og niður á rist á hægra fæti. Á neðanverðu vinstra kjálkabarði var 5 sm langt ör með dálítið ójöfnum börðum, en það var næstum gróið. Ekki fundust brot á beinum, hvorki á útlimum né á brjósti.

Eftir krufninguna er ályktun prófessorsins sú, að banameinið hafi verið heilahristingur, sem verði að teljast afleiðing af höfuðhöggi og geti hafa hlotizt af höggi á vinstri kjálka. Lungnabólga beggja megin hafi loks gert út af við sjúklinginn, og verði hún að teljast afleiðing af áverkanum á höfði.

Við smásjárrannsókn á heila Ólafs Ottesens, er síðar fór fram, fundust miklar breytingar á heilavefnum, sams konar og þær, er vanalegt er að sjá eftir mikinn heilahristing. Voru þær svo miklar, að sennilegt verði að teljast, að þær hafi valdið verulegum truflunum á starfsemi heilans og verið *meginorsök* að dauða mannsins ásamt lungnabólgunni.

Eftir að lögreglan hafði komið Ólafi af höndum sér til Reykjavíkur, hóf hún þegar rannsókn í málinu. Við eftirgrennslun í nágrannahúsunum í kringum Kirkjuveg 10 komust lögreglumennirnir að þeirri niðurstöðu, að helzt væri að leita upplýsinga í húsinu nr. 9 A við Kirkjuveg, en þar, fréttu þeir, að hefði verið ölvunarsamkunda kvöldið áður, en hús þetta stendur 20—30 metra frá bílnum Ö. 173, er Ólafur fannst í. Er þangað kom, reyndist húsráðandinn, Jóhanna Kristjánsdóttir, ofurölvi og ekki viðmælanleg. Svavar Sigfinnsson bílstjóri gaf lögreglumönnunum þær upplýsingar kl. 19—20, að hann hefði kvöldið áður ekið Bandaríkjamanni og

Íslendingi frá Kirkjuvegi 9 A og upp á Keflavíkurflugvöll. Er hann kom til baka, hefði hann komið inn í húsið Kirkjuveg 9 A og þá séð þar fyrir í eldhúsinu húsráðandann, Jóhönnu, og mann, sem hann kannaðist við og héti Ólafur. Lögreglan ákvað þegar að gera leit í húsinu og fann þá í herbergi því, er Bandaríkjamaður leigði hjá Jóhönnu, 3 teppi með blóðslettum í. Jóhanna, sem þá var ekki eins ölvuð og fyrr um daginn, sagði lögreglunni, að Ólafur Ottesen, maður að nafni Arnar og Bandaríkjamaður, sem kallaður var „Bob", hefðu verið þar nóttina áður. Upplýsingar þessar leiddu til handtöku allra hinna ákærðu.

Um athafnir hinna ákærðu er þetta að segja:

Ákærðu Arnar Semingur og Einar höfðu haft á leigu herbergi að Kirkjuvegi 9 A frá 14. jan. til 14. febr. sl., en þá leigði húsráðandinn, Jóhanna Kristjánsdóttir, herbergið Bandaríkjamanni, ákærða Robert R. Willits. Arnar og Einar, sem báðir unnu á flugvellinum, fluttust þangað. Miðvikudaginn 11. marz fór Einar ofan af flugvelli með strætisvagni kl. 18.00, en hann ætlaði til Reykjavíkur með sérleyfisbifreið Steindórs kl. 19.15. Þar eð hann þurfti að bíða í Keflavík, fór hann til Jóhönnu Kristjánsdóttur og ákvað að bíða þar. Er hann kom þangað, sá hann, að Jóhanna var ölvuð. Er hann hafði verið þar stutta stund, kom þar Bandaríkjamaður, ákærði Robert R. Willits, og var hann drukkinn. Var þetta í fyrsta skipti, sem Willits kom í herbergi sitt, er hann hafði leigt frá 14. febrúar. Kl. um 19.00 fór Einar burt, en áður en hann fór, bað Jóhanna hann að koma við hjá sér, er hann kæmi aftur úr Reykjavík, því að hún væri „nervös" að vera ein, úr því að Bandaríkjamaðurinn væri kominn í herbergið. Einar, sem ætlaði sér að koma aftur suður með síðasta bíl frá Reykjavík, lofaði þessu. Einar hafði ekki neytt áfengis, er hann kom, og neytti þess ekki þar, þótt Willits, sem hann þekkti ekki, byði honum það. Klukkan um 20.00 kom Arnar ofan af flugvelli til Jóhönnu að Kirkjuvegi 9 A, og voru þar þá fyrir Jóhanna og Willits. Var Willits áberandi ölvaður, en Jóhanna minna. Arnar fór að boði Willits inn í herbergi hans og settist þar að drykkju með honum. Um kl. 21.00 bættist Ólafur Ottesen í hópinn, en hann var kunnugur Jóhönnu áður og góðkunningi manns hennar sáluga. Hann var mjög drukkinn og hafði með sér nær fulla flösku af brenniníni. Drakk Ólafur kaffi hjá Jóhönnu í eldhúsinu, en Willits og Arnar sátu í herbergi hins fyrrnefnda. Kl. 21.15 fóru þeir Willits og Arnar í bifreiðinni Ö. 750 upp á flugvöll að Hotel de Gink, þar sem Willits hafði herbergi, til að sækja farangur Willits. Var það m. a. teppi, málningardósir, 1—2 „karton" af vindlingum og 1 viskíflaska, og bar Willits farangur þennan út í bílinn. Arnar hafði ætlað sér að sækja farangur sinn um leið, því að honum hafði verið sagt upp vinnunni á flugvellinum, en hætti við það, þar eð hann taldi hæpið, að Willits kæmist út um hliðið með þennan varning sinn, sem sumpart var smyglvara. Ekki var leitað í bílnum í varðhliðinu, enda

svaraði Willits neitandi þeirri spurningu varðmannsins, hvort hann væri með áfengi meðferðis. Um kl. 22.30 komu þeir aftur að Kirkjuvegi 9 A, og fór bílstjórinn, Svavar Sigfinnsson, með þeim inn. Jóhanna og Ólafur voru þar fyrir í eldhúsinu, en ekki sá Svavar mikið vín á þeim, en sá glös á eldhúsborðinu og þóttist vita, að þau hefðu verið að drekka áfengi. Eftir beiðni Arnars beið bílstjórinn, því að Arnar kvaðst vilja ná í farangurstösku sína, sem geymd væri í bragga á flugvellinum. Arnar hafði ekki peninga til að greiða bílinn og fékk því kr. 150,00 lánaðar hjá Ólafi Ottesen, en áður hafði Ólafur boðizt til að greiða bílstjóranum 100 kr., sem Willits vantaði til að greiða bílstjóranum ökugjaldið og skuld frá því fyrr um daginn, en bílstjórinn þáði það ekki. Arnar ók síðan á flugvöllinn og sótti farangur sinn og ók síðan til baka að Kirkjuvegi 9 A. Var síðan setzt að drykkju þar til um kl. 23.30, að Ólafur fór og mun hafa skilið eftir yfirfrakka sinn, en Willits, Arnar og húsráðandi héldu áfram drykkjunni. Um kl. 24.00 kom Ólafur á heimili fyrrv. skipstjóra síns að Hafnargötu 50, og var kona hans þá ein heima. Ólafur var þá með brennivínsflösku vel hálfa og drakk þar úr henni, en hann var mjög drukkinn, þegar hann kom þangað. Um kl. 3.00 um nóttina fór Ólafur frá Hafnargötu 50, en ekki sagði hann húsmóðurinni, hvert hann ætlaði, né heldur hafði hann sagt henni, hvar hann hefði verið fyrr um kvöldið. Ólafur var mjög drukkinn, þegar hann fór, og slagaði mikið, er hann gekk niður götuna frá húsinu.

Víkur nú sögunni aftur að Kirkjuvegi 9 A. Um 3 stundarfjórðungum eftir að Ólafur fór, kom þangað ákærði Einar Gunnarsson, en hann hafði komið með síðasta áætlunarbíl frá Reykjavík, sem lagði þaðan af stað kl. 23.30. Hann var ódrukkinn og hafði ekki neytt víns um kvöldið. Hann sá strax, að Willits, Arnar og Jóhanna voru öll ölvuð, en karlarnir þó meira en hún. Einari var strax boðið í herbergi Willits og hellt viskí í glas fyrir hann, en ekki virðist hann hafa neytt mikils af því, eftir því sem fram hefur komið í málinu.

Allt virðist hafa farið fram í mesta bróðerni þarna um kvöldið, bæði áður og eftir að Einar kom í seinna skiptið, nema hvað Arnar virðist hafa í eitt skipti, eftir að Einar kom, skipt skapi og orðið æstur, er Arnar bað hann að skipta um sæti við sig, og hafi Arnar þá tekið upp „dolk", er hann hafði í slíðrum við belti sitt, og kastað honum á oddinn í gólfið við stól Einars.

Klukkan um 3.00 er friðurinn rofinn með því, að barið er að útidyrum. Allir hinir ákærðu bera það, að Jóhanna hafi þá verið vakandi og fylgzt með öllu, sem skeði þar á eftir við húsdyrnar, og vitað um hið annað, er síðar skeði. Jóhanna hefur neitað þessu eindregið og kveðst aldrei hafa vitað til þess, að barið hafi verið að dyrum hjá sér um þetta leyti, því að hún hafi þá verið sofnuð. Jóhanna veiktist snögglega af krabbameini, á meðan á rannsókn málsins stóð, og var lögð á sjúkrahús, þar sem hún andaðist 17. júlí sl.

Er barið var að dyrum, eins og fyrr segir, fóru allir hinir ákærðu til dyra, og var þar kominn Ólafur Ottesen og vildi komast inn. Ákærðu segja, að húsráðandi hafi ekki viljað hann inn. Ólafur mun eitthvað hafa tautað um það, að þeir væru allir að „brúka kerlinguna". Þetta þýddi Arnar á ensku fyrir Willits með þessum orðum: „This man is asking the woman, if the Icelander and the American are „fokking" the woman." Willits stóð í dyrunum milli Arnars og Einars, en Ólafur úti fyrir á stéttinni fast við dyrnar. Willits kveðst hafa reiðzt ummælum þessum og gekk fram og sló Ólaf högg á hökuna, svo að hann hrökklaðist aftur á bak og féll á jörðina. Ólafur reisti sig fljótlega upp á olnboga, og gengu þeir þá út til hans, Willits og Arnar, en Einar, sem var á sokkaleistunum, gekk inn í eldhúsið, en þar, segir hann, að Jóhanna hafi sagt sér, að maður þessi héti Ólafur og hefði verið þar fyrr um kvöldið, en Einar sá hann í fyrsta sinn nú. Einar hefur borið það, að hann hafi séð Arnar og Willits reisa Ólaf á fætur, eftir að hann hafi reist sig á olnboga sjálfur, og gengið með hann á milli sín í burtu. Arnar hefur borið það sama og sagt, að er kom út að eða út fyrir hliðið, hafi Willits slegið Ólaf aftur höfuðhögg, og hafi Ólafur þá fallið í rot. Willits segir hins vegar, að Ólafur hafi strax eftir fyrsta höggið risið á fætur og gert sig líklegan til að berja Willits, sem þá strax hafi slegið hann í rot með höfuðhöggi. Telja verður sannað, að hið síðara höggið hafi verið greitt Ólafi við hliðið, og verður það að mestu að byggjast á framburði Einars, sem frá upphafi er glöggur og skýr, enda ekki upplýst annað en hann hafi verið allsgáður, er þetta fór fram. Eftir að Ólafur féll í rot við annað höggið, fluttu þeir Arnar og Willits hann og settu hann í gamalt fiskþvottaker, sem stóð þar skammt frá, og skildu hann þar eftir. Að þessu loknu fóru þeir inn í húsið aftur. Einar heyrði á tali þeirra stuttu síðar, að manninum mundi sennilega verða kalt þarna, og innti hann þá eftir því við þá, hvar maðurinn væri. Willits sagði honum, að þeir hefðu skilið hann eftir í kassa, sem væri í tröð þar rétt hjá húsinu. Einar gekkst fyrir því, að þeir félagar færu út að hlúa að manninum, enda var kalsaveður úti og rigning, og tók hann með sér ullarteppi, er hann átti geymt hjá Jóhönnu, og fór með það út og þeir Arnar og Willits með honum. Er þeir komu að kerinu, lá Ólafur þar og var ber niður að beltisstað, og hraut hann, eins og hann væri í djúpum svefni, og segist Einar hafa haldið, að hann væri víndauður. Þeir rumskuðu við honum, og virtist hann þá vakna og tautaði eitthvað um, hvaða læti þetta væru. Ekki hefur fengizt upplýst, hvort nokkrir áverkar sáust á honum þá, enda myrkur. Einar reisti Ólaf við og breiddi yfir hann teppið og jakka hans þar yfir. Bifreiðin Ö. 173 stóð þar skammt frá, og ákváðu þeir félagar að flytja hann inn í bílinn, því að þar mundi fara betur um hann, en ekki er vitað, hver átti uppástunguna að því. Vegna þess, hve Arnar og Willits voru drukknir, tók Einar, sem var ódrukkinn, Ólaf á herðar sér og bar

hann að bílnum. Hægri hurð bílsins var lokuð með „smekk"-lás, og var hún aflæst, en hin vinstri var lokuð með „klinku", sem fest var í hurðarstafinn, og 5 tommu nagla rennt gegnum „klinkuna" og í gat, sem borað var í hurðina, og virðist sú hurð, sem er stýris megin, hafa verið opin. Einar setti Ólaf niður í dyragætt vinstra megin, og var Ólafur þá með nokkurri rænu, því að hann leitaðist við að streitast á móti, þegar þeir félagar reyndu að koma honum alveg upp í bílinn. Það var þá, að Arnar hafði á orði, að bezt væri að svæfa manninn, og kom á hann höggi á vinstri kjálka, og dasaðist Ólafur svo við það, að þeim reyndist auðvelt að koma honum upp í bílinn eftir það. Þeir félagar voru nokkuð lengi að bisa við Ólaf þarna við bílinn, og var Arnar allan tímann mjög æstur og vildi fá að koma á hann höggi, en Einar og Willits vörnuðu honum þess, þar til Einar vék sér frá og Willits var að bisa við Ólaf, að hann sá sér færi að slá hann. Einar sá ekki, er Arnar sló Ólaf, og varð ekki var við það. En Willits vissi, að Arnar sló hann, en sá ekki sjálft höggið, og getur því hvorugur þeirra borið um, hvort Arnar hafi haft „dolkinn" í hendi sér, er hann sló Ólaf. Þeir félagar verða fyrst varir við blóð úr Ólafi við bílinn, en ekki gerðu þeir sér grein fyrir, hvaðan það blóð kom. En þeir urðu allir blóðugir við að fást við Ólaf þarna við bílinn.

Arnar hefur eindregið neitað því að hafa notað „dolkinn", er hann sló Ólaf, a. m. k. kveðst hann ekki muna til þess, en hann hafi verið mjög æstur þarna við bílinn. Verður það atriði því að teljast ósannað, þótt líkur bendi til, að Arnar hafi verið sá, sem stakk Ólaf, um leið og hann sló hann, því að hann var hinn eini þeirra félaga, sem bitvopn hafði á sér.

Eftir að hafa komið Ólafi upp í bílsætið og breitt yfir hann ullarteppi, lokuðu þeir félagar bílhurðinni og fóru heim að Kirkjuvegi 9 A og skildu Ólaf eftir meðvitundarlausan í bílnum. Er heim kom, þvoðu þeir af sér blóðið, og eftir að hafa talað saman nokkra stund, gengu þeir til svefns um kl. 4.30, Willits í rúmi sínu, en Arnar og Einar hvor í sínum stól. Kl. 7.30 vaknaði Einar og fór til vinnu sinnar á flugvellinum. Er hann gekk fram hjá bílnum, sem stóð skammt frá veginum, leit hann að honum án þess að ganga alveg að honum og sá þá Ólaf ekki og segist hafa haldið, að hann væri farinn þaðan. En ekki gekk hann úr skugga um það. Willits fór að heiman um kl. 10.30 morguninn eftir, en ekki forvitnaðist hann um, hvort Ólafur væri í bílnum, er hann gekk niður götuna. Arnar fór síðastur frá Kirkjuvegi 9 A morguninn eftir, milli kl. 11 og 12. Gekk hann þá að bílnum og sá, að Ólafur lá hreyfingarlaus í framsæti bílsins, en ekki skipti Arnar sér af því og hélt leiðar sinnar án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að koma manninum til hjálpar.

Eitthvert samkomulag mun hafa verið á milli ákærðu að segjast ekkert vita, ef þeir yrðu spurðir, en framburðir þar að lútandi eru á reiki og lítt á þeim byggjandi, enda könnuðust þeir í höfuðatriðum

við skipti sín við Ólaf þegar í fyrstu dómsrannsókn, þótt framburðir þeirra Arnars og Willits væru í fyrstu mjög á reiki.

Arnar var sendur geðlækni til rannsóknar, sem hafði hann hjá sér í 38 daga. Ályktun geðlæknis var, að Arnar væri ekki geðveikur, en vitgrannur og skapgerð hans ekki fullhörðnuð.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið við rannsókn málsins og réttarkrufningu, má telja sannað, að ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen hafi orðið Ólafi Ottesen að bana með höggum þeim, er þeir greiddu honum aðfaranótt 12. marz sl. fyrir utan húsið nr. 9 A við Kirkjuveg í Keflavík og við bifreiðina Ö. 173, er stóð þar skammt frá. Þar eð ekkert hefur komið fram við rannsóknina eða réttarkrufninguna, er sanni, að neitt ákveðið högg af þeim þremur, er Ólafur hlaut, hafi sérstaklega orðið honum að fjörtjóni, verður því að álykta, að öll þrjú höfuðhöggin hafi verið samvaldandi að bana hans og hér sé um samfelldan verknað að ræða.

Hins vegar verður ekki talið, að það hafi verið ásetningur ákærðu Willits og Arnars að bana Ólafi með höggum þessum, en hins vegar er ekki heldur hægt að líta svo á, að höggin hafi verið neyðarvörn eða sjálfsvörn, enda báðir ákærðu ungir menn og röskir, en Ólafur við aldur, 61 árs, er hann lézt.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að dauði Ólafs Ottesens hafi hlotizt af gáleysisverknaði ákærðu Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens, og beri því að heimfæra þetta brot þeirra undir 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá hafa og hinir sömu gerzt brotlegir gegn 220. gr., 1. mgr., sömu laga með því að hafa yfirgefið Ólaf Ottesen í bílnum um hánótt, eftir að hafa komið honum í það ástand, að hann gat enga björg sér veitt.

Þá hefur og Robert R. Willits gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 27. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, og 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 63/1937, með því að fara út af flugvelli í óleyfi með 1 flösku af viskí og 1—2 „karton" af vindlingum.

Með tilliti til ófyrirleitinnar framkomu þeirra Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens við Ólaf Ottesen, sem var við aldur, og skeytingarleysis þeirra, eftir að verknaðurinn var framinn, þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár, en til frádráttar refsingunni komi fullur gæzluvarðhaldstími þeirra Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens, en Willits sat í gæzluvarðhaldi frá 13.—19. marz og aftur frá 25. marz til 15. maí, en Arnar frá 13.—19. marz og aftur frá 25. marz til 22. maí, en af þeim tíma var hann til athugunar hjá geðlækni frá 14. apríl til 22. maí, sem telja verður með gæzluvarðhaldstímanum. Auk þess greiði Robert R. Willits 300 króna sekt til ríkissjóðs fyrir áfengis- og tóbakssmygl. Þá skulu þeir og sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærði Einar Gunnarsson hefur að áliti dómarans gerzt brotlegur

við 221. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að skilja Ólaf eftir bjargarlausan í bifreiðinni og hirða ekki um að ganga úr skugga um, hvort hann væri enn í bifreiðinni, er hann gekk fram hjá morguninn eftir. Með tilliti til prúðmannlegrar framkomu ákærða undir rannsókn málsins og sannleiksgildis framburðar hans frá því fyrsta, sem og með tilliti til þess, að leggja ber mat hans sjálfs á ástandi Ólafs til grundvallar hegðunar hans, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, haldin.

Ólafur heitinn átti tvo óskilgetna syni, Björn og Gunnar Þorgeir, og leitaði dómarinn eftir því, hvort þeir mundu gera skaðabótakröfur í málinu, og óskaði eftir því við hlutaðeigandi yfirvöld, að væntanlegar bótakröfur yrðu rökstuddar. Krafa um bætur, að upphæð kr. 15.000,00, kom frá Gunnari Þorgeiri, en engin krafa hefur komið frá Birni. Kröfu sína rökstyður Gunnar Þorgeir með því, að hann hafi erfðarétt eftir föður sinn, sem hafi verið fullvinnufær, er hann andaðist, og hefði orðið það næstu árin.

Nú mun Ólafur heitinn hafa verið nær eignalaus, er hann andaðist, og að sjálfsögðu er ómögulegt að segja um, hve lengi svo roskinn maður hefði orðið vinnufær, hefði hann lifað. Dómarinn lítur enn fremur svo á, að svipting arfsvonar skapi ekki skaðabótarétt, a. m. k. ekki í þessu tilfelli, og þykir því rétt að vísa bótakröfu þessari frá dómi.

Hina ákærðu ber að dæma til þess að greiða skipuðum verjendum sínum, sem jafnframt voru réttargæzlumenn þeirra undir rannsókn málsins, málsvarnarlaun sem hér segir: ákærði Robert R. Willits Sigurði Ólasyni hrl. kr. 2.000,00, ákærði Arnar Semingur Andersen Guðjóni Steingrímssyni cand. jur. kr. 2.000,00 og ákærði Einar Gunnarsson Ragnari Jónssyni hrl. kr. 1.500,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ¼ hluta, en ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen að ¾ hlutum in solidum.

Ákærðu greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Dómsorð:

Ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen sæti fangelsi í 3 ár. Auk þess greiði Robert Raymond Willits kr. 300,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Gæzluvarðhald ákærðu Roberts Raymonds Willits og Arnars Semings Andersens komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra, svo sem segir í forsendum dómsins.

Báðir eru frá birtingu dóms þessa að telja sviptir kosningar-

rétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Einar Gunnarsson sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, haldin.

Fram kominni skaðabótakröfu vísast frá dómi.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 2.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar cand. jur., kr. 2.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.500,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að ¼ hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að ¾ hlutum.

Ákærðu greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1954.

Nr. 37/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hdl.)
gegn
Olíufélaginu h/f (Vilhjálmur Jónsson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Farmflutningur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1952, krefst sýknu og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. marz 1952. Gerir hann þessar dómkröfur:

Fyrsta krafa: að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 419.451,23 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 370.561,04 frá 24. ágúst 1949 til 21. nóvember s. á. og af kr. 419.451,23 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Önnur krafa: að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó svo, að málskostnaður og sjóveðréttur verði dæmdur svo sem í fyrstu kröfu greinir.

Þriðja krafa: að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 354.406,43 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. ágúst 1949 til greiðsludags svo og málskostnað og sjóveðrétt eins og í fyrstu kröfu greinir.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna í málinu og vitni verið leidd. Hinn 27. apríl 1953 dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 22. s. m. verkfræðingana Ásgeir Þorsteinsson og Benedikt Gröndal og Guðmund Arnlaugsson cand. mag., menntaskólakennara, til þess að kveða upp fræðilegt álit um það, hvort benzín það og olía, sem fermt var í v/s Þyril í Hvalfirði hinn 22. ágúst 1949, hafi komið mengað úr landi eða mengunin orðið um borð í v/s Þyrli. Hinir sérfróðu menn hafa skilað rækilegri álitsgerð hinn 30. maí 1953 og framhaldsálitsgerð hinn 30. júní s. á. Þeir hafa skoðað og teiknað tengimynd af öllu pípukerfi frá geymum benzín- og olíustöðvarinnar í Hvalfirði út á bryggjusporð svo og af pípukerfi v/s Þyrils. Ber teikningin með sér, að ekkert samband er í landi eða á bryggju milli benzínpípna og olíupípna. Hinir sérfróðu menn hafa merkt einkennisstöfum hina ýmsu loka á pípukerfi v/s Þyrils. Greina þeir á teikningu og skýrslu þá loka, sem opnir þurfa að vera, er benzíni er dælt í geyma skipsins nr. I og II og olíu er dælt í geymana nr. III og IV. Síðan segja þeir: „Möguleikar til blöndunar á benzíni og olíu við fermingu eru þessir:

I. að loki G sé skilinn eftir opinn,
II. að lokar 4 og 5 séu skildir eftir opnir,
III. að lokar 3, 8 og 5 séu skildir eftir opnir.

Möguleikar til þess, að benzín og olía blandist eftir fermingu, eru hinum sömu skilyrðum háðir og hér var talið, en auk þess, að botnlokar geymanna standi opnir, eftir að ferming skipsins hefur farið fram. Lokar geta að sjálfsögðu einnig verið óþéttir vegna bilana eða vegna þess að óhreinindi komast milli lokaspjalda og sæta."

Sérfræðingarnir hafa gert grein fyrir mengunarmöguleikum, sem hafa getað átt sér stað, og gert yfirlitsteikningu um þá. Eru niðurstöður þeirra þessar: „Eins og áður er tekið fram, virðist um það enginn ágreiningur, að benzín það og olía, sem losað var úr skipinu, hafi verið mengað. Það virðist ekki heldur vera ágreiningur um það, að blöndun á benzíni og olíu hafi ekki átt sér stað á leiðinni eða við losun. Sömuleiðis virðist enginn ágreiningur um það, að blöndun hafi ekki getað átt sér stað á leið vökvanna frá geymum olíustöðvarinnar til skipsgeymanna. Eru þá aðeins eftir tveir möguleikar til blöndunar, þ. e. 1) að benzín og olía hafi verið mengað í geymum olíustöðvarinnar, áður en byrjað var að ferma skipið, 2) að blöndun hafi átt sér stað, um leið og ferming skipsins fór fram, vegna opinna eða óþéttra loka í pípukerfi skipsins."

Um 1) „Hefði benzín og olía verið mengað, áður en byrjað var að ferma skipið, og alger blöndun þegar átt sér stað, verður að álykta, að mengun hefði orðið sú sama í I og II geymi, þar eð sami vökvi rann í geymana, gengið út frá því, að lokar pípukerfisins væru rétt stilltir. Á sama hátt hefði mengun olíu í III og IV geymum átt að vera sú sama, þar eð í þá rann sami vökvinn.

Eins og sést á yfirliti um mengun, getur ekki hafa verið sama mengun í I og II geymum né heldur í III og IV geymum m/s Þyrils þ. 22. ágúst 1949, þar sem mesta mengun í I og II saman (19.5%) er minni en minnsta mengun í II (28%) og mesta mengun í III og IV saman (15.8%) minni en minnsta mengun í III (16.8%).

Samkvæmt rskj. no. 49/926—28 um sýnishorn úr geymi no. 21 í Hvalfirði (sýnishornin tekin 6/9 1949) var dieselolían ómenguð, og sama gildir um rskj. 49/927—29 um sýnishorn úr geymi no. 40."

Um 2) ..... „samkvæmt yfirlitinu hefur olíumengun í benzíni í I og II geymum m/s Þyrils þ. 22. ágúst 1949 getað verið milli 587 og 1010 hektólítra og benzínmengun í gasolíu í III og IV geymum sama dag getað verið milli 474 og 896 hektólítra.

Ekkert skal fullyrt um það, hvor mörkin megi teljast sennilegri, og ekkert er því til fyrirstöðu, að jafnmikið magn af olíu hafi mengað benzínið sem benzín gasolíuna (sameiginlegt mengunarsvið milli 587 og 896 hl)."

Samkvæmt sérfræðiathugun þeirri, sem að framan er rakin, virðist eini möguleikinn til mengunar í landi hafa verið sá, að benzín í benzíngeymunum á Hvalfjarðarstöðinni hafi verið mengað olíu, áður en v/s Þyrill var fermdur 22. ágúst 1949, án þess að blöndun benzíns og olíu hafi haft tíma til að verða alger, og jafnframt, að olía í olíugeymum stöðvarinnar hafi mengazt með benzíni, áður en fermt var, og sú blöndun hafi ekki heldur haft tíma til að verða alger, enda er hér þess að gæta, að sérfræðingarnir telja, svo sem sagt var, að ekkert samband hafi verið milli benzíngeyma og olíugeyma á stöðinni. Ekkert er fram komið, sem bendi til, að slík ófullkomin samtíma-mengun hafi orðið annars vegar í benzíngeymum og hins vegar í olíugeymum stöðvarinnar. Sýnishorn af benzíni og olíu, sem tekin hafa verið til rannsóknar, leiða og ákveðnar líkur gegn svo stórfelldri mengun í benzín- og olíustöðinni sem þeirri, er reyndist í farmi Þyrils. Svo sem frá er skýrt í héraðsdómi, kváðu yfirmatsmenn þeir, sem dómkvaddir voru hinn 19. desember 1950, að vísu athuganir sínar benda til þess, að blöndun benzíns og olíu hefði ekki átt sér stað í v/s Þyrli við ferminguna, en þeir hafa nú lýst því fyrir dómi, að þeir vilji ekki fullyrða, að mengunin hafi ekki orðið í skipinu. Verða því þrátt fyrir álitsgerð þeirra að teljast veigamiklar líkur fyrir því, að mengun sú, sem í málinu greinir, hafi orðið um borð í v/s Þyrli. Gegn þessum líkum hafa ekki af hendi aðaláfrýjanda verið færðar hlutlægar sönnur að því, að gengið hafi verið réttilega við ferminguna 22. ágúst 1949 frá lokum þeim í skipinu, sem varna eiga því, að samruni benzíns og olíu verði við fermingu, enda eru til

frásagnar um lokun lokanna þeir einir, sem eiga gerðir sínar að verja.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., hefur Olíufélagið h/f hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 2. marz 1950, gegn Pálma Loftssyni forstjóra f. h. Skipaútgerðar ríkisins hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 22. ágúst 1949 fermdi olíuskip stefnda, m/s Þyrill, benzín og hráolíu í Hvalfirði. Var olían og benzínið tekið úr geymum stefnanda þar, og átti að flytja farminn til Akureyrar, Húsavíkur og Raufarhafnar. Var benzínið fermt í fremri geyma skipsins nr. I og II, en olían í aftari geymana nr. III og IV. Ferming fór þannig fram, að leiðslur olíustöðvar stefnanda í Hvalfirði voru tengdar við skipið, fyrir benzín að framan, en fyrir hráolíu að aftan. Ferming fór samtímis fram bæði á benzíninu og olíunni, og er talið, að hún hafi hafizt kl. 19.45 og verið lokið kl. 22.40. Af benzíni var fermt í skipið ca. 300.000 kg. Átti stefnandi benzín þetta ásamt Olíuverzlun Íslands h/f. Var ætlunin, að benzíninu yrði skipt á affermingarhöfnum þannig, að stefnandi fengi sem næst 250.000 kg, og skyldu þau flutt til Akureyrar, en Olíuverzlunin 50.000 kg, er flytja átti til Húsavíkur. Samkvæmt viðurkenningu skipstjórans á m/s Þyrli, dags. 22. ágúst 1949, kvittar hann fyrir móttöku 250.000 kg af mótorbenzíni frá stefnanda vegna benzíngeymisins á Akureyri. Hráolíuna, sem skipið tók í Hvalfirði í umrætt skipti, átti að flytja til Húsavíkur og Raufarhafnar, en h/f Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h/f voru eigendur hennar. Stefnandi heldur því fram og telur það sannað, að benzínið, sem fermt var í Hvalfirði, hafi eingöngu verið tekið af geymi nr. 5 í olíustöðinni þar. Virðist eftir því, sem fram hefur komið, að benzínið hafi runnið óslitið til skipsins, frá því að ferming hófst og þar til henni var lokið. Hráolían, sem fermd var, var fyrst tekin úr

geymi nr. 21, en síðan úr geymi nr. 40. Við fermingu hráolíunnar var fyrst notaður rennslismælir, sem var þannig fyrir komið, að hann var settur á aukaleiðslu, sem tekin var út úr aðalleiðslunni og leidd inn í hana aftur, en þegar mælirinn er notaður, er lokað fyrir aðalleiðsluna á þeim stað, þar sem aukaleiðslan liggur úr henni. Meðan á fermingunni stóð, bilaði rennslismælirinn. Þegar bilunin varð, var lokað alveg fyrir olíurennslið, meðan verið var að setja leiðsluna í samband við annan geymi, og lokað fyrir auka- eða hliðarleiðsluna, sem mælirinn var á. Er þetta hafði verið gert, var opnað fyrir aðalleiðsluna og olían látin renna til skips eftir henni án þess að vera mæld með rennslismæli. Það er ekki vitað, hve lengi olíurennslið til skipsins stöðvaðist af þessum ástæðum, en ætla má, að það hafi verið um 15—20 mínútur. Eftir því, sem fram hefur komið, rann benzín alltaf samtímis í geyma nr. I og II nema nokkrar mínútur fyrst í stað, að það hefur aðallega runnið í geymi nr. II. Síðan rann það samtímis í geymana, þar til eins mikið var komið í geymi nr. II og í hann átti að fara. Var þá lokað fyrir hann og eftir það látið renna aðeins í geymi nr. I, þar til fermingu benzínsins var lokið. Hinn 24. ágúst 1949 kom m/s Þyrill til Akureyrar, og samdægurs kl. 16.45 var hafin dæling á benzíni úr geymum skipsins nr. I og II í nýjan geymi, er stefnandi átti þar. Var dælingu lokið kl. 20, og var geymir nr. I þá tómur, en eftir í geymi nr. II voru 3'08". Geymar nr. III og IV voru ekki hreyfðir. Reyndist magnið, sem dælt var úr skipinu í hinn nýja geymi á Akureyri, 256.982 kg. Hélt skipið síðan til Húsavíkur og kom þangað fimmtudaginn 25. ágúst 1949. Var þá fyrst dælt úr skipinu í geymi í landi því, sem eftir var af benzíni í geymi nr. II, og var losað benzínmagn talið vera 50.160 kg. Þá var hafin dæling á hráolíu úr geymi nr. III og affermt úr honum 64.558 kg. Samdægurs sigldi skipið síðan til Raufarhafnar, og var þar affermt það, sem eftir var í geymum nr. III og IV af hráolíu. Þegar umrædd vara var komin á ákvörðunarstað, kom fljótlega í ljós, að benzínið var mengað með hráolíu og hráolían hins vegar menguð með benzíni. Stefndi hefur hinn 31. ágúst 1949 verið búinn að fá vitneskju um það, að eitthvað hafi verið athugavert við farminn, þegar norður kom, því að þann dag fóru þrír menn eftir beiðni hans upp í Hvalfjörð til athugunar á olíustöð stefnanda þar. Tóku þeir sýnishorn úr geymi nr. 5 (merkt N 5) á tvo eins gallóns brúsa og flöskur. Þá tóku þeir og sýnishorn úr benzíngeymi nr. 6, eins gallóns brúsa og eina flösku. Fengu þeir þær upplýsingar, að bifreiðabenzín hefði ekki verið geymt á öðrum geymum stöðvarinnar að undanförnu. Loks tóku þeir sýnishorn úr bryggjuleiðslu. Voru sýnishorn þessi afhent Atvinnudeild Háskólans til rannsóknar, er þeir komu til Reykjavíkur úr förinni. Samkvæmt vottorðum Atvinnudeildarinnar, dags. 5. september 1949, varð niðurstaða rannsóknarinnar sem hér segir: Stigeiming á 100 ml, sýnishorn auðkennt 5, afgangur 2½ ml. Stigeiming á öðrum 100

ml, sýnishorn auðkennt 5, afgangur 3 ml. Stigeiming á 100 ml, sýnishorn auðkennt 6, afgangur 3½ ml. Og loks stigeiming á 100 ml ómerkts sýnishorns, afgangur 3½ ml. Var stigeimingin framkvæmd í venjulegum stigeimingartækjum með „standard Englerkolbu", en ekki að öllu leyti í „standard" tækjum.

Hinn 5. september 1949 varð það að samkomulagi milli stefnda, stefnanda, h/f Shell á Íslandi og Olíuverzlunar Íslands h/f að fela Atvinnudeild Háskólans að láta taka sýnishorn úr geymum þeim, sem benzínið og hráolían var sett á úr Þyrli á Akureyri og Húsavík, svo og úr geymi á Ísafirði, sem benzín, er m/s Þyrill hafði tekið til flutnings þangað úr Hvalfirði hinn 26. júlí 1949, hafði verið sett á. Segir í samkomulagi þessu, að sýnishornin skuli tekin á þann hátt, er Atvinnudeildin telur tryggan, til að sýnishornin sýni við rannsókn deildarinnar rétta mynd af innihaldi hvers geymis, þegar sýnishornin eru tekin. Bar að skoða þannig tekin sýnishorn sem fulla sönnun fyrir innihaldi geymanna á greindum tíma. Þá segir enn fremur í samkomulagi þessu, að rannsókn hafi þegar farið fram á benzíni hjá Atvinnudeild Háskólans úr geymum þeim í Hvalfirði, sem benzínið var tekið úr, og leiðslunum frá þeim og þau sýnishorn séu viðurkennd sem rétt mynd af innihaldi geymanna og leiðslnanna, þegar sýnishornin voru tekin. Þá varð loks samkomulag um það að taka sýnishorn af olíunni úr Hvalfirði og láta rannsaka þau á sama hátt og hafður var við rannsókn benzínsins.

Samkvæmt samkomulagi þessu tóku tveir dómkvaddir menn sýnishorn úr geymi þeim á Akureyri, sem benzíninu úr m/s Þyrli hafði verið dælt á. Tvö sýnishorn voru tekin, annað við yfirborð benzínsins gegnum lok á þaki geymisins, en hitt við botn hans gegnum aftöppunarleiðslu. Hvort sýnishorn var sett í 5 þriggja pela flöskur og þær innsiglaðar með merki bæjarfógeta og þær merktar til aðgreiningar með orðunum „tekið við yfirborð", „tekið við botn". Samkvæmt vottorði Atvinnudeildar Háskólans, dags. 13. sept. 1949, er niðurstaða rannsóknar sýnishorns þess, sem við yfirborð var tekið, að afgangur hafi orðið 15 ml við stigeimingu 100 ml. Þá virðast bæði stefnandi og stefndi hafa sent Atvinnudeildinni sýnishorn til rannsóknar af benzíninu á Akureyrargeyminum, og er niðurstaða rannsóknanna á þeim sýnishornum hin sama og á áðurgreindu sýnishorni. Í samræmi við fyrrgreint samkomulag voru einnig tekin sýnishorn úr benzín- og olíugeyminum á Húsavík og olíugeyminum á Raufarhöfn svo og úr benzíngeyminum á Ísafirði og þau send Atvinnudeildinni til rannsóknar. Samkvæmt yfirliti Atvinnudeildarinnar um rannsóknir á sýnishornunum segir, að stigeiming og eðlisþyngd benzíns frá Ísafirði bendi til 2—3% mengunar með hráolíu, benzíns frá Akureyri til 10—15% mengunar og benzíns frá Húsavík til 15—20% mengunar. Þá segir enn fremur í yfirlitinu, að mengun hráolíu með benzíni á Húsavík sé ca. 10% og á Raufarhöfn 5—10%.

Stefnandi, sem var eigandi benzíns þess, sem flutt var til Akureyrar í áðurgreindri för m/s Þyrils, telur, að það hafi verið með öllu óhæft til notkunar vegna mengunar þess með hráolíu og eina hugsanlega leiðin til að fá eitthvað fyrir það hafi verið sú að selja benzínið úr landi til aðilja, er gat hreinsað það. Þetta hafi verið gert, og verður síðar vikið að því. Þá telur stefnandi sannað, að benzínið hafi verið ómengað, er það var fermt í m/s Þyril í Hvalfirði, og það hafi vegna aðgæzluskorts skipverja blandazt hráolíu á leið skipsins til Akureyrar eða við fermingu í Hvalfirði. Af þessari ástæðu beri stefnda að bæta allt það tjón, er hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Gerir stefnandi eftirfarandi grein fyrir kröfum sínum: Í fyrsta lagi beri stefnda að greiða andvirði hins mengaða benzíns, er stefnandi telur, að hafi numið 359.768 lítrum. Á þeim tíma, sem benzínið kom til Akureyrar, hafi útsöluverð á benzíni þar verið kr. 1,03 lítrinn. Nemi andvirðið því kr. 370.561,04. Í öðru lagi kveður stefnandi, að hann eigi allmargar benzínstöðvar í nágrenni Akureyrar, sem hann birgi upp með benzíni þaðan. Hann kveðst hafa orðið að geyma hið mengaða benzín í geymi sínum á Akureyri frá 24. ágúst til 21. nóvember 1949. Á þessu tímabili hafi hann engar birgðir getað haft á Akureyri og því orðið að kaupa samtals 684.992 lítra af benzíni á útsöluverði af h/f Shell á Íslandi til þess að birgja upp benzínstöðvar sínar. Mismuninn á kostnaðarverði og útsöluverði benzíns á Akureyri telur stefnandi kr. 0,20 fyrir lítra. Nemi tap hans af þessari ástæðu kr. 65.044,80. Samanlagðar nema greindar fjárhæðir kr. 435.605,84. Stefnandi kveður, að framkvæmdastjóri sinn hafi tekizt ferð á hendur til Englands í því skyni að selja hið mengaða benzín. Þar hafi honum tekizt að selja það fyrir kr. 49.303,05. Hins vegar hafi flutningsgjald, vátrygging og annar kostnaður við flutning benzínsins og sölu þess til Englands numið kr. 33.148,44. Hagnaður af benzínsölunni hafi því orðið kr. 16.154,61, er draga beri frá kr. 435.605,84. Hefur stefnandi krafizt þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum mismun þessara fjárhæða, kr. 419.451,23, auk 6% ársvaxta af kr. 370.561,04 frá 24. ágúst til 21. nóvember 1949 og af kr. 419.451,23 frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 354.406,43 auk 6% ársvaxta frá 24. ágúst 1949 til greiðsludags. Reisir stefnandi varakröfuna á því, að yrði ekki talið fullsannað, að skipverjar á m/s Þyrli hefðu orðið valdir að tjóninu, þá bæri stefndi ábyrgð á því samkvæmt 147. gr. siglingalaga, nr. 56 frá 1914. Kemur fjárhæð varakröfunnar þannig fram, að frá andvirði hins mengaða benzíns á Akureyri, kr. 370.561,04, dregur hann nettóandvirði, er fékkst við sölu benzínsins úr landi, kr. 16.154,61. Þá hefur stefnandi krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, þar með talinn matskostnað, eftir mati dómsins, hvort sem aðalkrafan eða

varakrafan yrði tekin til greina. Loks krefst stefnandi sjóveðréttar í m/s Þyrli fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega* að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt krafðist hann úr hendi stefnanda málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, ferðakostnaðar o. fl., kr. 44.785,00 eða eftir mati dómsins. *Til vara* hefur stefndi krafizt þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar niður í kr. 273.694,22 eða eftir mati dómsins. Loks krafðist hann þess, að vextir yrðu aðeins reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður til stefnanda fari eftir mati dómsins. Fjárhæð varakröfunnar miðar stefndi við það, að ekki komi til mála, jafnvel þó að hann yrði talinn bótaskyldur, að honum beri að greiða meira en kostnaðarverð benzínsins á Akureyri, en það sé 20 aurum lægra lítrinn en útsöluverðið. Hafi kostnaðarverðið því numið kr. 296.448,80. Þá hefur stefndi mótmælt tveimur kostnaðarliðum, símakostnaði, að fjárhæð kr. 600,00, og þátttöku í ferðakostnaði, að fjárhæð kr. 6.000,00, vegna sölu benzínsins úr landi. Telur hann, að nettóhagnaður af sölunni hafi því numið samtals kr. 22.754,61, er koma eigi til frádráttar kostnaðarverðinu, og kemur þá fram fjárhæð varakröfunnar.

Sýknukröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að kvörtun út af mengun benzínsins í m/s Þyrli hafi komið of seint fram, og vísar því til stuðnings til 153. gr. siglingalaganna.

Stefnandi hefur mótmælt þessari sýknuástæðu stefnda og talið, að kvörtun hafi borizt honum nægilega fljótt.

Ákvæði umræddrar greinar eiga hér ekki við, þar sem ekki verður talið, að stefnanda hafi mátt gruna af líkindum, er m/s Þyrill kom til Akureyrar, að benzínið væri spillt. Var ekki eðlilegt, að mengun benzínsins kæmi í ljós, fyrr en tekið var að nota það, eftir að norður kom. Svo sem áður er fram komið, mun stefnda hafa verið kunnugt um mengun benzínsins hinn 31. ágúst 1949, og með bréfi, dags. 1. september 1949, kvartar stefnandi yfir því við stefnda, að komið hafi í ljós, þegar farið var að nota benzínið, að það hafi reynzt gersamlega ónothæft vegna þess, að hráolía virðist hafa blandazt saman við það í skipinu. Segir stefnandi enn fremur í bréfinu, að hann telji stefnda sem eiganda m/s Þyrils bera gagnvart honum fulla ábyrgð á því tjóni beinu og óbeinu, er leiða kunni af skemmdunum. Telja verður, að eftir því sem á stóð, hafi stefnandi kvartað nægilega snemma við stefnda út af mengun benzínsins á Akureyri, og hefur því umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ekkert farmskírteini hafi verið gefið út um benzínið. Áðurgreinda viðurkenningu skipstjórans beri aðeins að skoða sem viðtökuskírteini fyrir benzíninu, og komi því ekki reglur siglingalaganna um farmskírteini til greina um flutninginn, heldur venjulegar reglur stefnda um farmflutninga. Hefur stefndi lagt fram óútfyllt prentað fylgibréf, sem stefndi notar við vöruflutninga innan lands. Er meðal annars

prentað á fylgibréf þetta, að sendandi og viðtakandi séu háðir þeim reglum um flutning á skipum útgerðarinnar, sem prentaðar eru á farmskírteini hennar, en til viðbótar og frekari áherzlu þess, sem greinir í ákvæðum farmskírteinanna, er tekið fram, að útgerðin taki ekki ábyrgð á neinu því tjóni, sem vörueigendur geta tryggt sig gegn með venjulegri sjóvátryggingu samkvæmt W.A.-skilmálum. Í hinum prentuðu farmskírteinum útgerðarinnar sé klausa þess efnis, að skipstjóra sé ókunnugt um innihald og ásigkomulag, þyngd, mál og verðmæti á vörum, sem teknar séu til flutnings. Þá telur stefndi, að venjulegt sé að vátryggja benzín- og olíufarma gegn skemmdum (contamination), og sé hann því einnig samkvæmt hinum prentuðu skilmálum fylgibréfanna laus við ábyrgð. Enn telur stefndi í þessu sambandi, að verði ekki litið svo á, að um flutning benzínsins hafi farið eftir framangreindum reglum útgerðarinnar, þá eigi að gilda um flutninginn venjulegar reglur um olíuflutninga. Hefur hann lagt fram nokkur erlend farmskírteini olíuskipa, og er í þeim öllum tekið fram, að þyngd, magn, ástand og gæði sé óþekkt.

Stefnandi hefur andmælt öllum varnarástæðum stefnda, sem raktar hafa verið hér að framan. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ekki komi til mála, að um flutninginn gildi reglur fylgibréfa og farmskírteina stefnda um venjulega farmflutninga hans, sem ekki hafi verið skráðar á viðtökuskírteini skipstjórans fyrir benzíninu. Því síður, telur stefnandi, að til mála komi, að um flutninginn gildi venjulegar reglur erlendra farmskírteina um olíuflutninga. Loks hefur hann mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að venjulegt sé í olíuflutningum að vátryggja farm gegn skemmdum (contamination). Sérstaklega andmælir hann því, að venja sé fyrir hendi hérlendis um að vátryggja olíufarma gegn skemmdum í innanlandsflutningum.

Staðhæfing stefnda um tilvist venju um tvö síðastgreind atriði er allsendis ósönnuð gegn mótmælum stefnanda. Á viðurkenningu skipstjórans fyrir móttöku benzínsins til flutnings eru ekki skráð nein skilyrði fyrir flutningnum eða vísað til neinna reglna, sem um hann skuli gilda. Þykir því einsætt, að um flutning benzínsins gildi venjulegar reglur siglingalaganna um farmflutninga. Hafa því umræddar varnarástæður stefnda ekki við rök að styðjast.

Í þriðja lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að mengun benzínsins hafi ekki orðið vegna galla á skipinu eða vanrækslu skipverja. Bendir hann þessu til stuðnings á skýrslur skipstjóra og skipverja m/s Þyrils fyrir dómi svo og möt og álitsgerðir, er síðar verða raktar. Jafnframt telur hann, að tæknilegir ómöguleikar hafi verið á því, að mengun hafi átt sér stað í skipinu.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að sannað sé, að benzínið hafi verið ómengað, er það var fermt í skipið í Hvalfirði, en mengað, er það var affermt á Akureyri. Hafi mengunin því hlotið að verða í skipinu og á ábyrgð stefnda.

Hinn 8. september 1949 voru í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur tveir menn dómkvaddir til þess að rannsaka, hvort olíugeymar, leiðslur og kranar m/s Þyrils væru í fullu lagi, svo að ekki læki milli geymanna eða blöndun gæti átt sér stað vegna bilana. Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu manna gerðu þeir hinn 9. september 1949 lekaprófun á skilrúmum olíugeyma, leiðslum og ventlum í skipinu. Var niðurstaða skoðunargerðarinnar sú, að öll skilrúm reyndust þétt og ekki fannst neins staðar leki á olíugeymum skipsins, olíuleiðslum né ventlum á þeim. Þykir með skoðunargerð þessari, sem ekki hefur verið hnekkt, sannað, að blöndun benzíns með hráolíu verði ekki rakin til galla á útbúnaði skipsins.

Samkvæmt skoðunar- og álitsgerð tveggja dómkvaddra manna, dags. 18. maí 1950, um leiðslur frá geymum í olíustöðinni í Hvalfirði, segjast skoðunarmennirnir hafa kynnt sér leiðslur frá benzín- og olíugeymum í stöðinni og teikningar yfir leiðslurnar. Segir svo í skoðunargerð þessari: „Frá geymunum niður að bryggju eru leiðslurnar grafnar í jörð og því aðeins sjáanlegar við ventla þá, sem standa upp úr. Benzíngeymarnir standa í fjallshlíðinni norðvestan bryggjunnar, en olíugeymar á melhrygg í norðausturátt frá bryggjunni. Samkvæmt teikningunum er ekkert samband milli leiðslna, sem flytja olíu og benzín, og ventlar þeir, sem sjáanlegir eru ofan jarðar, staðfesta teikningarnar í öllum atriðum. Á bryggjunni eru allar leiðslur ásamt mælum, síum og ventlum sýnilegar, og gengum við úr skugga um, að hvergi væri samband milli benzín- og olíuleiðslna þar. Samkvæmt ofangreindu teljum við engan möguleika á, að blöndun á olíu og benzíni geti átt sér stað í leiðslukerfi stöðvarinnar, þegar tekið er úr geymunum, ef barkaslöngur til skips eru tengdar við rétta stúta á bryggjuhaus og ekki er olía í benzíngeymum eða benzín í olíugeymum."

Hinn 7. október 1950 voru á bæjarþingi Reykjavíkur tveir menn dómkvaddir til þess að segja álit sitt um athugasemdir, er þá höfðu komið fram í málinu frá stefnda varðandi tæknilega möguleika á því, hvort blöndun benzíns og olíu hefði getað átt sér stað í m/s Þyrli. Samkvæmt álitsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 16. okt. 1950, yfirfóru þeir fyrrgreindar athugasemdir og önnur skjöl málsins, er lögð höfðu verið fram, er álitsgerðin var samin. Niðurstaða greindrar álitsgerðar hljóðar svo: „Ef mælingar og tölur þær, sem okkur eru kunnar og notaðar hafa verið í þessari álitsgerð, eru réttar, fáum við ekki séð, að blöndun á benzíni og olíu hafi getað átt sér stað í flutningi eða við losun farmsins.

Hins vegar sjáum við ekki, að það rekist á neinar tölur eða mælingar, að blöndun hafi orðið við fermingu í Hvalfirði."

Eftir beiðni stefnda voru hinn 19. desember 1950 dómkvaddir þrír hæfir og óhlutdrægir kunnáttumenn til þess að yfirfara síðastnefnda álitsgerð ásamt öðrum gögnum, sem fyrir lágu í málinu, og láta alveg sérstaklega uppi álit sitt um síðari málsgreinina í niður-

stöðu álitsgerðarinnar. Niðurstöður álitsgerðar þessara þriggja manna eru á þá leið, að þeir eru sammála undirmatsmönnum og samþykkir röksemdafærslu þeirra á því, að blöndun hráolíu og benzíns hafi ekki getað átt sér stað í m/s Þyrli á leið skipsins frá Hvalfirði til hafna norðan lands eða við losun skipsins. Þykir því rétt að leggja niðurstöður greindra álitsgerða til grundvallar um það, að blöndun benzíns og olíu hafi ekki orðið í flutningi eða við losun, enda muni við ferminguna hafa verið lokað fyrir inntaksventla hvers einstaks geymis, eftir að í hann hafði verið látið það magn, er til var ætlazt. Hins vegar er niðurstaða yfirmatsmanna varðandi möguleika á blöndun í skipinu við fermingu þess í Hvalfirði gagnstæð áðurgreindri niðurstöðu undirmatsmannanna. Telja yfirmatsmennirnir í álitsgerð sinni, að athuganir þeirra bendi til, að blöndun benzíns og hráolíu hafi ekki heldur átt sér stað í skipinu við fermingu þess í Hvalfirði. Byggja þeir þessa niðurstöðu í fyrsta lagi á því, að þeir telja, að samkvæmt útreikningum sínum hafi verið 274 hl meira af benzíni í hráolíunni en af hráolíu í benzíninu. Mælingum olíustöðvarinnar í Hvalfirði á magni benzíns og olíu, sem afgreitt hafi verið, hafi hins vegar borið saman við mælingar magnsins í skipinu. Hefði því að dómi yfirmatsmanna, ef blöndun átti sér stað í skipinu, sama magn af benzíni átt að renna í hráolíuna og af hráolíu í benzínið. Telja þeir áðurgreindan mun meiri en svo, að unnt sé að skýra hann sem skekkju vegna mælinga á magninu, vegna rannsókna á sýnishornum eða mats á niðurstöðum, þótt gera verði ráð fyrir nokkurri skekkju á öllu þessu. Í öðru lagi byggja þeir greinda niðurstöðu á því, að jafnvel þótt svonefndur „gulur ventill", er síðar verður nánar vikið að, (eða ventlar í dæluhúsi) hefði verið opinn, hefði að þeirra dómi ekki getað runnið eins mikið magn af benzíni út í hráolíuna og raunverulega hafi fundizt í henni, eða eftir þeirra útreikningi 992 hl, meðan fermingin í Hvalfirði fór fram. Yfirmatsmennirnir eru allir sammála um það, að benzínið í geymi skipsins nr. I hafi verið lítt mengað eða svo að segja ómengað af hráolíu. Tóku þeir ekki tillit til þessa, er þeir sömdu álitsgerð sína, né heldur hæðarmismunar á m/s Þyrli að framan og aftan, þegar lestun í Hvalfirði hófst.

Hinn 13. júlí 1951 voru enn dómkvaddir tveir menn til þess að láta uppi álit sitt á eftirgreindum atriðum:

a) Hvaða áhrif halli m/s Þyrils við upphaf fermingar hefur haft á möguleika til rennslis milli benzín- og olíugeyma skipsins,

b) hvaða áhrif það hafi á möguleika fyrir því, að benzín og olía hafi komið menguð úr landi, að mengun í skipinu reyndist þannig:

í geymi I: benzín næstum ómengað,
- — II: benzín mengað með a. m. k. 35.3% hráolíu,
- — III: hráolía menguð með a. m. k. 20% benzíni,
- — IV: hráolía menguð með í mesta lagi 15% benzíni.

Ekki er upplýst, hve mikill hæðarmunur var á stefni og hæl skipsins við ferminguna. Skipstjóri hefur áætlað muninn 5½', en hann mun geta verið um 11'. Í greinargerð Trausta Einarssonar prófessors, er fylgir álitsgerð hinna dómkvöddu manna, en þeir leituðu aðstoðar hans, sýnir prófessorinn fram á, að halli skipsins (bæði 11' og 5½') hafi þau áhrif, er geri mögulegt rennsli benzíns í hráolíu annaðhvort um „gula ventilinn" eða gegnum dæluhúsið. Enn fremur er sýnt fram á í greinargerðinni, að hafi millirennsli við upphaf fermingar átt sér stað, hljóti það að draga úr því benzínrennsli í hráolíuna, sem í yfirmatinu sé bent á, að sé mögulegt. Við athugun á möguleikum á því, að benzínið hafi komið mengað úr landi, byggja hinir dómkvöddu menn á, að benzín í geymi nr. II hafi verið mjög mikið mengað hráolíu, en benzín í geymi nr. I lítt mengað, svo og á því, að millirennsli milli hráolíu og benzíns hafi ekki getað átt sér stað í leiðslukerfi olíustöðvarinnar í Hvalfirði. Gera þeir ráð fyrir þremur möguleikum:

1. möguleiki:

Gengið er út frá, að benzín og hráolía komi ómengað niður að endaventlum á bryggjuhaus. Til þess að benzínið mengist hráolíu, þarf, meðan á fermingu stendur, að víxla barkaslöngum á bryggjunni, þannig að hluta fermingartímans renni hráolía í geymi I og II, og auk þess þarf hráolían að renna að mestu leyti í geymi II, meðan á víxlrennslinu stendur.

Þennan möguleika telja hinir dómkvöddu menn útilokaðan, vegna þess að víxlun á barkaslöngum hefði haft í för með sér rennslisstöðvun töluverðan tíma og verið svo áberandi, að slíkt hlyti að hafa komið fram.

2. möguleiki:

Gert er ráð fyrir, að benzín hafi allan fermingartímann runnið úr einum og sama benzíngeymi. Við þessi skilyrði telja hinir dómkvöddu menn, að mengun benzíns með hráolíu og mismunandi mengun í geymum I og II verði skýrð með því, að botnlag í landgeyminum hafi verið mjög mengað hráolíu, en svo til ómengað ofar í geyminum. Þá þurfi því skilyrði að vera fullnægt, að botnlagið hafi runnið svo til eingöngu í geymi II. Benda þeir í þessu sambandi á, að í áðurgreindri greinargerð, er álitsgerðinni fylgir, telji prófessorinn, að í upphafi fermingar renni í nokkrar mínútur mun meira í geymi II en I, þótt inntaksventlar á báðum geymum séu opnir.

3. möguleiki:

Hér gera hinir dómkvöddu menn ráð fyrir, að benzínið hafi runnið úr tveimur geymum í landi, skipt hafi verið um geyma, meðan á fermingu stóð. Telja þeir sig hafa aflað upplýsinga um, að hægt muni vera að skipta um rennsli frá benzíngeymum í landi, án þess að þeir, sem að fermingu vinni á bryggjunni eða um borð í skipinu, þurfi að verða þess varir. Ef slík skipti á geymum hefðu

átt sér stað, telja þeir, að mengun benzíns með hráolíu og mismunandi mengun í geymum I og II verði skýrð, hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

a) mengað benzín með hráolíu hafi verið á öðrum hvorum geyminum,

b) úr geyminum með mengað benzín hafi runnið svo til eingöngu í geymi II.

Á teikningu af leiðslukerfi m/s Þyrils, sem fyrir liggur í málinu, er sýnilegt, að möguleikar eru til rennslis milli tveggja fremri geyma skipsins (I og II eða benzíngeymanna) og tveggja aftari geyma skipsins (III og IV eða hráolíugeymanna) eftir þremur leiðum, einni um botnleiðslu skipsins stjórnborðs megin, en tveimur gegnum dæluhús skipsins. Önnur leiðin gegnum dæluhús skipsins liggur frá botnleiðslu úr fremri geymunum bakborðs megin og aftur í dæluhús og hefur þar samband við þær leiðslur skipsins, sem opnuðust út í aftari geyma þess, hráolíugeymana við margnefnda fermingu. En á þessari leið eru tveir ventlar, sem báðir þurfa að vera opnir, til þess að millirennsli geti átt sér stað. Hin leiðin gegnum dæluhúsið liggur frá þilfarsleiðslunni, sem tengd var benzínleiðslunni úr landi, aftur í dæluhús og hefur þar samband við þær leiðslur skipsins, sem opnuðust út í aftari geyma þess. Á þessari leið eru þrír ventlar, sem allir þurfa að vera opnir, til þess að millirennsli geti átt sér stað. Það verður ekki séð, að við sjóferðapróf, er haldið var út af menguninni, hafi verið innt eftir því, hvort ventlar þessir hafi verið opnir eða lokaðir. En í álitsgerð yfirmatsmanna kemur fram, að I. vélstjóri á m/s Þyrli taldi í viðtali við þá um þetta efni, að ekki hafi komið til greina, að ventlarnir hafi verið opnir, þegar fermingin fór fram í Hvalfirði 22. ágúst 1949. Þriðja leiðslan liggur stjórnborðs megin í m/s Þyrli frá botni í dæluhúsi skipsins og fram í fremsta geymi. Úr þeirri leiðslu liggja tvær leiðslur í tvo öftustu geyma skipsins stjórnborðs og bakborðs megin, tvær leiðslur í tvo næstöftustu geymana stjórnborðs og bakborðs megin og ein leiðsla í hvorn hinna fremri geyma stjórnborðs megin. Á aðalleiðslunni eru 3 ventlar, sem málaðir eru gulir. Miðventillinn lokar sambandinu frá fremri geymum skipsins (I og II) til aftari geymanna (III og IV), og hefur ventill þessi verið nefndur „gulur ventill" í skjölum málsins. Hafi ventill þessi verið opinn, meðan ferming fór fram, var um hann allgreið leið til blöndunar benzíns og hráolíu, meðan á fermingu stóð.

Skipstjóri m/s Þyrils hefur borið það fyrir dómi, að hann hafi gefið II. stýrimanni skipsins fyrirskipun um að loka ventli þessum og binda hann aftur. Þá hefur II. stýrimaður borið það, að hann hafi eftir skipun skipstjóra séð um lokun á ventlinum. Kveðst hann hafa látið nafngreindan háseta annast þetta, að vísu hafi hann ekki staðið yfir hásetanum á meðan, en hann kveðst hafa fullvissað sig um það eftir á og áður en ferming hófst í Hvalfirði, að ventillinn

hafi verið örugglega lokaður. Kveðst hann hafa látið hásetann binda ventilinn fastan til öryggis því, að ekki losnaði um hann í sjógangi eða losað væri um hann af fikti. Hefur stýrimaðurinn staðfest framburð sinn með eiði. Háseti sá, sem stýrimaðurinn kveðst hafa falið að loka ventlinum, hefur og komið fyrir dóm. Hefur hásetinn borið það, að hann hafi eftir fyrirskipun II. stýrimanns lokað krana þeim, sem lokar aðalleiðslum milli geyma II og III („gula ventlinum"). Kveðst hásetinn þess fullviss, að ventillinn hafi verið fyllilega lokaður. Hann hafi fyrst skrúfað hann í botn, opnað hann aftur og skrúfað hann aftur í botn. Hafi honum fundizt ventillinn fyllilega eðlilegur. Þá segir hásetinn, að vísir, sem á krananum sé, hafi auk þess sýnt, að ventillinn hafi verið alveg lokaður. Enn segir hásetinn, að ekki hafi verið búið að tengja leiðslurnar frá landi við skipið, þegar gengið var frá ventlinum. Kveðst hásetinn, þegar hann hafði lokað krananum, hafa bundið hann fastan með upprakinni „manillu". Enn hefur hásetinn borið, að honum hafi verið persónulega kunnugt um það, að umgetinn umbúnaður um nefndan krana hafi verið óhreyfður, þegar skipið fór frá Húsavík, og gefur þá skýringu á þeirri vitneskju sinni, að hann hafi verið kallaður á þilfar, þegar skipið lagði frá bryggju þar, og þá tekið eftir því, að umbúnaðurinn var óbreyttur. Hefur framburður hásetans verið tekinn gildur sem staðfestur væri.

Í málinu liggur fyrir yfirlit stöðvarstjóra olíustöðvarinnar í Hvalfirði um móttöku og afhendingu benzíns á og af geymi nr. 5 á tímabilinu febrúar—október 1949. Segir í yfirliti þessu, að hinn 11. febrúar 1949 hafi olíuskipið Greenville komið með ca. 2.500 smálestir af benzíni, og hafi farmurinn verið látinn á geymi nr. 5. Geymirinn hafi síðan staðið óhreyfður til 30. apríl s. á., en þá hafi verið bætt á hann ca. 150 smálestum af benzíni, er hafi verið hluti af farmi úr olíuskipinu Marie Holm. Síðan hafi geymirinn verið lokaður fram í júlí 1949, en þá hafi verið byrjað að afhenda úr honum benzín, og hafi eftirgreindar afgreiðslur farið fram úr honum, auk þess sem á hverjum degi hafi verið afgreitt á bifreiðar af honum:

26.	júlí	afgreitt	m/s	Þyrill	81.357 kg
3.	ágúst	—	—	Þyrill	108.932 —
13.	—	—	—	Skeljungur	67.762 —
19.	—	—	—	Skeljungur	74.881 —
22.	—	—	—	Þyrill	300.000 —
24.	—	—	—	Skeljungur	163.683 —
30.	—	—	—	Skeljungur	57.532 —
13.	september	—	—	Skeljungur	138.430 —
19.	—	—	—	Þyrill	368.258 —
17.	október	—	—	Skeljungur	122.586 —
19.	—	—	—	Þyrill	413.487 —

Er birgðunum þá talið lokið.

Það verður ekki séð, að kvartað hafi verið yfir göllum á benzíni, sem samkvæmt framansögðu hefur verið afgreitt af geyminum, nema því, sem fermt var í Þyril 22. ágúst 1949, svo og því, sem fermt var í sama skip 26. júlí s. á. og flutt til Ísafjarðar, en talið er, að það hafi verið smávegis mengað, er það kom til ákvörðunarstaðarins.

Það þykir mega fallast á það hjá stefnanda, að nægilega sé sannað með framburðum starfsmanna olíustöðvarinnar í Hvalfirði og þeirri staðreynd, að benzín rann óslitið til skipsins, meðan á fermingu þess stóð, að eingöngu hafi verið fermt benzín úr benzíngeymi nr. 5 í skipið hinn 22. ágúst 1949. Þá þykir og nægilega sannað með áðurgreindri yfirlitsskýrslu um afgreiðslu benzíns úr geymi þessum, niðurstöðum rannsókna Atvinnudeildar Háskólans á sýnishornum, sem tekin voru úr geyminum, og þeirri staðreynd, að benzínið í geymi I var ómengað eða lítt mengað með hráolíu, en í geymi II mjög mengað (en svo sem áður er sagt, rann alltaf nema nokkrar mínútur samtímis í geymi II og I, þar til lokað var fyrir geymi II, en þá var látið halda áfram að renna í geymi I), að benzínið í geymi nr. 5 hafi verið ómengað, og samkvæmt skoðunar- og álitsgerðinni frá 18. maí 1950 verður að telja útilokað, að blöndun á benzíni og hráolíu hafi getað átt sér stað í leiðslukerfi olíustöðvarinnar í landi. Samkvæmt þessu verður að telja, að þrír möguleikar, sem í áður rakinni álitsgerð eru taldir hafa verið fyrir hendi um það, að benzín gæti komið mengað úr landi, séu útilokaðir.

Niðurstaða álitsgerðarinnar frá 16. október 1950 er, eins og áður segir, á þá leið, að hinir dómkvöddu menn telja, að það rekist ekki á neinar tölur eða mælingar, að blöndun hafi orðið við fermingu í Hvalfirði. Hins vegar er það álit yfirmatsmanna samkvæmt skoðunar- og álitsgerð þeirra frá 12. janúar 1951, að blöndunin á benzíni og hráolíu hafi ekki átt sér stað við ferminguna. Reisa þeir þessa ályktun aðallega á því, að útreikningar, sem þeir hafa gert eftir gögnum málsins um magn benzíns í hráolíu og hráolíu í benzíni, samrýmist því ekki, að blöndun hafi orðið við ferminguna.

Það er staðreynd, að við affermingu m/s Þyrils kom úr benzín- og olíugeymum skipsins svipað magn og talið er, að í þá hafi verið látið við fermingu 22. ágúst 1949 af benzíni og hráolíu. Hlaut því, ef blöndun varð í skipinu, svipað magn að hafa runnið af benzíni í hráolíuna og af hráolíu í benzínið. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mælingar á magni, niðurstöður rannsókna á sýnishornum og tilhögun fermingar útiloki ekki, að þetta hafi getað átt sér stað, og eru útreikningar Trausta Einarssonar prófessors, sem fyrir liggja í málinu, um möguleika til millirennslis, meðan á fermingu stóð, í samræmi við þetta álit hinna sérfróðu meðdómenda. Að þessu athuguðu og samkvæmt því, sem áður hefur verið sagt, verður að telja annað útilokað en blöndunin hafi orðið, meðan á fermingu skipsins stóð, um leiðslur milli fremri og aftari geyma skipsins. Að vísu mæla framburðir áðurgreindra skipverja á m/s

Þyrli að nokkru leyti þessu í gegn, en framburðum þeirra hefur verið mótmælt sem röngum og vilhöllum, og geta þeir ekki talizt næg sönnun þess, að ekki hafi verið nægilegt opið leiðslusamband milli fremri og aftari geymanna. Ber stefndi því ábyrgð á og er skylt að bæta tjón það, sem af blönduninni hlauzt.

Það er óvefengt, að affermt hafi verið á Akureyri magn það af benzíni, sem stefnandi heldur fram, og að það hafi verið ónothæft. Í málinu liggur fyrir vottorð verðlagsstjórans í Reykjavík, þar sem segir, að með tilkynningu nr. 17 31. maí 1949 hafi benzínverð á Akureyri verið sett kr. 1,03 pr. lítra, og hafi það verð gilt til 1. desember 1949. Samkvæmt 154. gr. siglingalaganna ber að greiða bætur fyrir skemmdan farm eftir fyrirmælum 205. gr. og 206. gr. sömu laga, en í 205. gr. segir, að meta skuli bæturnar eftir gangverði sams konar vöru á ákvörðunarstað við komu skips þangað. Að þessu athuguðu ber að taka fyrri kröfulið stefnanda til greina að öllu leyti.

Í samkomulagi aðiljanna, h/f Shell á Íslandi og Olíuverzlunar Íslands h/f frá 5. september 1949 segir, að strax og sýnishorn hafi verið tekin úr geymunum, skuli eigendum þeirra heimilt að tæma þá og ráðstafa innihaldinu eftir vild. Var það því á ábyrgð og áhættu stefnanda, að hann teppti geymi sinn á Akureyri undir hinu skemmda benzíni til 21. nóvember 1949. Getur stefnandi því ekki krafið stefnda um bætur vegna þess ágóða af benzínsölu, sem hann kann að hafa orðið af af þeim sökum. Hins vegar á þá stefndi ekki rétt á ágóða þeim, sem varð af sölu hins mengaða benzíns úr landi, enda hafði stefndi engin afskipti af þeirri ráðstöfun. Að þessu athuguðu verður síðari kröfuliður stefnanda ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 370.561,04 með 6% ársvöxtum frá kröfudegi 1. september 1949 til greiðsludags. Hins vegar þykir eftir öllum málavöxtum rétt, að málskostnaður falli niður. Viðurkenna ber sjóveðrétt stefnanda í m/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurkarli Stefánssyni cand. mag. og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Vegna þess, að mál þetta er mjög umfangsmikið, svo og vegna óvenjulegra anna við sjóferðapróf, síðan málið var dómtekið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Olíufélaginu h/f, kr. 370.561,04 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1949 til greiðsludags. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Þyrli til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1954.

Nr. 143/1952. **Magnús Randrup**
gegn
Ögn Randrup og Emil Randrup.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að mál þetta verði hafið. Stefndu krefjast ómaksbóta úr hendi áfrýjanda.

Stefndu hafa sex sinnum látið sækja dómþing í máli þessu, og þykja ómaksbætur þeim til handa hæfilega ákveðnar kr. 500,00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Magnús Randrup, greiði stefndu, Ögn Randrup og Emil Randrup, ómaksbætur, kr. 500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1954.

Nr. 170/1951. **Guðlaugur Ásgeirsson** (sjálfur)
gegn
Sigurði Berndsen (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1951. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.500,00 ásamt 6% ársvöxtum af

kr. 10.000,00 frá 29. nóvember 1949 til 22. júní 1950 og af kr. 12.500,00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að áfrýjandi hafi getað beint dómkröfum sínum að stefnda í máli þessu. Að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði stefnda, Sigurði Berndsen, kr. 1.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Guðlaugur Ásgeirsson, Lækjargötu 8 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, út gefinni 26. júní f. á., gegn Sigurði Berndsen fasteignasala, Barmahlíð 30 hér í bæ, til endurgreiðslu á söluverði smáhýsisins Sólbrekku við Langholtsveg, kr. 10.000,00, og skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.000,00, með 6% ársvöxtum af kr. 10.000,00 frá 29. nóvember 1949 til útgáfudags sáttakæru og af kr. 18.000,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 12.500,00 með 6% ársvöxtum af kr. 10.000,00 frá 29. nóvember 1949 til 22. júní 1950 og af kr. 12.500,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 10. okt. 1948, keypti stefndi hluta hússins nr. 26 við Skipasund hér í bæ af Helga nokkrum Vigfússyni. Samkvæmt kaupsamningnum var kaupverðið kr. 150.000,00, og átti stefndi að greiða mestan hluta þess með því að taka að sér greiðslu veðlána með 1.—4. veðrétti, samtals að fjárhæð kr. 139.427,00. Upp í hluta kaupverðsins lét stefndi enn fremur lóðarréttindalaust smáhýsi, Sólbrekku við Langholtsveg. Var það reiknað á kr. 10.000,00 í kaupsamningnum. Eftirstöðvarnar, kr. 573,00, átti

stefndi að greiða upp í skuld seljanda við bæjarsjóð Hafnarfjarðar, sem hvíldi á íbúðinni. Í kaupsamningnum var einnig sérstaklega tekið fram, að húsið Sólbrekku þyrfti að flytja af þáverandi lóð. Hefur Helgi Vigfússon borið það hér fyrir dómi, að stefndi hafi lofað að útvega lóð undir húsið, en því hefur stefndi neitað, en vætti þessa vitnis var mótmælt sem óstaðfestu og vitninu synjað með úrskurði að staðfesta skýrslu sína.

Nokkru síðar létu bæjaryfirvöldin flytja húsið Sólbrekku, og var því komið fyrir í Vatnagörðum, að því er virðist, til geymslu. Samkvæmt kvittun, dags. 21. des. 1948, seldi stefndi Þorsteini nokkrum Gíslasyni hús þetta. Telja stefndi og Þorsteinn söluverðið hafa verið kr. 6.700,00. Þorsteinn flutti húsið suður í Kópavog. Hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi selt húsið að beiðni Helga Vigfússonar, þar sem Helgi hefði ekki getað greitt reikning frá bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir flutninginn á húsinu. Einnig hefur stefndi talið, að hann hafi skýrt Þorsteini Gíslasyni frá því, að hann seldi honum húsið fyrir annars manns hönd. Helgi hefur hins vegar neitað að hafa veitt stefnda umboð til sölunnar eða hafa um hana vitað fyrr en síðar, og Þorsteinn Gíslason hefur borið fyrir lögregluréttti, að sér hafi verið ókunnugt um annað en stefndi væri sjálfur eigandi að húsinu, er hann seldi það, en þó hafi stefndi lauslega minnzt á ónafngreindan þriðja mann í þessu sambandi.

Af fé því, sem Þorsteinn greiddi fyrir Sólbrekku, kveðst stefndi hafa greitt Helga Vigfússyni sjálfum kr. 1.000,00, kr. 1.000,00 hafi hann greitt Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir heimtaugargjald og rafmagnsnotkun í Skipasundi 26, sem Helga hafi borið að greiða, og kr. 2.600,00 hafi hann greitt bæjarsjóði fyrir kostnað við flutninginn á Sólbrekku. Hins vegar hefur Helgi neitað fyrir lögregluréttti, að stefndi hafi goldið sér fyrrgreindar kr. 1.000,00 eða greitt nefnda reikninga að sinni beiðni. Eftirstöðvum söluverðsins kveðst stefndi hafa haldið eftir, enda hafi hann um þetta leyti greitt 5—6000 króna ábyrgðarskuldbindingu fyrir Helga, og auk þess hafi hvílt lögtaks- og fjárnámskröfur á Skipasundi 26, eins og síðar segir, sem Helgi hafi átt að greiða.

Hinn 12. september 1949 var húshluti sá af Skipasundi 26, sem stefndi hafði keypt af Helga Vigfússyni, seldur á opinberu uppboði. Uppboðsbeiðendur voru stefndi og bæjargjaldkerinn í Reykjavík. Hafði hann aldrei fengið afsal fyrir húshlutanum, enda hvíldu á honum fjárnáms- og lögtakskröfur, sem stefndi hafði ekki samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi tekið að sér að greiða. Kveðst stefndi hafa beiðzt uppboðsins í samráði við Helga, þar sem Helgi hafi ekki treyst sér til að greiða fjárnáms- og lögtakskröfurnar og þar af leiðandi ekki getað gefið afsal fyrir húshlutanum. Fyrir lögregluréttinum hefur Helgi þó neitað, að hann hafi beðið stefnda að láta selja húshlutann á uppboði, svo að hann gæti fengið eignarheimild sinni þinglýst, enda hafi stefndi getið þess, er þeir í fyrstu

sömdu um sölu Skipasunds 26, að hann vildi ekki þinglýsa eignarheimild sinni að húshlutanum fyrr en eftir áramót 1948—1949. Hafi stefndi eigi heldur beiðzt afsals fyrir eigninni. Hins vegar hefur Helgi viðurkennt, að þegar kaupsamningurinn var gerður, hafi hvílt á húshlutanum ógreitt heimtaugargjald til rafveitunnar og lögtaksskuld við bæjarsjóð Hafnarfjarðar, að fjárhæð nálægt 4.000 krónum, en hvoruga skuldina tók stefndi að sér að greiða nema lítinn hluta hinnar síðarnefndu. Hvoruga þessara skulda greiddi Helgi. Þá er upplýst í málinu, að þegar margnefndur kaupsamningur var gerður, hvíldi á húshlutanum fjárnámsskuld samkvæmt dómssátt, að fjárhæð kr. 4.800,00, að viðbættum kr. 700,00 í málskostnað, auk vaxta og kostnaðar, og að þá skuld hafði Helgi ekki greitt. Hefur hann talið sér hafa verið ókunnugt um fjárnámið fyrir skuld þessari.

Stefndi bauð einn í eignina, og var honum lögð hún út sem ófullnægðum veðhafa 23. s. m.

Hinn 29. nóv. 1949 samdist svo með þeim stefnanda og Helga Vigfússyni, að stefnandi keypti húsið Sólbrekku, sem var talið vera á Kópavogshálsi, en stefnandi skoðaði ekki húsið. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins var kaupverðið kr. 10.000,00. Helgi lét þess getið við stefnanda, að hann hefði heyrt, að stefndi væri búinn að selja öðrum manni Sólbrekku, en sýndi stefnanda kaupsamninginn um Skipasund 26 til sönnunar eignarrétti sínum að Sólbrekku. Af þessum sökum kveðst stefnandi hafa átt símtal við stefnda, áður en hann afréð kaupin, til að spyrjast fyrir um, hvort rétt væri, að hann hefði síðar selt öðrum en Helga Sólbrekku, en stefndi hafi ekki viljað ræða það mál við sig. Kveðst stefnandi þá hafa talið kaupsamning stefnda og Helga örugga heimild fyrir eignarrétti Helga að Sólbrekku. Stefndi hefur hins vegar borið fyrir lögreglurétti, að í símtali við stefnanda hafi hann skýrt honum frá viðskiptum sínum við Helga og að hann (stefndi) hafi selt Þorsteini Gíslasyni Sólbrekku.

Eftir að stefnandi keypti Sólbrekku, hitti hann Þorstein Gíslason, sem sýndi skilríki fyrir því, að hann hefði keypt húsið af stefnda. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, eftir að hafa áður kært atferli stefnda.

Kröfur stefnanda eru á því reistar, að stefnda beri að greiða honum þær kr. 10.000,00, sem hann hafi greitt Helga Vigfússyni fyrir húsið, og enn fremur kr. 2.500,00 fyrir missi söluhagnaðar á húsinu, miðað við, að stefnandi hefði getað komið því fyrir á lóð í Kópavogshreppi og lagfært það. Til grundvallar síðarnefndri fjárhæð hefur stefnandi lagt mat dómkvaddra manna.

Sýknukröfu sína rökstyður stefndi með því, að kaupsamningurinn um Skipasund 26 hafi aldrei öðlazt gildi, þar sem Helgi Vigfússon hafi ekki getað efnt hann. Af þeim sökum hafi Helgi aldrei öðlazt rétt til Sólbrekku, sem hafi átt að vera hluti af andvirði Skipasunds 26. Hafi stefndi því átt rétt á að ráðstafa henni. Til vara hefur

stefndi haldið því fram, að hann hafi ráðstafað húsinu með samþykki Helga, enda hafi andvirði þess aðeins numið litlum hluta af skuld Helga við stefnda.

Einnig hefur stefndi haldið því fram, að stefnanda og viðsemjanda hans hafi báðum verið kunnugt um það, að stefndi hafði selt Sólbrekku, þegar þeir gerðu samninginn 29. nóv. 1949. Hafi þeir því báðir verið mala fide um eignarheimildina að húsi þessu, þegar þeir gerðu samning sinn, enda hafi þá verið liðnir rúmir tveir mánuðir frá því, að kaupsamningur stefnda og Helga frá 10. okt. 1948 hafi reynzt endanlega óframkvæmanlegur.

Loks hefur stefndi vefengt, að stefnandi geti verið réttur aðili málsins, þar sem hann (stefndi) hafi engin viðskipti átt við stefnanda um margnefnt smáhýsi. Beri stefnanda því að beina kröfum sínum að Helga Vigfússyni, ef hann telji sig hafa beðið tjón vegna kaupa á Sólbrekkuhúsinu.

Helgi Vigfússon hefur borið það fyrir lögregluréttinum, að sér hafi verið það kunnugt, er hann seldi stefnanda Sólbrekku, að búið væri að selja húshlutann í Skipasundi 26 á uppboði, en hann hafi talið, að það skipti ekki máli um eignarrétt sinn að Sólbrekku. Hins vegar telur stefnandi sér hafa verið ókunnugt um uppboðið.

Eins og að framan er rakið, átti Helgi Vigfússon að fá húsið Sólbrekku upp í andvirði þess hluta af Skipasundi 26, sem hann seldi stefnda með samningnum 10. okt. 1948. Um þetta var stefnanda kunnugt, þar sem hann sá kaupsamninginn. Frá kaupum Helga og stefnda um Skipasund 26 var aldrei gengið endanlega með útgáfu afsals, enda hafði Helgi ekki greitt kröfur, sem á húshlutanum hvíldu, þær er stefnda bar ekki að taka að sér. Þegar stefnandi og Helgi gerðu kaupsamninginn um Sólbrekku 29. nóvember, voru liðnir meir en tveir mánuðir frá uppboðinu á Skipasundi 26, og var Helga kunnugt um uppboðið. Mátti hann því gera sér ljóst, að fyrrgreindur kaupsamningur hans við stefnda hefði reynzt endanlega óframkvæmanlegur og að hann gæti ekki ráðstafað Sólbrekkuhúsinu til stefnanda samkvæmt heimild í þeim samningi. Gat Helgi ekki með samningi við stefnanda veitt honum meiri rétt gegn stefnda en Helgi átti sjálfur. Auk þess átti stefnandi við Helga einan að skipta um Sólbrekku og án nokkurrar þátttöku stefnda.

Þegar þetta er virt, þykir þegar af framangreindum ástæðum verða að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðlaugs Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. apríl 1954.

Nr. 169/1952. **Vignir Eðvaldsson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Hallgrími Márussyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleigumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m., gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Mál þetta var í héraði höfðað af stefnda hér fyrir dómi til greiðslu húsaleigu fyrir skúr nokkurn við Norðurgötu 9 á Siglufirði samkvæmt ákvæðum leigusamnings aðilja, dags. 8. október 1950. Skúr þenna notaði áfrýjandi til íbúðar með vitund stefnda, og virðast aðiljar hafa gert ráð fyrir því þegar í upphafi. Áfrýjandi hefur mótmælt dómkröfunni með þeim rökum, að umsamin leigufjárhæð, kr. 200,00 á mánuði, hafi verið ólögmæt, enda hafi húsaleigunefnd Siglufjarðar talið skúrinn óhæfan til íbúðar, er áfrýjandi æskti mats hennar á leigufjárhæðinni.

Framangreindur leigusamningur hafði ekki verið lagður fyrir húsaleigunefnd til staðfestingar, áður en hann kom til framkvæmda, svo sem skylt var samkvæmt 11. gr. laga nr. 39/1943. Eigi hafði stefnandi í héraði heldur aflað mats húsaleigunefndar á leigunni síðar né á annan hátt sannað, hver væri hæfileg leiga fyrir skúr þenna, sem leitt er í ljós, að var aðeins 22 m² að grunnfleti og illa farinn. Af þessum sökum hefði héraðsdómari átt að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar af hálfu stefnanda. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu ex officio frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.200,00.

Það athugast, að er áfrýjandi æskti mats húsaleigunefndar Siglufjarðar á leigunni, neitaði nefndin að framkvæma það mat þrátt fyrir ákvæði 7. og 11. gr. laga nr. 39/1943.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Hallgrímur Márusson, greiði áfrýjanda, Vigni Eðvaldssyni, kr. 1.200,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 23. apríl 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Hallgrímur Márusson, bifreiðarstjóri hér í bæ, til heimilis að Hvanneyrarbraut 32, höfðað fyrir bæjarþingi Siglufjarðar með stefnu, út gefinni 6. febrúar sl., gegn Vigni Eðvaldssyni, Íslandsfélagshúsinu hér í bæ, til greiðslu húsaleiguskuldar, að fjárhæð kr. 2.100,00, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, hinn 26. jan. sl., til greiðsludags, kr. 30,00 vegna kostnaðar við fógetagerð ásamt 6% ársvöxtum frá sama tíma til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, *til vara* sýknu gegn greiðslu á kr. 500,00 og *til þrautavara* sýknu gegn greiðslu á kr. 1.000,00. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 8. október 1950, leigði stefnandi stefnda skúr nokkurn, er stendur sunnan hússins nr. 9 við Norðurgötu hér í bæ. Húsaleigan var ákveðin kr. 200,00 á mánuði, en leigutíminn taldist frá 14. okt. 1950 til 14. okt. 1955. Samningur þessi var uppsegjanlegur af beggja aðilja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 14. maí og 14. okt. ár hvert.

Sl. haust leitaði stefnandi til bæjarfógeta þeirra erinda að fá stefnda borinn út úr umræddu húsnæði, þar sem hann hafði ekki staðið í skilum með greiðslu húsaleigu. Beiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti Siglufjarðar laugardaginn 10. nóvember 1951. Báðir aðiljar voru mættir í réttinum. Gerðarþoli (þ. e. stefndi) lýsti yfir því, að hann mundi rýma téð húsnæði hinn 14. s. m., og lét gerðarbeiðandi þá niður falla kröfu um útburð þegar í stað. Jafnframt lofaði gerðarþoli og lét bóka, að hann mundi verja hluta af ákveðinni fjárkröfu, er hann kvaðst eiga í vændum, til þess að greiða gerðar-

beiðanda áfallna húsaleigu eða kr. 2.600,00. Enn fremur áskildi hann sér rétt til að krefja gerðarbeiðanda um greiðslu á kostnaði, er hann sagðist hafa innt af hendi vegna lagfæringa á fyrrgreindu húsnæði. Gerðarþoli mun hafa rýmt húsnæðið á umsömdum tíma, og seinna greiddi hann kr. 500,00 upp í áðurgreinda húsaleiguskuld. Eftirstöðvarnar, kr. 2.100,00, hefur hann hins vegar neitað að greiða, en það er aðalliður stefnukröfunnar í þessu máli.

Helztu rök stefnda, er hann reisir sýknukröfu sína á, eru þau, að margnefnt húsnæði hafi verið í verra ástandi, þegar hann tók það á leigu, heldur en stefnandi sagði það vera. Af þeim sökum hafi hann strax orðið að láta viðgerð fara fram, og hafi sá kostnaður numið allt að tvö þúsund krónum. Um þetta athugast, að í húsaleigusamningi þeim, er aðiljar undirrituðu, áður en leigutíminn hófst, er tekið fram, að húsnæðið sé leigt í því ástandi, sem það þá er í. Ætla verður, að stefndi hafi kynnt sér það og sætt sig við það, áður en hann skráði nafn sitt undir þann samning. Ekkert hefur stefndi fært fram til styrktar því, að hann hafi lagt af mörkum kr. 2.000,00 til viðgerðar á téðu húsnæði, og var hann þó vakinn til umhugsunar um það atriði þegar í fógetarétti, sbr. fyrrgreinda bókun hinn 10. nóv. sl. Hins vegar leitaði stefndi til húsaleigunefndar. Hélt nefndin fund um málið hinn 13. janúar sl., og segir svo m. a. í fundargerð: „Fór nefndin á staðinn og athugaði hið leigða húspláss, en þar sem nefndin telur hið leigða húspláss það illa farið, að íbúðarhæfni þess sé ekki fyrir hendi, en þau húspláss ein telur nefndin heyra undir sitt verksvið, sér hún sér ekki fært að framkvæma leigumat á húsplássinu.“ Þessum frávísunarúrskurði húsaleigunefndar hefur stefndi ekki áfrýjað til yfirhúsaleigunefndar. Þvert á móti hefur hann krafizt staðfestingar á honum. Telur hann, að þar sem nefndin hafi úrskurðað margnefnt húsnæði óhæft til íbúðar, sé ekki hægt að krefjast húsaleigugreiðslu fyrir afnot þess. Á þessi rök stefnda þykir eigi unnt að fallast. Hann hefur undirritað samning um að greiða ákveðna fjárhæð í húsaleigu. Þá skuld hefur hann, svo sem áður greinir, viðurkennt í fógetarétti og ítrekað þar greiðsluloforð sitt athugasemdalaust. Þegar þar við bætist, að húsaleigunefnd hefur enga ákveðna tillögu gert um lækkun leigunnar, heldur vísað því erindi frá sér, verða engin rök fundin í máli þessu, er rýrt geti gildi ítrekaðrar skuldaryfirlýsingar stefnda.

Með hliðsjón af öllum málsatvikum ber stefnda að greiða stefnanda útlagðan kostnað í fógetarétti, kr. 30,00, svo og hæfilegan málskostnað í þessu máli.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaða málsins sú, að hvorki aðalkrafa, varakrafa né þrautavarakrafa stefnda verða teknar til greina, en stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.130,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnað, er telst eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 500,00.

Friðjón Þórðarson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Vignir Eðvaldsson, greiði stefnanda, Hallgrími Márussyni, kr. 2.130,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1954.

Kærumálið nr. 10/1954.

Vélar og skip h/f

gegn

Rafveitu Vestmannaeyja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. f. m., krefst þess, að málskostnaðarfjárhæð hins kærða dóms verði hækkuð og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Málskostnaður í héraði til handa sóknaraðilja þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 9.000,00.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300,00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Rafveita Vestmannaeyja, greiði sóknaraðilja, Vélum og skipum h/f, málskostnað í héraði, kr. 9.000,00, og kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. marz 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 24. f. m., hefur Rafveita Vestmannaeyja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 27. nóvember f. á., gegn Vélum og skipum

h/f til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 1.448.318,50, auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingardegi, 27. nóvember 1953, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Jafnframt hefur hann áskilið sér rétt til að bera síðar fram sýknukröfu, verði kröfu hans um frávísun hrundið.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda og krafizt málskostnaðar úr hendi hans, að því er varðar þenna þátt málsins.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dagsettu 13. júní 1945, gerði firmað British Oil Engines (Export) Ltd. stefnanda tilboð um sölu á tveimur vélasamstæðum. Stefnandi gekk að tilboði þessu, og voru vélarnar fluttar til Vestmannaeyja og settar þar upp, og tók stefnandi þær til notkunar hinn 16. júlí 1949. Skýrir stefnandi svo frá, að ýmsir meiri háttar gallar hafi komið fram á vélum þessum þegar í upphafi, þótt þær hafi verið látnar ganga með litlu álagi. Vélarnar hafi ekki getað gengið með meira en ⅔ hlutum upp gefins álags, án þess að bulluhringirnir festust á óeðlilega skömmum tíma. Vorið 1951 kom til Vestmannaeyja sérfræðingur frá verksmiðju þeirri, er vélarnar smíðaði, og reyndi að lagfæra vélarnar, en þær tilraunir báru eigi árangur. Haustið 1952 lét stefnandi dómkveðja matsmenn til að meta til peningaverðs þær viðbætur, er gera þyrfti, til þess að vélasamstæður þessar fengju án óhóflegs viðhaldskostnaðar afkastað þeirri orku, sem um var samið, þ. e. 2.400 hestöflum, svo og það tjón, sem stefnandi hafði þegar haft af óeðlilega miklu viðhaldi og hreinsun á vélunum. Matsmennirnir töldu tvær leiðir færar, og var önnur sú að fá 2 nýjar aflvélar, er kosta mundu samtals kr. 1.700.000,00, en hin að fá nýja vélasamstæðu, er mundi kosta kr. 1.400.000,00. Tjón stefnanda vegna viðhalds og hreinsunar véla mátu þeir kr. 48.318,50. Hefur stefnandi talið rétt að velja síðari leiðina, og nemur krafa hans því kr. 1.448.318,50, svo sem greint var fyrr. Stefndi er talinn fara með umboð British Oil Engines (Export) Ltd. eða verksmiðjunnar, er smíðaði vélarnar (Mirrless, Bickerton & Day Ltd.), og hefur stefnandi því beint kröfum sínum gegn honum.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi samið svo um við seljanda véla þessara, að mál, er rísa kynni af kaupsamningum um vélarnar, skyldi reka fyrir brezkum dómstólum og úrlausn þeirra fara að brezkum lögum. Rökstyður stefndi þetta með því, að í áðurnefndu tilboði, dags. 13. júní 1945 (dskj. nr. 18), er það tekið fram, að tilboðið sé gert í samræmi við almenna söluskilmála seljanda, og þess getið, að þeir fylgi tilboðinu. Stefndi hefur lagt fram eintak af söluskilmálum tilboðsgefanda (dskj. nr. 23), er hann kveður samhljóða eintaki því, er tilboðinu fylgdi. Í 20. gr. söluskilmála þessara segir, að samninginn beri að öllu leyti að skýra og framkvæma sem brezkan samning og í samræmi við brezk lög og hann skuli háður lögsögu brezkra dómstóla, sé eigi öðruvísi

samið. Þá hefur stefndi og lagt fram bréf til sín (dskj. nr. 24) frá stefnanda, dags. 12. sept. 1947, en þar er lýst yfir því, að gengið hafi verið að nefndu tilboði. Samkvæmt þessu telur stefndi, að eigi sé heimilt að bera mál, er rísa af viðskiptum þessum, undir íslenzka dómstóla og því beri að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að hann hafi samið við stefnda um kaup á vélum þessum, og hafi stefndi þar komið fram sem umboðsmaður verksmiðju þeirrar, er smíðaði vélarnar, enda þegið umboðslaun. Telur hann, að nefnt tilboð hafi verið gert til stefnda, sem sé því einn bundinn af fyrrgreindu ákvæði söluskilmálanna, sé það á annað borð bindandi.

Svo sem fyrr var greint, hefur stefnandi á sínum tíma gengið að margnefndu tilboði frá 13. júní 1945, og þykir verða að líta svo á, að við það hafi komizt á samningar um kaup á umræddum vélasamstæðum og að efni til eins og í tilboðinu var greint, a. m. k. í öllum aðalatriðum, enda verður eigi annað séð en stefnandi byggi dómkröfur sínar á þeim samningum. Af hálfu stefnanda hefur eigi verið vefengt, að söluskilmálarnir á dskj. nr. 23 séu samhljóða þeim, er tilboðinu fylgdu, og verður því að telja áðurnefnda 20. gr. þeirra hluta af kaupsamningnum. Samkvæmt þessu hefur stefnandi skuldbundið sig til að hlíta lögsögu brezkra dómstóla um mál út af þessum viðskiptum, enda eigi sýnt, að um annað hafi verið samið.

Með vísan til framanritaðs ber því að taka til greina kröfu stefnda og vísa máli þessu frá dómi. Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber því að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Í dóminum áttu sæti Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrum hagstofustjóri.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði stefnda, Vélum og skipum h/f, kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 10. apríl 1954.

Nr. 116/1953. **Dánarbú Guðfinnu Finnsdóttur, Jón Erlendsson, Guðrún Erlendsdóttir og Unnur Erlendsdóttir** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Aroni Guðbrandssyni (sjálfur)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um eignarrétt að vegi o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ásamt samdómandanum Guðmanni Magnússyni.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1953, krefjast *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. *Til vara* krefjast aðaláfrýjendur þess, verði gagnáfrýjanda dæmt heimilt að girða veginn af, að honum verði gert að hafa tvö hlið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliði við þjóðveg, eitt hlið til norðurs frá veginum 110 metra frá aðalhliði við þjóðveg og loks eitt hlið til suðurs 150 metra frá þjóðvegarhliði, enda séu fyrrtöldu tvö hliðin og síðasttalda hliðið 7 metra breið. Svo krefjast þeir og, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. ágúst 1953. Krefst hann þess, að vegurinn sé einkaeign hans og honum verði dæmt heimilt að girða veginn af með gaddavír svo og bifreiðastæði við efri vegarendann upp við sumarbústaðinn, ef hann telji þess þörf, enda setji hann hlið á girðinguna, þar sem ábúandi Mógilsár hefur nú sett brýr yfir vegarskurðinn. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi aðaláfrýjenda er nú viðurkennt, að gagnáfrýjanda sé heimilt að hafa veginn þar, sem hann nú er. Telja

verður, að vegarmannvirkið sé einkaeign gagnáfrýjanda, svo sem sagt er í héraðsdómi.

Í bréfi þeirra umboðsmanns aðaláfrýjenda og gagnáfrýjanda til Hæstaréttar, dags. 5. febrúar 1954, er frá því skýrt, að þeir hafi mælt hluta af veginum, sem talinn er um 350 metra langur, og sé lengd skurða meðfram veginum frá hliði við þjóðveginn 126 metrar. Breidd vegarins sé 4 metrar milli jaðra, en 5,60 metrar milli innri brúna á skurðum og 7,70 metrar milli ytri brúna.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 24/1952 er gagnáfrýjanda heimilt að setja fram með veginum girðingu, sem rétt er, að sé úr sléttum vír, og standi einn metra frá vegarjaðri og þrjá metra frá vegarmiðju, þar sem skurðir eru ekki fram með veginum, en einn metra frá ytri brún vegarskurða á 126 metra vegarlengd frá hliði við þjóðveginn. Heimild gagnáfrýjanda til að girða er því skilyrði bundin, að hann bæti aðaláfrýjendum þau spjöll á landsnytjum, sem girðingin kann að hafa í för með sér, annaðhvort eftir samkomulagi eða mati.

Krafa gagnáfrýjanda um heimild til að afgirða bifreiðastæði hefur ekki verið dæmd í héraði, og ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Í nefndu bréfi frá 5. febrúar 1954 lýstu þeir umboðsmaður aðaláfrýjenda og gagnáfrýjandi því, að þeir hefðu orðið á það sáttir, að hlið á girðingu, ef gagnáfrýjanda yrði dæmt heimilt að setja hana, skuli vera 30 metra frá hliði við þjóðveg. Aðaláfrýjendur hafa síðar vefengt, að umboðsmaður þeirra hafi haft heimild af þeirra hendi til þessa samkomulags, og krafizt fjögurra hliða á girðingunni, svo sem sagt var. Verður nefnt samkomulag ekki talið bindandi fyrir aðaláfrýjendur. Hefur þetta leitt til þess, að fram hefur farið undirmat og yfirmat dómkvaddra manna á því, hvar ábúanda Mógilsár sé þörf á hliðum á girðingunni. Svo hafa og dómendur Hæstaréttar farið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Þykir samkvæmt skoðun á aðstæðum, hagsmunum málsaðilja, sem í húfi eru, svo og með hliðsjón af matsgerðum rétt að kveða svo á, að heimild gagnáfrýjanda til að afgirða veginn sé því skilyrði bundin, að hann setji tvö hlið þriggja metra

breið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliðinu við þjóðveginn, og önnur tvö hlið, einnig þriggja metra breið, sem standist á, 150 metra frá aðalhliði við þjóðveg, enda hafa aðaláfrýjendur ekki gert kröfu um hlið ofar á veginum.

Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu málsins ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 600,00 til dómenda í héraði og kr. 2.000,00 til gagnáfrýjanda.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, er einkaeigandi að vegarmannvirki því, sem liggur af þjóðvegi og að leigulandi hans og sumarbústað í landi jarðarinnar Mógilsár, og er honum heimilt að afgirða veginn, þannig að girðingin sé úr sléttum vír og standi einn metra frá vegarjaðri og þrjá metra frá vegarmiðju, þar sem skurðir eru ekki fram með vegi, en einn metra frá ytri brún vegarskurða, þar sem skurðir eru fram með vegi, enda setji gagnáfrýjandi á girðinguna tvö hlið þriggja metra breið, sem standist á, 30 metra frá aðalhliðinu við þjóðveginn og önnur tvö hlið þriggja metra breið, sem standist á, 150 metra frá aðalhliði við þjóðveginn og bæti aðaláfrýjendum, þeim dánarbúi Guðfinnu Finnsdóttur, Jóni Erlendssyni, Guðrúnu Erlendsdóttur og Unni Erlendsdóttur, þau spjöll á landsnytjum, sem girðingin kann að hafa í för með sér, eftir mati, ef aðiljar verða ekki ásáttir.

Aðaláfrýjendur greiði ferðakostnað og dagpeninga héraðsdómenda, kr. 600,00. Svo greiði þeir gagnáfrýjanda kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnum, út gefnum 18. og 23. maí sl., af Aroni Guðbrandssyni, forstjóra í Reykjavík, á hendur ábúendum og eigendum jarðarinnar Mógilsár á Kjalarnesi, þeim Guðfinnu Finnsdóttur, Mógilsá, Jóni Erlendssyni, bónda á Mógilsá, Guðrúnu Erlendsdóttur, Hverfisgötu 102, og Unni Erlendsdóttur, Laugavegi 126, báðum í Reykjavík, og gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur í málinu:

1. að viðurkennt verði með dómi réttarins, að vegurinn, sem liggur frá þjóðveginum að sumarbústað hans í landi jarðarinnar Mógilsár, sé einkaeign hans og vegurinn megi vera áfram á þeim stað, sem hann er nú;
2. að eigendum og ábúendum jarðarinnar Mógilsár sé *aðallega* dæmd óheimil öll umferð og afnot af nefndum vegi hans, en *til vara*, að þeim sé aðeins heimilt að fara með jarðræktartæki eftir veginum, þegar rækta á land, sem að honum liggur og eigi verði öðruvísi að komizt, enda séu þau afnot honum algerlega baga- og skaðlaus;
3. að honum verði dæmt heimilt að girða nefndan veg af og bifreiðastæði við efri vegarendann upp við sumarbústaðinn með gaddavír, ef hann óskar, enda setji hann hlið á þá girðingu, þar sem ábúandi hefur nú sett brýr yfir vegarskurðina, eða á öðrum stað, sem dómkvaddir menn ákveða, þannig, að komizt verði að landinu sunnan vegarins, enda skulu stefndu sjá um, að hliðin séu ávallt lokuð eftir notkun;
4. að honum verði dæmt heimilt að loka veginum, þegar honum sýnist, óátalið af stefndu;
5. að stefndu verði dæmt óheimilt að gera nokkuð það, sem valdið geti skemmdum á nefndum vegi eða torveldað umferð um hann;
6. að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu.

Meðan á málssókn þessari stóð, lézt Guðfinna Finnsdóttir, og kom þá dánarbúið í hennar stað.

Af hálfu hinna stefndu hafa verið bornar fram í málinu þessar kröfur:

1. að stefnanda verði aðeins dæmdur umferðarréttur um veg þann, sem nú liggur um tún Mógilsár frá þjóðveginum að leigulandi hans;
2. að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað í máli þessu skv. reikningi eða að mati réttarins.

Að öðru leyti er mótmælt kröfum stefnanda.

Sáttaumleitanir í málinu urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, leigir Erlendur Jónsson,

þáverandi bóndi á Mógilsá, Aroni Guðbrandssyni, stefnanda þessa máls, blett úr landi jarðar sinnar, Mógilsár í Kollafirði, til 50 ára, og eru stærðin og mörk nánar tiltekin í samningnum. Leiguupphæð kr. 100,00 á ári.

Leigutaka skyldi heimilt að rækta landið svo og byggja á því íbúðarhús, taka neyzluvatn til hússins úr Hvítá, sem rennur þarna fram hjá, og leiða í hana frárennsli frá húsinu svo og girða hið leigða land af. Enn fremur er leigutaka heimilað að taka byggingarefni til hússins úr tveimur grjótholtum, sem þarna eru, eða annars staðar eftir tilvísun leigusala, endurgjaldslaust. Þá er leigutaka heimiluð umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðveginn eftir bökkum Hvítár svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands.

Leigusamningur þessi er undirritaður af meðstefnda Jóni Erlendssyni, f. h. Erlends Jónssonar, sem var faðir hans.

Vorið 1941 hóf stefnandi framkvæmd þarna með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi. Þar sem vegur þessi kemur á þjóðveginn, var áður girðing, og þar var sett hlið, sem stefnandi hafði lás fyrir og læsti, þegar hann var ekki í sumarbústaðnum, en lét jafnframt ábúandanum í té lykil að lásnum, svo að hann gæti farið þar um, þegar hann þyrfti þess með.

Vegur þessi var eigi lagður eftir bökkum Hvítár, eins og leigusamningurinn gerir ráð fyrir, heldur tekinn beint frá þjóðveginum í grjótholt, sem er þarna mjög skammt frá, og liggur síðan eftir holtinu. Breyting þessi á vegarstæðinu virðist gerð með samþykki leigusala eða að minnsta kosti veitt þegjandi samþykki eftir á, og var í máli þessu ekki lengur ágreiningur um, að vegurinn yrði áfram á sama stað.

Skal þá vikið nánar að kröfum stefnanda, eins og þær eru settar fram í stefnunni, og um þær fjallað samkv. áliti meiri hluta dóms þessa, Kristins Ólafssonar og Guðmanns Magnússonar, en Sigurður Jónsson skilaði sératkvæði.

1. Aðalágreiningur máls þessa snýst um það, hvort vegurinn frá þjóðveginum heim að sumarbústaðnum skuli teljast einkaeign stefnanda eða ekki.

Það virðist nægilega upplýst og sannað í málinu, að vegur þessi hefur verið lagður og kostaður að öllu leyti af stefnanda. Að vísu hefur efni til vegarins að miklu leyti verið tekið úr landi Mógilsár, en ekki verður séð, að það hefði átt að reiknast sem tillög til vegargerðarinnar, og því síður, að nokkur ástæða gæti verið fyrir jarðeigandann að taka á sig kostnað vegna vegarlagningar þessarar, enda kemur hvergi fram, að stefnandi hafi nokkurn tíma til þess ætlazt, heldur þvert á móti. Vegur þessi er eingöngu gerður vegna sumarbústaðarins, afleggjari frá þjóðvegi til afnota fyrir eitt einasta hús. Að vísu gátu verið þægindi fyrir ábúanda Mógilsár að nota heldur veginn en fara aðra leið, en fyrir því var líka séð með því, að hann hafði jafnan aðgang að hliðinu við þjóðveginn og brýr voru gerðar

við veginn, svo að þar var hægt að fara yfir eða komast á veginn með ökutæki.

Dómurinn fellst á, að stefnandinn megi hafa veginn áfram á umræddum stað, enda er því ekki mótmælt af hálfu hinna stefndu. Enn fremur álítur meiri hluti dómsins, að þar sem vegargerðin er framkvæmd af stefnanda og algerlega á hans kostnað, verði að telja, að mannvirkið, sem hann hefur þannig gert, sé hans eign (ítaksmannvirki).

Um 2. og 4. lið í stefnukröfu, afnot og umferð eigenda og ábúenda Mógilsár af veginum, hefur áður verið dæmt, og ber því að vísa þessum atriðum frá dómi.

3. liður. Kemur þá til álita krafa stefnanda að girða af veginn og bifreiðastæðið.

Með því að girða við veginn og hafa hann innan stórgripagirðingar svo og setja hlið yfir veginn, eins og ábúandi Mógilsár hefur gert, er ljóst, að stefnanda nýtist ekki vegurinn sem skyldi og þannig eru lagðar óeðlilegar tálmanir fyrir umferðina, að ekki verður talið viðunandi. Hins vegar verður ekki séð, að eigendum né ábúendum Mógilsár sé neinn bagi eða tjón að því, þó að vegurinn sé girtur af.

Meiri hluti dómsins telur því, að leyfa beri stefnanda að girða veginn af með sléttum vír, þannig að á þeim stöðum, sem fyrrgreindar brýr voru settar við veginn, til að yfir hann verði komizt, og á gripagirðingu verði hlið á girðingunni, ef þurfa þykir að dómi dómkvaddra manna, svo að þar verði komizt yfir veginn með sama hætti og verið hefur.

Um breidd vegarins, sem þannig heimilast að girða af, telur dómurinn hæfilegt, að girðingin sé sett í innri brún skurðarins, sem er við veginn, og tilsvarandi breidd annars staðar.

Meiri hluti dómsins vill taka fram, að ekki verði fallizt á, að ákvæði girðinga- og vegalaga taki til slíkra afleggjara og einkavegar eins og hér um ræðir.

5. liður. Að stefndu verði dæmt óheimilt að gera nokkuð, sem valdið geti skemmdum eða hindrað umferð um veginn, eru atriði, sem segir sig sjálft, að ekki sé leyfilegt að gera, og er ekki dómhæft.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að leggja á stefndu greiðslu málskostnaðar, er sundurliðast þannig:

1.	málskostnaðargreiðsla til stefnanda	kr. 1.200,00
2.	ferðakostnaður dómenda og dagpeningar	— 600,00
	Samtals	kr. 1.800,00

Því dæmist rétt vera:

Framangreindum kröfuliðum í stefnu nr. 2, 4 og 5 vísast frá dómi.

Vegur sá, sem liggur frá sumarbústað stefnanda, Arons Guð-

brandssonar, og niður á þjóðveginn, er hans eign (mannvirkið) og heimilt að hafa hann áfram á sama stað.

Þá skal stefnanda heimilað að girða veginn af, þannig, að girðingin fylgi innri skurðbrún, og tilsvarandi breidd, þar sem skurðinum sleppir, enda skulu haldast áfram brýr, sem settar voru við veginn, og koma þar hlið á girðingunni, svo að komizt verði þar með ökutæki, einnig á gripagirðingunni, ef þurfa þykir að áliti dómkvaddra manna.

Þá greiði stefndu málskostnað, kr. 1.800,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum og innan 15 daga frá birtingu, að því er um málskostnað.

Sératkvæði samdómandans Sigurðar Jónssonar.

Ég get hvorki fallizt á, að stefnanda, Aroni Guðbrandssyni, sé tildæmdur eignarréttur á vegi þeim, er um ræðir í máli þessu, né heldur, að honum sé heimilað að girða veginn af eftir skurðbrún.

Fyrir þessu atkvæði mínu færi ég þessi rök:

1. Vegarstæðið allt er utan þess leigulands, er stefnandi fékk á sínum tíma út mælt úr Mógilsárlandi til að reisa sumarbústað á. Núverandi vegarstæði er hvergi nefnt í leigusamningnum, heldur aðeins getið um umferðarrétt stefnanda (leigutaka) á bökkum Hvítár frá þjóðvegi að sumarbústaðnum.

Ég lít svo á, að þar sem vegarspotti sá, er hér um ræðir, á ekki heima í neinum þeim flokki vega, er um getur í 1. gr. vegalaga, þá „eigi" í raun og veru sá slíka vegi, er vegarstæðið á og aðliggjandi land, og hljóti því að verða nokkurs konar „fylgifé" hlutaðeigandi jarðar, nema sérstakir samningar liggi fyrir um annað milli þess, er veg leggur í sínar einkaþarfir til bráðabirgða, og landeiganda.

Nú hefur það af hvorugra hálfu komið fram í máli þessu, að sérstakur samningur um eignarafsal Mógilsáreigenda í hendur stefnanda á vegarstæði þessu hafi verið gerður.

Að framansögðu athuguðu tel ég mér ekki fært að verða við aðalkröfu stefnanda um að dæma honum veg þennan sem einkaeign.

2. Þá er komið að umferðarrétti stefnanda, sem um getur í leigusamningi. Það má fullvíst telja, að leið sú, er stefnandi hefur valið til vegarlagningar yfir mýrina, og hinn ruddi vegarkafli um holtið og melinn hafi verið samþykkt á sínum tíma af Erlendi sál. Jónssyni sem ábúanda og eiganda Mógilsár. Hafa þeir, stefnandi í þessu máli og landeigendur, notað veginn að einhverju leyti í sameiningu, svo sem hin sameiginlegu lyklavöld að hliðinu og brýrnar um veginn sanna.

Fyrir því lít ég svo á, að stefnandi, Aron Guðbrandsson, eigi að hafa óskoraðan umferðarrétt um veg þennan, meðan leigutíminn um sumarbústaðarland hans er í gildi.

Jafnframt því haldist réttur ábúenda og eigenda Mógilsár um afnot vegarins, svo sem verið hefur, án þess þó að þeim beri skylda

til að halda honum við, þar sem í flestum tilfellum má fremur telja veg þennan farartálma fyrir ábúendur við afnot aðliggjandi túns og beitilands, en er þó, eins og á stendur, óhjákvæmilegt að fara yfir veginn, ef nytja skal landið austan hans.

3. Ég get hvorki fallizt á, að stefnanda né stefndu sé heimilað að girða veginn af á skurðbrún. Það tel ég brot á fyrirmælum girðingalaga og vegalaga.

Fyrir því tel ég óheimilt fyrir núverandi ábúanda (og eiganda að nokkru leyti) Mógilsár að hafa gaddavírsgirðingu þá, sem nú er með nokkrum hluta vegar þessa, rétt við vegarbrún. Þá tel ég einnig óheimilt skv. fyrrgreindum lögum að hafa hliðið á veginum innan aðalgirðingarinnar með þeim umbúnaði, sem á því er. Ber því að fjarlægja hvort tveggja, girðingu og hlið, hið fyrsta. Hins vegar sé ég ekki, að það sé á valdi dómsins að banna stefndu að hólfa sundur tún og bithaga innan aðalgirðinga í nánd þessa vegar, en fara verður þar að sjálfsögðu eftir ákvæðum girðingalaga og/eða vegalaga um fjarlægð vírgirðinga frá vegum.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að dómsorðið eigi að hljóða svo:

Aðalkrafa stefnanda um eignarrétt á veginum verður ekki tekin til greina. Hins vegar veitist honum óskoraður umferðarréttur um téðan veg, meðan leigutími hans um sumarbústaðarlandið er í gildi. Umferðar- og afnotaréttur stefnda til vegarins skal haldast óbreyttur frá því, sem verið hefur.

Girðingu þá, sem nú liggur meðfram nokkrum hluta vegarins, og aukahlið það, sem er á veginum innan aðalgirðingarinnar, skal stefndu skylt að fjarlægja innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, er ákveðast kr. 50,00 á dag.

Miðvikudaginn 28. apríl 1954.

Nr. 156/1953. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Michael Sigfinnssyni (Lárus Jóhannesson),
Ólafi Ólafssyni (Kristján Guðlaugsson),
Baldri Ársælssyni (Kristján Guðlaugsson),
Birni Ársælssyni (Sigurður Ólason)
og
Hannesi Ágústssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Með játningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, er sannað, að þeir hafa allir brotið gegn ákvæðum 183. og 184. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr., að því er varðar brot ákærða Björns Ársælssonar gegn 184. gr.

Samkvæmt nefndum greinum hegningarlaganna og 2. mgr. 49. gr. sömu laga, eftir því sem við á, ákveðst refsing

1) ákærða Michaels Sigfinnssonar fangelsi 35 daga og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar fangelsi 90 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

2) ákærða Ólafs Ólafssonar fangelsi 3 mánuði og 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 140 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

3) ákærða Baldurs Ársælssonar fangelsi 45 daga skilorðsbundið, eins og í héraðsdómi segir, og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

4) ákærða Björns Ársælssonar 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 80 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

5) ákærða Hannesar Ágústssonar 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Fallast má á það með héraðsdómara, að efni séu eigi til að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði Michael Sigfinnsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Ákærðu Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00.

Ákærði Björn Ársælsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda málsins fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00, greiði ákærðu in solidum.

Það er mjög aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem við átti.

Dómsorð:

Ákærði Michael Sigfinnsson sæti fangelsi 35 daga og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti fangelsi 3 mánuði og 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 140 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Baldur Ársælsson sæti fangelsi 45 daga, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og niður skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Hann greiði og 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björn Ársælsson greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 80 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Michael Sigfinnsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Ákærðu Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00.

Ákærði Björn Ársælsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500,00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1953.

Ár 1953, föstudaginn 12. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1991—1995/1953: Ákæruvaldið gegn Michael Sigfinnssyni, Ólafi Ólafssyni, Baldri Ár-

sælssyni, Birni Ársælssyni og Hannesi Ágústssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Í máli þessu eru ákærðir Michael Sigfinnsson, Langholtsvegi 44, Ólafur Ólafsson verzlunarmaður, Eiríksgötu 9, Baldur Ársælsson, Laugavegi 137, Björn Ársælsson, Kambsvegi 29, og Hannes Ágústsson, Laugavegi 49 A, fyrir að hafa síðastliðin þrjú til fjögur ár gert sér fjárhættuspil að atvinnu á ýmsum stöðum í Reykjavík, svo sem í húsakynnum við Óðinsgötu og Baldursgötu og víðar, koma öðrum til að taka þátt í fjárhættuspili, afla sér tekna af því og láta það fara fram í húsnæði, sem þeir höfðu ráð yfir, en brot þessi teljast varða við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940. Krafizt er, að ákærðir verði dæmdir til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og greiðslu sakarkostnaðar, svo og skaðabóta, ef krafizt verður.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Michael fæddur 25. marz 1913, Ólafur 28. maí 1903, Baldur 2. sept. 1925, Björn 11. júní 1916 og Hannes 17. sept. 1915. Þeir hafa sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærður Michael Sigfinnsson:

1938 23/12 Áminning fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
1941 16/1 Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, tveggja mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir fjárhættuspil. Brot gegn 12. gr. l. nr. 51/1928 og 183. gr. hegningarl., nr. 19/1940. Staðf. í Hæstarétti 19/12 '41.
1941 9/10 Kærður fyrir ætlað bifreiðalagabrot. Fellt niður.
1942 15/5 Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr., sbr. 30. gr., laga nr. 33/1935 og 1. gr. laga nr. 13/1941.
1942 25/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 31/3 Seyðisfjörður. Aðvörun og áminning fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
1945 3/10 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 25/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 8/8 Rvík. Sátt, 125 kr. sekt fyrir að vanrækja að færa bifreið til skoðunar.
1947 20/9 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og í heimahúsum og ólöglegt áfengi í vörzlu.
1948 9/6 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 20/9 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 1/9 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun.
1950 19/1 Rvík. Sátt, 600 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
1951 5/7 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Ákærður Ólafur Ólafsson:

1927 24/8 Siglufj. 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1930 14/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1930 15/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1931 31/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1931 17/3 Sátt, sekt 600 kr. fyrir ólöglega áfengissölu.
1931 22/9 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1931 12/10 Dómur Hæstaréttar: 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 277., sbr. 271. gr., hinna almennu hegningarlaga frá 1869. Í sama máli dæmdur til að greiða 367 kr. í skaðabætur.
1931 23/10 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1932 9/8 Sátt, sekt 1.000 kr. fyrir ólöglega áfengissölu og bruggun.
1933 25/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2.000 kr. sekt og þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
Staðf. í Hæstarétti 13/11 1933.
1933 29/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga fyrir þjófnaðarhylmingu.
1935 7/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 14/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 16/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga.
1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, þriggja mánaða fangelsi fyrir fjárhættuspil. Staðf. í Hæstarétti 19/12 1941.
1941 3/7 Áminning fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1942 25/1 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 12/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna.
1944 13/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 24/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir óleyfilega meðferð áfengis.
1946 7/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 5/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 6/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 29/5 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 1/1 Veitt uppreisn æru með forsetaúrskurði.

Ákærður Baldur Ársælsson:
Í Reykjavík:
1939 16/3 Kærður fyrir þjófnað úr sjálfsala. Afgr. til barnaverndarnefndar.
1947 13/2 Sátt, 200 kr. sekt fyrir ólöglegan innflutning tóbaks.
1949 25/11 Sátt, 150 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki.

Ákærður Björn Ársælsson:
1940 4/10 Áminning fyrir rangstæði bifreiðar á götu.
1940 5/11 Áminning fyrir að skeyta ekki umferðarmerki lögreglunnar.

1941 4/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot. Kr. 9,50 í skaðabætur.
1941 21/4 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1941 16/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, 18. gr. áfengisl., nr. 33/1935, og 3. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur og in solidum með öðrum 85 kr. skaðabætur.
1941 6/12 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 25/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
1942 28/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1943 20/4 Kærður af Gunnari Ásgeirssyni, Keflavík, fyrir árás. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 22/12 1943.
1943 3/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1943 29/12 Sátt, 500 kr. sekt og 2.500 kr. skaðabætur fyrir árás.
1944 9/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og áflog.
1944 25/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir „slagsmál".
1945 13/8 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn biðskyldu við gatnamót.
1945 11/9 Sátt, 50 kr. sekt, 150 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna, sbr. 7. gr. og 4. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1946 8/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 29/8 Siglufj. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna.
1948 18/3 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1949 2/3 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1935 24/7 Sátt í Hafnarfirði, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþ. Keflavíkur.
1937 7/10 Sátt í Hafnarfirði, 15 kr. sekt fyrir götuóspektir.
1938 25/9 Sátt í Keflavík, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 10 kr. skaðabætur í sama máli.
1938 3/6 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1938 6/6 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1938 21/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir að kenna 12 ára dreng að stýra bifreið.
1938 6/10 Sátt, 60 kr. sekt fyrir óspektir og 50 kr. skaðabætur í sama máli.
1939 6/3 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1939 25/8 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1939 6/10 Undir sams konar rannsókn. Sams konar afgreiðsla.
1939 13/12 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

1940 29/3 Kærður af Axel Sigurgeirssyni fyrir árás og meiðsli Féll niður eftir atvikum.
1940 21/6 Sátt, 40 kr. sekt fyrir bifreiðaárekstur.
1940 23/6 Undir rannsókn út af umferðaróhappi, skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1940 19/8 Áminning fyrir að aka bíl yfir vatnsslöngur slökkviliðs í Hafnarfirði.
1952 15/1 Rvík. Áminning fyrir brot á reglug. nr. 72/1937.
1952 4/3 Rvík. Kærður fyrir bifreiðalagabrot. Fellt niður.

Ákærður Hannes Ágústsson:

1939 24/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 240. gr. alm. hegningarlaga.
1940 25/6 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á sölureglum fyrir pylsuvagna.
1940 9/9 Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.
1941 15/7 Aðvörun fyrir brot á reglum um lokunartíma pylsuvagna.
1943 22/1 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á reglum um lokunartíma pylsuvagna.
1944 8/1 Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1948 24/8 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 25/8 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Hinn 14. marz 1952 birtist í blaðinu Reykvíkingi grein með fyrirsögninni: Þetta getur ekki gengið. Var efni greinarinnar það, að hér í bænum væru menn, er gerðu sér að atvinnu að fléfletta menn í fjárhættuspilum. Rannsóknarlögreglan hóf af þessu tilefni athuganir, og kom í ljós, að frásagnir blaðsins mundu hafa við rök að styðjast. Fóru síðan fram dómpróf í málinu 5.—28. maí 1952. Við þá rannsókn hefur verið í ljós leitt, að þeir fimm menn, er ákærðir hafa verið í máli þessu, hafa staðið fyrir fjárhættuspilum í verzlunarhúsnæði í húsinu nr. 1 við Óðinsgötu og í skúr við húsið nr. 24 við Baldursgötu. Hins vegar hefur ekki komið fram, að þeir hafi haldið uppi slíkri starfsemi á öðrum stöðum, þótt svo sé til orða tekið í ákæru, og kemur því ekki til álita að sakfella þá fyrir annað en fjárhættuspil þeirra á áðurnefndum tveimur stöðum, en frá því verður nánar greint hér á eftir. Rannsóknin snerist jafnframt að verulegu leyti um fjárhættuspilarekstur Björgólfs kaupmanns Sigurðssonar, Grundarstíg 6 hér í bæ, en hann er sakaður um að hafa látið spila fjárhættuspil á ýmsum stöðum, er hann hefur haft yfir

að ráða. Um þessa starfsemi Björgólfs verður ekki fjallað í máli þessu, en sérstök ákæra hefur verið gefin út á hendur honum.

II.

Fjárhættuspil í verzluninni á Óðinsgötu 1.

1. Veturinn 1950—1951 rak Michael Sigfinnsson fornverzlun í verzlunarhúsnæði á 1. hæð hússins nr. 1 við Óðinsgötu. Í húsnæði verzlunarinnar virðast hafa verið nokkur brögð að því, að spilað væri fjárhættuspil, einkum póker. Hefur ákærður sjálfur játað, að þetta hafi komið fyrir, en telur það þó hafa verið sjaldan.

Verða nú raktir framburðir þeirra vitna, er náðst hefur til og borið hafa um fjárhættuspil á Óðinsgötu 1 á þeim tíma, er ákærður Michael réð þar húsum.

Vitnið Karl Börlös Jensen Árnason glerskurðarmaður, 29 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi veturinn 1950—1951 alloft spilað fjárhættuspil þarna, og hafi sér virzt, að spilað væri þarna að staðaldri og að hægt væri að koma þarna hvaða kvöld, sem væri. Hafi verið spilað í litlu herbergi inn af búðinni. Hann segir, að Michael hafi oftast stjórnað spilamennskunni sjálfur, en stundum þó annar hvor þeirra Ólafs Ólafssonar eða Björns Ársælssonar. Eftir að á veturinn leið, hafi Michael spilað þarna sjaldnar, og veturinn 1951—52 hafi hann ekkert spilað þarna.

Vitnið Ásgeir Ólafsson, 52 ára að aldri, sem kveðst lengi hafa spilað fjárhættuspil, kveðst hafa spilað á nefndum stað í fáein skipti og ekki viti hann, hvort þarna hafi verið spilað að staðaldri.

Vitnið Bjarni Bjarnason sjómaður, 50 ára að aldri, kveðst einu sinni hafa komið þarna veturinn 1950—51, og hafi menn þá verið að spila, en ekki vissi hann, hver þar réð húsum þá.

Vitnið Gísli Einarsson rakari, 43 ára að aldri, kveðst hafa komið endrum og eins á umræddum tíma og minnir, að eitthvað hafi verið þar um spilamennsku.

Vitnið Kristinn Hannes Guðbjörnsson loftskeytamaður, Blönduhlíð 13, 30 ára að aldri, kveðst hafa spilað alloft hjá ákærðum Michael Sigfinnssyni á Óðinsgötu 1 umræddan vetur, en stundum hafi þó annaðhvort Björn Ársælsson eða Ólafur stjórnað spilamennskunni („haldið pottinn").

Vitnið Þorvaldur Jónasson verkamaður, Hátúni 9, 46 ára að aldri, kveður töluvert mikið hafa verið spilað þarna, og oft hafi hann spilað sjálfur. Hafi ýmist Michael eða Ólafur eða einhverjir aðrir staðið fyrir spilamennskunni.

Vitnið Þórarinn Hinriksson bifreiðarstjóri, 30 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna nokkrum sinnum, og hafi ýmist Michael eða Ólafur „haldið pottinn".

Vitnið Þorsteinn Bjarnason sjómaður, 41 árs að aldri, kveðst nokkrum sinnum hafa spilað þarna, en þó ekki oft. Hann segir, að

Ólafur Ólafsson og Björn Ársælsson hafi alloft stjórnað spilamennskunni, upp á prósentur, að honum hafi skilizt.

Vitnið Ingólfur Arngrímsson kveðst hafa spilað eitthvað þremur sinnum á Óðinsgötu 1 þennan vetur.

Í máli þessu hefur ekki komið fram, að ákærður Michael hafi staðið fyrir fjárhættuspilum að öðru leyti en því, sem nú hefur verið rakið. Skýrði Michael svo frá við rannsókn málsins, að undanfarið ár hefði hann aðallega spilað bridge eða kanasta í Bridgeklúbb Reykjavíkur og lagt niður fjárhættuspil, enda skort fjármuni til slíks. Hann kveðst, meðan hann hafði verzlunina á Óðinsgötu 1, stundum hafa leyft Ólafi eða Birni að spila þar, og hafi þeir þá greitt sér stundum 1—200 kr. fyrir kvöldið sem þóknun fyrir öl og annað, er þeir veittu gestum sínum af birgðum ákærðs. Björn skýrir svo frá, að þegar það hafi komið fyrir, að hann hafi „haldið pottinn" fyrir Michael, hafi hann fengið helming hagnaðarins.

2. Í janúar eða febrúar 1952 tóku ákærðir Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson að reka fornverzlun í nefndu húsnæði á Óðinsgötu 1. Eftir það tóku þeir að halda uppi spilamennsku, en áður höfðu þeir fengizt við peningaspil í skúr við Baldursgötu, svo sem síðar verður frá skýrt. Virðast hafa verið mikil brögð að fjárhættuspilum þarna, þar til rannsókn máls þessa hófst í maí 1952. Þeir Ásgeir Ólafsson, Karl Börlös Jensen Árnason, Bjarni Bjarnason, Gísli Einarsson, Kristinn Hannes Guðbjörnsson, Þorvaldur Hlíðdal Jónasson, Þórarinn Hinriksson og Anton Ingólfur Arngrímsson, sem allir eru áður nefndir, bera það, að þeir hafi nokkrum sinnum spilað fjárhættuspil þarna, enn fremur ýmsir aðrir. Vitnið Guðlaugur Ásgeirsson klæðskeri, 37 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna fimm eða sex sinnum. Vitnið Kristján Guðmundur Sigmundsson forstjóri, 46 ára að aldri, kveðst hafa spilað póker þarna einu sinni og tapað nokkur hundruð krónum. Vitnið Víglundur Kristjánsson kaupmaður, 42 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna einu sinni. Vitnið Friðrik Jóhannsson verkamaður, 38 ára, kveðst hafa spilað þarna og telur, að bæði þarna og í skúrnum við Baldursgötu (sjá III.) hafi verið spilað töluvert mikið.

Vitnið Anton Guðjónsson bifreiðarstjóri, 29 ára, Þorsteinn Sigurðsson bifreiðarstjóri, 28 ára, Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóri, 31 árs, Kjartan Jónsson verkamaður, 34 ára, Guðbjartur Þórður Pálsson bifreiðarstjóri, 27 ára, Sveinn Bergmann Bjarnason sjómaður, 33 ára, hafa allir spilað hjá ákærðum Ólafi og Baldri á umræddum stað. Þá bera vitnin Gunnar Gunnarsson bifreiðarstjóri, 33 ára, og Nói Skjaldberg Jónsson afgreiðslumaður, 32 ára, að þeir hafi komið á nefndan stað og séð menn sitja þar að peningaspili, en ekki tekið þátt í því sjálfir.

Ákærðir Ólafur og Baldur hafa báðir viðurkennt, að alloft hafi verið spilað hjá þeim á Óðinsgötu 1 á umræddu tímabili, enda virðist af vitnaframburðum ljóst, að svo hafi verið.

Aðfaranótt laugardagsins 18. okt. f. á. var lögregla kölluð að Óðinsgötu 1. Voru þá allmargir menn að spilum í herbergi inn af verzlun Ólafs. Voru menn ölvaðir og yfrið sóðalegt um að litast. Hafði komið til ryskinga milli gesta. Af þessu tilefni hófst rannsókn af nýju, og kom í ljós, að um sumarið hafði Ólafur Ólafsson tekið enn að standa fyrir peningaspilum þarna. Játaði Ólafur, að þetta hefði komið fyrir, en oft hefði þó ekki verið spilað þarna. Vitnið Þórarinn Hinriksson kvaðst hafa spilað ca. þremur sinnum þarna um haustið, Gísli Einarsson þremur eða fjórum sinnum, Ásgeir Ólafsson nokkrum sinnum og ákærður Michael Sigfinnsson einu sinni, og kveðst Michael og hafa heyrt, að spilað hafi verið þarna oftar. Þá var í áðurnefnt skipti (aðfaranótt 18. okt.) staddur þarna Björn bóndi Eggertsson, 49 ára að aldri, en hann kveðst ekki hafa komið þarna nema í þetta eina skipti. Virðist Ólafur hafa staðið einn fyrir spilamennsku á þessu tímabili.

III.

Fjárhættuspil í skúr við Baldursgötu.

1. Hinn 1. maí 1951 segjast þeir ákærðir Ólafur og Baldur hafa tekið að reka fornverzlun á Laugavegi 47 og hafa rekið hana þar, unz þeir fluttust á Óðinsgötu 1, sbr. II. hér að framan. Á þessum tíma höfðu þeir á leigu skúr á bak við húsið nr. 24 við Baldursgötu. Skúr þennan telja þeir sig hafa haft til þess að gera við og mála gömul húsgögn, er þeir keyptu og seldu síðan í verzluninni.

Í máli þessu hefur komið í ljós, að í skúrnum hefur að staðaldri verið spilað fjárhættuspil. Ákærður Baldur segir, að haustið 1951 hafi verið spilað þarna mikið, en þó hafi fallið úr kvöld og kvöld. Ólafur kveður ekki heldur fyrir það að synja, að alloft hafi menn komið til þeirra til að spila.

Fyrir dóm hefur komið sægur vitna, er kveðast hafa tekið þátt í fjárhættuspili á nefndum stað: Ásgeir Ólafsson, Bjarni Bjarnason, Karl Börlös Jensen Árnason, Gísli Einarsson, Kristinn Hannes Guðbjörnsson, Víglundur Kristjánsson, Þorvaldur Jónasson, Friðrik Jóhannsson, Anton Guðjónsson, Þórarinn Hinriksson, Þorsteinn Sigurðsson, Sveinn Bergmann Bjarnason, Kjartan Jónsson, Guðbjartur Þórður Pálsson, Þorsteinn Bjarnason og Anton Ingólfur Arngrímsson, sem allir hafa verið nefndir áður, hafa allir spilað þarna peningaspil, langflestir oftar en einu sinni og margir oft, auk þeirra Magnús Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri, 33 ára, er kveðst hafa spilað póker þarna einu sinni eða tvisvar, Óskar Arnar Lárusson bifreiðarstjóri, er kveðst í fjögur eða fimm skipti fyrir jól 1951 hafa spilað póker, Aðalsteinn Stefánsson bifreiðarstjóri, 38 ára, er kveðst hafa spilað líklega þremur sinnum skömmu eftir áramótin, Lárus Hermannsson verkamaður, 38 ára, er kveðst hafa spilað einu sinni, og Gunnar Gunnarsson, er áður var nefndur, er kveðst hafa komið þarna og horft á, en ekki spilað sjálfur.

2. Um miðjan janúar eða þar um bil tóku ákærðir Hannes Ágústsson og Björn Ársælsson við skúrnum í því skyni að halda þar uppi fjárhættuspili, og hættu ákærðir Ólafur og Baldur jafnframt að spila þar, og um sama leyti fluttust þeir á Óðinsgötu 1, sem áður greinir. Greiddu Hannes og Björn þeim Ólafi og Baldri kr. 3.000,00 fyrir að fá að yfirtaka umráð skúrsins, og munu þeir hafa fengið að halda einhverjum húsmunum, sem í skúrnum voru. Þeir ákærðir Hannes og Björn viðurkenna báðir, að ætlunin hafi verið að halda þarna uppi peningaspili, enda segist Hannes hafa verið búinn að tapa miklu fé í spilum og hafa haft hug á að reyna að vinna upp eitthvað af því tapi. Aftur á móti er svo að sjá, að ekki hafi verið mikið um spil í skúrnum, eftir að þeir Hannes og Björn tóku við. Hannes segir, að þar hafi verið spilað 6—8 sinnum, og hafi hann og Björn „haldið pottinn" til skiptis. En eftir að peningaspil færðist í aukana hjá Ólafi og Baldri á Óðinsgötunni, hafi dregið úr aðsókn í skúrinn, og hafi þeir félagar hætt að spila í skúrnum, en hann neitar, að hann hafi nokkru sinni staðið þar fyrir spilum, eftir að hann og Hannes tóku við skúrnum. Hins vegar hafi Hannes látið spila þar nokkrum sinnum. Björn segir hins vegar, að hann hafi stundum „haldið pottinn" fyrir þá Ólaf og Baldur, meðan þeir ráku skúrinn, og fengið þá helming hagnaðar. Björn segir, að hann og Hannes hafi haft skúrinn á leigu í 1½ mánuð, en flutzt þá á burt.

Vitnið Kristinn Hannes Guðbjörnsson kveðst hafa spilað í skúrnum, eftir að Ólafur og Baldur voru þaðan farnir. Vitnið Karl Börlös Jensen Árnason kveðst einu sinni hafa spilað í skúrnum, eftir að Hannes og Björn voru teknir við, og kveður hann Björn hafa „haldið pottinn" þá. Vitnin Ásgeir Ólafsson, Gísli Einarsson og Sveinn Bergmann Bjarnason telja sig allir hafa vitað til þess, að fjárhættuspil hafi farið fram í skúrnum, eftir að Ólafur og Baldur fluttust þaðan, þótt ekki minnist þeir þess, að þeir hafi spilað þar eftir það.

IV.

Á nefndum stöðum hafa ýmis peningaspil verið spiluð samkvæmt framburði ákærðra og vitna, t. d. „kaution" og tuttugu og eitt, en þó langsamlega mest póker, og meiri hluti vitnanna kveðst alls ekki hafa orðið var við, að annað væri spilað en póker. Fyrirkomulagið virðist jafnan hafa verið hið sama á spilunum. Þegar önnur spil en póker eru spiluð, hefur húsráðandi jafna aðstöðu og aðrir spilamenn, en þegar póker er spilaður, „heldur hann pottinn", sem kallað er. Spilað er misjafnlega hátt, aðallega þó eftir reglunum 5—10—50 eða 10—20—100, eins og það er kallað. Þegar spilað er eftir fyrra kerfinu, tekur „potthaldarinn" 5 kr. úr hverjum spiluðum potti, en 10 kr. sé spilað eftir hinu kerfinu. Skoðanir vitna um gróða „potthaldarans" eru nokkuð skiptar, en langflestir telja þó, að um talsverðan hagnað sé að ræða af því að fá að taka þannig úr pottum,

og sumir telja hagnaðinn mikinn. Virðist ekki taka nema fáeinar mínútur að spila úr hverjum potti.

Þess er að gæta, að húsráðendur hafa séð um nokkrar veitingar handa gestum sínum. Hafa þeir séð fyrir öli og tóbaki og jafnvel áfengi, en að því virðist þó hafa kveðið mjög lítið. Ákærðir gera mjög mikið úr útgjöldum sínum af þessum sökum og jafnvel svo, að þeir telja sig ekkert hafa haft upp úr því að „halda pottinn".

Ógerningur er að sannreyna, hver hagnaður sé að því að „halda pott" með framangreindum hætti, og hafa ekki fengizt önnur gögn um það en álit þeirra, sem borið hafa vitni í málinu. Verður að drepa hér á framburði vitna um þetta atriði. Ásgeir Ólafsson kveðst telja, að sá, sem „heldur pottinn", hljóti að hafa af því nokkurn hagnað, að vísu mjög misjafnan. Sjálfur telur hann, að hann hafi heldur tapað en grætt á spilamennsku sinni, en að vísu ekki verulegri upphæð. Hann kveðst stundum hafa verið hvattur til að koma og spila á nefndum stöðum, bæði af húsráðendum og öðrum, sem eru tíðir gestir, þar sem spilað er. Guðlaugur Ásgeirsson kveðst ekkert geta sagt um það, hvort hagnaður sé af því að „halda pottinn" eða ekki. Bjarni Bjarnason telur, að þeir, sem „pottinn halda", hafi vafalaust töluverðan ágóða af því. Hann kveðst veturinn 1951—2 hafa tapað a. m. k. 1.000 kr. í spilum, og hann minnist þess, að hann hafi tapað 500 kr. á kvöldi. Karl Börlös Jensen Árnason kveður vafalaust, að „potthaldarar" hafi mjög verulegan hagnað, og það fé, sem er í umferð á spilaborðinu, lendi, um það er lýkur, hjá þeim. Hafi hann orðið var við, að menn hafi tapað mjög verulegum upphæðum við spilaborðið. Sjálfur telur hann, að hann hafi veturinn 1950—1951 tapað ca. 5.000 kr. og veturinn 1951—1952 ca. 3.000 kr. Kristinn Hannes Guðbjörnsson telur, að þeir, sem „héldu pottinn", hafi haft upp úr því æðimikið fé. Sjálfur telur hann sig hafa tapað 10.000 kr. í spilum í skúrnum við Baldursgötu. Gísli Einarsson kveðst frekar hafa grætt en tapað á spilamennsku sinni. Þorvaldur Jónasson telur ljóst, að „potthaldararnir" raki saman stórfé, og Friðrik Jóhannsson telur þá munu hafa verulegan ávinning. Kveðst Friðrik hafa tapað töluvert miklu fé í fjárhættuspili, þótt ekki geti hann haft reiður á, hve miklu tap sitt nemi. Anton Guðjónsson gizkar á, að sá, sem „heldur pottinn", geti grætt á því 2.000 kr. á nóttu og þaðan af meira, og sama er álit Þórarins Hinrikssonar. Óskar Arnar Lárusson kveðst hafa tapað nokkru fé í þau skipti, er hann spilaði, eða á að gizka 1.500—2.000 kr. Telur hann þá, sem taka úr potti, hljóta að hafa upp úr því töluvert fé. Sama segir Þorsteinn Sigurðsson. Hann kveðst hafa tapað nokkru fé, um 2.000 kr., í spilum, en í síðasta skiptið unnið upp af því 800 kr. á einu kvöldi. Gústaf Ófeigsson, Aðalsteinn Stefánsson, Sveinn Bergmann Bjarnason og Nói Skjaldberg Jónsson telja allir víst, að töluverðar tekjur séu af því að taka úr pottum, og Þorsteinn Bjarnason telur þær mjög miklar. Guðbjartur Þórður Pálsson telur sig ekki geta um það sagt,

hvort hagnaður sé að því að taka úr pottum með þeim hætti, er lýst hefur verið.

Ákærðir telja allir, að þeir hafi haft nægar tekjur til lífsviðurværis sér af löglegri atvinnu, þó þannig, að Hannes telur sig að vísu hafa litlar tekjur haft, en aftur á móti hafi gengið mjög á eignir hans síðustu ár. Ekki hefur þótt fært að rannsaka, hvort ákærðir hafi raunverulega haft þessar tekjur, og verður að ganga út frá, að svo hafi verið. Aftur á móti verður að telja ljóst með því, sem áður er rakið, að þeir hafi haft tekjur af því að standa fyrir fjárhættuspili og aflað sér tekna með því að láta slíkt spil fara fram í húsnæði, er þeir höfðu umráð yfir. Ávinningur sá, er þeir teljast hafa aflað sér með þessum hætti, verður hins vegar ekki sannreyndur, enda hefur ekki verið gerð krafa um upptöku ólöglegs ávinnings, og verður að meta sök hvers hinna ákærðu með hliðsjón af því, hve mikið hefur kveðið að því, að þeir veittu pókerspilum forstöðu (tækju úr pottum).

Sannað þykir, að Michael Sigfinnsson hafi veturinn 1950—51 gert sér að atvinnu að spila fjárhættuspil og aflað sér tekna með því að láta fjárhættuspil fara fram í húsnæði, er hann réð yfir á Óðinsgötu 1. Þykir hann með því hafa gerzt brotlegur við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940, enda er það eigi refsiskilyrði samkv 183. gr., að um aðalatvinnuveg sé að ræða. Þykir refsing hans með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi, en auk þess þykir skv. 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga rétt að gera honum á hendur sekt, að upphæð 10.000 krónur, er renni til ríkissjóðs og afplánist fangelsi 75 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sannað er, að Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson stóðu fyrir fjárhættuspili í stórum stíl í húsnæði, er þeir höfðu yfir að ráða, og öfluðu sér þannig tekna. Þeir hafa því einnig brotið gegn nefndum hegningarlagagreinum. Refsingu þeirra ber að meta með hliðsjón af fortíð þeirra og með tilliti til þess, að eftir að rannsókn málsins var hafin, hóf Ólafur þessa starfsemi af nýju, en Baldur virðist ekki hafa átt þar hlut að. Þykir refsing Ólafs hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og auk þess 18.000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 120 daga fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing Baldurs þykir hins vegar hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi og auk þess 12.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún 85 daga fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Er litið er til fortíðar Baldurs, þykir rétt að ákveða, að fangelsisrefsingin falli niður eftir 3 ár, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verður haldið.

Sannað þykir, að ákærður Hannes Ágústsson hafi notað sér húsnæði það, er hann hafði til afnota á Baldursgötu ásamt Birni Ársælssyni, til þess að afla sér tekna þar af fjárhættuspili og spila slíkt spil í atvinnuskyni. Ósannað er, að Björn hafi haft neinar tekjur

af því að spila í þessu húsnæði, eftir að hann fékk umráð þess, en upplýst er, að áður hafði hann gert sér það að tekjulind að standa fyrir fjárhættuspilum í þessu húsnæði og hjá ákærðum Michael á Óðinsgötu 1. Þykir ákærður Hannes hafa brotið gegn 183. og 184. gr. hegningarlaga, en Björn gegn 183. gr. Þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í stað hvorrar sektar, ef þær greiðast eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa hefur verið gerð um, að ákærðir verði sviptir réttindum skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, en eigi þykja brot ákærðra svo vaxin, að slík réttindasvipting þyki eiga við, sbr. og dómvenju.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið gerðar í málinu, enda hefur enginn þeirra, er þátt hafa tekið í fjárhættuspili og náðst hefur til, gert þá grein fyrir töpum sínum né hvert þau hafi runnið, að ástæða hafi þótt til að benda þeim á rétt til að gera slíka kröfu.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað sem hér greinir: ákærðan Michael málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 800,00, ákærða Ólaf og Baldur in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 1.000,00, ákærðan Björn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 800,00, og ákærðan Hannes Ágústsson málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., kr. 800,00. Annan sakarkostnað ber að dæma alla hina ákærðu til að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærður Michael Sigfinnsson sæti fangelsi 60 daga. Hann greiði og til ríkissjóðs 10.000 króna sekt, er afplánist 75 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Ólafur Ólafsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann greiði til ríkissjóðs 18.000 króna sekt, er afplánist 120 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Baldur Ársælsson sæti fangelsi 60 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef haldið verður skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940. Hann greiði til ríkissjóðs 12.000 króna sekt, er afplánist 85 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Björn Ársælsson og Hannes Ágústsson greiði hvor um sig 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hvor sekt 75 daga varðhaldi, ef þær greiðast ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Michael greiði kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., ákærðir Ólafur og Baldur in solidum kr. 1.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs

verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., ákærður Björn kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., og ákærður Hannes kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl. Annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1954.

Nr. 65/1953. **Skapti Davíðsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skiptamál. Endurgjaldskrafa og framfærslukrafa í dánarbú. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953. Krefst hann þess *aðallega*, að kröfu stefnda í dánarbú Davíðs Jóhannessonar verði hrundið, en *til vara*, að krafan verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar og greiðsla vaxta og málskostnaðar felld niður. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, en *til vara*, að krafa hennar í dánarbúið verði tekin til greina með lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Skiptaráðandanum í dánarbúi Davíðs Jóhannessonar hefur verið stefnt fyrir hönd dánarbúsins til réttargæzlu fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn, sem máli

skipta um sakarefni, þar á meðal skýrslur aðilja, sem þeir hafa gefið fyrir dómi, eftir að málinu var áfrýjað.

Kröfu stefnda í dánarbú Davíðs Jóhannessonar, eins og henni er nú háttað, má greina í tvo aðalþætti:

1. Krafa vegna endurbóta á húseigninni Vegamótastíg 9 ..... kr. 21.909,00
2. Krafa vegna framfærslu Davíðs Jóhannessonar ..... — 18.000,00

Samtals kr. 39.909,00

Um 1. Stefndi og eiginmaður hennar höfðu íbúð í húsinu nr. 9 við Vegamótastíg í Reykjavík, sem var eign föður málsaðilja, Davíðs Jóhannessonar. Eftir að eiginkona Davíðs og móðir málsaðilja andaðist hinn 18. maí 1937, höfðu stefndi og eiginmaður hennar til afnota tvær stofur og eldhús á aðalhæð hússins, en árið 1948 fengu þau til viðbótar tvö herbergi á lofthæð hússins. Sjálfur bjó Davíð eftir lát eiginkonu sinnar í einu herbergi á aðalhæðinni, en stefndi virðist þó hafa haft nokkur not af því herbergi ásamt Davíð. Davíð lézt hinn 2. október 1950.

Árið 1945 létu stefndi og eiginmaður hennar setja miðstöðvarhitun í húsið. Greiddu þau kostnað af þeirri framkvæmd að undanteknum kr. 3.000,00, er Davíð lagði til. Er ekki sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að hjónin hafi endurgreitt Davíð þá fjárhæð. Árið 1949 létu hjónin enn fremur gera ýmsar endurbætur á húsinu, m. a. eldhúsi þess og þvottaherbergi. Greiddu þau allan kostnað af þeim framkvæmdum.

Í máli þessu hefur stefndi lagt fram ýmsa kostnaðarreikninga vegna nefndra endurbóta á húsinu. Hún kveður þó, að ekki hafi öllum slíkum reikningum verið haldið til haga, og hafi kostnaðurinn orðið mun meiri en hinir framlögðu reikningar sýna. Af þeim sökum fékk stefndi tvo menn dómkvadda til að meta til peningaverðs breytingar þær og endurbætur, sem þau hjónin höfðu látið gera á húsinu árin 1945 og 1949. Í matsgerð, dags. 13. marz 1953, meta hinir dómkvöddu menn kostnað vegna endurbótanna kr. 21.909,00, ef miðað er við árið 1949, en kr. 37.379,00, sé miðað við árið 1953, þ. e. þann tíma, er mat var framkvæmt.

Áfrýjandi telur stefnda ekki eiga neina kröfu á hendur dánarbúinu vegna endurbótanna, með því að þær hafi verið gerðar í óleyfi Davíðs og jafnvel gegn banni hans. Af gögnum málsins er ljóst, að Davíð hefur samþykkt endurbætur þær, er gerðar voru árið 1945, og ekkert bendir til, að hann hafi haft á móti breytingum þeim, er gerðar voru árið 1949. Verður þessum mótbárum áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt. Til vara hefur áfrýjandi krafizt þess, að frá þessum kröfulið verði dregnar þær kr. 3.000,00, sem Davíð greiddi af kostnaði vegna miðstöðvarlagningarinnar árið 1945.

Aðiljar máls þessa eru einkaerfingjar Davíðs Jóhannessonar. Meginhluti eigna Davíðs var húseignin nr. 9 við Vegamótastíg og 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II í Laugardal. Hafði áfrýjandi hlotið 3/16 hluta nefndrar jarðar í móðurarf. Stefndi heldur því fram, að það hafi jafnan verið tilætlun Davíðs, að áfrýjandi hlyti jörðina Útey II, en að húseignin nr. 9 við Vegamótastíg félli í hennar hlut. Hafi Davíð og árið 1949 afhent áfrýjanda eignarhluta sinn í Útey II sem fyrir fram greiddan arf, en hins vegar hafi hann ekki verið búinn að koma því í framkvæmd, er hann lézt, að afhenda stefnda eignarráð að húseigninni. Kveður stefndi þau hjónin hafa ráðizt í að kosta endurbætur á húsinu með það fyrir augum og í því trausti, að þau væru að búa í haginn fyrir sig sjálf, þar sem stefndi ætti að fá húsið í sinn arfahluta. Nú hafi hins vegar farið svo, að þau hjónin hafi orðið að kaupa húsið á uppboði, sem fram fór samkvæmt kröfu áfrýjanda hinn 5. desember 1952, fyrir kr. 250.000,00. Hafi uppboðsverð hússins orðið að miklum mun hærra vegna endurbótanna, og komi þar ekki einungis til greina upphaflegt kostnaðarverð þeirra, heldur einnig mikil verðhækkun, sem á þeim hafi orðið, frá því að þær voru gerðar og þangað til uppboð fór fram. Sýni matsgerðin þetta ljóslega, þar sem endurbæturnar séu virtar á kr. 21.909,00 miðað við árið 1949, en á kr. 37.379,00, ef miðað er við þann tíma, sem mat var framkvæmt, rúmum þremur mánuðum eftir að uppboð fór fram. Telur stefndi, að dánarbúið eigi ekki að auðgast á endurbótunum, eins og til þeirra var stofnað.

Þegar athugaðar eru allar aðstæður að breytingum þeim og endurbótum, sem stefndi og eiginmaður hennar létu gera á húsinu, þykir réttmætt, að þau njóti hagnaðar af verðhækkun endurbótanna. Samkvæmt því verður krafa stefnda um kr. 21.909,00 vegna endurbótanna alls ekki talin of há, og ber því að taka þenna kröfulið til greina.

Um 2. Þegar eiginkona Davíðs andaðist árið 1937, var hann kominn hátt á áttræðisaldur. Eftir þenna tíma kveðst stefndi hafa lagt honum til fæði, þjónustu að nokkru leyti, ljós, hita og ræstingu herbergis. Hluti Davíðs af eftirgjaldi af Útey II mun þó hafa gengið til framfæris hans, en samkvæmt gögnum málsins var árlegt eftirgjald af allri jörðinni Útey II 4 sauðkindur tveggja vetra og 16 kg af smjöri. Fyrir framfæri það og aðhlynningu, sem stefndi lét Davíð í té, telur hún ógoldnar kr. 18.000,00, eða sem svarar kr. 1.500,00 á ári til jafnaðar síðustu 12 æviár Davíðs. Kveðst stefndi við ákvörðun þeirrar fjárhæðar taka tillit til, að þau hjónin hafi á þessu tímabili ýmist greitt litla eða enga húsaleigu.

Áfrýjandi hefur talið þenna kröfulið eða mikinn hluta hans fallinn niður fyrir fyrningu. Þegar litið er til ættarsambands stefnda og Davíðs Jóhannessonar og hvernig háttað var þeim samskiptum þeirra, sem hér skipta máli, þykir lögjöfnun frá 8. gr. laga nr. 14/1905 leiða til þess, að kröfuliður þessi verði ekki talinn að neinu leyti fallinn niður vegna fyrningar.

Við mat á þeim kröfulið, sem hér liggur fyrir, hafa eftirgreind atriði einkum verið höfð til hliðsjónar: Annars vegar verðlag á framfærslu karlmanna á Elliheimilinu Grund í Reykjavík á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og er þá haft í huga, að stefndi lagði Davíð ekki til húsnæði og ekki heldur þjónustu að fullu. Svo hefur og verið athugað verðlag á ódýrasta karlmannsfæði samkvæmt opinberum verðlagsákvæðum, meðan slík ákvæði voru í gildi, og verðlag ljóss, hita, ræstingar og þjónustu á nefndu tímabili. Hins vegar til frádráttar húsaleiga eftir íbúð stefnda á sama tíma, eins og hún mátti vera hæst samkvæmt húsaleigulögum, og hefur í því skyni verið aflað leigumats húsaleigunefndar. Hér kemur og til frádráttar hluti Davíðs af eftirgjaldi Úteyjar II, sem gekk til framfæris hans, svo og hæfilegt gjald fyrir afnot stefnda af

herbergi því, er Davíð bjó í. Hefur athugun á þessum atriðum leitt í ljós, að krafa stefnda samkvæmt þessum kröfulið verður ekki talin ósanngjörn, og ber því að taka hana til greina.

Krafa stefnda var borin fram í skiptarétti Reykjavíkur hinn 27. nóvember 1951, og var málið eftir það sótt og varið fyrir skiptadómi. Vaxta af fjárhæðinni og málskostnaðar í héraði var ekki krafizt af hálfu stefnda fyrr en í munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 20. marz 1953. Af þessum sökum og með skírskotun til 223. gr., sbr. IX. kafla laga nr. 85/1936, verða stefnda ekki gegn mótmælum áfrýjanda dæmdir vextir af fjárhæðinni og ekki heldur málskostnaður fyrir skiptadómi.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 39.909,00.

Áfrýjandi, Skapti Davíðsson, greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Um kröfugerð aðilja vísa ég til atkvæðis meiri hluta dómenda.

I. Kröfur stefnda fyrir endurbætur á húseigninni Vegamótastíg 9.

Svo sem í úrskurði skiptaréttarins greinir, létu þau stefndi og eiginmaður hennar gera nokkrar endurbætur á íbúð sinni í ofangreindu húsi á árunum 1945 og 1949. Árið 1945 var sett miðstöðvarkerfi í húsið. Nam kostnaður af því kr. 5.656,71, og galt Davíð heitinn Jóhannesson kr. 3.000,00 af þeirri fjárhæð. Gegn andmælum áfrýjanda er ósannað, að þessi fjárhæð hafi verið endurgreidd Davíð heitnum. Verður því að leggja

til grundvallar, að framlag stefnda og eiginmanns hennar til lagningar miðstöðvarkerfisins hafi numið kr. 2.656,71.

Endurbætur þær, sem gerðar voru árið 1949, virðast hafa verið framkvæmdar án atbeina Davíðs heitins, en ósannað er, að hann hafi borið fram andmæli gegn þeim. Þar sem hann bjó þá í húsinu, verður því að gera ráð fyrir, að þær hafi verið gerðar með vitund hans og samþykki. Eigi er í ljós leitt, hver kostnaður varð af endurbótum þessum, en dómkvaddir matsmenn hafa áætlað þann kostnað kr. 14.225,57. Þeir telja, að kostnaður af hvorum tveggja endurbótunum mundi hafa numið alls kr. 37.379,00, ef þær hefðu farið fram í byrjun árs 1953, og var aðalkrafa stefnda í héraði við það miðuð. Hins vegar hefur ekki verið metið, hve söluverð hússins mundi þá hafa orðið hærra sökum þessara framkvæmda.

Að vísu er sennilegt, að stefndi hafi, einkum er síðari endurbæturnar fóru fram, gert sér nokkrar vonir um, að ofangreind húseign mundi falla í hennar hlut, er til skipta kæmi á dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, og hún því verða aðnjótandi þeirrar verðhækkunar, sem af þeim kynni að leiða. Hins vegar brestur algerlega sönnun fyrir því, að Davíð heitinn hafi lofað að afsala henni eða þeim hjónum húseigninni eða þau af öðrum sökum hafi mátt treysta því, að svo yrði. Þar af leiðir, að stefndi á einungis kröfu í búið fyrir kostnaðarverði endurbótanna, að svo miklu leyti sem það var greitt af henni. Nemur krafan samkvæmt framanskráðu kr. 2.656,71 + kr. 14.225,57 = kr. 16.882,28.

II. Framfærslukrafa stefnda á hendur dánarbúinu.

Svo sem frá er skýrt í úrskurði skiptaréttarins, hefur áfrýjandi það eftir föður sínum, að fæði hans umfram það, sem hann lagði á borð með sér, hafi átt að jafnast á móti húsaleigu þeirri, sem stefndi og eiginmaður hennar áttu að greiða honum. Sannanir brestur fyrir því, að berum orðum hafi verið svo um samið sem áfrýjandi heldur fram. En þegar litið er til þess, að á þeim tíma, er Davíð heitinn tók að hafa fæði og aðhlynningu hjá stefnda, mundi sanngjörn húsaleiga ásamt því, sem hann lagði til heimilisins, hafa jafnazt á við kost hans og að viðurkennt er, að því máli hafi aldrei verið hreyft við Davíð, að stefnda eða þeim hjónum bæri meiri

greiðsla úr hans hendi, verður að telja, að samkomulag hafi a. m. k. orðið um það í framkvæmd, að þetta skyldi jafnast. Styrkist þetta af því, að á skattskýrslum sínum taldi Davíð heitinn sig ekki skulda stefnda annað en nokkurn hluta af móðurarfi hennar og að játað er, að á skattskýrslum eiginmanns stefnda hafi ekki verið talin fram önnur krafa á hendur Davíð heitnum.

Af því, sem nú hefur verið rakið, leiðir, að líta verður á fæði það og aðhlynningu, er Davíð heitinn naut hjá stefnda, sem greiðslu á húsaleigu. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 var stefnda heimilt að krefja bú hans um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem á þenna hátt mátti telja ofgreidda, eftir að hámark var sett á húsaleigu. Verður því að meta annars vegar, hversu hárri fjárhæð kostur sá og aðhlynning, sem Davíð heitinn naut hjá stefnda, mundi hafa numið, en hins vegar, hverju lögmæt leiga af húsnæði því, sem stefndi hafði til afnota, hefði mátt nema.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn til að sýna, hvað fæðiskaupendur urðu að greiða á matsölustöðum hér í bæ á því tímabili, sem hér skiptir máli. Við þetta tel ég hins vegar eigi unnt að miða, eins og sambandi stefnda og Davíðs heitins var háttað. Þá hefur verið leitt í ljós, hvað vistmenn á Elliheimilinu Grund hafa orðið að greiða fyrir veru sína þar á nefndu 12 ára tímabili (1/10'38—1/10'50), og nemur það um kr. 51.000,00. Þegar litið er til þessa og hins er einnig gætt, að Davíð heitinn lagði á borð með sér kjöt og smjör, að verðmæti samtals kr. 5.800,00, og að hann lagði sér sjálfur til húsnæði og að nokkru leyti þjónustu, tel ég hæfilegt að áætla verðmæti þess, sem stefndi lét honum í té, kr. 38.000,00.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, fór fram mat húsaleigunefndar á húsnæði því, sem Davíð heitinn lét stefnda í té. Taldi húsaleigunefnd hæfilega grunnleigu á íbúð þeirri, er hún og eiginmaður hennar höfðu til einkaumráða, kr. 95,00 á mánuði. Enn fremur höfðu þau hjónin sameiginleg afnot með Davíð heitnum af einu herbergi, en hæfileg grunnleiga af því hefur verið metin kr. 40,00 á mánuði. Eftir því, sem leitt er í ljós um afnot stefnda af herbergi þessu, tel ég rétt að reikna stefnda til gjalda ½ leigu af því, þ. e. kr. 20,00.

Nemur þá grunnleigan af húsnæði því, sem stefndi hafði til afnota allt umrætt tímabil, kr. 115,00 á mánuði.

Hér fyrir dómi hefur verið sýnd skrá yfir lögmætt álag á húsaleigu hér í bæ, frá því að það var heimilað og til andláts Davíðs heitins. Samkvæmt henni mundi leigugreiðsla þessi að álagi meðtöldu nema samtals kr. 21.483,15.

Frá 1. október 1948 til andláts Davíðs heitins hafði stefndi enn fremur til afnota tvö lítil herbergi í rishæð ofangreinds húss. Hefur grunnleiga af þessum herbergjum verið metin kr. 50,00 á mánuði, og nemur leigan þá ásamt álagi samtals kr. 1.882,50 umrætt tveggja ára tímabil.

Einhvern tíma á árinu 1949 var gengið frá þvottaherbergi í kjallara Vegamótastígs 9 til afnota fyrir stefnda. Hefur húsaleigunefnd metið leigu fyrir það ásamt geymslu, sem virðist hafa verið gengið frá samtímis, kr. 20,00 á mánuði. Frá árslokum 1949 til septemberloka 1950 nemur leiga þessi ásamt álagi kr. 297,60.

Miðað við mat húsaleigunefndar mundi húsaleigugreiðsla stefnda og eiginmanns hennar til Davíðs heitins því hafa numið kr. 21.483,15 + kr. 1.882,50 + kr. 297,60 = kr. 23.663,25. Viðurkennt er af stefnda, að þau hjónin hafi ýmist litla eða enga húsaleigu greitt, og er eigi sannað gegn andmælum áfrýjanda, að þau hafi greitt meira en kr. 500,00 samtals upp í húsaleigu á umræddu tímabili. Nemur þá ógreidd leiga kr. 23.663,25 ÷ kr. 500,00 = kr. 23.163,25. Ber að draga þessa fjárhæð frá framfærslukröfu stefnda í búið, kr. 38.000,00. Verður þá skuld búsins samkvæmt þessum kröfulið kr. 14.836,75.

Ég get fallizt á það með meiri hluta dómenda, að skuld þessi sé ófyrnd.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að stefndi eigi kröfu til að fá greitt úr dánarbúi Davíðs heitins af óskiptu kr. 16.882,28 + kr. 14.836,75 = kr. 31.719,03.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að stefndi hafi glatað rétti til að bera fram kröfu um vexti, þar eð henni hefur verið mótmælt af áfrýjanda sem of seint fram kominni.

Eftir atvikum tel ég rétt, að hvor aðilja greiði kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Stefndi, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 31.719,03.

Hvor aðilja greiði kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. apríl 1953.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 20. f. m., hefur sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9 hér í bæ, krafizt þess að fá greitt af óskiptu úr dánarbúi föður síns, Davíðs Jóhannessonar, sem bjó á Vegamótastíg 9 hér í bæ og andaðist 2. október 1950, *aðallega* kr. 55.379,00, *til vara* kr. 39.909,00 og *til þrautavara* kr. 36.347,20 auk 6% ársvaxta af hinni úrskurðuðu upphæð frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Samerfingi hennar í búinu, Skapti Davíðsson, til heimilis að Útey II í Laugardalshreppi í Árnessýslu, hefur mótmælt öllum kröfum hennar í máli þessu og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var tekið upp að nýju 24. f. m. til að afla frekari gagna og var samstundis tekið undir úrskurð aftur.

Hinn 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9. Uppskrift á eignum búsins hófst hinn 29. maí 1951 að viðstaddri dóttur hans, Þórdísi Dagbjörtu, og umboðsmanni sonar hans, Skapta, en þau eru samerfingjar og einir erfingjar að búi þessu. Lýsti sóknaraðili, Þórdís Dagbjört, yfir því við uppskriftina, að hún áskildi sér rétt til þess að koma með kröfugerð á væntanlegum skiptafundi vegna útlagðs kostnaðar vegna búsins og uppihaldskostnaðar föður síns. Á skiptafundi í búinu hinn 21. nóvember 1951 lýsti sóknaraðili síðan kröfu í búið, kr. 49.774,73, en þeirri kröfu var samstundis mótmælt af samerfingja sóknaraðilja, Skapta Davíðssyni. Var þegar ákveðið að taka ágreining þenna fyrir í sérstöku máli, og var það þingfest hinn 27. sama mánaðar. Var krafan, sem gerð var þá fyrir réttinum, hin sama og fyrr hafði komið fram og kröfugerðin sundurliðuð þannig:

1.	Greitt vegna eignarinnar Vegamótastígs 9 skv. reikningum	kr. 16.774,73
2.	Greitt vegna sömu eignar, innrétting á þvottahúsi, W.C., eldhús o. fl.	— 15.000,00
3.	Framfærslukostnaður arfláta í 12 ár, kr. 1.500,00 á ári, miðað við, að framfærandi, Þórdís, hefur haft ókeypis húsnæði hjá arfláta	— 18.000,00
		Kr. 49.774,73

Undir rekstri málsins hafði sóknaraðili lagt fram ýmsa reikninga yfir viðgerð á húsinu, skráða á nafn eiginmanns sóknaraðilja, sam-

tals að fjárhæð kr. 18.347,20, og gerir hann á réttarskjali nr. 26 kröfu um að fá þá greidda af búinu svo og allt að kr. 10.000,00, sem áætlað er, að fylgiskjöl vanti fyrir, en áskilur sér jafnframt rétt til að láta meta þenna viðbótarlið, ef hann verði ekki samþykktur af varnaraðilja.

Umrætt réttarskjal leggur hann fram í skiptaréttinum 5. marz 1952, og er þar jafnframt bókað, að hann lýsi yfir því, að samkvæmt þessu réttarskjali hafi hann lækkað kröfu sína í búið, 1. og 2. lið á réttarskjali nr. 2, niður í kr. 28.347,20, en 3. liðurinn, kr. 18.000,00, sé óbreyttur. Í réttarhaldi þessu mótmælti varnaraðili ekki þessum kröfulið, og eftir að aðiljar höfðu fengið sameiginlegan framhaldsfrest til gagnasöfnunar til 13. marz 1952, lýstu þeir yfir því, að gagnasöfnun væri lokið.

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu aðilja dróst munnlegur málflutningur, meðal annars vegna sjúkdóms þess, er með málið fór af hálfu sóknaraðilja. Hinn 9. f. m. lýsti sóknaraðili yfir því, að hann hefði beðið um mat til peningaverðs á breytingum og endurbótum, sem hún og eiginmaður hennar, Ágúst Benediktsson, hefðu látið gera á eigninni nr. 9 við Vegamótastíg, en það mat væri enn ekki komið. Varð samkomulag þá um að fresta máli þessu þar til 17. f. m., en þá var matsgerð þessi lögð fram í málinu, en varnaraðili mótmælti henni þegar sem rangri, löglausri og óviðkomandi málinu, óskuldbindandi fyrir umbjóðanda sinn og of seint fram kominni, en tók hana hins vegar gilda sem staðfest væri.

Sóknaraðili hefur staðhæft hér fyrir réttinum, að upphaflega hafi verið svo til ætlazt af föður sínum, að varnaraðili fengi jörðina Útey II í Laugardalshreppi í Árnessýslu, en hún húseignina Vegamótastíg 9 hér í bænum. Hafi hún og eiginmaður hennar því lagt í ýmsan kostnað, svo sem endurbætur og viðhald á húsinu, án þess að ætlazt væri til, að faðir hennar endurgreiddi þeim þau útgjöld. Hins vegar hafi hann ekki verið búinn að afhenda sér eignarráðin yfir eigninni, þegar hann dó, og þar sem þessu samkomulagi sé nú mótmælt af varnaraðilja og húseignin hafi þegar verið dregin undir búskiptin sem eign dánarbúsins, þá sé enginn vafi á, að hún eigi að fá greiðslu úr búinu fyrir þær endurbætur og viðhald, sem hún og eiginmaður hennar hafi innt af hendi og aukið þar með verðmæti eignarinnar, eins og bezt komi í ljós af hinu háa söluverði hússins. Í hinni framlögðu matsgerð komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að ef endurbætur þær og viðhald á húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ, sem hún og eiginmaður hennar hafi framkvæmt á húseigninni á árunum 1945—1950, hefðu verið framkvæmdar á árinu 1953, hefði það kostað kr. 37.379,00, en miðað við framkvæmd þeirra á árinu 1949 hefði kostnaðurinn orðið kr. 21.909,00. Er aðalkrafa og varakrafa sóknaraðilja að þessu leyti byggð á þessari matsgerð. Telur sóknaraðili, að sér beri að fá endurgreitt það fé, sem hún hafi lagt fram til breytinga og endurbóta á húseigninni, að viðbættri verð-

hækkun á þessum endurbótum til þess tíma, er uppboðið á húseigninni fór fram, en það hafi verið 5. des. 1952, og eigi sú hækkun að koma sér einni til góða. Geti rétturinn hins vegar ekki fallizt á það sjónarmið, beri sér að fá endurgreiddan útlagðan kostnað á þeim tíma, er endurbætur eignarinnar fóru fram, eins og matið til segi, sem sízt sé of hátt. En sjái rétturinn sér yfirleitt ekki fært að leggja matsupphæðina hvoruga til grundvallar kröfu sinni, þá verði þó ekki vefengt, að henni beri að fá hina framlögðu reikninga greidda.

Þá hefur sóknaraðili lýst yfir því, að henni beri að sjálfsögðu greiðsla úr búinu fyrir framfærslu föður síns, frá því er kona hans andaðist, því að þótt hann hafi búið í eigin húsnæði, og leiga sú, er þau hjón greiddu honum, hafi verið lág, þá hafi hann haft hjá þeim fæði og aðra aðhlynningu síðustu 12 ár ævi sinnar, og með hliðsjón af framfærslukostnaði á þeim árum verði ekki talið ósanngjarnt, þótt hún reikni sér fyrir þessa framfærslu kr. 1.500,00 á ári eða kr. 18.000,00 fyrir allt tímabilið.

Varnaraðili, Skapti Davíðsson, sem hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, hefur haldið því fram, að sumt af þeim viðgerðum, sem sóknaraðili hafi látið gera í húsi þessu, hafi verið gert í algeru óleyfi föður síns, eins og til dæmis innanbúnaður í eldhúsi, og beri sóknaraðilja því engin greiðsla fyrir það. Auk þess hafi faðir sinn kostað sumt af viðgerð á húsinu sjálfur, þar á meðal greitt upp í miðstöð kr. 3.000,00, sem hann muni aldrei hafa fengið endurgreitt. Mótmælir hann í því sambandi matsgerðinni sem algerlega þýðingarlausri fyrir mál þetta og búinu óviðkomandi, enda sé matið einnig of seint fram komið.

Þá kveður hann, að faðir sinn hafi sagt sér, eftir að kona hans dó, að húsaleiga Þórdísar ætti að vera andvirði þess, sem hann borðaði hjá henni fram yfir það, sem hann legði á borð með sér, en það hefði verið að minnsta kosti afgjaldið af Úteynni, þar til hann seldi honum jörðina 23. maí 1949, en þá hefði sóknaraðili í stað afgjaldsins fengið hálfa lofthæðina í húsinu til afnota til viðbótar því, er hún áður hafði. Fullyrðir hann, að framfærslukrafa sóknaraðilja í búið hafi ekki við nein rök að styðjast, enda hafi faðir sinn ætíð viljað hafa hrein og glögg reikningsskil við alla. En þótt svo væri, að sóknaraðili ætti einhverja kröfu á búið fyrir framfærslu föður síns, þá væri sú krafa að mestu fyrnd og yrði af þeim ástæðum því ekki tekin til greina.

Það er ekki vefengt í máli þessu, að sóknaraðili hafi framkvæmt ýmsar viðgerðir og endurbætur á húsinu nr. 9 við Vegamótastíg, sem var eign dánarbús þessa. Verður að telja, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið, hafi aukið verðmæti húseignarinnar og þar með aukið eignir búsins til hagsbóta erfingjum þess. Það þykir því sjálfsagt, að sóknaraðili eigi að fá endurgreiðslu úr búinu óskiptu. Ekki þykir samt ástæða til, að hún fái hærri endurgreiðslu en því svarar, sem hún hefur lagt fram, þar sem ekki verður heldur fullkomlega

vitað, hversu mikla verðhækkun á húsinu þessar endurbætur hafi skapað, enda naut hún þeirra sjálf, meðan faðir hennar lifði, þar sem leiga hækkaði ekki fyrir það húsnæði, er hún hafði í húsinu. Þar sem mat það, sem lagt hefur verið fram í máli þessu á endurbótum þeim, er sóknaraðili framkvæmdi á húsinu, verður eigi talið of seint fram komið, þykir réttast að leggja til grundvallar endurgreiðslu úr búinu matsupphæð þá, er miðuð er við verðlag á efni og vinnu árið 1949, enda er það mat lítið eitt hærra en hinir framlögðu reikningar. Ekki verður fallizt á, að frá matsupphæðinni, kr. 21.909,00, verði dregnar þær kr. 3.000,00 sem talið er, að hinn látni hafi greitt af kostnaði við miðstöðvarlagningu, sbr. vottorðið á réttarskj. nr. 21, þar sem hann getur þess sjálfur, um leið og greiðsla fer fram, að tengdasonur sinn ætli að endurgreiða þessa fjárhæð. Verður að ætla samkvæmt framburði sóknaraðilja hér fyrir rétti 24. f. m., að þessi endurgreiðsla hafi farið fram, enda kemur það heim við skattframtal hins látna.

Faðir aðilja var fæddur 4. júní 1861, og var hann því tæpra 76 ára að aldri, þegar kona hans andaðist 18. maí 1937. Það er játað í máli þessu, að hann hafi verið til húsa hjá sóknaraðilja í eigin húsi og haft mat hjá henni, eftir að kona hans dó, á meðan hann lifði. Það er að vísu fram komið í málinu, að hann hafi að einhverju leyti lagt á borð með sér og húsaleiga sóknaraðilja hafi ætíð verið lág, en hins vegar verður ekki talið fullsannað, að hann hafi greitt fullu verði fæði sitt og aðhlynningu, er ætla má, að maður á þessum aldri hafi þurft, og þykir því krafa sóknaraðilja í búið fyrir 12 síðustu æviár föður hennar, kr. 18.000,00, ekki ósanngjörn, þegar virtir eru allir málavextir, sérstaklega almennur framfærslukostnaður á þessum árum. Um fyrningu á kröfu þessari er ekki að ræða þegar af þeirri ástæðu, að hinn látni hefur alla tíð, þar til hann andaðist, látið í té nokkurt endurgjald fyrir framfærslu sína, enda ekki séð, að eindagi þeirrar greiðslu hafi verið fyrr en eftir andlát hans.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, að sóknaraðili fái greitt úr búinu af óskiptu fyrir endurbætur á húsinu og framfærslukostnað fyrir föður sinn samtals kr. 39.909,00 ásamt 6% ársvöxtum, frá því að krafan kom sundurliðuð fram í rétti hinn 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 2.000,00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 39.909,00 með 6% ársvöxtum frá 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Þá greiði varnaraðili, Skapti Davíðsson, sóknaraðilja, Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 2.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1954.

Nr. 1/1951. **Júlíus Ingibergsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Gústaf Finnbogasyni (Gunnar Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál. Fyrning refsingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1951 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. desember 1950, gerir þær kröfur, að stefnda verði dæmd refsing fyrir ummæli þau, er í héraðsstefnu greinir, að ummælin verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með vætti vitnanna Friðgeirs Guðmundssonar, Ögmundar Ólafssonar, Stefáns Pálssonar og Torfa Torfasonar verður að telja sannað, að stefndi hafi að kvöldi 27. ágúst 1948 haft þau ummæli um áfrýjanda, *að* hann ásamt bróður sínum, Páli, hafi stolið og notað í eigin þágu gjaldeyri, sem fengizt hafi í Svíþjóð við sölu á ljóskastara v/b Reynis, *að* hjá þeim bræðrum tylldi enginn maður, þar sem þeir stælu af launununum, og legufærum bátsins hefðu þeir stolið frá útgerðinni. Önnur meiðyrði, sem stefnt er út af, verða ekki talin sönnuð.

Svo sem segir í héraðsdómi, var heimild til að höfða einkamál til refsingar út af meiðyrðum þessum niður fallin samkvæmt 29. gr. laga nr. 19/1940, er mál þetta var höfðað. Hins vegar tekur ofangreind lagagrein ekki til ómerkingar samkvæmt orðum sínum, og ekki þykir næg ástæða til að beita henni með lögjöfnun um ómerkingarkröfu. Áfrýjandi hefur því ekki glatað rétti sínum til að fá ummælin dæmd ómerk. Ber því að ómerkja þau framangreind meiðyrði, sem telja ber sönnuð, þar eð þau hafa ekki verið réttlætt.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Stefndi, Gústaf Finnbogason, á að vera sýkn af refsikröfu áfrýjanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Árna Tryggvasonar hrd.

Rök þau og sjónarmið, er liggja til grundvallar ákvæðum 29. gr. laga nr. 19/1940, um fresti til að krefjast málshöfðunar eða höfða mál til refsingar, eiga einnig við, að því er varðar mál til ómerkingar óviðurkvæmilegra ummæla. Um slík mál er því rétt að beita nefndri lagagrein samkvæmt lögjöfnun. Með þessari athugasemd tel ég, að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um sýknu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt er því þannig:

Stefndi, Gústaf Finnbogason, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri málskostnað sinn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 29. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, af Júlíusi Ingibergssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 17. janúar 1950, birtri sama dag, en sáttakæra var út gefin 12. sama mánaðar og birt hinn 13. s. m., á hendur Gústaf Finnbogasyni, Stíghúsi, Vestmannaeyjum, til ómerkingar og refsingar fyrir meiðandi ummæli, er hann telur, að stefndur hafi viðhaft um sig í ágúst 1948, er þeir voru á síldveiðum á m/s Reyni fyrir Norðurlandi. Var stefnandi vélstjóri á skipinu, en stefndur háseti.

Í sáttakæru lýsir stefnandi ummælunum á þessa leið:

„Hann kallaði mig og Pál, bróður minn, þjóf, sagði, að við hefðum stolið frá útgerðinni, m. a. ljóskastara, sem við hefðum keypt í Sviþjóð fyrir útgerðina, og notað gjaldeyrinn í okkar eigin þágu. Þá hefðum við stolið lífbátnum og selt legufærin og notað andvirði þeirra sömuleiðis í eigin þágu. Þá tylldi enginn maður hjá okkur, vegna þess að við stælum af þeim, og væri svo komið, að enginn fengist á skipið nema Færeyingar og ræflar. Auk þess fleira, sem hneig í sömu átt."

Ummæli þessi, kveður stefnandi, að stefndur hafi viðhaft í áheyrn skipverja m/s Reynis. Þá hafi hann einnig viðhaft lík ummæli í áheyrn Þorvalds Guðjónssonar og Sigfúsar Baldvinssonar, sem báðir eiga heima á Akureyri, og muni hann þá auk þess hafa sagt,

„að við Páll gerðum allt fyrir peninga".

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að ofangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndur verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu að skaðlausu.

Stefndur hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnanda, en stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins og auk þess sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei látið sér um munn fara þau orð og ummæli, sem stefnt er út af. Hins vegar kveðst hann hafa spurt stefnanda, hvar hann hefði keypt ljóskastarann, sem væri um borð í m/s Reyni, en slíka spurningu kveðst hann ekki telja refsiverða. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að refsikrafa fyrir hin umstefndu ummæli sé ekki lengur til, þar sem málið hafi ekki verið höfðað, fyrr en löngu eftir að málshöfðunarfrestur var liðinn skv. 29. gr. alm. hegnl.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá fjórum skipverjum á m/s Reyni, dags. 9. jan. 1949, og segir þar, að stefndur hafi viðhaft þau ummæli, sem tilfærð eru hér að framan, að kvöldi hins 27. ágúst 1948 og eins daginn eftir, hinn 28. ágúst. Þá hefur stefnandi einnig lagt fram vottorð frá Þorvaldi Guðjónssyni og Sigfúsi Baldvinssyni, dags. 22. febr. 1950, þar sem fram er tekið, að hinn 27. ágúst 1948, kl. á milli 2—3 um nóttina, hafi stefndur viðhaft ýmis meiðandi ummæli um bróður stefnanda, Pál Ingibergsson. Eru ummælin tilfærð í vottorðinu, og ganga þau í líka átt og hin umstefndu ummæli, en hvergi er að því vikið, að stefndur hafi í umrætt skipti viðhaft nein óviðurkvæmileg ummæli um stefnanda máls þessa. Vottorðið er því þýðingarlítið fyrir mál þetta.

Lögð hefur verið fram útskrift úr lögregluþingbók Vestmannaeyja, sem ber það með sér, að þrír skipverjanna á m/s Reyni, sem ofangreint vottorð gáfu, hafa staðfest það fyrir lögregluréttinum. Þá kemur það einnig fram í útskriftinni, að hinn 14. febrúar 1949 mætir stefnandi fyrir lögregluréttinum til þess að bera vitni út af kæru

frá stefndum á hendur Páli Ingibergssyni, bróður stefnanda, vegna líkamsárásar. Í þessu réttarhaldi krafðist stefnandi þess, að stefndur yrði látinn sæta viðurlögum skv. 236. gr. alm. hegnl. fyrir þau ummæli, sem stefnt er út af í máli þessu. Krafa þessi var færð til bókar, en ekki sinnt af eðlilegum ástæðum, þar sem ekki var heimilt að höfða opinbert mál gegn stefndum af þessum sökum.

Samkv. 29. gr. alm. hegningarlaga fellur niður heimild til þess að höfða einkamál til refsingar, sé mál ekki höfðað innan 6 mánaða frá því, að sá, sem heimildina hafði, fékk vitneskju um hinn seka. Ummæli þau, sem hér er stefnt út af, voru viðhöfð hinn 27. ágúst og 28. s. m., og ljóst er, að stefnanda var þá þegar kunnugt um þau, enda eru þau að mestu leyti viðhöfð við hann sjálfan. Heimild til málshöfðunar var því niður fallin að 6 mánuðum liðnum frá þeim tíma, þar sem ekki er unnt að fallast á, að krafa stefnanda um refsingu, er hann setti fram í lögregluréttinum 14. febr. 1949, hafi í för með sér lengingu á málshöfðunarfrestinum. Þykir því bera að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkv. þessum úrslitum þykir bera að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum kr. 200,00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gústaf Finnbogason, skal sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Júlíus Ingibergsson, greiði stefndum, Gústaf Finnbogasyni, kr. 200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 42/1952. **Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson** (Sigurður Ólason)

gegn

Birni Jóhannssyni og Kristjáni Torfasyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Deilt um, hvort tilteknir munir fylgdu skipi við uppboðssölu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem eru einir sameigendur v/s Odds, ÍS. 205, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. marz

1952. Krefjast þeir þess, að stefndu, öðrum hvorum eða báðum, verði dæmt að greiða kr. 50.000,00 með 6% ársvöxtum af kr. 20.000,00 frá 23. júlí 1950 og af kr. 30.000,00 frá 1. október 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur ekki verið krafizt staðfestingar lögbaldsgerðarinnar frá 22. júlí 1950.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður séð, að veðréttur áfrýjenda, er getur í málinu, hafi tekið til lestarstoða þeirra og lestarborða, sem lýst er í héraðsdómi, og ekki fylgdu munir þessir v/s Oddi, er skipið var selt á nauðungaruppboði 7. júlí 1950. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum og málsatvikum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Jóhannsson og Kristján Torfason, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjenda, Helga Benediktssonar og Guðmundar H. Oddssonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefndu kr. 4.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 28. júlí 1950, gegn Birni Jóhannssyni framkvæmdarstjóra og Kristjáni Torfasyni bankamanni, báðum til heimilis hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Á fyrri hluta ársins 1948 keypti h/f Örvaroddur á Flateyri „Motor Mine-Sweeper no. 31" af firmanu Boston Deep Sea Fishing and Ice Company Limited í Fleetwood. Gaf kaupandi hinn 1. júlí 1948 út til handa seljanda skuldabréf fyrir nokkrum hluta kaupverðsins og veðsetti honum skipið ásamt vélum öllum, bátum, útbúnaði, öllum tækjum og öllu því, sem skipinu fylgir og fylgja ber, með 1. veðrétti til tryggingar skuldinni. Skipi þessu sigldi kaupandi til Noregs, og

voru vélar þess teknar úr því þar og settar í skip, sem kaupandi átti í smíðum hjá Anchers Skibsbyggeri í Arendal. Til frekari tryggingar skuldinni veðsetti kaupandi í áðurgreindu bréfi seljanda hið nýja skip ásamt vélum, bátum, útbúnaði, öllum tækjum og öllu því, sem skipinu fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, með 2. veðrétti næst á eftir láni, að fjárhæð ísl. kr. 300.000,00, er tryggt var með 1. veðrétti í skipinu. Er smíði skipsins var lokið, var því siglt til Íslands og skráð á aðalfiskiskipaskrá ríkisins undir nafninu m/s Oddur, ÍS. 205, með heimilisfangi á Flateyri og eign Örvarodds h/f. Á sínum tíma (ekki verður séð hvenær) fékk h/f Örvaroddur járnlengjur frá Englandi, og voru hér á landi smíðaðar úr þeim lestarstoðir, sem ætlaðar voru handa skipinu. Þá fékk félagið með skipinu frá Noregi timbur (heflaðan borðvið), er var sniðið hér í lestarborð fyrir skipið. Halda stefndu því fram, að hvort tveggja efni þetta hafi verið keypt og greitt sérstaklega án sambands við kaup á tundurduflaslæðaranum eða hinu nýja skipi, og er þeirri staðhæfingu þeirra ekki hnekkt. Munum þessum (lestarstoðum og lestarborðum) var komið í geymslu, er þeir voru tilbúnir, hjá Örnólfi Valdimarssyni hér í bænum. Voru þeir aldrei notaðir í skipinu, meðan það var í eign h/f Örvarodds, enda var skipið eingöngu notað til flutninga þann tíma, en sumarið 1949 var m/s Oddur sent til Grænlands, og flutti hann þangað um 200 smálestir af kolum. Lestarstoðirnar og lestarborðin voru tekin með í för þessa, því að ætlunin mun hafa verið að taka til flutnings ísvarinn fisk frá Grænlandi. Af því varð ekki, og voru munir þessir ekkert notaðir í ferðinni, og var þeim að henni lokinni komið til geymslu hjá sama manni og fyrr.

Í október 1949 var stefndi Björn Jóhannsson ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Örvarodds. Var hann hvorki í stjórn félagsins né heldur hluthafi í því. Á þeim tíma var félagið í fjárhagsörðugleikum, og var, eftir að Björn varð framkvæmdarstjóri þess, samþykkt af stjórnendum félagsins og hluthöfum að fela honum að selja lestarborðin og stoðirnar auk rafvindu og annars lauslegs úr tundurduflaslæðaranum. Fékk Björn umboð undirritað af tveimur stjórnendum félagsins í þessu skyni, dags. 25. okt. 1949, og er ekki vefengt, að þeir hafi haft heimild til að skuldbinda félagið. Samkvæmt samþykkt stjórnenda félagsins og hluthafa og umboði þessu seldi stefndi Björn meðstefnda Kristjáni Torfasyni lestarborðin og stoðirnar fyrir kr. 40.000,00, og samkvæmt bókum félagsins greiddi Kristján kaupverðið hinn 17. nóv. 1949, en munirnir voru áfram í geymslu Örnólfs Valdimarssonar.

Með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar 25. maí 1950 var bú h/f Örvarodds tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir ákvörðun skiptafundar sama dag var ákveðið að láta uppboð fara fram á m/s Oddi eins fljótt og unnt væri. Var síðan auglýst, að nauðungaruppboð færi fram á skipinu hinn 7. júlí 1950 kl. 13.30. Segir í uppboðsskilmálunum meðal annars, að skipið með tilheyrandi seljist í því ástandi, sem það nú

sé í. Milli kl. 10 og 11 að morgni þess dags, sem uppboðið átti að fara fram, var áðurgreint veðskuldabréf framselt stefnanda og Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra hér í bænum, en hann var formaður stjórnar h/f Örvarodds, frá því að félagið var stofnað og þar til það varð gjaldþrota, og skipstjóri á m/s Oddi allan tímann nema í Grænlandsferðinni. Á nauðungaruppboði á skipinu bauð stefnandi kr. 805.000,00, og var boð hans samþykkt. Hinn 19. júlí 1950 gaf bæjarfógetinn á Ísafirði út uppboðsafsal fyrir skipinu ásamt tilheyrandi til stefnanda og áðurnefnds Guðmundar H. Oddssonar, og er tekið fram í afsalinu, að stefnandi verði eigandi skipsins að ¾ hlutum, en Guðmundur að ¼ hluta. Á skiptafundi í þrotabúi h/f Örvarodds skýrði nefndur Guðmundur svo frá, að lestarstoðir og lestarborð hefðu verið veðsett eða seld stefnda Birni, og væru munir þessir í vörzlum hans. Var samþykkt á fundi þessum að skora á Björn að afhenda muni þessa, en hann hafnaði því.

Stefnandi hugðist gera m/s Odd út á síldveiðar sumarið 1950, en til þess vantaði hann í skipið lestarborð og lestarstoðir. Samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda, dags. 22. júlí 1950, varð það að samkomulagi, að stefnandi fengi muni þessa afhenta gegn greiðslu til lögmanns stefndu, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, á kr. 20.000,00 í peningum og víxli, að fjárhæð kr. 30.000,00, út gefnum 20. júlí 1950 af Ásbirni Ólafssyni, ábektum af áðurnefndum Guðmundi H. Oddssyni og samþykktum til greiðslu af stefnanda hinn 1. október 1950. Segir í bréfi þessu, að greiðsla fjárins og afhending víxilsins sé hvort tveggja gert með þeim fyrirvara, að stefnandi áskilji sér rétt til að endurkrefjast þessara fjárhæða, hafi afhending áðurgreindra muna verið ólögmæt, enda verði fjárhæðin og víxillinn kyrrsett, en ágreiningi um málið verði lokið með sátt eða dómi. Hinn 22. júlí 1950 var síðan í fógetarétti Reykjavíkur lagt löghald á kr. 14.475,00 af hinni greiddu fjárhæð í vörzlum hæstaréttarlögmannsins svo og áðurgreindan víxil, og var lagt fyrir lögmanninn við löghaldið að sjá um, að víxilréttur glataðist ekki, og honum heimilað að innheimta víxilinn, enda færðist þá löghaldið yfir á andvirði hans. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, svo sem áður var sagt, og gerði þær réttarkröfur í stefnu, að stefndu yrðu, annar hvor eða báðir, dæmdir til þess að endurgreiða honum kr. 20.000,00 í peningum svo og til að afhenda honum fyrrgreindan víxil. Þá krafðist hann þess, að fyrrgreind löghaldsgerð yrði staðfest, og loks krafðist hann málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins.

Í greinargerð kröfðust stefndu þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Reistu þeir frávísunarkröfuna á því, að stefnandi og nefndur Guðmundur H. Oddsson hefðu samkvæmt uppboðsafsalinu orðið sameigendur að skipinu. Stefnandi hefði hins vegar höfðað málið einn, en hvorugur sameigendanna að skipinu hefði getað höfðað einn mál um stofnun eða vernd eignarréttar að því eða hlutum, er þeir kynnu að halda fram, að til skipsins bæri að telja, heldur

hefði þeim borið að höfða málið sameiginlega. Í þinghaldi 6. desember 1950 lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi ræki málið fyrir hönd félagsútgerðar m/s Odds, og féllu stefndu þá frá frávísunarkröfunni. Stefnandi greiddi áðurgreindan víxil á gjalddaga, og við munnlegan flutning málsins breytti hann kröfum sínum á þá leið, að í stað afhendingar víxilsins krafðist hann þess, að stefndu endurgreiddu víxilfjárhæðina auk 6% ársvaxta frá gjalddaga víxilsins til greiðsludags.

Að öðru leyti hélt stefnandi fast við stefnukröfurnar.

Kröfur sínar reisir stefnandi á því, að margnefndar lestarstoðir og lestarborð hafi verið fylgifé m/s Odds og því hafi borið að láta muni þessa fylgja með í kaupunum, enda hafi skipið verið selt og því afsalað ásamt tilheyrandi. Þá telur stefnandi, að afhending umræddra muna hafi á sínum tíma verið óheimil úr vörzlum h/f Örvarodds, þar sem munirnir hafi verið veðsettir sem hvert annað fylgifé, og því hafi þurft samþykki veðhafa til afhendingarinnar, en það hafi ekki verið fengið. Til frekari stuðnings því, að munir þessir hafi verið fylgifé skipsins, bendir stefnandi á það, að skipið hafi verið skráð sem fiskiskip, og eigi því ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 178 frá 1946 við um það. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi verið í góðri trú um það, að lestarinnréttingin fylgdi með í kaupunum, er hann bauð í skipið, enda hafi ekki verið á það minnzt, að það væri selt án hennar.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Reisa stefndu sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar málsins. Bæjarfógetinn á Ísafirði hafi sem uppboðshaldari eða skiptaráðandi í þrotabúi h/f Örvarodds og á sína ábyrgð og búsins gefið stefnanda og Guðmundi H. Oddssyni afsal fyrir m/s Oddi. Hljóti kaupendurnir því að eiga aðgang að bæjarfógeta eða þrotabúinu eða þeim aðiljum báðum, ef þeir telji ákvæði afsalsbréfsins vanefnd við sig með einhverjum hætti. Telja stefndu því, að kaupendurnir eigi engan aðgang að þeim, þar sem þeir hafi ekki komið nærri uppboði né afsali skipsins. Á þessum grundvelli tilkynnti lögmaður stefndu með stefnu, út gefinni 18. september 1950, bæjarfógetanum á Ísafirði og sýslumanni Ísafjarðarsýslu málssókn þessa og stefndi honum til þess að gæta hagsmuna þrotabús h/f Örvarodds, ríkissjóðs og sjálfs sín í málinu, en réttargæzlustefndi hefur ekki látið sækja þing í málinu, og engar sjálfstæðar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum.

Þá telja stefndu, að þótt afsalið sé orðað með þeim hætti, að skipið sé selt með tilheyrandi, þá felist ekki í því orðalagi annað né meira en það, að skipinu hafi fylgt það, sem var í því og á við söluna. Vísa þeir þessu til stuðnings til ákvæða 3. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1949.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að lestarstoðirnar og lestarborðin hafi aldrei orðið fylgifé m/s Odds. Efnið í muni

þessa hafi verið flutt hingað til lands ótilsniðið og munirnir síðan smíðaðir úr því hér til afnota í skipinu. Hins vegar hafi þeir aldrei verið tengdir við skipið eða notaðir í því né með þá farið á þann hátt, að þeir gætu orðið fylgifé þess. Af þessum ástæðum telja stefndu, að firmað Boston Deep Sea Fishing & Ice Company Limited hafi aldrei eignazt veð í munum þessum. En jafnvel þótt svo yrði litið á, telja stefndu, að kaupendur m/s Odds eigi engan rétt til margnefndra muna á grundvelli áðurgreinds veðskuldabréfs, þar sem stefnandi hafi á nauðungaruppboðinu boðið mun meira í skipið en veðskuldinni samkvæmt bréfinu nam, og hafi því kaupendur skipsins sem eigendur veðskuldabréfsins fengið fullnægju veðskuldarinnar af uppboðsandvirðinu, enda hafi þeir ekki getað fengið skipið lagt út sem ófullnægðir veðhafar.

Svo sem áður er sagt, fólu stjórnendur og hluthafar h/f Örvarodds stefnda Birni sem framkvæmdarstjóra félagsins að selja margnefndar lestarstoðir og lestarborð. Í samræmi við þessi fyrirmæli og samkvæmt skriflegu umboði tveggja stjórnenda félagsins seldi Björn muni þessa meðstefnda Kristjáni, en galt andvirði þeirra í sjóð félagsins. Verður stefnda Birni ekki gefin sök á þessari ráðstöfun, og ekki hefur annað komið fram en stefndi Kristján hafi verið í góðri trú um heimild félagsins til hennar. Varð hann því eigandi munanna við kaupin. Þá verður ekki talið skipta máli um rétt stefnanda til umræddra muna, þó að svo væri litið á, að þeir hefðu á einhverjum tíma verið fylgifé m/s Odds. Munirnir voru löngu farnir úr eign h/f Örvarodds, eiganda skipsins, er félagið var úrskurðað gjaldþrota og nauðungaruppboð á skipinu fór fram. Voru þeir því á þeim tíma, er skipið var selt, a. m. k. ekki lengur fylgifé skipsins, enda var það samkvæmt uppboðsskilmálunum selt með tilheyrandi í því ástandi, sem það var á uppboðsdegi. Þá ber og í þessu sambandi á það að líta, að gera verður ráð fyrir, að öðrum kaupanda skipsins, Guðmundi H. Oddssyni, er samkvæmt framansögðu var formaður stjórnar h/f Örvarodds, frá því að félagið var stofnað og þar til það varð gjaldþrota, hafi verið kunnugt um áðurgreinda ráðstöfun á lestarstoðunum og lestarborðunum svo og það, að munir þessir fylgdu ekki skipinu, er nauðungaruppboðið fór fram og afsal fyrir skipinu var gefið út.

Að framangreindum atriðum athuguðum verður ekki séð, að kröfur stefnanda f. h. félagsútgerðar m/s Odds á hendur stefndu hafi við rök að styðjast eða að hann og Guðmundur H. Oddsson sem kaupendur skipsins eigi rétt til oftnefndra muna. Ber því að taka kröfu stefndu um sýknu til greina og fella fyrrgreinda löghaldsgerð úr gildi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ingvari Vilhjálmssyni útgerðarmanni og Ísleifi Árnasyni fulltrúa.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Stefndu, Björn Jóhannsson og Kristján Torfason, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar f. h. félagsútgerðar m/s Odds, ÍS. 205, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 58/1954. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs** (Sigurður Ólason)

gegn

Ásmundi Friðrikssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar útsvarsskuld, að fjárhæð kr. 20.345,00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1952 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi var skipstjóri á togara Siglufjarðarkaupstaðar, sem gerður var út þaðan, frá því í september 1950 þar til á árinu 1953, skráði heimilisfang sitt í nefndum kaupstað á þessu tímabili frá því haustið 1951 og tók þar á leigu íbúð frá 1. janúar 1952. Átti hann því heimili í Siglufjarðarkaupstað,

er útsvarsálagning fór fram árið 1952. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.800,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Ásmundi Friðrikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.800,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 23. febrúar 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 21. þessa mánaðar, hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Vestmannaeyja, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í eignum gerðarþola, Ásmundar Friðrikssonar skipstjóra, Norðurgötu 4 hér í bæ, til tryggingar útsvarsskuld hans við Vestmannaeyjabæ vegna álagðs útsvars 1952, að fjárhæð kr. 20.345,00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá og með 1. sept. 1952 til greiðsludags og alls kostnaðar við innheimtuna, þar á meðal lögtakskostnaðar. Gerðarþoli hefur *aðallega* mótmælt framgangi gerðarinnar, en *til vara* hefur hann krafizt þess, að lögtak verði aðeins heimilað fyrir sömu útsvarsupphæð og gerðarþoli hefur greitt á Siglufirði, kr. 14.920,00. Báðir aðiljar krefjast hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um mörg undanfarin ár og a. m. k. fram á árið 1951 átti gerðarþoli lögheimili í Vestmannaeyjum, á Landagötu 11, en á árinu 1950 gerðist hann skipstjóri á b/v Elliða, eign Bæjarútgerðar Siglufjarðar, sem hefur jafnan verið gerður út frá Siglufirði. Við manntal á Siglufirði 1951 og 1952 var gerðarþoli og fjölskylda hans skráð til heimilis á Norðurgötu 4 hér í bæ, en ekki virðist hann þó hafa flutzt í hús þetta fyrr en um áramót 1951—1952, því að séð verður af vottorði Jóns Kjartanssonar, eiganda hússins, að gerðarþoli hefur aðeins greitt leigu eftir íbúð í húsinu frá 1. jan. 1952, en haustið 1951 taldi hann sig þó til heimilis í húsi þessu með samþykki fyrrnefnds húseiganda. Hins vegar virðist ekki neinn ágreiningur vera um, að fjölskylda gerðarþola hafi fyrst flutzt í nefnt hús vorið 1952, í maíeða júnímánuði. Í ársbyrjun 1952 taldi gerðarþoli fram til skatts hér á Siglufirði fyrir árið 1951, og var samkvæmt framtali hans lagt á hann útsvar hér, kr. 14.920,00, og hefur hann nú að fullu greitt það útsvar. Hins vegar lagði niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja einnig

útsvar á gerðarþola við niðurjöfnun 1952 fyrir árið 1951 á þeim forsendum, að hann hefði ekki flutzt frá Vestmannaeyjum fyrr en í júní 1952, og var útsvarsupphæðin kr. 20.345,00, eins og í kröfugerð gerðarbeiðanda hér að framan greinir. Útsvar þetta kærði gerðarþoli til yfirskattanefndar Vestmannaeyja með bréfi, dags. 8. sept. sl., og krafðist þess, að það yrði með öllu fellt niður, með því að hann og fjölskylda hans átti lögheimili á Siglufirði samkv. síðasta manntali, en ekki í Vestmannaeyjum, og í annan stað krafðist hann niðurfellingar á útsvarinu álögðu í Vestmannaeyjum sökum þess, að á Siglufirði hefði hann aflað sér allra þeirra tekna, sem á hefði verið lagt. Á fundi sínum 29. sept. 1952 úrskurðaði yfirskattanefnd Vestmannaeyja, að útsvar gerðarþola skyldi standa óbreytt.

Gerðarþoli greiddi ekki útsvarið, sem á hann var lagt við niðurjöfnun útsvara í Vestmannaeyjum 1952, á gjalddaga, og með bréfi, dags. 5. nóv. sl., fól bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum bæjarfógetanum á Siglufirði innheimtu útsvarsins með lögtaki, ef með þyrfti, og er kröfum bæjarsjóðs Vestmannaeyja í sambandi við lögtaksbeiðnina lýst hér að framan.

Kröfur sínar hefur gerðarbeiðandi rökstutt með því, að ekki hafi verið um raunverulegt heimilisfang gerðarþola að ræða við manntal á Siglufirði haustið 1951, heldur aðeins málamyndaheimilisfang. Hefur hann (gerðarbeiðandi) bent á til rökstuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að samkvæmt manntali í Vestmannaeyjum 1. nóv. 1951 hafi á húsaskýrslu á Landagötu 11 í Vestmannaeyjum, en þar bjó gerðarþoli áður, verið skráð sú athugasemd, að fjölskylda gerðarþola hafi verið skrifuð á Siglufirði þetta ár að Lindargötu 34 og hafi þar sitt lögheimili. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram vottorð bæjarstjórans í Vestmannaeyjum þessa efnis. Með því að ekki sé vitað, að gerðarþoli hafi nokkru sinni búið í húsinu nr. 34 við Lindargötu hér í bæ, telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi ekkert raunverulegt heimili átt á Siglufirði, er manntal fór þar fram haustið 1951, og enga raunverulega íbúð, því að upplýst sé, að í húsið nr. 4 við Norðurgötu hafi hann og fjölskylda hans ekki flutzt fyrr en í júní 1952 og hann ekki tekið íbúð í húsi þessu á leigu fyrr en 1. jan. 1952. Í samræmi við þetta heldur gerðarbeiðandi því fram, að raunverulegt heimilisfang gerðarþola flytjist ekki til Siglufjarðar fyrr en í júní 1952 eða þegar fjölskylda hans flyzt þangað, en samkv. lögum nr. 95/1936, um heimilisföng, eigi hjón, sem dveljast samvistum, sama heimilisfang.

Af þessum sökum telur gerðarbeiðandi augljóst, að gerðarþoli hefði átt að telja fram til skatts í Vestmannaeyjum í ársbyrjun 1952 fyrir árið 1951 og greiða opinber gjöld þar, þar eð raunverulegt heimili hans hafi verið þar á árinu 1951 samkvæmt framansögðu.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar hefur gerðarþoli rökstutt með því, að enginn ágreiningur sé um, að hann hafi verið skráður til heimilis á Siglufirði við manntal haustið 1951 eða við manntal

síðast, áður en niðurjöfnun útsvara fór fram 1952, en samkvæmt lögum um útsvör, nr. 66/1945, 8. gr., skuli þar í sveit leggja á útsvar, sem gjaldþegn átti heimili síðast, áður en niðurjöfnun fór fram. Hins vegar sé því ekki haldið fram af gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi einnig verið skráður á manntal í Vestmannaeyjum sama ár. Hafi það verið samkvæmt ákvörðun hans sjálfs, að hann lét skrá sig á Siglufirði, en ekki í Vestmannaeyjum við manntal haustið 1951. Verði því gerðarbeiðandi að færa sönnur á, að hann (gerðarþoli) hafi látið skrá sig til málamynda heimilisfastan á Siglufirði haustið 1951 í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu gjalda í Vestmannaeyjum, ef hann (gerðarbeiðandi) vilji halda til streitu staðhæfingu sinni um, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum 1952. Staðhæfir gerðarþoli, að Siglufjörður hafi aldrei verið málamyndaheimili hans, og skírskotar því til sönnunar til fyrrnefnds vottorðs Jóns Kjartanssonar, eiganda hússins nr. 4 við Norðurgötu, þar sem vottað er, að gerðarþoli hafi þegar haustið 1951 talið sig búa í nefndu húsi með samþykki húseiganda, svo og til vottorðs Bæjarútgerðar Siglufjarðar um, að gerðarþoli hafi haft alla atvinnu sína hér á Siglufirði síðan í sept. 1950. Með tilvísun til framansagðs telur gerðarþoli álagningu útsvars þess, sem lögtaks er nú krafizt fyrir, algerlega heimildarlausa, enda hafi hann talið fram á Siglufirði og greitt þar útsvar álagt 1952.

Varakröfu sína, þ. e., að lögtak verði aðeins heimilað fyrir sömu útsvarsupphæð og gerðarþoli hefur greitt á Siglufirði eða kr. 14.920,00, hefur hann stutt með því, að hann hafi ekki talið fram í Vestmannaeyjum, þar sem hann hafi ekki talið sér það skylt, og vilji því fá tækifæri til að fá útsvarið lækkað í samræmi við framtal sitt, ef hann verði talinn útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum. Telur gerðarþoli, að álagning niðurjöfnunarnefndar Vestmannaeyja sé gerð út í bláinn, og verði því engar ályktanir dregnar af því, að útsvar hans sé lægra á Siglufirði en það ætti að vera í Vestmannaeyjum.

Varakröfu gerðarþola mótmælir gerðarbeiðandi á þeim forsendum, að dómstólar hafi ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara.

Þar sem víst er, að gerðarþoli var um það bil að flytjast búferlum frá Vestmannaeyjum til Siglufjarðar á árinu 1951 vegna atvinnu sinnar, og er þess er gætt, að hann taldi sjálfur heimili sitt á Siglufirði við manntal haustið 1951 og áréttaði þá ráðstöfun sína með því að telja þar fram til skatts í ársbyrjun 1952, og loks er tillit er tekið til þess, að gerðarþoli aflaði allra tekna sinna vegna atvinnu sinnar á atvinnutæki frá Siglufirði árið 1951, telst ekki nægilega sannað, með skírskotun til framangreinds og gegn mótmælum gerðarþola, að um málamyndaheimilisfang hafi verið að ræða, er hann taldi heimili sitt á Siglufirði við manntal haustið 1951, enda hefur gerðarbeiðandi ekki gert reka að því að fá þetta heimilisfang hans ógilt samkv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisföng. Samkvæmt þessu

telst því sú ákvörðun niðurjöfnunarnefndar Siglufjarðar að leggja útsvar á gerðarþola á Siglufirði árið 1952 hafa haft við lög að styðjast, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, og hafi því gerðarþola borið að greiða útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar 1952, en ekki til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, þar sem í samræmi við það, sem hér að framan er sagt, telst hafa verið ranglega lagt á hann útsvar. Með skírskotun til alls framansagðs þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Föstudaginn 7. maí 1954.

Nr. 140/1953. **Magnús Helgason og Sigurður Berndsen** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Pétri Þorsteinssyni (sjálfur)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1953. Krefjast þeir þess, að fjárnám verði einungis gert til tryggingar kr. 61.235,93 með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilgjald og kr. 1.466,67 í málskostnað. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. október 1953, krefst staðfestingar hinnar

áfrýjuðu fjárnámsgerðar frá 31. júlí 1953 og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1953 var aðaláfrýjanda Magnúsi Helgasyni ásamt tveimur öðrum mönnum dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 183.707,78 með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 46,20 í afsagnarkostnað, kr. 440,00 í stimpilgjald og kr. 4.400,00 í málskostnað. Hinn 19. júní 1953 krafðist gagnáfrýjandi fjárnáms hjá aðaláfrýjandanum Magnúsi Helgasyni til tryggingar þriðjungi dómsskuldarinnar. Með samningi 19. nóvember 1946 höfðu aðaláfrýjendur samið um kaup aðaláfrýjandans Magnúsar á hálfri húseigninni nr. 20 við Grenimel í Reykjavík, og með samningi 7. nóvember 1951 komu aðaláfrýjendur sem „sameigendur að húseigninni" sér saman um þau skipti á henni, að hluti aðaláfrýjandans Magnúsar skyldi teljast neðri hæð hússins, kjallaraíbúð svo og innri gangur og geymslur í kjallara, en sameign aðaláfrýjenda skyldi vera þvottahús í kjallara og gangur að því ásamt stigagangi frá neðri hæð í kjallara svo og leigulóðarréttindi. Framkvæmdi fógeti fjárnám í eignarhluta Magnúsar í húseign þessari hinn 31. júlí 1953.

Málsaðiljar eru sammála um, að staðfesta beri nefnt fjárnám í eignarréttindum aðaláfrýjandans Magnúsar yfir húseigninni nr. 20 við Grenimel samkvæmt framangreindum samningum til tryggingar fjárhæðum þeim, er getur í dómkröfu aðaláfrýjenda. Samkvæmt því og þar sem ekki eru þeir gallar á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, að valda eigi ómerkingu hennar, ber að staðfesta hana í samræmi við framanritað.

Eftir þessum úrslitum og þar sem áfrýjun máls þessa af hálfu aðaláfrýjenda var ástæðulaus, ber að dæma þá til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Staðfest er framangreind fjárnámsgerð í eignarhluta aðaláfrýjanda Magnúsar Helgasonar í húseigninni nr. 20 við Grenimel til tryggingar kr. 61.235,93 með 7% árs-

vöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilgjald og kr. 1.466,67 í málskostnað.

Aðaláfrýjendur, Magnús Helgason og Sigurður Berndsen, greiði gagnáfrýjanda, Pétri Þorsteinssyni, kr. 4.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómþing fógetaréttar Reykjavíkur 19. júní 1953.

.....

Gerðarbeiðandi er mættur og krefst fjárnáms fyrir skuld skv. rskj. 2, kr. 183.707,78, auk 7% ársvaxta frá 10/4 1953 til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, kr. 46,20 í afsagnarkostnað, kr. 440,00 í stimpilkostnað, kr. 4.400,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli, Magnús Helgason, er mættur. Hann fær með samþykki gerðarbeiðanda frest.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 31. júlí 1953.

Gerðarþoli er ekki mættur. Rétturinn var fluttur á heimili gerðarþola Grenimel 20. Gerðarþoli er þar ekki mættur og enginn af heimilisfólki hans, en fógeti skipaði Svein Jónsson bifreiðarstjóra, sem er staddur hér, til þess að mæta fyrir gerðarþola við fjárnámið.

Skv. kröfu og á ábyrgð umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, ½ húseigninni nr. 20 við Grenimel, ásamt öllu, er eigninni fylgir, og lofaði Sveinn Jónsson að láta gerðarþola vita um fjárnámið.

Þriðjudaginn 11. maí 1954.

Kærumálið nr. 12/1954.

Goðanes h/f

gegn

Pétri Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Hrundið kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. apríl þ. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar. Sóknaraðili hefur þó hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð, en ætla verður, að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá honum hrundið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum og þar sem kæra máls þessa er gersamlega ófyrirsynju, ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Goðanes h/f, greiði varnaraðilja, Pétri Jónssyni, kr. 600,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 5. apríl 1954.

Mál þetta, sem tekið er til úrskurðar 21. marz 1954, er af stefnanda, Pétri Jónssyni vélstjóra, Eiríksgötu 9 í Reykjavík, höfðað gegn stefnda, Goðanesi h/f, Neskaupstað, með stefnu, út gefinni 21. október 1953 og áritaðri af bæjarfógetanum í Neskaupstað sama dag með fyrirtöku 30. s. m. Þann dag var málið þingfest í sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum laun sem 1. vélstjóra á b/v Goðanesi í 30 veikindadaga + fæðispeninga, áætlað kr. 5.000,00, þriggja mánaða laun sem sama, áætlað kr. 15.000,00, vangreidda verðuppbót á lýsi, áætlað kr. 600,00, orlof 4% af kr. 20.600,00, kr. 824,00, og haldið eftir í heimildarleysi upp í útsvar kr. 933,66.

Stefndi krefst þess í greinargerð, að kröfum stefnanda verði vísað frá sem óréttmætum.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo í stefnu:

„Ég var 1. vélstjóri á b/v Goðanesi, en veiktist 13/11 1951, er skipið var statt á Norðfirði, nýkomið úr siglingu frá Englandi. Vegna veikindanna gat ég ekki komizt með í næstu veiðiferð. Hinn 15. des. 1951 var mér síðan fyrirvaralaust sagt upp starfi, en uppsagnarfrestur minn var þrír mánuðir. Stefndi hefur neitað mér um uppgjör og greiðslur vegna 30 veikindadaga fyrir uppsögn og þriggja mánaða laun eftir uppsögn. Þá hefur stefndi að vísu viðurkennt, að ég eigi inni hjá sér verðuppbætur á lýsi, sem hann hefur þó hvorki greitt né gert grein fyrir. Loks hefur stefndi í heimildarleysi haldið eftir kr. 933,66 sem fyrirframgreiðslu upp í útsvar, á lagt í Neskaupstað 1952, en ég fluttist til Reykjavíkur í des. 1951 og var því útsvarsskyldur þar, en ekki í Neskaupstað 1952, enda lagt á mig í Reykjavík."

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda í greinargerð á dskj. 14. Telur hann stefnanda ekki hafa verið svo veikan, að hann gæti ekki farið út, ekki hafa tilkynnt veikindi sín, ekki hafa komið til skips að veikindunum afstöðnum og aldrei fyrr en í málshöfðun þessari krafizt veikindadaga né kaups á uppsagnarfresti.

Í þinghaldi 7. janúar 1954 fékk stefndi frest til 26/2 til að leiða vitni í Reykjavík og annars staðar, en í þinghaldi að frestinum liðnum er af hans hálfu lögð fram „bókun" á dskj. 21 með kröfu um frávísun vegna umboðsskorts málflytjanda stefnanda, Níelsar Ingvarssonar, og ónákvæmrar kröfugerðar hans. Frávísunarkrafan byggðist á skjölum málsins, en þau voru eftir beiðni umboðsmanns stefnda send borgardómaranum í Reykjavík vegna vitnaleiðslu og ókomin í þessu þinghaldi. Varð stefndi því að æskja frests til að leggja fram skjölin, en um frávísunarkröfuna varð ekki fjallað, fyrr en þau komu. Var frestur ákveðinn til 26. marz 1954. Í þinghaldi þann dag leggur stefndi fram umrædd skjöl og ítrekar kröfu sína um frávísun og úrskurð um hana.

Í „bókun" á dskj. 21 segir m. a. svo:

„Ég krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og umbj. m. tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda Níelsar Ingvarssonar að mati réttarins.

Fyrsta ástæða fyrir frávísunarkröfu minni er sú, að Níels Ingvarsson hefur ekki sannað heimild sína til að höfða mál þetta af hálfu Péturs Jónssonar. Umboðinu á réttarskjali nr. 8 er mótmælt

sem algerlega þýðingarlausu, enda er orðalag umboðsins þannig, að ekki er um að ræða umboð til að höfða mál, ekki til að undirrita stefnu og ekki til að undirrita reikning, ofan á það, að umboð þetta er alls ekki frá Pétri Jónssyni vélstjóra og því þýðingarlaust.

Í máli þessu er ekkert skjal undirritað af Pétri Jónssyni og full ástæða að ætla, að hann standi ekki að málshöfðun þessari.

Þá eru dómkröfur allar mjög óljósar og ónákvæmar. Vil ég í því sambandi benda á stefnuna, réttarskjal 1. Þar er í fyrsta lið „áætlað 5.000,00", í 2. lið „áætlast 15.000,00" og í 3. lið „áætlast kr. 600,00" og í 4. lið „áætlast kr. 824,00". Það er aðeins síðasti liður kröfunnar, kr. 933,66, sem ekki er áætlaður, og er sá liður tekinn upp úr réttarskjali nr. 3. Þá upphæð hefur umbj. m. greitt bæjarsjóði Neskaupstaðar upp í útsvar stefnanda árið 1952, svo sem réttarskjal nr. 3 ber með sér. Sú greiðsla frá hendi umbj. m. er lögleg. Vilji stefnandi hins vegar ekki sætta sig við að greiða útsvar þetta ár til Neskaupstaðar, verður hann að snúa sér til bæjarsjóðs Neskaupstaðar og beina málssókn sinni þangað. Sjó- og verzlunardómur er ekki dómbær um útsvarsskyldu stefnanda, og umbj. m. er ekki réttur aðili að slíku máli. Kröfugerðin er þannig öll svo óljós og á reiki, að málinu ber að vísa frá rétti."

Í sama þinghaldi leggur umboðsmaður stefnanda fram dskj. 24, símskeyti sent 9/10 1953 til Erlends Björnssonar, Seyðisfirði, frá Pétri Jónssyni vélstjóra, svo hljóðandi: „Vinsamlegast afhendið Níels Ingvarssyni, Neskaupstað, mál mitt gegn Goðanesi", dskj. 25, yfirlýsingu, dags. 2/3 1954, frá Pétri Jónssyni vélstjóra, Eiríksgötu 9, Reykjavík, þess efnis, að Níels Ingvarsson hafi og hafi haft ótakmarkað umboð „til að innheimta allar kröfur mínar á hendur Goðanesi h/f með málssókn, aðfarargerð og uppboði, ef með þarf, og undirrita öll málsskjöl, reikninga og hvers konar önnur skjöl, er mál þetta varða. Umboð þetta er framseljanlegt", og dskj. 26, nákvæman útreikning á kröfunum á dskj. 1. Krefst hann synjunar á frávísunarkröfu stefnda.

Með framlagningu skjala þessara hefur umboðsmaður stefnanda fært sönnur á umboð sitt til allra aðgerða í máli þessu og enn fremur bætt úr nákvæmnisskorti á kröfugerð sinni f. h. stefnanda. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina að þessu leyti.

Varðandi greiðslu upp í útsvar stefnanda, sem stefndi gerir sérstaklega kröfu um frávísun á, vegna þess að dómurinn sé ekki bær um að dæma um útsvarsskyldu, er það að segja, að ekki verður að svo komnu máli séð, að útilokað sé, að hér sé einungis um að ræða ráðstöfun á kaupgreiðslu fyrir sjómannsstörf, og sé krafan um endurgreiðslu hennar af sömu rót runnin og meginhluti kröfunnar, og sé því stefnanda skv. 70. gr. l. nr. 85/1936 rétt að sækja hana í sama máli og meginkröfuna. Af þessum sökum verður þessari kröfu ekki heldur vísað frá að svo komnu máli.

Synjað hefur verið um allar kröfur stefnda í úrskurði þessum, og

verður honum þá eigi úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnanda nú. Stefnandi hefur ekki krafizt málskostnaðar sérstaklega í þessum úrskurði. Þar eð málinu verður fram haldið við réttinn, verður ekki kveðið á um málskostnað í þessum úrskurði.

Úrskurð þennan hefur Axel V. Tulinius bæjarfógeti kveðið upp ásamt meðdómsmönnunum Óskari Sigfinnssyni og Jakobi Jakobssyni.

Niðurlagsorð:

Krafa stefnda, Goðaness h/f, um frávísun málsins Pétur Jónsson gegn Goðanesi h/f frá sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 12. maí 1954.

Nr. 22/1954. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Birni Benediktssyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóv. 1953.

Árið 1953, mánudaginn 30. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4826/1953: Ákæruvaldið gegn Birni Benediktssyni, sem dómtekið var 16. nóvember sl.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. október 1952, gegn Birni Benediktssyni, netagerðarmanni, Eskihlíð 21 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað, nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. lög nr. 105/1936, 2. gr., sbr. 27. gr., 2. mgr., 5. tl., laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936.

Telst ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa í „Netaverksmiðjunni Björn Benediktsson h/f" 7 stúlkur í vinnu við að bæta net úr netavélum, sauma saman bálka, sauma bekki á bálka, fella reknet og setja upp snurpunætur og enn fremur með því að láta Jens Vilhjálmsson vinna í febrúar eða marz 1952 við að fella þorskanet í verksmiðjunni.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Að lokinni framhaldsrannsókn gaf dómsmálaráðherra út framhaldsákæru gegn ákærðum, dagsetta 30. október sl. Var þar sagt, að skv. heimild í 118. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og með tilvísun til ákæruskjals, sem út var gefið 18. október 1952 í máli þessu, þætti nauðsyn til bera að gefa út framhaldsákæru til leiðréttingar á því. Í lýsingu brotsins í fyrrgreindu ákæruskjali á eftir orðunum „sauma bekki á bálka" skyldi koma: „og strekkja netin að lokinni hnýtingu". Orðin „fella reknet og setja upp snurpunætur" skyldu falla burtu. Að öðru leyti átti ákæruskjalið að vera óbreytt.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. apríl 1890 að Akurhúsum í Gerðahreppi, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 16/1 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal. og lsþ. Rvíkur.
1947 14/11 Sátt, áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 17/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 6. marz 1952, kærði Sveinafélag netagerðarmanna það, að ákærður í máli þessu hefði í vinnu við netagerð við fyrirtæki sitt, „Björn Benediktsson h/f, netaverksmiðja", mann að nafni Jens Vilhjálmsson og nokkrar stúlkur, án þess að fólk þetta hefði iðnréttindi samkvæmt lögum um iðju og iðnað.

Vitnið Guðmundur Bjarnason, formaður Sveinafélags netagerðarmanna, hefur skýrt svo frá atvikum, að netagerð hafi verið gerð

að iðn árið 1928. Aðalstarf netagerðarmanna hafi verið að bæta net og setja upp snurpunætur. Stúlkur þær, sem ynnu hjá ákærðum, hefðu það að aðalstarfi að stjórna netavélum, en jafnframt því fengjust þær við að bæta netin úr þeim, sem rifnuðu. Vitnið kvað netagerðarmenn ekkert hafa við það að athuga, þótt stúlkurnar stjórnuðu vélunum, en með því að bæta netin jafnframt færu þær inn á starfssvið netagerðarmanna. Í sambandi við starfsemi Jens Vilhjálmssonar hefur vitnið skýrt frá því, að það megi vel vera, að ýmsir netagerðarmenn kunni ekki að fella net, en það sé mjög fljótlært. Ekki kvaðst vitnið vita til þess, að prófað væri í netafellingu á sveinsprófi í netagerð. Hins vegar væri prófað í að bæta net og sauma saman netstykki.

Ákærður í málinu, Björn Benediktsson, forstjóri framangreinds fyrirtækis, er meistari í netagerð. Hann hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi síðan árið 1950 haft nokkrar ófaglærðar stúlkur í vinnu við fyrirtæki sitt við að stjórna netavélum og bæta jafnframt netin úr þeim. Stúlkurnar eru nú 7 að tölu. Nánar tiltekið eru störf stúlknanna fólgin í því að stjórna vélunum við hnýtingu netanna, „taka þau upp" og bæta um leið það, sem slitnað hefur í hnýtingunni, enn fremur að sauma saman netstykki, eftir því sem þörf krefur, og að undirbúa netin til „strekkingar". Við netahnýtingu í 3 af þeim 5 vélum, sem eru í fyrirtæki ákærðs, verður að stöðva vélarnar og bæta jafnóðum það, sem slitnað hefur. Fer sú bæting fram með öðrum hætti og öðrum áhöldum en venjulega. Þyrfti að kenna stúlkunum starfann áður sérstaklega. Væru stúlkur þær, sem stjórnuðu vélunum, ekki fullkomnar sem slíkar, nema þær kynnu að bæta netin jafnframt. Ákærður kvað fagmenn ekki kunna sum störf stúlknanna. Þyrfti að kenna þeim þau sérstaklega áður. Vissi hann ekki til, að fagmenn hefðu nokkurn tíma unnið að því að „taka upp net". Net þau, sem hnýtt eru í hinum 2 vélunum, eru ekki fullgerð, þótt stúlkurnar séu búnar að bæta þau. Þurfa þau að fara í „strekkingarvél" á eftir.

Varðandi starfsemi Jens Vilhjálmssonar hefur ákærður skýrt frá því, að hann hefði fengið hann til að fella fyrir sig þorskanet í 23½ tíma um mánaðamótin febrúar-marz 1952, er ákærðum lá mikið á, en Jens hefur ekki iðnréttindi í netagerð. Í þessu sambandi tók ákærður fram, að ekki nema einstöku fagmenn í netagerð kynnu að fella þorskanet, og væri hart að þurfa að byrja á að kenna þeim starfann. Áður en ákærður réð Jens til starfans, átti hann tal við formann Nótar, félags netagerðarmanna. Benti formaðurinn honum á ýmsa netagerðarmenn, er væru atvinnulausir, en vissi ekki, hvort þeir kynnu að fella þorskanet.

Umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur var leitað um mál þetta. Í bréfi, dagsettu 10. júní 1952, komst það að þeirri niðurstöðu, að það teldi kæruna gegn ákærðum á rökum reista, með því að sannað væri, að ákærður hefði notað ófaglært fólk til að vinna fagvinnu neta-

gerðarmanna, þótt hægt hefði verið á sama tíma að fá faglærða menn til vinnunnar. Bréfinu fylgdi umsögn formanns Sveinafélags netagerðarmanna. Var tekið fram í henni m. a., að störf netagerðarmanna væru: uppsetning á snurpunótum, reknetum, trollum og hvers konar nótum og netum, einnig litun og bikun á netum og nótum og viðgerðir á öllu þessu.

Skoðunargerð þeirra Auðuns Hermannssonar og Thorbergs Einarssonar netagerðarmanna, dags. 23. marz sl., á fyrirtæki ákærðs leiddi þetta í ljós:

„Samkvæmt skipun sakadómarans í Reykjavík, dags. 18. marz 1953, höfum við undirritaðir kynnt okkur starfstilhögun í netaverksmiðju Björns Benediktssonar h/f, Holtsgötu, Ánanaustum, Reykjavík.

Verksmiðjan framleiðir alls konar net, t. d. snurpunótaefni, reknetaslöngur, þorskanetaslöngur, hrognkelsanetaslöngur og loðnunet o. fl. Unnið er aðallega úr bómull og hampi.

Verksmiðjunni er skipt í þrjár deildir: véladeild, uppsetningardeild og litunardeild.

I. Í véladeild er netið hnýtt. Verkstjóri er Haraldur Gíslason. Starf hans er umsjón með vélunum, vinnu þeirri, sem framkvæmd er í deildinni, og ýmis störf varðandi framleiðslu deildarinnar. Í véladeild vinna enn fremur eftirtaldar stúlkur: Lilja Bjarnadóttir, Hrefna Karlsdóttir, Svanhvít Þorgrímsdóttir, Sigurbjörg Benediktsdóttir, Berta Eiðsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Erla Sveinbjörnsdóttir. Starf þessara stúlkna er að stjórna hnýtingunni í vélunum, gera við þráðaslit, möskvaföll og strekkja netin að lokinni hnýtingu.

II. Í uppsetningardeild eru sett upp net og herpinætur úr neti því, sem véladeild framleiðir. Vinnan í uppsetningardeild er unnin af faglærðu fólki í netaiðn. Verkstjóri er Björn Benediktsson. Uppsetningardeild er ekki starfrækt sem stendur að öðru leyti en því, að nokkrum útgerðarmönnum hefur verið leyft að láta setja þar upp fyrir sig þorskanet úr slöngum, sem þeir kaupa af verksmiðjunni. Uppsetninguna annast Konráð Bjarnason á eigin ábyrgð.

III. Í litunardeild eru netin lituð. Starfsmaður þar er Steinn Erlendsson. Enn fremur sér hann um pökkun á vörum þeim, sem verksmiðjan sendir frá sér. Einnig vinnur hann í uppsetningardeild, þegar hún er starfrækt."

Hvorki vitnið Guðmundur Bjarnason né ákærður hafa hreyft neinum athugasemdum við skoðunargerðinni.

Það er nægilega sannað með játningu ákærðs og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að starfsemi sú, sem ákærður hefur látið stúlkurnar og Jens Vilhjálmsson framkvæma, er í samræmi við það, er í ákæru og síðan framhaldsákæru greinir.

Þegar virt eru þau atvik í máli þessu, að störf stúlkna þeirra, er hjá ákærðum vinna, eru að mestu leyti við vélar, en handavinna

þeirra í beinu framhaldi af vélavinnunni og ekki verulegur hluti vinnunnar, og *að* um fjöldaframleiðslu er að ræða með mikilli verkaskiptingu við fyrirtæki ákærðs, þá þykja störf stúlknanna hafa öll einkenni iðju skv. I. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, og eigi þurfa sérnám til þeirra.

Starf það, sem ákærður fékk Jens Vilhjálmsson til að inna af hendi við að fella þorskanet, þykir liggja utan við starfssvið fagmanna, með því að fram er komið, að ýmsir fagmenn kunna það ekki, og er þess eðlis að öðru leyti, að eigi verði krafizt sérnáms samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, til þess. Ber því að sýkna ákærðan af ákærunni í máli þessu. Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðs, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 700,00.

Dómsorð:

Ákærður, Björn Benediktsson, á að vera sýkn af ákærunni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðs, Páls S. Pálssonar, kr. 700,00, greiðist úr ríkissjóði.

Laugardaginn 15. maí 1954.

Nr. 12/1951. **Rafstöð Vestmannaeyja** (Gunnar Möller)
gegn
Sigurfinni Einarssyni f. h. ólögráða sonar síns, Sigurfinns, (Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1951, krefst *aðallega* algerrar sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að bæta gagnáfrýj-

anda lítinn hluta þess tjóns, sem hann hlaut af slysi því, er í málinu greinir, að fjárhæð bóta verði þá ákveðin samkvæmt mati Hæstaréttar og að hvorum aðilja verði gert að greiða kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 2. febrúar 1951. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 80.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fram í málinu. Hinn 4. júní f. á. skoðaði dr. med. Snorri Hallgrímsson prófessor slasaða Sigurfinn. Segir svo í vottorði hans, dags. sama dag:

„Á barnslófastóru svæði á h. kinn út frá h. munnviki og niður að kjálkabarði er vel gróið ör, sem er lítið eitt dökkleitt. Örið orsakar nokkra aflögun á h. munnviki. Framan til á gagnauga h. megin og á h. augabrún eru smá ör.

Neðan til og utanvert í h. olnbogabót er 7 sm langt ör, sem er 2½ sm á breidd, þar sem það er breiðast. Þar fyrir ofan er tæplega 1 krónu stór, hvítur örblettur. Ör þessi hindra ekki hreyfingar.

V. handleggur:

Allur ytri flötur upphandleggsins er þakinn örum, sem ná upp undir acromion og niður fyrir olnbogalið. Rétt ofan við olnbogaliðinn nær örið allt í kringum upphandlegginn nema á 2 sm svæði aftan til. Aftan á upphandleggnum neðan til er ör eftir skurðaðgerð. Upphandleggurinn er allmikið bæklaður. Falskur liður er á upphandleggsbeininu um 6 sm fyrir ofan olecranon, og er sá liður mjög laus og hreyfanlegur í allar áttir. Sú hreyfing, sem ætti að fara fram í olnboganum, fer að mestu fram í þessum lið. Sársauki fylgir ekki þessum hreyfingum.

Mjög mikil stytting er á v. upphandlegg. Fjarlægð frá acromion að olecranon mælist 17 sm vinstra megin, en 24 sm h. megin. Þá er v. upphandleggur 2 sm rýrari en sá hægri. Mælt er þá um miðju handleggjanna.

Mikill stirðleiki er í v. olnbogalið. Um 60° vantar upp á fulla réttingu í liðnum, og beyging er að 90°. Pro- og supi-

nation er að mestu upphafin og framhandleggurinn snúinn inn á við. Drengurinn getur með naumindum beygt í v. olnboga á móti þunga framhandleggsins án þess að hjálpa til með h. hendi. Mestur hluti þeirrar hreyfingar fer fram í falska liðnum. Lítils háttar vottar fyrir krafti í réttivöðva v. upphandleggs (triceps), en ekki er hann það mikill, að drengurinn geti rétt úr olnboganum, það sem liðurinn leyfir, með þeim vöðva.

V. hendi og úlnliður er eðlilegur, en kraftur í hendinni er miklu minni en í þeirri hægri, enda gerir ástand upphandleggsins það að verkum, að drengurinn getur sáralítið notað hendina.

Röntgenmyndir af vinstri upphandlegg og olnboga sýna falskan lið (pseudarthrosis) á upphandleggsbeinum 3½ sm fyrir ofan olnbogaliðinn. Í efri brotendanum er vírþráður, en þar fyrir neðan er skrúfa, sem virðist ganga í gegnum báða beinenda, en þó vera hálflaus. Mikil stytting er á upphandleggsbeini og áberandi skekkja á beinhálsinum. Umhverfis allt beinið og þá sérstaklega umhverfis neðri enda þess og olnbogaliðinn er mikið af kölkunum á víð og dreif í vefjunum. Olnbogaliðurinn er mjög aflagaður, og lítt mótar fyrir liðamótum.

Engin líkindi eru til þess, að handleggurinn batni svo, að nokkru nemi, án frekari aðgerða.

Skurðaðgerð, sem hefði það að markmiði að fá beinendana til þess að gróa saman, getur komið til greina síðar meir. Slík aðgerð yrði mjög áhættusöm með tilliti til þess, að n. radialis mun liggja í örvefnum mjög nærri brotinu, og því hætt við, að hann gæti skaddazt. Auk þess er hæpið, að slík aðgerð bæri tilætlaðan árangur."

Nokkrum dögum síðar skoðaði Bergþór Smári tryggingayfirlæknir hinn slasaða dreng til þess að meta örorku hans. Kveðst hann engu hafa við lýsingu prófessors Snorra að bæta. Varanlega örorku drengsins telur hann hæfilega metna 65%.

K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur hefur reiknað með líkindatölum tjón hins slasaða drengs af örorkunni. Í reikningi sínum gerir hann ekki ráð fyrir neinum vinnutekjum

fyrr en á 17. aldursári. Áætlar hann þær á því ári 80% af tekjum fullorðinna miðað við dagvinnukaup verkamanns í Vestmannaeyjum. Síðan bætir hann við 4% af tekjum fullorðinna á ári, unz fullum tekjum er náð við 21 árs aldur. Ef gert er ráð fyrir 4% vöxtum af höfuðstól, reiknast honum tjónið samkvæmt framanskráðu miðað við slysdag og meðalstarfsaldur karlmanna kr. 273.645,00. Er þá ekkert dregið frá sökum atvinnuleysis, en sakir þess telur hann rétt að lækka fjárhæð þessa um 5—10%.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjandi sé skaðabótaskyldur fyrir slys það, sem mál þetta er risið af. Hins vegar er ekki leitt í ljós, að skort hafi á það eftirlit með drengnum, sem miðað við allar aðstæður er unnt að hafa með börnum á svipuðu reki og hann var á. Þegar af þeirri ástæðu verða bætur ekki lækkaðar á þeim grundvelli.

Um einstaka kröfuliði skal þetta tekið fram:

Um 1. Kröfu samkvæmt þessum lið þykir í hóf stillt, þegar þess er gætt, sem í héraðsdómi greinir, og einnig aukinnar fyrirhafnar á heimili gagnáfrýjanda, eftir að drengurinn kom heim af sjúkrahúsi. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 5.000,00 samkvæmt þessum lið.

Um 2. Samkvæmt vottorðum sjúkrahússlæknisins í Vestmannaeyjum nemur lækniskostnaður samtals kr. 2.041,89. Kostnaður við myndatöku nam kr. 74,00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þessar fjárhæðir, samtals kr. 2.115,89.

Sjúkrahússkostnaður verður ekki dæmdur í máli þessu, þar sem Sjúkrasamlag Vestmannaeyja hefur ekki framselt gagnáfrýjanda kröfu sína á hendur aðaláfrýjanda.

Um 3. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um þenna lið.

Um 4. Ljóst er, að hinn slasaði drengur hefur liðið miklar þjáningar sökum slyssins. Hann lá á sjúkrahúsi Vestmannaeyja frá 18. nóvember 1948 til 19. febrúar 1949 og enn fremur frá 19.—25. apríl 1950, er gerð var á honum skurðaðgerð á upphandleggsbeini. Ljóst er af vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar, að drengurinn hefur hlotið áberandi og varanleg lýti. Þykir því þessi kröfuliður, að fjárhæð kr.

15.000,00, ekki of hár, og ber að taka hann til greina að fullu.

Um 5. Samkvæmt því, sem að framan greinir um örorku drengsins, ber að taka kröfu gagnáfrýjanda í þessum lið, að fjárhæð kr. 55.000,00, til greina að fullu.

Hér fyrir dómi hefur af hálfu gagnáfrýjanda verið gerður áskilnaður um frekari bótakröfu vegna hins slasaða drengs sökum þess, sem í ljós hefur komið um örorku hans, eftir að krafa var gerð í héraði.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 5.000,00 + kr. 2.115,89 + kr. 400,00 + kr. 15.000,00 + kr. 55.000,00, samtals kr. 77.515,89, ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 14.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Rafstöð Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Sigurfinni Einarssyni f. h. ólögráða sonar síns, Sigurfinns, kr. 77.515,89 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags og samtals kr. 14.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. okt. sl., er höfðað með samkomulagi aðilja fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni og birtri 27. janúar 1950 af Sigurfinni Einarssyni, Fagradal, Vestmannaeyjum, f. h. sonar síns, Sigurfinns Sigurfinnssonar, á hendur Ólafi Kristjánssyni bæjarstjóra f. h. Rafstöðvar Vestmannaeyja til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, er sonur hans varð fyrir hinn 18. nóv. 1948 af völdum bifreiðarinnar V. 23, sem er eign stefnds. Svo hefur og vátryggjanda bifreiðarinnar, tryggingarfélaginu Trolle & Rothe h/f, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur gerðar á hendur því.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 80.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 27. janúar 1950, til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur mætt í málinu, og gerir hann þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 18. nóvember 1948 að morgni voru nokkrir menn á vegum bæjarins að vinna að raftaugarlagningu í Vestmannaeyjum. Þeir voru með kabalvagn með sér, og var hann dreginn af bifreiðinni V. 23, sem er eign stefnds. Þórður Elías Sigfússon, Hásteinsvegi 15, Vestmannaeyjum, stýrði bifreiðinni. Rétt fyrir kl. 12 á hádegi skildi Þórður við samstarfsmenn sína og ók bifreiðinni með kabalvagninum aftan í upp Bárustíginn og beygði síðan vestur á Vestmannabrautina. Ók hann á vinstra vegarhelmingi og var á hægri ferð, á 4 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann sjálfur taldi. Er hann var kominn nokkuð inn á Vestmannabrautina, á móts við húsið Vestmannabraut 37, var kallað á hann af Elíasi Sveinssyni og honum tjáð, að barn væri flækt í kabalvagninum. Stöðvaði hann þegar bifreiðina, opnaði hana og gekk út og að kabalvagninum. Hafði Elías Sveinsson þá tekið barnið upp af götunni og hélt á því í fanginu. Hljóp hann síðan þegar með barnið upp á Sjúkrahús Vestmannaeyja. Barnið var drengurinn Sigurfinnur Sigurfinnsson, stefnandinn í máli þessu, þá þriggja ára gamall, fæddur 18. júní 1945. Hafði hann orðið fyrir miklum meiðslum. Hold og bein var tætt sundur á vinstra upphandlegg, neðri endi herðablaðsins brotinn og spænt upp úr olnbogabótinni á hægra handlegg. Svo var drengurinn skrámaður í andliti. Samkvæmt vottorði læknis, er skoðaði drenginn eftir slysið, voru meiðsli hans nánar tilgreind þessi: Sár var á vinstra upphandlegg frá öxl og ofan í olnbogabót og beinið (humerus) malað á mörkum mið- og neðsta þriðjungs, olnbogaliðurinn opinn og epicondylus lateralis brotinn af. Holdbrúnin, sem eftir var á upphandleggnum og þar sem æðarnar og eitthvað af taugunum liggur, var ca. ¼ til ⅓ af ummáli handleggsins. Á hægra handlegg var sár ca. 7 sm langt og ca. 5 sm breitt, húðin og subcutis og fascia tætt burtu og ofan í vöðvann (biceps).

Drengurinn lá á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja frá 18. nóvember 1948 til 19. febr. 1949. Var hann í fyrstunni þungt haldinn, og skiptust foreldrar hans á um að vaka yfir honum fyrst framan af. 19. febrúar 1949 var hann fluttur heim til sín og var þar sem sjúklingur, unz hann var aftur tekinn á sjúkrahúsið hinn 19. apríl 1949. Var þá aðgerð framkvæmd á handlegg hans (osteosyntheses vegna pseudarthrosis í humerus sin.). Var hann svo fluttur heim til sín hinn 26. apríl 1949. Síðan hefur honum farið heldur batnandi, en um fullan bata er ekki að ræða samkv. áliti læknis hans. Vöðvarnir á upphandlegg vinstri handar voru alveg í burtu, og taldi læknirinn, að á því yrði sáralítil breyting, og mundi handleggurinn verða að mestu ónýtur, en þó ekki alveg. Olnbogaliðurinn yrði aldrei jafngóður, en nýr auka-

liður er fyrir ofan hann, og mundi vera unnt að lagfæra hann eitthvað með nýrri skurðaðgerð. Áleit læknirinn réttast, að nýr uppskurður yrði látinn fara fram næsta vor. Hægri handleggur drengsins væri ekki alveg heill vegna meiðsla í olnboganum, og útlit væri fyrir, að drengurinn fengi psychiskt invaliditet, er stundir liðu.

Um nánari atvik að slysinu liggja fyrir þessar upplýsingar: Elías Sveinsson, Skólavegi 24, Vestmannaeyjum, skýrði svo frá, að hann hefði verið á leið heim til sín um kl. 12 umræddan dag og gengið upp Bárustíginn. Er hann var móts við Fiskbúðina, norðan við húsið Garða, tók hann eftir bifreiðinni V. 23, sem kom akandi upp Bárustíginn með kabalvagn í eftirdragi. Bifreiðin ók á vinstra vegarhelmingi og var á mjög hægri ferð. Er bifreiðin beygði inn á Vestmannabrautina í vestur, veitti hann því athygli, að tveir smádrengir hlupu með bifreiðinni, og er bifreiðin tók beygjuna, sá hann, að annar drengurinn datt niður í götuna við hægra hjól kabalvagnsins, og um leið hvarf bifreiðin sjónum hans. Kvaðst hann þegar hafa hlaupið upp að horninu, þar sem Bárustígur og Vestmannabraut mætast, og sá þá drenginn Sigurfinn Sigurfinnsson liggjandi í götunni framan við hægra hjól kabalvagnsins. Gaf hann bifreiðarstjóranum þegar stöðvunarmerki, og stöðvaðist bifreiðin samstundis, og kom bifreiðarstjórinn út. Kvaðst Elías hafa tekið barnið upp af götunni og hlaupið með það upp í sjúkrahús. Hann kvaðst álíta, að slysið hafi ekki verið bifreiðarstjóranum að kenna, þar sem hann hafi ekki getað viðhaft meiri varkárni en hann sýndi þarna á staðnum. Hins vegar áleit hann, að slysið hefði orsakazt af óvitahætti barnsins.

Drengirnir Sigurður Hallvarðsson, Vestmannabraut 56B, og Haukur Guðjónsson, Reykjum, stóðu á Vestmannabrautinni móts við húsið nr. 24 (Apótekið), er þetta gerðist. Sigurður var þá 11 ára, en Haukur 10 ára. Veittu þeir bifreiðinni athygli, er hún kom upp Bárustíginn og beygði vestur Vestmannabrautina. Skýrði Sigurður svo frá, að bifreiðin hefði ekið á vinstra vegarhelmingi og ekið mjög hægt. Er bifreiðin var nýbúin að taka beygjuna, veitti hann því athygli, að lítill drengur, sem hékk aftan í kabalvagninum, féll niður í götuna, og virtist honum, að drengurinn hefði dottið um kabalenda, er hékk aftur úr kabalvagninum. Hafi drengurinn síðan dregizt með hægra hjóli kabalvagnsins ca. 15 metra. Í þessu bili hafi Elías Sveinsson komið hlaupandi til bifreiðarinnar og gefið bifreiðarstjóranum stöðvunarmerki, og hafi bifreiðin þegar stöðvazt. Síðan hafi Elías Sveinsson hlaupið að kabalvagninum og tekið barnið upp og farið með það upp í sjúkrahús. Haukur Guðjónsson kvaðst hafa séð tvo drengi hanga aftan í kabalvagninum, og er bifreiðin var búin að taka beygjuna, hafi annar drengurinn dottið í götuna, og kvaðst Haukur hafa séð, að hann steig á kabalenda, er dróst með götunni eftir kabalvagninum. Hafi drengurinn síðan slegizt fram með hægra hjóli kabalvagnsins og dregizt með hjólinu

ca. 15 metra eftir götunni. Hélt hann, að hjólið hefði ekki farið yfir drenginn. Síðan sá hann Elías Sveinsson koma hlaupandi að bifreiðinni og gefa henni stöðvunarmerki og hlaupa síðan til drengsins og fara með hann upp í sjúkrahús. Haukur sagði, að bifreiðin hefði ekið mjög hægt.

Þórður Elías Sigfússon kveðst hafa séð barnahóp á gangstéttinni fyrir framan Fiskbúðina á Bárustíg til hægri við hann, er hann ók upp Bárustíginn, og eins hefði hann séð barnahóp á vinstri hönd, á stéttinni hjá Víðidal, er hann beygði inn á Vestmannabrautina. Taldi hann sig ganga úr skugga um, er hann ók fram hjá, að engu þessara barna stafaði hætta af keyrslu hans og að bifreið og kabalvagn færi fram hjá þeim, án þess að neitt kæmi fyrir. Einnig kvaðst hann hafa fylgzt vandlega með annarri umferð á veginum. Kvaðst hann álíta, að drengurinn, sem fyrir slysinu varð, hafi ekki verið í barnahópnum hjá Víðidal, því að hann veitti þeim börnum nána athygli, heldur muni drengurinn hafa komið eftir kabalvagninum og farið það nærri, að hjól vagnsins hafi náð til hans. Kvaðst hann telja útilokað, að hjól kabalvagnsins hefði farið yfir barnið, því að þá mundi slysið hafa orðið miklu meira, þar sem vagninn með kablinum er ca. 2 tonn á þyngd og hjólin lítil og úr járni og óvarin af gúmmíi. Taldi hann sennilegast, að barnið hefði urgazt milli hjólsins á kabalvagninum og járnslár á burðaröxli vagnsins.

Enginn maður var uppi á palli bifreiðarinnar, og enginn gangandi maður fylgdi kabalvagninum til þess að afstýra slysahættu í umrætt skipti. Verkstjórinn hjá rafstöðinni við raftaugarlagningunа kvaðst ekki hafa lagt svo fyrir, að gangandi maður fylgdi vagninum, er hann væri fluttur aftan í bifreið, eins og í þetta skipti, en hins vegar hafi það venjulega atvikazt svo, að einhverjir raflagningamenn hafi fylgt honum í flutningum.

Bifreiðin V. 23 var í góðu ökufæru ástandi, er slysið vildi til. Þetta er þriggja tonna herbifreið af tegundinni Chevrolet, „model" 1943. Úr bifreiðarstjórasætinu er gott útsýni fram fyrir sig, og spegill var fyrir framan bifreiðarstjórasætið og sæmilegt að sjá aftur fyrir sig, en lakara til hliðanna. Bifreiðin er 192 sm á breidd, og járnskjólborð eru á palli hennar, og þegar kabalvagninn er aftan í, sést aðeins ofan á kabalrúlluna úr bifreiðarstjórasætinu, en hins vegar sést þaðan ekki til hjóla kabalvagnsins, að minnsta kosti ekki, þegar ekið er beint áfram.

Stefnandi skýrir svo frá, að nokkru áður en slysið vildi til hafi kona hans og móðir drengsins farið út í bæ til þess að gera innkaup til heimilisins, og hafði hún drenginn með sér. Þegar hún kom heim, skildi hún drenginn eftir fyrir utan húsið, en fór sjálf inn. En þegar inn kom, leit hún út um suðurgluggann á íbúðinni og sá þá drenginn hverfa bak við húsið Garða, sem er á horninu milli Bárustígs og Vestmannabrautar. Lagði hún þegar frá sér varninginn og fór að því búnu að sækja drenginn. Þegar hún kom fyrir

hornið, sá hún drenginn liggja stórslasaðan á götunni. Varð henni svo mikið um þetta, að hún hné niður, og varð að fylgja henni heim. Íbúð þeirra hjóna er í litlu húsi við Bárustíginn. Ekki kemur fram í málinu, hvort móðir drengsins hafi veitt bifreiðinni athygli, áður en hún fór inn í húsið, en svo virðist sem bifreiðin hafi þá verið á leiðinni upp Bárustíginn með kabalvagninn í eftirdragi.

Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja og að ofan eru raktar, var bifreiðin í góðu lagi, er slysið átti sér stað. Bifreiðarstjórinn ók hægt og virðist hafa sýnt þá aðgæzlu og varkárni í sjálfum akstrinum, sem unnt var að ætlast til við þær aðstæður, sem þarna voru fyrir hendi. Hins vegar var honum ekki unnt að fylgjast nægilega með kabalvagninum, og telur rétturinn því, að skylt hafi verið að láta mann fylgja með vagninum, meðan ekið var gegnum bæinn, til þess að afstýra slysahættu, þar sem búast mátti við, að börn og óvitar kynnu að dragast að vagninum og mundu ekki sýna tilhlýðilega varkárni. Leiðir þetta til þess, að leggja verður skaðabótaábyrgð á stefndan vegna slyssins. Aftur á móti sýnist nokkuð hafa skort á tilhlýðilegt eftirlit með barninu, sem ekki virðist hafa getað gert sér viðunandi grein fyrir hættunni af umferðinni, og verður stefndur því ekki dæmdur til þess að greiða fullar bætur. Þykir því eftir atvikum hæfilegt með tilvísun til 34. gr. bifreiðalaganna að dæma stefndan til þess að greiða ¾ hluta tjónsins, sem af slysinu leiddi.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína á eftirfarandi hátt:

1.	Vinnutjón fyrir vökur og fyrirhöfn heimilisins	kr.	5.000,00
2.	Læknis- og sjúkrahússkostnaður	—	4.600,00
3.	Fataskemmdir	—	400,00
4.	Þjáningar og lýti drengsins	—	15.000,00
5.	Bætur fyrir varanlega örorku	—	55.000,00
	Samtals kr.		80.000,00

Um 1. Faðir drengsins kveðst hafa verið frá vinnu í einn mánuð og þrjár vikur vegna slyssins. Hafi hann fyrst vakað yfir drengnum samfleytt í einn mánuð, en síðan hafi hann vakað yfir honum á nóttunni í þrjár vikur. Reynt hafi verið að fá vökukonu, en það hafi ekki tekizt. Á þessum tíma hafi hann átt vísa vinnu hjá Guðmundi Böðvarssyni trésmíðameistara, er hann hafi orðið að fara á mis við. Guðmundur Böðvarsson staðfestir þetta í vitnaskýrslu. Kvað hann Sigurfinn hafa unnið hjá sér við smíðar haustið 1948 fyrir gervimannskaup, kr. 9,15 á klukkustund, og hafi vinnan numið 8 tímum á dag. Kvað vitnið Sigurfinn hafa verið frá vinnu um ca. sjö vikna tíma vegna slyssins, að því er vitnið taldi sig bezt muna, og hafi það orðið að taka mann í hans stað þann tíma, sem Sigurfinnur var frá vinnunni. Þá hafa verið lögð fram vottorð frá yfirhjúkrunarkonu og vökukonu Sjúkrahúss Vestmannaeyja, og er þar skýrt svo frá, að foreldrar drengsins hafi jafnan vakað yfir

honum til skiptis frá því í nóvember 1948 fram í febrúar 1949, faðir hans þó jafnan meira fyrst í stað, en móðir hans meira, þegar fram í sótti. Svo hefur einnig verið lagt fram vottorð frá Óskari Matthíassyni, skipstjóra á m/s Nönnu. Segir þar, að Sigurfinnur hafi verið frá verki í fimm daga við beitingu á m/s Nönnu, og hafi hann þess vegna greitt fyrir hans hönd kr. 1.125,00.

Stefndur hefur mótmælt þessum lið sem of háum, en með tilvísun til ofanritaðs þykir hæfilegt að áætla bæturnar samkv. honum kr. 4.000,00, og lækkar hann því um kr. 1.000,00.

Um 2. lið. Læknis- og sjúkrahússkostnaður kr. 4.600,00. Stefnandi rökstyður þennan lið þannig: Hann hafi sjálfur greitt kr. 74,00 fyrir myndatöku vegna slyssins. Tilfallinn lækniskostnaður nemi kr. 2.041,89, og sjúkrahússkostnaður nemi kr. 2.739,26. Telur hann stefndum skylt að greiða þessa kostnaðarliði, en krefst ekki fullrar greiðslu, heldur aðeins kr. 4.600,00, en þeir nema samtals kr. 4.855,15. Sjúkrahússkostnaðurinn hefur verið greiddur af Sjúkrasamlagi Vestmannaeyja með áskildum rétti til þess að krefjast endurgreiðslu úr hendi skaðabótaskylds aðilja. Sjúkrasamlagið hefur ekki gengið inn í mál þetta, og er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka sjúkrahússkostnaðinn til greina. Lækniskostnaðurinn er ógreiddur, en læknir drengsins hefur gefið yfirlýsingu um, að tilfallinn kostnaður nemi áðurgreindri upphæð, en hins vegar hafi reikningi ekki verið framvísað til greiðslu. Þykir því ekki fært, eins og sakir standa, að taka þann lið til greina. Hins vegar ber að taka til greina kr. 74,00 fyrir myndatöku, er stefnandi hefur greitt, og lækkar því þessi kröfuliður um kr. 4.526,00.

Um 3. Fataskemmdir kr. 400,00. Þessum lið er ekki mótmælt af stefndum, og verður hann því tekinn til greina.

Um 4. Þjáningar og lýti drengsins kr. 15.000,00.

Ljóst er af því, sem áður er tekið fram, að drengurinn hefur liðið miklar þjáningar og líkamslýti hans verða varanleg. Þykja bætur hans hæfilega ákveðnar samkv. þessum lið kr. 10.000,00, og lækkar hann því um kr. 5.000,00.

Um 5. Örorkubætur kr. 55.000,00. Eins og hér að ofan er tekið fram, er það álit læknis drengsins, að um fullan bata verði ekki að ræða. Samkvæmt vottorði hans og vitnaframburði kvaðst hann áætla varanlega örorku drengsins 40—50%. Tryggingayfirlæknir, sem skoðaði drenginn 26. júní sl., taldi aftur á móti ekki unnt að meta örorku hans vegna slyssins, eins og sakir stæðu, og ekki fyrr en gerð hefði verið úrslitatilraun af sérfræðingi til þess að festa saman upphandlegg vinstri handar með viðeigandi skurðaðgerð. Að þessu athuguðu þykja bæturnar samkv. þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000,00, og lækkar því þessi liður um kr. 25.000,00.

Samkvæmt ofanrituðu lækkar bótaupphæðin um kr. 1.000,00 + kr. 4.526,00 + kr. 5.000,00 + kr. 25.000,00 eða samtals kr. 35.526,00 og verður því kr. 44.474,00. Af þessari upphæð ber að dæma

stefndan til þess að greiða ¾ hluta eða kr. 33.355,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ólafur Kristjánsson f. h. Rafstöðvar Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Sigurfinni Einarssyni f. h. Sigurfinns Sigurfinnssonar kr. 33.355,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 3.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 15. maí 1954.

Nr. 157/1953. **Þorvarður K. Þorsteinsson** (sjálfur)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dómarar:
Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari, prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Lárusson og hæstaréttarlögmennirnir Lárus Jóhannesson og Sveinbjörn Jónsson.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Steindór Gunnlaugsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur skotið lögtaksgerðinni til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði ómerkt eða felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á lögtaksgerðinni og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð var framkvæmd til trygging-

ar lóðarleigu og eftirstöðvum fasteignagjalda, sem áfrýjandi og aðrir eigendur húseignarinnar nr. 74 við Miklubraut í Reykjavík skyldu gjalda af henni í bæjarsjóð Reykjavíkur árið 1953. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi vefengt það eitt, að lóðarleigan sé rétt krafin. Lóðarleigusamningur um greinda fasteign hefur ekki verið lagður fram í málinu. Málsaðiljar eru sammála um, að hann hafi verið gerður 1948 eða 1949 og ákvæði hans um leigugjald sé í samræmi við fyrirmæli 2. gr. laga nr. 86 16. des. 1943.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 30. desember 1952 „að nota heimild í lögum nr. 29 4. febrúar 1952 til þess að innheimta með 200% álagi skatta og gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat". Félagsmálaráðuneytið staðfesti samþykkt þessa samdægurs, en skildi þó vatnsskatt undan hækkun þeirri, er samþykkt bæjarstjórnar lýtur að. Svo sem samþykkt bæjarstjórnar ber með sér, var hækkun skatta og gjalda talin eiga stoð í lögum nr. 29 4. febrúar 1952. Áfrýjandi ber hins vegar brigður á, að greind lög veiti heimild til að hækka lóðarleigu, sem sé ákveðin með gagnkvæmum samningi einkaréttar eðlis milli eigenda hússins Miklubrautar 74 og forráðamanna Reykjavíkurkaupstaðar.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram dómsgerðir lögtaksmálsins, svo sem boðið er í 37. gr. laga nr. 112 18. maí 1935. Í þess stað hefur hann látið við það sitja að leggja fram endurrit úr fógetabók. Í endurriti þessu er getið skjala þeirra, sem lágu fyrir fógetadómi, er lögtakið fór fram, en skjöl þessi hafa hvorki verið lögð fyrir Hæstarétt í frumriti né staðfestu endurriti. Meðal annars er beiðni um lögtak ekki meðal gagna máls hér fyrir dómi og ekki hinn almenni lögtaksúrskurður, sem hin áfrýjaða lögtaksgerð styðst við, og þá ekki heldur gögn um birtingu hans. Hefðu þessi gögn væntanlega komið fram, ef dómsgerða hefði verið aflað að réttu lagi.

Vegna þessara agnúa á áfrýjun máls þykir ekki verða hjá því komizt að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 700 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Þorvarður K. Þorsteinsson, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 700,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1953.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Þorvarði K. Þorsteinssyni til tryggingar *fasteignagjaldi*, lóðarleigu fyrir ár 1953, að upphæð kr. 1.684,00, auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

.....

Gerðarþoli er eigi sjálfur mættur í réttinum, en mætt er að tilhlutun fógeta Selma Sigurjónsdóttir, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst eigi geta greitt.

Benti mætta eftir áskorun fógeta á húseignina nr. 74 við Miklubraut til lögtaks og féll frá virðingu.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í hinni uppskrifuðu húseign ásamt öllu múr- og naglföstu, meðfylgjandi lóð, lóðarréttindum, erfðafestulandi og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, til tryggingar framangreindu gjaldi auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að eigi mætti ráðstafa hinni lögteknu eign á nokkurn hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Mánudaginn 17. maí 1954.

Nr. 146/1952. **Tryggvi Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Magnúsi Einarssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Deilt um kaup á hlutabréfum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1952. Eru dómkröfur áfrýjanda þær,

að stefnda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 129.466,66, en *til vara* kr. 87.800,00, með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að stefnda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til áfrýjanda dæmt að afhenda honum 200 tómar, notaðar síldartunnur, óþvegnar, en nothæfar til söltunar, að leysa húseign áfrýjanda, nr. 7 við Hellusund í Reykjavík, úr veðbandi við útibú Landsbanka Íslands á Akureyri (III. veðréttur í ¼ hluta húseignarinnar, að fjárhæð kr. 200.000,00) og að losa áfrýjanda við ábyrgðir samkvæmt dómum í bæjarþingsmálum Akureyrar nr. 40 og 41/1949, allt gegn afhendingu 14 hlutabréfa í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, að nafnverði 5.000 krónur hvert, samtals að nafnverði kr. 70.000,00. *Til þrautavara* krefst áfrýjandi skaðabóta úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar með vöxtum og málskostnaði, eins og áður greinir.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður að telja, að stefndi hafi átt að hafa forgöngu um tilraunir til að fá skilyrðum þeim fullnægt, er greinir í samningi málsaðilja frá 30. júlí 1948. Nú fór svo, án þess að séð verði, að stefndi eigi þar sök á, að hið áskilda samþykki stjórnar og hluthafa Dósaverksmiðjunnar h/f fékkst eigi og áfrýjandi losnaði ekki við hina persónulegu ábyrgð á skuldum Niðursuðuverksmiðjunnar Síldar h/f. Varð nefndur samningur af þeim sökum ekki virkur, og á áfrýjandi því ekki þann rétt á hendur stefnda, er hann krefur í máli þessu, enda breytir þar engu um, þótt líkur séu fyrir því, að stefndi hafi afhent tunnur þær, er í málinu getur, til fullnægju á framangreindum samningi aðiljanna. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Tryggvi Jónsson forstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, út gefinni 31. jan. 1950, gegn Magnúsi Einarssyni framkvæmdarstjóra, Háteigsvegi 2 hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 12.800,00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og að stefndi verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda dæmdur til *að* afhenda honum 200 tómar, notaðar síldartunnur, óþvegnar, en nothæfar til söltunar, *að* framselja og afhenda stefnanda hlutabréf í Dósaverksmiðjunni h/f, að nafnverði kr. 5.000,00, *að* leysa húseign stefnanda, nr. 7 við Hellusund hér í bænum, úr veðböndum við útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, þriðja veðrétti í ¼ hluta húseignarinnar, að fjárhæð kr. 200.000,00, *að* losa stefnanda við ábyrgðir: 1) samkvæmt dómi í bæjarþingsmáli Akureyrar nr. 40/1949: Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri gegn Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, Tryggva Jónssyni o. fl., að fjárhæð kr. 122.844,33, auk vaxta og kostnaðar, og 2) samkvæmt dómi í bæjarþingsmáli Akureyrar nr. 41/1949: Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri gegn Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, Magnúsi Einarssyni o. fl., að fjárhæð kr. 24.700,00, auk vaxta og kostnaðar, allt gegn afhendingu 14 hlutabréfa í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, að nafnverði kr. 5.000,00 hvert, samtals að nafnverði kr. 70.000,00.

Með framhaldsstefnu, út gefinni 7. febr. f. á., gerði stefnandi þá *varakröfu* við þriðja lið dómkrafna sinna í frumsök, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 116.666,66 með 6% ársvöxtum frá 30. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Árið 1944 stofnuðu málsaðiljar ásamt eiginkonum sínum og Sigfúsi nokkrum Baldvinssyni Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f á Akureyri, en hinn síðastnefndi framseldi síðar hlutabréf sín til Síldar h/f. Vorið 1948 vildi Síld h/f selja hlutabréf sín í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f. Var nafnverð þessara hlutabréfa kr. 20.000,00, en að öðru leyti skiptist hlutafjáreignin í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f þannig milli einstakra hluthafa, að málsaðiljar áttu kr. 30.000,00 hvor, en eiginkonur þeirra kr. 20.000,00 hvor. Síld h/f bauð Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f og einstökum hluthöfum í því félagi forkaupsrétt að hlutabréfum sínum, enda virðist hafa verið áskilnaður um slíkan forkaupsrétt í samþykktum síðarnefnds félags. Hlutafélagið sjálft mun þó ekki hafa kosið að kaupa neitt af hlutabréfunum, en stefnandi og eiginkona hans svöruðu for-

kaupsréttarboðinu með svohljóðandi símskeyti, dags. 9. maí 1948: „Samþykkjum hér með að kaupa hlutafé yðar í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, Akureyri.“ Stefndi kveður sig og eiginkonu sína hafa kosið að nota forkaupsrétt sinn í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn af hlutafé Niðursuðuverksmiðjunnar Síldar h/f og kaupa helming hlutabréfaeignar Síldar h/f. Hins vegar hafi stefnandi viljað kaupa öll hlutabréfin, og kveðst stefndi ekki hafa viljað samþykkja það.

Um þessar mundir var nokkur ágreiningur með málsaðiljum innan Niðursuðuverksmiðjunnar Síldar h/f. Í lok júlímánaðar hittust þeir á Akureyri og áttu þá viðræður um, að stefnandi og eiginkona hans gengju út úr félaginu, þannig að þau seldu stefnda hlutabréf sín. Lauk þeim umræðum með því, að aðiljar gerðu með sér svohljóðandi samning um þessi efni, dags. 30. júlí 1948:

„Við undirritaðir, Tryggvi Jónsson, Hellusundi 7, Reykjavík, og Magnús Einarsson, Háteigsvegi 2, Reykjavík, gerum með okkur svofelldan samning:

Ég, Tryggvi Jónsson, lofa að selja Magnúsi Einarssyni hlutabréf mín í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, að nafnverði kr. 30.000,00, enn fremur hlutabréf þau, er hljóða á nafn konu minnar, Kristínar Magnúsdóttur, að nafnverði kr. 20.000,00, og hlutabréf þau, er hljóða á nafn h/f Síldar, að nafnverði kr. 20.000,00, eða samtals bréf að nafnverði kr. 70.000,00.

Ég, Magnús Einarsson, lofa að greiða bréf þessi á eftirfarandi hátt:

1. Ég afhendi og framsel Tryggva Jónssyni hlutabréf í Dósaverksmiðjunni h/f, Reykjavík, að nafnverði kr. 5.000,00, svo fremi að stjórn og hluthafar Dósaverksmiðjunnar h/f samþykki framsalið.

2. Ég afhendi Tryggva Jónssyni 400 tómar, notaðar síldartunnur, óþvegnar, en nothæfar til söltunar, og skulu þær reiknast á kr. 18,00 pr. tunnu. Tunnurnar afhendast, þegar hann óskar eftir þeim nú í sumar, og skal hann útnefna mann til að taka á móti þeim.

3. Ég, Magnús Einarsson, samþykki víxil til handa Tryggva Jónssyni, að upphæð kr. 12.800,00 — tólf þúsund og átta hundruð krónur 00/100 —, sem greiðist í tvennu lagi, þannig að kr. 6.400,00 greiðast 1. ágúst 1949 og afgangurinn 1. ágúst 1950.

Ég, Tryggvi Jónsson, set það sem skilyrði fyrir sölu á nefndum hlutabréfum, að ég við undirskrift þessa samnings losni við allar persónulegar ábyrgðir og skuldbindingar, sem ég er nú í vegna Niðursuðuverksmiðjunnar Síldar h/f, Akureyri, einnig, að veð það, er ég hef gefið Landsbanka Íslands, Útibúi, Akureyri, í húseign minni Hellusundi 7, Reykjavík, verði laust og því aflýst, þegar næsta greiðsla til Niðursuðuverksmiðjunnar fer fram frá S.Í.F., Reykjavík. Rísi mál út af samningi þessum, skal það rekið fyrir dómstólunum í Reykjavík.“

Samning þennan kveður stefnandi stefnda ekki hafa fengizt til

að efna að öðru leyti en því, að haustið 1948 hafi hann afhent sér 200 af þeim 400 síldartunnum, sem stefnandi hafi átt að fá samkvæmt samningnum.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því, að það sé sök stefnda, að fullar efndir fyrrgreinds samnings hafi ekki farið fram. Sjálfur hafi hann jafnan verið reiðubúinn til að efna skyldur sínar samkvæmt samningnum. Hann og eiginkona hans hafi við undirritun samningsins verið orðin eigendur allra þeirra hlutabréfa í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f, sem hann hafi lofað að selja stefnda, þar sem kaup þeirra á hlutabréfum Síldar h/f hafi farið fram með símskeytinu 9. maí 1948. Kveðst stefnandi hafa boðið stefnda, að þeir skiptust á hlutabréfum þegar eftir undirritun samningsins, en úr því hafi þó ekki getað orðið, þar eð stefndi hafi talið sín hlutabréf vera í geymslu í banka í Reykjavík. Afhending stefnda á fyrrgreindum síldartunnum sýni og, að stefndi hafi talið sig bundinn af samningnum, enda hafi hann aldrei krafizt greiðslu fyrir þær. Stefndi hafi og eftir samningsgerðina rekið Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f sem einkafyrirtæki sitt án nokkurrar þátttöku stefnanda.

Að því er varðar ákvæði síðustu málsgreinar í fyrrgreindum samningi aðilja, þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi með undirritun samningsins tekizt á hendur ábyrgð á því að losa stefnanda frá þeim ábyrgðum, sem hann hafi persónulega verið í fyrir Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f, og sé stefnda skylt að efna það eins og aðrar skyldur sínar samkvæmt samningnum. Og að því er taki til greiðslu þeirrar frá S.Í.F., sem um sé rætt í nefndu samningsákvæði, þá hafi sú greiðsla þegar farið fram.

Varakrafa sú, sem stefnandi hefur gert í málinu, er rökstudd með því, að þar sem svo virðist, að stjórn og hluthafar Dósaverksmiðjunnar h/f hafi ekki samþykkt, að stefndi framseldi stefnanda hlutabréf sín í fyrirtækinu, þá beri stefnda að greiða stefnanda andvirði þeirra. Nemi það að mati dómkvaddra manna kr. 116.666,66.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma, enda hafi það verið fyrst 13. sept. 1948, að stefnandi og eiginkona hans hafi keypt hlutabréf þau, sem Síld h/f átti áður. Af þessum sökum sé samningurinn fallinn úr gildi. En auk þessa hafi samningur aðilja heldur aldrei verið endanlegur kaupsamningur, heldur hafi hann því aðeins átt að koma til framkvæmda, að tiltekin skilyrði rættust, þ. e. a. s., að stefnandi losnaði úr ábyrgðum sínum fyrir Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f og að stjórn og hluthafar Dósaverksmiðjunnar samþykktu, að stefndi framseldi stefnanda hlutabréf sín í fyrirtækinu. Hvorugur aðilja hafi tekið á sig neina ábyrgð á því, að skilyrðunum yrði fullnægt, og þau hafi aldrei rætzt. Ákvæði síðustu málsgreinar samningsins hafi verið skilyrði stefnanda fyrir sölu hlutabréfanna í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f og hafi stefndi

enga ábyrgð tekið á því, að lánardrottnar félagsins leystu stefnanda frá þeim skuldbindingum eða ábyrgðum, sem hann hafi verið í fyrir félagið. Ekki beri stefnanda heldur neinar bætur, þótt brugðizt hafi, að stjórn Dósaverksmiðjunnar h/f samþykkti, að stefndi framseldi honum hlutabréf sín í fyrirtækinu, þar eð stefnandi hafi samþykkt fyrirvara stefnda þar að lútandi.

Þá hefur stefndi eindregið mótmælt því, að hann hafi afhent stefnanda nokkrar síldartunnur til fullnægju á samningnum. Hins vegar hafi hann sumarið 1948 selt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, vinnuveitanda stefnanda, 200 síldartunnur, en það hafi verið stefnanda óviðkomandi.

Að því er sérstaklega varðar varakröfu stefnanda, þá hefur stefndi mótmælt matsfjárhæð hlutabréfanna sem of hárri og matsgrundvellinum sem röngum. Matið sé ekki miðað við þann tíma, sem kaupin hafi samkvæmt samningnum átt að fara fram. Verðmæti hlutabréfanna sé og metið á þann hátt, að reiknað sé út, hversu mikill hluti heildareigna félagsins komi á hvert hlutabréf miðað við heildarhlutafjáreignina. Almennt söluverð og raunverulegt verðmæti hlutabréfs fyrir eigandann sé hins vegar miklum mun lægra.

Í viðræðum aðilja var um það talað, að stefnandi vildi losna frá þeim ábyrgðum, sem hann væri í fyrir Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f. Viðurkennt er hins vegar, að ákvæði síðustu málsgreinar samningsins, sem hefur að geyma áskilnað hans um þessi atriði, samdi hann sjálfur og bætti því við samningsuppkast, sem stefndi hafði lagt fyrir hann. Ákvæði þetta, sem var stefnanda einum til hagsbóta og samið af honum sjálfum, er orðað sem beint skilyrði hans fyrir sölu hlutabréfanna í Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f. Verður því ekki talið, þegar hliðsjón er höfð af því, hvernig ákvæði þetta er í samninginn komið, að með því hafi stefndi skuldbundið sig til að sjá um, að stefnandi yrði leystur frá ábyrgðunum, eða hafi ábyrgzt, að það tækist. Var það og á valdi lánardrottna Niðursuðuverksmiðjunnar Síldar h/f, hvort stefnandi yrði leystur frá ábyrgðunum, og þykir ekki sýnt, að öðrum aðiljanum hafi fremur hinum borið að hafa forgöngu um að fá samþykki þeirra.

Við samningsgerðina mátti báðum aðiljum vera ljóst, að brugðið gæti til beggja vona um, að samþykki stjórnar og hluthafa Dósaverksmiðjunnar h/f fyrir framsali stefnda á hlutabréfum sínum fengist. Fyrirvara stefnda þykir verða að skilja svo, að hann undanskilji sig ábyrgð á því, ef synjað yrði um samþykkið.

Viðurkennt er, að framsöl á hlutabréfum Síldar h/f til stefnanda og eiginkonu hans eru dagsett 13. sept. 1948. Samkvæmt tilkynningu frá Síld h/f til stefnda fór sala bréfanna fram þann dag. Þykir því sannað, að þá fyrst hafi stefnandi og eiginkona hans orðið eigendur hlutabréfa þessara, enda verður ekki fallizt á, að það hafi við rök að styðjast, að með sendingu símskeytisins 9. maí 1948 hafi þau hjónin keypt nefnd hlutabréf. Fær af þessum sökum ekki staðizt

sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi verið reiðubúinn til að skipta á hlutabréfum við stefnda þegar eftir undirritun samningsins. Jafnframt er viðurkennt af stefnanda, að eftir þetta hafi það fyrst verið vorið 1949, sem hann hafi borið efndir samningsins í tal við stefnda, og ósannað er, að áðurnefnd afhending stefnda á 200 síldartunnum hafi verið viðkomandi þessum samningi aðilja. Aldrei gerði stefnandi neitt til að fá sig leystan frá margnefndum ábyrgðum, enda hefur hann talið, að stefndi hafi átt að annast það. Varð stefnandi aldrei leystur frá ábyrgðum þessum.

Ósannað er, að stefndi hafi fengið fullnægjandi samþykki stjórnar og hluthafa Dósaverksmiðjunnar h/f til framsals hlutabréfa sinna, þótt hann hins vegar virðist hafa spurzt fyrir um, hvort það yrði veitt.

Samkvæmt framanrituðu þykir verða að skilja samning málsaðilja þannig, að hann hafi því aðeins átt að koma til framkvæmda, að stefnandi losnaði frá hinum persónulegu ábyrgðum sínum fyrir Niðursuðuverksmiðjuna Síld h/f og að áskilið samþykki stjórnar og hluthafa Dósaverksmiðjunnar h/f fengist, en að hins vegar hafi hvorugur málsaðilja tekið á sig ábyrgð á því, að þessi skilyrði rættust. Þar sem þau hafa, eins og fyrr segir, aldrei verið fyrir hendi, þykir verða að líta svo á, að ekki hafi komið til þess, að samningurinn yrði virkur, þannig að efndir samkvæmt honum skyldu fara fram. Verða úrslit málsins því þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þar sem mál þetta er allumfangsmikið svo og vegna mjög mikilla anna síðustu vikurnar, áður en þingleyfi hefjast, hefur dómsuppsaga dregizt.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggva Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. maí 1954.

Nr. 119/1952. **H/f Shell á Íslandi** (Theodór B. Líndal)
gegn
Sigurði Eyvald (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fébótamál vegna árekstrar bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1952. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var í héraði. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. ágúst 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 4.614,79 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Eins og akstri bifreiðanna var háttað, þykir rétt, að aðaláfrýjandi beri ⅔ hluta tjóns þess, sem af árekstri þeirra hlauzt, en gagnáfrýjandi ⅓ hluta þess.

Með skírskotun til álits hinna sérfróðu samdómsmanna í héraði þykir mega leggja kröfu gagnáfrýjanda til grundvallar, að því er varðar viðgerðarkostnað. Bætur fyrir afnotamissi bifreiðar gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 150,00 á dag, og er rétt að miða þær við 10 daga, eins og í héraðsdómi er ákveðið. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ⅔ af kr. 2.414,79 + ⅔ af kr. 1.500,00 eða samtals kr. 2.609,86 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1951, er viðgerð á bifreið gagnáfrýjanda lauk, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Shell á Íslandi, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Eyvald, kr. 2.609,86 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur stefnandi, Sigurður Eyvald bifreiðarstjóri, til heimilis Skipagötu 1, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. des. 1951, á hendur hlutafélaginu Shell á Íslandi, Reykjavík, og gerir þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða kr. 4.614,79 auk 6% ársvaxta frá 13. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnds er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir reikningi eða mati dómara, en til vara er þess krafizt, að tjóninu verði skipt miðað við sök bifreiðarstjóranna hvors um sig á því.

Eftir skýrslu lögreglunnar eru málavextir þeir, að hinn 13. júní 1951 kl. 13.25 e. h. kom fólksbifreiðin A. 524 norðan Skipagötu og ók inn í Kaupvangsstræti eftir steinsteypta partinum. Voru framhjól bifreiðarinnar komin rétt vestur fyrir steinsteypuna, er benzínbifreiðin R. 715, sem kom vestan Kaupvangsstræti, kom á móti, og rákust bifreiðarnar þannig saman, að hægra horn framstuðfjaðrar og bretti benzínbílsins kom á hægra frambretti A. 524 um miðju þess, og dældaðist það illa svo og hægri framhurð. Á R. 715 bognaði hægri endi framstuðfjaðrar, og hægra frambretti skemmdist lítillega. Ökumaður A. 524 var eigandi hennar og stefnandi máls þessa, en ökumaður R. 715 var Kristinn Magnússon flugvélavirki, Hafnarstræti 9, Akureyri, en eigandi hennar var stefndur í máli þessu. Einn farþegi var í bifreiðinni R. 715, Stefán Ísaksson verkamaður, til heimilis Hafnarstræti 23, Akureyri.

Stefnukröfu sína kveður stefnandi vera skaðabótakröfu fyrir tjón, er hann beið af árekstri þeim, sem að framan getur, því að bifreið hans skemmdist svo, að hún þurfti viðgerðar fyrir kr. 2.414,79. Enn fremur kveðst hann hafa beðið tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar af þessum völdum, kr. 2.200,00. Hann telur ökumann R. 715 bera alla sök á árekstrinum, og því beri hinu stefnda hlutafélagi, sem er eigandi bifreiðarinnar, að greiða tjónið að fullu.

Í greinargerð umboðsmanns stefnanda segir, að í árekstrinum hafi hægra frambretti og framhurð A. 524 mikið skemmzt, og stýrissnekkja bifreiðarinnar skemmdist verulega. Reikningar yfir við-

gerð á skemmdum þessum eru á dskj. nr. 5, 6 og 7 og eru að upphæð kr. 2.414,79. Eigi reyndist unnt að fá gert við skemmdir þessar fyrr en í júlí. Stefnandi lét þá í skyndi og til bráðabirgða berja út brettið og hurðina, þannig að hægt væri að loka henni, og ók bifreiðinni þannig fram í júlímánuð, enda þótt hún væri mjög erfið í stýri, en þá komst hún á verkstæði. Fyrst var gert við bifreiðina á bifreiðaverkstæðinu Víkingi, en síðar á bifreiðaverkstæðinu Þórshamri. Eitt stykki, sem þurfti að endurnýja í (stýris-)snekkjunni eftir áreksturinn, var þó ófáanlegt á Þórshamri, en það var „sector" með tilheyrandi fóðringum. Því var dyttað að gamla „sectornum" til bráðabirgða, unz nýr fékkst frá Reykjavík. Vitnið Sigurður Valur Þorsteinsson, sem var verkstjóri á bifreiðaverkstæðinu Þórshamri á sl. sumri, hefur borið fyrir réttinum, að stýrissnekkjan hafi verið skemmd af höggi, það hafi verið brotið úr sniglinum, og þá hafi hjól í „sectornum", sem grípur yfir á snigilinn, verið beyglað, og tók hann fram, að skemmdir þessar hafi stafað af höggi á framhjól. Enn fremur kveðst hann ekki telja, að stýrissnekkjan og þessi stykki hafi verið það mikið slitin, að ástæða hafi verið til að endurnýja þau af þeim ástæðum á næstunni. Vitnið Sigurgeir Sigurpálsson bifreiðaviðgerðarmaður, sem vann að viðgerð bifreiðar stefnanda á Þórshamri, hefur skýrt svo frá fyrir réttinum, að hann hafi sett saman stýrissnekkjuna í bifreið stefnanda, og var settur nýr snigill sökum þess, að sá, sem verið hafði, var dældaður. Álítur vitnið, að dæld þessi hafi orsakazt af höggi, þannig, að „sectorinn" hafi skollið á sniglinum, og hafi högg á hægra framhjól valdið þessu. Vitnið telur einnig, að dæld þessi muni ekki hafa orsakazt af sliti. Aðgerðin á bifreiðinni tók alls 11 daga, þar af fimm daga á Víkingi, en sex daga á Þórshamri. Þetta var á þeim árstíma, sem mest er að gera fyrir fólksbifreiðar, og taldi stefnandi tjón sitt vegna afnotamissis bifreiðarinnar kr. 200,00 á dag eða alls kr. 2.200,00, og hefur hann þá hliðsjón af, hversu mikið hann keyrði inn á bifreiðina þá daga júlímánaðar, sem bifreiðin var eigi á verkstæði. Í greinargerð sinni telur stefnandi sjálfur, að brúttótekjur sínar hafi verið að meðaltali nærri kr. 400,00 á dag þá daga, sem bifreið hans var í notkun í júlí, og því til stuðnings hefur hann lagt fram útdrátt úr vasabók sinni, þar sem hann færði inn tekjur fyrir akstur sinn, og er útdráttur þessi á dskj. nr. 11.

Aðalkrafa stefnds byggist á því, að stefnandi hefur viðurkennt fyrir dómi, að hann mundi hafa getað stöðvað bifreið sína fyrir árekstur inn með því að hemla fyrr, en það hafi hann ekki gert, vegna þess að þá hefði hann orðið á vegbrúninni, sem R. 715 átti rétt á, og hann því orðið í órétti. Bifreiðarstjóri R. 715 telur aðalorsökina til slyssins þá, að A. 524 hafi verið ekið rangt á gatnamótunum, henni hafi verið stýrt of fljótt til hægri í stað þess að aka í stórum sveig inn á Kaupvangsstrætið. Árekstur inn verði það vestarlega í Kaupvangsstræti, að ljóst sé, að A. 524 hafi verið norð-

arlega á veginum og því meira til hægri en rétt var, er hann beygði upp í Kaupvangsstrætið. Játning bifreiðarstjórans sýni enn fremur, að hann gerði ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að forða árekstrinum, heldur ók áfram til að koma bifreið sinni yfir á vinstra vegarhelming, með þeim afleiðingum, að bifreiðarnar rákust á.

Í framburði sínum fyrir réttinum telur Kristinn Magnússon, ökumaður R. 715, að aðalorsök árekstrarins hafi verið sú, að A. 524 hafi verið ekið rangt á gatnamótum, þannig að henni hafi verið stýrt of fljótt til hægri í stað þess að taka stóran sveig, og tekur fram í því sambandi, að R. 715 hafi verið næstum stöðvuð, er áreksturinn varð, og hefði átt að vera auðvelt fyrir bifreiðarstjórann á A. 524 að forða slysi með því að hemla eða beygja til vinstri. Í tjónstilkynningu sinni til tryggingarinnar, dskj. nr. 24, hefur hann talið, að báðir ættu sök á árekstrinum.

Stefnandi málsins hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi ekið á hinum steypta hluta Skipagötu og Kaupvangsstrætis. Ástæðuna fyrir því, að bifreið hans var svo flöt fyrir R. 715, er áreksturinn varð, telur hann vera þá, að hann hafi á síðustu stundu beygt til vinstri til að reyna að forða árekstri. Hann telur, að R. 715 hafi ekki verið stöðvuð, er áreksturinn varð, en hafi runnið á hemlum. Hann telur, að verið geti, að hann hefði getað stöðvað fyrir árekstur inn með því að hemla fyrr, en þá hefði hann verið á kanti þeim, sem R. 715 átti, og orðið þannig í órétti.

Vitnið Stefán Ísaksson, sem var farþegi í R. 715, er áreksturinn varð, segir, að R. 715 hafi verið ekið hægt, og hafi verið búið að hemla bifreiðinni, er áreksturinn varð, en hún hafi þó runnið á hægri ferð á fólksbílinn. Vitnið segir, að A. 524 hafi verið ekið nálægt miðri götunni á töluverðri ferð, en búið hafi verið að hægja ferðina, þegar áreksturinn varð, og hafi ferðin á bifreiðinni þá verið orðin mjög lítil, en þó hafi hún ekki verið alveg stöðvuð.

Eins og málum hefur nú verið lýst, lítur rétturinn svo á, að sök bifreiðarstjórans á R. 715 liggi í því, að hann ekur svo að segja á miðju Kaupvangsstræti, og er því bifreiðin rangstæð á götunni. Bifreiðarstjóranum ber að gæta fyllstu varúðar gegn umferð úr Skipagötu og vera við því búinn að víkja fyrir umferð þaðan. Sök stefnanda máls þessa, bifreiðarstjórans á A. 524, liggur í því, að bifreiðarstjórinn tekur beygjuna inn í Kaupvangsstræti of þrönga, þ. e. of mikið til hægri, og veitir umferðinni ofan Kaupvangsstræti ekki nægilega athygli, eftir að hafa fullvissað sig um umferð frá vinstri hlið. Báðir bifreiðarstjórarnir eiga því sök á árekstrinum. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að skipta sökinni þannig, að R. 715 beri ¾ af tjóni, en A. 524 ¼.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda eru skemmdir á bifreið stefnanda, sem viðgerð hefur farið fram á, eðlileg afleiðing af árekstrinum, og ber því að dæma stefndan til þess að greiða þær í hlutfalli við sök sína, eða kr. 1.811,10. Að áliti hinna sérfróðu dómenda er við-

gerðartími bifreiðarinnar hæfilega talinn 10 dagar, og ber því að miða afnotamissi bifreiðarinnar við þann tíma. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og með hliðsjón af atvinnutekjum bifreiðarstjóra, sem dómurinn hefur kynnt sér, þykir atvinnutjón stefnanda hæfilega ákveðið kr. 200,00 á dag eða samtals kr. 2.000,00, og ber að dæma stefndan til að greiða það í sömu hlutföllum og áður greinir, eða kr. 1.500,00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndan til þess að greiða stefnanda kr. 3.311,10. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 817,00. Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, ásamt Vilhjálmi Jónssyni bifvélaviðgerðarmeistara og Hreiðari Jónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndur, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnanda, Sigurði Eyvald, kr. 3.311,10 auk 6% ársvaxta frá 11. des. 1951 til greiðsludags og kr. 817,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1954.

Nr. 140/1951. **Helgi Lárusson** (Theodór B. Líndal)
gegn
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Innsetningarmál. Deilt um eignarrétt að fergju. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1951, gerir þessar kröfur:

Aðalkrafa:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang gerðarinnar, ef áfrýjandi vinnur eið að því, að fergja sú, sem í málinu greinir, hafi verið pöntuð fyrir hann af Árna G. Eylands og að áfrýjandi hafi tekið við henni í samræmi við þá pöntun, enda verði stefnda dæmt að greiða málskostnað, svo sem í aðalkröfu segir.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á árinu 1945 var Árni G. Eylands formaður Verkfæranefndar ríkisins, sem stofnuð hafði verið með lögum nr. 64/1940, og í fyrirsvari fyrir hana. Verkfæranefnd fer samkvæmt V. kafla laga nr. 54/1942 með stjórn hins svonefnda Vélasjóðs, sem m. a. skal annast kaup á jarðræktarvélum. Árni G. Eylands annaðist á árinu 1945 pöntun frá Bandaríkjunum á ýmsum vélum og verkfærum handa Vélasjóði. Sér til aðstoðar við pöntun þessa hafði hann Berg Lárusson, bróður áfrýjanda og samstarfsmann hans. Samkvæmt vætti þeirra Árna og Bergs færði Bergur það í tal við Árna, hvort hann vildi panta ásamt vélum handa Vélasjóði einnig fergju, „Hydraulic Arbor Press", sem áfrýjandi þarfnaðist handa fyrirhuguðu verkstæði sínu. Varð Árni G. Eylands við þessum tilmælum og kveðst hafa lofað að útvega fergjuna handa áfrýjanda. Á þeim tíma var Árni deildarstjóri hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda í máli þessu. Lét Verkfæranefnd stefnda annast vélakaup fyrir sig í Bandaríkjunum og innflutning þeirra. Árni gerði nú reka að því, að nefnd fergja, „70 tons Hydraulic Arbor Press nr. 97403", var keypt í Bandaríkjunum. Kom fergjan til Íslands hinn 6. desember 1945 með e/s Mooring Hitch, og kveðst Árni hafa séð um tollafgreiðslu á henni hinn 27. desember 1945. Nú gerðist það, að Árni lét af öllum störfum fyrir Verkfæranefnd og fyrir stefnda, Samband íslenzkra samvinnufélaga, um áramótin 1945 og 1946, en svo tókst til, að hann lét hvorki eftir hjá Verkfæranefnd né í Sambandinu skýrslur eða gögn um, að fergjan væri pöntuð handa áfrýjanda og honum lofuð.

Áður en frekar er rætt um afdrif fergjunnar, þykir verða

að skýra frá því, að Verkfæranefnd hafði á árunum 1945 og 1946 og fram á árið 1947 á leigu hjá áfrýjanda birgðaskála á Kópavogshálsi. Hafði Verkfæranefnd ein lykla að þessum skála. Auk þess geymdi áfrýjandi vélar og verkfæri fyrir sig og Verkfæranefnd í öðrum skála á Kópavogshálsi svo og í skála í Baldurshaga. Að þessum tveimur skálum hafði áfrýjandi lyklavöld, en starfsmenn Verkfæranefndar fengu lykla lánaða hjá áfrýjanda, er þeir þurftu að fara í skálana.

Um fergjuna er það nú að segja, að hinn 11. febrúar 1946 var gefinn út af hendi stefnda, sem hana hafði flutt inn, afgreiðsluseðill fyrir henni og „debetnóta" til Verkfæranefndar fyrir andvirði hennar, kr. 4.342,00. Hinn 16. febrúar 1946, að því er virðist, kom síðan nafngreindur starfsmaður áfrýjanda á skipaafgreiðslu þá, þar sem fergjan var geymd, og framvísaði afgreiðsluseðlinum frá stefnda. Ekki er í ljós leitt, hver afhenti áfrýjanda eða starfsmanni hans afgreiðsluseðilinn, en þáverandi verkfæranefndarmenn segjast ekki hafa gert það. Veitti starfsmaðurinn fergjunni viðtöku og flutti hana í birgðaskálann að Baldurshaga.

Áfrýjandi segist strax hafa tekið við fergjunni sem sinni eign, flutt hana sem sína eign í geymsluskálann í Baldurshaga og geymt hana þar, unz hið nýja verkstæðishús hans á Kópavogshálsi var komið upp 1948. Þá hafi hann flutt fergjuna þangað og tekið hana í notkun. Andvirði hennar kveðst hann vilja skuldajafna við leigu, sem Verkfæranefnd eigi enn ógreidda honum eftir skála þann á Kópavogshálsi, sem Verkfæranefnd leigði og hafði lyklavöld að. Segist áfrýjandi hafa samið við Árna G. Eylands um 300 króna mánaðarleigu eftir skála þennan í marz 1945, og hafði Verkfæranefnd notað skálann, þangað til hún flutti muni sína þaðan í apríl 1947.

Sigurður Kristjánsson, sem var framkvæmdarstjóri Verkfæranefndar frá 1. apríl 1946 til 1. janúar 1951, skýrir svo frá, að hann hafi engin gögn séð til sönnunar því né vitað það á annan hátt, að fergja sú, sem í málinu greinir, væri eign áfrýjanda. Hins vegar hafi legið í skjalamöppu Verkfæranefndar „debetnóta" frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga fyrir fergjunni, en er Sigurður tók við fyrirsvari

Verkfæranefndar, var fergjan komin í vörzlur áfrýjanda, svo sem áður segir. Hinn 11. nóvember 1946 ákvað Verkfæranefnd að selja Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda í málinu, vélar og verkfæri, sem pöntuð höfðu verið handa Vélasjóði, og hinn 30. desember 1946 gaf stefndi út „kreditnótu" handa Verkfæranefnd fyrir fergjunni. Fergjan var á þessum tíma geymd í birgðaskála áfrýjanda í Baldurshaga. Þar voru einnig geymd ýmis verkfæri og vélar Vélasjóðs, sem stefnda voru framseld. Næst verður það, að menn stefnda eru á árinu 1947 sendir á vörubíl að Baldurshaga til að sækja verkfæri þau og vélar, sem Verkfæranefnd hafði selt stefnda og geymd voru í skála áfrýjanda. Sendimenn fengu lykla hjá áfrýjanda og héldu síðan að Baldurshaga. Tóku þeir vélar og verkfæri öll, sem þeir töldu stefnda eiga, að fergjunni undanskilinni, en henni kveðast þeir ekki hafa komið á bílinn. Var fergjan síðan áfram í vörzlum áfrýjanda, en þess er að geta, að stefndi hafði engan rétt til geymslu í skálanum að Baldurshaga og Verkfæranefnd hafði slíkan rétt ekki eftir árslok 1946.

Áfrýjandi notaði fergjuna á verkstæði sínu í Kópavogi frá því á árinu 1948 sem sína eign, svo sem sagt var. Af hendi stefnda var ekkert hirt um fergjuna, unz komið var fram á árið 1950. Þá tóku menn stefnda að spyrjast fyrir um hana. Eftir nokkra eftirgrennslan komust þeir að því, hvar hún var niður komin, og kröfðu áfrýjanda um hana, en hann tjáðist vera eigandi hennar og setti syn fyrir afhendingu hennar. Sneru fyrirsvarsmenn stefnda sér þá til fógeta og kröfðust innsetningargerðar á hendur áfrýjanda. Tók fógeti þá kröfu til greina með hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki hefur sú innsetningargerð verið framkvæmd.

Það er óumdeilt í málinu, að Árni G. Eylands hafi á árinu 1945 pantað fergjuna handa áfrýjanda og lofað honum, að fergjan skyldi afhent honum til eignar, er hún kæmi til landsins, en Árni var, er hann gaf áfrýjanda loforðið, bæði fyrirsvarsmaður Verkfæranefndar og deildarstjóri í Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda hér fyrir dómi.

Árni pantaði fergjuna í Bandaríkjunum á vegum Sambandsins til efnda á loforði sínu til áfrýjanda. En aldrei hafði

komið til tals, að Vélasjóður fengi slíka fergju til sinna þarfa. Samkvæmt þessu öðlaðist áfrýjandi hlutbundinn rétt til kaupa á fergjunni bæði gegnt stefnda og Verkfæranefnd.

Þar sem áfrýjandi fékk fergjuna í hendur og hélt vörzlum hennar, gátu fyrirsvarsmenn Verkfæranefndar og stefnda ekki með samningum, þótt í grandleysi væru gerðir, útrýmt rétti áfrýjanda samkvæmt traustnámsreglum. En fyrirsvarsmönnum Verkfæranefndar var ekki ljóst, er áfrýjanda voru fengnar vörzlur fergjunnar, að hann hafði kauparétt til hennar, og verður því afhendingin ekki skoðuð sem merki þess, að áfrýjandi fengi greiðslufrest á andvirði hennar. Þurfa nefndir fyrirsvarsmenn því ekki að sætta sig við, að áfrýjandi bjóði fram umdeildar leigukröfur til skuldajafnaðar við andvirði fergjunnar. En þar sem áfrýjandi hefur ekki verið krafinn um andvirði fergjunnar og honum þannig gefinn kostur á því að greiða það ásamt vöxtum, verður hún nú ekki tekin með fógetavaldi úr hendi hans, þótt ógreidd sé enn. Samkvæmt því, sem að framan greindi, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Hvor aðilja ber sinn málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Árið 1945 var Árni Eylands, nú stjórnarráðsfulltrúi, deildarstjóri fyrir véladeild stefnda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Í marzmánuði nefnt ár var hann staddur í Chicago og pantaði þá fyrir hönd stefnda frá amerísku verzlunarfyrirtæki fergju þá, sem í máli þessu greinir. Staðfesti stefndi pöntunina í bréfi til fyrirtækisins, dags. 16. marz 1945. Á þessum tíma átti Árni Eylands sæti í Verkfæranefnd ríkisins, er stofnuð hafði verið samkvæmt 18. gr. laga nr.

64/1940, en nefnd þessi hafði á hendi stjórn Vélasjóðs ríkisins undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1943. Var fyrrgreind fergja pöntuð í því skyni, að stefndi afhenti hana síðar Vélasjóði til eignar, enda pantaði stefndi samtímis, að því er virðist fyrir tilhlutun Árna Eylands, ýmis önnur verkfæri og tæki, sem Vélasjóði voru ætluð.

Umrædd fergja kom hingað til lands hinn 6. desember 1945, og samtímis eða litlu síðar komu önnur tæki, sem ganga áttu til Vélasjóðs. Var innflutningur fergjunnar og annarra tækja að öllu leyti á vegum stefnda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem einnig annaðist greiðslu þeirra.

Í flutningi máls þessa hefur Árni Eylands lýst því, að tilefni þess, að umrædd fergja var pöntuð, hafi verið það, að Bergur Lárusson, bróðir áfrýjanda, hafi árið 1944 beðið hann að útvega þeim bræðrum slíka fergju í verkstæði þeirra. Eins og áður getur, var fergjan ekki pöntuð á nafn áfrýjanda, Helga Lárussonar, og ekki var heldur gert ráð fyrir því, að hann fengi hana beint frá stefnda, heldur var tilætlun Árna, að Vélasjóður seldi áfrýjanda fergjuna, þegar sjóðurinn væri orðinn eigandi hennar. Um áramótin 1945—1946 lét Árni af störfum hjá stefnda og fór þá jafnframt úr Verkfæranefnd og stjórn Vélasjóðs. Var fergjan þá enn í eign stefnda og geymd í afgreiðsluhúsi Eimskipafélags Íslands. Lét Árni þess þá ekki að neinu getið, hvorki við stefnda né samnefndarmenn sína í Verkfæranefnd, að hann hefði fyrirhugað sölu á fergjunni til áfrýjanda. Hafa menn þeir, sem á þessum tíma áttu sæti í Verkfæranefnd með Árna, vottað það, að þeim hafi verið ókunnugt um, að nefnd fergja hafi verið ætluð áfrýjanda til kaups. Þá hefur og framkvæmdarstjóri Vélasjóðs, sem tók við framkvæmdarstjórn 1. apríl 1946, en áður hafði enginn framkvæmdarstjóri verið ráðinn, borið það sem vitni í málinu, að hann hafi engin gögn séð fyrir því hjá Vélasjóði né vitað um það á annan hátt, að fergjan hafi verið ætluð áfrýjanda.

Hinn 11. febrúar 1946 tilkynnti stefndi Verkfæranefnd, að hann hefði fært henni umrædda fergju til skuldar. Jafnframt gaf stefndi út afgreiðsluseðla til Verkfæranefndar fyrir fergjunni og fleiri tækjum til Vélasjóðs. Á þessum tíma hafði

Verkfæranefnd á leigu geymslurúm í herskála, sem áfrýjandi átti á Baldurshaga. Hafði áfrýjandi einnig afnot af skálanum og lykla að honum, en Verkfæranefnd galt áfrýjanda leigugjald fyrir þann hluta skálans, sem hún hafði til afnota. Voru ofangreind tæki Vélasjóðs, þar á meðal fergjan, flutt í skálann, og annaðist áfrýjandi flutninginn fyrir nefndina.

Hinn 11. nóvember 1946 gerði Verkfæranefnd á fundi sínum samþykkt um að afhenda stefnda aftur til eignar umræddar vélar og verkfæri. Samþykkti stefndi þetta og tilkynnti nefndinni hinn 30. desember 1946, að hann hefði fært henni til tekna andvirði tækja þessara, og var oftnefnd fergja þar með talin. Er stefndi flutti tæki þessi burt úr herskálanum árið 1947, varð fergjan eftir. Kveður stefndi það hafa stafað af því, að ekki var unnt að lyfta henni á bíl með handafli.

Á árinu 1948 flutti áfrýjandi fergjuna burt úr herskálanum og í vélaverkstæði sitt á Digraneshálsi. Ekki tilkynnti hann þetta fyrirsvarsmönnum Vélasjóðs né stefnda og bauð ekki fram greiðslu. Leið svo fram á árið 1950, er stefndi hóf að gera gangskör að því að sækja fergjuna. Varð hann þess þá var, að hún hafði verið flutt burt úr herskálanum, og komst hann síðar að raun um, hvar hún var niður komin. Með því að áfrýjandi neitaði að afhenda fergjuna, krafðist stefndi þess hinn 17. marz 1951, að honum yrði afhent fergjan með innsetningargerð.

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, reisir kröfu sína á því, að hann hafi öðlazt eignarrétt að fergjunni með fyrrgreindri samþykkt Verkfæranefndar hinn 11. nóvember 1946 og haldið eignarréttinum óskertum síðan.

Áfrýjandi, Helgi Lárusson, telur hins vegar, að þegar Vélasjóður eignaðist fergjuna, hafi Verkfæranefnd verið bundin við fyrirheit Árna Eylands um sölu hennar til áfrýjanda. Þá telur hann og, að í flutningi fergjunnar í herskálann hafi falizt afhending til sín. Hafi hann með þessum atvikum orðið eigandi fergjunnar.

Eins og að framan hefur verið rakið, er það komið fram í málinu, að stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga,

flutti í öndverðu margnefnda fergju til landsins og að hún var þá í eigu hans. Hinn 11. febrúar 1946 afhenti stefndi Vélasjóði fergjuna til eignar og skuldaði sjóðinn eða Verkfæranefnd fyrir andvirðinu. Er því ljóst, að fergjan hefur verið í eign Vélasjóðs, þegar hún var flutt í herskálann í febrúarmánuði 1946. Sú fyrirætlun Árna Eylands, að Vélasjóður seldi áfrýjanda fergjuna, kom aldrei til framkvæmdar. Árni var farinn úr Verkfæranefnd og stjórn Vélasjóðs, áður en fergjan komst í eigu sjóðsins, og hvorki skýrði hann samnefndarmönnum sínum frá fyrirhugaðri sölu hennar til áfrýjanda né skildi eftir skýrslu eða gögn þar um. Verkfæranefnd og Vélasjóður eru opinberar stofnanir, og er sala véla eða verkfæra til einstaklinga ekki á verksviði þeirra, sbr. lög nr. 64/1940 og lög nr. 38/1943, er í gildi voru, þegar atvik máls þessa gerðust. Í Verkfæranefnd var sala á oftnefndri vél til áfrýjanda aldrei borin upp, rædd eða samþykkt, og varð nefndin því aldrei á nokkurn hátt bundin gagnvart áfrýjanda. Flutningur fergjunnar ásamt öðrum tækjum Vélasjóðs í geymslurúm það í herskálanum á Baldurshaga, sem Verkfæranefnd hafði á leigu, getur á engan hátt talizt afhending á fergjunni til áfrýjanda. Næst gerist svo það, að Verkfæranefnd afsalar stefnda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, eignarrétti að fergjunni með lögmætri fundarsamþykkt hinn 11. nóvember 1946. Var stefndi samkvæmt því eigandi fergjunnar, er áfrýjandi flutti hana í verkstæði sitt árið 1948, enda getur hvorki það atvik, að stefndi skildi fergjuna eftir í herskálanum árið 1947, né heldur flutningur fergjunnar úr herskálanum árið 1948, sem gerður var einhliða af áfrýjanda, breytt neinu um eignarréttinn. Og með því að ekki er komið fram, að eignarréttur að fergjunni hafi eftir það gengið úr höndum stefnda, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd innsetningargerðar svo og málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Lárusson, greiði stefnda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. júlí 1951.

Árið 1951, laugardaginn 14. júlí, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn úrskurður í framangreindu máli, sem tekið var til úrskurðar 6. júlí síðastliðinn.

Með beiðni, dags. 17. marz sl., fór gerðarbeiðandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga í Reykjavík, þess á leit að fá aðstoð fógeta til að taka „hydrauliska" pressu úr vörzlum gerðarþola, Helga Lárussonar, en pressa þessi er í vélaverkstæði hans (Sunnu h/f) á Digraneshálsi. Gerðarþoli bar fram mótmæli gegn framkvæmd gerðarinnar, en aðiljar lögðu síðan ágreining þennan undir úrskurð fógetaréttarins. Hvor aðili um sig hefur krafizt greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1945 og 1946 flutti Samband ísl. samvinnufélaga inn fyrir Verkfæranefnd ríkisins og Vélasjóð talsvert af vélum og áhöldum, sem virðist einkum hafa verið ætlað fyrirhuguðu verkstæði Vélasjóðs. Meðal annars kom til landsins með e/s Mooring Hitch 6. des. 1945 svokölluð „hydraulisk" pressa („70 tons Hydraulic Arbor Press", verksmiðjunúmer 97403) frá Dake Engineering Co. í Bandaríkjunum, og er þetta tækið, sem fógetaréttarmálið snýst um. Á farmskírteini skipsins til afgreiðslu Eimskipafélags Íslands var umrædd pressa send á nafn Sambands ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, og merkt S.Í.S., Reykjavík, No. 2. Er þetta gerðist, var formaður Verkfæranefndar ríkisins Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, en hann hafði með höndum alla framkvæmdarstjórn fyrir Vélasjóð, með því að þá var ekki neinn sérstakur framkvæmdarstjóri.

Hafði Árni pantað ýmsar vélar og verkfæri fyrir Vélasjóð til að nota í vélaverkstæði, sem ráðgert var að koma á laggirnar. Þá pantaði Árni og umrædda pressu og kveðst hafa gert það fyrir gerðarþola, Helga Lárusson, og ætlað honum pressuna.

Hins vegar bar Árni þetta ekki undir meðnefndarmenn sína í Verkfæranefnd né lét þá neitt um það vita og lét þess ekki heldur neins staðar við getið, svo að séð verði, í sambandi við pöntun þessa, enda tekur Árni fram í vitnaframburði í málinu, að þeir, sem stjórnuðu Verkfæranefnd, hafi ekki gert ráð fyrir umsvifameiri verkstæðisrekstri á vegum Vélasjóðs en svo, að þeir töldu ekki rétt

að festa peninga í það dýrum verkfærum, sem umrædd pressa var á þeim tíma, en kaupverð hennar reyndist kr. 4.342,00.

Um áramótin 1945—1946 lét Árni G. Eylands af störfum fyrir Verkfæranefnd og Vélasjóð, og kom nýr maður í hans stað í Verkfæranefnd, en frá 1. apríl var síðan ráðinn sérstakur framkvæmdarstjóri fyrir Vélasjóð.

Hinn 11. febrúar 1946 er gefinn út afgreiðsluseðill á umrædda pressu, og þá virðist hún hafa verið tekin á afgreiðslu Eimskips ásamt ýmsum áhöldum og vélahlutum tilheyrandi Verkfæranefnd ríkisins og það flutt í braggageymslu, sem bæði gerðarþoli og Verkfæranefnd eða Vélasjóður virðast hafa haft umráð yfir og afnot af.

Sá maður, sem kvittaði hjá afgreiðslu Eimskips fyrir móttöku pressunnar, var starfsmaður gerðarþola og hefur mætt sem vitni í máli þessu. Ekki mundi hann sérstaklega eftir þessu stykki, en taldi þó vafalaust, að hann hefði flutt pressuna ásamt fleiru af vélahlutum og áhöldum tilheyrandi Verkfæranefnd, sem hann hafði kvittað fyrir í sama skipti, enda hefði hann oft flutt vörur í geymslu Helga Lárussonar, sem vitnið taldi, að ýmist hafi verið eign Helga eða Verkfæranefndar, og vitninu var kunnugt um, að Verkfæranefnd hafði geymslupláss á leigu hjá Helga.

Hinn 11. nóv. 1946 var á fundi Verkfæranefndar ríkisins samþykkt að gefa eftir samkv. ósk S.Í.S. þær vélar og verkfæri, sem Verkfæranefnd hefði pantað í fullkomið vélaverkstæði. Síðan gefur S.Í.S. út „kreditnótu" fyrir vélum þessum, og er hún dagsett 30. des. sama ár. Meðal þeirra véla, sem upp eru taldar á nótu þessari, er umrædd „hydraulisk" pressa og tilfært sama verð og á afgreiðsluseðlinum, kr. 4.342,00, en alls er upphæðin fyrir vélar þessar kr. 6.379,50.

Skömmu síðar mun S.Í.S. hafa tekið þessa muni í vörzlur sínar, en þeir höfðu verið geymdir í bragga, sem er eign gerðarþola á Digraneshálsi. Hins vegar segir gerðarbeiðandi, að „hydrauliska" pressan hafi orðið eftir, vegna þess að henni hafi ekki orðið komið upp á vörupall á bíl öðruvísi en með sérstökum tækjum, vegna þess hve þung hún var.

Gerðarþoli eða fyrirtæki hans reisti nýtt vélaverkstæði á Digraneshálsi (Kópavogshálsi), og þegar húsasmíðinni var lokið árið 1948, var umdeild „hydraulisk" pressa flutt þangað og tekin til notkunar þar.

Ekki virðist S.Í.S eða Verkfæranefnd hafa haft neina vitneskju um þetta, og haustið 1950 var farið að grennslast eftir, hvar pressan væri niður komin, því að ætlunin mun hafa verið að setja hana þá upp á vélaverkstæði S.Í.S. Eftir nokkra eftirgrennslan komst gerðarbeiðandi að því, að gerðarþoli hafði tekið pressuna og neitaði nú að láta hana af hendi við S.Í.S., og sneri gerðarbeiðandi sér þá til fógeta um aðstoð.

Það skal tekið fram, að gerðarþoli hefur ekki enn greitt eða gert upp andvirði pressunnar, og þær leiguupphæðir, sem hann hefur

bent á í því skyni, geta ekki talizt fullnægjandi greiðslufram-boð, sízt á þeim tíma, sem greiðsla hefði átt að fara fram eftir venjulegum viðskiptareglum.

Fógetinn verður að líta svo á, að Árni G. Eylands hafi ekki hagað svo pöntun og innflutningi umræddrar pressu til handa gerðarþola, Helga Lárussyni, að það gæti skapað honum rétt til að taka pressuna sem sína eign, eins og hann gerði, og án þess að gera þá neinar ráðstafanir til greiðslu andvirðisins.

Ekki verður betur séð en flutningur pressunnar af afgreiðslunni og geymsla hennar í bragga, sem Vélasjóður hafði afnot af, hafi hvort tveggja farið fram á vegum Vélasjóðs og ekkert þar, sem bent gæti til, að eignaryfirfærsla eða afhending til eignar fyrir gerðarþola gæti legið í þeim ráðstöfunum.

Stjórn Verkfæranefndar hafði réttmæta ástæðu til að telja umrædda pressu eign Vélasjóðs, þar sem sami háttur var á hafður að öllu leyti um innflutning og greiðslu sem á öðrum vélainnflutningi til Vélasjóðs og nefndinni ókunnugt um, hvað Árni G. Eylands hafði ætlazt til í því efni.

Auk þess verður að álíta, að Árni G. Eylands hafi eigi getað sem formaður Verkfæranefndar gert þannig bindandi ráðstafanir á kostnað Vélasjóðs fyrir aðra, óviðkomandi rekstrinum, án þess að bera það undir meðnefndarmenn sína til samþykktar, einkum þegar upplýst er, að forráðamenn Vélasjóðs töldu ekki rétt að festa peninga í það dýrum verkfærum, sem umrædd pressa var á þeim tíma.

Það verður því að fallast á, að Verkfæranefnd ríkisins hafi réttilega talið umrædda pressu eign Vélasjóðs og því getað ráðstafað henni eins og nefndin gerði og gerðarbeiðandi þannig öðlazt lögmæta eignarheimild að pressu þessari.

Fyrir því ber að leyfa framgang gerðarinnar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda málskostnað með kr. 500,00.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Helgi Lárusson, greiði gerðarbeiðanda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1954.

Nr. 87/1952. **Sjómannafélag Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar** (Magnús Thorlacius)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipting bjarglauna milli skipverja á varðskipi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 68,18 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 32/1935 ber að skýra þannig, að við skiptingu björgunarlauna milli skipverja skuli einungis miða við fastar mánaðartekjur þeirra, en eigi óvissar og óreglulegar aukatekjur, enda bendir meðferð nefndra laga á Alþingi eigi til þess, að löggjafinn hafi viljað skipa þessu á annan veg. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjómannafélag Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar, greiði stefnda, Skipaútgerð ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað vegna Jóns Kristóferssonar fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 5. marz 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 468,18, auk 6% ársvaxta frá 20. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi stefnt eftirtöldum skipverjum varðskipsins Ægis til réttargæzlu: Eiríki Kristóferssyni skipherra, Magnúsi Björnssyni, Hjörleifi Ólafssyni og Gunnari Bergsteinssyni stýrimönnum, Júlíusi Ólafssyni, Sigurði Þorbjörnssyni, Kristni Ágústi Nathanaelssyni og Lárusi Magnússyni vélstjórum, Steingrími Matthíassyni loftskeytamanni og Elíasi Dagfinnssyni bryta.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 68,18, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 6,52 án vaxta. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Réttargæzlustefndu hafa stutt kröfur stefnda í málinu og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 20. ágúst 1950 bjargaði varðskipið Ægir skipinu Tass frá Haugasundi. Var stefnandi háseti á varðskipinu og tók þátt í björguninni. Stefndi samdi fyrir sína hönd og skipshafnar varðskipsins í samráði við skipstjóra þess um laun fyrir björgunina. Námu björgunarlaunin kr. 55.208,50, og bar skipshöfninni ¼ hluti af þeirri fjárhæð eða kr. 13.802,13. Með bréfi, dags. 17. nóv. 1950, tilkynnti stefndi skipstjóra varðskipsins, að hluti skipshafnar af björgunarlaununum væri í sínum vörzlum og væri til reiðu, hvenær sem fyrir lægi skiptagrundvöllur eða þegar umboðsmaður eða umboðsmenn allrar skipshafnarinnar krefðust greiðslu í heild. Er bréf þetta var ritað, mun hafa verið kominn upp ágreiningur milli yfirmanna varðskipsins og annarra skipverja um það, hvernig skipta bæri björgunarlaununum milli þeirra. Bréfi stefnda svaraði skipstjórinn hinn 20. nóv. 1950, og segir í svarbréfinu, að yfirmenn skipsins vilji ekki fallast á, að björgunarlaunum verði skipt á öðrum grundvelli en tíðkazt hafi síðustu ár, og telji þeir þau skipti gerð eftir gildandi lögum. Hafði, er ágreiningur þessi kom upp, tíðkazt athugasemdalaust frá því í desember 1945, að stefndi skipti hluta skipshafna varðskipanna í björgunarlaunum milli skipverjanna í hlutfalli við fast mánaðarkaup hvers um sig. Var mál þetta síðan höfðað til úrlausnar um ágreininginn.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 32/1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, skuli skipta hluta skipshafnar varðskips í björgunarlaunum milli

skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers um sig. Mánaðarkaup hans hafi verið kr. 1.521,00, er fyrrgreind björgun fór fram, en með mánaðartekjum beri að telja kaup fyrir eftirvinnu. Hafi kaup hans fyrir eftirvinnu numið kr. 365,00 á mánuði eða mánaðartekjur hans samtals kr. 1.886,00. Í réttu hlutfalli við mánaðartekjurnar hafi honum borið í sinn hlut kr. 468,18 af umræddum björgunarlaunum. Af þeirri fjárhæð hafi hann aðeins fengið kr. 400,00 greiddar, og standi því kr. 68,18 eftir.

Til stuðnings máli sínu hefur stefnandi haldið því fram, að orðið „mánaðartekjur" hafi verið notað í 8. gr. áðurgreindra laga í því skyni að ná til kaups fyrir eftirvinnu auk fasta mánaðarkaupsins, enda sé kaup fyrir eftirvinnu orðið fastur liður í kaupi skipverja á varðskipunum.

Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að með kjarasamningum hafi skipverjum varðskipanna verið tryggt frá 1. júlí 1951 kaup fyrir eftirvinnu tiltekins lágmarks-stundafjölda á mánuði.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Telur hann, að engin skylda hafi á honum hvílt til að annast skiptingu á björgunarhlut skipverja, enda sé hann ekki bær um það. Hann hafi engin afskipti haft af björgunarlaununum önnur en að semja um þau, veita þeim viðtöku og geyma hlut skipverja, þar til skiptagrundvöllur væri fenginn.

Með tilvísun til 233. gr. siglingalaganna verður ekki á það fallizt, að athuguðum greindum afskiptum stefnda, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að miða beri skiptingu bjarglauna skipverja varðskipanna við fast mánaðarkaup hvers einstaks þeirra, svo sem gert hafi verið átölulaust síðan í desembermánuði 1945. Mánaðarkaup stefnanda hafi verið kr. 1.521,00 og hlutur hans af björgunarlaununum í samræmi við það kr. 406,52. Eigi hann því inni kr. 6,52, en þar sem fjárhæð þessi hafi staðið stefnanda til boða, sé málssókn þessi tilefnislaus.

Stefndi hefur andmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að orðið „mánaðartekjur" hafi verið notað í 8. gr. nefndra laga frá 1935 í því skyni að ná til kaups fyrir eftirvinnu, og hefur stefnandi ekki gegn mótmælum hans sannað þessa staðhæfingu sína.

Í nefndu ákvæði segir, að hlutur skipshafnar varðskips í björgunarlaunum skiptist „milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra". Telja verður, að ákvæði þetta eigi í þessu sambandi einungis við fast mánaðarkaup og fastar mánaðarlegar aukatekjur, en ekki kaup fyrir eftirvinnu. Voru slíkar tekjur á þeim tíma, er ákvæðið var sett og björgunin fór fram, óvissar og allmjög undir tilviljun komnar. Mundi það því raska réttlátri skiptingu björgunarlaunanna milli skipverja, ef skipting launanna ætti einnig að miðast við þær. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6,52 án vaxta. En eftir öllum atvikum þykir rétt, að

málskostnaður falli niður, að því er alla aðilja málsins varðar.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Sjómannafélagi Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar, kr. 6,52 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. maí 1954.

Nr. 43/1954. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Roger Coulier (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins við dufl það, er sett var út við stefni togara ákærða 12. marz þ. á., og reyndist staðurinn vera um 2.2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Roger Coulier, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Roger Coulier, skipstjóra á belgíska togaranum Nadine Liliane Josette, O. 331, til heimilis í Ostende í Belgíu, með ákæruskjali, út gefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum, fyrir meint fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að kvöldi dags hinn 12. þ. m. austur af Ingólfshöfða um 2.0 sjómílur innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglugerðar, nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að hinn ákærði verði dæmdur til þess að sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, og enn fremur til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt heimildum sömu lagagreina. Enn fremur er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Roger Coulier, er fæddur 3/6 1923 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina:

Föstudaginn 12. marz 1954 var varðskipið Ægir á vesturleið við fiskveiðatakmarkalínuna 174° réttvísandi frá Tvískerjum, og sást þá skip grunsamlega nærri landi stb. megin, og var haldið í átt til þess á fullri ferð.

Kl. 19.52 var lýst á skipið með kastljósi, og sást þá, að skipið var að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Var þá skotið lausu skoti. Kl. 19.54 stanzar togarinn, og var varðskipið þá komið að honum. Var sett út dufl við stefni togarans, sem reyndist vera Nadine Liliane Josette, O. 331, en skipstjóri á honum er ákærði í máli þessu.

Ákærði var nú fluttur um borð í varðskipið og honum bent á, að hann væri að veiðum innan fiskveiðatakmarkanna. Bar hann þá á móti því. Skyggni var slæmt, og óskaði ákærði, að beðið væri birtingar, með því að ekki var hægt að sjá til lands nema með ratsjá.

Um morguninn eftir, 13. marz, kl. 06.40, var birt upp, og gerðu þá skipherra varðskipsins og stýrimaður þess eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

S.endi Ingólfshöfða
> 50° 38'
Hofsfjall
> 78° 30'
Fellsfjall

og var hornamæling þessi gerð samtímis með tveim sextöntum. Dýpið var 80 m, og reyndist staður þessi vera um 2.0 sjómílur innan fiskveiðatakmarkanna. Ákærði var nú sóttur um borð í togarann, og viðurkenndi hann, að staðurinn væri innan fiskveiðatakmarkanna, en kvaðst aldrei hafa séð land um daginn og ekkert haft að átta sig á nema dýpið. Var því næst settur vörður um borð í togarann og haldið til Vestmannaeyja. Um kvöldið var veður SA 3, sjór SA 3, súld, en um morguninn S 2—3, sjór S 4, skýjað.

Skipherra og I. stýrimaður varðskipsins hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Ákærði hafði ekkert að athuga við skýrslu skipherrans og viðurkenndi, að hann hefði verið að fiska á þeim stað, sem varðskipið kom að honum um kvöldið. Kveðst hann hafa séð, strax og birti um morguninn, að staðurinn var innan fiskveiðatakmarkanna. Lagði ákærði áherzlu á, að hann hefði ekki séð til lands daginn áður, og kvaðst mundu hafa flutt sig utar, ef hann hefði vitað, hve nærri landi hann var.

Með eigin játningu ákærða og skýrslum skipherra og I. stýrimanns á varðskipinu Ægi verður að telja sannað, að ákærði hafi að kvöldi dags 12. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Nadine Liliane Josette, O. 331, um 2.0 sjómílur innan fiskveiðatakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur hann með þessu framferði sínu gerzt brotlegur gegn 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsa honum samkv. 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt haffærisskírteini skipsins, sem sýnt var í dóminum, er brúttórúmlestastærð þess 141,39, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands í dag er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Nadine Liliane Josette skal upptækt gert og andvirði þess renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni skipstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Roger Coulier, greiði 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Nadine Liliane Josette, O. 331, skal upptækt gert, og renni andvirði þess í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. maí 1954.

Nr. 77/1953. **Jóhann Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Bárði Magnússyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ábúð jarða. Um skyldu til brottvikningar af jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1953. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara,* að hann verði sýknaður, ef hann vinnur eið að því, að hann hafi fengið loforð fyrir ábúð allrar jarðarinnar Steina II og III í Austur-Eyjafjallahreppi fyrir árslok 1933. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júlí 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Gerir hann þessar kröfur: *Aðalkrafa:* að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðaláfrýjanda dæmt skylt að víkja þegar í stað af allri jörðinni Steinum II og III. *Varakrafa:* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þannig að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að víkja þegar í stað af þeim hluta téðrar jarðar, er hann hefur fengið til ábúðar eftir 1. janúar 1934. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Aðaláfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því ber að dæma talsmanni hans hér fyrir dómi málflutningslaun úr ríkissjóði, er ákveðast kr. 1.200,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jóhann Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Bárði Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.200,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Bárður Magnússon bóndi, Berjaneskoti í Austur-Eyjafjallahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu að undan genginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 10. jan. 1951, gegn Jóhanni Guðmundssyni bónda, Steinum, Austur-Eyjafjallahreppi. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að viðurkennt verði með dómi bæjarþingsins, að stefnda sé skylt að víkja þegar í stað með allt sitt af jörð stefnanda, Steinum II og III í Austur-Eyjafjallahreppi, en *til vara,* að stefnda verði dæmt skylt að víkja þegar í stað með allt sitt af þeim hluta framan-

greindrar jarðar, Steina II og III, sem hann hafi fengið í hendur til ábúðar árið 1934. Enn fremur hefur stefnandi í báðum tilvikum krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu. *Til vara* hefur hann krafizt sýknu, ef hann vinni eið að því, að hann hafi verið búinn að fá alla framangreinda jörð til ábúðar árið 1933, en *til þrautavara*, að honum verði einungis dæmt skylt að víkja af þeim hluta jarðarinnar, sem hann hafi hafið ábúð á árið 1934 samkvæmt ábúðarsamningi, er hann hafi gert við þáverandi jarðareiganda árið 1933. Í öllum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í málinu er ágreiningur með málsaðiljum um það, á hversu miklum hluta fyrrgreindrar jarðar stefndi hafi hafið ábúð fyrir árið 1934. Krafðist stefnandi þess í upphafi í varakröfu sinni, er hann gerði undir rekstri málsins, að stefnda yrði dæmt skylt að víkja af tilteknum stærðarhluta jarðarinnar, er hann hefði fengið til ábúðar 1934. Er málið var munnlega flutt hinn 3. þ. m., var sakarefni að því leyti skipt að ósk umboðsmanna aðilja og samkvæmt heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936, að ef varakrafa stefnanda (og þrautavarakrafa stefnda) kæmi til álita, þá skyldi ekki dómur á það lagður að þessu sinni, af hve miklum hluta jarðarinnar stefnda bæri að víkja. Breytti stefnandi samkvæmt því varakröfu sinni í það horf, sem að framan greinir.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að stefndi hafi fengið nokkurn hluta fyrrgreindrar jarðar til ábúðar 1927. Taldi stefnandi í öndverðu, að það hefði verið ¼ hluti jarðarinnar allrar, en er aðiljar gáfu skýrslur um málsatvik fyrir dómi, kvað stefnandi þennan hluta kunna að hafa numið þriðjungi jarðarinnar allrar. Síðar hefur stefnandi þó talið, að hin upphaflega staðhæfing hans um þetta atriði sé rétt. Árið 1934 hafi þáverandi eigandi jarðarinnar, Björn Jónasson, sem nú er látinn, byggt stefnda aukinn hluta jarðarinnar. Taldi stefnandi í upphafi, að stefndi hefði þá fengið ábúð jarðarinnar allrar, en hefur síðar haldið því fram, eins og fyrr segir, að stefndi hafi þá aðeins fengið byggingu fyrir hluta jarðarinnar til viðbótar, en ábúðarhluti hans hafi verið aukinn smám saman, unz hann hafi árið 1943 verið búinn að fá alla þá ábúð, er hann nú hafi á jörðinni. Með bréfi, dags. 18. febr. 1938, hafi stefndi sagt ábúð sinni lausri frá fardögum 1939. Uppsögn þessa hafi stefndi afhent tengdasyni þáverandi jarðareiganda, Halldóri Vilhjálmssyni, er haft hafi umboð til allra ráðstafana með jörðina. Stefndi hafi þó aldrei flutzt af jörðinni, heldur fengið byggingu fyrir henni á ný. Árið 1948 keypti stefnandi jörðina, og er afsal til hans dagsett 22. des. það ár, en áður hafði stefndi lýst yfir því, að hann félli frá forkaupsrétti. Stefnandi skýrir svo frá, að áður en hann keypti jörðina, hafi stefndi lofað því, að hann mundi standa upp af jörðinni í fardögum 1949, ef stefnandi keypti hana. Það loforð hafi stefndi vanefnt. Með útbyggingarbréfi, dags. 17. des. 1949, byggði

stefnandi stefnda út af jörðinni frá fardögum 1950, en til vara með eins árs fyrirvara, að því er tók til þess hluta jarðarinnar, er stefnandi hefði fengið til ábúðar 1934. Útbyggingu þessa ítrekaði stefnandi með útbyggingarbréfi, dags. 4. maí 1950, og byggði þá stefnda jafnframt til þrautavara út af allri jörðinni frá fardögum 1951 með tilliti til þess, að öðrum kröfum hans kynni að verða hrundið.

Stefndi skýrir svo frá, að jarðarhluti sá, sem hann fékk til ábúðar 1927, hafi numið allt að helmingi eða að minnsta kosti rúmum þriðjungi jarðarinnar allrar. Haustið 1933 hafi orðið að samkomulagi, að hann fengi frá þeim tíma ábúð á allri jörðinni. Jafnframt hafi jarðarafgjaldið hækkað um helming. Ekki hafi hann þó hafið ábúð á þeim hluta jarðarinnar, sem hann hafi tekið á leigu haustið 1933, fyrr en vorið 1934, er fyrri ábúandi hafi flutzt brott.

Stefndi hefur neitað því, að hann hafi gefið stefnanda nokkurt loforð um að standa upp af jörðinni, ef stefnandi keypti hana. Hins vegar kveðst hann hafa svarað fyrirspurn stefnanda þar að lútandi á þann veg, að hann mundi að sjálfsögðu víkja af jörðinni, ef honum yrði talið það skylt að lögum.

Frá því að stefndi hóf ábúð á jörðinni 1927, hefur aldrei verið gert neitt byggingarbréf um ábúð hans.

Aðalkröfu sína reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að stefnda beri að víkja af jörðinni samkvæmt loforði því, sem hann hafi gefið um það, áður en stefnandi keypti jörðina.

Eins og að framan greinir, ber málsaðiljum allmjög á milli um það, sem þeim fór á milli, áður en stefnandi keypti jörðina. Er ekkert komið fram í málinu um það atriði annað en staðhæfingar aðilja sjálfra. Er því ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi skuldbundið sig til að standa upp af jörðinni, ef úr því yrði, að stefnandi keypti hana.

Í öðru lagi er aðalkrafa stefnanda reist á því, að þar sem stefndi hafi 1938 sagt lausri jörðinni frá fardögum næsta árs, hafi hinni fyrri ábúð hans lokið í fardögum 1939. Eftir það hafi stofnazt nýr leigumáli um ábúð stefnda, enda þótt ekki væri gert um það byggingarbréf. Eftir þetta hafi því ábúðarlög nr. 87/1933 samkvæmt 54. gr. þeirra laga gilt óskorað um alla ábúð stefnda, þar á meðal ábúð hans á þeim jarðarhluta, er hann hafi fengið til ábúðar 1927. Lúti ábúð stefnda því nú að öllu leyti ákvæðum laga nr. 8/1951 samkvæmt 55. gr. þeirra laga. Af ákvæðum 9. gr. l. nr. 8/1951 leiði, að stefnanda sé heimilt að taka jörðina úr ábúð stefnda, þar sem hann þurfi að taka hana til eigin afnota, enda sé hann nú sjálfur leiguliði.

Stefndi, sem hefur, eins og fyrr segir, haldið því fram, að hann hafi verið búinn að fá jörðina alla til ábúðar árið 1933, hefur talið, að tildrög þess, að hann hafi sagt upp ábúðinni 1938, hafi verið þau, að Halldór Vilhjálmsson, tengdasonur þáverandi jarðareiganda, hafi óskað eftir því, þar sem fyrirhugað væri að selja jörðina. Kveðst stefndi hafa fallizt á það, enda hafi Halldór bent sér á, að það væri

hættulaust, þar sem hann ætti forkaupsrétt að jörðinni. Ósannað sé, að uppsögn þessi hafi nokkru sinni komizt til vitundar þáverandi jarðareiganda. Þar sem ekkert hafi orðið úr sölu jarðarinnar, hafi hann búið á henni áfram með óbreyttum skilmálum og án þess að neinn nýr leigusamningur væri gerður. Hafi því hin fyrri ábúð hans aldrei rofnað. Gildi því enn um ábúð hans þeir leigumálar, sem gerðir hafi verið í upphafi. Þeir leigumálar lúti óskoraðá ábúðarlögum nr. 1/1884, en samkvæmt þeim lögum skuli ábúð vera ævilöng, nema annað sé tekið fram í byggingarbréfi.

Halldór Vilhjálmsson hefur borið fyrir dómi, að sama daginn eða næsta dag, áður en stefndi sagði upp ábúðinni, hafi hann fengið munnlegt umboð tengdaföður síns til allra ráðstafana með jörðina. Kveðst Halldór strax hafa skýrt honum frá uppsögn stefnda. Hinn 9. júní 1939 fékk Halldór skriflegt umboð tengdaföður síns til allra ráðstafana um byggingu og ábúð jarðarinnar. Skýrir Halldór svo frá, að er sýnt hafi verið orðið þá um sumarið, að ekkert yrði af sölu jarðarinnar, hafi hann gert stefnda orð um að finna sig, og hafi ætlunin verið að láta hann hafa byggingarbréf fyrir jörðinni. Stefndi hafi þó ekki sinnt því og ekkert orðið úr þessari fyrirætlan.

Samkvæmt 2. gr. ábúðarlaga nr. 1/1884 skal jörð talin byggð ævilangt, nema skýrt sé tekið fram í byggingarbréfi um lengd ábúðartíma eða landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Í 54. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, er öðluðust gildi 1. jan. 1934, sagði, að ákvæði þeirra laga kæmu til framkvæmda, jafnskjótt og leiguliðaskipti yrðu á jörð eða nýtt byggingarbréf væri gefið út eða framlengt. Þau lög hafa nú verið numin úr gildi með ábúðarlögum nr. 8/1951, en samkvæmt 55. gr. þeirra laga gilda lög nr. 1/1884 enn um jarðir, sem hafa verið í óslitinni ábúð síðan fyrir gildistöku laga nr. 87/1933, unz leiguliðaskipti verða eða nýtt byggingarbréf gefið út eða framlengt. Stefndi hefur aldrei fengið neitt byggingarbréf fyrir leigujörð sinni. Tók því ákvæði 54. greinar laga nr. 87/1933 um framlengingu byggingarbréfs ekki beinlínis til þess, er stefndi hélt áfram ábúð sinni, eftir að hann hafði sagt henni upp árið 1938. Uppsögn stefnda á ábúðinni virðist hafa verið gerð til þess, að greiðara yrði um sölu jarðarinnar. Hann fluttist aldrei af jörðinni, en hélt ábúð sinni áfram athugasemdalaust og með óbreyttum kjörum, er sýnt var, að ekki yrði úr sölunni. Þegar þetta er virt, þykir ekki unnt að líta svo á, að vegna fyrrgreindrar uppsagnar hafi ábúð stefnda rofnað þannig í framkvæmd, að nýr leigumáli hafi stofnazt frá fardögum 1939. Þar sem ágreiningslaust er, að stefndi hafi fengið hluta jarðarinnar til ábúðar þegar árið 1927 og að um ábúð hans að þessum hluta hafi því í öndverðu gilt ákvæði laga nr. 1/1884, og þar sem stefnandi hefur samkvæmt framansögðu enn fremur ekki sannað, að þau atvik hafi gerzt, sem valdi því, að um þessa ábúð fari nú eftir lögum nr. 8/1951, þá verður ekki fallizt á það með stefnanda, að ákvæði 2. mgr. 9. gr. síðastnefndra laga

heimili honum að taka alla jörðina úr lífstíðarábúð stefnda, þar eð ákvæði sambærilegt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 8/1951 er ekki í lögum nr. 1/1884. Verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli.

Í þriðja lagi hefur stefnandi rökstutt aðalkröfu sína með því, að enda þótt talið yrði, að lög nr. 1/1884 gildi um ábúð stefnda á þeim hluta jarðarinnar, sem hann hafi fengið til ábúðar 1927, og að stefnandi gæti því ekki reist heimild sína til að segja stefnda upp ábúðinni á þeim hluta jarðarinnar á nefndu ákvæði 9. gr. laga nr. 8/1951, þá hafi stefndi þó fyrirgert leigurétti sínum á þessum hluta jarðarinnar með leigu landsnytja, en það varði útbyggingu eftir 13. gr. laga nr. 1/1884.

Stefndi hefur neitað, að hann hafi leigt landsnytjar af jörðinni að öðru leyti en því, að hann hafi leigt slægjur í 3 eða 4 sumur, og muni heyfengurinn hafa numið 10—15 hestburðum hvert sumar. Hins vegar hafi þetta verið áður en stefnandi eignaðist jörðina.

Stefnandi hefur ekki sannað, að stefndi hafi selt landsnytjar á leigu umfram það, sem hann hefur viðurkennt samkvæmt framansögðu. Stefnandi var þá ekki orðinn eigandi jarðarinnar, og verður hann þegar af þeirri ástæðu ekki talinn geta reist rétt sér til handa til útbyggingar stefnda af jörðinni á hinni óverulegu slægjuleigu.

Varakrafa stefnanda er reist á því, að frá því að stefndi hafi fengið byggingu fyrir ¼ hluta jarðarinnar 1927, hafi ábúð hans ekki verið aukin fyrr en 1934. Um allan þann hluta jarðarinnar, er stefndi hafi fengið til ábúðar eftir 1. janúar 1934, fari nú eftir lögum nr. 8/1951, og sé stefnanda því heimilt samkvæmt 9. gr. síðastnefndra laga, eins og fyrr segir, að byggja honum út af þeim hluta jarðarinnar. Sérstaklega hefur stefnandi andmælt, að nokkur samningur hafi verið gerður við stefnda um aukningu jarðnæðisins árið 1933, og haldið fram, að jafnvel þótt svo væri, færi um þá ábúð eftir lögum nr. 87/1933, þar eð ekki hafi verið gert byggingarbréf um ábúðina og stefndi hafi ekki byrjað ábúð á þeim jarðarhluta fyrr en vorið 1934.

Stefndi hefur haldið því fram, að þar sem hann haustið 1933 eða fyrir gildistöku laga nr. 87/1933 hafi samið við þáverandi jarðareiganda um ábúð á allri jörðinni, fari um ábúð hans á jörðinni allri eftir ákvæðum laga nr. 1/1884. Geti stefnandi því ekki byggt neinn rétt sér til handa til að segja stefnda upp lífstíðarábúð sinni á neinum hluta jarðnæðisins á ákvæði 9. gr. laga nr. 8/1951, þar eð þau lög gildi alls ekki um ábúðina. Hefur stefndi í því sambandi sérstaklega talið, að af ákvæðum 54. gr. laga nr. 87/1933 og nú 55. gr. laga nr. 8/1951 leiði, að nægilegt sé, að leiguliði hafi fyrir 1. jan. 1934 annaðhvort tekið við leigujörð sinni eða gert samning um ábúðina, enda þótt um hana hafi ekki verið gert byggingarbréf, til þess að lög nr. 1/1884 gildi óskorað um ábúð hans.

Ekki er komið annað fram í málinu um, að bygging stefnda hafi haustið 1933 verið aukin frá því, sem verið hafði samkvæmt leigu-

mála hans frá 1927, heldur en staðhæfing stefnda sjálfs. Stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi ekki tekið við hinu aukna jarðnæði fyrr en í fardögum vorið 1934, að fráfarandi leiguliði fluttist burt. Af ákvæðum 54. gr. laga nr. 87/1933 og nú 55. gr. laga nr. 8/1951 leiðir, að lög nr. 1/1884 gilda ekki um annað jarðnæði en það, sem leiguliði hefur fengið gefið út byggingarbréf fyrir, áður en lög nr. 87/1933 tóku gildi, og ekki hefur verið framlengt síðar, eða ef byggingarbréf hefur ekki verið gert, þá tekið við jarðnæðinu fyrir 1. jan. 1934. Er ekki efni til að lögjafna frá ákvæðum nefndra lagagreina um útgáfu byggingarbréfs til þess tilviks, að munnlegur ábúðarsamningur sé gerður, heldur ber, ef byggingarbréf er ekki gert, að miða við, hvenær leiguliðaskipti hafi orðið í framkvæmd. Eins og rakið er að framan um aðalkröfu stefnanda, heimilar 9. gr. laga nr. 8/1951 stefnanda ekki að segja stefnda upp jarðnæði því, sem hann fékk á leigu 1927, þar eð ábúð stefnda á því er ævilöng samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1884 og ekki er í nefndum lögum, sem gilda um ábúð stefnda á þessum hluta jarðarinnar, ákvæði sambærilegt ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 8/1951. Á öðrum hlutum Steina II og III hóf stefndi ekki ábúð fyrr en eftir gildistöku laga nr. 87/1933. Er stefnda því skylt samkvæmt ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 8/1951 að víkja af þeim hluta jarðarinnar, þar eð stefnandi þarfnast hennar sjálfur til ábúðar og stefnda hefur löglega verið sagt upp ábúðinni. Verður varakrafa stefnanda því tekin til greina.

Úrslit þessa þáttar málsins verða því þau, að stefnda beri að víkja þegar í stað af þeim hluta Steina II og III, sem hann hefur samkvæmt framansögðu fengið til ábúðar eftir 1. jan. 1934. Þá ber og að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Jóhanni Guðmundssyni, er skylt að víkja þegar í stað með allt sitt af þeim hluta jarðarinnar Steina II og III í Austur-Eyjafjallahreppi, sem hann hefur fengið til ábúðar eftir 1. janúar 1934.

Stefndi greiði stefnanda, Bárði Magnússyni, kr. 1.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1954.

Nr. 195/1952. **Eigendur v/b Njáls, R.E. 99**
(Theodór B. Líndal)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dráttaraðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Krefjast þeir þess, að dæmd laun fyrir dráttaraðstoð þá, er í málinu greinir, verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar, að hvor málsaðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 50.000,00 eða aðra lægri fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 20. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um þóknun fyrir aðstoð og vexti, og greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, eigendur v/b Njáls, R.E. 99, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 12.000,00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1950 til greiðsludags og kr. 3.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Faxaborgar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 21. júní 1950, gegn Sigurjóni Þórðarsyni, hér í bæ, f. h. eigenda m/b Njáls, R.E. 99, og vátryggjanda skipsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 50.000,00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá sjálfstæðum kröfum á hendur vátryggjanda, og jafnframt féll vátryggjandi frá kröfu sinni í greinargerð um málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefndi, Sigurjón, hefur vegna eigenda m/b Njáls krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar fyrir aðstoð. Þá hefur hann krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 11. nóvember 1948 var m/b Njáll, R.E. 99, á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Var báturinn að koma úr flutningaferð frá Vestmannaeyjum, en ekki er upplýst, að hann hafi verið með flutning, sem nokkru næmi, í umrætt skipti. Kl. 9.00 var báturinn staddur um 3 sjómílur út af Höfnum. Stöðvaðist þá vél hans, og við athugun kom í ljós, að gangráður (regulator) hennar hafði bilað. Sýnt þótti, að viðgerð mundi taka langan tíma, jafnvel þótt unnt kynni að vera að framkvæma hana, en um það kveðst skipstjóri bátsins ekki geta sagt. Ákvað hann því að biðja um hjálp til þess að draga bátinn til hafnar. Kl. 9.40 hafði hann samband við skipstjóra v/s Faxaborgar, er stödd var í Garðsjónum, og bað um aðstoð. Var Faxaborg þegar siglt á vettvang. Kom hún að bátnum kl. 12.00. Var hann þá staddur 4½ sjómílu vestur af Stafnesi og rak fyrir vindi og sjó til hafs. Veður var ASA 5 og sjór S 4. Þegar komið var að bátnum, var dráttarsambandi komið á milli skipanna með kastlínu, og voru vírar og „grastóg", er Faxaborg lagði til, notað sem dráttartaug. Faxaborg dró síðan bátinn til Reykjavíkur og skilaði honum þar að bryggju kl. 18.30. Dráttur inn til Reykjavíkur gekk sæmilega, og ekki verður séð, að dráttartaugin hafi skemmzt umfram það, er leiðir af venjulegu sliti.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér hafi verið um björgun að ræða. Bátinn hafi rekið vélarvana til hafs fyrir vindi og sjó, þegar hjálpin barst honum, og hafi hann því ótvírætt verið staddur í neyð.

Stefndi reisir hins vegar kröfur sínar á því, að hjálp sú, sem Faxaborg veitti bátnum í umrætt skipti, hafi verið aðstoð, en ekki björgun. Mótmælir hann því, að báturinn hafi verið staddur í neyð. Vindur hafi staðið af landi, og ekki hafi verið hætta á því, að bátinn ræki í strand. Þá hafi báturinn haft fullkominn seglaútbúnað, og með honum hefði verið hægt að sigla bátnum til öruggrar hafnar,

ef því hefði verið að skipta, en til þess úrræðis hafi ekki verið gripið, þar eð slíkt hefði tekið lengri tíma en dráttur til lands.

Í málinu kemur fram, að m/b Njáll er gamalt seglskip. Báturinn hafði í umrætt skipti lögskipaðan seglabúnað (stórsegl, fokku og aftursegl), og hefur skipstjóri bátsins borið fyrir dómi, að seglaútbúnaðurinn hafi verið í lagi, og látið uppi það álit sitt, að unnt hefði verið að sigla bátnum til öruggrar hafnar.

Í málinu liggja fyrir vottorð Veðurstofunnar í Reykjavík, veður í Reykjavík, við Reykjanesvita og á Keflavíkurflugvelli dagana 11. til 14. nóvember 1948 að báðum dögum meðtöldum.

Það er álit hinna siglingafróðu manna í dóminum, að í því veðri, sem hélzt næstu dægur, eftir að vél bátsins bilaði, hefði með þeim seglaútbúnaði, sem báturinn hafði, verið unnt að sigla honum til hafnar af eigin rammleik. Var hér því um aðstoð, en ekki björgun að ræða.

Aðiljar eru sammála um það, að verðmæti bátsins með tilheyrandi hafi numið kr. 200.000,00. Þá liggur fyrir vottorð skrifstofustjóra Skipaútgerðar ríkisins þess efnis, að rekstrarkostnaður v/s Faxaborgar hafi numið kr. 2.320,00 á hvern starfsdag hennar árið 1948 og dráttartaugar hennar hafi verið 3.000 króna virði. Þegar þessi atriði, tími sá, er hjálpin tók, svo og það, hvernig hún tókst, er virt, þykir þóknun til stefnanda fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 12.000,00. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1.500,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurjón Þórðarson f. h. eigenda m/b Njáls, R.E. 99, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar v/s Faxaborgar, kr. 12.000,00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1950 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1954.

Nr. 49/1954. **Geir Zoëga** (Theodór B. Líndal)
gegn
Árna Jónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1954, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, útburður dæmdur á hendur gerðarþola og honum gert að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar á hendur áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Starfsemi stefnda og hinu leigða húsnæði er þannig háttað, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur á húsnæðinu er nægilegur. Aðiljar hafa ekki um fardaga samið, og þykir því rétt að telja þá 14. maí og 1. október, enda styðst það við gamlar venjur og viðskiptahætti, sem ekki verður séð, að úreltir séu. Áfrýjandi sagði húsnæðinu að vísu upp til rýmingar 31. desember 1953, en stefndi segir, að af hendi áfrýjanda hafi bráðlega eftir síðustu áramót verið ámálgað við sig að rýma húsnæðið. Þessi krafa svo og önnur framkoma af hendi áfrýjanda bæði utan dóms og fyrir dómi hlaut að gera stefnda það ljóst, að áfrýjandi hélt fast við uppsögn húsnæðisins til rýmingar svo skjótt sem verða mætti. Hafði stefndi því fengið nægilega ákveðna uppsögn og nægilega langan uppsagnarfrest til brottvikningar hinn 14. maí 1954, og þar sem sá fardagur er liðinn, ber að taka hina umbeðnu útburðarbeiðni til greina og leggja fyrir fógetann að framkvæma útburð á hendur stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. apríl 1954.

Gerðarbeiðandi, Geir Zoëga, Öldugötu 14, hefur krafizt þess *aðallega*, að gerðarþoli, Árni Jónsson, verði með útburðargerð sviptur afnotum húsnæðis, sem hann hefur haft til afnota í húsinu nr. 6 við Vesturgötu. *Til vara* hefur hann krafizt þess, að útburður verði framkvæmdur á gerðarþola hinn 14. maí nk. Þá hefur gerðarbeiðandi enn fremur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt útburðarkröfum gerðarbeiðanda og krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér málskostnað.

Málið var lagt undir úrskurð fógeta að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 6. þ. m.

Undanfarin allmörg ár hefur gerðarþoli, Árni Jónsson, Nesvegi 72, haft á leigu húsnæði á 1. hæð hússins nr. 6 við Vesturgötu. Skriflegur leigusamningur liggur ekki fyrir.

Með bréfi, dags. 18. september 1953, segir gerðarbeiðandi gerðarþola upp afnotum húsnæðis þessa frá og með 31. desember 1953. Hefur gerðarþoli viðurkennt móttöku þess bréfs.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. febrúar sl. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr ofangreindu leiguhúsnæði, þar eð hann hafi ekki rýmt það þrátt fyrir löglega uppsögn frá og með 31. des. 1953.

Gerðarþoli telur uppsögn gerðarbeiðanda ógilda, þar eð hún miðist ekki við reglulega flutningsdaga, 14. maí eða 1. október.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur hinn 24. febrúar sl. Hinn 26. s. m. var málið síðan hafið skv. ósk umboðsmanns gerðarbeiðanda, en endurupptekið skv. tilmælum hans og með samþykki umboðsmanns gerðarþola hinn 29. marz sl. Af hálfu gerðarþola hafa engar varnir verið uppi hafðar á því byggðar, að gerðarbeiðandi hafi firrt sig rétti vegna hafningar málsins til þess að halda rekstri þess áfram.

Sonur gerðarbeiðanda, Geir Zoëga yngri, sem rekið hefur mál þetta af hálfu föður síns, hefur skýrt svo frá, að þá er komið var fram yfir sl. áramót og ekkert fararsnið sjáanlegt á gerðarþola, hafi verið ítrekað við hann að rýma, svo sem uppsögnin hafði til tekið. Gerðarþoli hafi þá svarað því til, að hann hefði ekkert annað húsnæði í að fara að svo stöddu, en væri að leitast við að afla sér þess. Hafi þetta nú verið látið viðgangast fram eftir janúarmánuði, en er aftur var rætt við gerðarþola um þetta atriði síðari hluta sama mánaðar,

hafi gerðarþoli farið að impra á því, að uppsagnarfrestur ætti að vera 6 mánuðir, en annars hafi ekki verið á gerðarþola að skilja, að hann ætlaði að byggja rétt á því atriði.

Í tilefni af því, að gerðarþoli sendi gerðarbeiðanda leigu fyrir janúar sl. í póstávísun, en áður hafði leigumóttöku verið synjað, ritar gerðarbeiðandi gerðarþola bréf, dags. 6. febrúar sl. Segir þar, að póstgreiðslu þessarar verði ekki vitjað. Er enn fremur ítrekað við gerðarþola, að leigusamningur hans hafi runnið út skv. óvefengdri uppsögn hinn 31. des. 1953 og þegar hinn 1. janúar 1954 hafi öðrum aðilja verið leigt húsnæðið, sjá rskj. nr. 3. Sem svar við þessu bréfi hafi gerðarþoli tekið fram í bréfi til gerðarbeiðanda, dags. 13. febr. sl., en póstlögðu hinn 16. s. m., að hann teldi uppsögnina ekki miðaða við réttan flutningsdag og því ekki bindandi fyrir sig.

Nú heldur gerðarbeiðandi því fram, að venjur þær, sem gilda um uppsagnir íbúðarhúsnæðis, að því er til flutningsdaga tekur, gildi ekki um atvinnuhúsnæði sem þetta, enda megi ætla, að gerðarþoli hafi lengi vel verið á sama máli um það atriði, og sé athugandi, að hann beri ekki fram mótmæli í þessa átt fyrr en með bréfi, dags. 13. febrúar sl. Að öðru leyti er á það bent, að gerðarþoli hafi nú hafzt við í hinu umdeilda húsnæði fulla 6 mánuði frá uppsagnardegi og geti ekki lengur borið fyrir sig þá varnarástæðu, að uppsagnarfrestur hafi verið of skammur.

Þá er tekið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að honum hafi ekki verið kunnugt um þá mótbáru gerðarþola, að hann teldi uppsögnina ekki miðaða við réttan flutningsdag, fyrr en svo var komið, að ekki var hægt að segja honum upp á venjulegan hátt með nægum fyrirvara miðað við 14. maí nk., og telur gerðarbeiðandi, að sú háttsemi gerðarþola að láta ekki fyrrgreinda mótbáru í ljós fyrr en hinn 16. febrúar sl. þrátt fyrir marggefin tilefni eigi ekki á neinn veg að koma honum að haldi sem varnarástæða. Annars lítur gerðarbeiðandi svo á, að bréf það, er hann ritaði gerðarþola hinn 6. febrúar sl., megi fullvel teljast gild uppsögn miðað við 14. maí nk. Byggist varakrafa gerðarbeiðanda á þessum atriðum.

Gerðarþoli hefur ekki mótmælt því, að sér hafi borizt uppsögnin í hendur með þriggja mánaða fyrirvara, en eins og áður segir, telur hann uppsögnina ógilda gagnvart sér, þar eð hún sé ekki miðuð við venjulega flutningsdaga, 14. maí eða 1. október. Hann mótmælir og varakröfu gerðarbeiðanda og heldur því fram, að uppsögnin geti ekki orðið gild frá og með 14. maí nk., þar eð hún teljist ógild, miðað við þann dag, sem hún einu sinni var miðuð við.

Telja verður, að ef ekki hefur verið um annað samið, séu hinir almennu flutningsdagar, einnig að því er til atvinnuhúsnæðis tekur, dagarnir 14. maí og 1. október ár hvert. Uppsögn sú, er hér liggur fyrir, miðast ekki við þessa daga, og verður því ekki hjá því komizt að telja hana ógilda skv. hljóðan sinni, enda hafa aðiljar ekki samið

um aðra flutningsdaga, og ekki virðist heldur næg ástæða til þess að telja gerðarþola hafa borið fram mótmæli á þessu atriði byggð of seint fram. Þannig verður að hafna aðalkröfu gerðarbeiðanda.

Það er augljóst, að gerðarbeiðanda var í lófa lagið að segja gerðarþola upp til vara með löglegum fyrirvara, miðað við 14. maí nk. Þetta hefur gerðarbeiðandi þó ekki gert, og verður ekki fallizt á þá skoðun hans, að gerðarþoli hafi haft ástæðu til að taka bréf hans á rskj. 3 á þann veg, að í því fælist uppsögn frá og með 14. maí. Varakrafa gerðarbeiðanda kemur og ekki fram fyrr en í greinargerð hans, dags. 30. marz sl. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að uppsögn sú, sem fyrir liggur, telst ógild gagnvart gerðarþola, verður að hafna varakröfu gerðarbeiðanda.

Þannig verður synjað um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 500,00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1954.

Nr. 53/1953. **Póst- og símamálastjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bókaforlaginu Hlaðbúð (Ragnar Jónsson).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal hæstaréttarlögmaður.

Burðargjald af riti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1953. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ósannað er, að nokkrir áskrifendur hafi verið að því riti stefnda, er í málinu getur, er hann kom með það til póstflutnings, og er því ekki fullnægt skilyrðinu samkvæmt upphafsákvæði h-liðar 1. gr. póstlaganna. Að svo vöxnu máli var áfrýjanda óskylt að annast póstflutning á nefndu riti með þeim kjörum, er stefndi krefst. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, póst- og símamálastjórnin, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bókaforlagsins Hlaðbúðar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hrl. f. h. Hlaðbúðar, Laugavegi 8 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. janúar 1952, gegn Guðmundi Hlíðdal f. h. póst- og símamálastjórnarinnar.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt skylt að innrita ritið Bókafregn Hlaðbúðar sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna, nr. 31 frá 1940. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða oftekið burðargjald, að fjárhæð kr. 2.765,90, með 6% ársvöxtum frá 14. janúar 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi skýrir svo frá atvikum, að á undanförnum árum hafi bókaútgáfufyrirtækið Hlaðbúð gefið út rit, sem nefnt hafi verið Bókafregn Hlaðbúðar. Í upphafi hafi verið gefin út 8 tölublöð, en útgáfutími verið óreglulegur. Um vorið 1951 hafi verið ákveðið að koma útgáfu rits þessa í fast form og gefa það út einu sinni á ári. Skyldi ritið kosta eina krónu. Hinn 29. maí 1951 ritaði stefnandi stefnda bréf og fór þess þar á leit, að rit þetta yrði tekið til póstflutnings sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna og að burðargjald yrði reiknað samkvæmt þeim taxta, sem gilti um blöð og tímarit.

Bréfi þessu fylgdi eintak af ritinu. Bréfi þessu var ekki svarað af stefnda. Þessa umsókn sína ítrekaði stefnandi enn með bréfi, en skriflegt svar barst ekki. Stefnandi kveðst þá hafa átt símtöl um þessi mál við einn starfsmann stefnda, er hafi talið, að umsókn þessari mundi verða synjað. Í októbermánuði 1951 virðist stefnandi hafa sent rit þetta út og greiddi þá burðargjald, reiknað samkvæmt taxta þeim, sem gilti um venjulegt prentað mál. Hinn 22. nóvember ritaði stefnandi enn bréf til stefnda. Óskaði hann þá enn svars við umsókn sinni og spurðist fyrir um, hvort stefndi vildi endurgreiða það fé, er hann taldi sig hafa ofgreitt í burðargjald. Skriflegt svar stefnda barst loks hinn 28. des. s. á. Var umsókn stefnanda þar synjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að rit það, sem hann kallar Bókafregn Hlaðbúðar, sé tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna. Hefur hann í því sambandi bent á, að ritið eigi að koma út einu sinni á ári, en það hafi ekki komið út á árinu 1952 vegna deilu þessarar um burðargjald, sem um ræðir í máli þessu. Ætlanin sé, að það komi út framvegis, ef það fáist viðurkennt sem tímarit. Með vísan til þessa telur stefnandi, að reikna beri burðargjald fyrir póstflutning rits þessa samkvæmt þeim reglum, sem gildi um burðargjöld fyrir blöð og tímarit. Stefnandi kveðst hafa orðið að greiða póstburðargjöld fyrir þau eintök ritsins, sem hann sendi á árinu 1951, eftir þeim reglum, sem gildi um almennt prentað mál. Hann hafi þannig orðið að greiða samtals kr. 3.104,90. Hefði burðargjaldið hins vegar verið reiknað samkvæmt reglum þeim, sem gilda um innrituð tímarit, bæri honum að greiða kr. 339,00. Hann hafi þannig ofgreitt kr. 2.765,90, sem stefnda beri að endurgreiða. Stefnandi hefur bent á, að á árinu 1951 hafi sams konar rit frá keppinaut hans verið tekið til flutnings af stefnda og greitt fyrir það burðargjald sem fyrir venjulegt tímarit.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að rit það, er hér um ræðir, sé hvorki blað né tímarit í merkingu póstlaganna. Rit þetta sé aðeins einhliða auglýsing fyrirtækis á vöru þeirri, sem það hafi á boðstólum. Ritið hafi verið sent mönnum án pöntunar og ekki ætlazt til greiðslu fyrir það. Um áskrifendur hafi ekki verið að ræða. Þegar af þessari ástæðu komi ekki til mála að reikna burðargjaldið fyrir rit þetta eftir þeim reglum, sem gilda um blöð og tímarit. Fyrir mistök hafi að vísu eitt slíkt rit verið tekið sem tímarit og burðargjöld reiknuð samkvæmt því. Þar hafi verið um hrein mistök að ræða, sem ekki geti skapað stefnanda neinn rétt í þessu sambandi. Þá hefur stefndi bent á, að rit stefnanda verði að teljast verzlunarprent, en í alþjóðapóstsamningnum, sem Ísland er aðili að, sé einmitt tekið fram, að ekki skuli veita afslátt frá venjulegu burðargjaldi, þegar um slík rit sé að ræða, hversu reglulega sem þau komi út.

Í 3. tl. 36. gr. alþjóðapóstsamningsins frá 1947, sem fullgiltur var af Íslands hálfu samkvæmt auglýsingu nr. 65 frá 1948, er svo

ákveðið, að póststjórnum einstakra landa sé heimilt að gefa afslátt frá venjulegu burðargjaldi, ef um sé að ræða blöð og tímarit; þó er verzlunarprent þar undanskilið. Ákvæði samnings þessa gilda um viðskipti við önnur lönd, en ekki verður séð, að Ísland hafi notfært sér heimild þessa. Fram er komið, að stefnandi sendi 200 eintök af riti sínu til útlanda og galt fyrir það kr. 122,40 í burðargjöld. Því er ómótmælt, að gjald þetta sé rétt reiknað samkvæmt reglum þeim, sem gilda um burðargjöld fyrir venjulegt prentað mál, og verður því ekki séð, að stefnandi geti krafizt lækkunar á því gjaldi.

Í 1. gr. póstlaganna, nr. 31 frá 1940, ræðir um, hvað póststjórnin taki að sér til flutnings. Í h-lið 1. gr. segir, að hún taki til flutnings blöð og tímarit, sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skuli teljast sérhvert það rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það eigi að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og ekki vega yfir 500 gr hvert fyrir sig. Þá segir í 1. gr., að póststjórnin setji með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að sendingar séu teknar til flutnings. Í 13. gr. laganna er ákveðið, að ráðherra sá, sem fer með póstmál, ákveði með gjaldskrá burðargjöld fyrir póstsendingar. Í 23. gr. reglugerðar nr. 13 frá 1925 eru nánari reglur um flutning blaða og tímarita, og er þar meðal annars gert ráð fyrir, að blöð og tímarit, sem tekin eru til póstflutnings, séu sérstaklega skrásett af póststjórninni gegn gjaldi. Á þeim tíma, sem rit þetta var sent út, gilti gjaldskrá nr. 43 frá 1950. Í gjaldskrá þessari segir, að burðargjald fyrir blöð og tímarit innan lands sé kr. 1,00 fyrir 500 gr. Þá segir, að allt skuli vegið í einu, sem látið er í póstinn í einu. Innritunargjald er ákveðið kr. 20,00, er greiðist í fyrsta sinn, sem blað er innritað, og síðan í byrjun hvers árs. Þegar meta skal, hvað skuli teljast blöð og tímarit samkvæmt gjaldskrá þessari, þá þykir ekki verða við annað miðað en ákvæði h-liðar 1. gr. póstlaganna, og þegar þessi ákvæði eru virt, er ljóst, að þar er átt við sérhvert tímarit, sem menn eru áskrifendur að og fullnægir að öðru leyti skilyrðum greinarinnar, en hins vegar verður ekki séð, að efni þess skipti nokkru máli.

Í fyrrgreindu riti er tekið fram, að það kosti kr. 1,00, og ekki verður annað séð en ætlazt sé til, að menn gerist áskrifendur að því, enda hefur það ekki verið vefengt. Með hliðsjón af þessu og þar sem rit þetta uppfyllir að öðru leyti þau önnur skilyrði, sem um ræðir í lagaákvæði þessu, þá verður að telja rit þetta tímarit í merkingu h-liðar 1. gr. póstlaganna. Samkvæmt þessu bar póststjórninni að taka rit stefnanda til flutnings gegn burðargjaldi, sem reiknað var eftir reglum þeim, sem giltu um blöð og tímarit á gjaldskrá fyrir póstburðargjöld, nr. 43 frá 1950. Á stefnandi því rétt á að fá endurgreitt það fé, sem hann hefur ofgreitt af þessum sökum.

Því er ómótmælt, að stefnandi hafi falið stefnda flutning 5435 eintaka rits þessa innan lands og að hvert eintak hafi verið 10,5 gr að þyngd. Heildarþungi alls hins senda virðist því hafa verið 57067,5

gr. Samkvæmt reglum þeim, sem giltu um póstburðargjöld fyrir blöð og tímarit, bar stefnanda að greiða alls kr. 115,00 fyrir póstflutning þennan. Þá bar honum að greiða kr. 20,00 í innritunargjald. Samkvæmt þessu bar stefnanda að greiða alls kr. 135,00 fyrir póstflutning ritsins innan lands og kr. 122,40 fyrir póstflutning þess til annarra landa. Viðurkennt er, að stefnandi hafi hins vegar greitt alls kr. 3.104,90 fyrir flutning þennan. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi hefur aðeins krafizt endurgreiðslu á kr. 2.765,90, verður sú krafa hans tekin til greina að öllu leyti og stefnda gert að endurgreiða það fé með vöxtum, svo sem krafizt er.

Að því er varðar þá kröfu stefnanda, að stefndi verði skyldaður til að innrita rit þetta sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna, þá er krafan þess eðlis, að hún verður ekki tekin til greina. Auk þess er ekki rætt um neina slíka innritun í greindu lagaákvæði. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 550,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Hlíðdal f. h. póst- og símamálastjórnarinnar, greiði stefnanda, Ragnari Jónssyni f. h. Hlaðbúðar, kr. 2.765,90 með 6% ársvöxtum frá 14. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 550,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1954.

Nr. 134/1953. **Anna Guðmundsdóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn
Óskari Níelssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi hér fyrir dómi, sem var stefnandi málsins í héraði, gerði kröfu um það, að áfrýjanda yrði dæmt að viðlögðum dagsektum að gera kaupsamning við hann um tiltekna fasteign, án þess að beina málinu gegn aðilja, sem fengið hafði

afsal fyrir eigninni úr höndum áfrýjanda. Vegna þessa galla á málatilbúnaði verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samkvæmt kröfu hans málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, er ákveðst samtals kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Óskar Níelsson, greiði áfrýjanda, Önnu Guðmundsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. júlí 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 21. júlí, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 7. júlí sl.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi með stefnu, út gefinni 11. maí sl. af Óskari Níelssyni í Engey gegn Önnu Guðmundsdóttur, Bakkakoti á Seltjarnarnesi, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmd að viðlögðum dagsektum að gera kaupsamning við stefnanda um húseignina Bakkakot á Seltjarnarnesi ásamt eignarlóð, er henni tilheyrir, að flatarmáli 400 ferfaðmar (ca. 1416 m^2), og öllu múr- og naglföstu, sem húseigninni fylgir og fylgja ber, fyrir kaupverð að fjárhæð kr. 65.000,00, og greiði stefnandi kr. 20.000,00 fyrsta október nk., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 25.000,00, gefi stefnandi út skuldabréf, er greiðist á 3 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sé tryggt með 1. veðrétti í ofannefndri fasteign. Gerir stefnandinn einnig þær kröfur, að stefndu verði gert að gefa út afsal 1. október nk. fyrir greindri húseign. Þá gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði sl. kom maður að nafni Ólafur Guðmundsson til stefnandans, Óskars Níelssonar, út í Engey og skýrði honum frá, að Anna Guðmundsdóttir, Bakkakoti, stefnda í máli þessu, vildi selja

eignina Bakkakot. Eftir að hafa leitað frekar fyrir sér um þetta kveðst stefnandinn hafa farið heim að Bakkakoti um mánaðamótin marz/apríl og þó heldur fyrir mánaðamótin til að ræða við stefndu um kaupin. Vildi hún þá selja eignina á kr. 65.000,00, en stefnandinn vildi borga kr. 60.000,00, svo að ekki gekk saman um kaupin í þetta skipti. Nokkrum dögum síðar hringdi Sigurður Jónsson hreppstjóri til stefnandans fyrir stefndu og spurðist fyrir um, hvort hann hefði enn hug á kaupunum. Stefnandinn fór svo aftur rétt eftir mánaðamótin marz/apríl heim að Bakkakoti, og telur hann, að þá hafi kaupin verið ákveðin milli hans og stefndu, enda hefði hann gengið inn á að greiða fyrir eignina 65 þús. kr., þannig, að hann borgaði kr. 20.000,00 við undirskrift kaupsamningsins, sömu upphæð 1. okt. nk. gegn afsali fyrir eigninni, en fyrir eftirstöðvunum hefði kaupandi átt að gefa skuldabréf með 1. veðrétti í eigninni, og skyldi það greiðast upp á þrem árum með jöfnum afborgunum. Var þá ákveðið, að Sigurður Jónsson útbyggi kaupsamning þessa efnis. Hinn 14. apríl sl. kom stefnandi heim til Sigurðar hreppstjóra til að undirskrifa kaupsamninginn, en Sigurður hafði þá ekki gengið frá kaupsamningnum, enda segist Sigurður þá hafa fengið upp hjá Óskari ofangreinda skilmála, sem kaupsamningurinn skyldi byggður á. Þá veitti Sigurður einnig móttöku greiðslu frá stefnandanum, kr. 20.000,00, til bráðabirgðageymslu vegna kaupa á Bakkakoti.

Hinn 1. maí sl. var kaupsamningurinn tilbúinn, og kveðst stefnandinn þá hafa farið heim til stefndu í því skyni að ganga frá undirskriftum, en þá kvaðst hún vera búin að selja Hinrik B. Sveinssyni, syni sínum, eignina og hafði undirritað afsal til hans 28. apríl sl., og var kaupverð þar tilgreint kr. 65.000,00. Varð þá ekki frekar úr samningum milli stefnandans og stefndu.

Það er sannað í máli þessu með samhljóða framburði vitna og öðrum gögnum, að stefnda hefur verið ákveðin að selja Bakkakotseignina á 65 þús. kr. Stefnandinn hafði því snúið sér til hennar og viljað kaupa og samþykkt að greiða þetta verð fyrir eignina.

Það virðist hafa náðst samkomulag um aðra skilmála, því að stefnda gerir af sinni hálfu allar ráðstafanir til, að gengið yrði frá kaupsamningi, svo sem fá samþykki erfingja, sem áttu forkaupsrétt að kaupunum, þar á meðal samþykki Hinriks, sonar síns, svo og fela manni, sem hún þekkti, að semja kaupsamninginn og útvega veðbókarvottorð.

Kaupandi hefur og af sinni hálfu búið sig undir að standa við kaupsamninginn með því að leggja fram fyrstu greiðslu, sem fram átti að fara við undirskrift hans.

Að öllu þessu athuguðu og öðru, sem fram hefur komið í málinu, verður að telja nægilega upplýst, að stefnda, Anna Guðmundsdóttir, hafi gefið stefnandanum, Óskari Níelssyni, bindandi loforð um kaup á Bakkakoti fyrir 65 þús. kr. með þeim skilmálum öðrum, sem framlagt uppkast að kaupsamningi ber með sér og rakið var hér að

framan, enda hefur ekki í málflutningnum verið gerður neinn ágreiningur af hálfu stefndu út af skilmálunum sérstaklega. Því ber að taka kröfu stefnandans til greina.

Þá ber og að gera stefndu að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 650,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Anna Guðmundsdóttir, skal innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu að viðlögðum 50 króna dagsektum undirrita kaupsamning við stefnandann, Óskar Níelsson, um húseignina Bakkakot á Seltjarnarnesi ásamt tilheyrandi eignarlóð, ca. 1416 ferm, með öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, fyrir kaupverð að upphæð kr. 65.000,00, og greiði stefnandinn kr. 20.000,00 hinn 1. okt. nk., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 25.000,00, gefi stefnandinn út skuldabréf, er greiðist á þrem árum með jöfnum árlegum afborgunum og sé tryggt með 1. veðrétti í áðurnefndri eign, og enn fremur ber stefndu að gefa út afsal 1. október nk. fyrir eign þessari.

Þá greiði stefnda stefnanda málskostnað með kr. 650,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1954.

Nr. 112/1953. **Tunnuverksmiðjur ríkisins**
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Birni Magnússyni (Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1953. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn, hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 24. nóvember 1953 áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 190.000,00, en *til vara* lægri fjárhæð, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febrúar 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi aðilja hafa í Hæstarétti verið lögð fram ýmis ný gögn, þ. á m. skoðunargerð dómkvaddra manna um sögunarvél þá, sem í málinu greinir, og reikningar tryggingarfræðings um fjárhagstjón gagnáfrýjanda ásamt greinargerð um bætur af almannatryggingum, sem hann hefur fengið greiddar og á í vændum lögum samkvæmt. Þá hafa dómendur Hæstaréttar skoðað sögunarvélina.

Fallast má á það álit héraðsdómenda, að umbúnaður sögunarvélarinnar hafi verið óhæfilegur og að gagnáfrýjandi á hinn bóginn hafi ekki gætt fullrar varúðar, er hann smurði vélina. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um ábyrgð á tjóni því, sem af slysinu hlauzt.

Þegar litið er til almannatryggingabóta gagnáfrýjanda og með hliðsjón af greindri sakarskiptingu þykja bætur honum til handa úr hendi aðaláfrýjanda fyrir orkutjón alls hæfilega metnar kr. 128.000,00. Þjáningabætur gagnáfrýjanda ákveðast kr. 25.000,00, og á aðaláfrýjandi að greiða þar af kr. 20.000,00. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 148.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 12.500,00. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.400,00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda þar af kr. 10.000,00, en ríkissjóður kr. 2.400,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Tunnuverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Birni Magnússyni, kr. 148.000,00 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 12.500,00.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.400,00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 10.000,00, en ríkissjóður kr. 2.400,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. maí 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., hefur stefnandi, Björn Magnússon verkamaður, Aðalstræti 4, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. febr. 1952, á hendur stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, Siglufirði, þeim Jóni Þórðarsyni, Erlendi Þorsteinssyni, Ólafi Jónssyni, Birni Kristjánssyni og Birni Jóhannessyni, svo og framkvæmdarstjóra verksmiðjanna, Jóni Stefánssyni, Siglufirði, öllum fyrir hönd verksmiðjanna, og gerir þær kröfur, að stefndu verði dæmdar til að greiða bætur fyrir síðargreint slys, kr. 190.000,00, auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 12. marz 1948 slasaðist stefnandi við vinnu sína, er hann var að smyrja reim á sögunarvél í tunnuverksmiðju ríkisins á Akureyri, þannig, að hægri handleggur hans sagaðist því nær af rétt framan við olnboga ölnar megin og síðan á ská niður á við og yfir um til sveifarinnar. Ölnarbeinið sagaðist í sundur á ská, ölnartaugin og miðtaugin skárust sundur, enn fremur ölnarslagæð og bláæð og allir vöðvar ölnar megin á handleggnum, bæði að framan og aftan. Sagað var inn í sveifina rétt framan við sveifarkollinn, sem genginn var úr liði og stóð út í sárið. Hékk handleggurinn einungis á nokkurri húðbrún og vöðvum. Handleggurinn var græddur við með löngum tíma og þjáningarmiklum aðgerðum, eins og síðar verður nánar frá greint, en höndin og framhandleggurinn eru stefnanda gersamlega ónýt og máttlaus og engin hreyfing í neinum fingri nema ofur lítið í þumalfingri. Stefnandi var alger öryrki, frá því slysið varð til júníloka 1949, að áliti Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis. Frá 1. júlí 1949 og þar til hann fær gervihandlegg eða tekizt hefur að gera við handlegginn, metur sami læknir örorku stefnanda 75 af hundraði. Guðmundur Karl Pétursson yfirlæknir telur stefnanda hins vegar algeran öryrkja frá slysdegi til 16. sept. 1949, en eftir það metur hann varanlega örorku hans 75—80 af hundraði.

Stefnandi telur, að á stefndu hvíli skylda til að bæta allt tjón, er hann hefur orðið fyrir af völdum þessa slyss. Hann telur sig ekki eiga neina sök á því sjálfan og sé hann ekki með neinum hætti meðvaldur að því. Hann telur, að öryggisútbúnaður til varnar snertingu á reimum vélarinnar hafi verið ófullnægjandi, svo að hætta

hafi stafað af reimunum fyrir þann, sem smurði þær. Öryggishlíf, sem vera átti yfir hnífum vélarinnar og sög, hafði verið brott numin að tilhlutun þeirra, sem verkum stjórnuðu í verksmiðjunni, en stefnandi telur óvíst, að slysið hefði orðið, ef nefnd hlíf hefði verið á sínum stað, eða a. m. k. hefði slysið þá orðið smávægilegt.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Bætur fyrir líkamsmeiðsli og orkumissi ..... kr. 160.000,00
2. Bætur fyrir þjáningar og annan miska ..... — 30.000,00

Samtals kr. 190.000,00

Stefndu byggðu sýknukröfu sína á því, að upp hafi komið við réttarrannsókn út af slysinu, að orsök þess hafi verið óaðgæzla stefnanda sjálfs, er hann var að fást við hjólreimar sögunarvélarinnar. Hann hafi sem stjórnandi vélarinnar átt að sjá um, að öryggishlífar væru á henni, jafnvel þótt þær hefðu litlu máli skipt um slys þetta, eins og það bar að höndum. Af þessum sökum er því mótmælt af hendi stefndu, að þær beri bótaábyrgð á slysinu.

Þegar slysið vildi til, var stefnandi við bakhlið vélarinnar að smyrja hjólreim, sem var slök. Að baki vélarinnar í nálægt 40 sm hæð er driföxull, sem á eru hjól með reimum, sem lykja um önnur hjól eða ása, sem snúa öxlum þeim, sem hnífarnir og sögin eru á, og skífu þeirri, sem tunnubotnarnir hvíla á, en í vél þessari voru botnarnir sagaðir. Smurning reimanna fór fram með þeim hætti, að stefnandi stóð innan við driföxulinn, milli hans og sjálfrar vélarinnar, til hliðar við reimarnar, hélt á reimvaxi í vinstri hendi og lét það liggja við reimina, sem snerist fyrir vélarafli. Hægri hendi studdi hann ofan á vélina, en ekki er upplýst nákvæmlega, með hverjum hætti það hefur verið, en hnífar og sög eru á vélinni ofanverðri til hægri handar, þegar staðið er að baki hennar eins og stefnandi stóð. Venjulegt var að nota fljótandi vax sem áburð á reimarnar, og voru þær þá smurðar án þess, að vélin væri í gangi, en þeim var þá snúið með handafli. Um þetta leyti var slíkt vax ekki til, og var þá notað vax í föstu formi, en ekki var unnt að smyrja með því, nema vélin væri í gangi. Snúningshraði ássins, sem hnífarnir og sögin eru á, er talinn um 2—3 þús. snúningar á mínútu. Á vélinni eru a. m. k. 4 hjólreimar, allar óvarðar og hlífarlausar. Þegar smurðar eru reimar þær, sem snúa ásum þeim, sem hnífarnir og sögin eru á, verður sá, sem smyr, að beygja sig allmikið áfram til þess að ná til þeirra. Þegar slysið varð, var stefnandi að smyrja aðra hvora þessa reim, og snart hann þá óvart með fæti (hægri fæti að sögn hans) reim, er hann stóð við og snerist með fullum hraða eins og aðrar reimar vélarinnar. Við snertingu þessa kipptist hann til eða einhver hreyfing kom á hann og þá einnig hægri handlegg hans. Náðu þá hnífarnir í jakkaermi hans, tættu hana í sundur og drógu handlegg hans að söginni með þeim afleiðingum, sem fyrr var frá skýrt.

Yfir hnífum vélarinnar og sög átti að vera járnhlíf, þeim megin, sem fram sneri, og hafði vélaeftirlitsmaður ríkisins fyrirskipað að setja upp hlíf þessa. Hún var aðallega til varnar því, að hnífabrot, kvistir og rusl köstuðust í þá, sem unnu við vélina eða komu í námunda við hana. Hlífin þótti vera til tafar, þegar saga þurfti bætta tunnubotna, og var hún því numin brott að tilhlutun verkstjóranna og ekki notuð nema endrum og sinnum. Þegar slysið varð, var hlíf þessi ekki á vélinni. Stefnandi kveðst hafa verið vanur, er hann smurði reimar, að styðja hægri hendi ofan á hlífina, þegar hún var á sínum stað. Eins og fyrr var getið, telur hann, að óvíst sé, að slys hefði orðið, ef hún hefði verið á sínum stað, a. m. k. hefði hann þá ekki hlotið nema smávægileg meiðsli, og sögin hefði þá ekki náð að limlesta hann. Verkstjóri stefnanda, Ágúst Ásgrímsson, heldur því hins vegar fram, að engin líkindi séu til þess, að hlíf þessi hefði komið í veg fyrir slysið. Þess ber þó að gæta um vætti þessa vitnis, að hann réð því, að hlífin var ekki notuð að staðaldri þrátt fyrir fyrirmæli vélaeftirlitsmannsins. Vélaeftirlitsmaðurinn, Vilhjálmur Jónsson, telur erfitt að fullyrða, hvort hlífin hefði varnað slysinu. Þórður Runólfsson, forstöðumaður vélaeftirlits ríkisins, telur ekki líklegt, að hlífin hefði dregið úr slysinu, þó að hún hefði verið á vélinni. Hins vegar telur hann, að ætla megi, að ef búið hefði verið að koma upp reimhlífum, sem starfsmaður hans hafði fyrirskipað, en ekki höfðu verið settar upp, hefðu þær átt að geta hindrað stefnanda í að komast það nærri reimunum, að þær hefðu að slást í fætur hans.

Að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum, sem ásamt dómsformanni hafa skoðað vél þá, sem um ræðir í máli þessu, hefur umbúnaður um hnífa hennar og sög verið óhæfilegur, en tiltölulega auðvelt hefði verið að koma fyrir stórum betri umbúnaði til varnar slysahættu. Á sama hátt telja þeir óhæfilegt, að ekki voru neinar hlífar um reimar vélarinnar og þær algerlega óvarðar, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, á hvern hátt smurning reimanna þurfti að fara fram.

Um vinnuöryggi við vélar giltu á þessum tíma lög nr. 24/1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og reglugerð um sama efni, nr. 10/1929. Í 11. gr. laganna segir, að girðingar og hlífar skuli settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta véla, er mönnum stafar hætta af að nálgast. Í 12. gr. laganna segir, að þar sem smyrja þarf, hreinsa og líta eftir vél, á meðan hún starfar, skuli svo um búið, að það verði gert án hættu. Um þetta eru nánari ákvæði í 16. og 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. 39. gr. Þessara ákvæða hefur engan veginn verið gætt nægilega um vél þá, er hér ræðir um. Hlýtur allt þetta að leiða til þess, að stefndu beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann hlaut og mál þetta ræðir um.

Stefnandi kveðst hafa kvartað undan því, jafnvel tvívegis, við verkstjórann, er öryggishlífin var ekki á sínum stað. Verkstjórinn

kveðst ekki muna eftir kvörtunum þessum, og er ekki annað upplýst þar um. Ekki er því haldið fram af stefnanda, að hann hafi kvartað um, að ekki væri öryggisútbúnaður á reimum. Þegar virt eru þau vinnuskilyrði, sem þarna voru fyrir hendi, var ríkt ástæða til þess fyrir stefnanda að viðhafa fyllstu varúð við starfið. Sýnt þykir, að nokkuð hafi brostið á það, og þykir, eins og á stendur, hæfilegt, að af þeim sökum beri stefnandi einn fimmta hluta tjónsins sjálfur.

Stefnandi var 44 ára, er slysið varð. Hann stundaði landbúnaðarstörf og verkamannavinnu jöfnum höndum. Samkvæmt vottorði Skattstofu Akureyrar hafa nettótekjur allmargra verkamanna árin 1948—1952 numið frá ca. 20 þús. kr. á ári og allt að 38 þús. krónum. Stefnandi fékk greiddar slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 9.500,00, árið 1948, og örorkulífeyri hefur hann fengið frá og með árinu 1949 og barnalífeyri, en börn hans eru 5. Greiðslur þessar hafa numið samanlagt árin 1949, 1950 og 1951 kr. 51.737,80. Atvinnutekjur stefnanda eftir slysið hafa verið svo að segja engar. Að áliti læknanna Guðmundar Karls Péturssonar og Snorra Hallgrímssonar er engin von til þess, að höndin verði til nokkurs nýt nema til þess að styðja með henni. Með hliðsjón af aldri stefnanda, orkutapi, atvinnutekjum hans fyrir og eftir slysið og örorkulífeyri, sem hann hefur notið frá Tryggingastofnun ríkisins og nýtur væntanlega framvegis, og öðrum atriðum, er máli skipta, þykir kröfu stefnanda um bætur fyrir orkumissi, kr. 160.000,00, í hóf stillt, og verður sú upphæð lögð til grundvallar við ákvörðun bóta úr hendi stefndu.

Um bætur fyrir þjáningar og miska verður þetta sagt: Stefnandi dvaldist fyrst í Sjúkrahúsi Akureyrar frá 12. marz til 19. apríl 1948. Erfiðlega gekk að græða handlegginn. Ölnarbeinið greri ekki saman, og myndaðist þar falskur liður. Reynt var að lagfæra þetta, og dvaldist stefnandi aftur í sama sjúkrahúsi af þeim sökum frá 15. febr. til 1. marz 1949. Sú tilraun bar þó ekki árangur. Enn dvaldist hann í Landspítalanum 20. febr. til 10. marz 1951, og var þá reynt með skurðaðgerð að gera við brotið á ölnarbeininu. Sú aðgerð bar þann árangur, að sársauki og óþægindi, sem stefnandi hafði haft að staðaldri í falska liðnum, minnkaði. Hins vegar hefur hann enn þrautir í handleggnum, sem oft halda fyrir honum vöku, og kuldi sækir á höndina. Höndin er krækla, engin hreyfing í fjórum fingrum, sem eru réttir í efsta hnúalið, en krepptir í mið- og fremstu hnúaliðum. Þegar þetta er virt, þykja bætur fyrir þjáningar og miska hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda hafa numið alls kr. 180.000,00, og ber stefndu að bæta það að fjórum fimmtu hlutum með kr. 144.000,00, sem dæma ber þær til að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá 27. febr. 1952 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Ásgeir Valdimarsson verkfræðingur og Guðmund-

ur Gunnarsson byggingarmeistari. Dómsuppsögn hefur dregizt um venju fram vegna veikinda dómsformanns og annars meðdómandans.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins og framkvæmdarstjóri f. h. verksmiðjanna, greiði stefnanda, Birni Magnússyni, kr. 144.000,00 auk 5% ársvaxta frá 27. febr. 1952 til greiðsludags og kr. 12.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1954.

Kærumálið nr. 11/1954.

Kristján Gíslason og Gróa Sigurbjörnsdóttir
(Áki Jakobsson hdl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs
(Guðm. Vignir Jósefsson hdl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Héraðsdómar ómerktir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hina kærðu úrskurði.

Með kæru, dags. 23. marz þ. á., sem hingað barst 29. s. m., hefur sóknaraðili Kristján Gíslason, Réttarholtsvegi 28, skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. marz 1954, þar sem úrskurðað er niðurrif á „húsi hans" við Réttarholtsveg.

Þá hefur sóknaraðili Gróa Sigurbjörnsdóttir, Réttarholtsvegi 28, með kæru, dags. 26. marz 1954, sem hingað barst 29. s. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 25. marz 1954, þar sem kveðið er á um niðurrif húss hennar við Réttarholtsveg.

Ráðamenn Reykjavíkurbæjar hugðust höfða mál þetta á hendur sóknaraðiljum til niðurrifs á húsi því, nr. 28 við Réttarholtsveg, sem þau búa í og er þinglesin eign sóknaraðilja Gróu. En byggingarfulltrúi Reykjavíkur hefur af misgáningi talið í kröfuskjali sínu, dags. 22. janúar 1954, húsið vera á lóðunum nr. 47 og 49 við Háagerði, og hið ranga einkenni hússins er notað í hinum kærðu úrskurðum. Mál þetta hefur fyrir sakadómi sætt meðferð samkvæmt réttarfarsákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 og er kært til Hæstaréttar samkvæmt 6. gr. nefndra laga. En þessi meðferð var óheimil, þar sem málið er eitt þeirra mála, sem getur í 11. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og réttarfarsákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 eru því afnumin, sbr. og næstsíðustu mgr. 202. gr. laga nr. 27/1951. Átti málið þannig að sæta meðferð síðastnefndra laga. Af þessum ástæðum verður að ómerkja hina kærðu úrskurði og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar lögum samkvæmt.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, verður ekki dómur lagður á málskostnað.

Það athugast, að rannsókn málsins fyrir sakadómi var áfátt.

Dómsorð:

Hinir kærðu úrskurðir eiga að vera ómerkir, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Ég tel, að Reykjavíkurbæ hafi verið rétt að leita úrskurðar sakadómara um niðurrif húss þess, sem í málinu greinir, samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Réttarfarsákvæði nefndra lagagreina verða ekki talin fara í bága við hin almennu ákvæði um svipað efni í 11. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og geta því haldizt við hlið þeirra sem sérákvæði. Ef hinum tiltölulega nýju ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 var ekki ætlað að gilda áfram

eftir setningu laga nr. 27/1951, hefði verið brýn ástæða til að fella þau úr gildi berum orðum ásamt öðrum lagafyrirmælum, sem talin eru í 202. gr. síðarnefndra laga. Samkvæmt þessu voru og úrskurðir sakadómara réttilega kærðir til Hæstaréttar eftir 6. gr. laga nr. 61/1944.

Reykjavíkurbæ bar sem sóknaraðilja í héraði að gera skýrar og glöggar kröfur og láta þeim fylgja nauðsynleg gögn, en hvoru tveggja var mjög ábótavant. Þá skortir og mjög á, að rannsókn málsins af hálfu héraðsdómara hafi verið nógu ýtarleg. Vegna þessara galla tel ég rétt að ómerkja hina kærðu úrskurði svo og meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja að greiða sóknaraðiljum samkvæmt kröfu þeirra málskostnað í héraði og kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.200,00 til hvors þeirra.

Dómsorð mitt verður þannig:

Hinir kærðu úrskurðir og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Reykjavíkurbær, greiði sóknaraðiljum, Kristjáni Gíslasyni og Gróu Sigurbjörnsdóttur, málskostnað í héraði og kærumálskostnað, kr. 1.200,00 til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1954.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., kærði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómara, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta stendur á lóðunum Háagerði 47 og 49 hér í bæ, við Réttarholtsveg. Þar eð hús þetta hindrar byggingarframkvæmdir á þessum lóðum, m. a. holræsagerð, krafðist byggingarfulltrúi þess, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs.

Eigandi húss þessa er Kristján verkamaður Gíslason. Á hann heima í húsinu.

Við rannsókn málsins upplýstist, að Kristján hafði keypt húsið árið 1946. Húsið, sem er hlaðið úr steinum, var þá komið að hruni. Kristján hófst þegar handa með lagfæringu á húsinu og fluttist í það haustið 1946 og hefur búið þar síðan. Ekki fékk hann leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta húsið, enda ekki sótt um það. Kaupverð hússins var kr. 3.000,00. Stærð þess er á að gizka 100 fermetrar. Það er kjallaralaust, en með risi.

Kristján hefur innréttað aðeins eitt herbergi í risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús.

Það er upplýst í málinu, að Kristján hefur ekki haft leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta umrætt hús, en ekki má hefja neinar slíkar framkvæmdir, nema fyrir liggi byggingarleyfi, sbr. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar.

Þegar af þessari ástæðu og þar sem engin þau atvik eru fyrir hendi, er leitt hefðu til betri réttar Kristjáns, ber samkvæmt 38. gr. byggingarsamþykktarinnar að taka framkomna kröfu til greina og ákveða, að hús Kristjáns Gíslasonar við Réttarholtsveg skuli rifið niður á kostnað hans.

Ályktarorð:

Hús Kristjáns Gíslasonar við Réttarholtsveg hér í bæ skal rifið niður á kostnað eiganda.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. marz 1954.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., kærði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómara, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta stendur á lóðunum Háagerði 47 og 49 hér í bæ, við Réttarholtsveg. Þar eð hús þetta hindrar byggingarframkvæmdir á þessum lóðum, m. a. holræsagerð, krafðist byggingarfulltrúi þess, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs. Skráður eigandi hússins er Gróa Sigurbjörnsdóttir, er býr þar með Kristjáni Gíslasyni verkamanni.

Við rannsókn málsins upplýstist, að Gróa hafði keypt húsið 1946. Húsið, sem er hlaðið úr steinum, var þá komið að hruni.

Hófst Kristján þegar handa með lagfæringu á húsinu og fluttist í það haustið 1946, og hafa þau Gróa búið þar síðan. Ekki var fengið leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta húsið, enda ekki sótt um það. Kaupverð hússins var kr. 3.000,00. Stærð þess er á að gizka 100 fermetrar. Það er kjallaralaust, en með risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús. Í risi hefur verið innréttað eitt herbergi. Það er upplýst í málinu, að Kristján og Gróa hafa ekki haft leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta umrætt hús, en ekki má hefja neinar slíkar framkvæmdir, nema fyrir liggi byggingarleyfi, sbr. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar.

Þegar af þessari ástæðu og þar sem engin þau atvik eru fyrir hendi, er leitt hefðu til betri réttar eiganda hússins, ber samkvæmt 38. gr. byggingarsamþykktarinnar að taka framkomna kröfu til greina og ákveða, að hús Gróu Sigurbjörnsdóttur við Réttarholtsveg skuli rifið niður á kostnað eiganda.

Ályktarorð:

Hús Gróu Sigurbjörnsdóttur við Réttarholtsveg hér í bæ skal rifið niður á kostnað eiganda.

Miðvikudaginn 9. júní 1954.

Nr. 114/1953. **Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur** (Jónas Thoroddsen hdl.)
gegn
Lárusi Hermannssyni
(Jóhannes Elíasson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Byggingarsamvinnufélög. Réttur félagsmanna til íbúðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1953. Krefst hann þess, að dæmt verði, að stefndi hafi glatað rétti til kjallaraíbúðarinnar að Melhaga 18 í Reykjavík og áfrýjanda sé heimilt að taka nefnda íbúð til ráðstöfunar eftir þeim reglum, er lög og samþykktir áfrýjanda áskilja. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 29. des. f. á., gegn Lárusi Hermannssyni, Melhaga 18 hér í bæ, og var við málshöfðunina gengið fram hjá sáttanefnd með samkomulagi aðilja.

Eftir gögnum þeim, sem fyrir liggja, eru málavextir þessir:

Á undanförnum árum hefur stefnandi reist fyrir 6 félagsmenn sína húsin nr. 16 og 18 við Melhaga hér í bæ. Eru hús þessi eins að gerð og í hvoru þeirra þrjár íbúðir. Í kjallara er þriggja herbergja íbúð ásamt steypibaði, geymslu undir útitröppum og aðgangi að miðstöð og þvottahúsi. Á stofuhæð eru fjögur herbergi, eldhús og bað, og fylgja þeirri íbúð tvö herbergi og hálft snyrtiherbergi í þakhæð, tvö geymsluherbergi í kjallara ásamt aðgangi að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi svo og réttur til að reisa á kostnað eiganda bílskúr á lóðinni. Á efri hæð eru einnig fjögur herbergi, og fylgir henni það sama og íbúðinni á stofuhæð. Sérmiðstöð er fyrir kjallara hvors húss, en sameiginleg miðstöð fyrir íbúðirnar á hæðunum í hvoru húsi. Svalir fylgja síðastgreindum íbúðum. Um afnot af lóð fer eftir sömu hlutföllum og um eignarhlutföll að húsinu að öðru leyti.

Áður en til byggingarframkvæmda kom, fór fram útdráttur milli félagsmanna stefnanda um rétt þeirra til íbúða í húsunum. Komu upp hlutir stefnda og Steins Kristjánssonar og Nikulásar Guðmundssonar verzlunarmanna. Þessum mönnum og Guðrúnu Stefánsdóttur verzlunarmanni, veitti fjárhagsráð fjárfestingarleyfi. Að tilhlutun stjórnar stefnanda samþykkti fjárhagsráð síðar að bæta tveimur fjárfestingarleyfum við, og ráðstafaði stefnandi þeim til tveggja félagsmanna sinna, þeirra Þorsteins Ólafssonar fulltrúa og Gústafs A. Sveinssonar hrl. Ofangreindir menn gengu nú saman í I. byggingarflokk stefnanda. Var síðan hlutað um íbúðir milli þeirra. Kom kjallaraíbúð í húsinu nr. 18 við Melhaga í hlut stefnda og kjallaraíbúð í húsinu nr. 16 við Melhaga í hlut Nikulásar Guðmundssonar. Aðrir byggingarflokksmenn hlutu íbúðir á stofu- og efri hæðum húsanna.

Meðan á byggingu húsanna stóð, fór fram athugun á eignarhlutföllum milli eignarhlutanna. Leitaði stjórn stefnanda fyrst álits Sigmundar Halldórssonar húsameistara, sem teiknað hafði húsin. Taldi hann kjallaraíbúð vera 20,12% af hvoru húsi, stofuhæð með tilheyrandi 39,94% og efri hæð með tilheyrandi 39,94%. Þessu áliti vildu stefndi og Nikulás Guðmundsson ekki una og kröfðust endurmats á eignarhlutföllunum. Á fundi I. byggingarflokks tilnefndu aðrir byggingarflokksmenn í þessu skyni af sinni hálfu fyrrnefndan Sigmund Halldórsson, og síðar tilnefndu stefndi og Nikulás fyrir sína hönd Guðmund Halldórsson byggingarmeistara. Reiknuðu þeir hlutfallstölu kjallaraíbúðar hvors húss 17% og hlutfallstölu hverrar hæðar 41,5%. Aðrir byggingarflokksmenn en stefndi og Nikulás vildu ekki una

mati þessu, en þeir síðastnefndu vildu hlíta matinu og töldu hina við það bundna, en ekki verður séð, að þeir hafi skuldbundið sig til að láta það vera endanleg úrslit um eignarhlutföllin. Hlutaðist nú stefnandi til um það, að á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 5. des. 1952 voru tveir menn dómkvaddir til að meta eignarhlutföll hússins nr. 16 við Melhaga. Luku þeir upp mati hinn 22. apríl f. á. með þeim úrslitum, að kjallaraíbúð var metin 19,8% af húsinu og hvor hæð með tilheyrandi 40,1%, og hafa þeir staðfest matið fyrir dómi. Stefndi og Nikulás vildu ekki hlíta matinu, og með bréfi til stjórnar stefnanda, dags. 13. maí f. á., kröfðust þeir þess meðal annars, að hún fengi dómkvadda yfirmatsmenn, er mati þessu væri skotið til, og yrði þá yfirmatið endanleg niðurstaða um eignarhlutföllin. Jafnframt kröfðust þeir þess, að kostnaður við yfirmatið yrði greiddur af byggingarflokknum. Þessum kröfum sinnti stefnandi ekki, en þrátt fyrir það hafa stefndi og Nikulás engar ráðstafanir gert til þess að fá téðu mati hrundið með yfirmati, og stendur það því óhaggað. Við eignarhlutföll mats þessa hefur stefnandi miðað skiptingu byggingarkostnaðar hússanna og útreikning afborgana og vaxta, er í hlut hvers byggingarflokksmanns koma, af lánum, er stefnandi hefur tekið til byggingarinnar. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að stefndi hafi skuldað honum, er mál þetta var höfðað:

1. Eftirstöðvar af stofnfjárframlagi	kr.	1.034,25
2. Árgjald af láni samkv. aðalskuldabréfi, út gefnu 1. des. 1950, með gjalddaga 1. des. 1951	—	4.728,80
3. Árgjald af láni samkv. aðalskuldabréfi, út gefnu 1. maí 1950, með gjalddaga 1. maí 1952	—	1.986,62
4. Árgjald af láni samkv. aðalskuldabréfi, út gefnu 1. maí 1952, með gjalddaga 15. nóv. 1952	—	1.449,45
5. Árgjald af láninu undir 2. lið með gjalddaga 1. des. 1952	—	4.749,07
Samtals	kr.	13.947,99

Hafði þó stefnandi með bréfi, dags. 28. nóv. 1951, minnt stefnda á árgjaldið, er féll í gjalddaga 1. des. s. á., og skorað á hann að greiða það. Þá tilkynnti stefnandi stefnda með bréfi, dags. 30. apríl 1952, að ef hann greiddi eigi árgjald þetta og árgjaldið, er félli í gjalddaga 1. maí s. á., í síðasta lagi 14. maí 1952, yrði honum vikið úr íbúðinni á Melhaga 18 og stefnandi tæki hana til eigin ráðstöfunar. Loks tilkynnti stefnandi stefnda með bréfi, dags. 15. maí f. á., að félagsstjórn hefði með vísun til b-liðar 1. málsgr. 16. gr. samþykkta félagsins samþykkt að víkja honum úr félaginu sökum vanskila á félagsgjöldum og öðrum greiðslum til félagsins, en stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki greitt félagsgjöld sín fyrir árin 1950 og 1951, og er það óvefengt af stefnda.

Stefndi hefur að engu sinnt framangreindum tilkynningum stefnanda.

Í máli þessu hefur stefnandi gert þær dómkröfur:

að viðurkennt verði með dómi, að stefndi hafi glatað rétti til kjallaraíbúðarinnar að Melhaga 18,

að stefnanda verði heimilað að taka téða íbúð til ráðstöfunar eftir þeim reglum, er lög og samþykktir félagsins áskilja, og loks

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað málsins að skaðlausu.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því, að stefndi hafi aldrei orðið eigandi að umræddri íbúð, heldur hafi hann aðeins öðlazt skilorðsbundinn rétt til að verða eigandi hennar, m. a. hefði hann til þess að verða eigandi orðið að standa í skilum með tilskildar greiðslur. Þetta hafi stefndi ekki gert, og hafi hann því með fyrrgreindum vanskilum sínum fyrirgert öllum rétti til íbúðarinnar, enda stefnandi þinglesinn eigandi hennar.

Þá hefur stefnandi látið þess getið til stuðnings máli sínu, að framkoma stefnda og hans fólks í húsinu hafi verið með öllu óhafandi. Hafi fólk þetta gengið um kjallarann sem það ætti þar eitt saman öllu að ráða, og um sameiginlegt húsnæði hafi það gengið óhreinlega og ósnyrtilega. Þá hafi stefndi heimildarlaust tekið undir sig geymsluherbergi, er tilheyri neðri hæð hússins. Loks hafi það gerzt aðfaranótt 23. nóv. f. á., að stefndi og fólk hans hafi ráðizt með líkamlegu ofbeldi á fólk, sem býr á efri hæð hússins, og veitt því áverka.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að hann sé réttur og löglegur eigandi umræddrar kjallaraíbúðar og hann verði ekki sviptur eignar- og umráðarétti að henni nema með aðför eða nauðungaruppboði samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfa fyrir lánum þeim, er á eigninni hvíla. Jafnframt mótmælir hann, að hann hafi gerzt sekur um nokkur þau vanskil á lánum þessum, að réttlætt geti uppsögn þeirra og nauðungaruppboð. Telur hann, að stefnandi hafi enn ekki gert upp byggingarkostnað hússins, svo og, að eignarhlutföll þau, sem stefnandi byggi á útreikninga sína, séu röng.

Þá hefur stefndi mótmælt staðhæfingum stefnanda varðandi framkomu stefnda og hans fólks í húsinu sem röngum, og gegn mótmælum hans hefur stefnandi ekki sannað staðhæfingar sínar um þetta efni. Kemur þessi málsástæða stefnanda því ekki til greina.

Svo sem áður hefur komið fram, fékk stefndi hjá fjárhagsráði fjárfestingarleyfi fyrir íbúð í umræddum byggingarflokki stefnanda. Fjárfestingarleyfi eru bundin við nafn, og þeim má ekki ráðstafa til annarra.

Þá kemur fram í samþykktum stefnanda, að hús eða íbúðir félagsmanna eru talin eign þeirra. Má í þessu sambandi benda á 3. málsgr. 8. gr., upphaf 10. gr. og upphaf 12. gr. samþykktanna, enda hefur

stefndi með tryggingarbréfi, dags. 1. maí 1951, veðsett stefnanda *íbúð sína* í kjallara hússins nr. 18 við Melhaga.

Loks verður ekki annað séð en stefnda hafi á árinu 1951 verið afhent umrædd íbúð. Á þeim tíma fluttist hann í íbúðina, enda þótt hann sé enn þá talinn skulda nokkuð af stofnfjárframlagi sínu, og hefur hann haft umráð íbúðarinnar síðan.

Þegar virt eru öll framangreind atriði, verður að telja ótvírætt, að stefndi hafi öðlazt eignarrétt á umræddri kjallaraíbúð.

Í málinu kemur fram, að hinn 7. ágúst f. á. var lýst yfir því af hálfu stefnda í fógetarétti Reykjavíkur, að hann væri reiðubúinn til að greiða kröfur stefnanda, þær er réttmætar teldust samkvæmt yfirmatsgerð dómkvaddra manna. Þessu boði var ekki sinnt af hálfu stefnanda.

Þegar virtur er framangreindur greiðsludráttur stefnda svo og það, hvernig hann virðist vera til kominn, verður greiðsludrátturinn, eins og á stendur, ekki talinn eiga að valda því, að stefndi hafi glatað eignarrétti sínum að margnefndri íbúð, auk þess sem stefnandi hefur ekki boðið fram greiðslu á framlögum stefnda. Verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lárus Hermannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Byggingarsamvinnufélags Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 11. júní 1954.

Nr. 194/1953. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Magnúsi Gíslasyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Ákærði kom fyrir dóm hinn 22. marz sl. og skýrði þá svo frá, að óþekktur maður hefði fengið sér í

hendur flíkur þær, sem í málinu greinir, og beðið sig að selja þær. Eigi er unnt að taka neitt mark á þessari skýrslu ákærða, enda benda vætti vitna og reyndir málsins til þess, að hún sé einber uppspuni. Þykir sannað, að ákærði hafi tekið flíkurnar ófrjálsri hendi, og varðar það atferli hans við 244. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af 72. gr. sömu laga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda og málskostnað má staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Gíslason, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 900,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 10. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4597/1953: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Gíslasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Magnús Gíslason verkamaður, Herskólakampi 33 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að stela að kvöldi miðvikudagsins 4. þ. m. tveimur kuldaúlpum í húsinu nr. 1 við Þórsgötu og slá eign sinni á þær. Ákærist hann til refsingar, sviptingar réttar skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til málskostnaðargreiðslu.

Ákærður, sem fæddur er 31. júlí 1915 á Akranesi, hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 21/11 Áminning fyrir bjölluleysi á reiðhjóli.

1932 16/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaganna og 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurbæ um 3 ára skeið.

1933 7/5 Sætt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1935 14/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2 ára betrunarhússvinna fyrir þjófnað og ofbeldi við fangavörð.

1935 4/9 Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928.

1937 í júlí Undir rannsókn fyrir grun um innbrot. Féll niður vegna sannanaskorts.

1937 3/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2 ára betrunarhússvinna fyrir brot á 6., 7. og 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 55. gr. og 63. gr. alm. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 18. maí 1938.

1938 9/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.

1938 17/8 Kærður fyrir þjófnað á hrognkelsanetjum. Látið falla niður samkv. bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13/2 1939.

1946 6/5 Dómur aukaréttar, 2 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Innbrotsþjófnaður. Staðfest í Hæstarétti 20/6 1946.

1933 9/6 Akureyri. Dómur aukaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 56/1928, sbr. 62. gr. hegningarlaganna.

1934 8/9 Kaupmannahöfn. Dómur Köbenhavns Byret fyrir brot gegn 298. gr. nr. 4 dönsku hegningarlaganna. Gæzluvarðhald hans þá látið koma í stað refsingar.

1950 2/11 Rvík. Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarl., áfengisl. og lsþ. Rvíkur.

1951 12/2 Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegnl.

Auk þess hefur hann á árunum 1937—1953 alls 33 sinnum undirgengizt sektargreiðslur, 25—400 kr., fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi miðvikudagsins 4. þ. m. varð Eyjólfur Eyjólfsson skósmiður, Týsgötu 5, var við ákærðan í porti bak við húsin nr. 5 og 7 við Týsgötu. Var ákærður ölvaður og hélt á kuldaúlpum tveimur og bauð þær Eyjólfi til sölu. Eyjólfur vildi losna við manninn og kvaddi til lögreglu. Er lögregluþjónarnir komu, lét ákærður úlpurnar eftir í portinu og reyndi að forða sér, en lögregluþjónarnir náðu honum. Í ljós hefur komið, að önnur úlpan var eign Guðmundar

Hjartarsonar, Hraunteigi 23, og hafði hún hangið á gangi fyrir framan fundarsal á 2. hæð hússins nr. 1 við Þórsgötu, en hin var eign Ólafs Thorlacius, Kársnesbraut 42, og hafði hún hangið í fatageymslu við veitingastofuna Miðgarð í sama húsi. Úlpurnar komust báðar til skila.

Ákærður kveðst hafa drukkið sig ofurölva þennan dag og muni hann lítið eftir sér, en ekki vefengir hann, að hann hafi tekið úlpurnar. Hann kveðst og muna óljóst, að hann hafi komið í veitingastofuna Miðgarð.

Þykir nægilega sannað, að ákærður hafi gerzt sekur um verknað þann, er greinir í ákæru, og brotið þannig gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Ákærður hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 7. þ. m., og ber að draga gæzluvarðhaldið frá refsingu hans skv. 76. gr. hegningarlaga. Svipta ber hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Loks ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærður, Magnús Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði, en frá skal draga gæzluvarðhaldsvist hans í 3 daga. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1954.

Nr. 84/1953. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Geirþrúði Bjarnadóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 39/1943. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði Jakob Árnason á leigu íbúð, tvö herbergi og eldhús, í húsi ákærðu, Bræðratungu við Holtaveg í Reykjavík, frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951. Galt

Jakob ákærðu í leigu kr. 250,00 á mánuði, frá því að leigutíminn hófst til 1. desember 1949, en eftir það kr. 275,00 á mánuði. Leigu fyrir tvö fyrstu árin galt Jakob fyrir fram í einu lagi, en frá 1. júní 1947 virðist hann hafa greitt leiguna mánaðarlega fyrir fram. Húsaleigusamningur var ekki lagður fyrir húsaleigunefnd samkvæmt 11. gr. laga nr. 39/1943, en eftir að Jakob var farinn úr húsnæðinu, æskti hann leigumats húsaleigunefndar. Í matsgerð, dags. 30. maí 1951, kveðst nefndin hafa skoðað íbúðina, telur hana um 36 m² og í lélegu ástandi. Ákvað húsaleigunefnd, að hæfileg leiga eftir íbúðina á ofangreindu leigutímabili væri kr. 60,00 á mánuði auk viðbótargjalds samkvæmt húsaleiguvísitölu. Mati þessu var skotið til yfirhúsaleigunefndar, en hún hefur lýst því, bæði áður en dómur gekk í héraði og eftir að málinu var áfrýjað, að henni sé ekki unnt að meta íbúðina vegna breytinga, sem á henni hafa verið gerðar, eftir að Jakob Árnason fluttist úr henni. Verður því að leggja framangreint leigumat húsaleigunefndar Reykjavíkur til grundvallar í málinu, en samkvæmt því hefur ákærða, svo sem í héraðsdómi greinir, tekið við leigugjaldi að fjárhæð kr. 11.880,50 fram yfir það, sem lög leyfa. Hefur hún með því brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að ákærða greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að því er varðar endurgreiðslukröfu Jakobs Árnasonar, þá hefur verjandi ákærðu hér fyrir dómi talið nokkurn hluta kröfunnar fallinn niður fyrir fyrningu. Sækjandi málsins hefur hins vegar hreyft því, að krafan sé þess eðlis, að hún sæti ekki fyrningu, en ekki verður á það fallizt, enda er broti ákærðu ekki þannig háttað, að ákvæði 16. gr. laga nr. 14/1905 standi fyrningu í vegi. Í öðru lagi hefur sækjandi mótmælt lækkun kröfunnar af þessum sökum, þar sem andmælum vegna fyrningar hafi ekki verið hreyft fyrir sakadómi, og hafi þó löglærður talsmaður ákærðu haldið þar uppi vörn fyrir hana. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 27/1951 ber dómara, þegar bótakrafa er höfð uppi í opinberu máli, að leita af sjálfsdáðum sannana um gildi hennar og fjárhæð og bera

atriði, er þar að lúta, undir ákærða. Réttarfarsreglur um afdráttarlausan málflutning gilda því ekki um slíkar kröfur. Ber þegar af þessari ástæðu að taka nefnda mótbáru hér til álita, enda verður ekki séð, að dómari hafi vakið athygli ákærðu á því, að endurgjaldskrafan kynni að vera fyrnd að einhverju leyti, og ákærða hefur ákveðið mótmælt kröfunni í heild og ekki fallið frá neinum varnarástæðum.

Svo sem áður getur, tekur endurgreiðslukrafa Jakobs Árnasonar yfir ofgreidda leigu á tímabilinu frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951. Ákærðu var tilkynnt krafan á dómþingi hinn 18. janúar 1952. Samkvæmt 5. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 var þá fallinn niður vegna fyrningar réttur til endurgreiðslu á leigu, sem ofgreidd hafði verið fyrir 18. janúar 1948. Eftir þann tíma nemur ofgreidd leiga kr. 6.533,70, og ber að dæma ákærðu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 til að endurgreiða Jakobi Árnasyni þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 13. desember 1951, er málið var kært til sakadómara. Þar sem Jakob Árnason hafði kröfu sína uppi í opinberu máli, verða honum ekki dæmd innheimtulaun af henni.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Geirþrúður Bjarnadóttir, greiði kr. 400,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði Jakobi Árnasyni kr. 6.533,70 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæsta-

rétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. marz 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 31. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1060/1953: Ákæruvaldið gegn Geirþrúði Bjarnadóttur, sem dómtekið var 26. marz sl.

Málið er höfðað gegn Geirþrúði Bjarnadóttur húsfrú, til heimilis í Mjóstræti 8 hér í bæ. Er hún skv. ákæruskjali, dags. 4. desember sl., ákærð fyrir ... „húsaleiguokur, samkvæmt lögum um húsaleigu, nr. 39/1943, 12. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 56/1950, sbr. 17. gr. laga nr. 39/1943, sbr. 6. gr. laga nr. 56/1950. Þykir ákærða hafa brotið nefnd lagaákvæði

með því að taka of háa húsaleigu eftir tveggja herbergja íbúð í húsinu Bræðratungu við Holtaveg frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951, en leigutaki nefndrar íbúðar var allan þann tíma Jakob Árnason, nú til heimilis Suðurlandsbraut H. 112.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar, endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærð er fædd 30. október 1899 á Akranesi. Hefur hún, svo að kunnugt sé, eigi fyrr sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Ákærð var eigandi hússins Bræðratungu við Holtaveg hér í bæ. Tímabilið 1. júní 1945 til 14. maí 1951 hafði Jakob nokkur Árnason íbúð á leigu í húsinu. Íbúðin var 2 herbergi og eldhús. Jakob lagði sjálfur til eldavélina. Íbúðin er að utanmáli um 36 fermetrar. Í leigu borgaði Jakob kr. 250,00 á mánuði. Hann greiddi fyrir fram tveggja ára leigu eða kr. 6.000,00. Eftir það greiddi hann húsaleiguna mánaðarlega. Eftir 1. desember 1949 greiddi Jakob kr. 275,00 á mánuði í húsaleigu. Jakobi voru gefnar kvittanir fyrir húsaleigugreiðslunum og því ekki á nokkurn hátt reynt að draga fjöður yfir leiguupphæðina.

Ákærð sagði Jakobi upp húsnæðinu frá 14. maí 1951. Jakob fluttist út 13. maí 1951. Hinn 30. maí 1951 mat húsaleigunefnd húsnæðið fyrir Jakob. Húsaleigunefnd mat hæfilega leigu eftir húsnæðið kr. 60,00 á mánuði auk húsaleiguvísitölu, enda taldi húsaleigunefnd ástand hússins mjög lélegt. Á grundvelli þessa mats kærði nú Jakob ákærða fyrir brot á húsaleigulögum og krafðist þess, að ákærð yrði dæmd til að endurgreiða sér kr. 11.880,50, sem hún hafði oftekið í húsaleigu af Jakobi, auk 6% ársvaxta frá 13. desember 1951, sem er

dagsetning kæru Jakobs, til greiðsludags og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands. Ákærð hafði í sjálfu sér ekkert við upphæð kröfu Jakobs að athuga, en taldi, að matið væri allt of lágt. Ráðstafanir voru gerðar til að fá yfirmat, en það fékkst ekki sökum þess, að bæði var langt um liðið og húsnæðinu breytt, svo að yfirhúsaleigunefnd gat ekki framkvæmt matið. Þykir því verða að leggja það til grundvallar í máli þessu, enda er ekkert fram komið í málinu, er hnekkir matinu.

Með eigin framburði ákærðrar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er fengin sönnun þess, að hún hafi tímabilið 1. júní 1945 til 14. maí 1951 tekið of háa húsaleigu, að upphæð kr. 11.880,50. Með þessu hefur ákærð brotið gegn 17. gr. l. nr. 39 frá 1943, um húsaleigu, og 5. gr. l. nr. 56 frá 1950, um breyting á l. nr. 39/1943. Samkvæmt 17. gr. húsaleigulaganna, sbr. 6. gr. l. nr. 56/1950, og með hliðsjón af því, að ákærð fór ekki í launkofa með leiguuppháðina, skýrði strax undanbragðalaust frá leigukjörum öllum, og ekki er um stórvægilegt brot að ræða, þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 1.200,00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem allri kröfu Jakobs Árnasonar er ómótmælt og ekkert fram komið, er þyki athugavert við hana, ber að taka hana til greina að öllu leyti og dæma ákærða til að greiða Jakobi Árnasyni kr. 11.880,50 ásamt 6% vöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags svo og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400,00.

Dómsorð:

Ákærð, Geirþrúður Bjarnadóttir, greiði kr. 1.200,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærð greiði Jakobi Árnasyni kr. 11.880,50 ásamt 6% vöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags svo og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 400,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1954.

Nr. 42/1953. **Bæjarsjóður Reykjavíkur** (Tómas Jónsson)
gegn
Ólafi Valdemarssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. marz 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst áfrýjandi *aðallega* sýknu af kröfum stefnda um bætur fyrir atvinnutjón, þjáningar og lýti, en *til vara* lækkunar á kröfum þessum. Þá krefst hann þess og, að hvor málsaðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði, en stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þórarinn Sveinsson læknir hefur skoðað stefnda að nýju 28. f. m. Telur læknirinn, að bati stefnda hafi orðið með svipuðum hætti og gert var ráð fyrir í örorkumati hans 20. nóvember 1951. Að vísu verði að telja, að batinn sé ekki alger, og litlar líkur til, að svo verði, en það bagi stefnda svo lítið í starfi, að eigi sé unnt að meta það til örorkubóta.

Þótt varlegra hefði verið af stefnda að ganga eigi undir lyftiás vélskóflunnar, þykja þó eigi efni til að lækka bætur til hans af þeim sökum, þar sem stórfellt gáleysi af hendi stjórnanda vélskóflunnar olli því, að skóflan féll á stefnda.

Eins og greinir í héraðsdómi, þykja bætur til stefnda fyrir atvinnutjón eiga að miðast við almennt verkamannakaup. Áfrýjandi greiddi stefnda fullt kaup frá slysdegi, 16. nóvember 1950, til 2. desember s. á., og stefndi naut fulls kaups frá 11. janúar 1951, er hann hóf vinnu af nýju. Nú krefst stefndi einungis bóta fyrir missi fastrar vinnu, og eru því ekki efni til að dæma honum slíkar bætur fyrir annað tímabil en frá 2. desember 1950 til 11. janúar 1951, og er óvefengt, að það atvinnutjón hans nemi kr. 2.747,80. Sitja verður við

ákvörðun héraðsdóms um bætur fyrir þjáningar og lýti, þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, og staðfesta ber ákvæði dómsins um bætur fyrir lækniskostnað. Frá fjárhæðum þessum, samtals kr. 6.447,80, ber að draga þær kr. 1.424,52 + kr. 263,70, er í héraðsdómi getur. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda kr. 4.759,58 með vöxtum eins og krafizt er svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Reykjavíkur, greiði stefnda, Ólafi Valdemarssyni, kr. 4.759,58 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. nóvember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Ólafur Valdemarsson verkamaður, Spítalastíg 2 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. janúar sl., gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna slyss, að fjárhæð kr. 19.832,06 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur stefnandi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 16. nóvember 1950 varð stefnandi fyrir meiðslum við vinnu sína í þjónustu stefnda.

Stefnandi skýrir svo frá, að umræddan dag hafi hann verið að vinna að gatnagerð í þjónustu stefnda á mótum Bjarkargötu og Hringbrautar. Hafi hann unnið með svonefndum loftfleyg. Þarna á staðnum hafi verið stór moldarhaugur, sem verið var að moka á bifreiðar með vélskóflu, en vélskófla þessi hafi verið eign stefnda og unnið með henni í hans þjónustu. Hann (stefnandi) hafi verið beðinn að kljúfa í sundur nokkur stór, frosin moldarstykki, svo að þau kæmust í skófluna. Kveðst hann þegar hafa snúið sér að því verki. Vél skóflunnar var stöðvuð, en skóflan sjálf hékk uppi við lyftiásinn yfir hlið moldarhaugsins. Stefnandi kveðst síðan hafa klofið í sundur moldarstykki öðrum megin við vélskóflunа, en síðan ætlað að færa sig hinum megin við hana. Hafi hann gengið með

tæki sín undir lyftiásinn upp við vélarhúsið. Allt í einu hafi skóflan fallið niður á jörðina og lent um leið aftan og utan við vinstra læri hans. Við það hafi hann fallið og lent þá á burðarbelti vélarinnar með framanvert vinstra læri. Þá kveðst stefnandi hafa um leið meiðzt á hægri hendi.

Stjórnandi vélskóflunnar hefur skýrt mjög á sömu lund frá atvikum. Kveður hann vél skóflunnar hafa verið stöðvaða og skófluna sjálfa hafa hangið í eins metra hæð yfir moldarbingnum. Segist hann hafa staðið í vélarhúsinu fyrir aftan sætið og séð til stefnanda við vinnu sína. Er honum hafi virzt stefnandi hafa lokið verki sínu og vera að ganga brott, hafi hann ætlað að flytja sig fram í stjórnandasætið og hefja vinnu. Í því hafi hann komið við hemil þann, er haldi skóflunni uppi, og skóflan fallið niður, og muni stefnandi hafa orðið fyrir henni, en maður þessi kveðst ekki hafa þá séð stefnanda.

Maður einn, sem þarna var við vinnu, hefur skýrt mjög á sömu lund frá atvikum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að slys þetta hafi orðið fyrir gáleysi stjórnanda vélskóflunnar, og beri því vinnuveitanda hans, stefnda í máli þessu, að bæta tjón það, er hann hafi beðið af slysi þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysi þessu. Það hafi verið algerlega óforsvaranlegt af honum að ganga undir lyftiás vélskóflunnar, enda alveg þarflaust, eins og á stóð. Honum hafi hlotið að vera ljós sú hætta, sem því hafi verið samfara, og þar sem hann hafi sjálfur sett sig í þessa hættu, geti hann ekki átt rétt til bóta vegna slyss þessa. Varakröfu sína að þessu leyti byggir stefndi á því, að stefnandi eigi með framangreindu atferli sínu að minnsta kosti meginsök á, hvernig fór.

Löggæzlumönnum var ekki tilkynnt um slys þetta, er það varð, og skýrslur voru ekki teknar af sjónarvottum fyrr en í máli þessu.

Hér að framan hefur verið lýst atvikum að slysi þessu. Af þeim er ljóst, að meginorsök slyssins hefur verið það gáleysi stjórnanda vélskóflunnar að hreyfa tæki hennar án þess að hafa fullvissað sig um, að stefnandi væri örugglega kominn nægilega langt frá henni. Verður maður þessi því talinn eiga sök á, hvernig fór. Fallast má á, að stefnandi hafi eigi sýnt fyllstu aðgæzlu með því að ganga undir lyftiásinn. Þykir verða að taka nokkurt tillit til þess, er bætur verða ákveðnar.

Stjórnandi vélskóflunnar var í þjónustu stefnda, er slys þetta varð, og ber stefndi því fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi hlaut af slysi þessu.

Bótakröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	12.632,00
2. Þjáningabætur	—	6.000,00

3. Lýtabætur ..... — 1.000,00
4. Læknisskoðun ..... — 200,00

Kr. 19.832,06

Um 1. Eftir slysið var stefnandi þegar fluttur til læknis. Í vottorði læknis þess, er gerði að sárum hans, segir svo: „Þvert yfir lærið framanvert, ofanvert, var lægð, þar sem vöðvarnir voru sundur marðir, skinnið blæðandi og lærið kolmarið allt. En allra mest utan á læri, þar sem sinavefur (fascia) er sundur rifinn og stærðar blóðpollur djúpt í holdinu utanvert á lærinu.“ Stefnandi lá fyrst heima hjá sér, en var fluttur á sjúkrahús 25. nóvember 1950 og var þar til 6. janúar 1951. Hann hóf vinnu aftur hinn 11. janúar 1951. Hinn 10. nóvember 1951 rannsakaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda og mat örorku hans. Segir svo í vottorði hans, sem dags. er 20. s. m.:

„Þegar horft er aftan á lærið, sést, að það er flatara að aftan vinstra megin borið saman við hægra megin. Um þverhönd neðan við trochanter major er þykkildi í undirhúð og sennilega að einhverju leyti bundið við fascia lata. Það er nú ca. 5 × 5 sm að stærð, og örlar ekkert á því á yfirborðinu. Nokkru neðar í sömu línu er annað þykkildi, svipað að finna, en miklu minna. Aftur á móti er það lítið eitt aumt við þuklun. Ekki er ósennilegt, að hér sé um trefjar úr fasciuslitrum að ræða, blandað örvef eftir blæðingu þarna á þessu svæði. Oddlaga geil liggur þarna á svæðinu frá trochanter major ca. 20 sm niður eftir lærinu, þannig, að hún þrengist, því neðar sem dregur á lærið. Er svo að finna, að fascia lata og undirliggjandi vöðvi (vastus lateralis) hafi gliðnað þarna í sundur.

Slasaði kvartar um þreytu aftan í lærinu og upp í bak við átaka-áreynslu. Er því ekki útilokað, að eitthvað af trefjum úr gluteus maximus hafi slitnað, þótt ekki sé unnt um það að segja.

Þegar framflötur lærisins er athugaður, sést rák þvert yfir það eða öllu fremur finnst við áþreifingu rétt ofan miðju þess. Má gera sér í hugarlund, að vöðvatrefjar á þessu svæði hafi marizt og bandvefur myndazt þar í staðinn. Kraftar eru góðir í fætinum, og ekki finn ég rýrnun við mælingu, borið saman við hægri ganglim. Reflexar eðlilegir. Ekki verður vart æðatruflana á fætinum eða lærinu.

Ályktun: Útlit er fyrir, að slasaði hafi hlotið mikinn maráverka í vöðva lærisins og blæðingu þar í mjúkan vef, fasciuslit og síðan örvefsþykkildi á svæðið. — Gera má ráð fyrir, að ástand þetta eigi eftir að lagast að mun frá því, sem nú er, en ekki er líklegt, að laut sú, er fyrr var nefnd, lagist frá því, sem nú er. Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 2 mán. fyrst eftir slysið .... 100% örorka
— ½ — þar á eftir ..... 75% —
— ½ — — - — ..... 50% —
— 1 — — - — ..... 25% —
— 1 — — - — ..... 15% —

Úr því, tel ég, að 8% örorka um þriggja ára bil megi teljast hæfilegt mat."

Við útreikning sinn á atvinnutjónsbótum hefur stefnandi lagt örorkumat þetta til grundvallar, en miðað við það kaup, sem greitt er mönnum þeim, sem vinna með loftfleyga, eða kr. 11,46 fyrir hverja vinnustund. Telur stefnandi, að við það kaup beri að miða, þar sem hann hafi haft það kaup, er hann slasaðist, og það kaup hafi stefndi greitt honum í tvær vikur, eftir að hann slasaðist. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða honum jafnan hundraðshluta af kaupi og örorka hans sé á hverjum tíma. Þess beri þó að gæta, að stefndi hafi greitt fullt kaup tvær fyrstu vikurnar eftir slysið. Samtals nemi atvinnutjón hans þannig reiknað kr. 12.146,21, og þar við bætist orlofsfé, kr. 485,85. Heildartjónið nemi því kr. 12.632,06.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hefur stefndi bent á, að hann hafi greitt stefnanda kaup frá slysdegi til 2. des. 1950 eða alls kr. 1.252,96 að meðtöldu orlofsfé. Þá hafi stefnandi hafið vinnu hjá stefnda aftur hinn 11. janúar 1951 og unnið síðan næstum dag hvern til 15. júlí sama ár. Hafi hann fengið greiddar í kaup á þessu tímabili kr. 14.327,18 að meðtöldu orlofsfé. Telur stefndi, að af þessu sé ljóst, að stefnandi hafi ekkert atvinnutjón beðið á þessu tímabili, nema ef vera mætti, að því er varðar tímabilið frá 3. des. 1950 til 10. janúar 1951. Eftir 15. júlí 1951 muni stefnandi að mestu hafa haft fulla vinnu hjá öðrum og einskis misst af kaupi sínu. Þá hefur stefndi mótmælt því, að stefnandi reiknar sér svokallað fleygamannakaup eða kr. 11,46 á klukkustund. Hér sé ekki um raunverulegan fastan kauptaxta að ræða, heldur sé þetta kaup greitt þeim mönnum, sem við loftfleyga vinna, aðeins meðan þeir vinna með fleygana, en ekki lengri tíma. Sjaldgæft sé, að menn vinni langa hríð í einu með þá. Það kaup, sem stefnanda sé heimilt að reikna með í þessu sambandi, sé venjulegt daglaunamannskaup eða kr. 10,70 á hverja vinnustund. Stefndi hefur enn fremur bent á, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 1.424,52 í slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem hér eigi að koma til frádráttar. Enn telur stefndi, að við ákvörðun bóta til stefnanda beri að taka tillit til þess, að þann tíma, sem hann lá á sjúkrahúsi, hafi honum sparazt fæði og þjónusta.

Stefnandi var 42 ára að aldri, er slysið varð. Virðist hann hafa verið heilsuhraustur fyrir þann tíma. Hann var ókvæntur.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum hans og afleiðingum þeirra. Fallast má á það hjá stefnda, að lækka beri bætur til stefnanda um allt það kaup, er hann fékk greitt hjá stefnda fyrst eftir slysið, svo og um það fé, er hann hefur fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá ber að taka tillit til þess við ákvörðun bótanna, að stefndi greiddi stefnanda fullt kaup fyrir vinnu hans frá 11. janúar 1951 til 15. júlí s. á. Að því er varðar kauphæð stefnanda, þá þykja ekki eftir ástæðum efni til að miða við hærra kaup en kaup

fyrir venjulega daglaunavinnu. Loks þykir verða að taka nokkurt tillit til þess, að stefnandi hafi sparað sér nokkurt fé í fæði og annarri framfærslu þann tíma, sem hann lá á sjúkrahúsi. Með vísan til alls þessa og þegar höfð er í huga hegðun stefnanda við slysið, sú, sem áður hefur verið getið, þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 8.000,00.

Um 2 og 3. Stefndi hefur mótmælt þessum liðum sem allt of háum og því sérstaklega, að stefnandi eigi nokkurn rétt á lýtabótum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra. Þegar það allt er virt og annað það, sem hér skiptir máli, þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 3.500,00.

Um 4. Þessi liður var viðurkenndur við munnlegan flutning málsins, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, sem stefnda ber að bæta, kr. 11.700,00 (8.000,00 + 3.500,00 + 200,00).

Stefndi hefur krafizt þess, að til frádráttar bótum komi skuld stefnanda við sjúkrahús það, er hann lá á eftir slysið, að fjárhæð kr. 263,70, en sjúkrahús þetta er eign stefnda. Stefnandi hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún því tekin til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 11.436,30 (11.700,00 ÷ 263,70) með vöxtum svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.550,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Ólafi Valdemarssyni, kr. 11.436,30 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 1.550,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1954.

Nr. 17/1954. **Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson**
gegn
Sigríði Stefaníu Erlendsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sérfræðingar þeir, sem rannsakað hafa blóð aðilja og barns stefnda, telja yfirgnæfandi líkur gegn því, að áfrýjandi geti verið faðir barnsins, en vilja þó ekki staðhæfa, að loku sé skotið fyrir, að áfrýjandi sé faðirinn. Er því rétt, áður en dómur er lagður á málið í Hæstarétti, að blóð sé af nýju tekið úr aðiljum og barninu og blóðúrtökin send til hæfs erlends sérfræðings, sem beðinn sé úrskurðar um það, hvort áfrýjandi geti verið faðir barnsins. Er lagt fyrir héraðsdómara að hlutast til um, að framannefnd rannsókn verði framkvæmd, ef kostur er.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að annast aðgerðir þær, sem að ofan getur.

Þriðjudaginn 22. júní 1954.

Nr. 182/1952. **Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson**
(Theodór B. Líndal)
gegn
Valdemar Guðjónssyni (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1952. Krefjast þeir *aðallega* sýknu af öll-

um kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefjast aðaláfrýjendur lækkunar á dæmdum bótum til gagnáfrýjanda, að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum kr. 95.359,01 með 6% ársvöxtum af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 og af eftirstöðvunum frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu. Þar á meðal hefur Þórarinn Sveinsson læknir skoðað gagnáfrýjanda af nýju 31. f. m., og telur læknirinn ekki efni til að breyta fyrra örorkumati, sem hann framkvæmdi 20. september 1951. Þá hefur og tryggingarfræðingur sá, er getur í héraðsdómi, endurskoðað áætlun sína frá 14. nóvember 1951 um atvinnutekjumissi gagnáfrýjanda vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. desember 1951. Samkvæmt þessari nýju áætlun telur tryggingarfræðingurinn nefnt tjón gagnáfrýjanda nema kr. 100.769,00, ef miðað er við kennarakaup við gagnfræðaskóla og verkamannakaup á sumrum. Ef ekki er reiknað með sérstakri sumarvinnu, er tjón gagnáfrýjanda áætlað kr. 83.706,00 og kr. 71.438,00, ef einungis er miðað við almenna verkamannavinnu.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skiptingu fébótaábyrgðar vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Bætur til gagnáfrýjanda fyrir atvinnutjón og örorku þykja hæfilega ákveðnar kr. 65.000,00. Ákvörðun héraðsdóms um aðra kröfuliði þykir mega staðfesta. Ber aðaláfrýjendum því að greiða gagnáfrýjanda in solidum 4/5 hluta af kr. 89.160,00, þ. e. kr. 71.328,00, að frádregnum þeim kr. 30.000,00, er í héraðsdómi getur, eða kr. 41.328,00, ásamt vöxtum eins og

krafizt er svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Valdemar Guðjónssyni, kr. 41.328,00 með 6% ársvöxtum af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 til 1. nóvember 1951 og af kr. 41.328,00 frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags svo og kr. 9.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Valdemar Guðjónsson stud. mag., til heimilis að Drápuhlíð 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. marz 1951, gegn þeim Óla Haraldssyni, Skúlaskeiði 26, Ragnari Sigurðssyni, Skerseyrarvegi 1, báðum í Hafnarfirði, og Óskari Benjamínssyni, Bergstaðastræti 45 í Reykjavík.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur á hendur þeim stefndu Óla og Ragnari, að þeir verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur vegna bifreiðarslyss, *aðallega* að fjárhæð kr. 125.359,01, *til vara* kr. 109.285,34 og *til þrautavara* að fjárhæð kr. 106.263,87, í öllum tilvikum að frádregnum kr. 30.000,00, er þegar hafa verið greiddar. Þá hefur stefnandi krafizt 6% ársvaxta af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 til 1. nóvember 1951 og af allri hinni dæmdu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur fallið frá öllum kröfum á hendur Óskari Benjamínssyni, og hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndu Óli og Ragnar hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. apríl 1950 var bifreiðinni G. 56, sem var eign stefnda Óla, en ekið af stefnda Ragnari, ekið á stefnanda, þar sem hann var á gangi á Reykjanesbraut, með þeim afleiðingum, að hann hlaut mikil meiðsl.

Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 30. apríl 1950, nokkru fyrir miðnætti, hafi hann verið staddur að Ástúni við Nýbýlaveg og haldið þaðan til Reykjavíkur. Hafi hann ætlað að taka sér far með strætisvagni og fara í vagninn á mótum Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar. Hann hafi hins vegar ekki náð vagninum og farið því yfir veginn þar og haldið áleiðis til Reykjavíkur gangandi. Veður var

illt, slyddurigning og stormur. Kveðst stefnandi hafa gengið á vinstri vegarbrún á malborna hluta vegarins, en svo hagar til þarna, að akbrautin er malbikuð, en utan hennar er um 2 m breiður malborinn stígur. Umferð hafi verið allmikil eftir veginum. Er hann hafi verið kominn upp í brekkuna í Fossvogi, hafi bifreið verið ekið fram hjá honum og hafi ökumaðurinn gefið hljóðmerki. Ekkert kveðst stefnandi hafa þurft að færa sig til á veginum vegna þessarar bifreiðar, en ökumaðurinn muni hafa gefið hljóðmerki af því, að hann hafi þekkt sig. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa orðið var við bifreið á eftir sér og litið um öxl til hægri eða snúizt í hálfhring, en í því hafi bifreiðinni verið ekið á hann og hann misst meðvitund.

Ökumaður G. 56, stefndi Ragnar, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn haft bifreiðina að láni hjá stefnda Óla og verið á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Hafi hreyfill bifreiðarinnar verið í þriðja ganghraðastigi, en hann hafi samt ekið hægt. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi, en á malbikaða vegarhlutanum. Er hann hafi verið kominn í brekkuna fyrir norðan Fossvoginn, hafi hann séð bifreið koma á móti sér á Öskjuhlíðarbrúninni með sterkum ljósum. Fjarlægðin hafi þó verið það mikil, að ljósin hafi ekki truflað hann, en hann hafi skipt ljósum sinnar bifreiðar þannig, að lægri geislinn var tendraður. Rétt áður en hann mætti bifreið þessari, hafi hann allt í einu séð mann á veginum fast fyrir framan bifreiðina, heldur nær miðju hennar en sjónlína hans (stefnda). Kveðst stefndi þá hafa hemlað samstundis og bifreiðin stöðvazt þegar, en þar sem svo skammt hafi verið að manninum, hafi hann rekizt á bifreiðina og fallið í götuna, en bifreiðin hafi ekkert farið yfir hann. Er bifreiðin var stöðvuð, kveðst stefndi þegar hafa farið út úr henni vinstra megin. Hafi þá maður sá, er bifreiðin rakst á og síðar reyndist vera stefnandi, legið á veginum um hálfan metra fyrir framan bifreiðina aðeins vinstra megin við miðju hennar. Hafi höfuð hans snúið í áttina til bæjarins og hann legið inni á malbikaða hluta vegarins, um einn til einn og hálfan metra frá brún þess vegarhluta. Þá kveðst stefndi ásamt farþegum sínum hafa tekið stefnanda upp til að flytja hann út á brún vegarins og forða honum frá umferðinni. Í því hafi maður, sem kom þarna að í bifreið, kallað til þeirra að láta stefnanda vera, og hafi þeir þá lagt hann á malborna hluta vegarins við vinstri hlið bifreiðarinnar. Síðan hafi einn maður verið skilinn eftir hjá stefnanda, en stefndi ók til bæjarins til að fá sjúkrabifreið og tilkynna lögreglunni um slysið.

Í umrætt sinn voru fjórir farþegar í G. 56.

Eiríkur Garðar Sigurðsson sat í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að á leiðinni frá Hafnarfirði hafi stefndi ekið með „skikkanlegum" hraða, varla yfir 40 km hraða á klst. Er bifreiðin hafi verið stödd rétt norðan við kirkjuna í Fossvogi, hafi ökumaðurinn verið mikið búinn að hægja á bifreið-

inni, og hafi hann ekið á malbikaða hluta vegarins. Rétt í því, að þeir hafi verið að mæta bifreið af svonefndri „jeep"-gerð, kveðst vitni þetta hafa séð mann fyrir framan bifreiðina, og virtist hann snúa hægri hliðinni að bifreiðinni. Ökumaðurinn hafi þegar hemlað og stöðvað bifreiðina, en árekstur samt orðið. Þá kveðst vitnið hafa farið út, og hafi þá hinn slasaði maður legið á bakinu um hálfan metra fyrir framan bifreiðina, langsum eftir veginum. Hafi fæturnir vísað að bifreiðinni, en höfuðið í áttina til Reykjavíkur, þó aðeins til vesturs. Hann hafi legið á malbikaða hluta vegarins aðeins til vinstri fyrir framan miðju bifreiðarinnar. Kveðst vitni þetta ásamt öðrum farþega hafa tekið manninn upp og ætlað að láta hann inn í bifreiðina, en í því hafi komið að maður, er hafi sagt þeim að gera þetta ekki, og hafi þeir þá lagt hann á malborna hluta vegarins við hlið bifreiðarinnar.

Ingólfur Hafsteinn Sveinbjörnsson, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, kveðst ekki hafa orðið stefnanda var, fyrr en stefndi Ragnar snögghemlaði, og hafi bifreiðin stöðvazt þegar. Kveðst maður þessi þá þegar hafa farið út, og hafi stefnandi þá legið þversum á veginum fyrir framan bifreiðina, og hafi fæturnir frekar vísað að bifreiðinni. Hann hafi legið á malbikaða hluta vegarins um einn og hálfan metra frá brún hans. Kveðst maður þessi ásamt Eiríki Garðari hafa tekið stefnanda upp og ætlað að færa hann inn í bifreiðina, en það hafi maður, er þarna hafi komið, bannað. Hafi þeir þá lagt stefnanda niður fyrir utan malbikuðu brautina.

Halldóra Guðmundsdóttir, er sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar, hefur talið, að bifreiðinni hafi verið ekið með venjulegum hraða og ökumaðurinn hafi eitthvað verið búinn að hægja á bifreiðinni, áður en slysið varð. Bifreiðinni hafi verið ekið á malbikaða hluta vegarins. Stúlka þessi kveðst ekki hafa séð stefnanda fyrir slysið og hefur ekki getað skýrt frá því, hvernig afstaða var, er bifreiðin var stöðvuð, en tveir farþeganna hafi tekið hinn slasaða mann upp og flutt hann eitthvað til.

Stúlka, er sat við hlið stefnda Ragnars, hefur ekki getað neitt skýrt frá málsatvikum, þar sem hún sá stefnanda ekki fyrir slysið og fór ekki út úr bifreiðinni, er hún var stöðvuð.

Um þetta leyti var maður að nafni Páll Einarsson í bifreiðinni G. 1164 á leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið hægt, því að skyggni hafi verið mjög slæmt. Er hann hafi verið kominn rétt að Fossvogskirkju, hafi hann séð bifreið koma á móti á hægri ferð. Rétt áður en hann mætti þessari bifreið, hafi hann séð mann í dökkum fötum á veginum um 6 til 8 metrum fyrir framan bifreið þessa. Hafi maður þessi verið eitthvað inni á malbikaða hluta vegarins á móts við miðju framenda G. 56 og snúið andlitinu að þeirri bifreið. Þá kveðst vitni þetta hafa litið augnablik af manninum, en er hann leit þangað aftur, hafi G. 56 verið stöðvuð. Hafi hann þá einnig stöðvað sína bifreið og

farið út úr henni. Hafi hinn slasaði þá legið framan við G. 56, heldur til vinstri við hana, á mótum malbikaða og malborna hluta vegarins, en G. 56 hafi verið öll á malbikaða hlutanum. Einhverjir hafi þá tekið hinn slasaða upp, en þá hafi einhver kallað, að þetta skyldu þeir ekki gera, og hafi þeir þá lagt manninn niður.

Eiginkona Páls Einarssonar var með honum í bifreiðinni í umrætt sinn. Segir hún, að er hún sá slasaða fyrst, hafi hann verið á veginum og borið á milli ljósa G. 56, en ekki hefur hún treyst sér til að segja um, hvort hann var á malbikaða eða malborna hluta vegarins. Kona þessi fór ekki út úr bifreiðinni eftir slysið, en telur, að hinn slasaði hafi legið á veginum aðeins vinstra megin við miðju G. 56.

Um þetta leyti var Henry Fredrik Wilhelm Zebitz á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í bifreið sinni. Kveðst hann hafa ekið með um 30 km hraða miðað við klst. Er hann hafi verið staddur móts við Hraunsholt við Reykjanesbraut, hafi bifreiðinni G. 56 verið ekið fram hjá honum, en hún hafi einnig verið á leiðinni til Reykjavíkur. Er G. 56 hafi verið í byrjun brekkunnar fyrir sunnan kirkjuna í Fossvogi, hafi henni verið snögghemlað, og hafi þá verið um 200 m á milli bifreiðanna. Kveðst hann þá hafa ekið fram fyrir G. 56 og stanzað þar og farið út úr bifreiðinni. Þá hafi G. 56 staðið um hálfan metra inni á malbikaða vegarhlutanum, en fyrir framan hana á malborna vegarhlutanum hafi legið maður. Hafi hann legið um hálfan metra frá brún malbikaða vegarhlutans. Menn, er þarna hafi verið, hafi tekið hinn slasaða upp og ætlað að setja hann inn í bifreiðina, en því kveðst vitni þetta hafa mótmælt, og hafi þeir þá lagt manninn niður aftur.

Maður, er ók fram hjá stefnanda við neðra horn kirkjugarðsins í Fossvogi, kveðst hafa ekið á brún malbikuðu brautarinnar, og hafi þá verið nokkurt bil á milli hans og stefnanda, er hafi gengið á malborna vegarhlutanum.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi Ragnar eigi einn alla sök á slysi þessu með ógætilegum akstri. Beri hann því bótaábyrgð á tjóni því, er af hafi hlotizt, svo og eigandi bifreiðarinnar, stefndi Óli.

Stefndu, sem hafa ekki mótmælt því, að stefndi Ragnar eigi nokkurn þátt í slysi þessu, byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið bætt tjón sitt að svo miklu leyti sem þeim beri að bæta það. Hann eigi meginsök á slysinu. Sannað sé, að hann hafi gengið inni á malbikaða hluta vegarins, en slíkt sé óheimilt og mjög gálauslegt, sérstaklega þegar þess sé gætt, hve skyggni var slæmt. Þá hafi stefnandi verið í dökkum fötum án nokkurra hvítra einkenna og því sézt mjög illa. Slíkt sé óvarlegt, er farið sé eftir fjölförnum vegum í náttmyrkri og illviðri.

Af ákæruvaldsins hálfu var mál höfðað gegn stefnda Ragnari vegna slyss þessa. Með dómi, upp kveðnum í sakadómi Hafnarfjarðar 6. júní sl., var hann með framferði sínu í umrætt sinn talinn

hafa gerzt brotlegur við 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, nr. 23 frá 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna, nr. 24 frá 1941, 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 219. gr. hgl.

Við slysið hlaut stefnandi opið brot á hægri fæti, nokkru fyrir neðan miðjan legg. Þá hlaut hann heilahristing og nokkur meiðsl á höfði.

Bifreiðin G. 56 er af svonefndri Ford-gerð, smíðuð árið 1947. Hún má flytja fimm farþega. Stýri hennar er vinstra megin. Við slysið urðu engar skemmdir á bifreiðinni nema þær, að lítil dæld kom í vélarhlífina vinstra megin.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti alla.

Af því, sem að framan er rakið um atvik að slysi þessu, er ljóst, að stefndi Ragnar hefur ekki sýnt þá aðgæzlu og varkárni við aksturinn, sem krefjast verður af ökumönnum í þeim aðstæðum, sem hér voru. Á hann því meginsök á, hvernig fór. Þegar virtir eru vitnaframburðir þeir, sem að framan eru raktir, um stöðu stefnanda á veginum fyrir slysið, hvar hann lá eftir það, hvar bifreiðinni G. 56 var ekið og hvar hún skemmdist, þá verður að telja sannað, að stefnandi hafi gengið eitthvað inni á hinum malbikaða hluta vegarins. Slíkt var mjög óvarlegt af honum, eins og á stóð, enda óþarft, þar sem malborni vegarhlutinn er einkum ætlaður fótgangendum. Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi eigi einnig nokkra sök á, hvernig fór.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að telja stefnda Ragnar eiga ⅘ hluta sakar á slysi þessu, en stefnanda ⅕ hluta. Samkvæmt ákvæðum 1. og 3. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna ber því stefndu að bæta stefnanda ⅘ hluta þess tjóns, sem stefnandi hefur beðið af slysi þessu.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjóns- og örorkubætur	kr.	85.699,01
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	—	25.000,00
3. Sjúkrakostnaður	—	12.660,00
4. Bætur fyrir fataskemmdir.	—	2.000,00
	Kr.	125.359,01

Frá þessari fjárhæð beri hins vegar að draga kr. 30.000,00, sem greiddar hafa verið af vátryggingarfélagi því, sem bifreiðina vátryggði.

Varakröfu sína reiknar stefnandi þannig, að hann telur tjónið samkvæmt 1. lið kr. 69.225,34, en aðra kröfuliði óbreytta, eins og í aðalkröfunni greinir.

Þrautavarakröfu sína miðar stefnandi hins vegar við, að tjónið samkvæmt 1. lið sé kr. 66.603,87, en aðrir kröfuliðir eins og um aðalkröfuna greinir.

Um 1. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur á Landspítalann. Hafði hann hlotið opið brot á hægri fótlegg nokkru fyrir neðan miðju. Var 5—6 sm langur skurður utan til á fótleggnum, þar sem beinendi hafði stungizt út, og annar álíka langur skurður innanverðu á leggnum, þar sem annar beinendi hafði stungizt út. Voru bæði sköflungur og sperrileggur skábrotnir, og lágu beinendarnir mjög á misvíxl. Læknir sá, er veitti stefnanda móttöku, taldi fótinn bera þess ótvíræð merki, að ekið hefði verið yfir hann. Þá hafði stefnandi hlotið allstóra kúlu aftan á höfði og lítils háttar sprungu á skinninu þar. Gert var að meiðslum stefnanda á venjulegan hátt, en sárin og brotin greru mjög seint. Hinn 19. maí 1950 var framkvæmd á stefnanda skurðaðgerð til að setja brotin saman. Þar sem brotin vildu samt eigi gróa, var gerð önnur skurðaðgerð hinn 11. sept. 1950. Hinn 3. febrúar 1951 lýsir dr. Snorri Hallgrímsson læknir svo ástandi stefnanda:

„Brotið virðist nú gróið, og sj. er farinn að ganga, en er enn mjög haltur og er enn ófær til gangs úti við. Nokkur stirðleiki er enn í hné og öklalið, og vöðvakrafti er enn mjög ábótavant. Nokkur sveigja er á h. fótlegg aftur á við. H. fótleggur er um 1½ sm styttri en sá vinstri. Kálfinn h. megin er mjög rýr, og nokkur bjúgur er um öklann, sem vex, er sj. er á fótum. Ör sjást eftir áður umgetin sár svo og langt, vel gróið ör framan á sköflungnum eftir skurðaðgerð.

Sj. liggur enn á IV. d. Landspítalans, en verður útskrifaður eftir nokkra daga.

Hann er enn algerlega óvinnufær, og allar líkur eru til þess, að hann verði ófær til allrar erfiðisvinnu næstu sex mánuði."

Stefnandi fór af Landspítalanum hinn 7. febrúar 1951. Hinn 14. apríl 1951 byrjaði hann í nuddi hjá Kristjáni lækni Hannessyni og gekk til hans þar til í ágústmánuði s. á. Í vottorði læknis þessa, dags. 8. sept. 1951, segir svo:

„Hægri fótur og fótleggur oedematös, létt cyanotiskur, kaldur og sveittur, sjl. gekk haltur við staf. Utan á legg yfir peroneum er ca. 5 sm langt ör, liggur axialt, mjög aumt viðkomu. Eftir leggnum að framan svo að segja endilöngum er ör eftir skurð, sem beygist í boga að ofan og neðan. Rétt fyrir neðan hann er smáhola, mjög aum viðkomu.

Fótleggur allur rýrari en v. megin.

Nú er örið utan á legg grynnra en áður, þó aumt viðkomu. Örið framan á legg eðlilegt. Holan neðan við örið aum við þrýsting. Kálfi h. megin 3 sm rýrari en v. megin, eins er rýrnun á vöðvum h. megin fyrir ofan hné.

Vöðvakraftur minnkaður h. megin, bæði plantarflexion og dorsalflexion. Sjl. getur ekki staðið á tánum á h. fæti. Húð á legg og fæti eðlileg, og sjl. hreyfir fót eðlilega, enda þótt kraftur sé minnkaður, þó virðist fótur við gang vísa meir inn á við en talið er normalt.

Sjl. gengur staflaust, en stingur við."

Þá segir sami læknir í vottorði, dags. 26. okt. s. á.:

„Aftan á kálfa h. megin er kvos sem næst þversum yfir kálfa sem næst miðju. Virðist sem einhver þungur hlutur hafi þar farið yfir gangliminn."

Hinn 20. sept. 1951 skoðaði Þórarinn læknir Sveinsson stefnanda og mat örorku hans. Við skoðun fann læknir þessi nokkra rýrnun á upphandleggsvöðvum hægri handleggs. Kvartaði stefnandi yfir því, að hann væri aflminni í þeim handlegg og hönd eftir slysið. Þá kvartaði stefnandi um eymsli í hægri brjóstvöðvanum, en læknirinn fann enga orsök til slíks. Segir svo í vottorði læknis þessa: „Við athugun á ganglimum sjást æðahnútar á vinstri fótlegg. Við *hægri ganglim* var þetta að athuga: Stytting mælist um 1,5 sm. Ganglimurinn er enn þá dálítið rýrari en tilsvarandi v. megin. Innanvert og framanvert á fótleggnum er ör eftir skurðaðgerð um 25 sm á lengd í boga inn á við. Ca. 12 sm frá öklaliðnum innanleggs er 4 sm langt ör innan við skurðörið og í sömu stefnu (axis). Annað ör utanleggs og örlítið ofar ca. 6 sm á lengd í sömu stefnu og hin fyrri örin. Þetta ör er með djúpum bandvefsstreng niður í undirliggjandi vöðvalög og hefur þannig valdið nokkurri hreyfingarhindrun, enda þreytist slasaði mjög fljótt við gang. Engin veruleg missmíði sjást þar, sem beinendar mætast. Hreyfing í hnéliðum er eðlileg, en lítið eitt hindruð í öklaliðnum af stirðleika vöðvanna uppi á fótleggnum. Reflexar eru eðlilegir, en þó fremur í daufara lagi."

Örorku stefnanda mat læknirinn þannig:

„Fyrir 10	mánuði	fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 2	mánuði	þar á eftir	80%	—
— 2	—	— - —	65%	—
— 2	—	— - —	50%	—
— 1	—	— - —	35%	—

Úr því má áætla hæfilega örorku 25% um tveggja mánaða skeið og 15% örorku um aðra 2 mánuði þar á eftir. Úr því 10% varanleg örorka."

Í örorkumati þessu er ekki tekið tillit til fyrrgreindrar rýrnunar á hægri upphandlegg, þar sem læknirinn taldi ekki öruggt, að rýrnunin væri afleiðing slyssins.

Hinn 12. október 1951 rannsakaði Kjartan R. Guðmundsson læknir stefnanda. Segir svo í vottorði hans, sem dags. er sama dag:

„1) Létt rýrnun á h. biceps.
2) — — á h. m. pectoralis.
3) Minnkaður kraftur í h. biceps (pars clavicularis).
Ekki veruleg parsea í m. pectoralis.
4) Minnkað húðskyn á h. handlegg, svarandi ca. til C 7—8.
Að öðru leyti eðlileg neurologisk skoðun (nema sensibilitetstruflanir á h. fæti eftir operation).

Álit: Einkenni sjúkl. benda á áverka á plexus brachialis dext. Það er líklegast, að það sé afleiðing slyssins. Batahorfur eru ágætar."

Að ósk umboðsmanna aðilja var málið lagt fyrir Læknaráð. Var óskað álits ráðsins um þessi atriði:

1° Hvort rýrnun á hægri upphandlegg stefnanda sé sennileg afleiðing af slysi því, er hann varð fyrir 30. apríl 1950.

2° Verði svo talið, hver sé þá örorka stefnanda, þar með talin framtíðarörorka hans, af fyrrgreindu slysi.

3° Hvort ætla megi af gögnum þeim, sem fyrir liggja, að hjól bifreiðar hafi farið yfir hægri fót stefnanda í umrætt sinn.

Hinn 31. maí 1952 svaraði réttarmáladeild Læknaráðs spurningum þessum. Var fyrstu spurningunni svarað játandi, en fallizt á örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar frá 21. sept. 1951. Hins vegar taldi Læknaráð ekki unnt eftir þeim gögnum, sem fyrir lægju, að segja um, hvort hjól bifreiðarinnar hefði farið yfir fótlegg stefnanda.

Stefnandi var 49 ára að aldri, þegar slysið varð. Hann lauk stúdentsprófi 1937 og hefur síðan á árinu 1939 stundað nám við Háskóla Íslands. Kveðst stefnandi hafa unnið á sumrum venjulega verkamannavinnu og hafa ætlað að taka kennarapróf í íslenzkum fræðum um vorið 1950. Af því hafi ekki orðið vegna slyssins og hann hafi enn eigi getað lokið prófinu.

Hinn 14. nóv. 1951 fékk stefnandi sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út fjárhagstjón sitt vegna slyss þessa miðað við örorkumat Þórarins Sveinssonar læknis. Taldi sérfræðingur þessi tjón stefnanda kr. 85.699,01, ef hann hefði starfað sem fastur kennari við gagnfræðaskóla frá 1. sept. 1950 og unnið venjulega verkamannavinnu á sumrum. Er aðalkrafa stefnanda við það miðuð. Væri hins vegar ekki reiknað með sérstakri sumarvinnu, næmi tjónið kr. 69.625,34, og er varakrafa stefnanda við það miðuð. Ef stefnandi hefði stundað almenna verkamannavinnu frá 1. maí 1950, taldi sérfræðingurinn, að tjónið næmi kr. 66.603,87, og er þrautavarakrafa stefnanda við það miðuð.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfum stefnanda sem allt of háum.

Stefnandi er ókvæntur og hefur engan á framfæri sínu. Þegar virtir eru hagir stefnanda, atvinnumöguleikar hans og örorka svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að telja tjón hans að þessu leyti kr. 55.000,00.

Um 2. Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og sjúkrasaga hans rakin. Þegar allt þetta er virt, þykir hæfilegt að telja tjón hans samkvæmt þessum lið 14.000,00 kr.

Um 3. Stefnandi hefur lagt fram gögn fyrir þessum kröfulið.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Hafa þeir bent á, að stefnandi hafi legið lengi í sjúkrahúsi og krefji nú um endurgreiðslu á fæðis- og dvalargjaldi þar. Hann hafi hins vegar sparað sér fæði og annan framfærslukostnað, meðan hann dvaldist þarna. Þá hafa stefndu bent á, að stefnandi hafi ekki verið í sjúkra-

samlagi og því orðið sjálfur að greiða allan sjúkrakostnað sinn.

Ekki verður fallizt á, að það skipti máli í þessu sambandi, þótt stefnandi hafi ekki verið í sjúkrasamlagi. Hins vegar þykir rétt að lækka þennan lið nokkuð, þar sem stefnanda spöruðust veruleg framfærsluútgjöld, meðan hann lá á sjúkrahúsinu. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 8.160,00.

Um 4. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum.

Ljóst er, að föt stefnanda hafa spillzt við slysið, og þar sem kröfuliðnum þykir í hóf stillt, verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu verður tjón stefnanda talið kr. 79.160,00 (55.000,00 + 14.000,00 + 8.160,00 + 2.000,00). Samkvæmt framangreindu ber stefndu að bæta ⅘ hluta þess eða kr. 63.328,00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 30.000,00, er þegar hafa verið greiddar.

Málalok verða því þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða in solidum kr. 33.328,00 með 6% ársvöxtum, er reiknast frá 1. nóvember 1951. Þá greiði stefndu stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Valdemar Guðjónssyni, kr. 33.328,00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. júní 1954.

Nr. 4/1953. **Jón Þorsteinsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Kaupfélagi Borgfirðinga
(Vilhjálmur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. desember

1952, gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 62.024,00 auk 6% ársvaxta frá 8. desember 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst *aðallega* staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins, en *til vara*, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og hvorum aðilja um sig gert að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Um sökina.

Því hefur verið haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi sjálfur átt að nokkru sök á slysi því, sem mál þetta er risið af, og beri honum því ekki fullar tjónsbætur. En þegar af þeirri ástæðu, að málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður héraðsdómurinn að standa óhaggaður, að því er varðar sök á slysinu.

Einstakir kröfuliðir.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi fallið frá kröfu þeirri, er hann gerði í héraði, um bætur fyrir atvinnutjón konu. Að öðru leyti hefur hann sundurliðað kröfu sína á sama hátt og þar. Um þrjá fyrstu liðina: sjúkrahússkostnað, greiðslu til lækna og ferðakostnað, er enginn ágreiningur, en kröfum um bætur fyrir atvinnutjón til 1. september 1950, kr. 40.105,76, örorku, kr. 30.771,24, og þjáningar, kr. 15.000,00, er mótmælt sem of háum. Verða þær því teknar til athugunar hver fyrir sig.

Atvinnutjón.

Snorri læknir Hallgrímsson skoðaði áfrýjanda 23. marz 1950. Samkvæmt vottorði hans var áfrýjandi þá enn algerlega óvinnufær, og taldi læknirinn, að svo mundi verða næstu 2—3 mánuði. Eggert Einarsson læknir í Borgarnesi vottar 6. október 1951, að áfrýjandi hafi ekkert getað unnið að iðn sinni, járnsmíði, né öðru, frá því að hann slasaðist og þangað til veturinn 1950—1951, „að hann byrjaði að föndra í smiðju". Í júní 1951 hafi hann farið að aka bifreið, og þegar

vottorðið er gefið, telur læknirinn áfrýjanda færan um að stunda starf sitt á svipaðan hátt og áður. Verður samkvæmt vottorðum þessum að telja, að áfrýjandi hafi verið ófær til að stunda starf sitt og aðra svipaða vinnu, sem hann kynni að hafa átt kost á, frá slysdegi til hausts 1950, og getur það ekki leitt til annarrar niðurstöðu, þótt hann fræðilega skoðað hafi ekki verið alger öryrki allt framangreint tímabil, sbr. örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar frá 23. október 1950, sem staðfest er af Læknaráði. Er og ekki í ljós leitt, að áfrýjandi hafi á greindu tímabili átt kost á neinu því starfi, er hann væri fær um að stunda. Þykja bætur áfrýjanda til handa samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 40.000,00.

Örorkubætur.

Í framangreindu örorkumati Þórarins læknis Sveinssonar er örorka áfrýjanda talin 25% hinn 1. september 1950. Frá 6. október s. á. lækkar örorkumatið í 20%, og helzt það óbreytt til jafnlengdar næsta ár, en eftir það telur læknirinn varanlega örorku 15%. Hinn 20. nóvember 1952 skoðaði nefndur læknir áfrýjanda af nýju og lýsti því þá, að hann teldi varanlega örorku hæfilega metna 20% og mundi það nær því rétta en hið fyrra mat. Að lokum skoðaði sami læknir áfrýjanda hinn 13. marz sl. Lýsir hann ástandi hans og kveðst ekki sjá sér fært að breyta síðasta mati sínu á varanlegri örorku áfrýjanda.

Um störf áfrýjanda, eftir að hann hóf að stunda bifreiðaakstur í júní 1951, er það að öðru leyti leitt í ljós, að hann hefur auk þess starfs stundað járnsmíði í ígripum og unnið við móttöku á fiski, en við þau störf telur hann sig þreytast og ekki þola þau til lengdar.

Að því virtu, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur áfrýjanda til handa fyrir örorku hans hæfilega metnar kr. 20.000,00.

Þjáningabætur.

Með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir um meiðsl áfrýjanda, og til sjúkrasögu hans bæði fyrir og eftir uppsögu

héraðsdóms þykja þjáningabætur hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00.

Samkvæmt framanskráðu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 74.822,00 (þ. e. kr. 3.675,00 + kr. 152,00 + kr. 995,00 + kr. 40.000,00 + kr. 20.000,00 + kr. 10.000,00) ÷ kr. 28.675,00, sem þegar hafa verið greiddar, = kr. 46.147,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. desember 1950 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Borgfirðinga, greiði áfrýjanda, Jóni Þorsteinssyni, kr. 46.147,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. desember 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Jón Þorsteinsson járnsmiður, Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. desember 1950, gegn Kaupfélagi Borgfirðinga, Borgarnesi, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 93.699,00.

Í hinum munnlega málflutningi krafðist stefnandi þess, að stefnda yrði dæmt til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 65.024,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. *Til vara* hefur stefnda krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur Samvinnutryggingum, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, M. 296, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu, og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að hinn 6. maí 1949 var bifreiðinni M. 296 ekið á stefnanda, þar sem hann var á gangi á þjóðveginum efst í Borgarnesi, með þeim afleiðingum, að hann hlaut veruleg meiðsl.

Stefnandi skýrir svo frá málsatvikum, að um morguninn hinn 6. maí 1949 um kl. 8 hafi hann farið að heiman frá sér og ætlað í

skúr einn, er hafi staðið austan við veginn frá Borgarnesi, sömum megin og íbúðarhús hans. Í skúrnum hafi hann dvalizt litla stund og haldið svo heim á leið aftur. Þar sem hann hafi ætlað að fá lánað áhald eitt í húsi hinum megin við veginn beint á móti skúrnum, hafi hann gengið yfir veginn. Er þangað hafi verið komið, hafi hann hætt við þetta áform sitt og gengið heim á leið á vinstri vegarhelmingi. Er hann hafi verið kominn spölkorn upp eftir veginum, hafi hann heyrt í bifreið, er hafði komið neðan veginn á eftir honum. Hafi hann þá litið við og séð bifreiðina M. 296, er hafi verið komin rétt að honum og verið beint fyrir aftan hann. Kveðst stefnandi hafa orðið þess var, að ökumaður M. 296 ók þannig á veginum, að hann ætlaði vinstra megin fram hjá honum. Hafi hann því reynt að komast inn á veginn til að forðast bifreiðina. Það hafi þó eigi tekizt, og hafi hægra afturhjól bifreiðarinnar farið yfir vinstri fót hans og brotið hann. Þá hlaut stefnandi einnig nokkurt brot á hægri fæti. Eftir slysið lá stefnandi á veginum nálægt vinstri vegarbrún.

Ökumaður M. 296 hefur skýrt svo frá, að umræddan morgun um kl. 8.10 hafi hann ekið bifreiðinni M. 296 frá húsi Mjólkursamlags Borgfirðinga áleiðis til Reykjavíkur. Bifreiðin M. 296, sem er eign stefnda, er vöruflutningabifreið með geymi fyrir mjólk og var fullfermd í umrætt sinn. Er komið var að beygju á veginum móts við hús það, er stefnandi kveðst hafa ætlað að fara í og áður greinir, segist ökumaðurinn hafa skipt hreyfli bifreiðarinnar úr 5. í 4. ganghraðastig og eftir skiptinguna muni hraði bifreiðarinnar hafa verið um 32 km miðað við klst., en þó kveðst hann ekki hafa litið á hraðamælinn. Er hann hafi verið kominn um 24 metra frá horni girðingar um fyrrgreint hús, hafi hann séð til ferða stefnanda, er hafi gengið upp veginn í sömu átt. Hafi stefnandi gengið á hægri vegarhelmingi eigi lengra en 1 metra frá vegarbrúninni. Þar sem hann hafi þannig verið öruggur um, að stefnandi mundi halda sig á hægri vegarhelmingnum, hafi hann ekki hirt um að gefa hljóðmerki og ætlað að aka fram hjá honum vinstra megin, en hann hafi ekið alveg á vinstri vegarbrún. Er skammt hafi verið á milli þeirra, hafi stefnandi litið við, og rétt í því hafi hann séð, að stefnandi ætlaði að víkja yfir á vinstri vegarhelminginn. Hafi hann þá þegar hemlað og ekið bifreiðinni út af veginum. Hafi honum með þessu tekizt að forða, að framendi bifreiðarinnar rækist á stefnanda. Bifreiðin hafi lent í barð eitt vinstra megin við veginn og stöðvazt þar. Er hann hafi komið út úr bifreiðinni, hafi hann séð stefnanda liggja á veginum aftan við bifreiðina nálægt vinstri vegarbrún, og hafði hægra afturhjól farið yfir vinstri fót hans.

Ökumaður M. 296 var einn í bifreiðinni í umrætt sinn, og sjónarvottar voru eigi aðrir að atburði þessum.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður M. 296 eigi einn sök á slysi þessu með ógætilegum akstri. Stefnandi kveðst örugglega hafa gengið á vinstri vegarhelmingi, og hafi öku-

manninum borið að aka hægra megin fram hjá sér. Ekið hafi verið með óleyfilega miklum hraða, og ekki hafi ökumaðurinn gefið hljóðmerki, svo sem honum hafi þó borið skylda til.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að stefnandi eigi einn alla sök á slysi þessu. Stefnandi hafi gengið á hægri vegarhelmingi, og hafi því verið eðlilegt, að ökumaður M. 296 æki hiklaust áfram á vinstri vegarhelmingnum. Hraðinn hafi ekki verið óeðlilega mikill og engin ástæða til að gefa hljóðmerki. Ástæðan til slyssins hafi verið sú, að stefnandi hafi allt í einu farið yfir veginn og yfir á vinstri vegarhelming, og hafi þá ökumaðurinn tekið það eina ráð, sem til var, að aka út af veginum. Það hafi hins vegar ekki nægt til að forða slysi. Af stefnda hálfu hefur verið á það bent, að vindur hafi verið allhvass á austan í umrætt sinn eða á hægri hlið stefnanda. Geti því verið, að hann hafi hrakið til á veginum undan vindinum.

Gerð var afstöðuteikning af slysstaðnum eftir slysið. Samkvæmt teikningu þessari eru 34 metrar frá nefndu girðingarhorni að stað þeim, sem stefnandi lá á eftir slysið, en þaðan eru 12 metrar að þeim stað, þar sem bifreiðin stöðvaðist. Vegurinn þarna mun vera um 6 metrar á breidd. Bifreiðin M. 296 er 2,37 m á breidd, en um 6 m á lengd.

Af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu var mál höfðað gegn ökumanni M. 296 vegna slyss þessa. Með dómi aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðnum 21. marz 1951, var ökumaðurinn með atferli sínu í umrætt sinn talinn hafa gerzt brotlegur gegn ákvæðum 20. gr. lögreglusamþykktar Mýrasýslu, ákvæðum 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, nr. 23 frá 1941, og ákvæðum 2. gr. og 6. gr. umferðarlaganna, nr. 24 frá 1941.

Af því, sem að framan er rakið, er ekki ljóst, hvar stefnandi gekk á veginum. Af atvikum öllum virðist þó mega ráða það, að hann hafi eigi gengið svo nálægt hægri vegarbrún sem ökumaður M. 296 hefur talið. Telja verður, að ökumaður M. 296 hafi ekið óhæfilega hratt þarna, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna. Þá virðist ökumaðurinn ekkert hafa dregið úr hraðanum, er hann varð var ferða stefnanda, sem þó virðist hafa verið full ástæða til. Þá gaf hann ekki hljóðmerki. Með vísan til þessa og þar sem ekki er leitt í ljós, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef ökumaðurinn hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni, verður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 35. gr. fyrrgreindra laga að telja stefnda fébótaskylt fyrir því tjóni, er stefnandi beið af slysi þessu.

Ekki er sannað, að stefnandi hafi á neinn hátt hagað sér ógætilega í umrætt sinn, og verður hann því ekki talinn meðvaldur að slysinu.

Samkvæmt þessu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig:

1. Sjúkrahússkostnaður	kr.	3.675,00
2. Lækniskostnaður	—	152,00

3. Ferðakostnaður	—	995,00
4. Atvinnutjón konu	—	3.000,00
5. Bætur fyrir atvinnutjón til 1. okt. 1950	—	40.105,76
6. Örorkubætur	—	30.771,24
7. Þjáningabætur	—	15.000,00
	Samtals kr.	93.699,00

Þrjá fyrstu liðina, samtals kr. 4.822,00, hafi stefnda þegar greitt og kr. 23.853,00 upp í annað tjón, og kemur þannig fram dómkrafan í máli þessu, kr. 65.024,00.

Um 1, 2 og 3. Svo sem að framan getur, hafa kröfuliðir þessir þegar verið greiddir.

Um 4. Stefnandi telur, að vegna meiðsla hans og sjúkleika vegna slyssins hafi kona hans misst af nokkrum tekjum.

Stefnda hefur mótmælt þessum lið sem röngum.

Ekki er fram komið, að eiginkona stefnanda hafi misst af nokkrum sérstökum tekjum vegna slyss þessa, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 5 og 6. Við slysið brotnaði vinstri fótur stefnanda um miðjan legg, og bein brotnuðu í hægri rist hans. Stefnandi var þegar eftir slysið fluttur til læknis, er gerði að meiðslum hans til bráðabirgða og sendi stefnanda síðan til Reykjavíkur, þar sem hann var lagður á sjúkrahús. Þar voru settar á hann gipsumbúðir. Læknir sá, dr. Snorri Hallgrímsson, er tók á móti stefnanda á sjúkrahúsinu, lýsir meiðslum hans svo: „Brot á vinstri fæti um miðjan legg, og brotin bein í hægri rist. Fractura cruris inferioris sinistri. Fractura tarsi dextri. Contusiones." Á sjúkrahúsinu lá stefnandi til 25. júní 1949, en var þá sendur heim til sín í gipsumbúðum. Var hann rúmliggjandi þar og undir læknishendi um langt skeið. Frá 11. til 14. ágúst s. á. lá stefnandi enn á sjúkrahúsi í Reykjavík til endurnýjunar á gipsumbúðunum. Í desembermánuði 1949 voru gipsumbúðirnar teknar af stefnanda, en hann látinn nota límumbúðir og bindi. Í vottorði, dags. 5. febr. 1950, skýrir héraðslæknirinn í Borgarnesi frá því, að stefnandi sé enn óvinnufær vegna stirðleika og eymsla í fætinum, og ráðleggur honum að fara til Reykjavíkur til lækninga. Í vottorði dr. Snorra Hallgrímssonar læknis, sem dags. er 23/3 1950, er stefnandi enn talinn algerlega óvinnufær og talinn munu verða það næstu 2 til 3 mánuði. Stefnandi virðist síðan hafi gengið til nuddlæknis eins hér í bænum til nuddaðgerða. Í vottorði, dags. 12. ágúst 1950, lýsir héraðslæknirinn í Borgarnesi heilsu stefnanda þannig: „Gengur haltur við staf. Hreyfingar í hné í 90° horn. Hreyfing í ökla um ca. 20°, eymsli báðum megin við ökla neðan til við liðinn. Crus inferius með oedematös-þrota. M. surae dreginn, en mjóileggur gildari en hægra megin. Pastös-bólga fram á fót, og eru þar enn kaun vart gróin eftir sár þau, er hann fékk við slysið. Hægri fótur allgóður, og sér ekki á honum, en þreytist miklu fyrr í honum

en áður, enda fær hann bróðurpartinn af erfiði við göngu. Verk sitt, járnsmíði með tilheyrandi stöðum, getur hann ekki stundað." Dr. Snorri Hallgrímsson virðist enn hafa skoðað stefnanda í septembermánuði 1950, og segir svo í vottorði hans, sem dags. er 6. sept. 1950:

„Brotið á vinstri legg greri mjög seint, svo að það varð að hafa fótinn í gipsumbúðum meir en 6 mánuði. Mikill bjúgur sótti á fótinn, fyrst eftir að hann fór úr gipsumbúðunum, og voru því settar á hann zinklímsumbúðir um tíma, en nú getur hann komizt af með það að vefja fótinn með venjulegum teygjubindum. Enn sækir þó nokkur bjúgur á fótinn. Jóni hefur verið að smáfara fram undanfarna mánuði, en kvartar þó um tilkenningu í öklanum við gang og að hann þreytist mjög fljótt bæði við gang og stöður. Hann treystir sér ekki til þess að standa eða ganga nema stutta stund í einu og hefur ekki enn treyst sér til þess að taka upp sína fyrri iðju sem járnsmiður.

Skoðun: Allhaltur og gengur við staf.

Báðir fætur jafnlangir. Nokkurt þykkni er á brotstaðnum rétt ofan við vinstri ökla, og er nokkur sveigja fram á við á leggnum. Að öðru leyti ekki sýnileg missmíð. Áberandi bjúgur er á vinstri fæti og legg upp að hné. Rýrnun á vinstra læri mælist 2½ sm. Nokkur stirðleiki er í hné og ökla. Um 30 gr. vantar upp á, að hann geti beygt vinstra hné að fullu miðað við hægra, og um 30 gr. vantar upp á fulla plantarflexion í vinstri ökla. Hliðarhreyfingar í vinstri fæti (subtalo-liðum) eru sama og engar. Grófur kraftur í lær- og leggvöðvum vinstri ganglims er áberandi minni en í þeim hægri."

Hinn 23. október 1950 rannsakaði Þórarinn læknir Sveinsson heilsu stefnanda og mat örorku hans. Í vottorði Þórarins, sem dags. er sama dag, segir svo: „Fremur lágvaxinn, en vel feitur. Nokkuð rauðþrútinn í andliti. Við almenna skoðun á höfði og bol ekkert sérstakt athugavert. Blóðþrýstingurinn mælist 150/100. Hjartahljóð eru hrein.

Ganglimirnir:

1. *Hægri fótur:* Við athugun á ristarbeinunum kemur í ljós létt sveigja á IV.—V. ristarbeini um 2 sm frá efstu kjúkuliðamótum, og veit skálmyndunin upp. Er ekki ósennilegt, að þessi breyting geti valdið þreytu við göngu og stöður síðar meir. Hreyfing í öklaliðnum er eðlileg, sömuleiðis getur hann hreyft tærnar sæmilega.

2. *Vinstri ganglimur:* Talsvert er dregið úr öllum vöðvum á kálfa og læri. Kraftar heldur minni í ganglimnum borið saman við þann hægri. Við athugun á fótleggnum sést, að húðin ofan öklans er fremur þunn og skænisleg. Nokkur fyrirferðaraukning er á brotstaðnum, sem er að finna ca. 10 sm ofan við öklaliðinn utanfótar, en nokkru nær liðnum innanfótar. Þótt teygjubindi sé um fótinn og fótlegginn, er nokkur bjúgur á fætinum. Leggjarbeinin hafa lítið eitt raskazt í stefnu, og er sveigja fram á við á leggnum. Ekki er þó

mælanleg stytting á fótleggnum. Utanfótar á öklaliðnum og neðan leggjarhnútunnar (malleolus lateralis) er nokkur fyrirferðarauknıng, sem sennilega er þykknun í liðpokanum. Er ekki ósennilegt, að blætt hafi þar í liðinn og liðböndin laskazt. Af þessu leiðir, að hverfing í liðnum út og inn á við er talsvert takmörkuð og er ca. til hálfs við normalhverfingu. Beygja í ristarátt er eðlileg, en ilrétting er mjög takmörkuð, og skortir um 30° á fulla réttingu. Jafnframt kennir hann talsvert til uppi í fótleggnum, þegar hann réttir vel úr fætinum (framleistinum). Nokkur þroti er í liðpoka hnjáliðsins, og sést það greinilega beggja vegna við hnéskelina.

Rétting er eðlileg í liðnum, en hann getur ekki beygt í liðnum alveg eins vel og hægra megin, getur þó vel gengið eðlilega þess vegna. Beygir í ca. 120°."

Örorku stefnanda af slysinu mat læknirinn þannig:

„Fyrir 2 mán. fyrst eftir slysið ..... 100% örorka
— 3 — þar á eftir ..... 80% —
— 2 — — - — ..... 65% —
— 3 — — - — ..... 50% —
— 3 — — - — ..... 35% —
— 4 — — - — ..... 25% —

Úr því 20% örorka um 1 árs skeið til viðbótar, en úr því 15% varanleg örorka."

Í vottorði, dags. 6. október 1951, segir héraðslæknirinn í Borgarnesi, að stefnandi muni hafa orðið vinnufær í júní sl. Þá segir svo í vottorði héraðslæknisins: „Veturinn 1950—51 fór fóturinn smábatnandi. Greip í járnsmíði um veturinn stutta stund í senn, meira til þess að reyna, hvað hann gæti, og til þess að liðka sig og styrkja en að hann gæti unnið til gagns. Í júní sl. fór hann að keyra bíl fyrir vegagerð ríkissjóðs og hefur unnið að því síðan. Frá því hann slasaðist og til þess að hann byrjaði að föndra í smiðju sl. vetur, var hann algerður öryrki, gat ekkert unnið að iðn sinni, járnsmíði, né öðru. Síðan hann fór að keyra bílinn, hefur hann unnið fullan tíma og er nú svo hraustur, að hann treystir sér til að taka járnsmíði upp aftur."

Með úrskurði bæjarþingsins, upp kveðnum 23. nóv. sl., var mál þetta lagt fyrir Læknaráð til umsagnar. Var óskað álits Læknaráðs um það, hver yrði talin örorka stefnanda, þar með talin varanleg örorka, sem álíta mætti sennilega afleiðingu af meiðslum þeim, er hann hlaut í umrætt sinn. Læknaráð afgreiddi málið með ályktun hinn 28. des. sl., þannig:

„Læknaráð fellst á örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar, dags. 23. október 1950, að öðru leyti en því, að ráðið treystir sér ekki til að taka afstöðu um varanlega örorku stefnanda á grundvelli þeirra vottorða, sem fyrir liggja, þar sem ófullkomin vitneskja fæst af þeim um ástand stefnanda eins og það er nú."

Frekari gagna um heilsu stefnanda hefur ekki verið aflað.

Atvinnutjónskröfu sína til 1. okt. 1950 fær stefnandi þannig fram, að hann telur sig hafa verið algerlega óvinnufæran til þess tíma. Reiknar hann sér kr. 510,00 að viðbættri hækkun samkv. kaupgjaldsvísitölu í kaup á viku hverri. Nemur kaupið að viðbættu orlofsfé kr. 40.105,76 fyrir þetta tímabil. Þá reiknar hann sér örorkubætur í eitt ár, 20% af 28.335,60 króna árslaunum eða kr. 5.667,12. Hinn 10. nóv. sl. fékk stefnandi sérfróðan mann í tryggingarmálum til að reikna út tjón stefnanda miðað við örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar. Taldi hinn sérfróði maður, að ef miðað væri við kr. 510,00 að viðbættri hækkun samkv. kaupgjaldsvísitölu í vikukaup, næmi heildartjón stefnanda kr. 46.151,03, þar af vegna hinnar varanlegu örorku kr. 25.104,12. Hefur stefnandi lagt þá fjárhæð til grundvallar við kröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfuliðum verið mótmælt sem allt of háum. Telur stefnda ekki koma til mála að reikna stefnanda kr. 510,00 í grunnkaup á viku, enda engin rök að því leidd, að kaup hans hefði numið því fé, ef ekkert hefði komið fyrir hann. Þá hefur af stefnda hálfu þess verið krafizt, að við ákvörðun tjónsins verði örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar lagt til grundvallar, að svo miklu leyti sem það hafi verið staðfest af Læknaráði. Hins vegar krefst stefnda þess, að stefnanda verði ekki dæmdar bætur fyrir varanlega örorku, þar sem engin varanleg örorka sé sönnuð.

Stefnandi er fæddur 20. júní 1885 og var því tæpra 64 ára, er slysið varð. Ekki er annað fram komið en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið. Hann var járnsmiður að iðn og virðist hafa unnið hjá vegagerð ríkisins. Árið 1945 námu heildartekjur samkvæmt skattskýrslu hans kr. 18.114,00. Árið 1946 áætluðu skattyfirvöldin hreinar tekjur hans kr. 19.600,00. Árið 1947 taldi stefnandi heildartekjur sínar kr. 20.454,00, árið 1948 kr. 23.690,00, árið 1949 kr. 9.416,00, árið 1950 kr. 1.028,00 og árið 1951 kr. 19.157,98. Stefnandi er maður kvæntur, en virðist ekki hafa börn á framfæri sínu.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir verða að leggja til grundvallar örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar, að svo miklu leyti sem það hefur verið staðfest af Læknaráði. Þess ber þó að gæta við bótaákvörðunina, að stefnandi varð að fara margsinnis hingað til Reykjavíkur til að hljóta læknisaðgerðir, sem eigi fengust á heimilisstað hans. Að því er varðar bætur fyrir varanlega örorku, þá þykir ekki unnt að dæma stefnanda slíkar bætur, þar sem ekki verður talið, að nægileg rök hafi verið leidd að varanlegri örorku stefnanda, og gagna um það atriði hefur ekki verið aflað, þótt fullt tilefni hafi til þess gefizt. Með hliðsjón af öllu þessu og þegar alls hefur verið gætt, er hér skiptir máli, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 22.000,00.

Um 7. Stefnda hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda og meiðslum hans lýst. Með hliðsjón af því svo og öðru því, er hér skiptir máli, þykja þjáningabætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar kr. 8.500,00. Málalok verða því þau, að bætur til stefnanda teljast kr. 35.322,00 (3.675,00 + 152,00 + 995,00 + 22.000,00 + 8.500,00), þar af hefur stefnda þegar greitt kr. 28.675,00 (4.822,00 + 23.853,00). Verður stefnda því dæmt til að greiða kr. 6.647,00 (35.322,00 ÷ 28.675,00) með vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Borgfirðinga, greiði stefnanda, Jóni Þorsteinssyni, kr. 6.647,00 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1950 til greiðsludags og kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 123/1953. **Valtýr Þorsteinsson** (Theodór B. Líndal)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Hermann Jónasson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 13. ágúst 1953 og áfrýjað málinu með stefnu 17. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 7. sept-

ember 1953 skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. s. m. Hann krefst þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.000,00, en *til vara* lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst gagnáfrýjandi og sjóveðréttar í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar kunni að verða.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að hjálp sú, sem veitt var skipi aðaláfrýjanda, hafi verið björgun. Þykja bjarglaun gagnáfrýjanda til handa hæfilega ákveðin kr. 90.000,00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafizt er svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000,00. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Valtýr Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 90.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000,00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Skipaútgerð ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 6. des. 1951, gegn Valtý Þorsteinssyni, eiganda m/s Akraborgar, E.A. 50, til greiðslu björgunarlauna, kr. 170.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með matskostnaðar, kr. 2.200,00. Einnig krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Akraborg til tryggingar kröfum sínum.

Stefnandi hefur og stefnt vátryggjendum skipsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, til réttargæzlu, en ekki borið neinar kröfur fram á hendur því.

Stefndi hefur krafizt þess að verða einungis dæmdur til að greiða hæfilega þóknun að mati dómsins fyrir aðstoð og drátt skipsins svo og, að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir: Aðfaranótt laugardags 19. maí 1951 var Akraborg að lúðuveiðum ca. 130—140 sjómílur NV frá Reykjavík. Á fjórða tímanum bilaði vélin snögglega og stöðvaðist. Kom í ljós við athugun, að fremri „krúmtappa"-legan var úr brædd og brotin og vélin því ekki gangfær. Skipstjóri talaði þá við stefnda í gegnum Reykjavíkurradio og bað hann um að útvega aðstoð til að koma skipinu til lands. Kl. 8.05 var v/s Sæbjörg send af stað til hjálpar skipinu. Kl. 10 var haft talsamband milli skipanna, og síðan var Akraborg miðuð öðru hverju. Á sunnudagsmorgun kl. 3.40 sáu menn á Sæbjörgu Akraborg, er flatrak fyrir sjó og vindi, og kl. 4.07 kom Sæbjörg að henni. Voru skipin þá 170 sm. NV frá Reykjavík. Átján mínútum síðar var lokið við að koma dráttartaug milli skipanna, og var þá lagt af stað til Hafnarfjarðar og skipinu skilað þar við bryggju mánudaginn 21. maí kl. 14.40. Telur stefnandi, að hér sé um að ræða ótvíræða björgun, og hefur því höfðað mál þetta til heimtu björgunarlauna. Að tilhlutan hans mátu dómkvaddir menn m/s Akraborg með reiða, seglum, vélum og öllum búnaði kr. 841.700,00
Veiðarfæri ..... — 18.000,00
Afla ..... — 3.600,00

Alls kr. 863.300,00

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hér sé ekki um björgun að ræða, enda hafi skipið ekki verið í neinni hættu og búið seglum, er það gæti notað til að sigla til lands. Einnig hafi verið sá möguleiki að taka annan stimpilinn úr sambandi og láta vélina ganga aðeins á hinum. Hafi aðstoð Sæbjargar verið í því einu fólgin, að unnt var að gera við vélina fyrr en ella, og einnig því, að önnur skip, sem nærri voru, þurftu þá ekki að hætta veiðum til þess að draga Akraborg til lands.

Bilun þá, er að vélinni kom, var mjög erfitt að bæta í rúmsjó. Í skipinu var að vísu til varalega, en til þess að setja hana í vélina þurfti að taka upp „cylindrana", en þeir eru þyngri en svo, að skipsmenn gætu framkvæmt það verk úti í rúmsjó vegna veltings á skipinu. Sömu vandkvæði voru á því að taka stimpilinn úr sambandi. Verður því að telja útilokað, að Akraborg hefði náð landi fyrir eigin vélarafli. Seglabúnaður Akraborgar var stagfokka, stórsegl og skutsegl. Þótt upplýst sé, að hér var um gaffalsegl að ræða, þykir verða að telja ljóst, að seglabúnaður þessi hefði ekki reynzt nægur til, að Akraborg gæti náð landi með hans tilstyrk, enda liggja frammi gögn um það, að vindáttin var óhagstæð í marga daga, eftir að vélin bilaði. Verður af þessu að telja sýnt, að Akraborg var í slíkri hættu stödd, að hér var um að ræða björgun í skilningi siglingalaganna. Björgunin tókst vel og var af hendi leyst með flýti og

verklagni og án þess að stofnað væri í hættu Sæbjörgu og áhöfn hennar. Við björgunina ónýttist dráttartaugin, sem var 30 faðma langt „grastóg", en skemmdir urðu ekki aðrar á skipunum eða því, sem þeim til heyrði. Þegar virt eru þau atriði, sem nú voru greind, og hliðsjón höfð af verðmætum þeim, sem bjargað var, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 80.000,00. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 9.500,00, og er þar í falinn matskostnaður. Einnig ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Akraborg til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn kváðu upp Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson skipstjóri og Þorsteinn Árnason vélstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Þorsteinsson, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 80.000,00 með 6% ársvöxtum frá 6. des. 1951 til greiðsludags og kr. 9.500,00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í m/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 122/1953. **Sigfús Baldvinsson** (Theodór B. Líndal)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Hermann Jónasson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann lækkunar á dæmdum bjarglaunum, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 100.000,00, en *til vara* aðra lægri fjárhæð, með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst gagnáfrýjandi og sjóveðréttar í v/s Sædísi, E.A. 380, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Sædísi til tryggingar fjárhæð þessari.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigfús Baldvinsson, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 40.000,00 með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags, kr. 4.500,00 í málskostnað í héraði og kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Sædísi, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. febrúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri, hér í bæ, vegna Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar varðskipsins Sæbjargar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 20. des. 1951, gegn Sigfúsi Baldvinssyni, Akureyri, f. h. eigenda m/s Sædísar, E.A. 380, og Guðna Jóhannssyni, útgerðarmanni skipsins, til heimilis Sæfelli á Seltjarnarnesi, til að greiða björgunarlaun in solidum, að fjárhæð kr. 100.000,00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, að skaðlausu. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í áðurnefndu skipi til tryggingar dómkröfunum.

Stefnandi hefur stefnt vátryggjanda skipsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur

gert á hendur félaginu, né heldur hefur réttargæzlustefndi gert nokkrar kröfur á hendur stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur útgerðarmanni skipsins, Guðna Jóhannssyni, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi hefur mótmælt kröfu stefnanda sem allt of hárri og krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Þá krefst hann þess, að dómurinn hljóði aðeins um viðurkenningu á sjóveðrétti í m/s Sædísi fyrir þeim launum, er dómurinn telur, að stefnandi eigi tilkall til.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 24. maí 1951 var m/s Sædís, E.A. 380, að lúðuveiðum 100 sjómílur norðvestur af Garðskaga. Þegar verið var að draga línuna um kl. 2.30, var hringt í vélarrúm á skiptingu vélarinnar aftur á. Fyrsti vélstjóri skipsins var þá staddur uppi í eldhúsi, en fór strax niður og skipti vélinni aftur á, eins og um hafði verið beðið. Heyrði hann þá óvenjulegan hávaða í gangskiptinum („gírnum") og stöðvaði vélina strax. Síðan athugaði vélstjórinn, hverju þetta sætti, og reyndi að setja vélina aftur í gang, en það reyndist ekki unnt. Við athugun á staðnum kom í ljós, að efri hluti gangskiptihússins var sprunginn frá. Þegar ljóst var um vélarbilun þessa, þótti ekki annað ráðlegt en að fá hjálp til að reyna að komast að landi, og voru af hálfu m/s Sædísar gerðar ráðstafanir til þess, að skip yrðu send henni til hjálpar. Kl. 14.20 fékk v/s Sæbjörg frá útgerðarstjórn sinni fyrirmæli um að fara m/s Sædísi til hjálpar. Var Sæbjörg þá stödd rétt innan við Garðskaga. Lagði Sæbjörg þegar af stað til hjálpar Sædísi og kom að henni föstudaginn 25. maí 1951 kl. 4.25, og var Sædís þá 116 sjómílur NV ½ V frá Garðskagavita. Tókst vel að koma dráttartaug á milli skipanna, og var því lokið kl. 4.55. Dráttartaugin var 100 faðma dráttarvír 3½", 30 faðma trossa 9½" og 30 faðma vírlegg 2½", sem fest var í akkeriskeðju Sædísar, og átti Sæbjörg dráttartaugina, en svo virðist sem Sædís hafi átt ½ lið af keðju.

Veður var, er þetta gerðist, A 4, sjór S 5 og loft skýjað. Þegar er dráttartauginni hafði verið komið milli skipanna, hélt Sæbjörg með Sædísi í eftirdragi til Reykjavíkur, og var Sædísi lagt við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn kl. 4.30 laugardaginn 26. maí 1951.

Þegar athugun á bilun vélarinnar hafði farið fram, eftir að til Reykjavíkur var komið, kom í ljós, að 4 tennur í öðru gangskiptihjólinu (gírhjólinu) voru brotnar af.

Skipstjóri Sædísar hefur við sjóferðapróf látið uppi það álit, að ekki hafi verið tök á því að framkvæma viðgerð á vélinni á sjó úti.

Fram hefur komið í málinu, að skipið hafði aðeins skutsegl, og ljóst er, að skipið gat ekki, eins og á stóð, bjargað sér á seglum til lands.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér hafi verið um ótvíræða

björgun að ræða. Skipið hafi verið vélarvana og án segla, er því gætu bjargað til hafnar, og vistir hafi ekki verið í skipinu nema til 3 daga.

Stefndi hefur ekki mótmælt því sérstaklega, að hjálp sú, sem Sæbjörg veitti Sædísi í umrætt skipti, hafi verið björgun, enda verður að telja, eftir því sem málavöxtum hefur verið lýst hér að framan, að Sædís hafi verið í nokkurri hættu, þar sem hún var stödd á opnu hafi með bilaða vél og hafði alls ófullnægjandi seglaútbúnað.

Stefndi hefur sérstaklega tilfært til andmæla stefnukröfunni, að Sæbjörg sé varðskip, styrkt af ríkinu til þess að gæta landhelginnar, og að svo miklu leyti sem hún sé björgunarskip í öryggisþjónustu ríkisins, beri ekki að greiða sérstaklega fyrir hjálp hennar í hvert skipti. Telja verður, að ástæður þessar valdi hvorki brottfalli né lækkun björgunarlauna.

Hið bjargaða verðmæti, skip, veiðarfæri og afli, hefur verið metið af dómkvöddum mönnum á kr. 329.000,00.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að útgerðarkostnaður v/s Sæbjargar sé kr. 5.000,00 á sólarhring.

Að athuguðum málavöxtum þeim, sem lýst er hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 40.000,00, og ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, er ákveðst kr. 4.500,00, og er þar með talinn matskostnaður.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Sædísi, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Hvað varðar kröfugerð stefnda um það, að aðeins verði dæmdur sjóveðréttur, þykir rétt að láta dómsorð hljóða eins og venja er til, enda þótt stefndi beri einungis ábyrgð á fullnustu með hinu veðbundna skipi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Sigfús Baldvinsson f. h. eigenda m/s Sædísar, E. A. 380, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar varðskipsins Sæbjargar, kr. 40.000,00 með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Sædísi, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 98/1953. **Jóhann Valdimarsson**
gegn
Haraldi Salómonssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Valdimarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Haraldi Salómonssyni, sem hefur krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 25/1954. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Lárusi Óskarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 29/1954. **Lárus Óskarsson**
gegn
Árnason, Pálsson & Co. h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lárus Óskarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 112/1952. **Dánarbú Þóru Helgadóttur**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóni Birni Benjamínssyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um barnsmeðlag. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júní s. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.161,05 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðild áfrýjanda í máli þessu hefur ekki verið vefengd.

Stefndi er sóttur í máli þessu til greiðslu meðalmeðgjafar

samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1921, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1935, 1. gr. laga nr. 61/1941 og 1. gr. laga nr. 55/1943, og svo til greiðslu lágmarksmeðgjafar samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1947. Þykir það því eigi standa málssókninni í vegi, þótt úrskurður valdsmanns hafi eigi gengið um meðlagsgreiðslur.

Meðlag, sem lög gera föður óskilgetins barns að greiða með því, er ætlað barninu sjálfu til framfærslu og menningar. Lagarök og eðli máls leiða því til þess, að barnið á sjálft réttinn til meðlagsins. Er og þessi niðurstaða í beztu samræmi við niðurlagsákvæði 7. gr. laga nr. 87/1947, þar sem svo er mælt, að fara skuli með fyrirframgreitt meðlag sem fé ófjárráðra. Móður óskilgetins barns er í lögum fengin heimild til að innheimta meðlag með því og verja því í þágu þess, svo sem lög mæla, en hana brestur hins vegar alla heimild að lögum og lagarökum til að afsala barninu rétti til meðgjafarinnar. Er og almennt nauðsyn að aftra því, að móðir óskilgetins barns gefi upp rétt barnsins. Verður því þegar af þessari ástæðu að meta ógilda yfirlýsingu Þóru heitinnar Helgadóttur, dags. 29. des. 1948, þar sem hún gaf upp kröfur á hendur stefnda til meðgjafar með óskilgetnum syni sínum og stefnda, Kjartani Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934, bæði fyrir liðinn tíma og óliðinn.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast meðlagsgreiðslur á fjórum árum. Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefur viðurkennt, að ófyrndar meðlagsgreiðslur, sem stefndi er krafinn um í málinu, nemi kr. 3.615,22, og ber að leggja þá viðurkenningu til grundvallar. Með tilvísan til framangreindra raka ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 3.615,22 með 6% ársvöxtum frá 27. nóv. 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, greiði áfrýjanda, dánarbúi Þóru Helgadóttur, kr. 3.615,22 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, trésmiður í Reykjavík, hefur kannazt við, að hann hafi ekki greitt barnsmóður sinni, Þóru Helgadóttur, meðlag með syni þeirra, Kjartani Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934. Árið 1947 fékk Þóra greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins vegna nefnds sonar síns fyrir níu fyrstu mánuði ársins, kr. 1.400,50. Árið eftir krafði Tryggingastofnunin stefnda um endurgreiðslu á fjárhæð þessari. Varð það tilefni þess, að stefndi fór hinn 29. desember 1948 suður í Sandgerði á fund Þóru, sem þar átti heima. Kveðst hann hafa skýrt henni frá, að Tryggingastofnunin hefði krafið hann um endurgreiðslu, og látið í ljós undrun sína út af því, þar sem Þóra hefði lofað honum að krefja hann ekki um meðlög með syni þeirra. Lagði hann síðan fyrir Þóru skjal, sem lögmaður hans hafði handritað, og ritaði Þóra nafn sitt undir skjalið að beiðni hans. En með þessu skjali er Þóra látin lýsa yfir því, að hún falli frá öllum kröfum um meðlagsgreiðslur með syni sínum, bæði fyrir liðinn og ókominn tíma, á hendur stefnda, Jóni Birni Benjamínssyni, framfærslusveit hans og Tryggingastofnun ríkisins.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að yfirlýsing þessi hafi samkvæmt 7. gr. laga nr. 87/1947 verið ógild, að því er varðar meðlagsgreiðslur, sem ekki voru í gjalddaga fallnar hinn 29. desember 1948. Kemur því aðeins til álita, hvort yfirlýsingin muni vera gild um eldri meðlagsgreiðslur.

Stefndi kveður Þóru hafa lesið skjalið, áður en hún undirritaði það, en ekki voru neinir vottar að gerningi þessum né samtali þeirra Þóru og stefnda í þetta sinn. Ekki hafði áður komið til tals milli þeirra, að Þóra gæfi stefnda yfirlýsingu með þessu efni, og stefndi hefur viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekkert rætt við Þóru um efni yfirlýsingarinnar, áður en hún ritaði nafn sitt undir hana. Þar sem skjalið hafði að geyma óvenjulegt og óeðlilegt ákvæði, sem mjög er í óhag Þóru, bar stefnda skylda til að benda henni sérstaklega á það, áður en hún ritaði nafn sitt undir yfirlýsinguna. Var sú skylda stefnda því ríkari, þar sem hann hafði einhliða látið semja yfirlýsinguna, sem átti að leiða til afsals mikilvægra rétt-

inda úr hendi Þóru. Tæpum fjórum mánuðum síðar gerði Þóra ráðstafanir í viðurvist votta til að krefja stefnda um áfallin meðlög, og minntist hún þá ekki á, að hún hefði gefið stefnda yfirlýsingu um uppgjöf á meðlagsskyldu. Nokkur vitni hafa skýrt svo frá, að Þóra hafi jafnan talið sig eiga rétt til meðlagsgreiðslna úr hendi stefnda, og eitt vitni hefur borið, að Þóra hafi tjáð því, að stefndi hafi komið suður í Sandgerði og fengið hana til að falla frá því að krefja Tryggingastofnun ríkisins um meðlög. Bendir þetta ásamt atvikum að undirskrift skjalsins mjög til þess, að Þóra hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir efni yfirlýsingarinnar. Og þar sem stefndi fékk Þóru með framangreindum hætti til að undirrita skjalið og hann hefur engar líkur leitt að því, að hún hafi ekki verið í villu, þá verður að telja, að Þóra hafi ekki að neinu leyti orðið bundin af yfirlýsingunni, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1936. Fram er komið í málinu, að stefndi var vel efnum búinn, en fjárhagur Þóru hins vegar þröngur. Ber því einnig, eins og yfirlýsingunni var háttað, að meta hana ógilda samkvæmt 32. gr. sömu laga.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um fyrningu á nokkrum hluta meðlagskröfunnar. Samkvæmt framanskráðu erum við samþykkir niðurstöðu dómsatkvæðis þeirra, og þar á meðal ákvæði um greiðslu málskostnaðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur yfirfjárráðandinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu vegna dánarbús Þóru Helgadóttur, Sandgerði, Miðneshreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. nóvember 1950, gegn Jóni Birni Benjamínssyni trésmið, Karfavogi 13 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða vangoldnar meðlagsgreiðslur, að fjárhæð kr. 13.169,05, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 2.700,00 og *til þrautavara* sýknu gegn greiðslu á kr. 5.817,87.

Málsatvik eru þau, að hinn 4. október 1934 eignuðust þau stefndi og Þóra sáluga Helgadóttir son, en þau voru ekki gift og virðast ekki hafa búið saman. Drengurinn, sem skírður var Kjartan Helgi Erlingur, var alinn upp á vegum Þóru, sem virðist hafa séð ein um

framfærslu hans framan af og ekki fengið neitt meðlag frá stefnda. Hinn 25. nóv. 1946 sækir Þóra heitin um barnalífeyri vegna drengsins til Tryggingastofnunar ríkisins. Fékk hún greiddan slíkan lífeyri fyrir mánuðina janúar—sept. 1947, samtals kr. 1.400,50. Hætt var að greiða lífeyri þennan, vegna þess að gefnar höfðu verið rangar upplýsingar í umsókn um hann, og var stefndi krafinn um endurgreiðslu. Virðist hann hafa endurgreitt fé þetta á árinu 1948. Hinn 29. des. 1948 fór stefndi á fund Þóru heitinnar, og undirritaði hún þá svohljóða skjal:

„Ég, Þóra Helgadóttir, Setbergi í Sandgerði, lýsi hér með yfir því, að ég fell frá öllum kröfum á hendur Jóni Birni Benjamínssyni trésmíðameistara, Hraunteigi 15 í Reykjavík, um meðlagsgreiðslur með syni okkar, Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934, og gildir þetta jafnt um meðlög fyrir liðinn tíma sem um meðlagsgreiðslur í framtíðinni, þannig að ég á engar kröfur af þessu efni á hendur greindum Jóni Birni Benjamínssyni, framfærslusveit hans né Tryggingastofnun ríkisins."

Á skjal þetta hafa engir vottar ritað.

Þóra heitin virðist um þessar mundir hafa verið búin að taka ólæknandi sjúkdóm, og frá því í janúarmánuði 1949 dvaldist hún hér í bænum á heimili mágkonu sinnar og þar til hún lézt hinn 27. apríl s. á. Hinn 24. apríl 1949 ritar mágkona Þóru heitinnar, sem hún dvaldist hjá, að beiðni hennar skjal, þar sem Þóra felur nafngreindum manni að krefja inn hjá stefnda meðlög með drengnum frá fæðingu hans, að frá skildu því meðlagi, sem Tryggingastofnun ríkisins hafði greitt. Í skjali þessu er tekið fram, að Þóra hafi lofað að krefja ekki stefnda um greiðslu, meðan hann væri við nám, en hann hafi lofað að greiða það að loknu námi, en það hafi hann eigi gert. Undir skjal þetta ritaði fyrrnefnd mágkona Þóru fyrir hennar hönd og tveir vottar, sem hafa borið fyrir dómi, að það hafi verið lesið fyrir Þóru og hún lýst sig samþykka því. Læknir sá, sem stundaði Þóru heitna í banalegu hennar, hefur vottað, að hún hafi verið með fullu ráði og rænu allt til andlátsdags. Frá 1. september 1949 til 31. okt. 1950 hafa almannatryggingarnar greitt venjulegan barnalífeyri með drengnum.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi skuldi meðlag með drengnum frá fæðingu hans til fullnaðs 16 ára aldurs eða alls kr. 16.764,30. Þar frá beri hins vegar að draga það fé, er hafi fengizt greitt frá almannatryggingunum, kr. 3.603.25, og komi þannig fram dómkrafan kr. 13.169,05 (svo). Að því er varðar yfirlýsingu Þóru heitinnar frá 29. desember 1948, þá hefur stefnandi talið, að hún sé ógild, þar sem Þóra hafi undirritað hana í þeirri trú, að í henni fælist aðeins yfirlýsing um, að hún skyldi ekki framvegis krefjast meðlags frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá hefur stefnandi talið, að yfirlýsing þessi væri ógild samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að svo hafi verið samið frá upphafi með þeim Þóru heitinni, að hún krefði ekki meðlaga með syni þeirra. Samningur þessi hafi ekki verið skriflegur, en haldinn að öllu leyti af Þóru heitinni. Þó hafi hún eitt sinn fengið greiddar kr. 1.400,50 frá Tryggingastofnun ríkisins, er Tryggingastofnunin hafi síðan endurkrafið hjá stefnda. Hefur stefndi dregið í efa, að það hafi verið að vilja Þóru heitinnar, að fé þetta var fengið greitt. Hinn 28. des. 1948 hafi Þóra heitin síðan undirritað yfirlýsingu þess efnis, að hún félli frá öllum meðlagskröfum á hendur stefnda, bæði fyrir liðinn tíma og í framtíðinni. Þessi samningur sé að öllu leyti gildur og bindandi fyrir dánarbú hennar. Þá hefur stefndi mótmælt því, að yfirlýsing þessi sé ógild, af því að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði 7. gr. laga nr. 87 frá 1947. Að minnsta kosti hafi Þóru heitinni verið heimilt að gefa eftir öll þau meðlög, sem í gjalddaga voru fallin. Að því er varði þann tíma, sem honum hafi borið að greiða meðlög eftir lát Þóru, þá hafi hann boðizt til að taka drenginn á sitt heimili, en það hafi ekki fengizt, og komi því ekki til greina, að honum verði gert að greiða meðlög fyrir þann tíma. Enn fremur geti stefnandi ekki krafið um meðlög fyrir þann tíma, sem almannatryggingar hafi greitt þau. Loks hefur stefndi mótmælt öllum kröfum eldri en fjögra ára, frá því að hafizt var handa um fjárheimtu þessa, sem fyrndum.

Varakröfu sína um greiðslu á kr. 2.700,00 byggir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða meðlög frá dánardægri Þóru heitinnar 27. apríl 1949 til loka októbermánaðar 1950, en í þeim mánuði varð drengurinn 16 ára.

Þrautavarakröfu sína um greiðslu á kr. 5.817,97 byggir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða meðlög frá 4. nóv. 1946, þar sem eldri kröfur séu fyrndar, og nemi það fé kr. 7.218,47, en þar frá beri að draga þær kr. 1.400,50, er Tryggingastofnun ríkisins hafi innheimt.

Því er ekki mótmælt, að Þóra heitin hafi undirritað yfirlýsingu þá frá 28. des. 1948, sem að framan er getið. Og ósannað er, að henni hafi ekki verið ljóst efni hennar og þýðing. Í 7. gr. laga nr. 87 frá 1947 segir m. a., að barnsmóður sé heimilt að semja fyrir fram um greiðslu meðlags, en þó sé sá samningur því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann, og eigi sé heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyrir sé á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Samkvæmt þessu ákvæði er ógild sú ákvörðun samkomulags þeirra stefnda og Þóru heitinnar, sem varðar þau meðlög, sem eigi voru í gjalddaga fallin, er samkomulagið var gert. Hins vegar verður ekki komizt hjá að telja samkomulag þetta gilt, að því er varðar þau meðlög, sem í gjalddaga voru fallin. Samkvæmt þessu eru meðlög með drengnum kræf frá 1. janúar 1949 að telja, enda sýnir skjalið frá 24. apríl 1949 vilja Þóru heitinnar til heimtu þeirra. Í málinu er fram komið, að almannatryggingar hafa greitt

barnalífeyri vegna drengsins frá 1. sept. 1949 til 16 ára aldurs hans. Verður því ekki talið, að stefnandi geti krafið stefnda um meðlag fyrir þann tíma. Með vísan til þessa ber stefnda að greiða stefnanda meðlög fyrir tímabilið frá 1. janúar 1949 til 1. sept. s. á. eða kr. 1.200,00, og skiptir ekki hér máli, þótt stefndi hafi boðizt til að taka drenginn til sín, enda ósannað, að hann hafi gert það fyrr en í nóvembermánuði s. á.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 1.200,00 með vöxtum svo sem krafizt er og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, greiði stefnanda, yfirfjárráðandanum í Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h. dánarbús Þóru Helgadóttur, kr. 1.200,00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 450,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. júní 1954.

Kærumálið nr. 13/1954.

Ákæruvaldið (Theodór B. Lindal)

gegn

Kristjáni Hans Jónssyni (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæruvaldið. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, settur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ákærði kærði til Hæstaréttar 24. maí þ. á. úrskurð sakadóms Keflavíkurflugvallar, upp kveðinn sama dag, og veitti utanríkisráðherra samþykki til kærunnar hinn 8. júní þ. á. með tilvísan til 124. gr. laga nr. 27/1951. Hæstiréttur skipaði sækjanda og verjanda í málinu, og var það flutt munnlega í Hæstarétti hinn 23. þ. m.

Af hendi ákærða hefur þess verið krafizt, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, sökum þess að utanríkisráðherra, sem

ákveðið hefur málshöfðun á hendur ákærða, fari ekki með ákæruvald að lögum, heldur beri það undir dómsmálaráðherra.

Samkvæmt úrskurði forseta nr. 58/1953 bera dómsmál almennt undir Bjarna Benediktsson ráðherra.

Ákvæði laga nr. 27/1951 verða eigi skilin á annan veg en þann, að einn og sami dómsmálaráðherra fari með ákæruvaldið í landinu á hverjum tíma, svo sem tíðkazt hefur og eðli máls er samkvæmt. Á þessari skipun verður ekki gerð breyting nema með lögum, er greini skýrt, hvernig ákæruvaldinu skuli skipt milli ráðherra. Bráðabirgðalög nr. 1/1954, um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, og lög nr. 33/1954, um sama efni, geyma ekki heimild handa utanríkisráðherra til að fara með ákæruvald, þótt frá því sé skýrt í athugasemdum við frumvarp til hinna síðargreindu laga, að utanríkisráðherra hafi tekið við afgreiðslu dómsmála á Keflavíkurflugvelli frá síðustu áramótum.

Með forsetaúrskurði verður ekki gerð breyting á gildandi lögum um það, að einn og hinn sami dómsmálaráðherra fari með ákæruvaldið á hverjum tíma.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, brast utanríkisráðherra heimild til að samþykkja kæru á máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt niðurlagsákvæði 124. gr. laga nr. 27/1951, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Allan kostnað af kærumáli þessu ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun hdl. Guðlaugs Einarssonar, sem annaðist kæruna til Hæstaréttar, kr. 500,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Ríkissjóður greiði allan kærumálskostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 500,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Theodórs B. Líndals og Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1.500,00 til hvors.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 24. maí 1954.

Mál þetta átti að dómtaka 9. marz sl., en er skipaður verjandi ákærða, Guðlaugur Einarsson, lagði fram skriflega vörn í málinu, krafðist hann sýknu fyrir ákærða, þar eð hann telur vera um að ræða aðildarskort hjá ákæruvaldinu í máli þessu. Verjandi ákærða telur mál þetta höfðað af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, en að deild þessi fari ekki með neitt ákæruvald og sé því málatilbúnaðurinn lögleysa.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 8. febrúar 1954, gegn Kristjáni Hans Jónssyni rennismið, Leifsgötu 5, Reykjavík, nú starfandi hjá varnarliðinu, Keflavíkurflugvelli, fyrir brot á umferðar-, bifreiða- og áfengislögum, skv. 1. mgr. 21. greinar áfengislaga, nr. 33 frá 1935, 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 23. greinar bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, og 18. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, *með því* að hafa hinn 15. marz 1953 ekið bifreiðinni VL. 257 undir áhrifum áfengis með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór út af veginum og hvolfdi, 2) ekið bifreiðinni í fyrrgreint skipti án þess að hafa ökuleyfi, enn fremur fyrir að hafa ekið bifreið hjá Metcalfe Hamilton Smith Beck-félögunum á Keflavíkurflugvelli öðru hverju, áður en hann fékk ökuréttindi, 3) hinn 12. september 1953 kl. 02,30 verið áberandi ölvaður með ýmis drykkjulæti fyrir utan Apótek Keflavíkur; til vara skv. 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, fyrir að hafa ekið bifreiðinni haldinn slíku svefnleysi, þreytu og sljóleika, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærist nefndur Kristján Hans Jónsson til refsingar skv. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, 38. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, til sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. apríl 1927 í Reykjavík.

Hann hefur sætt eftirfarandi ákærum og refsingum:

1937 11/5 Kærður fyrir þjófnað á járni og kopar. Málið sent barnaverndarnefnd til meðferðar.
1938 24/10 Kærður fyrir rúðubrot, afgreitt til barnaverndarnefndar.
1938 3/2 Kærður fyrir þjófnað, afgreitt á sama hátt.
1938 5 og 6/2 Kærður enn fyrir þjófnað, og málið hlaut sams konar afgreiðslu.
1939 29/11 Kærður fyrir brot á ljósakúlu, hlaut sömu afgreiðslu.
1940 13/2 Kærður fyrir ofbeldi og árás, hlaut enn sömu afgreiðslu.
1943 28/9 Kærður fyrir þjófnað, málssókn felld niður, en ákærður settur undir eftirlit í 2 ár.

1944 29/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.

1944 28/8 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 4. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.

1945 1/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, 2. júlí sama ár 50 króna sekt fyrir sams konar brot, 14. okt. sama ár kærður fyrir ölvun og ryskingar á lokuðum dansleik, lofaði greiðslu á skaðabótum, kr. 75,00, og enn 30. nóvember sama ár 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 28/12 Sátt í Hafnarfirði, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 17/4 Sátt í Reykjavík, 40 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri, og 16. okt. sama ár, 125 króna sekt fyrir sama.

1950 23/7 Sátt í Reykjavík, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1951 7/3 Kærður fyrir ölvun, en fellt niður. 19. og 29. ágúst, 75 og 100 króna sekt fyrir sams konar brot.

1952 7/3 Kærður fyrir tilraun til innbrots í bifreið, en saksókn felld niður.

1953 17/8 Sátt, 75 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Að öðru leyti hefur ákærður ekki sætt kærum og refsingum, svo að vitað sé.

Áður en dómur að efni til væri lagður á mál þetta, þurfti að kveða á með úrskurði um formshlið málsins, og leit dómarinn svo á, að hér væri skv. eðli málsins um tilvik að ræða skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála. Var ráðherra því gefinn kostur á að tjá sig um málið skv. áður tilvitnaðri lagagrein.

Svar ráðherra hefur borizt með bréfi utanríkisráðuneytisins, — varnarmáladeildar —, dags. 1. f. m., og er þar talið, að ákæruvaldið varðandi mál þetta sé í höndum dr. Kristins Guðmundssonar sem dómsmálaráðherra, sbr. forsetaúrskurð um skipan og skipting starfa ráðherra frá 11. september 1953.

Verjandi ákærðs hefur haldið fram, að í tilvitnaðri auglýsingu sé ekki minnzt á, að téður ráðherra, þó að hann fari með framkvæmd varnarsamningsins, fari með dómsmál eða ákæruvald, og hljóti því mál þessi að vera í höndum dómsmálaráðherra. Verjandi ákærðs telur og, að það mundi hafa verið lögleysa að láta slíka auglýsingu breyta lagaákvæðum, settum eftir lögformlegum reglum, þótt minnzt hefði verið á í auglýsingunni, að títtnefndur ráðherra ætti að fara með dóms- og ákæruvald gegn hópi landsmanna, er býr á tilteknu svæði landsins, og litið svo á af verjanda ákærðs, að óheimilt sé að skipta ákæruvaldinu milli ráðherra.

Í stjórnarskrá lýðveldisins frá 17. júní 1944, 15. grein, er svo ákveðið, að forseti skipi ráðherra og skipti störfum með þeim. Samkvæmt þessu er áðurnefnd auglýsing, nr. 58 frá 11. september 1953, gerð.

Þar er ákveðið, að dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra fari með framkvæmd varnarsamningsins á Keflavíkurflugvelli, þ. á m. lögreglumál, tollamál, flugmál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Af auglýsingu þessari er ljóst, að ekki eru taldir upp allir málaflokkar, er leiðir af framkvæmd varnarsamningsins og dvöl hins erlenda varnarliðs hér. Lítur dómurinn svo á, að þar sem títtnefndur ráðherra fari með lögreglumál, verði að skoða það í víðtækustu merkingu, þannig að hann fari með dómsmál og ákæruvald í þeim málum, er snertir varnarliðsmenn og þá aðra, er vegna framkvæmda varnarsamningsins dveljast á varnarsvæðinu eða brjóta af sér þar, en þar undir fellur ákærður.

Dómurinn telur skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar löglegt að skipta ákæru- og dómsvaldi milli ráðherra. Þó að svo sé ákveðið í 20. gr. laga nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála, að dómsmálaráðherra fari með ákæruvald, breytir slíkt almennt lagaákvæði ekki stjórnskipunarlögum.

Dómurinn telur málið því réttilega höfðað af hendi ákæruvaldsins, að dr. Kristinn Guðmundsson sé dómsmálaráðherra í þessu máli, og er ákæruskjalið gefið út í varnarmáladeild ráðuneytis hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður varðandi úrskurð þennan falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa vegna mjög mikilla embættisanna.

Því úrskurðast:

Ákærður, Kristján Hans Jónsson, skal ekki vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu né skal málinu frá vísað vegna aðildarskorts ákæruvaldsins.

Málskostnaður vegna úrskurðar þessa fellur niður.

Þriðjudaginn 29. júní 1954.

Nr. 97/1954. **Valdstjórnin**
(Guðmundur V. Jósefsson hdl.)
gegn
Gróu S. Sigurbjörnsdóttur
(Áki Jakobsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Niðurrif húss. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hús það, sem í málinu greinir, reisti hernámslið Breta á styrjaldarárunum á erfðafestulandi Guðjóns B. Jónssonar, Sogamýrarbletti 30 í Reykjavík, en land þetta hefur nú verið tekið úr erfðaleigu. Eftir brottför brezka herliðsins var húsið í notum varnarliðs Bandaríkja Ameríku. Í lok styrjaldarinnar kom húsið í eigu ríkissjóðs og var síðan af sölunefnd setuliðseigna afhent greindum erfðafestuhafa, en hann seldi kærðu það með afsali 8. október 1946. Afsal þetta var þinglesið hinn 3. nóvember 1952, en sama dag hafði lóðaskrárritari ritað á afsalið, að húsið væri lóðarréttindalaust.

Stjórnvöld Reykjavíkur veittu ekki byggingarleyfi fyrir húsinu í upphafi, og eigi hafa þau síðar veitt leyfi til þess, að það mætti standa, þar sem það var reist. Hinn 24. nóvember 1953 samþykkti bæjarráð að láta rífa húsið, og hinn 3. desember s. á. staðfestir bæjarstjórn þá ákvörðun bæjarráðs, enda stendur húsið í vegi fyrirhuguðum mannvirkjum á þessum slóðum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hafa stjórnvöld byggingarmála eigi veitt samþykki sitt til þess, að hús kærðu standi, þar sem það nú er, og er húsið þar algerlega lóðarréttindalaust. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum á ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærða, Gróa Sigurrós Sigurbjörnsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Guðmundar V. Jósefssonar og Áka Jakobssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Við lítum svo á, að krafan um, að kærðu skuli skylt að þola niðurrif hússins nr. 28 við Réttarholtsveg, gæti því aðeins fallið undir ákvæði 11. töluliðar 2. gr. laga nr. 27/1951, að með byggingu hússins hefðu verið brotin ákvæði laga eða samþykkta um byggingarmálefni í Reykjavík. Þessu var ekki hér til að dreifa, þar sem húsið var reist af hernámsyfirvöldum, sem ekki lutu íslenzkri lögsögu, og komst síðar í eign íslenzka ríkisins og aftur úr höndum þess í eign íslenzkra þegna, nú síðast kærðu, Gróu Sigurbjarnardóttur.

Í öðru lagi álítum við, að jafnvel þótt sakarefnið væri talið falla undir nefndan 11. tölulið 2. gr., þá ætti Reykjavíkurbær, en ekki ákæruvaldið eða valdstjórnin, aðild málsins. Upphafsákvæði 2. gr. segja aðeins, að þar greind mál skuli sæta rannsókn og meðferð að hætti opinberra mála, en greina ekkert um sakaraðild. Reykjavíkurbær hefur gert kröfu um niðurrif hússins, og á hann samkvæmt eðli málsins að hafa sakarforræði og þar með dómsaðild út af henni.

Samkvæmt framansögðu verður atkvæði okkar á þá leið, að mál þetta verði ómerkt og því vísað frá héraðsdómi. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, munum við samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1954.

Ár 1954, föstudaginn 18. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2639/1954:

Ákæruvaldið gegn Gróu Sigurrós Sigurbjörnsdóttur, sem dómtekið var nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Gróu Sigurrós Sigurbjörnsdóttur húsfreyju, til heimilis á Réttarholtsvegi 28 hér í bæ. Samkvæmt ákæruskjali, dags. 15. júní sl., er málið höfðað gegn ákærðri, Gróu Sigurbjörnsdóttur húsfreyju, Réttarholtsvegi 28 í Reykjavík, fæddri 28. maí 1916 á Akranesi, „til þess samkvæmt 2. mgr. 38. gr., sbr. 3. tl. 37. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195/1945, að þola, að húseign hennar nr. 28 við Réttarholtsveg í Reykjavík verði rifin niður á hennar kostnað, en hús þetta var á hernámsárunum byggt af setuliðinu án samþykkis byggingarnefndar og breytt síðar, 1946, án hennar samþykkis, sbr. 1. tl. 4. gr. nefndrar samþykktar. Þá er málið og höfðað gegn nefndri Gróu Sigurbjörnsdóttur til greiðslu alls málskostnaðar."

Ákærð er fædd 28. maí 1916 á Akranesi. Hinn 5. september 1951 hlaut ákærð áminningu fyrir óspektir. Um aðrar kærur eða refsingar er ekki kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., kærði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómara, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta er Réttarholtsvegur 28 hér í bæ. Stendur það á lóðunum nr. 23 og 25 við Háagerði og er þar í bága við skipulag þessa svæðis. Hindrar húsið byggingarframkvæmdir á lóðum þessum, m. a. holræsagerð. Var það ósk byggingarfulltrúa, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs.

Skráður eigandi húss þessa er ákærð. Býr hún í húsinu. Við rannsókn upplýstist, að ákærð hefði keypt hús þetta árið 1946. Keypti hún húsið fyrir kr. 5.000,00 af manni, sem hafði fengið það hjá sölunefnd setuliðseigna árið áður. Er ákærð fékk húsið, var það komið að hruni, en það er hlaðið úr steinum. Var húsið einn geimur, án lofts. Húsið er um 100 fermetrar að stærð. Maður sá, er ákærð býr með, hófst þegar handa með lagfæringu á húsinu. Innréttaði hann strax eitt herbergi og eldhús, og fluttust ákærð og maður þessi haustið 1946 í húsið. Hafa þau búið þar síðan. Var unnið að innréttingu hússins fram á árið 1949. Húsið er kjallaralaust með risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús. Í risi hefur verið innréttað eitt herbergi.

Það er upplýst í málinu, að ekki var hirt um það af hálfu ákærðrar að sækja um leyfi til byggingaryfirvalda til að innrétta húsið. Sagði ákærð, að ekki hefði verið höfð hugsun á því.

Samkvæmt 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, má eigi hefja byggingarframkvæmdir sem þær, er ákærð lét vinna, nema fyrir liggi leyfi byggingaryfirvalda til framkvæmdanna (byggingarleyfi), sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar. Þar eð sannað er, að ákærð hafði ekki leyfi til að innrétta húsið, og engin önnur atvik virðast vera fyrir hendi, er haggað gætu því, að

ákvæði byggingarsamþykktarinnar næðu óskorað til húss þess, sem mál þetta er risið af, ber að dæma ákærða til að þola, að umrætt hús verði rifið niður á hennar kostnað, sbr. ákvæði 38. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 700,00.

Dómsorð:

Hús ákærðrar, Gróu Sigurrósar Sigurbjörnsdóttur, Réttarholtsvegi 28 hér í bæ, skal rifið niður á hennar kostnað.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., að upphæð kr. 700,00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júlí 1954.

Kærumálið nr. 14/1954.

Valdstjórnin

gegn

Emil Jónatan Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómstólar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Dómsmálaráðherra hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur.

Samkvæmt upphafsákvæði og 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 skulu mál til sviptingar lögræðis sæta meðferð samkvæmt ákvæðum nefndra laga. Í Reykjavík ber slík mál því undir sakadómara, sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Hinn kærði dómur verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdómara í opinberum málum taka því ekki til máls þessa, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Með þessari athugasemd teljum við, að staðfesta beri hinn kærða dóm.

Þóknun talsmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 300,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð okkar verður þannig:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Þóknun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Baldurssonar héraðsdómslögmanns, kr. 300,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júlí 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 15. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í lögræðissviptingarmáli Emils Jónatans Jónssonar, en mál þetta var tekið til úrskurðar eða dóms nú samdægurs.

Mál þetta er þannig til komið, að með bréfi til sakadómara, dags. 1. júlí sl., gerði dómsmálaráðuneytið þá kröfu, að Emil Jónatan Jónsson verkamaður, til heimilis í Eddubæ við Elliðaár hér í bæ, f. 10. október 1906 á Vakursstöðum í Vindhælishreppi, yrði skv. 6. tölulið b 7. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, sviptur sjálfræði sínu sakir drykkjuskapar í því skyni, að honum yrði síðan ráðstafað á hæli.

Emil Jónatan mótmælti sjálfræðissviptingarkröfunni. Skipaður talsmaður hans, Sigurður Baldursson hdl., krafðist fyrir hönd Emils Jónatans frávísunar málsins og málskostnaðar að mati dómsins.

Talsmaðurinn rökstuddi kröfu sína um frávísun með því, að samkvæmt 8. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, ætti að bera kröfu um lögræðissviptingu hér í Reykjavík upp við borgardómara, en ekki sakadómara. Taldi talsmaðurinn, að þetta ákvæði hefði ekki verið

úr lögum numið, hvorki með setningu l. nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, né öðrum lögum. Benti talsmaðurinn á, að enda þótt talað sé um í 4. tl. 2. gr. l. nr. 27/1951, að lögræðissviptingarmál skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, þá þýði það ekki annað en að málin skuli rannsakast að hætti opinberra mála, sbr. ákvæði 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947, sbr. og greinargerðina með frumvarpinu að lögum nr. 27/1951.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. l. nr. 27/1951 var dómsmálaráðuneytinu gefinn kostur á því að tjá sig um málið, áður en það var tekið til úrskurðar eða dóms.

Með bréfi, dags. 13. júlí sl., svaraði dómsmálaráðuneytið á þessa leið:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 10. þ. m., sem fylgir endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi sjálfræðissviptingarmál Emils Jónatans Jónssonar til umsagnar samkvæmt 2. málsgr. 124. gr. laga 27/1951, tekur ráðuneytið fram, að við gildistöku þeirra laga hinn 1. júlí 1951 var það talinn eðlilegastur skilningur á 4. tölul. 2. gr., sbr. 1. málsgr. 4. gr. laganna, að meðferð lögræðissviptingarmála félli undir sakadómaraembættið."

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, þ. e. 1. júlí 1951, fór borgardómarinn í Reykjavík með lögræðissviptingarmál hér í Reykjavík, sbr. 8. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, þar sem það er beinlínis tekið fram, að í Reykjavík skuli kröfu um lögræðissviptingu bera upp við borgardómara.

Eftir gildistöku laga nr. 27/1951 reis upp vafi um það, undir hvorn lögræðissviptingarmál skyldu falla hér í Reykjavík, borgardómara eða sakadómara. Dómsúrskurður gekk þó ekki um þetta, heldur var málið athugað utan réttar, og með bréfi, dags. 26. júlí 1951, til sakadómara tók dómsmálaráðuneytið fram, að ..... „það hefur að athuguðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að ..... mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skuli í Reykjavík sæta meðferð sakadómara eftir gildistöku laga nr. 27/1951."

Síðan hefur sakadómari fjallað um mál þessi, en ekki hefur fyrr en nú með kröfunni um frávísun málsins reynt á það, hvort sakadómari væri að lögum bær um að leggja dóm á kröfu um lögræðissviptingu eða ekki.

Úrslit máls þessa velta fyrst og fremst á því, hvort lög nr. 27/1951 hafi breytt ákvæðum laga nr. 95/1947 um, að kröfu um lögræðissviptingu skuli hér í Reykjavík bera upp við borgardómara.

Í 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947 segir, að dómari lögræðissviptingarmáls rannsaki málavexti að hætti opinberra mála.

Í 2. gr., 4. tl., l. nr. 27/1951 segir, að mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögunum.

Í 1. mgr. 4. gr. l. nr. 27/1951 segir, að sakadómari í Reykjavík rannsaki og fari með opinber mál.

Lögræðissviptingarmál eru ekki opinber mál, þótt þau fari að hætti opinberra mála. Ef ætlun löggjafans hefði verið sú að færa lögræðissviptingarmálin undir lögsögu sakadómara, hefði þurft skýlaus lagaákvæði fyrir því, en slík ákvæði eru hvorki finnanleg í l. nr. 27/1951 né öðrum lögum. Ákvæði 4. tl. 2. gr. l. nr. 27/1951 eru aðeins ítrekun á ákvæðum 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947. Verður ekki séð, að l. nr. 27/1951 raski nokkrum ákvæðum l. nr. 95/1947.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir bresta lagaheimild til þess, að sakadómarinn í Reykjavík fjalli um lögræðissviptingarmál, og enda þótt sakadómarinn hafi farið með þessi mál að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins nú um skeið eða síðan 1. júlí 1951, haggar það ekki þessari niðurstöðu. Því ber að taka til greina fram komna kröfu og vísa máli þessu frá sakadómi.

Ákveða ber, að allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., er þykir hæfilega ákveðin kr. 250,00.

Dómsorð:

Lögræðissviptingarmáli Emils Jónatans Jónssonar verkamanns, Eddubæ við Elliðaár hér í bæ, vísast frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., að upphæð kr. 250,00.

Þriðjudaginn 21. september 1954.

Kærumálið nr. 17/1954.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

gegn

Böðvari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júní sl., er hingað barst 3. þ. m. Krefjast þeir þess,

að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Fjármálaráðherra hefur með úrskurði 2. marz 1954 ákveðið, að vara sú, sem í máli þessu greinir, skuli vera tollskyld samkvæmt 1. tölulið 45. kafla laga nr. 62/1939. Bera má undir dómstóla, hvort þessi úrskurður ráðherra fari í bága við lög.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 250,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Böðvari Sigurðssyni, kærumálskostnað, kr. 250,00.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðarkaupstaðar 28. júní 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 23. þ. m., hefur Böðvar Sigurðsson kaupmaður, Austurgötu 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn bæjarfógetanum í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, út gefinni 16. marz sl. Stefnandi hefur gert þær kröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða sér aðflutningsgjöld frá 18. jan. 1954, að upphæð kr. 4.949,35, auk 6% vaxta frá 18. jan. 1954 til endurgreiðsludags og allan málskostnað samkvæmt mati réttarins að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar eftir mati dómsins. Frávísunarkrafan er byggð á ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl. Telja stefndu, að með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 2. marz sl., rskj. nr. 8, hafi verið felldur úrskurður í máli því, sem hér liggur fyrir. Þessi úrskurður sé samkvæmt nefndu ákvæði fullnaðarúrskurður í málinu. Málið heyri ekki undir dómstóla. Þess vegna beri að vísa því frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt umræddri frávísunarkröfu og krafizt þess, að henni verði hrundið.

Mál þetta er höfðað til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af

myndabókum fyrir börn, sem stefnanda var gert að greiða. Stefnandi heldur því fram, að nefndar myndabækur séu tollfrjálsar. Aðflutningsgjald af þeim hafi því verið ranglega krafið, enda hafi stefnandi greitt með fyrirvara um endurgreiðslu.

Hið umdeilda lagaákvæði er í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1939 og hljóðar svo:

„Nú rís ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vöru, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu."

Það er aðalregla, að heimilt er að bera undir dómstóla ágreining um skyldur, sem rís milli einstaklings og ríkissjóðs eða annarra opinberra stofnana. Þegar um er að ræða gjaldskyldu, svo sem útsvör, aðflutningsgjöld o. þ. h., þá eru dómstólar bærir að skera úr því, hvort aðilja beri að lögum skylda til að greiða slík gjöld. Til þess að synja mönnum réttar til þess að leita úrlausnar dómstólanna um þessi mál þyrfti skýlausa heimild, sbr. Einar Arnórsson: Dómstólar og réttarfar, 22.—23. bls.

Þar eð tilvitnað lagaákvæði fjallar ekki um það, *hvort* tolla skuli vöru, heldur hitt, *hvernig* tolla skuli vöru, verður ekki talið, að ákvæði þetta fari í bága við þær meginreglur, sem hér var lýst.

Þegar af þessari ástæðu ber að hrinda fram kominni kröfu um frávísun máls þessa.

Ályktarorð:

Fram komin frávísunarkrafa stefndu verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 24. september 1954.

Kærumálið nr. 16/1954.

Gunnar Jóhannsson
gegn
Ófeigi Helgasyni
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm hafa upp kveðið Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, og samdómendurnir Ásgeir Valdimarsson og Jóhannes Steingrímsson.

Aðalkærandi hefur með kæru 30. júlí 1954, sem Hæstaréttí barst 30. ágúst s. á., skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar og krafizt þess, að dómurinn verði ómerktur, lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið upp af nýju í héraði og dæma það að efni til og að gagnkæranda verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Gagnkærandi hefur með kæru 31. júlí 1954, sem Hæstaréttí barst 30. ágúst s. á., kært ákvæði héraðsdóms um málskostnað og krafizt þess, að aðalkæranda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði eftir fram lögðum reikningi svo og kærumálskostnað.

Í máli þessu er deilt um, hversu víðtækur réttur gagnkæranda er til töku á heitu vatni úr Skíðastaðalaug samkvæmt samningi aðilja frá 28. nóv. 1944. Þenna ágreining ber undir dómstóla eðli sínu samkvæmt, og verður eigi sótt í 4. gr. laga nr. 98/1940 heimild til að taka hann undan lögsögu þeirra. Var því óheimilt að vísa málinu frá dómi með tilvísun til nefnds lagaboðs.

Mál þetta er í ýmsum greinum vanreifað af hendi stefnanda í héraði. Eigi liggur fyrir skýrsla um vatnsmagn Skíðastaðalaugar, hverjum hafi verið veitt afnot þess, hvenær og í hve stórum mæli, hve mikið heitt vatn þurfi til heimilis- og búsþarfa aðilja, svo og hve mikið vatn tveggja þumlunga pípa mundi flytja úr nefndri laug, ef hún lægi órofin alla leið að býli stefnda, Reykjaborg. Af þessum sökum var héraðsdómi rétt að vísa málinu frá vegna vanreifunar. Þykir því bera að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Ákvæði héraðsdóms um kostnað og þóknun til dómenda í héraði staðfestist.

Samkvæmt úrslitum málsins ber aðalkæranda að greiða gagnkæranda málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem samtals ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun málsins og kostnað og þóknun til dómenda í héraði eiga að vera óröskuð.

Aðalkærandi, Gunnar Jóhannsson, greiði gagnkær-

anda, Ófeigi Helgasyni, samtals kr. 3.000,00 í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 27. júlí 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þessa mán., hefur stefnandi, Gunnar Jóhannsson, bóndi að Varmalæk í Lýtingsstaðahreppi, höfðað fyrir aukaþingsdóminum með stefnu, út gefinni 9. okt. 1952, á hendur stefndum, Ófeigi Helgasyni, bónda að Reykjaborg í sama hreppi, út af ágreiningi um rétt aðilja til hagnýtingar á vatni til upphitunar úr Skíðastaðalaug.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefndur, Ófeigur Helgason, verði að undangengnu mati dæmdur til að hlíta því, að stefnandi afhendi honum heitt vatn úr Skíðastaðalaug, svo mikið sem tveggja þumlunga pípa, er liggur lárétt, flytur úr lauginni fyrir eðlilegan vatnsþrýsting í lauginni sjálfri; *til vara*, að vatnið verði afhent úr lauginni með þeim hætti, sem dómkvöddum mönnum væri falið að segja fyrir um, svo að stefndum yrði afhent vatnið í eina tveggja tommu víða pípu, eins og áskilið er í samningi málsaðilja, dags. 28. nóv. 1944. Með skírskotun til greinargerðar sinnar í málinu á dskj. nr. 4, 3 og tilvísun til málsgerðar á dskj. nr. 3 hefur stefnandi *„til ýtrustu vara"* gert þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi í máli þessu, að stefndur eigi aðeins rétt á vatnsmagni úr Skíðastaðalaug, er nemi 1,6 l/sek., sbr. dskj. nr. 25.

Þá hefur stefnandi krafizt, að stefndur verði dæmdur til að greiða allan kostnað við nauðsynlega breytingu á vatnsleiðslunni samkvæmt reikningi og málskostnað eftir reikningi að mati dómara.

Stefndur hefur hins vegar krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Málavextir eru sem nú skal greint:

Með þinglesnum kaupsamningi, dags. 5. nóv. 1933, og eftirfarandi afsali, dags. 9. júlí 1936, keypti stefndur af Bjarna Björnssyni, bónda að Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi, hluta úr landi nefndrar jarðar, Skíðastaða, svonefnda Skíðastaðabakka.

Skíðastaðalaug er utan (vestan) þessa afsalaða lands. En með kaupi þessu öðlaðist stefndur rétt til hagnýtingar á heitu vatni úr Skíðastaðalaug samkvæmt 4. gr. ofangreinds kaupsamnings, er hljóðar svo: „Kaupandi hefur rétt til þess að fá að taka heitt vatn úr Skíðastaðalaug til neyzlu og upphitunar í væntanlegum byggingum sínum á hinni seldu eign," sbr. dskj. nr. 7. Með þinglesnum kaupsamningi, dags. 19. apríl 1944, með árituðu afsali, dags. 24. sama

mán., keypti stefnandi þessa máls framangreinda jarðeign, Skíðastaði, af nefndum Bjarna Björnssyni. Hljóðar 2. tl. kaupsamningsins þannig: „Vatnsréttindi frá Skíðastaðalaug fylgja óskert að undanskildu því vatni, er áður er selt Ófeigi Helgasyni, Reykjaborg, og hann hefur að fullu tekið, svo og það, er kaupandi hefur áður keypt og greitt að fullu," sbr. dskj. nr. 2.

Það er viðurkennt af stefndum, að þegar síðastgreind kaup fóru fram, þá hafi hann leitt vatn úr Skíðastaðalaug í einni 1¼" víðri pípu, sem þrengd er niður í pípu, sem var 1" að vídd. Eftir að stefnandi hafði öðlazt eignarrétt á Skíðastaðalandi ásamt Skíðastaðalaug með framangreindu kaupi, sömdu þeir stefndur og hann um rétt stefnds til vatns úr lauginni, að því er virðist, í því skyni að ákveða nánar en gert hefur verið um vatnsréttindin. Samningur þeirra, dags. 28. nóv. 1944, er svo hljóðandi: „Við undirritaðir gerum svofelldan samning um breytingar á kaupsamningi Ófeigs Helgasonar og Bjarna Björnssonar, dagsettum 5. nóv. 1933, viðvíkjandi heitavatnsréttindum í Skíðastaðalaug: 1) 4. liður úr nefndum kaupsamningi fellur niður. En í þess stað kemur, að Ófeigur Helgason á aðeins rétt á heitu vatni úr Skíðastaðalaug í eina tveggja tommu víða pípu án sogs eða dælu." — Hefur aðilja máls þessa greint á um það, hvernig beri að skilja þennan samning þeirra. Telur stefnandi sér óskylt að láta af hendi meira heitt vatn úr Skíðastaðalaug við stefndan en það, sem tveggja þumlunga víð pípa, er liggur lárétt, getur flutt úr lauginni fyrir eðlilegan vatnsþrýsting í lauginni sjálfri, ella myndist sog í pípunni fyrir fallþunga vatnsins. Auki það mjög vatnsnámið úr lauginni, og telur hann það brjóta í bág við orð samningsins: „án sogs eða dælu".

Af stefnds hálfu hefur því hins vegar verið haldið fram, að hann hafi óskoraðan rétt til að nema það vatn úr lauginni, sem tveggja þumlunga pípa getur flutt úr henni, án þess að neinar skorður séu settar við aukningu vatnsrennslisins af fallþunganum vegna hæðarmismunar, en með orðunum: „án sogs eða dælu" — sé aðeins átt við, að stefndum sé óheimilt að nota vélaafl til að þrýsta (dæla) eða draga (soga) vatnið í leiðslunni í því skyni að auka vatnsrennslið. Eins og nánar verður getið hér á eftir, hallar landinu allmikið frá Skíðastaðalaug niður og austur að landamerkjum milli landa málsaðilja, og eykst hæðarmismunurinn, er kemur austur að býli stefnds, Reykjaborg. — Samkvæmt skýrslu stefnds fyrir dóminum var 2" víða pípan lögð í Skíðastaðalaug á árinu 1945, en tekin til notkunar í ársbyrjun 1946. Var vatnið leitt úr henni alla leið úr lauginni í gróðurhús stefnds á Reykjaborg. En á brekkubrúninni, um 70 metra vestan gróðurhússins, var tekin út úr 2" pípunni 1" víð pípa, sem lögð var í þró við íbúðarhús stefnds, en þar greindist hún aftur í þrjár ½" pípur. Á sumrinu 1946 var þessu leiðslukerfi breytt þannig, að stefndur gerði þá steinsteypta vatnsþró á brekkubrúninni

rétt neðan við veginn og merkin milli landa málsaðilja, sjá uppdráttinn á dskj. nr. 20. Er þró þessi opin, og úr henni leiddi stefndur vatnið í þrjár pípur, sem nánar segir frá hér á eftir. Ekki leitaði stefndur samþykkis stefnanda eða samkomulags við hann, hvorki um gerð þrórinnar né um leiðslukerfi sitt. Mótmælti stefnandi þá þessari framkvæmd stefnds. Hefur stefndur viðurkennt þetta og játað, að stefnandi hafi skrifað sér um málið á árinu 1947.

Eftir ósk stefnanda voru dómkvaddir 2 menn „til þess að meta, hvort leiðslukerfi það, sem „stefndur" notar til að flytja vatn úr Skíðastaðalaug, sé svo úr garði gert, að sog myndist í leiðslunni, og hversu miklu meira vatnsmagn pípan flytji, ef svo er, en hún mundi ella gera". Matsmennirnir, þeir Theodór Árnason, verkfræðingur frá Reykjavík, og Jón Nikódemusson, vélsmiður og hitaveitustjóri á Sauðárkróki, framkvæmdu matið 31. ágúst 1952. Í matsgerðinni, sem staðfest er fyrir dóminum, er lýst athugunum, tilraunum og mælingum matsmanna á rennslinu úr Skíðastaðalaug í gegnum nær lárétta pípu, 2″ í þvermál, í leiðslukerfi stefnds. Er niðurstaða matsins svo hljóðandi: „Það er álit okkar matsmanna, að sog myndist í leiðslu þeirri, er Ófeigur Helgason notar til að flytja vatn úr Skíðastaðalaug. Sog þetta stafar af fallþunga vatnsins, þar sem hæðarmismunur milli laugar og þrór er töluverður, sem fyrr greinir.

Eins og ofangreindar mælingar bera með sér, verður rennslið úr Skíðastaðalaug gegnum leiðslu Ófeigs Helgasonar helmingi meira en í gegnum leiðslu með sama þvermáli með minnsta sogi, sem var á okkar valdi að ná, eða 3,2 l/sek. á móti 1,6 l/sek. — Til samanburðar má geta þess, að mælt var rennsli úr 2″ víðu yfirfalli úr þró Ófeigs Helgasonar, er var um 15 sm að lengd, og mældist það rennsli einnig 1,6 l/sek."

Samkvæmt beiðni stefnanda í bréfi, dags. 7. júlí 1953, voru dómkvaddir tveir menn til matsgerðar um gerð og tilhögun á vatnsveitu til afhendingar á heitu vatni úr Skíðastaðalaug, þannig að vatnið yrði afhent samkvæmt samningnum frá 28. nóv. 1944 um vatnsnot stefnds. Skyldu matsmenn segja fyrir um gerð og tilhögun vatnsveitunnar, þannig að stefndur fengi úr lauginni heitt vatn til nota á býli sínu, Reykjaborg, svo mikið sem 2″ víð pípa flytur úr lauginni fyrir eðlilegan vatnsþrýsting, án þess að sog, er auki rennslið, nái að myndast. Jafnframt voru þeir kvaddir til að gera uppdrátt að vatnsveitunni úr Skíðastaðalaug. Dómkvaddir voru til þessarar matsgerðar þeir Ásgeir Markússon, bæjarverkfræðingur á Akureyri, og Jóhann L. Jóhannesson menntaskólakennari, s. st., til heimilis að Silfrastöðum. Luku þeir matsgerð sinni 10. sept. 1953, og hafa þeir staðfest hana hér fyrir dómi, sjá dskj. nr. 19. Hefur Ásgeir Markússon gert uppdrátt af vatnsleiðslukerfinu úr Skíðastaðalaug til Reykjaborgar, eins og það nú er, sjá dskj. nr. 20, og annan uppdrátt af þró

til afhendingar á vatni úr lauginni til stefnds, samkvæmt matsgerðinni frá 31. ágúst 1952, sjá dskj. nr. 23. — Í matsgerð þessari (dskj. nr. 19) er vatnsleiðslunni úr Skíðastaðalaug til Reykjaborgar, eins og hún nú er, lýst þannig:

„Í Skíðastaðalaug hefur verið byggð lág stífla. Frá stíflunni liggja leiðslur að Reykjaborg og Varmalæk. Leiðslan að Reykjaborg er 2″ víð, og er efra borð hennar 20 sm neðan við stíflubrún.

Leiðslan að Varmalæk liggur neðan úr stíflunni. Vatnsborðsstaða ofan við stíflu er rétt við efri brún leiðslu þeirrar, er liggur að Reykjaborg. Frá stíflunni liggur 2″ pípa að mestu ofan jarðar niður að yfirfallsþró, sem er í brekkubrún ofan við Reykjaborg. Hæðarmismunur milli vatnsyfirborða er 9,0 m og lengd pípu um 125 m, h.:l. um 1:14. Samkvæmt mælingu Theodórs Árnasonar og Jóns Nikódemussonar 31. ágúst 1952 flytur leiðslan frá stíflu í yfirfallsþró 3,2 l/sek. Úr yfirfallsþró liggja þrjár pípur. Ein er 2″ pípa, sem notuð er til upphitunar á gróðurhúsum. Vatnið rennur gegnum ca. 400 m lengd af 2″ pípunni inni í gróðurhúsunum, áður en það rennur út um ¾″ rörbút. Hæðarmunur milli vatnsyfirborðs í yfirfallsþró og útrásar er 6,05 m, en rörlengd ca. 470 m, h.:l. um 1:77,5. Við mældum, hve mikið rynni út um þetta rör við fullopna útrás, og reyndist það um 1,1 l/sek. — Önnur pípa, 1″ víð, liggur úr yfirfallsþró á brekkubrún niður í þró við húsvegg á býlinu Reykjaborg. Vatnið úr þeirri leiðslu er notað til að hita nokkurs konar miðstöðvarketil, sem er í þrónni. Hæðarmismunur er 5,10 m, lengd um 70 m, h.:l. um 1:13,5. — Þriðja leiðslan frá yfirfallsþró liggur að býlinu Laugarbakka, og er 1¼″ pípa niður að Reykjaborg, en þaðan liggur leiðslan neðan jarðar og mun vera 1″ pípa, „sbr. hér við uppdrátt á dskj. nr. 17“. — Vatnið mun renna gegnum miðstöðvarkerfi í húsinu Laugarbakka og hefur frítt útfall austan við húsið. Þar sem enginn var heima að Laugarbakka, þegar við framkvæmdum athugun okkar, gátum við ekki gengið úr skugga um flutningsgetu þessarar leiðslu, en hún mun vart vera meiri en 0,5 l/sek. Teljum sennilegt, að mesta vatnsmagn, sem nýtt er, sé um 2,2 l/sek. eða um 1,0 l/sek. minna en rennur í yfirfallsþróna.“

Þá segir enn fremur svo í matsgerðinni:

„Til þess að leysa verkefni það, sem fyrir okkur er lagt, þarf að vera ljóst, í hvaða merkingu orðið *sog* er notað, en um það virðist málvenja manna vera mjög á reiki og orðið notað um ýmis fyrirbrigði í sambandi við rennsli. Við teljum því ekki fært að leysa það verkefni, sem fyrir okkur er lagt.“

Framanrituð lýsing málsatriða ber það greinilega með sér, að kunnáttumenn þeir, sem fjallað hafa um matsgerðir í málinu, eru ósammála um, hvernig skilja beri orðið sog í samningi málsaðilja frá 28. nóv. 1944. Ásgeir Markússon svarar spurningu dómenda, hvort hann áliti, að sog sé í leiðslunni frá lauginni út í yfirfallsþró stefnds á brekkubrúninni, þannig: „Ég treysti mér ekki til að gefa ákveðið

svar um þetta, vegna þess að ég tel, að orðið sog hafi ekki eina ákveðna merkingu í teknisku máli, a. m. k. í þessu sambandi.“ — Hins vegar eru þeir Theodór Árnason og Jón Nikódemusson sammála um, að sog sé í leiðslunni og að það auki vatnsflutninginn um helming frá því, sem ella væri, ef um sog væri ekki að ræða, eða öllu heldur meira, því að tilraunir þeirra og vatnsmælingar eru ekki miðaðar við alveg soglaust rennsli, heldur við hið minnsta sog, er þeim var fært að hafa við tilraunir sínar.

Þá er það athugavert, að engin úrlausn er fyrir hendi í málinu á því, hve mikið vatn tveggja þumlunga leiðsla úr Skíðastaðalaug mundi flytja úr lauginni, ef hún lægi órofin alla leið að býli stefnds, Reykjaborg, en auðsætt þykir, að vatnsrennslið mundi að miklum mun aukast við það, ef svo væri, þar eð fallhæð vatnsins ykist með því um 6,05 metra samkvæmt mælingum þeim, sem fyrir liggja í málinu. Enn fremur er á það að líta, að hvorki liggur fyrir í málinu ákveðin vitneskja um heildarvatnsmagn Skíðastaðalaugar né um hitastig laugarvatnsins. Úr þessu, sem nú hefur verið rakið, mætti að vísu bæta með endurupptöku málsins. En dómendur líta svo á, að með samningum frá 5. nóv. 1933 og 28. nóv. 1944 hafi stefndur öðlazt ítak í vatnsmagni Skíðastaðalaugar, og af því leiðir, að úr ágreiningnum, sem um er deilt í máli þessu, skuli skorið með mati samkvæmt 4. gr. laga nr. 98 14. maí 1940.

Byggir dómurinn þetta álit sitt á því, að málsaðiljar hafa ekki getað orðið ásáttir um hagnýtingu ítaksins. En stefnandi hefur ekki haft uppi í málinu neina kröfu um mat samkvæmt síðast greindu lagaboði á vatnsréttindum stefnds, enda er ekki fyrir hendi full greinargerð um, hve það vatn er mikið, sem stefndur telur sig eiga rétt á úr lauginni, nánar ákveðið (í sekúndulítrum) eins og áður er sagt. Sökum þessa ágalla þykir eigi auðið að kveða upp dóm um efnishlið málsins, eins og það liggur fyrir, og verður því að vísa því ex officio frá dómi.

Kostnaður meðdómenda í málinu ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður ..... kr. 2.040,00
2. Dagkaup dómenda ..... — 2.800,00

Kr. 4.840,00

sem samkvæmt ofangreindum úrslitum þykir rétt, að greiðist af stefnanda. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast ex officio frá dómi.

Stefnandi, Gunnar Jóhannsson, greiði kostnað og þóknun til dómenda með kr. 4.840,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Föstudaginn 24. september 1954.

Nr. 44/1951. **Friðbert Friðbertsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Halldóri Halldórssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Meginhluti kröfu stefnanda í héraði er um meistaralaun honum til handa. Áfrýjandi hafði uppi þær varnir, að stefndi ætti ekki rétt til launa þessara vegna galla á steypuvinnu við hús áfrýjanda, sem stefndi beri ábyrgð á. Að svo vöxnu máli hefði héraðsdómari átt að kveðja sérkunnáttumenn um húsagerð til að dæma málið með sér, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þetta hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast, og ber því að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá 6. júní 1950 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Þar sem áfrýjandi lét ekki sækja dómþing í málinu, eftir að hann hafði lagt fram ófullkomna greinargerð af sinni hálfu, verður honum dæmt að greiða stefnda, sem krafizt hefur málskostnaðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá 6. júní 1950 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi, Friðbert Friðbertsson, greiði stefnda, Halldóri Halldórssyni, kr. 600,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Halldór Halldórsson múrarameistari höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. maí sl., gegn Friðbert Friðbertssyni, Langholtsvegi 19 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2.105,32, með 6% ársvöxtum frá

stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar sér til handa og jafnframt mótmælt kröfu stefnanda sem of hárri.

Krafa stefnanda er vegna eftirlits við byggingu húss stefnda, nr. 19 við Langholtsveg hér í bæ.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hann telur steypuvinnu á húsinu gallaða og að stefnandi beri ábyrgð á þeim galla. Gegn andmælum stefnanda hefur hann hins vegar engin rök fært fram fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Friðbert Friðbertsson, greiði stefnanda, Halldóri Halldórssyni, kr. 2.105,32 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1950 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. september 1954.

Nr. 188/1952. **Stefán Valgeirsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna vanrækslu við miðlarastarfsemi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Er það *aðalkrafa* hans, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 23.968,59 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 29.250,00 frá 3. maí 1947 til 7. maí 1951 og af kr. 23.968,59 frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* krefst hann annarrar lægri fjárhæðar eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hinn 24. apríl 1951 fór fram fjárnám eftir kröfu áfrýjanda, Stefáns Valgeirssonar, hjá þeim Þórarni Sæmundssyni og Sigurjóni Sigurðssyni til tryggingar fjárhæðum samkvæmt dóminum frá 11. október 1947, sem getið er í héraðsdómi, og reyndust fjárnámsgerðirnar árangurslausar. Fjárnámsgerðinni hjá Sigurjóni Sigurðssyni er áfátt að því leyti, að hann var ekki viðstaddur, er gerðin fór fram, og var hann aldrei krafinn sagna sjálfur um eignir sínar. En þar sem stefndi, Brandur Brynjólfsson, hefur ekki borið það fyrir sig í máli þessu, að innheimtutilraun áfrýjanda hafi verið ófullnægjandi, verður að leggja til grundvallar, að ekki hafi verið unnt að innheimta dómskuldina að neinu leyti.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi, sem er lögfræðingur og hafði á hendi miðlarastarfsemi um sölu bifreiða, hefur sýnt mikla óaðgæzlu, er hann aðstoðaði áfrýjanda við sölu bifreiðar hans. Hann athugaði ekki, að Þórarinn Sæmundsson, sem bifreiðina keypti og gaf út veðskuldabréf, var þá ófjárráða og þessir gerningar hans því ógildir. Ekki verður heldur séð, að stefndi hafi grennslazt neitt eftir greiðslugetu ábyrgðarmannsins, Sigurjóns Sigurðssonar. Er óvíst, að áfrýjandi hefði samþykkt söluna, ef stefndi hefði gætt skyldu sinnar um að kynna sér og gera áfrýjanda ljóst, hvernig háttað var um kaupanda og ábyrgðarmann að þessu leyti. Veðskuldabréfið, sem stefndi samdi og Þórarinn gaf út með áritaðri ábyrgð Sigurjóns, er og villandi, að því er varðar heimild veðhafa til að leita fullnægju í veðinu, þar sem í bréfinu er vísað til lagaákvæða, sem ekki eiga við um veðsetningu á bifreiðum. Stefndi vanrækti einnig þinglýsingu veðskuldabréfsins. Loks sýndi stefndi vítavert skeytingarleysi um geymslu og umhirðu bifreiðarinnar, eftir að hún komst í hendur hans sökum vanskila Þórarins, en telja má víst, að bifreiðin hafi spillzt og fallið í verði vegna þeirrar vangeymslu. Hefur stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart áfrýjanda með því að gæta ekki nægilega hagsmuna hans, hvorki við hina óhagkvæmu samningsgerð né eftir að bifreiðinni var skilað.

En þó að afskipti stefnda af sölu og meðferð bifreiðarinnar hafi verið með þeim hætti, sem hér var sagt, er einnig

á það að líta, að áfrýjandi var sjálfur mjög andvaralaus um að gæta hagsmuna sinna. Hann var viðstaddur samningsgerðina og mátti þá vera ljóst, að ekki lágu fyrir upplýsingar um greiðslugetu kaupanda og ábyrgðarmanns og að hann tók á sig mikla áhættu með því að afhenda bifreiðina, án þess að nokkur greiðsla færi fram. Honum varð og kunnugt um, að bifreiðinni var skilað aftur, en samt gerði hann enga tilraun til að hirða um hana og vernda hana fyrir spjöllum í því skyni að firra sig tjóni. Af þessum sökum þykir hann ekki eiga rétt til fullra bóta úr hendi stefnda. Má telja bætur þær, sem honum eru dæmdar í héraðsdómi, nægilega háar, og verður krafa hans um hækkun þeirra því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Stefán Valgeirsson bóndi, Auðbrekku, Hörgárdal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 19. júní f. á., gegn Brandi Brynjólfssyni héraðsdómslögmanni, Barmahlíð 18 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 23.969,29, með 6% ársvöxtum af kr. 29.250,00 frá 3. maí 1947 til 7. maí 1951 og af kr. 23.969,29 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndi *aðallega* sýknu, en *til vara*, að kröfur stefnanda yrðu lækkaðar. Jafnframt krafðist hann þess, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1947 sneri stefnandi sér til Bílamiðlunarinnar hér í bæ, firma stefnda, með sölu bifreiðar sinnar, R. 4262. Bifreið þessi var fólksbifreið af svonefndri Dodge-gerð, ársgerð 1940. Kveður stefnandi sér hafa verið tjáð, að eins og sakir stæðu, seldust slíkar bifreiðar treglega, en það mundi breytast til batnaðar með vorinu.

Bílamiðlunin leitaði fyrir sér um kaupendur. Um mánaðamótin marz—apríl barst tilboð í bifreiðina frá Þórarni nokkrum Sæmundssyni. Var fjárhæð þess kr. 30.000,00, og skyldi kaupverðið greitt með 1.000,00 króna afborgunum vikulega. Stefnandi gerði gagntilboð, að fjárhæð kr. 35.000,00, og kveður hann útborgun helzt hafa átt að vera kr. 15.000,00. Tókust samningar með stefnanda og Þórarni fyrir milligöngu Bílamiðlunarinnar á grundvelli gagntilboðsins, þó svo, að Þórarinn fengi gjaldfrest á öllu kaupverðinu. Fóru kaupin fram 5. apríl í skrifstofu Bílamiðlunarinnar. Jafnframt afsalaði stefnandi Þórarni bifreiðinni, en Þórarinn gaf út skuldabréf til handhafa fyrir öllu kaupverðinu, kr. 35.000,00. Skyldi það greitt með jöfnum afborgunum á næstu 35 vikum. Hin selda bifreið var sett að veði með 1. veðrétti til tryggingar greiðslum samkvæmt skuldabréfinu, og enn fremur ábyrgðist Sigurjón nokkur Sigurðsson skuldina sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Þórarinn ók nú bifreiðinni frá bifreiðastöð í um það bil mánaðartíma. Greiddi hann fjórar afborganir af veðskuldabréfinu, hina síðustu 8. maí 1947. Að því er virðist um þetta leyti, veiktist Þórarinn, og greiddi hann engar afborganir af skuldabréfinu eftir það. Síðar um sumarið tók Bílamiðlunin bifreiðina í sína vörzlu.

Með stefnu, út gefinni 19. sept. 1947, höfðaði stefndi, sem hafði veðskuldabréfið til innheimtu, mál í eigin nafni gegn Þórarni og sjálfskuldarábyrgðarmanninum til greiðslu vangoldinna eftirstöðva þess. Gekk dómur í málinu 11. okt. s. á. með þeim úrslitum, að þeir Þórarinn og Sigurjón voru dæmdir til að greiða stefnda kr. 31.000,00 með vöxtum og kostnaði. Fékk stefndi endurrit af dóminum 10. febr. 1948, en lét ekki birta hann fyrr en 14. okt. 1948. Í febrúar 1948 krafði stefnandi stefnda um eftirstöðvar andvirðis bifreiðarinnar að frá dreginni söluþóknun eða kr. 29.250,00 auk vaxta og kostnaðar. Kveður stefnandi, að í tilkynningu sinni um, að hann teldi stefnda bera ábyrgð á greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins, hafi falizt uppsögn á umboði því, er stefndi hafi haft til innheimtu bréfsins. Stefndi neitaði að greiða og lýsti yfir 10. maí s. á., að þýðingarlaust væri að leita sætta í málinu fyrir sáttanefnd. Höfðaði stefnandi mál gegn honum til heimtu kröfunnar með stefnu, út gefinni 12. nóv. 1948. Með dómi 16. des. 1949 var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en dóminum var skotið til Hæstaréttar, og féll dómur í málinu 8. des. 1950. Var stefndi sýknaður að svo stöddu, þar sem eigi væri reynt, að hve miklu leyti stefnandi kynni að geta fengið greiðslu samkvæmt dóminum frá 11. okt. 1947 hjá dómfellda, og eigi væri vitað, hvaða tjón stefnandi kynni að hafa beðið vegna vanrækslu stefnda á innheimtu skuldabréfsins. Hafði stefndi eigi framselt stefnanda dóm þennan og engar ráðstafanir gert til að fá dóminum fullnægt með aðför.

Með bréfi, dags. 8. des. 1950, krafðist stefnandi þess af stefnda, að hann framseldi honum margnefndan dóm frá 11. okt. 1947. Stefndi

sinnti ekki þeirri kröfu, en með dómi bæjarþings Reykjavíkur 13. marz f. á. var honum dæmt skylt að framselja dóminn. Framseldi fógeti síðan dóminn.

Við fjárnám, sem stefnandi lét gera hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans 24. apríl 1951 samkvæmt hinum framselda dómi, reyndust þeir báðir eignalausir. Að því er Þórarin varðaði, var fjárnámið þó tekið upp af nýju, og greiddi stefndi stefnanda þá kr. 6.556,74. Var fé þetta þannig til komið, að framangreind bifreið hafði verið seld á nauðungaruppboði 16. des. 1948, að kröfu tollstjóra til lúkningar gjöldum. Seldist bifreiðin fyrir kr. 14.000,00, og þar af hafði stefndi veitt viðtöku fyrir hönd Þórarins kr. 11.585,00. Af þeirri fjárhæð tók stefndi samtals kr. 5.028,26, þ. e. a. s. kr. 1.750,00 í sölulaun af bifreiðinni, kr. 278,26 vegna kostnaðar við viðgerð hennar og kr. 3.000,00 í málflutningslaun í máli sínu gegn þeim Þórarni og Sigurjóni. Mismuninn greiddi hann stefnanda, sem fyrr segir.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi með vanrækslu á innheimtu veðskuldabréfsins valdið sér tjóni, sem honum sé skylt að bæta. Sundurliðar stefnandi dómkröfu sína þannig:

1. Eftirstöðvar af söluverði bifreiðarinnar að frádregnum sölulaunum til stefnda	kr.	29.250,00
2. Kostnaður við fjárnám hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans	—	622,50
3. Innheimtulaun af innborgun	—	652,83
	Kr.	30.525,33
÷ Innborgun	kr.	6.556,74
	Kr.	23.969,83 (sic)

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi dregið óhæfilega lengi að höfða mál gegn kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmanni hans, enda hafi orðið algert og endanlegt greiðslufall á afborgunum í maí 1947. Þá hafi stefndi enn fremur, er hann höfðaði málið, eigi krafizt þess, að þeir yrðu dæmdir in solidum, eins og hann hefði þó átt að gera. Einnig hafi stefndi dregið óhæfilega lengi, eftir að dómur var fallinn, að fá endurrit af honum og láta birta hann. Hann hafi og aldrei látið gera fjárnám samkvæmt dóminum, og hann hafi ekki gefið stefnanda kost á að gera það með því að framselja dóminn, sem hljóðaði á nafn stefnda. Eftir að stefndi hafi tekið bifreiðina í sínar vörzlur af kaupanda, hafi hann látið hana grotna niður í vanhirðu. Hafi hún verið geymd ólæst úti og hafi bæði skemmzt og ýmsu verið stolið úr henni. Þá hafi og stefndi vanrækt að láta skrá veðskuldabréfið í afsals- og veðmálabækur með þeim afleiðingum, að veðréttur stefnanda hafi glatazt.

Stefndi hefur eindregið andmælt því, að um nokkra vanrækslu hafi verið að ræða af hans hendi á innheimtu skuldabréfsins, enda

hafi allt, sem hann aðhafðist í þeim efnum, verið gert í samráði við stefnanda. Einnig hefur stefndi haldið því fram, að þótt svo yrði talið, að hann hefði vanrækt innheimtu skuldabréfsins, þá hafi sú vanræksla ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Stefndi telur, að söluverð bifreiðarinnar til Þórarins Sæmundssonar hafi verið miklum mun hærra en eðlilegt markaðsverð. Hafi stefnanda, sem hafi sjálfur aðstoðað við söluna, tekizt að fá Þórarin til að ganga að þessu verði, með því að gjaldfrestur hafi verið veittur á öllu kaupverðinu. Bifreiðina telur stefndi hafa verið mjög lélega, og hafi hún verið orðin ógangfær eftir mánaðarakstur frá bifreiðastöð. Þegar Þórarinn, sem hafi verið eignalaus með öllu, hafi lent í vanskilum með greiðslu afborgana af skuldabréfinu, hafi hann viljað fallast á að gera upp skuld sína við stefnanda með því að skila honum bifreiðinni, þannig að greiddar afborganir yrðu ekki afturkræfar. Jafnvel hafi Þórarinn viljað fallast á að greiða stefnanda eitthvað meira til að gera upp viðskiptin. Kveðst stefndi hafa hvatt stefnanda til að taka bifreiðina aftur. Stefnandi hafi þó ekki viljað ganga að því, þar sem hann hafi talið, að Þórarinn hefði skemmt bifreiðina mjög mikið og hún yrði ekki seld nema með miklum afslætti frá hinu fyrra kaupverði. Bílamiðlunin hafi mjög reynt að fá kaupanda að bifreiðinni, en ekki hafi tekizt að fá neinn til að kaupa hana fyrir það verð, sem stefnandi hafi getað sætt sig við. Hafi staðið í þófi um þetta til hausts 1947, að dómur var fenginn fyrir eftirstöðvum skuldabréfsins. Eftir það hafi Þórarinn viljað bera fyrir sig, að hann hefði verið ófjárráða, er hann gerði kaupin um bifreiðina. Enn fremur hafi bæði hann og sjálfskuldarábyrgðarmaður hans lýst yfir eignaleysi sínu. Stefnanda hafi verið kunnugt um þetta, en hann hafi þó eigi viljað ganga að því að taka aftur bifreiðina.

Þá hefur stefndi og eindregið andmælt, að sér hafi borið að annast þinglestur skuldabréfsins, þótt hann hefði það til innheimtu. Stefnandi hafi sjálfur getað annazt skrásetningu þess í veðmálabækur, ef hann hefði kosið. Hann hafi og aldrei greitt stefnda neitt fé til að standast kostnað af þinglestrinum. Loks telur stefndi, að stefnandi hafi ekkert tjón beðið af því, að skuldabréfið hafi ekki verið þinglesið.

Kaup stefnanda og Þórarins Sæmundssonar um fyrrgreinda bifreið voru gerð fyrir milligöngu fyrirtækis stefnda, Bílamiðlunarinnar, og gengið var frá afsali og skuldabréfinu í skrifstofu þess með atbeina stefnda. Virðist stefndi þá þegar hafa tekið við skuldabréfinu til innheimtu. Verður að telja, að eins og á stóð, hafi honum borið að annast þinglestur skuldabréfsins, en ella vekja athygli stefnanda, sem er ólögfróður maður, á því, að nauðsynlegt væri að skrá skuldabréfið í veðmálabækur, til þess að veðrétturinn öðlaðist gildi gagnvart þriðja manni. Hins vegar hefur stefnandi ekki leitt rök að því, að vanræksla á þinglestri bréfsins hafi út af fyrir sig valdið sér

tjóni. Verða honum því eigi dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda af þeim sökum.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll öll skuldin í gjalddaga, ef eigi var staðið í skilum með greiðslur vaxta og afborgana á tilteknum gjalddögum. Var hún því öll í gjalddaga fallin þegar í maí 1947. Stefndi reyndi síðan að leysa málið með samkomulagi stefnanda og kaupanda, þannig að stefnandi tæki bifreiðina aftur sem greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins. Stefnandi hafði öðru hverju samband við stefnda út af þessum málum og virðist út af fyrir sig ekki hafa verið því mótfallinn, að Bílamiðlunin reyndi að selja bifreiðina aftur, ef nægilega hátt verð fengist fyrir hana. Hins vegar samþykkti hann aldrei að taka aftur við bifreiðinni. Er stefnandi tilkynnti stefnda í febrúar 1948, að hann vildi gera hann ábyrgan fyrir greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins, bauðst stefndi ekki, svo að séð verði, til að framselja stefnanda dóminn á kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmann hans, og engar ráðstafanir gerði stefndi til að láta fullnægja dóminum að öðru leyti en því, að hann lét birta hann og það þó fyrst 12. okt. 1948. Þegar þetta allt er virt, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi hafi ekki haldið innheimtunni fram með hæfilegum hraða. Einnig verður að telja, að stefnda hefði verið rétt að höfða mál gegn kaupanda bifreiðarinnar og sjálfskuldarábyrgðarmanni hans in solidum og í nafni stefnanda, sem var eigandi skuldarinnar.

Það er viðurkennt, að kaupandi bifreiðarinnar hafi verið ófjárráða og ábyrgðarmaður hans eignalaus. Hins vegar verður ekki séð, að stefndi hafi tekizt á hendur ábyrgð gagnvart stefnanda á greiðslugetu kaupanda og ábyrgðarmannsins. Ósannað er, að Þórarinn sjálfur hafi átt eignir, sem gengið yrði að til fullnustu kröfu stefnanda, aðrar en margnefnda bifreið. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna vanrækslu stefnda á innheimtu skuldabréfsins heldur en því, sem uppboðsandvirði hennar hinn 16. des. 1948 reyndist lægra en orðið hefði, ef innheimtunni hefði verið haldið fram með hæfilegum hraða. Og ekki hefur stefnandi leitt rök að því, að það hafi út af fyrir sig valdið honum tjóni, að stefndi höfðaði málið gegn Þórarni og ábyrgðarmanninum í eigin nafni og stefndi þeim ekki in solidum.

Fram er komið í málinu, að eftir að stefndi hafði tekið bifreiðina af kaupanda, var geymslu hennar ábótavant. Fyrst var hún geymd ólæst og án eftirlits fyrir utan hús eitt í Þverholti hér í bænum. Nokkru síðar kveður stefndi, að maður nokkur hafi komið til sín og tjáð sér, að farið væri að stela úr bifreiðinni, og óskað eftir, að hún yrði flutt á stað, þar sem hún yrði ekki rýrð meira, þar eð hann hefði áhuga á að kaupa hana. Kveðst stefndi hafa falið manni þessum að flytja hana á öruggan stað, og hafi hann flutt hana á bifreiðaverkstæði eitt hér í bænum, sem annazt hafi gæzlu hennar. Stefndi hefur þó ekki mótmælt, að bifreiðin hafi verið geymd úti, og ósannað er,

að nokkurt eftirlit hafi verið haft með henni. Enn fremur viðurkenndi stefndi og við flutning málsins, að eftir að hann hefði tekið við bifreiðinni af kaupanda, hefði einhverju verið stolið úr henni, og taldi, að þar hefði verið um að ræða rafgeymi o. fl. Eins og fyrr segir, hefur vanræksla stefnda á innheimtu skuldabréfsins samfara verðrýrnun á bifreiðinni valdið stefnanda tjóni. Með tilliti til þess, hvernig háttað var geymslu og meðferð bifreiðarinnar, meðan hún var í vörzlu stefnda, er það álit dómsins, að tjón stefnanda, það er stefndi ber ábyrgð á, hafi numið kr. 12.000,00.

Eftir öllum málavöxtum þykir ekki efni til að dæma stefnda til að greiða stefnanda kostnað, að fjárhæð kr. 622,50, við fjárnám hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans. Að því er varðar kröfu stefnanda um innheimtulaun, að fjárhæð kr. 652,83, af innborgun frá stefnda, þá verður tillit tekið til þess kröfuliðar við ákvörðun málskostnaðar.

Stefnandi hefur mótmælt gagnkröfum þeim, sem stefndi hefur talið sig eiga og tekið sér greiðslu á af uppboðsandvirði bifreiðarinnar.

Að því er varðar sölulaun stefnda af bifreiðinni, að fjárhæð kr. 1.750,00, heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi heitið, að þau þyrfti ekki að greiða fyrr en af síðustu afborgunum. Ekki verður þó talið, að þótt þannig hafi samizt með málsaðiljum, felist í því eftirgjöf stefnda á sölulaununum, ef kaupverðið innheimtist ekki að fullu. Og ekki verður heldur litið svo á, að hann hafi fyrirgert sölulaununum, þótt hann síðar vanrækti innheimtu skuldabréfsins.

Að því er tekur til málflutningslauna stefnda, að fjárhæð kr. 3.000,00, vegna máls þess, er hann höfðaði gegn Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans, þá ber þess að gæta, að með dóminum í því máli fékkst aðfararheimild gegn kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmanninum. Að vísu gerði stefndi ekkert til að láta fullnægja dóminum, og stefnandi varð að fá hann dæmdan til að framselja dóminn og láta síðan fógeta framselja hann. Stefnanda var hins vegar dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í því máli. Þegar þetta allt er virt, þykir stefndi eiga rétt til málflutningslaunanna.

Stefndi hefur engin rök fært fyrir því, að hann hafi greitt viðgerðarkostnað framangreindrar bifreiðar, að fjárhæð kr. 278,26. Fjárhæð þessa tók hann af uppboðsandvirði bifreiðarinnar, og ber honum því að endurgreiða stefnanda hana.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.278,26 (kr. 12.000,00 + kr. 278,26) með 6% ársvöxtum. Þykir rétt að miða upphafstíma vaxtanna við 16. des. 1948.

Eftir atvikum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómsmönnunum Gunnari Gunnarssyni verkstjóra og Hjörleifi Jónssyni bifreiðaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, greiði stefnanda, Stefáni Valgeirssyni, kr. 12.278,26 með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1948 til greiðsludags og kr. 2.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 176/1953. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Grétari Þórarni Vilhjálmssyni
(Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál. Brottfall refsingar sakir geðbilunar sakbornings.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hefur að tilhlutan Hæstaréttar verið borin undir Læknaráð skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 26. júlí 1952, um geðheilsu ákærða. Álitsgerð Læknaráðs, dags. 23. apríl 1954, um skýrslu yfirlæknisins hefur verið lögð fram í Hæstarétti, og er ályktarorð ráðsins svo hljóðandi:

„Læknaráð fellst á niðurstöðu dr. med. Helga Tómassonar um, að ákærði hafi ekki verið geðveikur, er slysið henti hann. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur ráðið ekki unnt að skera úr því, hvort ákærði sé hæfur til að taka út refsingu nú eða verði það síðar."

Þá hefur verið lögð fram við flutning málsins í Hæstarétti skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 18. júní 1954, um geðheilsu ákærða eftir 26. júlí 1952, og er niðurlag þeirrar skýrslu svo hljóðandi:

„Álit mitt á Grétari Þórarni Vilhjálmssyni er þetta:

Hann er haldinn þungum, vefrænum geðsjúkdómi.

Hann læknaðist af þeim sálrænu sjúkdómseinkennum, sem hann hafði á Kleppi 1952, en vefrænu geðsjúkdómseinkenn-

in, sem hann hafði þá, hafa alls ekki minnkað, nema síður sé, eins og ég þá hélt þau mundu gera með löngum tíma.

Eftir kynni mín af manninum álít ég, að refsing mundi sennilega útleysa hjá honum á ný sálrænan geðsjúkdóm, en hin vefrænu geðeinkenni hjá honum mundu valda því, að hann skilur síður tilgang refsingar. Nýr, sálrænn sjúkdómur getur auðveldlega orðið til þess að þyngja hin vefrænu einkenni og stuðla þannig að því, að maðurinn verði frekar að óstarfhæfum öryrkja heldur en að hann þó a. m. k. haldi þeirri starfsorku, sem hann nú hefur."

Að þessu athuguðu þykja ákvæði 63. gr. laga nr. 19/1940 eiga að leiða til þess, að ákærða verði ekki dæmd refsing fyrir atferli það, sem lýst er í héraðsdómi og þar er fært til réttra refsiákvæða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 18. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3741/1952: Ákæruvaldið gegn Grétari Þórarni Vilhjálmssyni, en mál þetta var tekið til dóms 1. þ. m.

Í máli þessu er Grétar Þórarinn Vilhjálmsson verkamaður, Hverfisgötu 88 C hér í bæ, ákærður fyrir að hafa fimmtudaginn 8. febrúar 1951 um kl. 12.35 ekið vörubifreiðinni R. 5950 óvarlega og eftir atvikum of hratt austur Suðurlandsbraut og ekið á drenginn Guðmund H. Guðjónsson, Sogavegi 136, við Þvottalaugaveg, með þeim afleiðingum, að hann beið bana. Krafizt er, að hann verði dæmdur til

refsingar skv. 215. gr. laga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. og 3. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941, og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar, nr. 2/1930. Þá er hann ákærður til ökuleyfissviptingar skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til málskostnaðargreiðslu.

Ákærður, sem fæddur er 7. maí 1932 í Reykjavík, hefur ekki fyrr verið kærður fyrir lagabrot, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Fimmtudaginn 8. febrúar 1951 milli kl. 12 og 13 ók ákærður vörubifreiðinni R. 5950 austur Suðurlandsbraut. Var hann einn í bifreiðinni. Ákærður var fyrir skömmu búinn að fá ökuleyfi, var skírteinið út gefið 13. janúar 1951. Er ákærður ók um mót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, stóð strætisvagn rétt austan við gatnamótin, á hægri vegarbrún séð frá ákærðum, og sneri til vesturs. Hafði vagninn numið staðar þarna á viðkomustað, og var fólk að fara út úr vagninum. Ákærður kveðst hafa ekið með ekki yfir 40 km hraða miðað við klst., en sleppt benzíngjöfinni og skipt úr 4. hraðastigi í 3., rétt áður en hann kom að strætisvagninum, og dregið þannig úr hraðanum, og telur ákærður, að við þetta hafi hraðinn minnkað niður í ca. 25 km miðað við klst. Þá kveðst ákærður tvisvar hafa gefið hljóðmerki, áður en hann kom að strætisvagninum. Ákærður skýrir svo frá, að þegar framhluti R. 5950 hafi verið á móts við afturhluta strætisvagnsins, hafi drengur komið hlaupandi aftur undan strætisvagninum og stefnt norður yfir götuna. Hafi drengurinn virzt taka eftir bifreið ákærðs og ætla að snúa við, en það hafi þá verið um seinan, því að bifreiðin hafi lent á honum í sömu svifum. Ákærður kveður fát hafa komið á sig, er hann sá drenginn, og hafi hann fyrst í ógáti stigið á benzíngjöfina í stað þess að hemla, en hann hafi strax áttað sig og stigið þá á fóthemilinn. Hann telur, að framendinn hægra megin hafi lent á drengnum, og hafi drengurinn strax horfið sjónum undir bifreiðina. Hann segir, að sér hafi fundizt hægra framhjól bifreiðarinnar fara yfir einhverja mishæð eða ójöfnu.

Lögreglan var kölluð á staðinn eftir slysið. Var drengurinn fluttur á spítala, en var þá örendur, enda hefur hann látizt samstundis. Segir svo í ályktun læknis þess (prof. Níels Dungals), er krufði lík drengsins:

„Auk smærri ytri áverka fundust mjög mikil brot á heilabúinu, sem var mölbrotið að aftanverðu. Heilinn var marinn og sundurtættur, sérstaklega að neðanverðu, og hafa þessar miklu skemmdir leitt barnið til dauða svo að segja samstundis."

Uppdráttur var gerður af slysstaðnum. Hafði R. 5950 stöðvazt á snjóruðningi á norðurjaðri vegarins, en allmikill snjór var á jörðu, er slys þetta varð. Virðast hemlaför hafa verið um 8 m aftur frá vinstra afturhjóli, 5 m aftur frá því hægra. Um 9 m voru frá aftur-

enda R. 5950 að stað þeim, þar sem barnið hafði legið, en það var á norðurhelmingi vegarins, 1—2 m frá snjóruðningnum. Eftir upplýsingum, sem lögreglumaður sá, er teikninguna gerði, fékk frá nærstöddum, stóð strætisvagninn þannig, er slysið varð, að frá afturenda hans að afturenda R. 5950, eins og hún stóð, eftir að hún stöðvaðist, munu hafa verið um 19 metrar. En vagninn var farinn af staðnum, er uppdrátturinn var gerður.

Snjókeðjur voru á afturhjólum R. 5950. Við skoðun reyndist bifreiðin í ágætu lagi.

Vitnið Júlíus Óskar Halldórsson bifreiðarstjóri skýrir svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni vestur Suðurlandsbraut og séð álengdar til strætisvagnsins, þar sem hann stóð kyrr við fyrrnefnd gatnamót. Enn fremur hafi hann séð til drengsins, er hann hljóp aftan við bifreiðina norður yfir götuna. Í sömu svifum hafi R. 5950 verið ekið fram hjá strætisvagninum, að áliti Júlíusar á litlum hraða, og hafi drengurinn orðið fyrir framenda bifreiðarinnar hægra megin, og hafi drengurinn kastazt frá bifreiðinni, en bifreiðin hafi runnið nokkuð áfram og stöðvazt loks í snjóruðningnum norðan götunnar.

Auk Júlíusar Óskars er vitað um tvo sjónarvotta, er sáu þó aðeins að nokkru leyti, hvernig slysið varð. Eru þetta piltar, sem voru farþegar í strætisvagninum og fóru úr honum á eftir Guðmundi heitnum, sem mun hafa orðið fyrstur út úr vagninum. Skæringur Bjarnar Hauksson, 13 ára, kveðst hafa farið út úr vagninum næst á eftir Guðmundi. Hafi Guðmundur orðið dálítið á undan aftur fyrir bifreiðina og horfið honum því sjónum andartak. Skæringur Bjarnar kveðst, er hann kom aftur fyrir bifreiðina, hafa séð Guðmund vera í loftinu og skella síðan á bakið á götuna á móts við hægra afturhjól bifreiðarinnar R. 5950, er farið hafi fram hjá í sömu svifum. Ekki telur Skæringur Bjarnar, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir höfuð drengsins. Hann telur hraða bifreiðarinnar ekki hafa verið mikinn. Magnús Snorrason, 15 ára, skýrir svo frá, að hann hafi komið aftur fyrir strætisvagninn næst á eftir Skæringi Bjarnari, og hafi Guðmundur þá legið á götunni, en bifreiðin verið að nema staðar.

Þrátt fyrir eftirgrennslan hafðist ekki upp á fleiri sjónarvottum að slysi þessu.

Ákærðum bar, er hann ók fram hjá strætisvagni, er stóð á viðkomustað, að sýna hina mestu varúð í akstrinum, enda gat hann búizt við, að farþegar úr vagninum kynnu að ganga út á götuna aftan við hann og að börn kynnu að hlaupa gálauslega út á götuna, eins og raun varð á. Bar honum að gera ráð fyrir, að hann þyrfti að stöðva bifreiðina þegar í stað. Af framangreindri atvikalýsingu er ljóst, að ákærður hefur eftir aðstæðum ekið of hratt og ógætilega og honum því ekki heppnazt að stöðva bifreiðina fyrr en langt um seinan, sbr. stöðu bifreiðarinnar eftir slysið.

Samkvæmt þessu þykir ákærður hafa af gáleysi orðið valdur að

dauða drengsins Guðmundar H. Guðjónssonar, og hefur hann þannig brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber þó að gæta þess, að orsakir slyssins má að verulegu leyti rekja til háttsemi drengsins sjálfs, sem hljóp án aðgæzlu út á götu fyrir aftan bifreið. Auk nefndrar hegningarlagagreinar hefur ákærður brotið þau ákvæði bifreiða- og umferðarlaga og lögreglusamþykktar, er í ákæru greinir, nema 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Vafi hefur leikið á um sakhæfi ákærðs. Í máli þessu var aflað umsagnar Kristjáns Þorvarðssonar læknis um andlegt ástand ákærðs, og segir í vottorði hans, dags. 20. jan. 1952: „Grétar er að mínu áliti illa gefinn (inferioritas intellectualis), „tregviti", en ekki fáviti. Hann er viðkvæmur og þjáist af vanmetakennd eins og margt illa gefið fólk. Hann hefur verið geðveikur á köflum, a. m. k. 4 sinnum, ýmist þunglyndur eða ruglaður og þá æstur."

Þá var aflað álits dr. Helga Tómassonar yfirlæknis um geðheilbrigði ákærðs. Álitsgerð dr. Helga Tómassonar yfirlæknis er dagsett 26. júlí sl., og segir svo í niðurlagi hennar:

„Álit mitt á Grétari Vilhjálmssyni er þetta:

Hann er sem stendur geðveikur, en mun ekki hafa verið það, er slysið henti hann. Hann er hvorki fáviti né geðveill. Hann hefur einnig nokkurn hjartasjúkdóm.

Geðveiki hans nú virðist í meginatriðum vefræns eðlis (svonefnd syndroma organicum (Vortis)), en til viðbótar þeim einkennum eru í augnablikinu sálræn einkenni, sennilega útleyst við rannsóknina.

Það er um að ræða tuttugu ára gamlan ógiftan verkamann. Geðveikissjúklingar eru í báðum ættum foreldra hans, faðirinn drykkfelldur í fyrstu, nú á berklahæli, drengurinn seinþroska, fékk m. a. nýrnabólgu níu ára, fimmtán ára áfall á höfuðið, þá ennis- og kjálkabólgur, þá hjartaveilu, — sennilega byrjað að vinna of snemma eftir áfallið, — ruglaðist í þrjár vikur. Næsta ár fer hann til sjós, fær þar áfengi og ruglast á ný í nokkra daga, vann svo rúmt ár, en fékk þá enn sálræna geðveiki, sem læknast með rafroti; reykir meira. Leti setur að honum, hætti að vinna, — tók bifreiðarstjórapróf. Tæpum mánuði síðar verður hann valdur að dauðaslysi, fær andlegt áfall við það og ruglast enn; er rafrotaður nokkrum sinnum, rýkur þá upp, ræðst á fólk, — fluttur í hæli, strýkur, fluttur aftur, strýkur á ný; smájafnar sig; fær vinnu við akstur, en sefur nú yfir sig, er sagður tregari í hugsanagangi og hreyfingum, rekinn úr vinnu, fær aðra vinnu, drekkur sig og sefur frá henni, síðan atvinnulaus heima, en verður heldur fyrir aðkasti fyrir landeyðuhátt; úrskurðaður til geðheilbrigðirannsóknar; sviptur ökuskírteini til bráðabirgða, bróðir mikið veikur; oftekur sig e. t. v.; svefntruflun og skammhlaupaverk. Skv. eigin og móður ósk innlagður á geðspítala. Hann finnur sig veikan, máttlausan, þollítinn og kjarklítinn. Hefur organísk geðeinkenni, athyglistregðu, lélegt næmi og minni á nýorðna hluti samanborið

við eldri, hugar- og hreyfingatregðu, á erfitt með að halda sér vakandi, óeðlilega morgunsvæfur, blóðþrýstingur í hærra lagi, er hálfsljór og seinn að átta sig, einstaka sinnum skammhlaupaverk.

Vefrænu einkennin virðast mér sennilega til komin eftir rafrotin. Eiginlega það eina, sem gæti komið til greina hjá manninum, er, að um byrjandi geðklofa eða schizophreni hefði verið að ræða. En allur gangur veikinda hans virðist mér mæla á móti því. Ef meginálit mitt á veikindum mannsins er nærri sanni, þá eru og nokkrar horfur á, að honum smábatni með alllöngum tíma. Væri um geðklofa að ræða, lægi sennilega aðeins fyrir, að manninum smáversnaði með árunum, en á þeim möguleika virðast mér hverfandi líkur.

Að mínum dómi hefur manninum sennilega verið batnað geðveikiskast nr. 3 með afleiðingum þess þegar nokkru fyrir árslok 1950. Skv. því hefði hann, ef um sök er að ræða, verið sakhæfur í febrúar 1951. En með tilliti til þess, sem síðan hefur komið upp á hjá manninum, virðist mér útilokað, að hann til dæmis taki út refsingu, þegar hann er orðinn frískur af núverandi geðsjúkdómi sínum, sem sennilegast er, að hann verði eftir alllangan tíma."

Enda þótt atferli ákærðs hafi skv. því, er áður var rakið, verið refsivert „objektívt" séð, þykir með tilliti til framangreindra upplýsinga um sakhæfi ákærðs og skv. 63. gr. alm. hegningarlaga rétt, að honum verði ekki gerð refsing í máli þessu.

Skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærðan ökuleyfi ævilangt frá 7. marz, en þá var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 500,00 kr. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hdl.

Ástæður dráttar þess hins mikla, er orðið hefur á málinu, kemur fram í prófum málsins.

Dómsorð:

Ákærðum, Grétari Þórarni Vilhjálmssyni, verður ekki gerð refsing í máli þessu.

Ákærður skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 500 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 89/1953. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson)
gegn
Björnsbakaríi h/f (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Söluskattur. Skýring á ákvæðum laga nr. 100/1948 og laga nr. 107/1951, um söluskatt af vörum seldum í umsýslusölu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1953, krefst algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Björnsbakaríi h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Karl Kristinsson f. h. Björnsbakarís h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. sept. 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á ofteknum söluskatti, að fjárhæð kr. 885,00, með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1952 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að síðast í aprílmánuði 1952 afhenti stefnandi söluskattsskýrslu sína fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 1952. Taldi stefnandi, að heildarsala félagsins á þessu tímabili hefði numið kr.

390.019,24. Þar af næmi söluverð vara, sem félagið hefði haft til umsýslusölu frá Rúgbrauðsgerðinni h/f, kr. 47.659,60. Umsýslulaun af þessari sölu taldi stefnandi nema kr. 6.672,36.

Stefnandi taldi, að honum bæri að greiða þrjá af hundraði í söluskatt af sölu eigin framleiðslu, kr. 342.359,64, eða kr. 10.270,77. Þá bæri honum að greiða söluskatt af umsýslulaunum frá Rúgbrauðsgerðinni h/f, tvo af hundraði eða kr. 133,40. Skattyfirvöld töldu hins vegar, að stefnanda bæri að greiða söluskatt, tvo af hundraði, af söluverði vara seldra í umsýslusölu, og gerðu honum því að greiða alls kr. 11.223,00 í söluskatt. Stefnandi greiddi þegar þær kr. 10.404,00, sem hann taldi sér bera að greiða, en synjaði um greiðslu á eftirstöðvunum, kr. 819,00. Eftirstöðvarnar ásamt kostnaði, kr. 66,00, greiddi stefnandi þó síðar með fyrirvara um endurheimtu. Hann kærði skattálagningu þessa síðan til skattstjórans í Reykjavík, yfirskattanefndar Reykjavíkur og ríkisskattanefndar, en án þess að breyting fengist á gerð.

Í máli þessu krefur stefnandi um endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 819,00 að við bættum kostnaði, kr. 66,00, eða alls kr. 885,00.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi brauð til umsýslusölu frá Rúgbrauðsgerðinni h/f. Í umsýslulaun fái hann 14% af útsöluverði varanna. Útsöluverðið hafi verið ákveðið af fjárhagsráði kr. 4,20 fyrir hvert brauð að með töldum söluskatti. Eins og áður getur, hafi heildarsala þessarar vöru numið kr. 47.659,60 og umsýslulaunin því kr. 6.672,36 á umræddu tímabili. Á undanförnum árum hafi hann aðeins greitt af umsýsluþóknuninni. Rúgbrauðsgerðin h/f hafi greitt söluskatt af sölu þessari að öðru leyti. Á árinu 1952 hafi skattyfirvöldin hins vegar breytt skattheimtunni á þá lund, að þau hafi gert honum að greiða 2% í söluskatt af umsýslusölunni allri. Þrátt fyrir það hafi Rúgbrauðsgerðinni h/f verið eftir sem áður gert að greiða 3% söluskatt af söluverði nefndrar vöru. Heimild sína til þessa hafi þau byggt á ákvæðum laga nr. 107 frá 1951, en þau lög hafi framlengt gildi III. kafla laga nr. 100 frá 1948 og breytt honum að nokkru.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að lög nr. 107 frá 1951 veiti ekki heimild til að leggja söluskatt á umsýslusölu. Ef slíkt væri gert, þyrfti í framkvæmd að greiða tvisvar söluskatt af einni sölu vörunnar, en það væri mjög óeðlilegt. Þá hefur stefnandi bent á, að fjárhagsráð hafi ákveðið hámarksverð á vörur þessar. Sé það ákveðið kr. 4,07 án söluskatts fyrir hvert brauð, en kr. 4,20 með söluskatti. Af þessu sé ljóst, að honum hafi verið óheimilt að krefja söluskattsins af viðskiptamönnum sínum, en einmitt sé gert ráð fyrir því í 26. gr. laga nr. 100 frá 1948.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með ákvæðum laga nr. 107 frá 1951 hafi ákvæðum 21. og 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 verið breytt á þá lund, að heimilt sé að krefja söluskatts af allri umsýslusölu nema umsýslusölu á bókum. Þá hefur stefndi talið, að hámarks-

verð fjárhagsráðs á brauðum skipti hér ekki máli, þar sem slíkar ákvarðanir geti engu breytt um gildi laga.

Heimild til að leggja á söluskatt er að finna í ákvæðum III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Önnur og þriðja málsgrein 1. tl. 21. gr. laga þessara hljóðar svo: „Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr. Umboðssala er einnig undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr., og tekur sú undanþága aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu."

Í 1. mgr. 22. gr. segir svo: „Af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja skal greiða söluskatt sem hér segir: *a.* Af smásölu 2%. *b.* Af annarri sölu 3%."

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 1. júní 1951, í málinu nr. 30 frá 1951 var dæmt, að lög nr. 100 frá 1948 veittu ekki örugga heimild til að líta svo á, að söluskattur af bókum seldum í umsýslusölu skyldi greiðast tvisvar, þ. e. bæði af bókaútgefendum og þeim, er seldi í umsýslusölu. Var bóksala, er seldi bækur í umsýslusölu, því aðeins dæmt að greiða söluskatt af umsýslulaununum.

Með 2. gr. laga nr. 107 frá 1951 voru 2. og 3. málsliður 1. mgr. 21. gr. laga nr. 100 frá 1948 felldir úr gildi, en í þeirra stað sett svo hljóðandi ákvæði: „Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum." Þá segir svo í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1951: „Við a-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans."

Í ákvæðum 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 kemur fram, að söluskatt skal greiða af sölu á vörum, vinnu og þjónustu. Það virðist því vera algert skilyrði fyrir skattskyldunni, að um sölu hafi verið að ræða. Í máli þessu er fram komið, að raunverulegur seljandi vörunnar til neytenda er Rúgbrauðsgerðin h/f, en stefnandi kemur aðeins fram sem umboðsmaður. Afhendingu vörunnar til stefnanda verður á engan hátt jafnað til sölu, og hefur því aðeins ein sala á henni farið fram. Fram er komið í málinu, að Rúgbrauðsgerðinni h/f hefur verið gert að greiða 3% söluskatt af tekjum þess fyrirtækis af vörusölu þessari samkv. ákvæðum b-liðar 22. gr. laga nr. 100 frá 1948. Þegar virt eru ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 og 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1951, verður ekki séð, að þar sé nokkur heimild til að telja, að söluskatt skuli greiða tvisvar af sömu sölu. Með vísan til þessa og þar sem seljandi vörunnar, Rúgbrauðsgerðin h/f, hefur þegar greitt söluskatt af því verði, sem hún fær fyrir vöruna, ber stefnanda aðeins að greiða söluskatt af umsýsluþóknun sinni. Fjárhæð kröfu hans hefur engum andmælum sætt og verður því tekin til greina að öllu leyti.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Karli Kristinssyni f. h. Björnsbakarís h/f, kr. 885,00 með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 50/1954. **Kristinn Guðbrandsson, Magnús Davíðsson og Haraldur Þorsteinsson**
gegn
Sveinbirni Davíðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristinn Guðbrandsson, Magnús Davíðsson og Haraldur Þorsteinsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 59/1954. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Gauta Hannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gauta Hannessyni, sem hefur sótt dómþing í máli þessu og krafizt ómaksbóta, kr. 150,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 85/1954. **Þorgrímur Jónsson**
gegn
Ásgeiri Jóni Guðmundssyni og Ágústi E. B. Björnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgrímur Jónsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 101/1954. **Þorgrímur Jónsson**
gegn
Ásgeiri Guðmundssyni og Ágústi E. B. Björnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorgrímur Jónsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 105/1954. **Sigurður Berndsen**
gegn
Lúðvík Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 106/1954. **Sigurður Berndsen**
gegn
Lúðvík Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1954.

Nr. 93/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurði Guðnasyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt ákæruskjali í máli þessu er ákærði einungis ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um bifreiðalagabrot eftir 1. málsgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, með því að hafa ekið bifreið sinni í umrætt skipti í beinu framhaldi af neyzlu áfengis. Verður hann því ekki dæmdur fyrir annað brot, og er refsing hans samkvæmt 1. málsgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, hæfilega ákveðin 1.200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu á að vera óraskað. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðnason, greiði 1.200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttar-

lögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akranesskaupstaðar 7. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er af hálfu ákæruvaldsins höfðað gegn Sigurði Guðnasyni, Kirkjubraut 28, Akranesi, með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðuneytinu 3. febrúar 1954, fyrir brot gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, til refsingar samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6 frá 1951, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Suðureyri í Súgandafirði 11. desember 1914.

Samkvæmt vottorði úr sakaskrá ríkisins hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Á Akranesi:

1939 11/1 Sátt, 30 kr. sekt fyrir æðarfugladráp. Byssa gerð upptæk.
1952 29/11 Dómur, 1.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Í Reykjavík:

1943 19/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1951 14/8 Kærður fyrir ölvun, fellt niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 8. desember 1953 var Sigurði Guðmundssyni, lögregluþjóni á Akranesi, tilkynnt, að ákærði í máli þessu, Sigurður Guðnason, Kirkjubraut 28, Akranesi, hefði ekið bifreið sinni, R. 2318, út í kálgarð skammt frá elliheimilinu á Akranesi og sæti bifreiðin þar föst.

Sigurður lögregluþjónn fór samstundis á staðinn, og reyndist þá umrædd bifreið vera þar föst, eins og tilkynnt hafði verið. Var þá eigandi og ökumaður bifreiðarinnar hjá henni svo mikið ölvaður, að hann reikaði í spori, enda viðurkenndi hann þá fyrir lögregluþjóninum, að hann væri drukkinn, en kvaðst ekki hafa orðið það fyrr en eftir, að hann ók út í garðinn.

Ákærði gaf lögregluþjóninum þá skýringu á stöðu bifreiðarinnar í garðinum, að hann hefði ætlað að snúa henni við og því ekið út í garðinn.

Fékk lögregluþjónninn síðan bifreið til að draga bifreið ákærða, R. 2318, upp úr garðinum og ók henni heim til ákærða.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi Akraness við rannsókn í málinu, viðurkenndi hann þegar að hafa ekið út í umræddan garð, en gaf

hina sömu skýringu á því og hann gaf Sigurði lögregluþjóni, þ. e., að hann hefði ætlað að snúa þar við.

Hins vegar viðurkenndi ákærði, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann ók bifreið sinni í umrætt skipti út í garðinn. Taldi hann sig þó hafa neytt svo lítils áfengis, að hann hefði ekki fundið til áhrifa af því, á meðan hann var að aka bifreiðinni, heldur hafi hann fyrst fundið til áfengisáhrifa, eftir að bifreiðin var orðin föst í garðinum, enda hafi hann þá sopið drjúgt á „ákavítis"-flösku, sem hann kvaðst hafa geymt í bifreið sinni.

Upplýst er í málinu, enda viðurkennt af ákærða, að auðveldlega hafi verið hægt að snúa bifreið við á umræddum stað án þess að aka út í garðinn. Enn fremur er upplýst, að umræddur garður var blautur vegna undangenginna þíðviðra og um 35—40 sm hár, aflíðandi stallur af götunni og niður í garðinn, þar sem ákærði ók út í hann.

Lítur dómurinn því svo á, að naumast sé hugsanlegt, að ákærði hafi verið sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hann var að gera, er hann ók út í garðinn, og telur sterkar líkur vera til þess, að hann hafi þá verið búinn að neyta meira áfengis en hann sjálfur telur verið hafa, enda hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi í umrætt skipti haft „ákavítis"-flösku með slatta í í bifreið sinni.

Ekki verður séð, að nokkuð það komi fram í vörninni í málinu, er leitt geti til þeirrar niðurstöðu að sýkna ákærða af ákæruatriðinu.

Þá verður ekki heldur litið svo á, að vottorð Guðrúnar Diljár Ólafsdóttur geti haft nokkra úrslitaþýðingu í máli þessu, þegar þess er gætt, að umræddur atburður skeður svo að segja í svartasta skammdeginu kl. 4½—5 síðdegis, en þá er mjög tekið að skyggja. Hefði ákærði því auðveldlega getað verið búinn að neyta áfengis, án þess að hún yrði þess vör, þar sem hann sat inni í bifreið sinni. Þá segir og í umræddu vottorði Guðrúnar Diljár, að um það bil, er hún kom inn í bifreið ákærða, hafi hann dregið fram flösku og sopið á henni „alldrjúgum".

Gæti þetta einmitt hafa verið gert meðal annars til að dylja undangengna áfengisneyzlu, því að umrætt tiltæki ákærða hlýtur að hafa gert nefndri Guðrúnu Diljá lítt mögulegt að staðreyna, eftir að hún kom inn í bifreiðina, hvort ákærði hafði neytt áfengis áður eða ekki.

Af framangreindum ástæðum lítur dómurinn svo á, að umrætt vottorð Guðrúnar Diljár Ólafsdóttur geti naumast haft úrslitaþýðingu í málinu og því ekki ástæða til að leita staðfestingar hennar á því fyrir dómi, enda er vitanlegt, að menn geta neytt áfengis, án þess að á þeim sjáist í fljótu bragði.

Með eigin játningu ákærða og rannsókn málsins að öðru leyti þykir vera fengin full sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni

R. 2318 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis þriðjudaginn 8. desember 1953.

Hefur ákærði með framangreindu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6 frá 1951.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða réttindum til að aka bifreið ævilangt frá löglegri birtingu dóms þessa.

Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti, sbr. 3. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., Reykjavík, kr. 600,00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna margs konar annríkis dómarans við önnur störf að undanförnu.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur réttindum til að aka bifreið ævilangt.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., kr. 600,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. október 1954.

Nr. 23/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Áfengismagn það, 1,02‰, sem reyndist vera í blóði ákærða, bendir eindregið til þess, að hann hafi neytt áfengis nótt þá, sem í málinu greinir. Skýrslur lögreglumanna þeirra, sem athuguðu ákærða, eftir að hann var stöðvaður í bílnum, veita og líkur fyrir áfengisneyzlu hans á nefndum tíma, en það

dregur úr sönnunargildi skýrslna þeirra, að fjórir til sex mánuðir liðu, frá því að atburðir málsins gerðust og þangað til lögreglumennirnir voru spurðir fyrir dómi. Þykja því ekki fram komnar öruggar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bíl í umrætt skipti með áhrifum áfengis. En er litið er til áfengismagnsins í blóði ákærða og þess framburðar lögreglumanna, að ákærði hafi verið, er hann var stöðvaður í bíl sínum, þrútinn í andliti, sljólegur til augna og loðmæltur, verður að telja sannað, að hann hafi vegna undanfarinnar neyzlu áfengis verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing hans ákveðst 7 daga varðhald, og greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og málskostnað ber og að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsingin ákveðst 7 daga varðhald, og verði greiðslufrestur sektar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Lúðvík Ástvaldur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. janúar 1954.

Ár 1954, föstudaginn 8. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Stefáni Guðjohnsen, upp kveðinn dómur í málinu nr. 18/1954: Ákæruvaldið gegn Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni, sem dómtekið var 29. desember 1953.

Mál þetta er af hálfu ákæruvaldsins höfðað gegn Lúðvík Ástvaldi

Jóhannessyni framkvæmdarstjóra, til heimilis að Barmahlíð 26 hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 26. nóvember 1953, fyrir brot á áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., og umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., með því að hafa miðvikudaginn 29. apríl 1953 um kl. 04,30 ekið bifreiðinni R. 742 frá Bakkastíg 1 að Miklubraut 7 í Reykjavík, verandi undir áhrifum áfengis, en til vara fyrir að hafa í umrætt skipti ekið nefndri bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis skv. 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, sem er skakkt heimfært undir ákvæði og ætti að vera 1. mgr. 23. gr.

Ákærði er ákærður til refsingar skv. 39. gr. áfengislaga, 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 14. gr. umferðarlaga, til ökuleyfissviptingar skv. 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 19. desember 1915.

Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1943 29/10 Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 13/1941.
1948 12/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 20/5 Áminning fyrir brot á 10., sbr. 28. gr. lsþ. Rvíkur.
1950 2/6 Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
1951 5/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Miðvikudaginn 29. apríl 1953 um kl. 04,30 voru lögreglumenn á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Á Miklubraut, rétt fyrir vestan Rauðarárstígshornið, stöðvuðu þeir bifreiðina R. 742 og áttu tal við bifreiðarstjórann, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Þar eð þeim virtist hann vera undir áhrifum áfengis, óskuðu þeir eftir því, að hann ásamt farþegum hans fylgdist með þeim á lögreglustöðina. Farþegar voru Bolli Thoroddsen verkfræðingur og kona hans. Á lögreglustöðinni neitaði ákærði að hafa nokkurn tíma á ævinni neytt áfengis og neitaði því að vera undir áhrifum víns, en viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Þar eð lögreglumönnunum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, var hann færður á Landspítalann og honum þar tekið blóðsýnishorn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að aðfaranótt 29. apríl sl. hafi Skúli Halldórsson hringt til sín og boðið sér heim í tilefni af afmæli Skúla. Ákærði kvaðst ekkert vín hafa smakkað, hvorki um kvöldið né daginn 28. apríl, og verið allsgáður og vel fyrir kallaður, er hann ók bifreið sinni að Bakkastíg 1 til Skúla.

Hann kveður vín hafa verið þar á boðstólum, en sjálfur hafi hann ekki af því drukkið, heldur aðeins kaffi og e. t. v. nokkur glös af „Coca-Cola".

Ákærði kveðst hafa dvalizt um hríð hjá Skúla, en neitar eindregið

að hafa drukkið þar áfengi í einni eða annarri mynd. Ákærði segist því hafa verið allsgáður, er hann ók bifreið sinni heim á leið milli kl. 04,00 og 05,00 um nóttina, en var stöðvaður á Miklubraut af lögreglumönnunum og færður á lögreglustöðina ásamt farþegum sínum. Ákærði kveðst ekki geta skýrt það á neinn hátt, að í blóðsýnishorninu, sem honum var tekið skömmu síðar, fundust „reducerandi" efni, er samsvara alkóhóli, og hélt í skýrslu sinni fyrir dómi fast við það að hafa engan áfengan drykk drukkið þessa nótt, kvöldið né daginn áður.

Í blóðsýnishorni, sem ákærða var tekið skömmu eða um klukkutíma eftir handtöku, fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1,02‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur borið, að læknir sá, sem blóð-„prufuna" tók, hafi horfið með hana úr augsýn viðstaddra, áður en hann afhenti hana lögreglumönnunum. Þessi fullyrðing, studd framburði vitnisins Bolla Thoroddsens, er þó alls ósönnuð, enda hafa bæði lögreglumennirnir og Kristján Stefán Sigurðsson læknakandidat borið, að hún hafi verið tekin svo sem venjulegt er og ekkert verið við hana eða framkvæmd hennar athugavert.

Í vörn talsmanns ákærða er kandidatinn talinn „hlutlaus", að því er varðar framburð hans um útlit ákærða o. s. frv., en á öðrum stað í sömu vörn svo og í framburði ákærða vændur um það að hafa ekki haft rétta aðferð við töku blóðsýnishornsins og fullyrt, að ekki sé mark takandi á blóðsýnishorninu, vegna þess að kandidatinn hafi farið með „prufuna" úr augsýn viðstaddra. Hér virðist ósamræmi í málflutningi.

Dómurinn lítur svo á, að taka beri fullt tillit til niðurstöðu blóðrannsóknarinnar.

Lögreglumennirnir Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Aðalsteinsson, Örn Björn Guðmundsson, Guðmundur Jónsson varðstjóri og Jakob Jónsson hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson segir í frumskýrslu sinni til lögreglustjóra, að ákærði hafi verið rauður og þrútinn í andliti og augu hans gljáandi og hann auk þess loðmæltur.

Fyrir dómi heldur vitnið fast við greinda lýsingu á ákærða, telur hann hafa borið allgreinileg ölvunareinkenni, og kveðst vitnið persónulega sannfært um, að ákærði hafi í umrætt skipti verið undir áfengisáhrifum, byggt á framangreindum auðkennum. Ekki fann vitnið vínlykt út úr ákærða, en lauklykt, enda segir vitnið, að ákærði hafi játað að hafa etið lauk. Vitnið Sigurbjörn hefur unnið eið að framburði sínum fyrir dómi.

Vitnið Magnús Aðalsteinsson, sem einnig hefur unnið drengskaparheit að framburði sínum, segir, að ákærði hafi strax komið sér þannig fyrir sjónir, að hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið lýsir ákærða þrútnum í andliti og sljólegum til augna og telur það

hiklaust sitt álit, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum í umrætt skipti.

Sömuleiðis er það álit vitnanna Arnar Bjarnar Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar varðstjóra, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum. Guðmundur lýsir ákærða svo, að hann hafi verið með gljáandi augu, loðmæltur og „nervös“ og virzt allur á iði við yfirheyrsluna.

Vitnið Jakob Jónsson segir, að sér hafi fundizt ákærði allmiklu örari en hann er vanur að vera allsgáður, en vitnið kveðst þekkja ákærða í sjón.

Vitnin Sigurbjörn og Magnús stóðu að handtöku ákærða. Vitnið Guðmundur yfirheyrði hann sem varðstjóri, en vitnin Örn og Jakob færðu ákærða til blóðrannsóknar.

Samkvæmt framansögðu ber framangreindum vitnum saman um það, að þeirra álit sé, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, og lýsingum vitnanna á ákærða ber og saman í öllum meginatriðum. Greindum vitnum ber og saman um það, að ákærði hafi borið það við frumyfirheyrslu að hafa aldrei á ævinni smakkað áfengi. Fyrir dómi breytti ákærði því þannig, að hann neitaði að hafa neytt áfengis umrædda nótt, kvöldið né daginn áður.

Með tilliti til niðurstöðu blóðsýnishornsrannsóknarinnar þykir sýnt, að framburður ákærða um þetta atriði fái alls ekki staðizt. Vitnin Bolli Thoroddsen og Skúli Halldórsson, en þeir höfðu samneyti við ákærða þessa nótt, hafa borið fyrir dómi, að þeir hafi ekki séð ákærða neyta áfengis heima hjá Skúla, en áfengi þó verið þar á boðstólum, og að þeir hafi ekki séð á ákærða áfengisáhrif, er þeir lögðu af stað frá Bakkastíg 1, en vitnið Bolli kveðst hafa drukkið af áfenginu, enda ber m. a. vitnið Jakob Jónsson, að Bolli hafi verið mikið ölvaður. Framangreind vitni eru bæði, sbr. eigin framburð og framburði ákærða, góðkunningjar hans.

Vitnið Kristján Stefán Sigurðsson læknastúdent, en hann tók ákærða blóðsýnishorn, kveðst ekki hafa skoðað ákærða með tilliti til að ákveða, hvort hann væri undir áhrifum eða ekki, en kveðst ekki hafa séð í fljótu bragði greinileg ölvunareinkenni á honum, en fullyrðir hins vegar, sbr. áður sagt, að blóðsýnishornið hafi verið tekið samkvæmt ströngustu reglum læknavísinda, notuð hafi verið þurr, „sterilíseruð“ sprauta og holdið hreinsað með „sublímat“-upplausn, en ekki spíritus.

Með hliðsjón af því, 1) að fimm vitni, þar af tvö eið- og drengskaparheitfest, hafa borið, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, 2) að í blóðsýnishorni úr ákærða fundust „reducerandi“ efni, sem samsvara 1,02‰ af alkóhóli, 3) að framburður ákærða um að hafa ekki neytt áfengis fær samkvæmt framansögðu ekki staðizt, — telur dómarinn sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðar sinnar, R. 742.

Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við ákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, áfengislög, nr. 33/1935, 21. gr., sbr. 39. gr., bifreiðalög, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. og 2. gr. laga nr. 6/1951, og umferðarlög, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr. Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum ákvæðum hæfilega ákveðin 1.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt framansögðu ber og samkv. 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin 6 mánuðir frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki síðastnefndri verkun dómsins.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500,00.

Dómarinn lætur þess getið, að þar sem verjandi ákærða tali um vitnið Sveinbjörn Eiríksson, stafi það af misritun í dómsrannsóknarendurriti og eigi að vera Sigurbjörn, sbr. það, að Sigurbjörn gefur frumskýrslu málsins og var þá lögreglumaður.

Málið hefur verið rekið vítalaust, en nokkuð dróst þó að hefja rannsókn þess vegna sumarleyfis dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Ástvaldur Jóhannesson, greiði 1.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. október 1954.

Nr. 1/1953. **Kaupfélag Eyfirðinga** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Útgerðarfélagi Hríseyjar (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldaskil skv. lögum nr. 100/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1953. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Skuldaskil þau, er í málinu greinir, voru miðuð við 31. desember 1950. Aðiljar eru sammála um, að þann dag hafi stefndi skuldað áfrýjanda kr. 13.244,71, sé ekki tekið tillit til eftirstöðva af verði lifrar, sem stefndi lagði inn hjá áfrýjanda á árinu 1950, en lifrarverðið hafði ekki verið fært stefnda að fullu til tekna um áramótin, vegna þess að það hafði þá ekki verið endanlega ákveðið. Eftirstöðvar þessar reyndust nema kr. 12.021,10. Áfrýjanda var heimilt að láta þessa fjárhæð ganga til greiðslu á skuld stefnda, og hvorki athafnir fyrirsvarsmanna áfrýjanda í sambandi við skuldaskil stefnda né skuldaskilagerningurinn eiga að leiða til þess, að áfrýjandi hafi týnt þeim rétti sínum. Eftir að fullnaðarverð á lifur stefnda hafði verið ákveðið, lýsti áfrýjandi því í símskeyti til skuldaskilasjóðs útvegsmanna hinn 6. júlí 1951, að skuld stefnda næmi raunverulega kr. 1.385,61, og var áfrýjanda greidd sú fjárhæð úr skuldaskilasjóði. En samkvæmt því, sem áður greinir, var áfrýjanda rétt að telja skuld stefnda hinn 31. desember 1950 einungis kr. 1.223,61, þegar eftirstöðvar lifrarverðsins höfðu verið færðar honum til tekna. Virðist áfrýjanda því hafa verið greidd úr skuldaskilasjóði nokkru hærri fjárhæð en honum bar. En eigi getur stefndi krafizt

þess mismunar sér til handa, þar sem um er að tefla greiðslu af fé, sem að lögum átti að koma til skipta milli lánardrottna hans.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Útgerðarfélags Hríseyjar, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 31. f. m., hefur stefnandi, Þorsteinn Valdimarsson framkvæmdarstjóri f. h. Útgerðarfélags Hríseyjar h/f, Hrísey, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 22. febrúar 1952, á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, Akureyri, vegna útibúsins í Hrísey (ÚKE, Hrísey) og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða kr. 12.021,10 auk 6% ársvaxta frá 20. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara. Þegar málið var munnlega flutt, gerði umboðsmaður stefnanda þá varakröfu, að stefnda yrði dæmt til að greiða kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnað.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi gerir þá grein fyrir aðalkröfu sinni, að stefnuupphæðin sé vangoldin uppbót á lifur, er skip stefnanda, m/s Ver, EA. 401, lagði upp hjá ÚKE, Hrísey, á togvertíðinni 1950. Útibúið tók lifrina til vinnslu og sölumeðferðar fyrir stefnanda, greiddi strax út á hana 50 aura hvern lítra, en að lokinni sölu lýsisins átti útibúið að standa skil á stefnuupphæðinni miðað við verð það, sem fékkst fyrir lýsið, þegar búið var að draga frá vinnslukostnað og sölulaun. Upphæðin hefur ekki verið greidd, og er mál þetta því höfðað. Lifraruppbótina hefði átt að greiða hinn 20. ágúst sl. Stefnda hefur fært upphæðina stefnanda til tekna í viðskiptareikningi og vill nota hana til skuldajafnaðar við kröfu, er hann telur sig eiga á stefnanda. Stefnandi telur skuldajafnaðarheimild ekki vera fyrir hendi. Hér

sé um að ræða geymslufé (depositum irregulare), sem ekki megi nota á þann hátt nema með samþykki eiganda geymslufjárins.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að með skuldaskilasamningi 11. júlí 1951 samkv. lögum nr. 120/1950 hafi kr. 10.982,58 af lýstum kröfum stefnda á hendur stefnanda verið felldar niður. Eigi því að færa þá upphæð til tekna í viðskiptareikningi stefnanda, og er það hafi verið gert, nemi innstæða stefnanda hjá stefnda kr. 10.934,83.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi: Viðskiptum málsaðilja árin 1950 og 1951 var svo háttað, að stefnandi seldi stefnda afla af m/s Ver og fékk honum einnig aflaafurðir til sölumeðferðar. Stefnandi hafði verzlunarviðskipti sín að miklu leyti við stefnda. Viðskiptin voru skráð í viðskiptareikning og héldu áfram frá ári til árs. Um áramót 1950—51 skuldaði stefnandi stefnda kr. 13.244,71. Viðskiptin héldu áfram árið 1951, og var lifraruppbótin þá færð stefnanda til tekna hinn 20. ágúst. Nam hún kr. 12.021,10. Viðskiptareikningurinn í árslok 1951 sýndi, að stefnandi skuldaði kr. 47,75. Telur stefnda, að krafa stefnanda hafi þannig verið greidd með skuldajöfnuði.

Ekki er fallizt á þá skoðun stefnanda, að skuldajöfnuður hafi verið óheimill, sökum þess að eftirstöðvar af andvirði lifrarinnar hafi verið geymslufé, er stefnda bar að standa skil á í reiðufé, enda var sams konar uppbót frá 1949 gerð upp með skuldajöfnuði síðla árs 1950, og lifrin var eign stefnanda, þótt hluti af kaupi skipshafnar miðaðist við söluverð hennar. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Stefnandi sótti um aðstoð samkvæmt lögum nr. 100/1948 snemma árs 1950, og var skiptaráðanda tilkynnt með bréfi skilanefndar 27. febr. 1950, að beiðni um aðstoð hefði borizt. Stefndi lýsti kröfu á hendur stefnanda með bréfi, dags. 19. okt. 1950, til skilanefndar, að upphæð kr. 17.058,33, enda hafði þá verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna. Í Lögbirtingablaðinu, nr. 7 frá 3. febr. 1951, var síðan birt auglýsing frá skilanefnd, sem nú nefndist stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, þar sem enn var skorað á skuldheimtumenn að lýsa kröfum sínum fyrir 12. s. m. að viðlögðum kröfumissi og tilkynna um breytingar, er orðið hefðu á kröfuupphæð, frá því sem áður hafði verið lýst, og skyldu kröfurnar miðast við 31. des. 1950, en við þau áramót yrðu skuldaskil miðuð. Stefnda tilkynnti stjórn sjóðsins með bréfi 8. febr. 1951 þá breytingu á fyrri kröfulýsingu, að skuld stefnanda hefði lækkað í kr. 13.244,71. Er sú upphæð í samræmi við niðurstöðu viðskiptareiknings stefnanda hjá stefnda í árslok 1950.

Á skuldheimtumannafundi, er stjórn skuldaskilasjóðs hafði boðað til hinn 11. júlí 1951, var lagt fram og samþykkt frumvarp til skuldaskila fyrir stefnanda. Í frumvarpi þessu var krafa stefnda talin kr. 13.244,71, þar af sjóveðskrafa kr. 2.038,00, en almenn krafa kr.

11.206,71. Skyldi sjóveðskrafan greidd að fullu, en almenna krafan með 2%, þ. e. niður skyldu falla kr. 10.982,58. Umboðsmaður stefnda var á fundinum og samþykkti skuldaskilin þannig.

Fáum dögum fyrir fund þennan eða 6. júlí sendi stefnda símskeyti til stjórnar skuldaskilasjóðs, þar sem þannig var skýrt frá, að við endanleg reikningsskil hefði komið í ljós, að stefnandi skuldaði aðeins kr. 1.385,61, og óskað leiðréttingar í samræmi við það. Skeyti þetta barst skuldaskilasjóði hinn 7. júlí, en ekki var tekið tillit til þess í skuldaskilafrumvarpinu, og að sögn stefnda vissi umboðsmaður þess við skuldaskilin ekki um þessa leiðréttingu. Svo virðist sem skuld stefnanda hafi verið talin nema upphæð þessari á þeim tíma, sem skeytið var sent.

Þar sem skuldaskilin miðuðust við áramót 1950—51, var rétt að taka í skuldaskilafrumvarpið skuld stefnanda, eins og hún var þá. Viðskipti málsaðilja eftir þann tíma, sem voru mikil, féllu ekki undir skuldaskil. Þykir því verða að fallast á það með stefnanda, að niður hafi verið fellt við skuldaskilin 98% af kr. 11.206,71, þ. e. kr. 10.982,50. Ber samkvæmt því að taka til greina varakröfu hans og dæma stefnda til að greiða kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. sl. til greiðsludags, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Eyfirðinga, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Hríseyjar h/f, kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. október 1954.

Nr. 6/1953. **Helgi Benediktsson**
gegn
Helga Bergvinssyni
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1953 til þingfestingar í marzmánuði s. á. Hefur aðaláfrýjandi síðan fengið frest fimm sinnum. Er málið var tekið fyrir 29. f. m., bað aðaláfrýjandi um frest til októbermánaðar, en gagnáfrýjandi andmælti því, að þessi frestur yrði veittur, og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Ágrip dómsgerða í máli þessu hefur eigi borizt Hæstarétti, og aðaláfrýjandi kveðst eigi hafa vitjað dómsgerða hjá héraðsdómara fyrr en um það bil, er málið kom fyrir dóm í septembermánuði sl. Að svo vöxnu máli ber að vísa málinu frá Hæstarétti. Gagnáfrýjandi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 6. október 1954.

Nr. 21/1954. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Sigurði Benediktssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á 116. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Opinber uppboð munu lítt hafa tíðkazt hér á landi fyrr en á 18. öld, en á 19. öld eru þau orðin algeng söluaðferð, bæði um frjálsa sölu og nauðungarsölu og jafnt um sölu á fasteignum sem lausafé. Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. desember 1693, sem til er vitnað í ákæruskjali, mun aldrei hafa verið birt hér á landi og því ekki öðlazt hér gildi sem sett lög. En tekið var að fylgja ákvæðum tilskipunar þessarar í framkvæmd fyrir aldamótin 1800 og byggt á þeim sem gildandi rétti í tilskipun frá 21. júní 1793, sem löglega var birt hér á landi árið 1794. Tilskipunin frá 1693 eða ákvæði úr henni hafa þannig verið framkvæmd hér á landi meira en hálfa aðra öld og jafnan verið tekin upp í lagasöfn um gildandi íslenzk lög, og er þess þá að jafnaði getið, að tilskipunin hafi ekki verið birt hér, en fylgt í framkvæmd. Þar sem svo lengi hefur verið farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1693, hafa þau helgazt af venju og yngri lögum og orðið gildar íslenzkar réttarreglur.

Þau ákvæði tilskipunarinnar, sem hér skipta helzt máli, eru í 1. og 5. gr. hennar. Segir þar, að mönnum skuli vera heimilt að láta selja fjármuni sína á opinberu uppboði, hvort heldur fasteignir eða lausafé, en þó verði það að gera menn þeir, sem til þess eru skipaðir, þ. e. bæjarfógetar í kaupstöðum og héraðsfógetar til sveita. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1943, og 2. gr. laga nr. 57/1949 fara nú með uppboð sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík.

Í framangreindri tilskipun frá 21. júní 1793 segir svo í 3. gr.: „Lausafjármuni má seljandi . . . láta flytja til sölunnar,

hvert er hann vill og þangað er hann ætlar, að þeir seljist bezt, og ber uppboðshaldaranum, þar sem þeir eru seldir, uppboðshaldið á þeim." Hefur þannig þegar á 18. öld verið ákveðið í settum lögum, að opinberir uppboðshaldarar einir hefðu rétt til að halda opinber uppboð. Nefnd 3. gr. er talin meðal lagaákvæða, sem felld voru úr gildi með 50. gr. laga nr. 57/1949, en þar sem þau lög taka ekki til frjálsra uppboða, eins og ljóst er af orðum þeirra og greinargerð við frumvarp til laganna, þá breytir þetta engu um réttarreglur þær, sem um frjáls uppboð hafa gilt og gilda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er öðrum mönnum en lögskipuðum uppboðshöldurum óheimilt að fara með opinbert uppboðshald. Ákærði hefur því með því að halda opinbert uppboð, svo sem í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 116. gr. laga nr. 19/1940. Og með því að fallast má á ákvæði hins áfrýjaða dóms um sektargreiðslu, vararefsingu og sakarkostnað, ber að staðfesta dóminn, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1953.

Ár 1953, laugardaginn 7. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4548/1953:

Ákæruvaldið gegn Sigurði Benediktssyni, sem dómtekið var 3. nóvember sl.

Málið er höfðað gegn Sigurði Benediktssyni verzlunarmanni, til heimilis í Borgarholti við Engjaveg hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 19. ágúst sl., ákærður „fyrir brot á 116. gr. hegningarlaganna, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. tilskipunar um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, 29. gr. laga nr. 85/1936, 3. gr. laga nr. 65/1943 og 2. gr. laga nr. 57/1949, með því að halda uppboð á ýmsum listmunum í Listamannaskálanum 2. maí og 13. júní 1953 án þess að hafa til þess réttindi.

Ákærist því nefndur Sigurður Benediktsson til að sæta refsingu samkvæmt 116. gr. hegningarlaganna, nr. 19/1940, og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærður er fæddur 10. júlí 1911 á Barnafelli í Ljósavatnshreppi. Hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1941 23/1 Sátt, 15. kr. sekt fyrir brot á reglum um blaðasölu barna og unglinga.
1941 5/2 Sátt, 30 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1947 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 21/6 Dómur: Sýknaður af kæru fyrir meint tolllagabrot; sökin fyrnd.

Málavextir eru þessir:

Öndvert árið 1949 fór ákærður þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að það hlutaðist til um, að hann fengi skrásett hér í bæ uppboðsfirma, er hann hafði í hyggju að setja hér á stofn. Þessari málaleitun ákærðs var synjað, þar sem dómsmálaráðuneytið leit svo á, að starfræksla slíks uppboðsfirma væri andstæð lögum. Laugardaginn 2. maí sl. hélt ákærður uppboð á ýmsum listmunum í Listamannaskálanum hér í bæ. Uppboð þetta fór fram án atbeina opinberra aðilja. Leiddi þetta til þess, að rannsókn var fyrirskipuð á þessu athæfi ákærðs. Við rannsóknina upplýstist eftirfarandi:

Ákærður kvað það rétt, að hann hefði haldið nefnt uppboð án þess að hirða um að afla sér leyfis til uppboðsins, enda taldi hann þess ekki þurfa. Á uppboði þessu voru til sölu 48 myndir, eingöngu málverk eftir innlenda og erlenda málara. Skrá yfir sölumuni var tekin saman, þar sem veittar voru nokkrar upplýsingar um sölumuni. Mönnum gafst kostur á að kynna sér sölumuni í tvo daga fyrir uppboðsdag. Salan fór þannig fram, að hver hlutur var sýndur, mönnum gefinn kostur á að bjóða í og hluturinn síðan sleginn hæstbjóðanda eins og á venjulegum uppboðum. Ekki var það skilyrði sett, að greiðslan færi fram við hamarshögg. Menn tóku ekki muni þá, sem þeir fengu sér slegna, fyrr en að uppboðinu loknu. Flestir greiddu við móttöku, en nokkrir fengu gjaldfrest, þó ekki lengri en tvo daga.

Eftir að rannsókn hófst í máli þessu, hélt ákærður annað uppboð eða 13. júní sl. Um uppboð þetta er nákvæmlega sama að segja og uppboðið 2. maí. Sömu reglur giltu. Á þessu uppboði voru til sölu 39 munir, mestmegnis málverk. Ekki hafði ákærður fremur en fyrr leyfi til uppboðs þessa.

Á uppboðum þessum seldust langflestir sölumuna. Ákærður fékk í uppboðslaun 18% af munum, er seldust undir kr. 1.000,00, og 14% af hlutum, sem seldust fyrir meira en kr. 1.000,00.

Ákærður nefndi þetta fyrirtæki Uppboðsfirmað.

Ákærður hefur smásöluverzlunarleyfi.

Ljóst er af framanskráðu, að ákærður hefur haldið uppboð á ýmsum munum. Hann kallar þetta uppboð, auglýsir það sem uppboð, nefnir fyrirtækið Uppboðsfirmað, sala munanna fer fram eins og á hverju öðru uppboði. Það blandast því ekki hugur um, að ákærður hefur efnt hér til uppboða.

Í lögum er ótvírætt gert ráð fyrir því, að uppboð megi ekki halda nema fyrir atbeina hins opinbera (fógeta), sbr. einkum 1. gr. tilskipunar um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. desember 1693, þar sem hverjum og einum er að vísu heimilað að selja fjármuni sína á opinberu uppboði, en það verða að gera þeir menn, sem til þess hafa verið skipaðir af hálfu hins opinbera (fógetar, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar), en tilskipun þessi gildir tvímælalaust hér á landi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það ljóst, að ákærður hefur tekið sér vald, sem ætlað er valdsmanni (fógetanum). Með því hefur hann gerzt sekur um brot á 116. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940. Ekki hefur verið gerð krafa til þess, að upptækur yrði gerður ágóði sá, sem ákærður hefur haft af broti sínu. Við ákvörðun refsingar þykir rétt að hafa þetta atriði í huga svo og, að ákærður efndi til annars uppboðs, eftir að rannsókn hófst í máli hans.

Samkvæmt 116. gr. hegningarlaganna og að öðru leyti með skírskotun til þess, er að framan greinir, þykir refsing ákærðs hæfilega ákveðin kr. 2.000,00 í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 600,00.

Dómsorð:

Ákærður, Sigurður Benediktsson, greiði kr. 2.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., að upphæð kr. 600,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. október 1954.

Nr. 93/1951: **Sveinn Jónsson** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Sjóklæðagerð Íslands h/f

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupkrafa. Aðgerðaleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1951 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m., gerir þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 5.638,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1949 til greiðsludags, en *til vara* kr. 3.238,50 ásamt vöxtum eins og áður greinir. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinn Jónsson, greiði stefnda, Sjóklæðagerð Íslands h/f, kr. 1.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Sveinn Jónsson, Sogamýrarbletti 19 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. ágúst 1949, gegn Sjóklæðagerð Íslands h/f til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5.638,50, með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að stefnandi starfaði um margra ára skeið hjá stefndu. Fyrri hluta árs 1946 var kaup stefnanda kr. 650,00 í grunnlaun. Hinn 28. júní 1946 var á stjórnarfundi hjá stefndu samþykkt að hækka kaup stefnanda upp í kr. 800,00 í grunnkaup á mánuði. Skýrir stefnandi svo frá, að honum hafi verið tilkynnt um þessa kauphækkun þegar sama dag af einum stjórnarmanna, og hafi ekkert skilyrði verið nefnt í því sambandi. Hins vegar hafi honum ekki verið greitt nema kr. 650,00 í grunnlaun eftir sem áður þrátt fyrir ítrekaðar kröfur af sinni hendi og loforð fyrirsvarsmanna stefndu. Í febrúarmánuði 1948 hætti stefnandi síðan störfum hjá stefndu. Kröfur sínar reiknar stefnandi þannig, að hann telur vangreitt kaup sitt samkvæmt framansögðu nema kr. 9.263,50. Þá hafi hann aðeins fengið einnar viku orlof árið 1946, en borið tveggja vikna orlof. Árið 1947 hafi hann ekki heldur fengið nema einnar viku orlof, en borið fjögra vikna orlof. Af þessum sökum skuldi stefnda sér því kr. 2.400,00. Alls nemi því skuld stefndu kr. 11.663,50, en hins vegar skuldi hann stefndu kr. 6.025,00, sem beri að draga hér frá, og kemur þannig fram stefnufjárhæðin.

Af hálfu stefndu hefur því hins vegar verið haldið fram, og er sýknukrafan á því byggð, að umrædd kauphækkun til stefnanda hafi verið bundin því skilyrði, að hann sýndi meiri árvekni og dugnað í starfi en verið hefði. Þetta hafi honum verið tilkynnt og hann ekkert haft við það að athuga. Hins vegar hafi sú raunin orðið á, að stefnandi hafi ekkert tekið sér fram um vinnusemi, og hafi því kauphækkunin ekki komið til framkvæmda. Stefnandi hafi ekki heldur um hana krafið. Hefur stefnda í þessu sambandi bent á, að stefnandi hafi starfað áfram í rúmlega eitt og hálft ár, frá því að samþykkt þessi var gerð, án þess að hefjast handa um heimtu kauphækkunar þessarar. Það hafi hann fyrst gert ári eftir, að hann var farinn úr þjónustu stefndu. Að því er varðar orlofsfjárkröfu stefnanda, þá hefur því verið haldið fram af stefndu, að stefnandi hafi tekið allt það orlof, er hann átti rétt á árin 1946 og 1947. Ef stefnandi hafi ekki tekið orlof sitt að fullu, geti hann ekki krafið um það nú, þar sem kröfur þessar séu fyrir löngu fyrndar samkvæmt ákvæðum 15. gr. orlofslaganna.

Stjórn stefndu hefur lýst yfir því, að á stjórnarfundi þeim, sem

samþykkt var kauphækkun stefnanda, hafi það verið sett sem skilyrði fyrir kauphækkuninni, að stefnandi sýndi meiri árvekni og dugnað í starfi en verið hefði. Þá hefur stjórnarmaður sá, sem skýrði stefnanda frá samþykkt þessari, lýst yfir því, að hann hafi um leið sagt stefnanda frá skilyrðum þessum, sem ekkert hafi haft við þau að athuga.

Gegn mótmælum stefnanda eru að vísu eigi færðar fullar sönnur á, að honum hafi verið tilkynnt skilyrði þessi. En þegar það er haft í huga, hve langan tíma stefnandi tók við hinu lægra kaupi, án þess að sannað sé, að hann hafi hreyft athugasemdum, og þess gætt, hve langur tími leið, frá því að hann hætti störfum hjá stefndu og þar til hann hóf heimtu fjár þessa, þá þykir hann með aðgerðarleysi sínu hafa firrt sig þeim rétti, sem hann kann að hafa átt til heimtu fjár þessa.

Að því er varðar orlofsfjárkröfu stefnanda, þá verður hún ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að hún er fyrnd samkvæmt ákvæðum 15. gr. orlofslaganna.

Málalok verða því þau, að stefnda verður sýknuð af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Sjóklæðagerð Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 12. október 1954.

Nr. 92/1954. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Sæmundi Elíasi Ólafssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Sýknað af broti á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að í ákæruskjali í máli þessu er skírskotað til reglugerðar nr. 38/1941 í stað reglugerðar nr. 130/1952, er tekið hafði gildi, þegar ákæruskjalið var út gefið hinn 21. júlí 1952.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.400,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 1.400,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1954.

Ár 1954, laugardaginn 20. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, ásamt meðdómsmönnunum Birni Sveinbjörnssyni og Sveini Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 349/1954: Ákæruvaldið gegn Sæmundi Elíasi Ólafssyni, sem dómtekið var 12. janúar sl.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 21. júlí 1952, gegn Sæmundi Elíasi Ólafssyni verzlunarmanni, Sjafnargötu 2 hér í bæ, fyrir brot á lögum um iðju og iðnað, nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. 27. gr., 5. mgr., sbr. 2. gr. og 15. gr. laga nr. 105/1936, sbr. reglugerð nr. 38/1941, 1. gr. og 13. gr., 1. tl. Þykir ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta ófaglært fólk vinna í Kexverksmiðjunni Esju h/f, sem hann veitir forstöðu, við framleiðslu á tvíbökum, kringlum og skonroki um mánaðartíma eftir sl. áramót.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. apríl 1899 að Vindheimum í Ölfusi. Sakavottorð hans er svo hljóðandi:

1935 16/10 Sátt, 10,00 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1946 10/10 Sátt, 20,00 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1951 28/2 Sátt, Rvík, áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1951 2/5 Sátt, Rvík, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1953 23/3 Sátt, Rvík, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 2. apríl 1952, kærði Bakarameistarafélag Reykjavíkur það, að Kexverksmiðjan Esja h/f, sem ákærður veitir forstöðu, framleiddi og seldi skonrok, tvíbökur og kringlur. Taldi bakarameistarafélagið þessa starfsemi vera brot á lögum um iðju og iðnað, nr. 18/1927, með því að hún tilheyrði bakaraiðn.

Vitnið Gísli Ólafsson, formaður Bakarameistarafélags Reykjavíkur, kvað bakarameistarafélagið hafa viljað kæra sérstaklega yfir því, að Kexverksmiðjan Esja hefði ófaglært fólk við að framleiða tvíbökur, kringlur og skonrok undanfarið. Tók vitnið fram í þessu sambandi, að það liti á framangreint fyrirtæki sem verksmiðju, en ekki brauðgerðarhús (bakarí). Bakarar hefðu haft ófaglært fólk við bakstur með sérstöku leyfi Sveinafélags bakara hverju sinni, en Kexverksmiðjan Esja hefði aldrei fengið þess háttar leyfi, að það vissi til, enda hefði fyrirtækið ekki samninga við Sveinafélag bakara.

Ákærður, sem er forstjóri Kexverksmiðjunnar Esju, hefur skýrt svo frá atvikum, að fyrirtækið hafi framleitt um mánaðartíma í febrúar og marz 1952 tvíbökur, kringlur og skonrok. Fyrir síðustu heimsstyrjöld framleiddi fyrirtækið og þessar vörur. Verulegan hluta starfsins innti af hendi Ásmundur Ásmundsson bakarameistari, en honum til aðstoðar væru stúlkur, sem væru ófaglærðar, um 10 að tölu. Ákærður kvað Kexverksmiðjuna Esju hafa starfað síðan 1934, að hann bezt minnti. Ekki hefur fyrirtækið fengið leyst iðjuleyfi, en ákærður vildi halda því fram, að það starfaði á iðjugrundvelli og væri framleiðsla þess á framangreindum brauðtegundum með iðjufyrirkomulagi.

Við framhaldsrannsókn í málinu kvað ákærður Eggert Kristjánsson stórkaupmann, Túngötu 30, framangreindan Ásmund og Gunnar

Eggertsson, Grenimel 24, vera í stjórn hlutafélagsins og væri Eggert formaður þess. Ákærður kvaðst hins vegar ekki vera í stjórn félagsins. Við frekari rannsókn í málinu hefur komið í ljós, að ákvörðunin um framleiðslu á framangreindum brauðtegundum var tekin með vitund og vilja félagsstjórnar.

Vitnið Ásmundur Ásmundsson bakarameistari kvað tvíbökur, kringlur og skonrok hafa verið framleitt undir sinni umsjá bæði árið 1939 og snemma á árinu 1952 í um mánaðartíma. Á þeim tíma var ekkert annað gert hjá fyrirtækinu og framleiðslu á kexi hætt. Við framleiðsluna unnu 10—20 stúlkur, ófaglærðar að öllu leyti, undir umsjá vitnisins. Verk þeirra voru í því fólgin einkum að færa brauðið til og frá bakarofni og aðstoða á ýmsan hátt. Vitnið fékkst við blöndun á deiginu eingöngu sjálfur. Síðan var það hrært og skorið í vélum. Stúlkurnar aðstoðuðu vitnið að litlu leyti við að „slá upp" deiginu. Þær unnu ekki að því sjálfstætt, og hafði vitnið stöðugt eftirlit með þeim við starfann. Vitnið benti á það, að meiri vélakostur væri fyrir hendi við bakstur hjá Kexverksmiðjunni Esju en almennt gerist hjá bökurum. Færibönd væru á bakarofnum fyrirtækisins, og hreyfðust þau fyrir rafmagni gegnum ofnana og er þannig fyrir komið, að deigið er hæfilega lengi inni í þeim. Ekki kvaðst vitnið vita til, að þess háttar útbúnaður væri í brauðgerðarhúsum (bakaríum) hér í bæ. Vitnið kvað verkaskiptingu vera meiri í Kexverksmiðjunni Esju en almennt gerist í brauðgerðarhúsum (bakaríum) og framleiðsla á framangreindum brauðtegundum væri þar meira ígripavinna.

Umsögn Iðnráðs Reykjavíkur, dagsett 10. júní 1952, um margnefnda brauðframleiðslu var á þá leið, að iðnráðsstjórnin hefði tekið þetta mál til athugunar og borið sig saman við fulltrúa bakara í Iðnráði. Við athugun hefði upplýstst, að umræddar brauðtegundir hefðu aðeins verið framleiddar í bakaríum svo lengi sem sögur næðu til. Auk þess yrðu þeir, sem ganga undir sveinspróf, að sanna hæfni sína við að „slá upp" tvíbökum og kringlum, sbr. reglugerð um sveinspróf, nr. 38/1941. Skv. þessu taldi iðnráðsstjórnin kæruna á rökum reista.

Skoðunargerð þeirra Hallgríms Björnssonar verkfræðings og Hermanns Bridde bakarameistara, dagsett 8. janúar 1954, leiddi þetta í ljós:

„Samkvæmt skipunarbréfi frá sakadómaranum í Reykjavík, dags. 22. des. 1953, höfum vér undirritaðir skoðað Kexverksmiðjuna Esju h/f. En þar sem verksmiðjan framleiðir nú ekki kringlur, tvíbökur eða skonrok, gátum vér að sjálfsögðu ekki kannað verkaskiptingu starfsfólksins eða framleiðsluhætti við framleiðslu á þessum brauðtegundum af eigin reynd.

Framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, Sæmundur E. Ólafsson, fullyrti, að framleiðsla á kringlum, tvíbökum og skonroki hefði ekki farið fram í fyrirtækinu síðan í ársbyrjun 1952 og að það hefði þegar

komið fram við rannsókn málsins, á hvaða tímabilum framleiðslan hefði átt sér stað.

Framleiðslutilhögun almennt á áðurnefndum brauðtegundum er í aðalatriðum þannig: Hráefnunum er blandað saman í ákveðnum hlutföllum í þar til gerðum hrærivélum. Þegar deigið er nægilega elt eftir ca. 3—4 mín. í vélunum, er það sett til hefunar í ca. ½ klst. og síðan deilt í ákveðnar stærðir, annaðhvort með því að skipta 4 kg stykkjum í handskurðarvél eða í sjálfvirkum vélum, sem þá jafnframt móta deigið til bökunar. Sé handskurðarvélin notuð, fer mótunin fram í höndunum, brauðinu er „slegið upp", eins og það er kallað, og til þess þarf mikla æfingu, ef fullur hraði og leikni á að nást. Það tekur vana bakara 3—5 mín. að móta deig í 1 kg af fullunnu brauði.

Jafnframt og deigið er mótað, er því raðað á plöturnar, sem það er bakað á, og þær settar í bakarofninn og að loknum bakstri teknar út aftur og brauðið kælt. Síðan er það þurrkað í ofninum við hægan hita og gegnumtrekk, kælt að nýju og pakkað til sölu. Tvíbökur eru fyrir þurrkun klofnar, venjulegast í rafknúinni skurðarvél.

Samkvæmt lýsingu verkstjóra Kexverksmiðjunnar Esju h/f, herra bakarameistara Ásmundar Ásmundssonar, og að dæma eftir vélakosti og staðháttum í verksmiðjunni var framleiðsluaðferðin, þegar umræddar brauðtegundir voru framleiddar, ekki verulega frábrugðin því, sem að framan getur. Bakarakunnátta virðist hafa verið jafnnauðsynleg og í brauðgerðarhúsum við sömu framleiðslu til þess að tryggja vörugæðin og snyrtilegt útlit á þessum brauðtegundum.

Vélakostur kexverksmiðjunnar til umræddrar framleiðslu er ekki heldur frábrugðinn vélakosti í venjulegu brauðgerðarhúsi hér að öðru leyti en því, að í bakarofninum eru færibönd, sem flytja plöturnar gegnum hann, meðan baksturinn fer fram. Í venjulegum brauðgerðarhúsum eru ekki færibönd í ofnunum, en plöturnar eru látnar inn um sömu dyr og þær eru teknar út um aftur með þar til gerðum spöðum. Sennilega er vinnusparnaður að færiböndunum við harðbrauðsframleiðsluna, og ofninn þarfnast minni gæzlu, sérstaklega ef sjálfvirk hraða- og hitastillitæki væru notuð, en svo var þó víst ekki í þessu tilfelli.

Að minnsta kosti tvö brauðgerðarhús í Reykjavík hafa sjálfvirkar vélar til að vigta og móta deigið, eins og að framan getur, við framleiðslu á tvíbökum, skonroki og kringlum. Kexverksmiðjan notaði ekki tilsvarandi vélakost, þegar hún framleiddi þessar brauðtegundir, heldur lét „slá brauðinu upp" með höndunum að gömlum bakarasið.

Engin vélknúin flutningatæki eða færibönd nema í bakarofni eru í verksmiðjunni, og hefur því verið talsverð vinna við að flytja efnið á milli staða, þar sem hin mismunandi vinnslustig fóru fram, t. d. blöndun, hefun, deiling, mótun o. s. frv.

Þáttur hins faglærða verkstjóra, að hans sögn, var fyrst og fremst

fólginn í því að hafa yfirumsjón með framleiðslunni, stjórna blöndun hráefnanna og móta deigið með aðstoð nokkurra stúlkna. Framleiðsluna telur hann hafa verið um 300—400 kg af fullunnu brauði á dag, og svarar það til, að hann hafi haft 4—5 stúlkur til aðstoðar við mótunina og til að raða á plöturnar, þegar tekið er tillit til þess, að þær skortir þá leikni, sem bakarar hafa við slík störf.

Hvað verkaskiptingunni viðvíkur að öðru leyti en hér greinir, vísaði framkvæmdarstjórinn til bréfs til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 17. sept. 1952, sem var lagt fram í málinu og fylgir málsskjölunum. Teljum vér því ástæðulaust að endurtaka það hér. Viljum vér þó vekja athygli á því, að stúlkur þær, er unnu að flutningi á hálfframleiðslunni á milli vinnslustiga, blöndunar, hefunar, deilingar, mótunar, bökunar, kælingar o. s. frv., sem að sjálfsögðu útheimtir enga fagkunnáttu, hafa engan veginn haft nægileg verkefni hver á sínum stað, þar sem ekki um meiri dagsframleiðslu var að ræða en að framan getur.

Á þeim tímabilum, sem verksmiðjan framleiddi kringlur, tvíbökur og skonrok, var ekki annað brauð eða kex framleitt að sögn forstjórans. Aftur á móti framleiða brauðgerðarhúsin þessar brauðtegundir eftir þörfum jafnframt því, sem þau baka algengar brauðtegundir fyrir daglegan markað og ekki eru hæfar til geymslu á „lager". Það hefur því verið auðveldara fyrir verksmiðjuna að hafa meiri verkaskiptingu en brauðgerðarhúsin við sams konar framleiðslu og þar með fengið aðstöðu til að þjálfa starfsstúlkurnar við ákveðin störf.

Meðan á harðbrauðsframleiðslunni stóð í ársbyrjun 1952, störfuðu við hana um 12 stúlkur, en nú vinna um 30 stúlkur í verksmiðjunni.

Framleiðslan fór fram í einum sal, þar sem bæði vinnsluvélum, vinnuborðum og bakarofnum er komið fyrir. Pökkun og afgreiðsla átti sér stað í áföstu herbergi við verksmiðjusalinn. Oss virtist húsnæðið frekar þröngt og fyrirkomulag véla og tækja heldur óhagstætt fyrir harðbrauðsframleiðslu með tilliti til afkastagetu verksmiðjunnar og fjölda starfsfólks, þegar um verksmiðjurekstur er að ræða. Annars er erfitt um slíkt að dæma, þar sem vér höfðum ekki tækifæri til að fylgjast með starfsháttum og verkaskiptingu, eins og vér höfum tekið fram í byrjun þessarar greinargerðar.

Sala harðbrauðsins fór fram með heildsölufyrirkomulagi."

Ákærður hefur ekki gert neinar athugasemdir við skoðunargerðina, er máli skipta.

Því er ekki mótmælt af bakarameistarafélaginu, að fyrirtæki ákærðs sé verksmiðja og starfshættir þess séu með iðjufyrirkomulagi, heldur að framleiðsla á tvíbökum, kringlum og skonroki tilheyri bakaraiðn og því megi fyrirtækið ekki hafa ófaglært fólk við hana, en fyrirtækið hefur aðeins einn fagmann, bakarameistara, er hefur yfirumsjón framleiðslunnar. Á þessa skoðun þykir ekki verða fallizt. Að áliti dómsins er framleiðsla á tvíbökum, kringlum og skonroki í þeim 2 brauðgerðarhúsum, er í skoðunargerðinni greinir,

með iðjufyrirkomulagi. Þegar það er virt, *að* vélakostur er mikill við fyrirtæki ákærðs og allverulegur hluti af framleiðslunni fer fram í vélum, *að* störf þau, sem ófaglærðu stúlkurnar inna af hendi, eru flest ýmis aukastörf, vandalítil, í sambandi við vélarnar og ekki nema hluti af framleiðslustörfum og þá undir stjórn kunnáttumanns, og loks, *að* um fjöldaframleiðslu er að ræða, þá þykir starfsemi ófaglærðu stúlknanna hafa öll aðaleinkenni iðju skv. I. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, og eigi þurfa sérnám til hennar. Ber því að sýkna ákærðan af ákærunni í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Páls S. Pálssonar hdl., skipaðs verjanda ákærðs, kr. 800,00. Að lokinni framhaldsrannsókn í málinu var það sent dómsmálaráðuneytinu að nýju til fyrirsagnar. Taldi það ekki nægja ástæðu til að breyta ákæruskjali. Ekki gerði það heldur kröfu um, að ákærðum yrði refsað fyrir að hafa ekki fengið leyst iðjuleyfi til framleiðslu á kexi. Verður því ákærðum ekki gerð refsing fyrir það.

Dómsorð:

Ákærður, Sæmundur Elías Ólafsson, á að vera sýkn af ákærunni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðs, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 800,00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 12. október 1954.

Nr. 119/1952. **Gunnar S. Hafdal**
gegn
Eftirlaunasjóði Akureyrar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu hafa verið lögð fram þrjú læknisvottorð um heilsufar áfrýjanda:

1. vottorð Jóns Geirssonar læknis, dags. 12. janúar 1945, með árituðu samþykki héraðslæknisins á Akureyri, Jóhanns Þorkelssonar, dags. 5. nóvember 1945,

2. vottorð Jóns Geirssonar læknis, dags. 27. febrúar 1946,
3. vottorð dr. Bjarna Jónssonar læknis, dags. 27. september 1953.

Með því að æskilegt er, að fyrir liggi sem gleggst vitneskja um heilsufar áfrýjanda, er hann lét af störfum hjá Rafmagnsveitu Akureyrar hinn 1. maí 1945, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að leggja vottorð þessi fyrir Læknaráð og æskja umsagnar þess um, hvort af þeim megi ráða, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum framangreindan dag, verið haldinn svo varanlegri fótaveiki, að honum hafi verið um megn að gegna innheimtumannsstörfum með þeim göngum, sem ætla má, að slíku starfi séu samfara, enn fremur, hvort ætla megi, að ráðin verði bót á fótameini hans, þannig að hann verði fær um að stunda áðurgreint starf.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 13. október 1954.

Nr. 3/1954. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Guðmundi Helga Sigfússyni
og
Hauki Ólafssyni (Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Lárusson og Theodór B. Líndal.

Brot á lögum nr. 70/1947, lögum nr. 33/1935 og lögum nr. 63/1937 o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Guðmundur Helgi hafði að vísu ekki aflað sér gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir sementi því og kolum, sem í málinu greinir, en þar sem í ljós er leitt, að yfirvöld höfðu

látið það viðgangast, að menn flyttu slíkar vörur til landsins án leyfa, þykir það afsakanlegt, að ákærði taldi verknað sinn ekki réttarbrot. Er því rétt, að refsing ákærða Guðmundar Helga fyrir nefndan innflutning falli niður, sbr. 74. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði Guðmundur Helgi aðstoðaði við innflutning á vatnspípum, píputenglum og skipsskrúfu með því að leggja fram gjaldeyri til greiðslu á þeim. Varða þeir verknaðir hans við þau refsiákvæði, sem héraðsdómari hefur heimfært þá undir, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Öðrum verknuðum, sem ákærði Guðmundur Helgi er saksóttur fyrir, er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og eru þeir þar réttilega heimfærðir undir refsilög. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Guðmundar Helga, þó svo, að greiðslufrestur sektar sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Hins vegar brestur heimild í 69. gr. laga nr. 19/1940 til að gera upptæka muni þá, sem í héraðsdómi greinir, og ber því að fella upptökuákvæði dómsins úr gildi.

Verknuðum ákærða Hauks er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og eru þeir þar réttilega heimfærðir undir refsiákvæði. Þykir refsing ákærða Hauks hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 14 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors, greiði ákærði Guðmundur Helgi að $^{9}/_{10}$ hlutum, en ákærði Haukur að $^{1}/_{10}$ hluta.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Guðmundar Helga Sigfússonar á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Ólafsson greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna er úr gildi fellt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns og Vilhjálms Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000,00 til hvors, ákærði Guðmundur Helgi Sigfússon að $^9/_{10}$ hlutum, en ákærði Haukur Ólafsson að $^1/_{10}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 25. júlí 1953.

Ár 1953, laugardaginn 25. júlí, var í sakadómi Neskaupstaðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Ákærðu eru Guðmundur Helgi Sigfússon verzlunarstjóri, Nesgötu 5 hér í bæ, og Haukur Ólafsson skipstjóri, Bergþórshvoli hér í bæ. Samkvæmt ákæruskjalinu er málið höfðað, að því er ákærða Guðmund Helga varðar, fyrir:

1. Að láta Goðaborg h/f, Neskaupstað, flytja inn með m/s Goðaborg, NK. 1, er kom til Neskaupstaðar 9. marz 1949 frá Aberdeen í Skotlandi, rúmlega 81 tonn af sementi án þess að hafa fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því.

2. Að láta sama félag flytja inn með sama skipi, er kom til Neskaupstaðar 22. marz 1949 frá Aberdeen, rúm 60 tonn af kolum og 15 heimilishrærivélar án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum.

3. Að láta Goðaborg h/f eða verzlun Sigfúsar Sveinssonar, Neskaupstað, flytja inn með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 9. maí 1949, rúm 60 tonn af sementi, 5 tonn af þakjárni, 3 tunnur af fernisolíu, ca. 80 m af vélarreimum, 78 öskjur af reimlásum, 10 sekki af eldföstum leir, 7 tylftir af penslum, 3 balla af vinnuvettlingum og 20 rúllur af tjörupappa án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum. Sumt af vörunum var flutt inn af Goðaborg h/f, en sumt af verzlun Sigfúsar Sveinssonar, en ákærði fór með framkvæmdarstjórn beggja þessara fyrirtækja.

4. Að láta sömu fyrirtæki flytja inn með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 28. maí 1949, rúm 60 tonn af sementi, ca. 88 poka af koksi, 10 þvottavélar, 1 poka af rörtenglum (fittings), 10 vatnsrör, 8 kúta vítissóda, 1 skipsskrúfu, ca. 150 kg málningarefni, 1 þvottavask, 17 tylftir vatnsföturog 11 kassa stormluktir án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum þessum.

Framangreind brot ákærða Guðmundar Helga þykja varða við lög nr. 70/1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, 11. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., og reglugerð um sama efni, nr. 82/1947, 21. gr., 1. mgr., 22. gr. og 24. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr.

5. Að ráðstafa á ólögmætan hátt erlendum gjaldeyri (sterlingspundum), andvirði ísfisks, er m/s Goðaborg seldi í Aberdeen 5. marz, 18. marz, 4. maí og 23. maí 1949, til kaupa á framangreindum vörum, en þetta brot ákærða varðar við lög nr. 70/1947, 13. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., og reglugerð nr. 82/1947, 25. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 7. mgr., 28. gr., 1. mgr., sbr. 39. gr., 2. mgr.

6. Að vanrækja að senda gjaldeyrisskrifstofu bankanna skilagrein yfir ísfisksölur m/s Goðaborgar í Aberdeen 4. maí og 23. maí 1949, en þetta brot þykir varða við reglugerð nr. 82/1947, 29. gr., 5. mgr., sbr. 39. gr., 2. mgr.

Að því er ákærða Hauk Ólafsson varðar, er málið höfðað fyrir:

1. Að flytja inn ólöglega 5 flöskur af áfengi (whisky) með m/s Goðaborg, er kom til Neskaupstaðar 9. marz 1949 frá Aberdeen, en þetta brot ákærða þykir varða við áfengislög, nr. 33/1935, 2. gr., 3. gr., 1. mgr., sbr. 27. gr. og 28. gr.

2. Að vanrækja að færa á farmskrá allar framangreindar vörur, er fluttar voru með m/s Goðaborg í nefndum 4 ferðum, aðrar en kol og sement, en þetta brot ákærða þykir varða við lög um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 63/1937, 22. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1. mgr., og 5. gr., sbr. 40. gr., reglugerð nr. 123/1938, 29. gr., 1. mgr., 3. mgr. og 5. mgr., sbr. 93. gr.

Þess er krafizt í ákæruskjali, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar og að dæmdar verði upptækar ríkissjóði til handa 10 heimilisþvottavélar og 1 heimilishrærivél samkvæmt heimild 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Guðmundur Helgi fæddur 25. ágúst 1909 í Neskaupstað og ákærði Haukur fæddur 18. febrúar 1917 í Vestmannaeyjum.

Hinn 10. nóvember 1941 var ákærði Guðmundur Helgi sektaður með réttarsátt um kr. 50,00 fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur, og hinn 4. október 1946 sætti hann áminningu fyrir brot gegn reglum um tollmeðferð vara.

Hinn 4. október 1945 var ákærði Haukur sektaður með réttarsátt um kr. 25,00 fyrir ölvun á almannafæri.

Að öðru leyti hafa ákærðu ekki sætt ákæru, svo að kunnugt sé, fyrr en í máli þessu né heldur refsingu.

Að áliðnum vetri og um vorið 1949 fór m/s Goðaborg, NK. 1, fjórar ferðir til Aberdeen í Skotlandi með ísfisk, sem þar var seldur. Skipið var á þessum tíma eign Goðaborgar h/f í Neskaupstað, og voru fisksöluferðir þessar farnar fyrir reikning félagsins, en framkvæmdarstjóri þess var ákærði Guðmundur Helgi. Jafnframt var

hann framkvæmdarstjóri Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar í Neskaupstað. Skipstjóri á m/s Goðaborg, NK. 1, í þessum ferðum var ákærði Haukur, en hinu verzlunarlega í ferðunum stjórnaði ákærði Guðmundur Helgi, að sumu leyti með aðstoð umboðsmanns síns í Aberdeen, bæði kaupum og sölu fisksins, ráðstöfun þess erlenda gjaldeyris, sem fyrir fiskinn fékkst, og kaupum og innflutningi þess varnings, sem fluttur var hingað til lands með skipinu í ferðum þessum.

Í fyrstu ferðinni kom skipið til Aberdeen 4. marz, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.917-8-6 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 6. marz og komið til Neskaupstaðar 9. marz. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmlega 81 smálest af sementi.

Í annarri ferðinni kom skipið til Aberdeen 16. marz, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.653-19-4 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 17. marz og komið til Neskaupstaðar 22. marz. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af kolum. Auk þess voru þá m. a. með skipinu 15 heimilishrærivélar.

Í þriðju ferðinni kom skipið til Aberdeen 3. maí, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 3.494-0-0 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 5. maí og komið til Neskaupstaðar 9. maí. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af sementi og auk þess m. a. 5 smálestir af þakjárni, 4 tunnur fernisolía, 4 eða 5 pakkar vélarreimar og reimlásar, 10 sekkir eldfastur leir, 10 tylftir af penslum, 3 „ballar" af vinnuvettlingum og 20 „rúllur" af tjörupappa.

Í fjórðu ferðinni kom skipið til Aberdeen 22. maí, og var fiskfarmur þess seldur fyrir £ 2.993-12-5 brúttó. Lagt var af stað heimleiðis 24. maí og komið til Neskaupstaðar 28. maí. Farmur skipsins á heimleiðinni var rúmar 60 smálestir af sementi og auk þess m. a. 100 pokar af koksi, 10 þvottavélar, 1 poki af rörtengum, 10 vatnsrör, 10 kútar af vítissóda, 1 skipsskrúfa, um 450 kg málningarefni, 1 þvottavaskur, 20 tylftir vatnsfötur og 11 kassar stormluktir.

Goðaborg h/f var innflytjandi allra þessara vara nema þakjárnsins, vinnuvettlinganna, þvottavélanna, skipsskrúfunnar, málningarefnisins og stormluktanna. Innflytjandi þeirra var Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.

Sökum þess, að ákærði Guðmundur Helgi hefur haldið því fram, að nokkuð af framangreindum vörum hafi verið skipsnauðsynjar m/s Goðaborgar, kvaddi dómurinn tvo menn, kunna útgerð, þá Óskar Sigfinnsson, skipstjóra og vélstjóra, Bergþórshvoli innri, og Ölver Guðmundsson, útgerðarmann og fyrrverandi skipstjóra, Þórsmörk, til að láta dóminum í té álit sitt á því, hvað framantalinna vara geti talizt eðlilegar nauðsynjar skipsins. Auk nokkurra vörutegunda, sem fluttar voru til Neskaupstaðar í áðurnefndum ferðum og eigi er getið í ákæruskjali og því eigi taldar hér að framan, telja þeir, að með tilliti til innkaupa til skipsins til eins árs með nokkurri

óvissu um veiðiaðferðir sé þetta af framangreindum vörum ekki ónauðsynlegt til skipsins:

1 tunna fernisolía, 100—120 metrar vélarreimar, 30 öskjur reimlásar, 30 penslar, 2 kútar vítissódi, 250—300 kg málningarefni, 3 tylftir vatnsfötur, 12 pokar koks.

Sé þetta magn, sem dómurinn vefengir ekki, að sé sanngjarnlega áætlað af hinum dómkvöddu mönnum, dregið frá því, sem inn var flutt, verða eftir þær vörur, sem á ákæruskjalinu eru taldar, að því undanteknu, að smávegis ósamræmis gætir um penslana.

Við komu skipsins til Neskaupstaðar skilaði ákærði Haukur tollyfirvöldum þar farmskrám um kolin og sementið, en eigi voru aðrar vörur á þær skrár færðar. Hefur ákærði Haukur gert þá grein fyrir þessu, að hann hafi í raun og veru ekki talið aðrar vörur til farms en kol og sement. Kolin og sementið hafi verið aðalfarmurinn, og ekkert farmgjald hafi að sínu áliti verið greitt fyrir aukavarninginn. Þegar skipið kom til Neskaupstaðar úr þriðju ferðinni, færði bæjarfógetinn þar þakjárnið á farmskráreyðublað til að bæta að nokkru úr vanrækslu ákærða Hauks að þessu leyti, og þegar skipið kom til Neskaupstaðar úr fjórðu ferðinni, færði tollvörðurinn þar framantalinn aukavarning, sem skipið var þá með, á farmskráreyðublað.

Eigi gerði ákærði Guðmundur Helgi neinar ráðstafanir til öflunar innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vörum þeim, sem fluttar voru hingað til lands með skipinu samkvæmt framansögðu, fyrr en vörurnar voru keyptar og komnar hingað til lands. Þungavaran, kolin og sementið, var tollafgreidd að sumu leyti, bráðlega eftir að hún hafði verið flutt inn, en hið síðasta í nóvember 1949, og verður ekki séð, að neinar athugasemdir hafi þá verið gerðar af tollyfirvalda hálfu um skort fullnægjandi innflutningsheimilda.

Hrærivélunum að einni undantekinni ráðstafaði ákærði Guðmundur Helgi ýmist með sölu eða án endurgjalds, áður en rannsókn máls þessa hófst og án þess að aflað hefði verið fyrir þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, og enn fremur virðist sami ákærði hafa notað eða ráðstafað án slíkra leyfa penslunum, koksinu og vítissódanum, en vatnsrörin og rörtenglana fékk ákærði Haukur að mestu leyti til húsbyggingar sinnar án slíkra leyfa. Um skipsskrúfuna virðist ekki vera fyllilega upplýst að þessu leyti. Fyrir hinum vörunum fengust fullnægjandi leyfi, og hafa þær verið tollafgreiddar samkvæmt þeim nema þvottavélarnar 10 og áðurnefnd ein hrærivél. Fyrir vélum þessum eru eigi innflutnings- né gjaldeyrisleyfi, og eru þær geymdar undir innsigli hér í Neskaupstað.

Ekkert er fram komið, sem til þess bendi, að ákærði Guðmundur Helgi hafi selt neitt af framangreindum varningi hærra verði en leyfilegt var, og hefur verðgæzlumaðurinn á Austurlandi vottað, að hann hafi staðreynt, að sumt af varningnum hafi verið selt réttu verði, og enn fremur hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi aldrei

haft ástæðu til að kæra ákærða Guðmund Helga eða verzlunina, sem hann stjórnar, fyrir yfirtroðslur gegn verðlagslöggjöfinni.

Áður er rakið, hvert var andvirði hins selda fisks í hverri hinna fjögurra ferða skipsins. Af andvirði fisksins í fyrstu ferðinni, £ 3.917-8-6, var Landsbankaútibúinu á Eskifirði skilað £ 2.034-15-2. Af andvirði fisksins í annarri ferðinni, £ 3.653-19-4, var sama útibúi skilað £ 1.794-6-7. Af andvirði fisksins í síðari ferðunum tveimur var engum gjaldeyri skilað til bankanna. Þeim brezka gjaldeyri, sem fyrir fiskinn fékkst í öllum ferðunum og eigi var skilað til Landsbankaútibúsins á Eskifirði samkvæmt framansögðu, ráðstafaði ákærði Guðmundur Helgi til kaupa alls framangreinds varnings án tilskilinna leyfa gjaldeyrisyfirvalda, auk þess sem hann greiddi með honum allan erlendan kostnað við söluferðirnar, hluta af kaupi skipshafnarinnar og andvirði nokkurra vara, sem eigi er getið í ákæruskjali, svo sem skipsnauðsynja.

Af ákærða Guðmundar Helga hálfu er því haldið fram, að á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og þá undanfarin ár hafi ekki verið um það sakazt af opinberri hálfu, þótt inn væru flutt án tilskilinna gjaldeyris- og innflutningsleyfa kol og sement með skipum þeim, sem fluttu ísfisk til sölu á erlendan markað. Um þetta atriði hefur gjaldeyriseftirlit bankanna tekið fram, að talið hafi verið eðlilegt, að skip, sem flyttu ísfisk til Bretlands, tækju þungavörufarm til flutnings heim, svo sem kol, salt og sement, og eigi hafi verið talin ástæða til athugasemda af gjaldeyriseftirlitsins hálfu, þótt slíkur farmur væri greiddur af ísfiskspeningum (þ. e. andvirði selds ísfisks í þeirri ferð), enda að sjálfsögðu gengið út frá því, að viðkomandi hefði nauðsynleg leyfi til innflutnings. Um þetta sama efni hefur gjaldeyris- og innflutningsdeild fjárhagsráðs tekið fram, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi verið venja að heimila skipum, sem fluttu ísvarinn fisk á erlendan markað, að flytja kol, salt eða sement hingað til lands í heimleiðinni, enda nauðsyn fyrir slík skip að fá næga þungavöru sem kjölfestu til heimsiglingarinnar. Oftast muni vörur þessar hafa verið greiddar af fiskandvirði, óátalið. Að því er kol og salt varðar, telur gjaldeyris- og innflutningsdeildin, að segja megi, að venja í þessum efnum hafi orðið að eins konar hefð, og því eigi verið um það fengizt, þótt umsóknir um innflutningsleyfi bærust of seint og leyfi þar af leiðandi verið veitt, eftir að varan kom til landsins. Um sement segir deildin, að gegnt hafi nokkuð öðru máli en um kol og salt, enda þar um fjárfestingarvöru að ræða, sem háð var skömmtun. Í flestum eða öllum tilfellum hafi þó verið heimilað að taka sement í fiskflutningaskipin gegn greiðslu af fiskandvirði, ef kol og salt fengust ekki eða nægar birgðir þeirra vara voru ekki til í heimahöfn skipsins. Meiri áherzla, segir deildin, að lögð hafi verið á fyrirframinnflutningsleyfi fyrir sementi en kolum og salti, er svo stóð á sem nefnt hefur verið, en

ekki telur deildin, að kært muni hafa verið yfir mistökum í því efni.

Með tilliti til þessara umsagna gjaldeyris- og innflutningsyfirvaldanna um venju þá, sem skapazt hafði um innflutning kola og sements með fiskflutningaskipum, þykir eigi vera næg ástæða til að gefa ákærða Guðmundi Helga refsiverða sök á innflutningi þessara vara (kola og sements), sem í ákæruskjali greinir, enda þótt hinna lögboðnu skilyrða um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir fram væri eigi gætt, enda voru þær tollafgreiddar, svo sem áður segir, án nokkurra athugasemda um skort fullnægjandi innflutningsheimilda, að því er virðist.

Þá er það viðurkennt af ákærða Guðmundi Helga, að hann lét undir höfuð leggjast að senda gjaldeyriseftirliti bankanna skilagrein um ísfiskssölur skipsins í tveimur síðari söluferðunum. Gerir ákærði þá grein fyrir þessari vanrækslu, að uppgjör umboðsmanns síns í Aberdeen um söluferðir þessar hafi ekki borizt sér, fyrr en rannsókn málsins var hafin, og að hann hafi álitið, að fyrst svo var komið, mundi gjaldeyriseftirlitið annaðhvort krefja sig sérstaklega um þessar skilagreinir eða rannsóknardómarinn krefja sig skýrslna um þær.

Loks er upplýst með skýrslu ákærða Hauks, að hann flutti inn í landið 5 flöskur af viskí í fyrstu ferð skipsins án þess að segja tollyfirvöldunum frá þeim, og verður eigi annað séð en að hann hafi flutt þær inn til eigin neyzlu.

Af því, sem nú hefur verið rakið um málavexti, þykir ákærða Guðmundi Helga samkvæmt framansögðu eigi verða gefin refsiverð sök á innflutningi kolanna og sementsins án fyrir fram fenginna gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og ber því að sýkna hann af ákærunni að því leyti. Aðrir liðir ákæruskjalsins gegn báðum hinum ákærðu eru að áliti dómsins á rökum reistir samkvæmt framansögðu, og hafa hinir ákærðu með þar nefndu atferli sínu gerzt brotlegir við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu greinir.

Þykja refsingar þeirra eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Guðmundur Helgi skuli greiða kr. 15.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og að ákærði Haukur skuli greiða kr. 1.500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Í sekt hins síðarnefnda er falið lítragjald hins ólöglega innflutta áfengis samkvæmt 27. gr. áfengislaganna.

Samkvæmt lögum nr. 70/1947, 22. gr., 2. mgr., og 69. gr. hegningarlaganna þykir rétt að gera upptækar ríkissjóði til handa framannefndar 10 þvottavélar og 1 hrærivél, sem ólöglega voru fluttar inn og geymdar eru undir innsigli.

Hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000,00, þannig að ákærði Guðmundur Helgi greiði hann að 9/10 hlutum, en ákærði Haukur að 1/10 hluta.

Rannsókn máls þessa hófst 16. maí 1949, og var af umboðsdómaranum, sem fór með málið, kveðinn upp í því dómur 18. apríl 1951. Sá dómur var ómerktur í Hæstarétti 6. febrúar 1953 og málinu vísað heim í hérað. Var síðan Valdimar Stefánssyni sakadómara falið mál þetta sem umboðsdómara til rannsóknar og dómsálagningar, og hefur hann kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ármanni Eiríkssyni framkvæmdarstjóra og Karli Pálssyni bæjarfógetaritara.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Helgi Sigfússon greiði kr. 15.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Ólafsson greiði kr. 1.500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 10 þvottavélar og 1 hrærivél skulu vera upptækar ríkissjóði til handa.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 3.000,00, greiði Guðmundur Helgi Sigfússon að 9/10 hlutum, en ákærði Haukur Ólafsson að 1/10 hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. október 1954.

Nr. 159/1953. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Georg Svavari Sigfinnssyni
og
Sigurbjörgu Magnúsdóttur
(Einar Ásmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Ákærðu hafa í viðtölum við lögreglumenn verið reikul og missaga um það, hver hafi ekið bifreiðinni G. 750 umrætt skipti. Fyrir dómi hafa þau hins vegar staðfastlega haldið við þann framburð sinn, að ákærða hafi stjórnað bifreiðinni. Með þeirri játningu þeirra þykir verða að telja sannað, að svo hafi verið, enda er sú niðurstaða studd vætti eins vitnis, sem kvaðst hafa séð ákærðu í ökumannssæti bifreiðarinnar, eins og í héraðsdómi greinir.

Lögreglumennirnir Agnar Áskelsson og Leifur Björnsson, sem veittu bifreiðinni eftirför, telja ákærðu hafa verið ölvaða, er þeir komu á vettvang, þar sem bifreiðin hafði verið stöðvuð. Kveðst Agnar Áskelsson byggja það álit sitt á því, að ákærða hafi verið djörf í tali og ör í framkomu. Hins vegar kveðst hann ekki hafa fundið áfengislykt af ákærðu né orðið þess var, að hún væri óstyrk til göngu, en sakir myrkurs hafi hann ekki gerla séð andlit ákærðu. Leifur Björnsson kveður ákærðu hafa verið öra í framkomu, þvöglumælta og reikula í spori. Þá hafi hann og fundið vínlykt af henni. Lög-

reglumennirnir hlutuðust ekki til um það, að ákærðu væri tekið blóð til rannsóknar á áfengismagni þess, enda virðast þeir þá ekki hafa haft hana grunaða um akstur bifreiðarinnar. Ákærða hefur synjað fyrir það, að hún hafi verið með áhrifum áfengis, enda kveðst hún ekki hafa neytt víns í samkvæmi því, sem hún hafði verið í. Vitni, sem einnig voru í nefndu samkvæmi, kveðast eigi hafa orðið þess vör, að hún neytti víns þar eða væri með áhrifum áfengis. Að svo vöxnu máli og þar sem athugun sú, sem lögreglumennirnir byggja á framburð sinn um ölvun ákærðu, virðist hafa verið mjög lausleg, þá þykir varhugavert að telja sannað, að hún hafi verið með áhrifum áfengis við stjórn bifreiðarinnar.

Ákærði var ölvaður, eins og í héraðsdómi greinir, og fékk hann því ákærðu, sem eigi hafði réttindi bifreiðarstjóra, stjórn bifreiðarinnar. Þetta atferli ákærða varðar við 1. mgr. 22. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda ákærða til bifreiðarstjórnar.

Ákærða hefur brotið 1. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. sömu laga, og 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum eiga ákærðu að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 600,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Rannsókn máls þessa var ófullkomin, og óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð þess í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Svavar Sigfinnsson, greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu bifreiðarstjóraréttinda hans staðfestist.

Ákærða, Sigurbjörg Magnúsdóttir, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, Hallgríms Dalbergs héraðsdómslögmanns, kr. 600,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Einars Ásmundssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. febr. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. febr. sl., er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, dagsettu 2. des. 1952, höfðað gegn Georg Svavari Sigfinnssyni bílstjóra, Laufási í Ytri-Njarðvík, og konu hans, Sigurbjörgu Magnúsdóttur, sama stað. *Aðallega* er málið höfðað gegn ákærðum Svavari einum fyrir ölvun við akstur skv. bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr., og áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., 1. mgr., sbr. 39. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka bílnum G. 750 undir áhrifum áfengis aðfaranótt 27. sept. 1951 um kl. 04,15 frá Hafnargötu 78 í Keflavík og til heimilis hans, Laufáss í Ytri-Njarðvík.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr., 1. mgr., áfengislaga svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Til vara er málið höfðað gegn báðum ákærðum, gegn ákærðri Sigurbjörgu, fyrir brot á bifreiðalögum, 20. gr., 1. mgr., og 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og umferðarlögum, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr. Þykir ákærð hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka nefndum bíl, eins og áður greinir, undir áhrifum áfengis og án bílstjóraréttinda.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar, sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Gegn ákærðum Georg Svavari er málið þá höfðað fyrir brot á

22. gr., 1. mgr., og 23. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951. Þykir ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta viðgangast, að kona hans, meðkærð Sigurbjörg, æki nefndum bíl, eins og áður greinir, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1940 og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærð eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærður Georg Svavar er fæddur 29. nóv. 1906 á Seyðisfirði og hefur, svo að vitað sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Hafnarfjörður.

1934 5/9 Dómur, 200,00 króna sekt fyrir brot á 10. gr., sbr. 31. gr., áfengislaga frá 1930.

Reykjavík.

1947 23/7 Sátt, 100,00 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1951 10/11 Sátt, 500,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941.

Ákærð, Sigurbjörg Magnúsdóttir, er fædd að Hnjóti í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu 5. apríl 1907 og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 27. september 1951 var Leifur Björnsson, lögregluþjónn úr Hafnarfirði, að aðstoða við flutning á húsi frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Eftir að þangað kom, varð lögregluþjónninn tvisvar var við bílinn G. 750 og þótti akstur hans undarlegur. Hann fór þá á lögreglustöðina í Keflavík til að tilkynna þetta, en þar sem hún var lokuð, fór hann að varðhliðinu á Keflavíkurflugvelli og skýrði Agnari Áskelssyni lögregluþjóni, sem þar var, frá þessu. Var þá klukkan um 04,10. Þeir urðu rétt á eftir varir við bílinn G. 750, þar sem hann ók frá Keflavík til Ytri-Njarðvíkur, og eltu hann í jeppa. Þegar þeir komu að húsinu Laufási í Ytri-Njarðvík, stóð G. 750 þar fyrir utan, en þau hjónin Georg Svavar og Sigurbjörg, ákærð í máli þessu, stóðu hjá bílnum, húsmegin við hann, og höfðu þeir ekki séð, er þau komu út úr honum. Lögregluþjónarnir töldu, að Svavar hefði ekið bílnum, og fluttu hann því til læknis til blóðtöku. Hann neitaði að láta taka úr sér blóð, en hefur hins vegar ávallt viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Hann hefur og algerlega neitað við réttarhöld í málinu, að hann hafi ekið bílnum, og segir konu sína hafa gert það.

Verða nú raktir framburðir ákærðra og vitna um það, er máli þykir skipta.

Ákærður Georg Svavar hefur skýrt svo frá, að miðvikudaginn 26. sept. hafi hann farið í boð til Óskars Jónssonar, Hafnargötu 78 í Keflavík, í tilefni af 75 ára afmæli Tómasar nokkurs, er þar býr.

Hann hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis þarna um kvöldið og nóttina og verið orðinn dálítið ölvaður, er hann fór að hyggja til heimferðar. Vegna þessa segir hann, að kona sín, meðkærð Sigurbjörg, hafi ekið bíl sínum, G. 750, heim frá Hafnargötu 78 að Laufási. Ákærð var próflaus, en ákærður segir hana hafa verið byrjaða að læra á bíl. Ekki kveðst hann hafa vitað til, að hún hafi bragðað vín. Þau voru komin út úr bílnum og voru í þann veginn að ganga inn í húsið, er tvo lögregluþjóna bar þar að. Ákærður hefur viðurkennt að muna til þess, að lögregluþjónarnir hafi spurt sig um, hver hefði ekið bílnum, og hafi hann ef til vill svarað því fyrst, að dóttir sín hefði gert það. Hann telur sig þó ekki muna þetta, en hafi svo verið, segir hann það munu hafa verið vegna þess, að hún hefur oft ekið bílnum, er hann hefur verið ölvaður.

Ákærð Sigurbjörg hefur fyrir rétti haldið fast við það, að hún hafi ekið G. 750 frá Hafnargötu 78 að Laufási. Hún hefur algerlega neitað, að hún hafi fundið til áfengisáhrifa eða neytt áfengis um kvöldið. Hún kveðst muna, að Georg Svavar sagði, að dóttir sín hefði ekið bílnum, og útskýrir það tilsvar hans á sama veg og hann sjálfur. Sjálf kveðst hún hafa sagt lögregluþjónunum fyrst, að hún hafi ekið, en síðan, að maður sinn hafi ekið. Kveðst hún hafa gert það vegna þess, að sér hafi dottið í hug, að vitleysa væri af sér að játa á sig aksturinn próflausa. Hún hefur enn fremur viðurkennt að hafa sagt við lögregluþjónana eitthvað á þessa leið: „Að þið skulið láta svona, strákar mínir. Þetta er allt ósköp meinlaust, við förum bara beint heim.“

Vitnið Óskar Jónsson hefur borið fyrir rétti, að hann hafi séð ákærða Sigurbjörgu setjast undir stýri á G. 750, er þau voru að fara frá Hafnargötu 78 um nóttina. Það sá hins vegar ekki, er þau óku af stað.

Vitnið Leifur Björnsson lögregluþjónn, sem fyrr er nefndur, kveðst hafa spurt ákærðan að því, er þeir lögregluþjónarnir komu að hjónunum við Laufás, hver hefði ekið, og hafi hann sagt dóttur sína hafa gert það. Ákærð sagðist sjálf hafa ekið, en sagði skömmu síðar, að ákærður hefði gert það, en það væri allt í lagi, þar sem hann hafi ekki verið að „praktísera“ og þetta væri svo stutt, sem hann hefði farið. Vitnið segir, að ákærður hafi aldrei beinlínis játað fyrir þeim lögregluþjónunum, að hann hafi ekið, en sér hefði fundizt það koma óbeinlínis í ljós hjá honum. Kveðst vitnið hafa þótzt þess fullvisst, að Svavar hafi ekið.

Vitnið Agnar Áskelsson lögregluþjónn hefur skýrt frá atvikum og orðaskiptum þeim, sem áttu sér stað við húsið Laufás, mjög á sama veg og vitnið Leifur Björnsson. Bæði hafa vitni þessi borið, að ákærður hafi verið ölvaður. Vitninu Agnari virtist ákærð einnig vera áberandi ölvuð, en vitnið Leifur fullyrðir, að svo hafi verið.

Vitnið Agnar hefur enn fremur borið fyrir rétti, að skömmu eftir þennan atburð hafi ákærður skýrt sér frá því, að hann hafi sjálfur

ekið G. 750 frá Hafnargötunni heim að Laufási. Það segir fyrrnefndan Óskar Jónsson hafa hlustað á þetta samtal, en hann telur sig ekki muna eftir því.

Benedikt Jónsson Þórarinsson, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli, hefur borið fyrir rétti, að daginn eftir umrædda atburði hafi ákærður komið til sín og skýrt sér frá því, að hann hefði sjálfur ekið bílnum frá Hafnargötunni og heim til sín, og haft við orð, að hann hefði verið ölvaður.

Vitnin Agnar og Benedikt hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Eftir þeim atvikum, sem nú hefur verið lýst, verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærðra, að ákærður Georg Svavar hafi sjálfur ekið G. 750 frá Hafnargötu 78 í Keflavík heim til sín að Laufási í Ytri-Njarðvík. Hafa tveir lögreglumenn staðfest framburð sinn um það, að ákærður hafi skýrt þeim frá eftir á, að svo hafi verið, og auk þess bendir framkoma ákærðra, er lögregluþjónarnir hittu þau við Laufás, til sömu niðurstöðu. Frásögn ákærðs um, að dóttir sín hefði ekið, hefur reynzt tilbúningur, og ákærð viðurkenndi við húsið Laufás, að ákærður hefði ekið, þótt hún að vísu segðist fyrst hafa ekið sjálf. Þykja skýringar þeirra á þessu ekki sennilegar. Með játningu ákærðs og framburði vitna er sannað, að hann hefur verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Með þessu framferði sínu hefur ákærður Georg Svavar gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem í fyrri hluta ákæruskjals greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna ákærða Sigurbjörgu af öllum ákærum í máli þessu og ákærðan Georg Svavar af varakröfum ákæruvaldsins.

Ákærður skal skv. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 21. gr. áfengislaga sviptur leyfi til að aka bíl í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að þessu leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðra, Hallgríms Dalbergs hdl., kr. 600,00.

Dráttur hefur nokkur orðið á máli þessu, vegna þess að rannsókn hefur farið fram í tveimur lögsagnarumdæmum og erfiðlega hefur gengið að ná til vitna.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Georg Svavar Sigfinnsson greiði 1.000,00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bíl í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að því leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hallgríms Dalbergs hdl., kr. 600,00.

Ákærð Sigurbjörg Magnúsdóttir skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Kærumálið nr. 18/1954:

Ís h/f

gegn

Ingólfi G. S. Espholín

og

Steingrími Árnasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Um heimild vitnis til að staðfesta framburð sinn.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. september þ. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að vitninu Steingrími Árnasyni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Ingólfs G. S. Espholíns eftir mati dómsins.

Varnaraðili Ingólfur G. S. Espholín krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Steingrímur Árnason hefur hvorki sent greinargerð né kröfur í málinu.

Sóknaraðili hefur ekki andmælt því, að samningur vitnisins Steingríms Árnasonar við Ingólf G. S. Espholín sé sama

efnis og samningur sóknaraðilja við Ingólf, sem málið milli þeirra er risið af. Því er ekki heldur andmælt af sóknaraðilja, að vitnið Steingrímur telji sig eiga háa fjárkröfu á hendur Ingólfi af sams konar ástæðu og sóknaraðili telur til skuldar á hendur Ingólfi. Þegar á þetta er litið, verður að telja vitnið Steingrím Árnason hafa svo ríkra hagsmuna að gæta um úrlausn sams konar málsefnis, að ekki sé rétt, að það staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Ingólfi G. S. Espholín kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ís h/f, greiði varnaraðilja Ingólfi G. S. Espholín kærumálskostnað, kr. 300,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. sept. 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m., hefur Ís h/f í Kópavogi höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 18. marz sl., gegn Ingólfi G. S. Espholín, Höfða hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 522.930,37, auk 6% ársvaxta frá 4. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mál þetta snýst um fiskviðskipti milli aðiljanna, er hófust á árinu 1951. Greinir aðiljana á um, hvernig viðskiptum þessum var háttað. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi selt stefnda fiskinn fyrir fast verð, en stefndi telur sig hafa tekið fiskinn af stefnanda í umboðssölu.

Hinn 16. þ. m. kom Steingrímur Árnason, Nýlendugötu 24 B, fyrir dóm sem vitni í málinu. Hefur vitni þetta borið það, að seint á árinu 1951 hafi það samið við stefnda um sölu á hraðfrystri lúðu. Skyldi lúðan greidd með föstu verði, kr. 10,14 pr. kíló að frá dregnu útflutningsgjaldi, vörugjaldi, útskipunar- og lestargjaldi, og afhent, strax og hún væri tilbúin til afgreiðslu, og greiðast við móttöku. Í sama skipti hafi sams konar samningur komizt á um lúðuviðskipti

milli Árna Böðvarssonar og stefnda. Þá segir vitnið, að samizt hafi milli þess og stefnda um kaup á öðrum hraðfrystum fisktegundum. Stefndi hafi átt að útvega og greiða allar umbúðir um fiskinn, og hann hafi lofað að greiða fiskinn við móttöku. Auk hagnaðar þess, sem stefndi hafði af sölunni, skyldi hann fá 1% af fob.-verði fisksins. Vitnið kveður, að fljótlega hafi slitnað upp úr viðskiptum þess og stefnda, vegna þess að stefndi hafi ekki staðið við gerða samninga. Vitni þetta ber það, að á sama tíma og viðskipti milli þess og stefnda fóru fram hafi stefndi keypt hraðfrystan fisk af Ís h/f, og sé því kunnugt um, að samningar þeirra á milli um fiskkaupin hafi verið sama efnis og samningar milli þess og stefnda. Telur vitnið sig hafa ráðið þetta af viðræðum stefnda og Árna Böðvarssonar um fiskviðskipti, en það hafi iðulega verið viðstatt þær viðræður.

Lögmaður stefnda mótmælti framburði vitnisins sem röngum og óstaðfestum, og krafðist þá lögmaður stefnanda, að vitnið staðfesti framburðinn með eiði. Lögmaður stefnda mótmælti því þá, að vitnið yrði eiðfest, og lögðu lögmenn aðilja atriðið undir úrskurð.

Lögmaður stefnda reisir mótmæli sín gegn eiðfestingu vitnisins á því, að það hafi svo mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit aðalmálsins, að það nálgist það, að það sé aðili þess.

Framburður vitnisins, sem rakinn hefur verið hér að framan, varðar mjög samninga og viðskipti vitnisins og stefnda. Við vitnaleiðsluna kom fram, að vitnið og stefnda greindi mjög á um, hvernig viðskiptunum milli þeirra hafði verið háttað, svo og það, að þau viðskipti eru ekki útkljáð og vitnið taldi sig eiga fjárkröfu á hendur stefnda í sambandi við þau.

Að þessu athuguðu þykir sýnt, að framburður vitnisins varði hagsmuni þess sjálfs svo verulega, að varhugavert þykir að leyfa því að staðfesta framburðinn, og verða því mótmæli lögmanns stefnda gegn eiðfestingunni tekin til greina.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktun:

Vitninu, Steingrími Árnasyni, verður eigi leyft að staðfesta framangreindan framburð sinn.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 74/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Páli Pálssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt samkvæmt staðarákvörðunum yfirmanna varðskipsins hinn 15. og 16. apríl 1954 staði varðskipsins við dufl það, sem sett var í sjó hjá skipi ákærða. Samkvæmt fyrri staðarákvörðuninni reyndist staður varðskipsins 2.3—2.4 sm. innan fiskveiðitakmarkanna, en 2.1 sm. samkvæmt síðari staðarákvörðuninni. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Páll Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 1.800,00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1488/1954: Ákæruvaldið gegn Páli Pálssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Páll Pálsson, skipstjóri á togaranum Sólborg, ÍS. 260, til heimilis í Túngötu 21 á Ísafirði, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að flotvörpuveiðum á nefndum togara að kvöldi fimmtudagsins 15. apríl 1954 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952, en *til vara* er hann ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa í fyrrnefnt sinn eigi haft veiðarfæri öll í búlka innan borðs.

Er hann því ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. apríl 1914 í Hnífsdal, og hefur eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé, að því undanskildu, að hann var tvisvar sektaður hér í bæ 1942 fyrir lögreglusamþykktarbrot, kr. 10,00 í fyrra skiptið og kr. 5,00 í hið síðara.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra á varðskipinu Ægi, var varðskipið á vesturleið um fiskveiðitakmörkin vestan við Einidrang fimmtudaginn 15. þ. m. Kl. 23,00 sást á stjórnborða skip, sem auðsjáanlega var innan fiskveiðitakmarkanna og virtist hafa stefnu á Vestmannaeyjar. Skipið var með siglingaljós og togljós og mikið upplýst. Kl. 23,10 beygði það út um, og hélt varðskipið þá að því á fullri ferð. Nokkrir bátar voru í náND við skipið, og lýsti það í kringum sig með ljóskastara. Litlu síðar beygði skipið í suðaustlæga stefnu. Kl. 23,29 lýsti varðskipið á skip þetta, sem reyndist vera togarinn Sólborg, ÍS. 260, og skaut lausu aðvörunarskoti. Nam togarinn þá þegar staðar og fór að draga inn stjórnborðsvörpu. Kl. 23,35 var sett út dufl við hlið togarans, og var gerð við það eftirfarandi staðarákvörðun: Þrídrangar: fjarlægð 10.0 sjómílur, Einidrangur: fjarlægð 7.8 sjómílur, hvort tveggja samkvæmt ratsjármiðun, og dýpi 89 metrar. Gefur það stað togarans um 2.4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði, skipstjóri togarans, var nú sóttur um borð í skip sitt og fluttur yfir í varðskipið og honum bent á, að eftir staðarákvörðun varðskipsins væri togarinn 2.4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kvaðst hann ekki rengja staðarákvarðanir varðskipsins, en hafa talið sig vera á allt öðrum stað

og utan takmarkanna. Einnig leit hann í ratsjá varðskipsins. Ákveðið var að bíða birtu, ef vera kynni, að unnt yrði að gera staðarákvörðun með hornamælingum, og var ákærði fluttur aftur í skip sitt kl. 00,50 hinn 16. þ. m. og varðmaður settur um borð í togarann. Veður var SSV 4, sjór V 4, þokusúld, loftvog 767,0.

Þar sem sýnt þótti um morguninn, að vegna dimmviðris mundi eigi vera unnt að gera hornamælingar, var haft samband við ákærða frá varðskipinu og hann spurður, hvort hann samþykkti staðarákvörðun varðskipsins frá kvöldinu áður, og endurtók hann þá, að hann rengdi hana ekki. Var honum sagt að halda til Reykjavíkur, þar sem rannsókn færi fram í máli hans, og hélt hann þegar af stað. Duflið var þá tekið upp og um leið gerðar við það eftirfarandi miðanir með áttavita og ratsjá: Þrídrangar miðast réttvísandi 097° og Einidrangur réttvísandi 114°. Veður var þá SSV 6, sjór SSV 4, þokuloft, loftvog 767,0.

Ratsjármælingarnar gerðu skipherra og þrír stýrimenn varðskipsins, en miðanirnar gerðu skipherra og fyrsti og annar stýrimaður. Stýrimennirnir hafa allir staðfest skýrslu skipherra og unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur lýst yfir því, að hann vefengi ekki skýrslu skipherrans, og hefur kannazt við að hafa verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin, þegar varðskipið kom að honum. Sjálfur gerði hann engar staðarákvarðanir þarna, því að hann hafði ekki tæki til þess og ratsjá togarans var biluð. Þegar þetta gerðist, segir ákærði hafa verið liðið á aðra klukkustund, frá því að hann dró inn vörpuna í síðasta togi, en það fór fram utan fiskveiðitakmarkanna. Telur hann togarann síðan hafa rekið nær landi á þann stað, sem varðskipið kom að honum. Rétt áður en varðskipið kom að honum, var hann kominn mjög nálægt netjabát einum, og til að komast frá honum sigldi togarinn frá honum í um tvær mínútur á hægri ferð að sögn ákærða og fór síðan að láta út vörpuna. Togarinn var með stjórnborðsflotvörpu, og skýrir ákærði svo frá, að þegar varðskipið bar að, hafi hann verið byrjaður að kasta vörpunni. Hafi varpan og „grandróp-ar" verið komin í sjó, en vörpuhlerarnir verið á skipshliðinni, og hafði þeim verið slakað niður í sjó. Er þetta staðfest af loftskeytamanni togarans, sem var á stjórnpalli hans, þegar þetta gerðist. Frá varðskipinu sást, að varpa var dregin inn stjórnborðs megin á togaranum, og þriðji stýrimaður og bátsmaður varðskipsins, sem sóttu ákærða um borð í togarann, sáu vörpuna liggja á þilfarinu stjórnborðs megin úti við borðstokk og vörpupokaendann uppi á borðstokknum. Þeir sáu örfáa fiska í pokaendanum, og voru þeir dauðir. Hnekkir þessi athugun varðskipsmannanna ekki skýrslu ákærða og loftskeytamannsins um athafnir togarans, heldur miklu fremur styrkir hana, og verður því talið, að sú skýrsla sé rétt. Hljóta þessar aðgerðir togarans að teljast veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920.

Þar sem það því er sannað, að ákærði hafi verið að veiðum með

flotvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 732 brúttósmálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sólborgar, ÍS. 260, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800,00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendur Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Pálsson, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sólborgar, ÍS. 260, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 121/1954. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Gunnari Héðni Jakobssyni
(Jón Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Þjófnaðarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá verður ákærða og dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 700,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Jóns Ólafssonar, kr. 700,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1954.

Ár 1954, mánudaginn 24. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2301/1954: Ákæruvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Gunnar Héðinn Jakobsson, Tryggvagötu 6 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (þjófnað), með því að stela úr herbergi að Laugavegi 132 einum karlmannsfötum, frakka, skyrtu, bindi, kvenmannsúri og 300 kr. í peningum að kvöldi þriðjudagsins 30. marz

1954. Ákærist hann til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er fæddur 5. febrúar 1930 og hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

Rvík.

1937 20/12 Kærður fyrir flöskuþjófnað. Afgr. til barnaverndarn.

1948 25/6 Kærður fyrir þjófnað. Fallið frá málshöfðun skv. bréfi dómsmrn. 30/9 1948.

1951 12/11 Uppvís að þjófnaði. Saksókn felld niður skv. bréfi dómsmálarn. með hliðsjón af 256. gr. hegningarl.

1952 4/10 Dómur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og sviptur ökuréttindum í eitt ár.

1952 21/10 Dómur, 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

1954 31/1 Kærður fyrir ökugjaldssvik. Fellt niður.

1954 26/3 Dómur, fangelsi 6 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann í 21 skipti á árunum 1948—1954 undirgengizt greiðslu sektar, 25—200 kr., fyrir ölvun.

Að kvöldi þriðjudagsins 30. marz sl. kom ákærður heim til Helgu Sigurveigar Helgadóttur, Laugavegi 132, en ákærður þekkir hana. Hún var ekki heima, en ákærður settist inn í herbergi hennar. Kveðst ákærður hafa ætlað að bíða hennar, en farið burt, er það dróst, að hún kæmi. Ákærður tók þarna úr skáp skyrtu, bindi, alfatnað og frakka og klæddi sig í föt þessi og hafði á brott með sér. Fatnaðinn átti maður Helgu, Jóhann Elíasson. Þá tók ákærður úr, er Helga átti, og peninga, að upphæð 300 kr. Peningunum eyddi ákærður, en fatnaðurinn allur svo og úrið komust til skila. Bótakröfur komu ekki fram.

Ákærður hefur þannig framið brot það, er ákæra tilgreinir, og varðar það við 244. gr. laga nr. 19/1940, svo sem þar segir, og ákveðst refsing ákærðs 4 mánaða fangelsi. Svipta ber ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærður, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 161/1954. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóni Vídalín Markússyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Sjálfræðissvipting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem getur í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um, að Jón Vídalín Markússon skuli sviptur sjálfræði.

Af hendi valdstjórnar hefur eigi verið krafizt málskostnaðar úr hendi Jóns Vídalíns. Er því rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað og dæma á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari átti að nefna úrlausn sína dóm, en ekki úrskurð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 700,00 til hvors.

Sératkvæði Theodórs B. Líndals prófessors.

Í lögum nr. 60/1917, um lögræði, voru ákvæði ekki skýr um meðferð mála til sviptingar lögræðis.

Lögin urðu þó ekki skilin á annan veg en þann, að farið skyldi eftir reglum um meðferð almennra lögreglumála. Af

því leiddi m. a., að lögsögu í málum um lögræðissviptingu hafði sá dómari, er fór með opinber mál.

Í 10. gr. laga nr. 95/1947 segir, að rannsókn málavaxta í málum til sviptingar lögræðis skuli fara að hætti opinberra mála og hin eldri regla staðfest að því leyti. En með lögum nr. 95/1947 voru auk þess sett ýmis sérákvæði um aðild, varnarþing, málskostnað o. fl. Eitt slíkra sérákvæða er í 8. gr. Þar segir, að í Reykjavík skuli borgardómari þar fara með mál til lögræðissviptingar.

Ýmis eðlisrök lágu til þess, að vikið var frá hinum almennu reglum að þessu leyti, einkum þau, að um mjög persónuleg mál er að ræða, er snerta einkahagsmuni og eru því í eðli sínu fyrst og fremst einkamál.

Í lögum nr. 27/1951 er þess hvergi getið, að nein ákvæði laga nr. 95/1947 séu úr gildi felld. En ef það var tilætlun löggjafans að fella úr gildi þau sérákvæði, sem lög nr. 95/ 1947 höfðu að geyma, varð sá vilji að koma skýrt og greinilega í ljós.

Upphafsákvæði 2. gr. laga nr. 27/1951 kveður ekkert á um aðild að þeim málum, sem greinin fjallar um, og orðin „rannsókn og meðferð" er eðlilegast að skilja á þann veg, að sérákvæði laga nr. 95/1947 haldi gildi, þótt hinum almennu reglum á meðferð málanna væri breytt.

Ég fæ því ekki séð, að 4. liður 2. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1951, breyti því sérákvæði 8. gr. laga nr. 95/1947, að í Reykjavík fari borgardómari þar með mál til sviptingar lögræðis.

Samkvæmt framangreindu verður atkvæði mitt á þá leið, að öll meðferð málsins verði ómerkt og því vísað frá héraðsdómi.

En þar sem sú úrlausn fær ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1954.

Ár 1954, mánudaginn 26. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp úrskurður í sjálfræðissviptingar-

málinu: Valdstjórnin gegn Jóni Vídalín Markússyni, sem tekið var til úrskurðar nú samdægurs.

Málið er þannig til komið, að með bréfi, dags. 1. júlí sl., krafðist dómsmálaráðuneytið þess, að Jón Vídalín Markússon sjómaður, til heimilis í Háagerði 43 hér í bæ, fæddur 4. marz 1917 í Reykjavík, yrði sviptur sjálfræði sínu sakir drykkfelldni, í því skyni, að hægt væri að ráðstafa honum á hæli til lækninga.

Krafa þessi er rökstudd með því, að Jón Vídalín hafi um nokkurt árabil verið mjög drykkfelldur. Hefur lögreglan þurft að hafa mikil afskipti af honum sakir ölvunar hans á almannafæri og ýmiss konar óreglu. Í ár hefur hann oftlega verið settur í fangageymslu lögreglunnar sakir ölvunar, auk þess sem hann hefur iðulega gist þar drukkinn, án þess að það væri fært til bókar lögreglunnar.

Lögð hafa verið fram í málinu ýmis gögn kröfunni til stuðnings.

Af gögnum þessum kemur fram, að lögreglan hefur þurft að hafa mikil afskipti af Jóni Vídalín sakir ölvunar hans á almannafæri. Þannig sýnir sakavottorð hans, að hann hefur síðan 1935 hlotið nærri 70 sinnum sektir fyrir ölvun á almannafæri, frá kr. 25,00 til kr. 500,00 hvert sinn. Lagt var og fram vottorð Áfengisvarnarstöðvar Reykjavíkur, dags. 22. júlí sl. Í vottorði þessu segir, að Jón Vídalín hafi oft mætt í skrifstofu áfengisvarnarstöðvarinnar. Er hann skv. vottorði þessu „krónískur alkóhólisti", sem þarfnast hælisvistar. Jón Vídalín þáði framfærslustyrk árið 1945, að upphæð kr. 69,50.

Jón Vídalín mótmælti sjálfræðissviptingarkröfunni. Hann kvað það rétt, að hann væri mjög drykkfelldur, en ástæðuna kvað hann þá, að hann væri sjúkur maður. Þjáir hann svefnleysi. Hann er með lamaða hönd. Hefur hann því ekkert unnið síðan í fyrra haust. Hann er einhleypur og hefur engan á framfæri. Hann hefur viljað hætta að drekka, en ekki getað það.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði Jóns Vídalíns sjálfs eru leiddar sönnur að því, að Jón Vídalín sé ofdrykkjumaður, er af þeim sökum hafi þráfaldlega raskað opinberum hagsmunum. Því ber samkvæmt 3. tl. 5. gr. l. nr. 95 frá 1947, um lögræði, að taka fram komna kröfu til greina og svipta Jón Vídalín Markússon sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Ákveða ber skv. 2. mgr. 15. gr. l. nr. 95/1947, að allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Jóns Vídalíns, Sigurðar Baldurssonar hdl., er þykir hæfilega ákveðin kr. 400,00.

Ályktarorð:

Jón Vídalín Markússon sjómaður, Háagerði 43 hér í bæ, fæddur 4. marz 1917 í Reykjavík, skal sviptur sjálfræði.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Jóns Vídalíns, Sigurðar Baldurssonar hdl., að upphæð kr. 400,00.

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 17/1953. **Bjarni Þorsteinsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Axel Björnssyni (Magnús Thorlacius)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Skaðabótamál út af kaupum á íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1953. Eru dómkröfur hans þær, að gagnáfrýjanda verði gegn afhendingu afsals fyrir seldum eignarhluta aðaláfrýjanda í húseigninni nr. 29 við Njarðargötu *aðallega* dæmt að greiða kr. 62.229,07 með 6% ársvöxtum frá 30. desember 1949 til greiðsludags, en *til vara* kr. 33.799,88 svo og til þess að viðlögðum 100 króna dagsektum til aðaláfrýjanda að gefa út og afhenda aðaláfrýjanda að kostnaðarlausu veðskuldabréf, tryggt með þriðja veðrétti og uppfærsluréttti næst á eftir ekki hærri veðskuldum en kr. 7.770,93 í hinum selda fasteignarhluta, að fjárhæð kr. 41.486,13. Veðskuldabréf þetta beri 6% ársvexti frá 30. desember 1953 að telja og greiðist með átta jöfnum ársgreiðslum 30. desember ár hvert, í fyrsta sinn 30. desember 1954. *Til þrautavara* krefst aðaláfrýjandi greiðslu á kr. 29.769,16 úr hendi gagnáfrýjanda svo og, að honum verði dæmt að viðlögðum dagsektum að gefa út og afhenda veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 36.526,68, en að öðru leyti með sömu skilmálum og greinir í varakröfu. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 26. janúar 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., og eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa, að aðaláfrýjanda verði dæmt að gefa út afsal til handa gagnáfrýjanda um efri hæð og rishæð hússins nr. 29 við Njarðargötu ásamt hlutfallslegum eignarrétti að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara, geymslum þar svo og hlutfallslegum lóðarréttindum fyrir kaupverð, að fjárhæð kr. 152.560,00, sem greiðist þannig, að gagnáfrýjandi taki að sér hlutfallslega greiðslu á áhvílandi lánum og gefi út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs að frádreginni útborgun og hlutfallslegri greiðslu lána, tryggt með veðrétti í hinum selda eignarhluta, og greiðist skuldin með 6% ársvöxtum og jöfnum afborgunum á 12 árum. Þá krefst gagnáfrýjandi og þess, að ummæli þau, sem greind eru í héraðsdómi, verði ómerkt og aðaláfrýjanda refsað fyrir þau, svo og, að honum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinir dómkvöddu matsmenn, sem getið er í héraðsdómi, telja, að orsakir leka þess, er fram kom í íbúðum þeim, er gagnáfrýjandi keypti af aðaláfrýjanda, megi rekja til þess hvors tveggja, að gluggar á annarri hæð og rishæð séu óþéttir, svo og þess, að sprungur séu í veggjum íbúðanna. Hvorki er með matsgerðinni né á annan hátt leitt í ljós, að gallar þeir á gluggum íbúðanna, sem lýst er í matsgerðinni, hafi verið meiri en við má búast, þegar keypt er 20—30 ára gamalt hús, eins og hér var um að ræða, og þykir gagnáfrýjandi því ekki eiga rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda af þeim sökum. Hins vegar verður að telja, að veggjasprungunum hafi verið þannig háttað, að gagnáfrýjanda verði ekki gefin sök á því, að hann varaði sig ekki á, að um þær læki. Ber aðaláfrýjanda því að bæta gagnáfrýjanda kostnað af viðgerð þeirra, og þykja þær bætur með hliðsjón af framangreindri matsgerð hæfilega metnar kr. 2.000,00.

Við undirskrift kaupsamnings aðilja um nefnda húseign í desember 1949 greiddi gagnáfrýjandi kr. 90.000,00, eins og samið var um, en að öðru leyti hefur hann ekki efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum, að því er varðar út-

gáfu veðskuldabréfs og afborganir af eftirstöðvum kaupverðsins. Hins vegar hefur hann haft afnot hinna seldu íbúða frá 30. desember 1949, eins og ákveðið var í kaupsamningnum. Synjun aðaláfrýjanda á að greiða bætur fyrir framangreinda galla réttlætir ekki þessar vanefndir af hálfu gagnáfrýjanda, og verður því að telja, að eftirstöðvar hins umsamda kaupverðs, kr. 62.229,07, séu allar fallnar í gjalddaga. Verður gagnáfrýjanda því dæmt að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð að frádregnum áðurgreindum bótum, kr. 2.000,00, eða kr. 60.229,07 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. desember 1949 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjanda og dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7.000,00.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Axel Björnsson, greiði aðaláfrýjanda, Bjarna Þorsteinssyni, kr. 60.229,07 með 6% ársvöxtum frá 30. desember 1949 til greiðsludags og kr. 7.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Mál þetta, sem var dómtekið 21. f. m., hefur Bjarni Þorsteinsson sjómaður, Hrísateigi 12 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. janúar 1951, gegn Axel Björnssyni veitingamanni, Njarðargötu 29 hér í bænum, og gert í því þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 62.605,87 með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1949 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur til þess að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til stefnanda, að greiða ½2 hluta framangreindrar fjárhæðar (kr. 62.605,87) með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1950 til greiðsludags og að gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum fjárhæðarinnar, sem beri 6% ársvexti, og miðist vaxtagreiðslur við stefnudag, en veðskuldabréf þetta greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 11 árum

og sé tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 29 við Njarðargötu næst á eftir áhvílandi veðskuldum, veðdeildarláni, kr. 6.770,00, og 2. veðréttarláni, kr. 1.000,00. Málskostnaðar krefst stefnandi, verði varakrafan til greina tekin. Stefnandi samþykkir það sem skilyrði fyrir báðum kröfum, að hann gefi út afsal til handa stefnda fyrir eignarhluta sínum í greindri húseign.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Með gagnstefnu, út gefinni 10. maí 1951, hefur hann höfðað gagnsök og gert í henni þær dómkröfur, að gagnstefnda verði dæmt að gefa út afsal til handa gagnstefnanda um greindan húseignarhluta fyrir kaupverð, að fjárhæð kr. 152.560,00, sem greiðist þannig, að gagnstefnandi taki að sér hlutfallslega greiðslu áhvílandi lána og gefi út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs að frádreginni útborgun og hlutfallslegri greiðslu áhvílandi lána, tryggt með veðrétti í hinum selda eignarhluta, er greiðist með 6% ársvöxtum og jöfnum afborgunum á 12 árum. Einnig krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þessir:

Í desember 1949 var gerður kaupsamningur milli aðilja, en með honum seldi aðalstefnandi aðalstefnda eignarhluta sinn í húseigninni nr. 29 við Njarðargötu hér í bænum fyrir kr. 160.000,00. Eignin var seld í því ástandi, sem hún var þá í, þó svo, að aðalstefnandi skyldi ljúka málningu á lofti einnar stofu. Enn fremur skyldi aðalstefnandi skila húsnæðinu hreinu fyrir 30. des. 1949. Aðalstefnandi greiddi kr. 90.000,00 af kaupverðinu við undirskrift samningsins, en eftirstöðvar þess skyldi hann greiða með því að taka að sér greiðslu lána (hlutfallslega), er á eigninni hvíldu, og gefa út skuldabréf, tryggt með veði í eigninni. Skuld sú skyldi bera 6% vexti og greiðast með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Aðalstefndi flutti í íbúðina nálægt áramótum 1949—1950. Er aðiljar hittust nokkru síðar til þess að ganga frá útgáfu afsals og veðskuldabréfs, sagði aðalstefndi frá því, að leki hefði komið fram á íbúðinni, og vildi eigi ganga frá skjölum þessum, fyrr en bætur hefðu verið metnar fyrir galla þenna, er kæmu til frádráttar kaupverðinu. Tók aðalstefnandi því þegar fjarri, og varð ekki úr samkomulagi milli þeirra. Höfðaði aðalstefnandi síðan mál þetta. Í aprílmánuði 1951 skoðuðu dómkvaddir matsmenn íbúðina. Töldu þeir sýnt, að vatn kæmi inn í húsið og eigi yrði komið í veg fyrir það á annan hátt en þann að höggva upp og múra síðan sprungur á útvegg svo og að taka úr glugga á sama vegg og lagfæra þá og þétta. Kostnað af slíkri aðgerð mátu þeir kr. 7.440,00, og eru kröfur gagnstefnanda í gagnsök miðaðar við það, að sú fjárhæð komi til frádráttar kaupverði hússins.

Þar eð mál þetta snýst nærri eingöngu um nefnda galla á hinni seldu eign, verða aðalsök og gagnsök teknar til meðferðar í einu lagi.

Aðalstefnandi hefur eindregið mótmælt því, að nokkur leki hafi verið í húsinu, er hann samdi um söluna. Hins vegar hefur hann ekki fært fram gögn, er fái hnekkt skoðunar- og matsgerðinni og vætti matsmannanna, er kveða skemmdir af völdum galla þessa svo gamlar, að hann hljóti að hafa verið fyrir hendi, áður en aðalstefndi keypti húsið. Matsfjárhæðinni hefur eigi heldur verið hnekkt, og þykir því rétt að taka kröfu aðalstefnda til greina á þann hátt að telja honum rétt að draga frá kaupverðinu kr. 7.440,00.

Kaupverð eignarinnar verður samkvæmt framanrituðu kr. 152.560,00, og hefur aðalstefndi þegar greitt aðalstefnanda kr. 90.000,00. Aðiljar virðast sammála um það, að áhvílandi skuldir nemi kr. 7.770,00. Eftirstöðvarnar verða því kr. 54.790,00, og þar eð eigi er unnt að líta svo á, að aðalstefndi hafi vanefnt samninga, þannig að allt kaupverðið sé í gjalddaga fallið, verður aðalkrafa aðalstefnanda ekki til greina tekin, heldur verður aðalstefnda gert að gefa út skuldabréf fyrir framangreindum eftirstöðvum, eins og upphaflega var um samið, þegar aðalstefnandi lætur honum í té afsal. Hins vegar þykir rétt að dæma aðalstefnda til að greiða vexti af eftirstöðvum þessum, frá því að hann tók við hinni seldu eign, þ. e. 30. des. 1949, þar til skuldabréfið verður út gefið.

Af hálfu aðalstefnda hefur verið krafizt ómerkingar á þessum ummælum í aðiljaskýrslu aðalstefnanda (á dskj. nr. 17): „.... hann leyfir sér eða lögfræðingi hans að halda fram miklum mótsögnum og staðlausum stöfum, þar sem hægt er með vottum, er sanna á hann lygar í öllu því, er máli skiptir", og „....lýsi Axel Björnsson ósannindamann ....", svo og, að aðalstefnanda verði gerð refsing fyrir ummælin.

Rétt þykir að ómerkja þessi ummæli, sem eru óviðeigandi, en eigi þykir alveg næg ástæða til að refsa aðalstefnanda fyrir þau.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Dóminn skipuðu Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Einar B. Kristjánsson og Jón Bergsteinsson, húsasmíðameistarar. Vegna fjarveru annars meðdómsmannanna utan bæjar hefur orðið dráttur á uppsögu dómsins.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Axel Björnsson, gefi út til aðalstefnanda, Bjarna Þorsteinssonar, skuldabréf, að fjárhæð kr. 54.790,00, er greiðist á 12 árum með jöfnum afborgunum, beri 6% ársvexti og sé tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í framangreindri eign, gegn því, að aðalstefnandi gefi út afsal til aðalstefnda fyrir sömu eign.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 6% ársvexti af kr. 54.790,00 frá 30. des. 1949 til útgáfudags nefnds skuldabréfs.

Málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 25. október 1954.

Nr. 181/1952. **Skjöldur h/f** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Sumarliða Hallgrímssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Kaupkrafa skipverja að loknum skuldaskilum samkv. lögum nr. 120/1950.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins taka ákvæði 2. málsliðar 1. töluliðar 27. gr. laga nr. 120/1950 ekki til kröfu stefnda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skjöldur h/f, greiði stefnda, Sumarliða

Hallgrímssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 3. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Sumarliði Hallgrímsson vélstjóri, Siglufirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum gegn Skildi h/f, Siglufirði, til greiðslu á kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig krafðist stefnandi þess í stefnu, að sér yrði tildæmdur sjóveðréttur í vátryggingarfé m/s Skjaldar, S.I. 82, til tryggingar fyrrgreindum kröfum, en við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður stefnanda frá þessari síðast töldu kröfu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Sumarið og haustið 1950 var stefnandi skipverji á m/s Skildi, S.I. 82, eign hins stefnda félags, og er enginn ágreiningur um, að í árslok 1950 hafi hann átt innstæðu hjá félaginu sem ógreitt kaup kr. 5.407,22. Aðilja málsins greinir ekki heldur á um, að stefnandi hafi einhvern tíma á árinu 1951, að því er bezt verður séð, fengið greiddar kr. 2.288,66 upp í kaupkröfu sína hjá félaginu.

Þegar Skuldaskilasjóður útvegsmanna tók til starfa um áramót 1950—1951, sótti hið stefnda félag um aðstoð hans til að gera kröfuhöfum á félagið nokkur skil samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1950. Í samræmi við ákvæði þessara laga lét félagið Skuldaskilasjóði í té skýrslu um kröfuhafa, miðaða við 31. eða 30. des. 1950, og var þar m. a. getið um, að stefnandi ætti inni hjá félaginu kr. 5.407,22 sem ógreitt kaup vegna starfa á m/s Skildi á „troll"-vorvertíð, sumar-síldarvertíð og haust-reknetjavertíðum. Hins vegar mun stefnandi sjálfur ekki hafa lýst hærri kröfu í Skuldaskilasjóð vegna starfa sinna á m/s Skildi en samtals kr. 2.422,64. Virðist kröfu þessari hafa verið lýst í tvennu lagi, kr. 1.006,97 hinn 15. okt. 1950 og kr. 1.415,67 hinn 20. nóv. 1950 = kr. 2.422,64.

Vöntun stefnanda á því að lýsa heildarkröfu sinni á hið stefnda félag virðist hafa stafað af því samkvæmt yfirlýsingu stefnanda, sem lagt hefur verið fram afrit af í málinu, að hann hafi haldið, að nægilegt væri, að hið stefnda félag lýsti sjálft þeirri kröfu, sem hann átti á það vegna starfa sinna á vélbáti þess, enda hafi hann fullvissað sig um, að kröfu sinni væri rétt lýst af félaginu til Skuldaskilasjóðs. Niðurstaðan varð því sú, að stefnandi fékk ekki greitt úr Skuldaskilasjóði nema mismuninn á þeirri kröfu, sem hann hafði lýst í sjóðinn, kr. 2.422,64, og þessari upphæð, sem hann hafði fengið greidda af hinu stefnda félagi sjálfu, sem samkvæmt framansögðu nam kr. 2.288,66, en mismunurinn á þessum tveimur upphæðum er

kr. 133,98. Stóð því eftir af upphaflegri skuld félagsins við stefnanda kr. 2.984,58, eftir að hann hafði fengið fyrrnefnda upphæð (kr. 133,98) greidda úr Skuldaskilasjóði útvegsmanna, en um greiðslu á eftirstöðvunum, þ. e. kr. 2.984,58, hljóðar stefnukrafan. (Er hún þó 2 aurum lægri.)

Í greinargerð umboðsmanns stefnanda er naumast að finna neinn rökstuðning fyrir kröfu hans, en við munnlegan flutning málsins byggði umboðsmaður stefnanda kröfu sína á því, að hann ætti ótvíræðan aðgangsrétt að hinu stefnda félagi til greiðslu á þeim hluta kröfu sinnar, sem hann hafði ekki þegar fengið greiddan, með því að skuldaskil félagsins fyrir atbeina Skuldaskilasjóðs útvegsmanna útilokuðu samkvæmt 1. og 2. tölul. 27. gr. laga nr. 120/1950 ekki þá, sem ættu kaupkröfur á útgerðarfyrirtæki, sem leitað hefðu aðstoðar sjóðsins, til að ganga að fyrirtækjunum sjálfum, þar eð samningurinn vegna skuldaskilanna samkvæmt lögum þessum hefði engin áhrif á slíkar kröfur.

Sýknukröfu sína hefur umboðsmaður stefnda hins vegar reist á því, að kröfur þær, sem ekki er lýst eða hefur verið lýst fyrir Skuldaskilasjóði, séu fallnar niður, eftir að skuldaskilum viðkomandi útgerðarfyrirtækja fyrir atbeina sjóðsins er lokið, og eigi því krafa stefnanda ekki framar neinn rétt á sér, enda sé Skjöldur h/f ekki lengur réttur aðili til að svara kröfu stefnanda.

Þess skal getið, að m/s Skjöldur mun hafa farizt á þessu ári.

Í 27. gr. laga nr. 120/1950 segir, að samningurinn (þ. e. um skuldaskil útgerðarfyrirtækja fyrir atbeina Skuldaskilasjóðs útvegsmanna) hafi engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. skuldir tryggðar með veði o. s. frv.,
2. forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 83. gr. skiptalaganna, en þar á meðal eru t. d. kaupkröfur og matarverð vinnuhjúa og annarra þjónustumanna svo og kaup daglaunamanna o. s. frv.

Ákvæði nefndrar greinar fær dómurinn ekki skilið á annan veg en þann, að meðferð Skuldaskilasjóðs útvegsmanna á kröfum þeim, sem í þessari grein eru nefndar, haggi ekki að neinu rétti slíkra kröfuhafa til að ganga að útgerðarfyrirtækjunum, sem fengið hafa aðstoð sjóðsins, til skila á öðrum skuldum, þótt slíkum kröfum hafi ekki verið lýst í sjóðinn eða þær af einhverjum ástæðum hafi ekki fengizt greiddar. Með því að enginn ágreiningur er um, að krafa stefnanda á hendur hinu stefnda félagi sé eða hafi upphaflega verið tryggð með veði í skipinu, sem stefnandi var skipverji á, samkvæmt 2. tölul. 236. gr. laga nr. 56/1914, er það því samkvæmt framansögðu álit dómsins, að krafa stefnanda, sem í máli þessu er höfð uppi, hafi ekki fallið niður við skuldaskil hins stefnda félags og beri því að dæma félagið til að greiða honum kröfuna, enda er því ekki mótmælt af félaginu eða umboðsmanni þess, að hún sé tölulega rétt.

Verða því úrslit málsins þau, að hið stefnda félag verður dæmt

til að greiða stefnanda kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags, svo sem krafizt er.
Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

Dómsorð:

Stefnda, Skjöldur h/f, Siglufirði, greiði stefnanda, Sumarliða Hallgrímssyni, Siglufirði, kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags og málskostnað kr. 500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1954.

Nr. 6/1954. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Vigfúsi Waagfjörð (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Það athugast, að það brot ákærða að hafa ekki skrásetningarmerki á bifreið sinni varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sbr. reglugerð nr. 112/1949.

Með því að framburði vitna um það, hvort áfengisáhrif hafi sézt á ákærða aðfaranótt 1. febrúar 1953, ber ekki saman, og að auk þess hafa engin þessara vitna verið látin staðfesta vætti sitt fyrir dómi, þá eru ekki leiddar sönnur að því, að ákærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Þar sem ákærði vildi una héraðsdóminum og hann er sýkn

dæmdur af því ákæruatriði, sem var tilefni áfrýjunar málsins af hendi ákæruvaldsins, ber að leggja allan áfrýjunarkostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. september 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. september sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, út gefnu 8. júlí sl., gegn ákærða, Vigfúsi Waagfjörð vélstjóra, Kirkjuvegi 14 í Vestmannaeyjum, til refsingar, sviptingar ökuleyfis samkv. 21. gr., 1. mgr., áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga og greiðslu sakarkostnaðar fyrir meint brot á 21. gr., 1. mgr., laga nr. 33/1935, 7. gr., 2. mgr., 14. gr., 3. mgr., og 23. gr., 1. mgr., laga nr. 23/1941, 3. gr., 4. gr., 2. og 3. mgr., umferðarlaga, nr. 24/1941, og 3. gr., 1. mgr., og 6. gr., 1. tölulið, reglugerðar nr. 72/1937.

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, er á sakhæfisaldri, f. í Vestmannaeyjum 17. febrúar 1930, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Vestmannaeyjum:

1948 29/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum og áminning fyrir ólöglega meðferð skotvopna.

1949 29/8 Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 113. gr. hegnl. og brot á l. nr. 23/1941.

1950 10/2 Dómur, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. hegnl. og áfengislögum.

Málsatvik eru þessi:

Á dansleik í Alþýðuhúsinu hér aðfaranótt 1. febrúar sl. veittu lögregluþjónarnir Jóhannes Albertsson, Óskar Pétur Einarsson, Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Axel Helgason ákærða í málinu at-

hygli, og töldu þeir hann áberandi undir áhrifum áfengis. Skömmu áður en dansleiknum lauk eða rétt fyrir kl. 2 um nóttina, urðu lögreglumennirnir þess varir, að bifreið ákærða, R. 2434, var í akstri. Stöðvuðu þá tveir hinir síðastnefndu bifreiðina við verzlunina Geysi, en henni hafði áður þá verið ekið um Skólaveg, Vestmannabraut, Kirkjuveg, Hvítingaveg og Skólaveg. Í bifreiðinni var ákærði, er stjórnaði henni í ökuferð þessari, og vitnið Hávarður Ásbjörnsson sem farþegi hans. Afturljós bifreiðarinnar var í ólagi, og einkenni vantaði að aftan.

Lögreglumennirnir, sem töldu ákærða undir áhrifum áfengis, bentu ákærða á, að hann mætti ekki aka bifreiðinni af greindri ástæðu, en ákærði mótmælti því, að hann væri undir áhrifum áfengis, en fékk þeim engu að síður lykla bifreiðarinnar, er þeir kröfðust þeirra. Lögreglumennirnir óku síðan bifreiðinni heim til ákærða, og var vitnið Hávarður Ásbjörnsson með þeim. Á þeirri leið stöðvaðist bifreiðin, og þurftu þá vitnið Hávarður og lögreglumaðurinn Ragnar Axel að fara úr henni og ýta á eftir, svo að hún kæmist ferða sinna, en það mun hafa verið vegna illrar færðar og þess, að lögreglumaðurinn Sigurgeir var ekki vanur bifreiðinni.

Lögreglumennirnir létu hins vegar ekki taka blóðsýnishorn af ákærða né gerðu aðrar ráðstafanir til að tryggja sönnun þess grunar, að ákærði væri undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, og er það ámælisvert.

Ákærði hefur við rannsókn málsins viðurkennt að hafa í umrætt sinn ekið bifreiðinni með afturljós í ólagi og án einkennis að aftan, en hins vegar eindregið mótmælt því að hafa verið með áfengisáhrifum.

Verða nú rakin helztu atriði í framburði vitna og ákærða varðandi þann þátt ákærunnar, er varðar áfengisáhrif ákærða í umrætt sinn.

Vitnin Sigríður Þorbergsdóttir, Arnarhóli, og Una Ásgeirsdóttir, Heiðavegi 41, skýra frá því, að ákærði hafi fyrr umrætt kvöld komið í bifreiðinni heim til þeirrar síðarnefndu til þess að fara með þeim á nefndan dansleik. Höfðu vitnin neytt lítils háttar áfengis, áður en ákærði kom. Fylgdust vitnin nú með ákærða í bifreið hans, en við Samkomuhúsið var numið staðar, og sótti ákærði vitnið Gunnar Sveinbjörn Jónsson, er síðan fór með þeim í Alþýðuhúsið. Vitni þessi segja, að ekki hafi þau séð nein áfengisáhrif á ákærða, sem þau voru oftast með, frá því að hann sótti þau um kvöldið, þar til hann fór í ökuferð þá, er að framan greinir. Enn fremur staðhæfa þau, að ákærði hafi ekki neytt áfengis þann tíma né haft það meðferðis, en ákærði hafi ekki verið með þeim, er þau neyttu þess áfengis, er hreif þau. Vitnið Una kveðst hafa dansað við ákærða, en þó ekki getað merkt nein áfengisáhrif á honum; enn fremur hafi hann ekki á það minnzt að hafa neytt áfengis fyrr um kvöldið.

Vitnið Gunnar Sveinbjörn Jónsson kveðst ekki vita, hvort ákærði

var undir áhrifum áfengis, en sér hafi virzt hann ekki vera það, en ekkert þeirra fjögurra hafði meðferðis dropa áfengis. Sjálft kveðst vitnið hafa neytt nokkurs áfengis, áður en það slóst í för með ákærða og stúlkunum.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson lögregluþjónn, sem annaðist dyragæzlu í Alþýðuhúsinu umrætt kvöld og nótt, skýrir frá því, að um miðnætti hafi ákærður komið í húsið ásamt þremur síðastnefndum vitnum, og hafi allt þetta fólk verið áberandi ölvað og þó ekki hagað sér hneykslanlega. Segist vitnið hafa talað við ákærða, er hann kom, og hafi þá bæði málfar, útlit og framkoma bent til áfengisáhrifa ákærða, og taldi vitnið, sem er vel kunnugt ákærða og veit, hvernig hann er við vín, ekki leika vafa á því, að hann væri þá undir áhrifum áfengis. Þá kveðst vitnið hafa ásamt vitninu Ragnari Axel horft á eftir ákærða, hvar hann gekk vestur á Skólaveginn, og hafi þeir þá brosað að baksvipnum á ákærða, því að hann hafi reikað í spori, er hann gekk vestur eftir, svo að ekki varð um villzt, að hann væri ölvaður. Þetta síðastnefnda atriði hefur vitnið Ragnar Axel Helgason einnig staðfest.

Vitnið Óskar Pétur Einarsson lögregluþjónn, sem annaðist dyravörzlu, meðan vitnið Jóhannes vék sér frá, kveðst hafa séð ákærða og að hann mundi vera undir áhrifum áfengis. Markaði vitnið það á hörundslit í andliti ákærða og á augum hans. Hins vegar segir vitnið, að það hafi ekki séð það á látbragði hans eða á göngulagi né heldur fundið af honum áfengislykt, en þó hafi sér ekki blandazt hugur um, að ákærði væri með áfengisáhrifum.

Vitnin Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Axel Helgason, lögregluþjónar, sem tóku bifreiðina af ákærða í umrætt sinn, segja hann hafa verið með greinilegum áfengisáhrifum, er þeir tóku af honum bifreiðina, og á dansleiknum hafi hann verið óstöðugur í göngulagi og þannig til augnanna, að það væri merki um áfengisáhrif. Vitni þessi fundu ekki vínlykt af ákærða, en vitnið Sigurgeir kveðst hafa verið kvefað. Vitnið Ragnar, sem kveðst vera lyktnæmt og virðist hafa komið allnærri ákærða, kveðst þó ekki hafa komið svo nærri, að það hafi fundið af honum áfengislykt. Vitni þessi staðhæfa, að er ákærði vék úr bifreiðinni, hafi hann viðurkennt að hafa bragðað áfengi fyrr um kvöldið, en sagt, að það kæmi ekki að sök þá. Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi viðurkennt þetta, enda segir hann það ekki rétt, og vitnið Hávarður Ásbjörnsson, sem var í bifreiðinni, kveðst ekki hafa heyrt slíka yfirlýsingu frá ákærða. Þá telja vitni þessi, að vitnið Hávarður hafi, eftir að lögreglumennirnir tóku við stjórn bifreiðarinnar, ekki verið í neinum vafa um, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er vitnið Hávarður fór með ákærða fyrrnefnda ökuferð, og hafi vitnið þá hvatt ákærða til þess að skilja bifreiðina eftir heima. Vitnið Hávarður Ásbjörnsson mótmælir því hins vegar, að hann hafi nokkuð gefið lögreglumönnunum það í skyn, að hann áliti ákærða undir áfengisáhrifum, og kveðst enda

ekkert hafa um það vitað; hins vegar hafi það hvatt ákærða til þess að skilja bifreiðina eftir vegna illrar færðar, enda hafi það komið á daginn, að vitnið og lögregluþjónninn Ragnar hafi orðið að fara út og ýta bifreiðinni, er hún komst ekki áfram vegna færðarinnar. Ákærði hefur eindregið mótmælt því að hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn eða hafa lýst yfir því, að hann hefði neytt áfengis fyrr um kvöldið, er hann afhenti lögreglumönnunum bifreið sína.

Þó að ákærði hefði, eins og vitnin Ragnar Axel og Sigurgeir Kristjánsson segja hann hafi viðurkennt, neytt áfengis umrætt kvöld, verður eftir þeim gögnum, er fyrir liggja í málinu, ekki talið nægjanlega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur í umrætt sinn, er lögreglan tók af honum bifreiðina, til þess að honum verði gerð refsing þar fyrir. Ber því að sýkna hann af ákæru um það atriði fyrir brot á áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., 1. málsgrein, samanber 39. gr., bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. málsgrein, og umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. málsgrein.

Hins vegar þykir fullsannað með eigin játningu ákærða og framburði vitna, að ákærði hafi laust fyrir kl. 2 að nóttu hinn 1. febrúar sl. ekið í nefndri bifreið sinni, R. 2434, með afturljós í ólagi og án einkenna að aftan. Þykir það brot hans varða við 7. gr., 2. málsgrein, og 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 3. málsgrein 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, og 3. gr., 1. málsgrein, og 6. gr., 1. tölulið, rgl. nr. 72/1927.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 250,00 í sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að ákærði játaði þegar í upphafi rannsóknarinnar það brot, er honum er nú dæmd refsing fyrir, þykir með hliðsjón af 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 rétt, að málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., sem hæfilega eru ákveðin kr. 350,00, og auk þess annar sakarkostnaður að hálfu greiðist af opinberu fé, en annar sakarkostnaður af ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, greiði kr. 250,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dómsins.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 350,00, greiðist af opinberu fé og annar sakarkostnaður að hálfu.

Ákærði greiði annan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. október 1954.

Kærumálið nr. 20/1954.

Valdstjórnin

gegn

Guðmundi Holberg Þórðarsyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnlaugur Briem, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Guðmundur Holberg Þórðarson hefur skotið úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar með kæru 19. þ. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. október 1954.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 15. okt. sl., var lagt fyrir sakadómarann í Reykjavík að kveða þegar í stað upp úrskurð um það, hvort stöðva bæri starfsemi „Vörumarkaðsins s/f", hér í bæ.

Við dómsrannsókn í málinu hefur komið í ljós, að framangreint fyrirtæki hefur ekki verið skrásett skv. lögum nr. 42/1903, 16. gr., og að Guðmundur Holberg Þórðarson sölustjóri, til heimilis að Spítalastíg 5 hér í bæ, sem er sviptur ævilangt með dómi Hæstaréttar frá 19. júlí 1947 rétti til að reka og stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, hefur annazt daglegan rekstur þess. Guðmundur Holberg, sem er meðeigandi í „Vörumarkaðinum s/f", hefur viðurkennt að hafa séð um auglýsingastarfsemi fyrir hann, innkaup að nokkru leyti og fjárreiður að mestu leyti. Hins vegar hefur hann neitað að vera framkvæmdarstjóri og kveðið engan sérstakan vera það. Guðmundur Holberg hefur skýrt frá því, að „Vörumarkaðurinn s/f" væri rekinn skv. verzlunarleyfi Snorra Gunnarssonar kaupmanns, til

heimilis að Bollagötu 2 hér í bæ, er væri einn af meðeigendum hans. Um stjórn fyrirtækisins upplýsti hann það, að engar ákvarðanir væru teknar um meiri háttar málefni nema af meiri hluta eigenda. Hann neitaði eindregið að hafa stjórnað fyrirtækinu á eindæmi.

Í ljós kom, að tveir eigenda „Vörumarkaðsins s/f", sem Guðmundur Holberg gaf upp, höfðu verið utan bæjar undanfarið, og hinn þriðji kvaðst ekki hafa nærri rekstri hans komið, og væri Guðmundur Holberg í raun og veru framkvæmdarstjóri.

Á vegum „Vörumarkaðsins s/f" eru opnar tvær sölubúðir, önnur að Hverfisgötu 74 og hin að Framnesvegi 5, og er þar ýmiss konar varningur á boðstólum. Stúlkur þær, sem í sölubúðunum vinna, kveðast ekki hafa orðið varar við annað en Guðmundur Holberg sæi sjálfur um allan verzlunarreksturinn.

Þrátt fyrir neitun Guðmundar Holbergs um að reka og stjórna „Vörumarkaðinum s/f", þá lítur dómurinn svo á, að nægilegar sannanir séu fram komnar fyrir því, að svo sé, með þeim framburði Guðmundar Holbergs sjálfs, að hann sjái um að verulegu leyti öll þýðingarmestu störf í sambandi við daglegan rekstur fyrirtækisins, framburði verzlunarstúlknanna, sem að framan greinir, svo og þeim framburði eins af eigendum „Vörumarkaðsins s/f", Guðmundar Hagalíns Kristjánssonar verzlunarmanns, til heimilis að Vesturgötu 35 hér í bæ, að Guðmundur Holberg sé í rauninni framkvæmdarstjóri fyrirtækisins. Guðmundur Holberg hefur því ekki skeytt um hæstaréttardóminn yfir honum, sem að framan greinir, þar sem hann er sviptur rétti til að reka og stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki ævilangt. Lítur dómurinn því svo á skv. framansögðu, að „Vörumarkaðurinn s/f", sem er óskrásettur, eins og að framan er rakið, sé rekinn á ólöglegum grundvelli og starfsemi hans fari í bága við fyrirmæli 2. gr. og 14. gr. laga nr. 52/1925 og 16. gr. laga nr. 42/1903. Þykja því fram komnar nægar ástæður skv. því til að úrskurða, að sölubúðum hans að Hverfisgötu 74 og Framnesvegi 5 skuli loka.

Því úrskurðast:

Sölubúðum „Vörumarkaðsins s/f" að Hverfisgötu 74 og Framnesvegi 5 skal lokað.

Föstudaginn 29. október 1954.

Nr. 166/1953. **Guðmundur Þórðarson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Kol & Salt h/f (Einar B. Guðmundsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. okt. 1953, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 248.213,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. nóv. 1948 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 23. okt. 1953, krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Flutningur á kolapokum af kolapalli þeim, sem getur í málinu, og yfir á pall bifreiðar er þáttur í skipulögðum atvinnurekstri gagnáfrýjanda. Eins og á stóð, var eigi gætt þess öryggis, er kostur var, við starfa þennan, þar sem við gekkst, að bil var á milli kolapalls og bifreiðarpalls, er menn báru kolapoka yfir á bifreiðarpall, og mátti sjá fyrir nokkra hættu af þessu. Vinstri fótur aðaláfrýjanda hrökk og niður um bil þetta, er hann bar kolapoka yfir það, og hlaut hann lemstur af. Óhappatilviljun og vangæzlu aðaláfrýjanda má og um slysið kenna, enda hafði aðaláfrýjandi áður unnið við sömu aðstæður og vissi um bilið. Að atvikum athuguðum þykir rétt að gera gagnáfrýjanda að bera $\frac{2}{5}$ hluta af tjóni aðaláfrýjanda.

Bergþór Smári læknir lýsir heilsu aðaláfrýjanda í vottorði, dags. 8. sept. 1954. Er niðurstaða hans þessi:

„Skoðun í dag leiðir í ljós, að ástand slasaða virðist sízt betra en við fyrri skoðanir (sbr. örorkumat Páls Sigurðssonar

tryggingayfirlæknis 28. ágúst 1951 og örorkumat undirritaðs 21. maí 1953).

Ekki virðist þó nein sú breyting á orðin, að það gefi tilefni til breytts örorkumats. Verður að telja líklegt, að ástand slasaða breytist ekki teljandi frá því, sem nú er, og þykir örorka hans af völdum slyssins 19. nóv. 1948 hæfilega metin 80%."

I.	Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur hefur í bréfi 12. okt. 1954 sett fram reikning um örorkutjón aðaláfrýjanda:			
	Misstar atvinnutekjur		kr.	374.047,00
	Þeim til frádráttar koma:			
	1. Lífeyrisréttindi aðaláfrýjanda frá Tryggingastofnun ríkisins	kr. 61.238,00		
	2. Lífeyrisréttindi til barna aðaláfrýjanda frá sömu stofnun ..	— 83.346,00		
		kr. 144.584,00		
	3. En hér frá dragast aftur fjölskyldubætur, sem eigi verða greiddar	— 10.050,00	—	134.534,00
		Mismunur	kr.	239.513,00
II.	Þjáningabætur		—	10.000,00
III.	Lækniskostnaður		—	1.000,00
		Alls	kr.	250.513,00
	Frá þessari fjárhæð dragast áður greiddar		—	2.300,00
		Niðurstaða:	kr.	248.213,00

er aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á.

Gagnáfrýjandi hefur krafizt þess, að liður I, misstar atvinnutekjur, verði færður niður, en eigi mótmælt tölulega lið II, þjáningabótum, og lið III, lækniskostnaði.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að ákveða bætur úr hendi gagnáfrýjanda til handa aðaláfrýjanda kr. 70.000,00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 19. nóv. 1948 til greiðsludags. Svo ber og gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda alls kr. 14.000,00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kol & Salt h/f, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Þórðarsyni, kr. 70.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. nóv. 1948 til greiðsludags og kr. 14.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Guðmundur Þórðarson verkamaður, til heimilis í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. nóv. 1951, gegn Kol & Salt h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta vegna slyss. Hefur stefnandi *aðallega* gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 362.900,00, með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefnda verði dæmt til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 192.500,00, með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur stefnda krafizt lækkunar á kröfum stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 5. október 1948 hafi hann verið að vinna hjá stefnda. Hafi hann unnið um borð í e/s Brúarfossi, en stefnda hafi látið setja kol í kolalestir skipsins. Kveðst stefnandi hafa verið sendur niður í aðra kolalest skipsins til þess að jafna til í henni, svo að meiri kol kæmust þar. Er hann hafi verið kominn niður í lestina, hafi hann lagzt á hnén til að koma kolum út undir þilfarið. Hafi hann þá orðið var við, að skipið hreyfðist og að renna frá kolavoginni kom við bátaþilfarið. Í því hafi hrunið nokkur kol ofan á hálsinn og bakið á honum. Hann hafi fundið til í baki og

höfði og hætt vinnu á eftir og leitað læknis. Hafi hann af þessum sökum verið frá vinnu í um vikutíma.

Engin lögreglurannsókn fór fram vegna atburðar þessa. Stefnda virðist hafa tekið skýrslur af nokkrum starfsmönnum sínum í ársbyrjun 1952, og skýrslur voru teknar af nokkrum mönnum fyrir dómi í desember 1952.

Viðurkennt er, að stefnanda voru greidd laun þá daga, sem hann var frá vinnu vegna þessa atburðar, og þar sem stefnandi telur sig eigi hafa hlotið varanlegt mein af þessu, og í hinum munnlega málflutningi byggði hann ekki kröfur sínar á þessu atviki, þá verður eigi frekar um það rætt hér.

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að hinn 19. nóv. 1948 hafi hann unnið hjá stefnda við að setja kol í poka og við flutning þeirra út í bæ. Við flutning á kolunum hafi verið notuð bifreiðin R. 2493. Vinnu hafi verið þannig hagað, að fullum kolapokum hafi verið raðað á allháan pall. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið aftur á bak að palli þessum. Í umrætt sinn hafi bifreiðinni verið ekið aftur á bak að pallinum, sem hafi verið hlaðinn fullum pokum. Pokarnir hafi náð fram af pallbrúninni, og hafi vörupallur bifreiðarinnar ekki komizt alveg að palli þeim, sem pokarnir voru á. Vörupallur bifreiðarinnar hafi ekki heldur komizt undir pallinn, sem pokarnir voru á, þar sem kolamylsnuhrúga hafði safnazt á jörðina við pallbrúnina. Stefnandi kveðst hafa unnið við það að láta pokana á bifreiðina, en ökumaður hennar hafi á meðan gengið frá inn á skrifstofu félagsins. Er teknir höfðu verið fremstu pokarnir af pallinum, kom í ljós nokkur rifa á milli þess palls og vörupalls bifreiðarinnar. Er ökumaðurinn hafi komið að, kveðst stefnandi hafa beðið hann að færa bifreiðina betur að, enda væri hún líka skökk fyrir. Ökumaðurinn hafi þá sagt, að þetta væri ekki hægt, þar sem hún mundi strax renna frá aftur vegna hrúgunnar við pallbrúnina. Um þetta hafi orðið nokkur orðaskipti, án þess að nokkuð yrði að gert. Síðan kveðst stefnandi hafa verið að beygja sig eftir poka, en þá runnið til, og hafi vinstri fóturinn lent niður á milli bifreiðarinnar og pallsins, sem pokarnir voru á. Til þess að losa hann úr klemmu þessari, hafi orðið að færa bifreiðina frá pallinum. Strax á eftir hafi verið náð í lækni og stefnanda síðan ekið á sjúkrahús. Eftir athugun á sjúkrahúsi var stefnandi síðan fluttur heim til sín. Við slys þetta hlaut stefnandi veruleg meiðsl.

Engin lögreglurannsókn fór fram vegna slyss þessa. Stefnda virðist hafa látið taka skýrslur af nokkrum starfsmönnum sínum í ársbyrjun 1952. Í desembermánuði 1952 voru teknar skýrslur af stefnanda og nokkrum öðrum mönnum fyrir dómi.

Samstarfsmaður stefnanda hefur fyrir dómi skýrt mjög á sömu lund og stefnandi frá atvikum að slysi þessu. Þó hefur hann ekki borið um viðræður stefnanda og ökumannsins. Maður þessi hefur talið, að pallurinn, sem kolapokarnir voru á, hafi verið það hár, að

vörupallur bifreiðarinnar hafi getað gengið inn undir hann. Hins vegar hafi kolamylsna viljað safnast saman undir pallbrúninni þannig, að bifreiðarpallurinn hafi ekki komizt undir. Hafi verið síður að moka mylsnuhrúgunni í burtu öðru hverju.

Annar samstarfsmaður stefnanda hefur fyrir dómi skýrt frá atvikum mjög á sömu lund. Telur hann, að stefnandi hafi verið með kolapoka í fanginu, er hann sté með annan fótinn niður á milli pallanna. Telur maður þessi, að atvik sem þessi hafi komið fyrir þó nokkrum sinnum, án þess að stórmeiðsl hlytust af.

Ökumaður bifreiðarinnar R. 2493 hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ástæðan til þess, að vörupallur bifreiðarinnar komst ekki alveg að pallinum, þar sem kolapokarnir voru, hafi verið sú, að kolapokarnir hafi náð nokkuð fram af pallbrúninni, en slíkt hafi verið algengt. Ökumaðurinn kveðst hafa gengið frá, meðan stefnandi og annar maður settu kolapokana á bifreiðarpallinn. Er hann kom að aftur, kveður ökumaðurinn, að þeir hafi spurt sig, hve margir pokar ættu að fara á bifreiðina. Hann hafi sagt það, og hafi þá komið í ljós, að fjóra poka vantaði. Hins vegar hefur ökumaðurinn algerlega neitað því, að stefnandi hafi beðið hann að færa bifreiðina nær pallinum. Ökumaðurinn segir, að stefnandi hafi tekið upp poka og ætlað að rétta samstarfsmanni sínum, en skrikað fótur og lent á milli pallanna, því að svolítið bil hafi verið á milli þeirra. Ökumaður þessi kveðst hafa starfað um langt skeið hjá stefnda við akstur á kolum, og hafi alltaf verið höfð sama vinnuaðferð. Komið hafi fyrir, að bil hafi myndazt milli pallanna, en aldrei hafi það orðið að slysi endranær. Þá hefur ökumaður fullyrt, að hemlar bifreiðarinnar hafi verið í ágætu lagi í umrætt sinn.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að umrætt slys hafi orðið vegna lélegs útbúnaðar við vinnuna af hendi stefnda og hirðuleysis starfsmanna félagsins. Það verði að teljast verulegt hirðuleysi af ökumanni bifreiðarinnar að leggja henni þannig að pallinum, að bil myndaðist á milli pallanna, en slíkt hafi augljóslega verið hættulegt mönnum þeim, sem við hleðslu bifreiðarinnar unnu. Ef ekki hafi verið hægt að leggja bifreiðinni alveg að, telur stefnandi, að nauðsynlegt hafi verið að hafa einhvern umbúnað til að brúa bil það, er myndaðist. Með vísan til þessa telur stefnandi, að stefnda beri fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af slysi þessu hafi hlotizt.

Stefnda, sem hefur talið, að slys þetta hafi orðið hinn 20. nóv. 1948, byggir sýknukröfu sína á því, að starfsmönnum félagsins, sem það beri ábyrgð á, verði á engan hátt um slys þetta kennt. Vinnutæki og vinnuaðferð hafi verið hin sama í þetta sinn og notuð hafi verið um langt skeið. Ekkert sé óeðlilegt við, að nokkurt bil myndist milli pallanna, og slíkt geti ekki talizt hættulegt vönum starfsmönnum, en í þeirra hópi hafi stefnandi verið. Hefur því verið sérstaklega mótmælt af hendi stefnda, að stefnandi hafi beðið um, að bifreiðin væri færð nær. Orsök slyssins sé ógætni stefnanda

sjálfs, og verði hann því sjálfur að bera tjón sitt. Til vara hefur stefnda krafizt þess, að stefnandi verði að minnsta kosti talinn að meginhluta eiga sjálfur sök á, hvernig fór. Stefnda hefur enn fremur bent á, að stefnandi hafi ekki haft uppi neinar kröfur í sambandi við slys þetta, fyrr en mörgum árum eftir að það varð, og þannig orsakað, að rannsókn öll á atvikum hafi verið mjög erfið og að sumu leyti óframkvæmanleg.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað aðstæður og vinnuhætti þar, en ágreiningslaust er, að aðstæður séu óbreyttar, frá því er slysið varð. Þegar litið er til þess, hvernig þessari vinnu er háttað, er ljóst, að hættulegt hefur verið að hafa óbrúað bil á milli vörupalls bifreiðarinnar og kolapokapallsins. Verður því að telja, að það hafi verið óforsvaranlegt af forsvarsmönnum stefnda að búa eigi svo um, að unnt væri að aka bifreiðinni þannig að pallinum, sem kolapokarnir voru á, að bil myndaðist eigi á milli þeirra. Ef eigi var unnt að koma því við, þá bar að brúa bilið á milli pallanna, meðan verið var að flytja pokana yfir á bifreiðina. Þar sem þessa var ekki gætt, verður að telja stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu, og verður því sýknakrafan ekki tekin til greina.

Það er ósannað, að stefnandi hafi óskað eftir því, að bifreiðin yrði flutt nær kolapokapallinum. Fram er komið, að stefnandi var vanur þessari vinnu og að hann vissi um bilið milli pallanna. Þegar þess er gætt, verður að telja, að hann hafi hagað sér ógætilega, eins og á stóð. Verður hann því einnig talinn eiga sök á, hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að telja stefnanda sjálfan eiga helming sakar og eiga að bera tjón sitt að því leyti.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Örorkubætur	kr. 351.900,00
2.	Þjáningabætur	— 10.000,00
3.	Lækniskostnaður	— 1.000,00
		Kr. 362.900,00

Varakröfu sína miðar stefnandi við það, að hæfilegar örorkubætur verði taldar kr. 181.500,00, en aðrir liðir óbreyttir.

Um 1. Við slysið hlaut stefnandi meiðsl á vinstri fæti og í baki. Hann var fluttur á sjúkrahús þegar eftir slysið, en síðan heim. Síðan virðist hann hafa legið rúmfastur um tæplega mánaðarskeið, en eftir það hafa verið á fótum og eitthvað unnið. Á þessum tíma gekk stefnandi til nuddlæknis vegna sársauka í mjóbaki. Læknar töldu, að um bilun í brjóskþófa milli neðstu lendaliða væri að ræða. Vitjaði stefnandi þá Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis, og segir svo í vottorði hans, sem dags. er 23. apríl 1951:

„Þar eð ástand sjúklingsins benti eindregið á, að um discusprolaps væri að ræða milli neðstu lendaliðanna, var í júlí 1949 gerð á honum skurðaðgerð (hemilaminectomia partialis sinister L V-S I et L

IV — L V c. extirpatione nuclei pulposi disci intervertebrale L IV-L V). Við aðgerðina fannst sundur trosnaður discvefur milli L IV og L V, en ekki greinilegur prolaps.

Guðmundi virtist batna fyrst eftir aðgerðina, og þrem mánuðum síðar gerði hann tilraun til þess að vinna, en versnaði þá strax aftur og varð að nýju alveg óvinnufær. Hann fékk þá að nýju nuddmeðferð, og um tíma var hann látinn ganga með gibsbol, en alveg árangurslaust.

Í marz 1950 var hann tekinn á IV. d. Landspítalans og gerð á honum skurðaðgerð að nýju (hemilaminectomia partialis sin. L-V-S I et L IV-L V c. lysis adhaesionem). Við aðgerðina kom í ljós, að myndazt höfðu miklir örsamvextir í kringum taugaræturnar.

Engan bata fékk Guðmundur eftir þessa aðgerð og var rúmliggjandi heima hjá sér, sárþjáður, allt sumarið 1950. Hann var því lagður á III. d. Landspítalans 5. 9. 50, og lá hann þar til 19. 2. 51. Honum batnaði allvel þennan tíma og hefur verið þjáningalítill, síðan hann kom af spítalanum.

Við skoðun í dag kvartar hann yfir stöðugum seyðingsverk í aftanverðum v. ganglim og um v. ökla, einnig þreytuverk í mjóbaki. Þessi óþægindi versna við gang og aðra áreynslu.

Guðmundur er nú sæmilega frísklegur útlits og gengur eðlilega. Ör sést á mjóbaki eftir fyrrgreindar aðgerðir. Nokkur útbeygja er á ofanverðu mjóbaki. Mjóbakið er áberandi stirt. Við beygju fram á við vantar um 30 sm upp á, að hann nái með fingrum að gólfi. Hann getur sama og ekkert beygt sig aftur á bak. Hliðarhreyfingar eru einnig nokkuð takmarkaðar. Lasègue er pos. v. megin við 60 gr., h. megin við 70 gr. Rýrnun á v. læri mælist 1 sm og á v. kálfa 1 sm miðað við h. ganglim. Ekki er finnanlegur áberandi munur á grófum krafti í h. og v. ganglim.

V. Achillesreflex er ekki framkallanlegur, en sá h. virðist eðlilegur.

Það, sem fyrirfinnst við skoðunina, svarar að fullu til kvartana Guðmundar, og svo hefur alltaf verið.

Ekki virðist leika neinn efi á því, að slys það, er Guðmundur varð fyrir þ. 19. 11. 48, muni vera bein orsök þess sjúkleika, sem upp frá því hefur þjáð hann og sem hér að framan hefur verið lýst."

Hinn 28. ágúst 1951 skoðaði Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir stefnanda og mat örorku hans. Segir svo í vottorði tryggingayfirlæknisins, sem dags. er 1. okt. 1951:

„Slasaði getur lítið sveigt sig aftur. Við beygingu fram á við skortir um 50 sm, að fingur nái gólfi. Lasègue + við 45° á báðum fótlimum. Hryggur mjög stífur.

Slasaði kveðst ekkert geta unnið enn þá nema dútlvinnu í sæti, og er það í samræmi við sjúkrasöguna og það, sem fannst við skoðun. Búast má við, að örorkan verði varanleg, en þó er það ekki alveg víst. Þykir því rétt, að endurmat fari fram að fimm árum liðnum.

Varanleg örorka vegna slyss þess, er hér um ræðir, telst hæfilega metin 80%."

Hinn 21. maí 1951 skoðaði Bergþór Smári læknir stefnanda. Segir svo í vottorði hans, sem dags. er sama dag:

„Hefur aðeins unnið dútlvinnu í sæti (hnýtir net). *Obj.* Í mjóbaki er 14 sm langt ör eftir skurðaðgerð. Hryggur er mjög stirður, vantar ca. 45—50 sm á, að fingur nái gólfi, er slasaði beygir sig fram á við, og sveigja til hliðanna er mjög stirð. Við þessar hreyfingar kvartar slasaði mjög um tilkenningu í hryggnum. Lasègue er + við ca. 55° á báðum ganglimum. Hásinarviðbragð er dauft, einkum vinstra megin. *Niðurstaða:* Skoðun í dag leiðir þannig í ljós, að ástand slasaða má teljast óbreytt frá því, er Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir skoðaði slasaða 28. ágúst 1951.

Ólíklegt verður að telja, að ástand slasaða breytist frá því, sem nú er, og verður að telja örorku hans óbreytta eða 80%."

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti örorkubóta til hans, miðað við 80% örorku og 28.800,00 króna árstekjur. Telur sérfræðingur þessi, að heildarverðmæti örorkubótanna þannig reiknað nemi kr. 351.900,00 og er aðalkrafa stefnanda við það miðuð. Fram er komið í málinu, að stefnandi nýtur örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrrgreindur sérfræðingur hefur reiknað út heildarverðmæti lífeyris þessa, og nemur það kr. 168.100,00. Varakröfu sína, kr. 181.500,00, fær stefnandi þannig, að frá aðalkröfu sinni, kr. 351.900,00, hefur hann dregið kr. 168.100,00 svo og kr. 2.300,00, sem stefnda greiddi honum á árinu 1950. Stefnandi hefur á það bent, að vegna sívaxandi lækkunar verðgildis peninga þá beri að ákveða bæturnar eins og hann hefur gert í aðalkröfu sinni.

Af stefnda hendi hefur þessum kröfum stefnanda verið mótmælt sem allt of háum. Hefur stefnda talið, að öll örorka stefnanda verði ekki rakin til slyss þessa. Hefur stefnda bent á, að stefnandi hafi unnið hjá félaginu og fengið greitt kaup fyrir tímabilið frá og með 17. des. 1948 til áramóta. Enn fremur hafi hann unnið og fengið greitt kaup fyrir tímabilin frá 18. febr. 1949 til 14. marz s. á., frá 29. marz 1949 til 24. apríl s. á. og frá 9. maí 1949 til 2. júní s. á. Þá hafi hann unnið 5 daga í september 1949. Auk þess hafi honum verið greitt kaup í 9 daga eftir slysið. Þá hefur stefnda krafizt þess, að frá þeim bótum, sem félaginu verði gert að greiða, verði dregnar þær kr. 2.300,00, sem það hafi greitt stefnanda á árinu 1950.

Af gögnum málsins, sérstaklega vottorði Snorra yfirlæknis Hallgrímssonar, sem að framan var rakið, verður að telja næg rök að því leidd, að örorka stefnanda stafi af slysi því, er hér um ræðir.

Stefnandi var 37 ára að aldri, er slys þetta varð. Hann var maður kvæntur og átti þrjú börn, er slysið varð, og kona hans ól barn í janúarmánuði 1949. Hann virðist hafa átt hús það, er hann bjó í, en ekki hafa haft aðrar tekjur en vinnutekjur sínar. Ekki er annað

fram komið en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið. Nú virðist hann aðeins geta stundað smá-dútlvinnu.

Þegar allt það er virt, sem hér skiptir máli og að framan er rakið, þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 310.000,00. Eins og að framan getur, ber stefnda að bæta helming þess tjóns eða kr. 155.000,00.

Að framan hefur þess verið getið, að heildarverðmæti bóta þeirra, er stefnandi hefur fengið og mun fá frá Tryggingastofnun ríkisins, nemi kr. 168.100,00. Þar sem stefnda hefur greitt fyrir tryggingu þessa, þykir þetta fé eiga að koma hér til frádráttar, og verður stefnda því ekki gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið.

Um 2. Stefnda hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda og afleiðingum slyssins lýst. Þegar þetta er virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykir rétt að taka þennan lið til greina að öllu leyti.

Um 3. Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það sem hér skiptir máli, nema kr. 11.000,00 (10.000,00 + 1.000,00).

Með vísan til þess, sem að framan getur, ber stefnda að bæta helming tjóns þessa eða kr. 5.500,00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 2.300,00, sem stefnda hefur þegar greitt.

Málalok verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3.200,00 með 6% vöxtum, sem rétt þykir að reikna frá slysdegi, eins og krafizt er.

Þá þykir rétt eftir þessum málalokum, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kol & Salt h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Þórðarsyni, kr. 3.200,00 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1948 til greiðsludags og kr. 900,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. október 1954.

Nr. 60/1954. **Kristín Kristjánsdóttir**
gegn
Sigurði Gissurarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristín Kristjánsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. október 1954.

Nr. 103/1954. **Lúðvík Guðmundsson**
gegn
Sigurði Berndsen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lúðvík Guðmundsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. október 1954.

Nr. 104/1954. **Lúðvík Guðmundsson**
gegn
Sigurði Berndsen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lúðvík Guðmundsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. október 1954.

Nr. 107/1954. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Ásmundi Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ásmundi Ásgeirssyni, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 150,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1954.

Nr. 199/1952. **Bæjarsjóður Hafnarfjarðar**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Gunnari Leifi Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurheimt útsvarsgreiðslna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, að endurgreiðslukrafa hans lækkar í kr. 3.075,00. Þá krefst hann málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti hefur verið leitt í ljós, að útsvarsgreiðslur þær, sem áfrýjandi lét taka af kaupi stefnda árið 1950, nema samtals kr. 3.075,00. Þar sem áfrýjandi tók greiðslurnar með þessum hætti, þykir stefndi ekki hafa fyrirgert rétti sínum til endurheimtu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að endurgreiða nefnda fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda og dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Gunnari Leifi Guðmundssyni, kr. 3.075,00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1950 til greiðsludags, kr. 700,00 í málskostnað í héraði og kr. 2.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. júní 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 24. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í skrifstofu embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 23. júní sl.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 24. apríl 1951, af Gunnari Leifi Guðmundssyni, Miklubraut 1, Reykjavík, gegn bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs til endurgreiðslu á útsvari fyrir árið 1950, að fjárhæð kr. 3.500,00, auk 6% vaxta af þeirri upphæð frá 1. nóv. 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu hins stefnda bæjarfélags hefur verið krafizt algerrar sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Við niðurjöfnun útsvara í Hafnarfirði árið 1950 var stefnanda, Gunnari L. Guðmundssyni, gert að greiða útsvar, að upphæð kr. 3.500,00. Útsvarsupphæð þessi var síðan tekin af kaupi stefnanda hjá atvinnurekanda hans samkvæmt kröfu bæjarins. Þetta sama ár var einnig lagt útsvar á stefnanda í Reykjavík, að upphæð kr. 2.100,00. Stefnandi mótmælti að vera útsvarsskyldur í Reykjavík, og gekk um það úrskurður, upp kveðinn í fógetarétti þar 22. sept. 1950, og féll hann á þá leið, að stefnandi skyldi teljast útsvarsskyldur í Reykjavík, og var heimilað, að lögtak mætti fram fara fyrir útsvarsupphæðinni.

Strax og stefnanda varð kunnugt um þessa niðurstöðu, kveðst hann hafa með bréfi, dags. 15. okt. 1950, tilkynnt bæjarstjóra Hafnarfjarðar þessi málalok og jafnframt krafizt þess að vera strikaður út af útsvarsgjaldendaskrá í Hafnarfirði fyrir árið 1950 og að honum yrði endurgreidd útsvarsupphæð sú, er tekin hafði verið af kaupi hans, kr. 3.500,00. Með bréfi, dags. 1. nóv. s. á., tilkynnti bæjarstjórinn í Hafnarfirði stefnanda, að bæjarráð hefði ekki viljað fallast á endurgreiðslu, og synjaði stefnanda um að endurgreiða upphæðina. Hóf því stefnandi mál þetta til endurgreiðslu útsvarsupphæðarinnar.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi flyzt til Reykjavíkur í byrjun okt. 1949 og hefur átt þar heima síðan. Hann stundar þar atvinnu og er tekinn þar á manntal með lögheimili í Reykjavík. Síðan er útsvar lagt á stefnanda við niðurjöfnunina 1950, eins og áður segir.

Eins og málið horfir við, fellst rétturinn á, að stefnanda hafi verið heimilt að krefjast þess, að nafn hans væri strikað út af útsvarsskrá Hafnarfjarðar fyrir umrætt ár, og eigi endurkröfurétt útsvarsupphæðarinnar samkvæmt d-lið 8. gr. útsvarslaga, nr. 66 frá 1945. Krafa um greiðslu vaxta verður aðeins tekin til greina frá stefnudegi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að leggja á stefnda greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn kr. 700,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Hannesson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Gunnari Leifi Guðmundssyni, kr. 3.500,00 auk 6% vaxta frá 24. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 19/1954.

Bæjarsjóður Akureyrar

gegn

Idu Magnúsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. f. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500,00.

Það athugast, að kæra máls þessa var bersýnilega tilefnislaus.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, bæjarsjóður Akureyrar, greiði varnaraðilja, Idu Magnúsdóttur, kærumálskostnað, kr. 500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 8. október 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar um formhlið þess 31. f. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 27. ágúst sl., af frú Idu Magnúsdóttur, Hríseyjargötu 21 hér í bæ, fráskilinni konu Ragnars Guðmundssonar, á hendur bæjarsjóði Akureyrar til greiðslu á kr. 4.345,00 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi kveður kröfu sína vera kröfu um meðlagsgreiðslu með þremur börnum sínum og fráskilins manns síns, Ragnars Guðmundssonar, yfir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst þ. á. samkvæmt leyfisbréfi til algers skilnaðar milli þeirra hjóna frá 21. apríl 1948.

Hún kveður Tryggingastofnunina hafa greitt meðlögin fram til 31. marz sl., en síðan hafi hún fellt niður greiðslu, þar sem stefnandi hefur búið með karlmanni, Sigurjóni Friðrikssyni að nafni, sbr. 7. gr. laga nr. 122/1950. Þar sem greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar sé þannig fallin niður og meðlögin fáist ekki greidd hjá föðurnum, telji hún, að heimilt sé að krefja Akureyrarbæ, sem sé heimilis- og framfærslusveit Ragnars og dvalar- og heimilissveit hennar sjálfrar, um greiðsluna.

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, hefur *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins.

Til vara er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins. Ákveðið var, að krafa um frávísun yrði tekin fyrir fyrst, áður en lengra yrði haldið, og fór fram munnlegur málflutningur um þá hlið málsins 30. f. m. og atriðið því næst tekið til dóms eða úrskurðar. Stefndi hefur byggt kröfu sína um frávísun málsins frá dómi einkum á því, er nú skal greina:

Þar sem greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar sé fallin niður við, að stefnandi hafi búið með karlmanni í 3 ár, hafi hún nú eigi aðgang að öðrum en barnsföður sínum og öðlist engan rétt til að beita ákvæðum leyfisbréfsins gagnvart framfærslusveit meðlagsskylda.

Um framfærslu barna stefnanda og Ragnars Guðmundssonar, fyrrv. manns hennar, gildi ákvæði 3. gr. laga nr. 80/1947.

Ef ókleift reynist að innheimta meðlögin hjá föður barnanna og stefnandi sé ekki umkomin að framfæra þau sjálf, þá sé leiðin sú

að snúa sér til sveitarstjórnaryfirvalda samkvæmt 27.—48. gr. í framfærslulögunum, en hún geti ekki knúið fram greiðslu með fulltingi dómstólanna, það er dómstólarnir séu ekki bærir að dæma um aðfararhæfi slíkrar kröfu. Stefnandi hefur andmælt þessum röksemdum stefnda einkum á þeim forsendum, að hér væri ekki verið að krefjast venjulegs framfærslueyris. Hér væri um það að ræða, hvort stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, væri sólídariskt ábyrgur fyrir meðlögum barnsföður gagnvart barnsmóður, sbr. 54. gr. framfærslulaga. Hér væri ekki heldur deilt um upphæðina, því að hún væri óumdeild, heldur aðeins greiðsluskylduna. Greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar hafi verið felld niður með lögum, og sé þá spurningin hér, hvort greiðsluskylda bæjarsjóðs, sem Tryggingastofnunin átti óumdeilt endurkröfu á fyrir meðlögum þessum, sé um leið fallin niður af sjálfu sér.

Þá hefur hann haldið því fram, að jafnvel þótt rétt væri, að stefnandi leitaði réttar síns eftir 28.—29. gr. framfærslulaganna, þá heyrði úrskurður þessa máls undir dómstólana, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Það verður að teljast fortakslaust, að áður en lög nr. 122/1950 gengu í gildi, hafi stefnandi og aðrir, sem stóð eins á fyrir, getað fengið úrlausn dómstóla um greiðsluskylduna samkv. 28. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 27. gr., og sama gilti einnig, áður en tryggingarlögin komu, gagnvart sveitarsjóðunum, ef skilyrðum sifja- og framfærslulaga væri fullnægt. Þar sem í þessu máli er um það deilt, hvort stefnandi fái beinan rétt á hendur bæjarsjóði, þegar Tryggingastofnunin er ekki lengur milliliður um greiðsluna vegna sérstaks lagaákvæðis þar um, lítur rétturinn svo á, að það heyri undir hann að skera úr um deiluefnið. Þykir því ekki eiga að taka kröfu stefnda um frávísun málsins frá dómi til greina.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast ekki frá dómi.

Föstudaginn 5. nóvember 1954.

Nr. 79/1953. **Tryggingastofnun ríkisins** (Gunnar Möller)
gegn
Jóni Hjaltalín (Sigurgeir Sigurjónsson)
og
Jón Hjaltalín
gegn
Loftleiðum h/f (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Tryggingastofnun ríkisins hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum áfrýjanda Jóns Hjaltalíns í máli þessu, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 3.000,00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi Jóns Hjaltalíns hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi Jón Hjaltalín hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 12. janúar 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. desember 1953. Eru kröfur hans þessar:

Aðalkrafa, að stefnda, Loftleiðum h/f, verði dæmt að greiða honum kr. 75.560,00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Varakrafa: Ef úrslit málsins yrðu þau, að aðalkröfunni yrði hrundið, þá verði héraðsdómurinn staðfestur og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda Tryggingastofnunar ríkisins.

Stefndi, Loftleiðir h/f, krefst sýknu af aðalkröfu áfrýjanda Jóns Hjaltalíns og málskostnaðar úr hendi hans hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi Jón Hjaltalín varð fyrir meiðslum, er flugvél stefnda, Loftleiða h/f, hlekktist á í lendingu í Vatnagörðum hinn 26. júní 1946, og er atvikum, sem að því lúta, lýst í

héraðsdómi. Skilyrði til lendingar virðast hafa verið góð, og er af hálfu stefnda, Loftleiða h/f, ekki gert sennilegt, að af hendi flugmannsins eða annarra starfsmanna stefnda, sem að fluginu stóðu, hafi verið gætt nægilegrar varkárni. Samkvæmt því verður að telja stefnda skylt að greiða áfrýjanda Jóni Hjaltalín fébætur vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut í flugslysinu.

Með hliðsjón af meiðslum áfrýjanda Jóns Hjaltalíns, aldri hans og högum svo og örorkumatinu, sem allt er greint í héraðsdómi, þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00. Svo ber stefnda og að greiða honum vexti af fjárhæð þessari, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5.000,00.

Eftir þessum úrslitum ber að sýkna áfrýjanda Tryggingastofnun ríkisins af kröfum áfrýjanda Jóns Hjaltalíns í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor þessara aðilja beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Áfrýjandi Tryggingastofnun ríkisins á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Jóns Hjaltalíns í máli þessu, og beri hvor aðilja sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði áfrýjanda Jóni Hjaltalín kr. 20.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1950 til greiðsludags og samtals kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 14. f. m., hefur Jón Hjaltalín útgerðarmaður, Stekk í Garðahreppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. júní 1950, gegn hlutafélaginu Loftleiðum hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar. Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfunnar í kr. 75.560,00.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Með stefnu, út gefinni 1. desember 1951, höfðaði stefnandi sakaukamál á Tryggingastofnun ríkisins hér í bænum og hafði uppi

þær dómkröfur *til vara*, að henni yrði gert að greiða kr. 30.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað.

Varastefndi hefur krafizt sýknu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. júní 1946 var flugvélinni Norseman TF—RVD, eign aðalstefnda, flogið í áætlunarferð frá Siglufirði til Reykjavíkur. Stjórnaði henni Páll Magnússon flugmaður. Komið var til Reykjavíkur laust eftir kl. 23.00 og lent í flughöfninni í Vatnagörðum, en flugvél þessi er einungis gerð til þess að lenda á sjó. Í lendingunni hvolfdi vélinni, og hlaut stefnandi, sem var einn farþega, meiðsl af. Telur stefnandi, að aðalstefnda beri að bæta tjón það, er hann hafi hlotið af meiðslum þessum.

Sýknukröfu sína byggir aðalstefndi í fyrsta lagi á því, að umrætt slys verði hvorki rakið til ásigkomulags flugvélarinnar né mistaka af hálfu stjórnanda hennar, en í öðru lagi á því, að sjúkdómur stefnanda, sem síðar verður greint frá, eigi ekki rót sína að rekja til meiðsla stefnanda í umrætt skipti.

Daginn eftir slys þetta voru flugmaður og farþegar yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglunni auk nokkurra vitna, er stödd voru í Vatnagörðum til að taka á móti vélinni. Verða framburðir þeirra nú raktir.

Flugmaðurinn kvað skilyrði fyrir lendingu hafa verið hin beztu, bæði að því er sjó og loft snertu, og kvaðst hann hafa lent með venjulegum hætti og fullri varkárni. Hafi bæði flotholt vélarinnar snert sjóinn jafnsnemma og vélin þá verið á réttum flughraða, 80 mílum miðað við klukkustund. En um leið og flotholtin snertu sjóinn, hafi vélin snúizt snögglega til vinstri, og þótt hliðarstýrinu hafi samstundis verið beitt alveg til hægri, hafi vélin haldið áfram að snúast til vinstri svo mikið, að hún hafi ekki þolað beygjuna og oltið um koll. Taldi flugmaðurinn víst, að þetta hefði orsakazt annaðhvort af því, að flotholt vélarinnar hafi lent á einhverju, er morrað hafi í kafi í sjónum, eða vinstra flotholt vélarinnar bilað, um leið og lent var. Bergur Páll Sveinsson farþegi kveðst hafa setið í næsta sæti fyrir aftan flugmanninn og virzt hann stjórna vélinni af fyllstu gaumgæfni bæði á leiðinni og eins, þegar hann var að lenda. Honum virtist flugvélin koma alveg rétt niður og flotholtin bæði snerta sjóinn jafnsnemma. Eftir að hún hafði aðeins snert sjóinn, virtist honum hún losna við hann aftur, en síðan mjög fljótlega snerta sjóinn á ný. Virtist honum þá koma mikill „slinkur“ á vélina, eins og eitthvað hefði orðið fyrir flotholtunum, og vélin jafnskjótt steypzt. Sigurlaug Guðjónsdóttir farþegi kveður flugvélina hafa komið nokkuð hart niður á sjóinn, og síðan virtist henni engum togum skipta, að vélin steyptist um. Alma Ásbjörnsdóttir farþegi kveðst hafa setið í framsæti við hlið flugmannsins og virzt hann lenda vélinni alveg á sama hátt og er komið var til Siglufjarðar, en hún var farþegi

báðar leiðir. Henni virtist flugvélin steypast mjög fljótlega, eftir að hún snerti sjóinn, og snúast eitthvað til vinstri um leið.

Kjartan Guðbrandsson flugmaður var staddur á bryggju flugstöðvarinnar og var að vinna við að setja niður fleka eða kerru, sem notuð er til þess að taka flugvélina á land. Kveðst hann hafa séð vélina, þegar hún var alveg komin að því að lenda á sjónum, en þá litið af henni aftur vegna verks þess, er hann var að vinna, og því ekki séð, er hún snerti sjóinn. En eftir augnablik heyrði hann óvenjulegt skvamp í sjónum, og er hann leit upp, sá hann, að vélin var að steypast fram yfir sig. Hersveinn Þorsteinsson var staddur ásamt konu sinni og syni á bryggju flughafnarinnar til þess að taka á móti farþega í vélinni. Kveður hann flugvélina hafa stefnt næstum beint til sín, er hún var að lenda. Gat hann ekki séð, að hún rynni neitt áfram, eftir að hún snerti sjóinn, og virtist honum hún stingast niður að framan, um leið og hún kom fyrst við sjóinn. Kona hans, Margrét Árný Helgadóttir, kveðst oft hafa tekið eftir flugvélum, er þær hafi verið að lenda á sjónum, en þessi flugvél hafi henni virzt stefna óvenjumikið niður, þegar hún lenti, enda virtist henni hún stingast niður að framan, alveg um leið og hún snerti sjóinn. Sonur þeirra, Helgi, kveðst sjaldan hafa séð flugvélar lenda á sjó og því enga þekkingu hafa á, hvernig haga beri lendingu. Hins vegar hafi hann séð, að flugvélin hafi ekki runnið áfram eftir sjónum, heldur stungizt, um leið og hún snerti hann. Hinn 3. júlí s. á. var stefnandi yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni. Hafði hann ekki orðið þess var, að vélin beygði neitt um það bil, er slysið skeði. Virtist honum hún vera búin að snerta sjóinn aðeins einu sinni eða tvisvar, en síðan virtist honum eins og hún ræki sig á eitthvað og styngist við það beint fram yfir sig.

Í máli þessu hefur verið lagt fram bréf frá Axel Kristjánssyni verkfræðingi til flugmálastjóra varðandi skoðun á vélinni. Í bréfi þessu, sem dagsett er 8. júlí 1946, segir svo:

„Undirritaður skoðaði flugvélina TF—RVD, er skemmdist í lendingu þann 26. júní við Vatnagarða. Flugvélin var skoðuð, strax og hún hafði verið dregin á land. Eftirfarandi kom í ljós við skoðunina:

Flot flugvélarinnar voru bæði bogin upp á við framan við fremri stoðir. Stoðir voru allar heilar, einnig festingar allar, að því er séð varð. Vinstra flot virtist mér aðeins meira bogið. Festingar fyrir mótorhlíf (cowling) höfðu brotnað af, og var mótorhlífin ekki á vélinni. Botn flugvélarskrokks var brotinn aftan við mótor. Hægri vængendi var brotinn. Einnig var hægra jafnvægisstýri slitið úr sambandi, hreyfiarmur, rör úr væng að jafnvægisstýri var brotið; brotið var nýtt. Allar stýrisleiðslur og stjórntæki vélarinnar voru í lagi og létu að stjórn nema vinstra jafnvægisstýri, er slitið var úr sambandi, eins og áður er lýst."

Eins og fram kemur af vætti Margrétar Árnýjar Helgadóttur, virtist henni flugvélin stefna óvenjumikið niður, þegar hún lenti. Hins

vegar þykir mega ráða af vætti Kjartans Guðbrandssonar, er var fluglærður, að honum hafi ekki fundizt neitt athugavert við stefnu vélarinnar í lendingunni, því að hann leit af henni, rétt um leið og hún var að lenda, en telja verður, að hann hefði ekki gert það, ef honum hefði fundizt stefna hennar óeðlileg. Einum farþega vélarinnar auk stefnanda virtist vélin rekast á eitthvað, eftir að hún hafði snert sjóinn, en engin rannsókn virðist hafa verið gerð á lendingarsvæði vélarinnar eftir slysið. Þegar virtir eru framburðir stefnanda og vitnanna svo og annað það, er upp hefur komið í málinu varðandi þetta efni, verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að slys þetta hafi orsakazt af því, að flugvélin hafi ekki verið í fullkomnu lagi eða stjórnandi hennar sýnt vangæzlu í starfi sínu.

Verður því að taka sýknukröfu aðalstefnda til greina.

Um leið og stefnandi keypti farseðil hjá aðalstefnda, keypti hann jafnframt slysatryggingu hjá varastefnda fyrir fjárhæð allt að 30 þúsund krónum, og er varakrafa hans miðuð við þá fjárhæð, eins og fyrr greinir.

Sýknukröfu sína byggir varastefndi á því, að samkvæmt 14. gr. reglugerðar um frjálsar slysatryggingar beri honum ekki skylda til þess að greiða bætur fyrir slys, ef krafa frá hinum slasaða hefur ekki borizt í hendur henni innan 4 mánaða frá því, er afleiðingar slyssins komu í ljós. Hafi afleiðingar af slysi þessu verið komnar í ljós 4. október 1946, en stefnandi hafi ekki haft uppi kröfu á varastefnda, fyrr en til máls þessa var stofnað.

Stefnandi hefur hins vegar talið, að afleiðingar slyssins hafi ekki komið í ljós fyrr en 4. apríl 1950.

Stefnandi var fluttur í Landspítalann eftir slysið, og var þar gert að sárum hans. Eftir það verður ekki séð, að hann hafi leitað læknis vegna slyssins fyrr en á árinu 1947. Þá sneri hann sér til Alfreðs Gíslasonar læknis, og segir í vottorði hans, dags. 22. marz 1950, svo:

„Jón Hjaltalín, f. 23/12 1903, kv. síldarútvegsm., Stekk í Garðahreppi, leitaði til mín nokkrum sinnum á árinu 1947 og aftur nú í dag. Samkvæmt upplýsingum hans hafði hann verið hraustur, þar til hann lenti í flugslysi í júní 1946, burtséð frá að hann hafði misst hægra auga við slys 20 árum áður.

Í nefndu flugslysi hefur hann hlotið allmikinn áverka á höfuðið, m. a. ca. 15 sm langt svöðusár. Síðan hefur hann kvartað um sömu óþægindi, en þau eru þessi: kjarkleysi og kvíði, er hann hefur þurft að fara að heiman, og svimatilfinning, sem mjög hefur háð honum í starfi. Á hann t. d. erfitt með að ganga á bryggju, sundlar þá og verður óstöðugur. Einnig á hann erfitt með að lúta við störf, sortnar þá fyrir augum.

Taugakerfisskoðun, gerð 1947 og aftur í dag, leiðir ekki í ljós einkenni vefrænna skemmda. Psýkískt kemur sjúklingurinn eðlilega fyrir, og engra öfga kennir í sjúkdómslýsingu hans. Hann er feitlaginn. Blóðþrýstingur er 145/85. Hjartahlustun er eðlileg.

Sjúkdómsgreining mín er:

Traum. capitis sequ.

Commotionis cerebri sequ.

Ég álít, að svimatilfinning hans sé vefræns eðlis, en kvíðinn og kjarkleysið af psýkískum uppruna. Hvort tveggja er bein afleiðing slyssins. Hins vegar hef ég ekki orðið var tilhneigingar til að ýkja sjúkdómseinkenni, eins og oft vill verða áberandi, þegar um „rentuneurosis" er að ræða.

Óþægindi sjúklingsins valda ekki fullkominni örorku, en eru honum sérlega bagaleg í því starfi, sem hann stundar."

Árið 1948 leitaði stefnandi til Ófeigs J. Ófeigssonar læknis, og segir svo í vottorði hans, dags. 22. júní 1948:

„Jón Hjaltalín, 44 ára, síldarkaupmaður frá Stekk í Garðahreppi, hefur verið í rannsókn og observatio hjá mér síðan 19. maí sl. vegna vanheilsu eftir flugslys, sem hann lenti í um kl. 11 e. h. þann 26. júní 1946.

1. Sjúklingurinn tekur fram eftirfarandi: Flugvélinni hvolfdi í lendingu í Vatnagörðum við Reykjavík. Jón man það, að flugvélin skall tvisvar í sjóinn, og „vaknaði" eftir stutta stund (ca. 1 mínútu?) við það, að sjór rann inn í munn hans. Hann komst út úr vélinni á vænginn, en sneri við til að bjarga konu og flugmanninum úr vélinni. Honum fannst hann sjá illa, hélt það væri blautum gleraugunum að kenna, henti þeim af sér, en sá ekki betur á eftir. Þegar flugmaðurinn kom út á vænginn, sagði hann við Jón: „Þér hafið meitt yður." Þá skildi Jón, að hann sá illa vegna blóðrennslis úr skurði í hársverði yfir v. auga (h. auga er og var þá gerviauga). Skurður þessi, sem síðar mældist ca. 15 sm langur, stóð opinn og óumbúinn, þar til hann var saumaður saman, ca. 1½ klst. eftir að slysið varð. Jón stóð á væng flugvélarinnar og hallaði sér upp að „bátnum", þar til honum var bjargað af bát úr landi, ca. 15—30 mínútum eftir að slysið varð. Hann var þá fluttur viðstöðulaust í bíl til Landspítalans, þar sem höfuðsár hans var saumað saman (með 10 sporum) eftir klukkustundarbið, standandi í gangi á Landspítalanum. Sjúklingurinn segist hafa verið mjög máttfarinn og sinnulítill, á meðan hann beið og á meðan skurðurinn var saumaður saman, en bað þó um að fá að drekka, áður en farið var að sauma. Hann tekur það fram, að hann hafi ekki verið skoðaður á neinn hátt og ekki spurður um önnur meiðsli. Síðar kom í ljós, að hann hafði tvö rif brotin v. megin; var fluttur í bíl heim til sín að Stekk, strax eftir að búið var að sauma saman skurðinn. Þangað kom hann kl. tæplega 2 um nóttina; var ekki rúmfastur eftir slysið, „en inni við" á heimili sínu þar til 4. júlí, að hann fór til Siglufjarðar með skipi; var á Siglufirði um sumarið „með hálfgerðan svima" og talsverðan verk í v. síðu. Hann „mátti vara sig allt sumarið að ganga tæpt á bryggju vegna svimans"; kom heim með bíl um miðjan sept. 1946; fór að vinna („dunda") heima hjá sér í byrjun okt. 1946; fannst

hann þá vera „nokkuð góður". En í nóv. 1946 fór hann með flugvél til Siglufjarðar. Hann var þá „aðfram kominn af kvíða og hræðslu" á leiðinni og þó sérstaklega við lendinguna. Þegar kom á hótelið á Siglufirði, hafði hann ekki matarlyst, fékk sér viskí og drakk áfram þá 10 daga, sem hann var á Siglufirði, og á leiðinni heim; hafði aldrei drukkið svona áður, — „í mesta lagi fyllirí eitt kvöld og strammari daginn eftir". Síðan segist hann hafa sífelldan kvíða, einkanlega ef hann þarf að fara eitthvað, og svima, sem er að ágerast. Sviminn versnar við áreynslu, ef hann lítur upp fyrir sig, og við bogur.

2. Aðspurður: Sefur ekki eins vel og áður og fær stundum kvíðaköst, ef getur ekki sofnað; byltir sér þá í rúminu fram eftir nóttu, fer þá oft niður og fær sér „sjúss" og drekkur áfram í 3—4 daga. „Þetta kemur kannski fyrir einu sinni í mánuði." Hefur verið hjá 5 læknum (auk læknisins á Landspítalanum) og ekki fengið neina bót; finnst hann heldur vera að versna.

3. Skoðun framkvæmd af undirrituðum frá 25. maí sl. til 7. júlí sl.: Feitur, plethoriskur maður, þyngd 110 kg, hæð 175 sm á sokkaleistum. Frá hársrótum yfir v. auga aftur á móts við v. eyra liggur fremur djúpt og breitt ör beint aftur hársvörðinn. H. m. er gervi-auga. V. auga virðist eðlilegt (pupillan reagerar f. ljósi og accomotatio, augnhreyfingar eðlilegar, fundus virtist eðlilegur). Mimik virðist eðlileg; gervitennur; kokeitlar dálítið þrotnir, háls eðlilegur. Lungu og hjarta virðast eðlileg við palpatio, percutio og auscultatio; blóðþrýstingur: 140 (systólískur) og 85 (díastólískur); púls 76 reglulegur. Kviður virðist eðlilegur. Útlimir virðast eðlilegir nema dálítill meðal-fínn tremor handa og fingra. Vöðvar, bein og liðir virðast eðlileg. Aktív- og passív-hreyfingar eðlilegar. Skyn fyrir snertingu, sársauka, hita, kulda og afstöðu virðast eðlileg; reflexar eðlilegir, þ. á m. Babinski og Romberg; blóð: blóðrauði 90% (Haldane), rauð blóðkorn 5,1 millj., hvít blóðkorn 6500; blóðmynd eðlileg; þvag: ÷ eggjahvíta og sykur; smásjárrannsókn á þvagi neikvæð.

4. Skoðanir, sem ég lét framkvæma á sama tíma og mín skoðun fór fram: Röntgenmyndir (7. júní 1948) af hauskúpu og thorax (= lungum, hjarta og rifjum) neikvæðar.

Kristján Sveinsson augnlæknir fann sterkan astigmatismus á v. auga — án gleraugna, en normalt með gleraugum; annað ekki óeðlilegt.

Stefán Ólafsson eyrnalæknir: „Nánast negatív eyrnaskoðun."

5. Diagnosis: Eftirstöðvar heilahristings og taugaáfalls við flugslys.

6. Ályktun: Þó að objektív skoðun á þessum manni megi heita neikvæð, þá útilokar hún engan veginn, að hann geti haft áminnzt súbjektív einkenni, og ekki heldur, að verið geti eftirstöðvar eftir blæðingu innan hauskúpu, því að oft orsaka slíkar blæðingar (hæmatomata) mjög lítil eða engin objektív einkenni. Hvort um brot á

hauskúpu hefur verið að ræða, er ekkert ákveðið hægt að segja, því að sprunga í hauskúpu svarandi til skurðarins á höfðinu væri löngu gróin fyrir þann tíma, sem röntgenmyndirnar voru teknar."

Lögmaður stefnanda sendi síðan í apríl 1950 læknisvottorð þessi til Þórarins Sveinssonar læknis og óskaði þess, að hann framkvæmdi örorkumat eftir þeim, ef unnt væri. Var það gert, og segir svo í mati læknisins, dags. 4. apríl 1950:

„Ég hef farið yfir bæði umgetin vottorð og tel þau það ýtarleg, að ályktа megi af þeim varanlegt ástand slasaða.

Um forsögu slysmálsins vísast því til vottorðanna.

Örorka telst hæfilega metin:

Fyrir tímabilið	26/6 '46—4/7	'46	100%	örorka	
—	—	4/7 ——4/8	—	60%	—
—	—	4/8 ——4/9	—	40%	—
—	—	4/9 ——4/10	—	20%	—

Úr því, tel ég, að um traumatíska neurose sé að ræða og ef til vill nokkur einkenni vegna heilahristings, er slasaði hefur hlotið við slysið, en sem telja verður líkur til, að muni fara batnandi. Áfátt er það vottorðum þessum, að ekki hefur verið látin fram fara röntgenmyndun af heila með loftinndælingu, en það er þýðingarmikið, þegar um er að ræða slys á höfði, ef grunur er á, að blæðing hafi orðið á heila.

Varanleg örorka má teljast hæfilega metin 10%."

Eins og að framan getur, hreyfði aðalstefndi því, að sjúkdómsástand það, er getur í framangreindum vottorðum og mati, ætti ekki rót sína að rekja til framangreinds slyss. Benti aðalstefndi á það, að árið 1926 hefði stefnandi orðið fyrir slysi á höfði með þeim afleiðingum, að taka hafi þurft úr honum annað augað 2—3 dögum seinna. Var málið að ósk lögmanna aðilja sent Læknaráði og óskað umsagnar þess um eftirtalin atriði:

1. Hvort rekja megi núverandi sjúkdómsástand Jóns Hjaltalíns að einhverju leyti til slyss þess, er hann varð fyrir á Akureyri árið 1926.
2. Verði svo talið, hver sé þá örorka Jóns, þar með talin framtíðarörorka hans, af fyrrgreindu flugslysi.

Var ályktun Læknaráðs á þessa leið:

„Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki ráðið, að núverandi sjúkleiki Jóns Hjaltalíns eigi á nokkurn hátt rætur að rekja til slyssins, sem hann varð fyrir á Akureyri árið 1926."

Trygging sú, er í máli þessu greinir, virðist í upphafi þann veg til komin, að aðalstefndi hafi keypt hjá varastefnda tryggingu fyrir áhöfn og farþega nefndrar flugvélar fyrir ákveðið tímabil, og hafi síðan hver farþegi greitt ákveðið gjald fyrir sína tryggingu. Á bakhlið farseðils þess, er stefnandi fékk, var prentaður útdráttur úr tryggingarskilyrðum slysatryggðs farþega. Í útdrætti þessum er hvergi getið um fyrningarákvæði það, sem varastefnda byggir sýknu-

kröfu sína á, og ekkert er upp komið um, að stefnanda hafi verið kunnugt um ákvæði þetta. Í greinargerð sinni hélt aðalstefndi því fram, að stefnandi hefði sjálfur keypt tryggingu hjá varastefnda og greitt iðgjald af henni. Gat stefnandi þessa í greinargerð sinni, að því er varðaði varastefnda, og byggði málssókn sína gegn henni á þessu atriði. Þrátt fyrir þetta hefur lögmaður varastefnda hvorki í greinargerð né málflutningi hreyft því, að varastefndi sé ekki réttur aðili að málinu. Þykir að öllu þessu athuguðu verða að álíta, að stefnandi hafi keypt nefnda tryggingu hjá varastefnda með fyrirgreiðslu aðalstefnda og geti því beint kröfum sínum að varastefnda. Þar sem stefnanda var hins vegar ekki kynnt nefnt fyrningarákvæði, sem telja verður mjög óvenjulegt, þykir varastefndi ekki geta borið nefnt fyrningarákvæði fyrir sig. Verður sýknukrafa varastefnda því ekki tekin til greina.

Varastefndi hreyfði því, að þar eð stefnandi hafi ekki hlotið nema 10% örorku, eigi hann ekki rétt á meira en samsvarandi hundraðshluta af hámarksörorkubótum, kr. 3.000,00.

Þegar virt er efni og eðli umræddrar tryggingar, verður ekki fallizt á þessa skoðun varastefnda. Stefnandi lét reikna út heildarverðmæti örorkubóta samkvæmt örorkumati Þórarins Sveinssonar læknis, og nam það samkvæmt taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar miðað við 4. september 1950 kr. 38.300,00. Að þessu athuguðu verður krafa stefnanda á hendur varastefnda tekin til greina að öllu leyti.

Þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er varðar aðalstefnda, en að varastefndi greiði stefnanda kr. 3.000,00 í málskostnað.

Dóminn kváðu upp Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og flugstjórarnir Jóhannes Snorrason og Þorsteinn Jónsson.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Loftleiðir h/f, er sýknt af kröfu stefnanda, Jóns Hjaltalíns, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður gagnvart því.

Varastefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda kr. 30.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1951 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1954.

Nr. 56/1953. **Glitsteinn h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Kristjáni E. Kristinssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi var félagsbundinn í Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði á þeim tíma, sem hann vann hjá áfrýjanda. Hins vegar er ekki fram komið í málinu, að áfrýjandi hafi verið í stéttarfélagi atvinnurekenda á sama tíma. Er því ekki leitt í ljós, að lögskipti aðilja hafi verið háð ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags við atvinnurekanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Verður krafa stefnda þess vegna ekki reist á ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags.

Aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi í upphafi verið ráðinn til náms í starfsgrein áfrýjanda, sem ekki er löggilt iðngrein. Stefndi kannast við það, að hann hafi ráðið sig af þessum sökum fyrir lægri laun fyrstu 3 mánuðina en kaupgjaldstaxti Dagsbrúnar segir til um og að áfrýjandi hafi greitt honum þau vinnulaun, sem um var samið. Hins vegar telur stefndi ráðningu sína hafa átt að standa um 2 ár, en gegn andmælum áfrýjanda hefur hann ekki fært sönnur á þá staðhæfingu. Stefndi réðst til áfrýjanda hinn 26. marz 1950, en var sagt upp starfi í febrúarmánuði 1951. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þessi tími hafi ekki verið honum nægur til að læra verk þau, sem unnin eru í starfsgrein

áfrýjanda. Verða honum því ekki dæmdar frekari greiðslur úr hendi áfrýjanda en hann hefur þegar fengið. Ber samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Glitsteinn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristjáns E. Kristinssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kristján E. Kristinsson, Garðavegi 15 C í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. nóv. 1951, gegn Glitsteini h/f hér í bæ til greiðslu vangoldinna vinnulauna, að fjárhæð kr. 2.852,49, með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. marz 1950 réðst stefnandi til starfa hjá stefnda, er þá hét Marteinn Davíðsson & Co. h/f. Skýrir stefnandi svo frá, að svo hafi samizt með þeim Marteini Davíðssyni, er var þá forstjóri stefnda, að fyrstu þrjá mánuði starfstímans skyldi stefnandi fá greiddar kr. 5,00 um hverja klukkustund, en að þeim tíma liðnum skyldi honum greitt samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Kveðst stefnandi hafa ráðið sig hjá stefnda til þess að læra „mósaík"- og „terrazzó"-lagningu, og hafi verið gert ráð fyrir, að hann yrði í vistinni um 2 ára skeið a. m. k. Stefndi greiddi stefnanda kaup miðað við 5 krónur um klukkutímann fyrstu þrjá mánuðina, þó með nokkurri hækkun, sem stafað mun hafa af vísitölubreytingu, en síðan venjulegt verkamannakaup. Stefnandi hætti störfum hjá stefnda, að því er hann minnir, í febrúar 1951, og að því er hann hermir, fyrir uppsögn stefnda, sem hafi þá sagt upp öllu sínu starfsfólki og lagt niður starfsemina um tíma. Þegar starfsemin hófst á ný, var stefnanda eigi boðin vinna aftur, þótt verkstjóri stefnda hafi að sögn stefnanda verið búinn að lofa honum því. Stefnandi, sem kveðst vera félagsmaður í Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði, telur, að hann hafi

átt rétt á fullu verkamannakaupi fyrstu þrjá mánuðina, sem hann vann hjá stefnda, enda séu samningar um lægri kauptaxta ógildir. Hefur hann því höfðað mál þetta til heimtu mismunarins á fullum daglaunum tímabilið 26. marz til 1. júlí 1950 og þeim launum, sem honum voru greidd.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið greitt að fullu kaup það, sem honum bar samkvæmt samningum aðilja. Heldur hann því og fram, að stefnandi hafi óskað að hætta námi sínu og þá og þess vegna hafi verið farið að greiða honum venjulegt kaup skv. taxta. Einnig hefur stefndi vefengt, að stefnandi sé í Verkamannafélaginu Hlíf eða hafi verið í því á því tímabili, sem hér ræðir um.

Starf það, er stefnandi taldi sig ráðinn til að nema hjá stefnda, er ekki viðurkennd iðngrein hér á landi, og var því eigi unnt að gera með aðiljum löglegan námssamning. Hins vegar þykir ljóst af málavöxtum, að stefnandi hafi treyst því, að hér væri um námsvist að ræða, og að það traust hans hafi verið forsenda þess, að hann réðst til starfans fyrir svo lágt tímakaup í upphafi sem raun var á. Gegn mótmælum hans hefur stefndi ekki sannað, að hann hafi að eigin ósk hætt við nám sitt, og eigi er vefengt, að hann hafi látið af störfum eingöngu vegna uppsagnar stefnda. Verður því að líta svo á, að áðurgreind forsenda fyrir samningi um kaup hafi brugðizt án tilverknaðar stefnanda, og þykir hann því eiga rétt á að krefja stefnda um viðbót á kaupi sínu, þannig að hann hljóti fullt kaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta allan tímann. Reikningur sá, er stefnandi hefur lagt fram í málinu, hefur ekki verið vefengdur, að því er varðar niðurstöðutölur, og verður hann því lagður til grundvallar og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.852,49, en vexti þykir eiga að telja frá stefnudegi. Þá er og rétt að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst kr. 500,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Glitsteinn h/f, greiði stefnanda, Kristjáni E. Kristinssyni, kr. 2.852,49 með 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1954.

Nr. 62/1952. **Steingrímur Nikulásson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Vilhelmínu Jónsdóttur (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Festaslit. Kaupkrafa ráðskonu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 23. apríl 1952 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. s. m. Hún krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 24.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í greinargerð í héraði reisti gagnáfrýjandi kröfu sína öðrum þræði á því, að hún ætti ógreitt ráðskonukaup úr hendi stefnda. Eftir það leitaði héraðsdómari sátta með aðiljum í málinu, og samkvæmt dómsforsendum héraðsdómara var krafa gagnáfrýjanda síðar í málflutningi m. a. studd greindum rökum, og verður eigi séð, að af hendi aðaláfrýjanda hafi því verið andmælt, að slík málsástæða væri uppi höfð. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Steingrímur Nikulásson, greiði gagn-

áfrýjanda, Vilhelmínu Jónsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 10. þ. m., hefur Vilhelmína Jónsdóttir, Vesturgötu 10, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1949, gegn Steingrími Nikulássyni, skála nr. 28 í Laugarnesi hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 24.000,00, eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans, með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að þau stefndi hafi heitið hvort öðru eiginorði hinn 1. maí 1942 og jafnframt hafið sambúð, er staðið hafi til 30. september 1948. Kveðst stefnandi á tímabili þessu oft hafa æskt þess, að þau létu gifta sig, en stefndi jafnan slegið því á frest, og hinn 30. september 1948 hafi hann slitið festum þeirra algerlega að tilefnislausu og ekki borið neinar sakir á hana. Hafi hún þá flutt burt með tvö börn, er þau hafi eignazt í sambúðinni, hið fyrra 22. febrúar 1943, en hið síðara 26. júlí 1947.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi í fyrsta lagi á ákvæðum 3. gr. laga nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar. Telur hún stefnda eiga alla sök á festarslitunum og honum því bera að bæta henni ráðspjöllin.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hún hafi að beiðni stefnda, eftir að festar voru stofnaðar, sagt upp góðu starfi, er hún hafi haft í veitingahúsi, og beri stefnda samkvæmt ákvæðum 3. gr. fyrrnefndra laga að bæta fjárhagstjón það, er hún hafi beðið af þeim sökum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að það hafi verið vilji beggja aðilja að slíta festum og hætta sambúðinni, enda hafi stefnandi lýst yfir því, að hún mundi aldrei ganga í hjónaband með stefnda. Hafi þau slitið festum í ágústmánuði 1948 og stefnandi flutzt af heimilinu í lok þess mánaðar.

Eins og að framan getur, kveðst stefnandi hafa flutzt af heimili þeirra aðilja 30. september 1948. Þann sama dag fóru aðiljarnir ásamt föður stefnanda til Bergs Jónssonar héraðsdómslögmanns til þess að ganga frá skiptingu eigna og meðlagsgreiðslu með börnunum, en hann vísaði þeim til sakadómara varðandi meðlagsgreiðslu. Gátu aðiljar þess á báðum þessum stöðum, að ákveðið væri, að þau slitu samvistum, og kveðst stefnandi ekki hafa látið í ljós, að hún væri samvistarslitunum mótfallin. Stefndi kvæntist í janúarmánuði 1949, og ól kona hans honum barn í júlímánuði s. á., en hann kveðst ekki hafa kynnzt konu sinni, fyrr en eftir að slitið var samvistum hans

og stefnanda. Þegar allt þetta er virt og þess gætt, að stefnandi fluttist burt af heimili þeirra aðilja, þykir ekki sýnt fram á, að stefndi hafi aðallega átt sök á festarslitunum, eins og tilskilið er í nefndum lagagreinum, og verða kröfur stefnanda því ekki á þeim reistar í máli þessu.

Í þriðja lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hún eigi rétt á kaupi úr hendi stefnda fyrir þann tíma, er hún hafi unnið á heimili hans.

Eins og fyrr segir, tóku aðiljar upp sambúð, strax er festar stofnuðust, og virðist sambúðin hafa staðið óslitið til 30. september 1948. Kveðst stefnandi á þessu tímabili hafa starfað og dvalizt á sameiginlegu heimili þeirra nema stundum nokkra daga í einu, sem hún hafi dvalizt á heimili foreldra sinna, meðan stefndi, sem er sjómaður, var í siglingum. Á heimilinu virðast ekki hafa verið aðrir en aðiljar auk barnanna. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda fyrir vinnu hennar á heimilinu þetta tímabil kr. 15.400,00, enda er þá haft í huga, að stefndi virðist hafa lagt til fæði, klæði og húsnæði. Þegar stefnandi fluttist af heimilinu, fékk hún húsgögn hjá stefnda, sem aðiljar hafa metið á kr. 5.500,00. Ber að draga þá fjárhæð frá launakröfu stefnanda.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 9.900,00 með vöxtum svo sem krafizt er svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.250,00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Steingrímur Nikulásson, greiði stefnanda, Vilhelmínu Jónsdóttur, kr. 9.900,00 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 1.250,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. nóvember 1954.

Nr. 155/1952. **Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum** (Gunnar Möller)
gegn
Bæjarsjóði Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. okt. 1952, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur, að því er varðar lögtak fyrir kr. 202.600,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar og málskostnað í héraði, svo og, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, er talin stofnuð 1948. Samkvæmt samþykktum félagsins geta orðið félagsmenn allir útgerðarmenn og eigendur fiskiskipa í Vestmannaeyjum, sem hafa yfir fiski að ráða, er félagið tekur til sölu eða vinnslu. Markmið félagsins er að vinna að aukinni vinnslu fisks svo og sölu fisks og fiskafurða, og skuldbinda félagar sig til þess að afhenda félaginu alla fiskframleiðslu sína, sem lögð er í land í Vestmannaeyjum, að undanskilinni lifur. Skuldbinda stofnendur félagsins sig til að leggja fram sem stofntillag kr. 150,00 fyrir hverja óskíra smálest af bátaeign sinni við stofnun félagsins. Ábyrgð sína vilja félagsmenn takmarka við inneignir sínar í sjóðum félagsins.

Er félagsmönnum hafa verið talin til tekna öll fiskinnlög með gangverði og allur rekstrarkostnaður greiddur, skal allur

hagnaður skiptast þannig, að 50% skal leggja í sameignarsjóð og 50% í séreignarsjóð félagsmanna, og er markmiðið að verja sjóðum til að kaupa hús og vélar handa félaginu. Útborgun úr sameignarsjóði til félagsmanna má framkvæma við andlát félagsmanns, brottflutning, brottrekstur eða gjaldþrot. Við félagsslit skal skír eign skiptast milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu.

Skipulag og starfsemi áfrýjanda, sú sem nú var lýst, er með þeim hætti, að telja verður hann félag samkvæmt útsvarslögum og starfsemi hans atvinnustarfsemi, sbr. 6. gr. laga nr. 66/1945, og getur áfrýjandi ekki talizt vera í hópi þeirra félaga, sem útsvarslög þiggja undan útsvarsgreiðslu. Með úrskurði 8. apríl 1953 lækkaði ríkisskattanefnd útsvar áfrýjanda 1952 niður í kr. 240.000,00. Standa því eftir ógreiddar kr. 202.600,00, og ber að staðfesta lögtakið fyrir þeirri fjárhæð.

Ákvæði fógetaúrskurðar um málskostnað staðfestist.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000,00.

Dómsorð:

Úrskurður fógeta á að vera óraskaður, að því er varðar lögtak fyrir kr. 202.600,00.

Ákvæði úrskurðarins um málskostnað staðfestist.

Áfrýjandi, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, greiði stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, kr. 7.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 8. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð 6. október sl., kom fyrir réttinn hinn 2. sept. sl. eftir kröfu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Krafðist gerðarbeiðandi, að lögtak færi fram hjá gerðarþola, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, til tryggingar og síðar lúkningar ógreiddu útsvari til bæjarsjóðs Vest-

mannaeyja árið 1952, að fjárhæð kr. 263.685,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerðina og eftirfarandi réttargerðir til fullnustu, ef til kæmi.

Umboðsmaður gerðarþola, Fr. G. Johnsen hdl., mætti í málinu og mótmælti framgangi gerðarinnar, þar sem hann taldi útsvarið ekki réttilega á lagt.

Bæjargjaldkeri, Hrólfur Ingólfsson, flutti málið fyrir bæjarsjóð og taldi útsvarið réttilega á lagt og vitnaði þar um til hæstaréttardóms í máli Bæjarsjóðs Reykjavíkur við h/f Tívoli og hélt fast við kröfu sína um lögtak.

Málavextir eru þeir, að við niðurjöfnun útsvara árið 1952 setti niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja sér þær reglur, að lagt yrði á hvers konar fiskiðju 1½% veltuútsvar. Í samræmi við þetta var gerðarþola gert að greiða í útsvar 1952 kr. 301.085,00, og hafði gerðarþoli til og með júlí 1952 greitt upp í útsvarið kr. 37.400,00. Eftir það neitaði gerðarþoli frekari greiðslum á útsvarinu, og beiddist gerðarbeiðandi þá lögtaks.

Hefur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð og undir rekstri málsins lagt áherzlu á þessi atriði til stuðnings því, að gerðinni yrði synjað um framgang:

1) að fyrirtæki gerðarþola sé samlagsfélag útgerðarmanna og því þannig upp byggt, að ekki eigi að leggja útsvar á það, vegna þess að ekki sé til þess ætlazt, að það hafi neinar tekjur, og styður það með því, að fyrirtækið greiði ekki tekju- né eignarskatt;

2) að veltuútsvarið sé ekki löglega á lagt, m. a. þar sem fiskframleiðendum hér í bænum sé mismunað í álagningu veltuútsvars og sumum sé ekki gert að greiða neitt veltuútsvar, þótt eins sé háttað rekstri þeirra, einnig, að veltuútsvar 1½% sé of hátt;

3) að útsvarsálagningin sé hrein eignaupptaka, sem brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar;

4) að umbjóðanda hans (gerðarþola) sé ekki skylt að greiða hærri fjárhæð í útsvar 1952 en þegar sé greidd eða kr. 37.400,00.

Sú röksemd gerðarþola, að fyrirtækið sé þannig upp byggt, að ekki eigi að bera útsvar, fær ekki staðizt. Þótt fyrirtækið greiði ekki tekju- og eignarskatt, verður ekki á það fallizt, að það skeri á nokkurn hátt úr um útsvarsskyldu, því að allt aðrar reglur gilda um niðurjöfnun útsvara skv. útsvarslögum en álagningu skatta samkv. skattalögum. Fyrirtækið er tvímælalaust útsvarsskylt í Vestmannaeyjum skv. 6. gr. laga nr. 66/1945, þótt um samlagsfélag sé að ræða, og þótt umboðsmaður gerðarþola telji fyrirtækið þannig, að ekki sé ætlazt til, að það hafi tekjur, er staðreyndin sú, að fyrirtækið hefur allvíðtækan rekstur og tekjur, eins og dskj. nr. 4 ber með sér.

Þá verður sú röksemd ekki tekin til greina, að fiskframleiðendum í Vestmannaeyjum hafi verið mismunað í útsvarsálagningu, þegar af þeirri ástæðu, að sú fullyrðing er gersamlega ósönnuð, enda mótmælt í málinu af bæjarstjóra. Sú mótbára, að veltuútsvarið, 1½%, sé

ekki löglega á lagt að öðru leyti, m. a., að það brjóti í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar, verður ekki heldur tekin til greina.

Hæstiréttur hefur nýlega kveðið upp dóm í máli út af álagningu veltuútsvars í málinu: Bæjarsjóður Reykjavíkur gegn Tívolí h/f, sem umboðsmaður gerðarbeiðanda vitnaði til við flutning máls þessa. Kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, sem og hlýtur að ráða í máli þessu, að í 3. tl. 4. gr. útsvarslaga, nr. 66/1945, megi finna heimild fyrir bæjar- og sveitarfélög til að leggja á veltuútsvör án tillits til taps eða gróða viðkomandi aðilja. Og með hliðsjón af því verður ekki heldur talið í máli þessu, að útsvarsálagningin sé byggð á röngum sjónarmiðum. Og ekki verður þá heldur talið, að útsvarsálagningin brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, úr því að álagningin á sér stoð í lögum, enda hefur 67. gr. stjórnarskrárinnar verið skýrð með þeim takmörkunum, að því er varðar skatta og útsvör.

Sú röksemd gerðarþola, að honum beri aðeins að greiða í útsvar 1952 það, sem hann hefur þegar greitt, eða kr. 37.400,00, er og haldlaus fyrir réttinum. Dómstólar eiga ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara, og verður því upphæð útsvarsins ekki lækkuð af réttinum.

Rétturinn verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að niðurjöfnunarnefnd hafi ákveðið útsvarið 1952 á gerðarþola innan réttra valdatakmarka, og þar sem ekki verður talið, að um fjarstæðukennda útsvarsálagningu hjá niðurjöfnunarnefnd sé að ræða og upphæð útsvarsins verður ekki lækkuð af dómstólum, ber að heimila framgang umbeðinnar lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður að öðru leyti en því, að gerðarþoli greiði réttargjöld og annan kostnað við úrskurðinn.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því, að gerðarþoli greiði réttargjöld og annan kostnað við úrskurðinn.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1954.

Nr. 108/1953. **Guðmundur Tryggvason** (Sigurður Ólason)
gegn
Landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs
(Hermann Jónasson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Deilt um endurkaupsrétt að þjóðjörð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1953. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að ákvæði afsalsbréfs fyrir jörðinni Kollafirði í Kjalarnesshreppi, út gefins af landbúnaðarráðherra til handa áfrýjanda hinn 7. september 1949, um, að „námar og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir" séu undanskilin sölu jarðarinnar, skuli metin ógild, og taki afsalsgerðin til allra gagna og gæða jarðarinnar óskorað;

varakrafa, að framangreind ákvæði skuli metin ógild, að því er jarðhitaréttindi varðar;

þrautavarakrafa, að fyrrgreind ákvæði taki ekki til þess jarðhita, sem fram kynni að koma við gröft eða borun á vegum jarðeiganda.

Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá kröfu þeirri, er hann hafði uppi í héraði, um bætur úr hendi stefnda, að fjárhæð allt að kr. 400.000,00, ef engin framangreindra krafna yrði tekin til greina, en hann hefur áskilið sér rétt til að hafa bótakröfu á hendur ríkissjóði uppi í sérstöku máli, ef ástæða verður til.

Svo sem nánar er greint í héraðsdómi, seldi tengdafaðir

áfrýjanda Jarðakaupasjóði ríkisins eignarjörð sína, Kollafjörð í Kjalarnesshreppi, með afsali, dags. 26. apríl 1940. Fóru kaup þessi af sjóðsins hálfu fram samkvæmt heimild í lögum nr. 92/1936, um jarðakaup ríkisins. Í greindu afsali áskildi seljandi sér „endurkaupsrétt samkvæmt 27. gr. laga nr. 8/1936". Reisir áfrýjandi kröfur sínar á þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Samkvæmt 1. gr. framangreindra laga, nr. 92/1936, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jarðir handa ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í þeim lögum. Samkvæmt 2. gr. laganna var stofnaður sérstakur sjóður, er nefnist Jarðakaupasjóður ríkisins, til þess að standa straum af kaupum þessum. Skilyrði fyrir kaupum jarða og fyrirmæli um þau eru síðan rakin í 4.—6. gr. laganna. Hvorki er í þeim greinum né annars staðar í nefndum lögum landbúnaðarráðherra heimilað að veita seljanda endurkaupsrétt á jörðum þeim, sem keyptar eru fyrir fé sjóðsins samkvæmt lögum þessum. Verður því að skýra þau svo, að um fullnaðarkaup skuli vera að ræða, enda er sá skilningur eðlilegastur.

Með 27. gr. laga nr. 8/1936 var landbúnaðarráðherra veitt heimild til að selja þjóð- og kirkjujarðir, sem byggja má eftir þeim lögum, ef þær jafnframt eru gerðar að ættaróðali, þegar sala fer fram. Jafnvel þótt seljandi Kollafjarðar eða réttartaki hans kynni að hafa getað neytt heimildar þeirrar, sem ráðherra veitti honum við sölu Kollafjarðar, til endurkaupa á þeirri jörð með öllum gögnum og gæðum, ef viðkomandi hefði snúið sér til ráðherra og gert kröfu um það, meðan ákvæði 27. gr. voru óbreytt í gildi, þá hlaut sá réttur að falla niður, þegar ákvæðum 27. gr. var breytt, enda brast ráðherra alla heimild til að veita rétt til endurkaupa á opinberri eign einhvern tíma í framtíð og binda þannig löggjafarvaldið um ráðstöfun með lögum á slíkri eign.

Þegar áfrýjandi þessa máls keypti Kollafjörð aftur af Jarðakaupasjóði ríkisins hinn 7. september 1949, giltu ákvæði laga nr. 4/1946 um sölu þjóðjarða, en til þeirra ber að telja jarðeignir Jarðakaupasjóðs, svo sem segir í héraðsdómi. Samkvæmt þeim lögum skyldu námuréttindi undanskilin, er þjóðjarðir væru seldar, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Landbúnaðarráðherra var því ekki einungis

heimilt, heldur og skylt að undanskilja réttindi þessi við sölu jarðarinnar til áfrýjanda, svo sem gert var.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða engar af kröfum áfrýjanda teknar til greina, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Málssóknarlaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda hér fyrir dómi, sem ákveðast kr. 5.000,00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti þykir rétt, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000,00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti ber hvor aðilja kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Guðmundur Tryggvason, bóndi í Kollafirði, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 22. jan. sl., höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. des. f. á., gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 26. apríl 1940, seldi tengdafaðir stefnanda, Kolbeinn heitinn Högnason, eignar- og ábýlisjörð sína, Kollafjörð á Kjalarnesi, Jarðakaupasjóði ríkisins og tók síðan eftir áskilnaði í afsalinu jörðina á erfðaleigu og gerði hana að erfðaleigu- og ættarjörð samkvæmt ákvæðum laga nr. 8 frá 1936. Söluverð jarðarinnar var fasteignamatsverð hennar, og í afsalsbréfinu áskildi seljandi sér endurkaupsrétt samkvæmt ákvæðum 27. gr. nefndra laga.

Stefnandi telur, að fyrir löngu hafi verið ákveðið að neyta endurkaupsréttarins, enda þótt það hafi dregizt á langinn af ýmsum ástæðum. Seint á árinu 1949 hafi þó verið gerð gangskör að málinu, og hafi þáverandi ráðherra samþykkt söluna og falið fulltrúa sínum að ganga frá henni. Í afsali því, er fulltrúinn hafði útbúið, var svo ákveðið, að námur og námuréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir væru undanskilin sölunni. Kveður stefnandi umboðsmann sinn þegar hafa mótmælt ákvæðum þessum og talið, að hvorki væri heimilt né skylt að undanskilja umrædd réttindi sölu jarðarinnar. Það hafi síðan orðið að samkomulagi milli umboðsmannsins og viðkomandi ráðherra til

þess að tefja ekki afgreiðslu málsins um ófyrirsjáanlegan tíma að skjóta atriðinu á frest til frekari athugunar, en ganga frá afsalinu eins og það hafði verið úr garði gert. Er afsalið dagsett 7. sept. 1949 og undirritað af hálfu stefnanda með fyrirvara, að því er hitaréttindi varðar. Þar eð engin endanleg lausn ágreiningsins hafi fengizt, kveðst stefnandi hafa höfðað mál þetta.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að ákvæði afsalsbréfsins frá 7. sept. 1949 um, að „námar og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir eru undanskilin sölu jarðarinnar", skuli ógild vera, og taki afsalsgerðin til allra gagna og gæða jarðarinnar óskorað.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess *til vara*, að ákvæðið yrði metið ógilt, að því er jarðhitaréttindi varðar, og til *þrautavara*, að fyrrgreind ákvæði afsalsbréfsins tæki ekki til þess jarðhita, sem fram kynni að koma við gröft eða borun á kostnað jarðeiganda.

Verði framangreindum kröfum hrundið, hefur stefnandi krafizt skaðabóta úr Jarðakaupasjóði, að fjárhæð kr. 400.000,00, eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans, og hefur stefnandi jafnframt áskilið sér rétt til að hækka þessa kröfu í sérstöku máli síðar.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Framangreindar kröfur sínar reisir stefnandi á því, að þegar Jarðakaupasjóður ríkisins hafi keypt jörðina, hafi ekkert af gögnum hennar eða gæðum verið undanskilið kaupunum, hvorki jarðhitaréttindi né annað. Þegar Kolbeinn heitinn hafi áskilið sér endurkaupsrétt, hafi heldur ekkert verið undanskilið honum, enda hafi Kolbeinn gengið út frá, að nytjar þær, sem nú er krafizt, fylgdu jörðinni og yrðu ekki undan henni teknar, og lög þau, er giltu, þegar salan til Jarðakaupasjóðs fór fram, hafi ekki heldur gert ráð fyrir slíku. Telur stefnandi, að hefði það verið í lögum, er sú sala fór fram, að undanskilja skyldi námu-, vatns- og jarðhitaréttindi, þegar þjóð- og kirkjujarðir væru seldar, þá mundi Kolbeinn heitinn hafa berum orðum gert áskilnað af því tilefni. Hann hafi selt jörðina í þeirri trú, að hann og ættmenn hans gætu notið jarðarinnar og eignazt hana aftur sem erfðaleigu- eða óðalsjörð með öllum þeim gögnum og gæðum, réttindum og framtíðarmöguleikum, sem henni fylgdu á hverjum tíma, og hafi endurkaupsréttur jarðarinnar með þessu efni (indhold) verið bein ákvörðunarástæða Kolbeins heitins fyrir sölunni. Að vísu hafi í 47. gr. laga nr. 116 frá 1943 verið ákveðið, að þegar þjóð- og kirkjujarðir væru seldar, skyldu námuréttindi undanskilin sölu, og síðar hafi með lögum nr. 4 frá 1946 verið ákveðið, að sama skyldi gilda um vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. En stefnandi heldur því fram, að þessi

ákvæði geti ekki átt við um jarðir, er ríkið hafi eignazt, áður en þau tóku gildi. Telur hann, að löggjafinn geti ekki einhliða eða bótalaust gert að engu löglegan áskilnað fyrri eigenda eða kvaðir, sem ríkið hafi undirgengizt, er það tók við jörðunum.

Þá dregur stefnandi í efa, að það hafi fulla stoð í lögum, að undanskilja skuli námu-, vatns- og jarðhitaréttindi við sölu jarða Jarðakaupasjóðs. Í lögunum frá 1943 og 1946 sé aðeins talað um undantöku nefndra réttinda við sölu þjóð- og kirkjujarða, en hins vegar ekki minnzt á jarðir annarra opinberra stofnana eða sjóða, sem jarðakaupasjóðsjarðir falli væntanlega undir.

Loks bendir stefnandi á, að söluverð jarðarinnar með öllum gögnum og gæðum til Jarðakaupasjóðs hafi verið fasteignamatsverð, svo sem áður er sagt, og hafi jarðhiti í fasteignamatinu verið talinn til verðmæta jarðarinnar, sbr. jarðamatsbók frá 1942. Söluverð Jarðakaupasjóðs til stefnanda hafi einnig verið fullt fasteignamatsverð án nokkurs frádráttar vegna undantöku oft nefndra réttinda.

Stefndi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að Kolbeinn heitinn Högnason hafi ekki öðlazt innlausnarrétt að jörðinni með endurkaupsréttarákvæði afsalsbréfsins frá 26. apríl 1940. En jafnvel þótt svo hefði verið, þá hafi innlausnarrétturinn verið bundinn við Kolbein heitinn persónulega og því fallið niður við dauða hans, þar sem slík réttindi erfist ekki.

Þá heldur stefndi því fram, að jarðir Jarðakaupasjóðs verði að skoðast þjóð- eða ríkisjarðir. Ábúendur slíkra jarða hafi fyrst með ákvæðum 47. gr. laga nr. 116 frá 1943 öðlazt rétt til að fá jarðirnar keyptar (innlausnarrétt), þó með þeirri takmörkun samkvæmt niðurlagi greinarinnar, að námuréttindi skyldu undanskilin sölu. Þessi réttindi ábúenda til kaupa á þjóð- og kirkjujörðum hafi haldizt óbreytt samkvæmt lögum nr. 4 frá 1946, þó með þeirri frekari takmörkun, að nú skyldi einnig undanskilja sölu vatns- og jarðhitaréttinda umfram heimilisþarfir. Hvor tveggja þessi lagaákvæði hafi verið í gildi, er sala Jarðakaupasjóðs til stefnanda fór fram, og hafi stefnda því verið annað allsendis óheimilt en undanskilja umrædd réttindi við söluna, eins og gert hafi verið í afsalsbréfinu frá 7. sept. 1940. Komi því ekki til mála að ógilda neitt af undantökuákvæðum bréfsins.

Loks bendir stefndi á það, að við undirskrift afsalsbréfsins hafi stefnandi aðeins gert fyrirvara varðandi hitaréttindi.

Í lögum nr. 92 frá 1936, um jarðakaup ríkisins, segir í 1. gr., að ríkisstjórninni sé heimilt að kaupa jarðir handa ríkissjóði, eftir því sem fyrir sé mælt í lögunum. Þá segir í 2. gr., að stofna skuli sérstakan sjóð, er nefnist Jarðakaupasjóður ríkisins, og verði tekjur hans afgjöld af núverandi þjóð- og kirkjujörðum svo og afgjöld þeirra jarða, er keyptar verði eftir lögunum. Enn segir í 3. gr., að tekjum Jarðakaupasjóðs skuli verja til kaupa á jörðum.

Af ákvæðum þessum er ljóst, að jarðir Jarðakaupasjóðs falla undir þjóð- eða ríkisjarðir. Og að athuguðum ákvæðum 47. gr. laga nr. 116 frá 1943 og 1. gr. laga nr. 4 frá 1946 verður að fallast á það hjá stefnda, að honum hafi samkvæmt þessum lagaákvæðum verið skylt við sölu jarðarinnar Kollafjarðar til stefnanda að undanskilja námuréttindi hennar svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir, svo sem gert var í afsalsbréfinu frá 7. sept. 1949. Skiptir þá ekki máli að skera úr því, hvað falizt hafi í endurkaupsrétti Kolbeins heitins Högnasonar eftir afsalsbréfinu frá 26. apríl 1940.

Samkvæmt þessu verða því aðal-, vara- og þrautavarakrafa stefnanda ekki teknar til greina.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, þá hefur stefndi krafizt sýknu af henni vegna aðildarskorts. Þá hefur stefndi mótmælt kröfunni sem algerlega órökstuddri og allt of hárri.

Þar sem fjármálaráðherra hefur ekki verið stefnt, en úrlausn skaðabótakröfunnar kynni að geta bakað ríkissjóði fjárhagslegar byrðar, þykir þegar af þeirri ástæðu rétt að taka kröfu stefnda um sýknu af henni vegna aðildarskorts til greina, auk þess sem skaðabótakrafan er vanreifuð.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Tryggvasonar, í máli þessu.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1954.

Nr. 55/1953. **Fiskimjöl h/f** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Júpíter h/f
(Páll Tryggvason, formaður félagsstjórnar).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 3.257,52, en að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi auglýst eða gert stefnda kunnugt á annan hátt, áður en skipti aðilja gerðust, að hann keypti vörur þær, sem í málinu greinir, lægra verði en almennt gerðist hjá öðrum fiskimjölsverksmiðjum á sama tíma. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskimjöl h/f, greiði stefnda, Júpíter h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. des. 1952.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. þ. m., hefur h/f Júpíter hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. des. 1951, gegn Fiskimjöli h/f, Ísafirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 9.893,75,

auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu á kr. 3.258,02.

Málavextir eru þeir, að dagana 9. og 10. júní 1950 lagði b/v Neptúnus, eign stefnanda, upp fisk hjá stefnda. Magnið var 30.355 kg af ufsa og karfa og 9.220 kg af þorskhausum eða samtals 39.575 kg, er stefnandi verðlagði á kr. 250,00 hvert tonn, alls kr. 9.893,75. Með bréfi, dags. 29. des. 1950, krafði stefnandi stefnda um greiðslu og ítrekaði þær kröfur sínar í bréfum, dagsettum 1. október og 23. nóvember 1951, og verður eigi séð, að stefndi hafi svarað þessum bréfum. Eftir höfðun máls þessa hefur af hálfu stefnda verið skýrt svo frá, að hann hafi keypt fiskimagn þetta allmiklu lægra verði eða kr. 115,00 hvert tonn af hausum og kr. 85,00 hvert tonn af ufsa og karfa eða samtals kr. 3.640,47. Þar frá beri að draga kostnað af flutningi fisksins frá skipshlið, kr. 382,95, og kemur á þann hátt út krafa stefnda (svo).

Stefndi þykir á engan hátt hafa sannað, að stefnandi hafi fallizt á að selja fiskinn við öðru verði en markaðsverði á þeim tíma, en stefnandi þykir hafa borið fram næg gögn um, að það hafi eigi verið undir 250 krónum fyrir hvert tonn. Þá hefur stefndi, eins og fyrr var sagt, eigi hreyft neinum andmælum við kröfubréfum stefnanda fyrr en í máli þessu. Þykir því rétt að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti, og ákveðst málskostnaður kr. 1.200,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskimjöl h/f, greiði stefnanda, h/f Júpíter, kr. 9.893,75 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags og kr. 1.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1954.

Nr. 188/1953. **Stefán Aðalsteinsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Sigurði Kristófer Árnasyni
(Theodór B. Líndal)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1953. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 43.200,00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 10. janúar 1953 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. marz 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, að hvor aðili verði látinn bera sinn kostnað af málinu í héraði og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má fallast á úrlausn hans um skiptingu sakar svo og um aðrar kröfur aðaláfrýjanda en bætur fyrir þjáningar og fataspjöll. Þykja bæturnar fyrir þjáningar hæfilega ákveðnar kr. 3.000,00 og bæturnar fyrir fataspjöllin kr. 700,00. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Stefán Aðalsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Kristófer Árnasyni, kr. 1.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. október 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 10. jan. sl. af Stefáni Aðalsteinssyni verkamanni, Gilsbakkavegi 1, Akureyri, gegn Sigurði Kristófer Árnasyni stýrimanni, Grænugötu 8, Akureyri. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 43.200,00 í bætur með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómsins eða eftir framlögðum reikningi.

Stefndi hefur mótmælt öllum fjárkröfum stefnanda í máli þessu, en til vara hefur hann mótmælt kröfu stefnanda sem allt of hárri og krafizt skiptingar sakarinnar og málskostnaðar eftir mati dómsins. Kristjáni P. Guðmundssyni, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands, hefur verið stefnt f. h. félagsins í máli þessu til réttargæzlu.

Tilefni þessa máls er í höfuðdráttum sem hér greinir: Aðfaranótt hins 2. apríl 1952, á þriðja tímanum, fór stefndi í máli þessu akandi í bifreið sinni, A. 967, sem er fólksbifreið, heiman að frá sér í Grænugötu 8 og ók sem leið liggur inn í miðbæ um Geislagötu, Túngötu og þvert yfir nyrðri álmu Strandgötu og „Bíótorg" og inn á Ráðhústorg. Með stefnda var ein stúlka í bifreiðinni, og sat hún við hlið hans í framsæti. Þegar bifreiðin var rétt nýkomin af „Bíótorgi" og inn á Ráðhústorg, varð stefnandi þessa máls fyrir bifreiðinni, en hann hafði legið þar á akbrautinni og allar líkur fyrir, að hann hafi verið sofnaður þarna vegna ofurölvunar, og verður nánar að þessu vikið. Stefndi nam samstundis staðar og slysið varð, og var stefnanda fljótlega náð undan bifreiðinni, enda hvíldi ekkert hjólanna á honum. Rétt í sama mund og slysið skeði, kom faðir stefnanda, Aðalsteinn Stefánsson, þarna að og aðstoðaði stefnda. Stefndi fór því næst til lögreglunnar og tilkynnti slysið, og kom lögreglan með sjúkrabifreið á staðinn og flutti stefnanda í sjúkrahús Akureyrar, enda var vitað, að stefnandi hafði slasazt, og kveinkaði hann sér einkum í annarri öxlinni. Samkvæmt vottorði yfirlæknis sjúkrahússins voru meiðsli stefnanda í því fólgin, að liðhlaup var á hægri axlarlið og allútbreiddar afrifur á húð hægra megin á kvið og upp við brjóst, en engin stærri sár eða aðrir ytri áverkar. Sjúklingurinn var illa haldinn eftir axlarmeiðslin, svo að líklegt þótti, að verulegar skemmdir hefðu orðið á mjúkum pörtum, en við röntgenmyndun komu ekki í ljós nein brot.

Stefndi hefur þannig lýst atvikum að slysinu fyrir sakadómi Akureyrar, sem lagt hefur verið fram í þessu máli (svo): Hann ók út af „Bíótorgi" nálægt suðvesturhorninu, rétt við benzíndæluna, sem er vestast á torginu, og telur sig hafa verið á þriðja ganghraðastigi, en með um 15 km hraða. Um þetta leyti sá hann eitthvað á akbrautinni, sem síðar reyndist vera stefnandi þessa máls, og kvaðst hann þá alveg hafa verið kominn að því og hafi þá þegar stöðvað bifreiðina. Ekki varð hann þess áskynja, að hjólin færu

yfir manninn, og hélt frekar, að svo hefði ekki verið. Ekki gat stefndi gert sér glögga grein fyrir, hvernig maðurinn hafði legið, en hélt helzt, að hann hefði legið í kuðung. Stúlkan, sem með stefnda var, bar í sakadómi, að bifreiðin hefði verið á hægri ferð og að maðurinn, það er stefnandi, hljóti að hafa legið á götunni, því að ella hefði hún hlotið að veita honum athygli, en það hefði hún eigi gert, fyrr en slysið var skeð. Einnig sagði vitni þetta, að um leið og áreksturinn varð, hefði bifreiðin kippzt ofurlítið til, og um leið hefði ökumaðurinn hemlað, og hefði bifreiðin stöðvazt þegar. Hinn sjónarvotturinn, faðir stefnanda, sagði, að hraðinn hefði verið þéttingsmikill, en vildi þó ekki staðhæfa, að hann hefði verið yfir 15 km á klst. Hann kvaðst frekar halda, að maðurinn hefði legið hreyfingarlaus á götunni, og einnig hélt hann, að bifreiðin hefði farið yfir manninn, enda hefði hún hossazt töluvert, um leið og árekstur-inn varð. Ekki kvaðst vitni þetta hafa séð, að reynt væri að draga úr ferðinni eða að beygja fyrir manninn. Með skýrslu stefnanda fyrir sakadómi og vitnisburði lögreglunnar og vottorði sjúkrahúss-læknis, sem að framan getur, er upplýst, að stefnandi var mikið drukkinn greinda nótt, og sjálfur mundi hann ekkert eftir sér frá því þó nokkru fyrir slysið um nóttina, þar til verið var að setja hann í sjúkrabifreiðina eftir slysið. Upplýst var undir rekstri opinbera málsins, að ljós bifreiðar stefnda voru eigi vel björt, einkum á hægri ferð, og stefndi skýrði svo frá, að stormsveipir hafi verið, sem þyrlað hafi upp rykinu. Lýsing götunnar virðist hafa verið sæmileg.

Stefnandi hefur byggt kröfur sínar á því, að stefndi hafi sýnt mikla ógætni við aksturinn með því að aka á manninn (svo), sem ekki hefði hlaupið fyrir bifreiðina eða truflað umferðina, heldur hafi hann legið meðvitundarlaus á götunni. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að stefnandi ætti alla sök á slysinu með því að leggjast til svefns á miðri akbraut, þar sem mest sé umferð í bænum, um hánótt, og hefur þar um vísað til 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna. Einnig telur hann, að stefnandi hafi brotið í bág við 2. og 13. gr. umferðarlaganna með framferði sínu.

Samkvæmt því, er að framan er rakið, var stefndi á ferð að nóttu til og ljós bifreiðarinnar eigi svo góð sem skyldi og nokkurt moldrok, svo að honum bar að sýna sérstaka aðgæzlu, enda virðist svo sem hann hafi eigi séð manninn á götunni, fyrr en hann var alveg kominn að honum, eða jafnvel, að hann hafi eigi séð hann, fyrr en árekstur-inn var orðinn. Hann hefur því ekki sannað, að slysið hefði orðið, þrátt fyrir það að hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin verið í lagi, og er hann því skaðabótaskyldur í máli þessu, sbr. 34. gr. bifreiðalaga.

Með því háttalagi að liggja á akbrautinni, sem er fjölfarin gata, um hánótt, hefur stefnandi sýnt mjög mikla ógætni, og þykir hæfilegt, að hann beri sjálfur helming tjóns síns.

Er þá næst að athuga um upphæð skaðabótanna. Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Læknis- og sjúkrahússkostnaður	kr.	1.680,00
2. Læknisvottorð	—	120,00
3. Bætur fyrir fataskemmdir	—	1.400,00
4. Bætur fyrir algert vinnutap í 6 vikur	—	4.000,00
5. Örorkubætur	—	30.000,00
6. Þjáningabætur	—	6.000,00
	Kr.	43.200,00

Um 1. og 2. lið. Upphæðunum undir þessum liðum hefur ekki verið mótmælt, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 3. lið. Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem órökstuddum og ósönnuðum. Stefnandi telur hins vegar, að upphæð þessari sé mjög í hóf stillt. Það má telja upplýst í málinu, að bæði ytri föt stefnanda, sem voru dökk jakkaföt, teinótt, og nærföt hafi rifnað og óhreinkazt mikið og hafi því verið lítils virði á eftir. Þykja bætur fyrir lið þennan hæfilega metnar kr. 1.200,00.

Um 4. lið. Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem of háum með skírskotun til þess, að stefnandi hafi verið búinn að vera vinnulaus um hálfan mánuð, þegar slysið bar að, þótt alltaf væri þá unnið í bæjarvinnunni, og einnig sýndi vottorð skattstofunnar um tekjur hans árin 1951 og 1952, — en samkv. þeim voru tekjur hans, — fyrra árið kr. 27.844,00, en hið síðara kr. 25.146,00, það er kr. 2.698,00 lægri síðara árið, — að hann hefði fljótt orðið vinnufær aftur. Það er upplýst í málinu, sbr. vottorð spítalalæknisins á dskj. nr. 3, að stefnandi dvaldist í sjúkrahúsinu frá slysdegi, 2. apríl, til 19. sama mánaðar. Einnig má telja upplýst, að stefnandi hafi verið ófær til þeirra starfa, er hann kynni að hafa átt kost á, þar til hann tók upp afgreiðslustarfið á bifreiðastöðinni Stefni síðari hluta maímánaðar s. á.

Hins vegar er upplýst, að stefnandi var ekki fastráðinn starfsmaður fyrir slysið og hafði ekki stöðuga vinnu og að kaup stefnanda var um kr. 2.700,00 á mánuði miðað við fulla vinnu. Þykir hæfilegt að meta tjón hans undir lið þessum kr. 3.000,00.

Um 5. lið. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá tryggingalækni með mati á örorku stefnanda vegna slyss hans. Er örorkan þar talin 100% fyrstu 3 vikurnar, en síðan smáminnkandi, þar til henni er talið lokið 13 mánuðum og 3 vikum eftir slysið. Í aðiljaskýrslu sinni hinn 26. júní sl. segir stefnandi samt, að líkamsstyrkur sinn sé hvergi nærri slíkur sem hann var fyrir slysið. Þá er það upplýst, að stefnandi vann 2—3 ár síðast fyrir slysið við grjótsprengingar og gatnagerð hjá bæjarsjóði og hefur haldið því fram, að ætlun hans hafi verið að gerast verkstjóri í bæjarvinnunni, en þær fyrirætlanir hafi raskazt, a. m. k. í bili. Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir um slíka atvinnu hjá bænum. Þá er upplýst, að frá

því í ofanverðum maímánuði 1952 til þessa tíma hefur stefnandi haft fasta vinnu við afgreiðslustörf hér í bæ með 2.800,00 króna launum upphaflega, sem síðan hafa hækkað nokkuð vegna dýrtíðaruppbótar. Þegar á þessi atriði öll er litið, þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur á, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón, að því er þetta atriði snertir, og verður kröfuliður þessi því ekki tekinn til greina að neinu leyti.

Um 6. lið. Þjáningabætur þykja hæfilegar kr. 2.500,00.

Samkvæmt framangreindri skiptingu sakarinnar ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda helminginn af kr. 1.680,00 + 120,00 + 1.200,00 + 3.000,00 + 2.500,00 eða kr. 4.250,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 10. jan. sl., til greiðsludags og 800,00 krónur í málskostnað.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Kristófer Árnason, greiði stefnanda, Stefáni Aðalsteinssyni, kr. 4.250,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja ásamt 6% ársvöxtum frá 10. jan. 1953 til greiðsludags og kr. 800,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1954.

Nr. 98/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á bifreiða- og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til atvikalýsingar héraðsdóms þykir ákærði hafa gerzt sekur við þau ákvæði bifreiðalaga og umferðarlaga, sem þar greinir. Telst refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, greiði kr. 200,00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1844/1954: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni, sem dómtekið var 5. apríl sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 2. marz sl., gegn Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Rauðarárstíg 9 hér í bæ, fyrir brot á 9. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 frá 1930, með því að hafa hinn 17. ágúst 1953 ekið bifreiðinni R. 3675 of hratt og ógætilega eftir Sigtúni í Reykjavík og orðið með því meðvaldur að árekstri við bifreiðina R. 118, og enn fremur fyrir að hafa óvirkan hraðamæli.

Ákærist nefndur Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. október 1916 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svo hljóðandi:

1952 30/4 Rvík. Áminning fyrir vanrækslu á skoðun bifreiðar.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 17. ágúst 1953 kl. 20.35 var tilkynnt á lögreglustöðina hér í bæ, að árekstur hefði orðið þá rétt áður á móts við húsið nr. 33 við Sigtún. Reyndust tildrög árekstrarins hafa verið þau, að Oddgeir Einarsson, Sigtúni 33 hér í bæ, hafði verið að taka bifreið sína, R. 118, af stað frá nyrðri jaðri Sigtúns, er bifreiðina R. 3675 bar að á leið austur Sigtún. Leiddi þetta til þess, að bifreiðarnar rákust saman. Kom framhögghlíf bifreiðarinnar R. 118 hægra megin á aurhlífar bifreiðarinnar R. 3675 vinstra megin með þeim afleiðingum, að þær rifnuðu talsvert, og sömuleiðis skemmdist framhurð bifreiðarinnar vinstra megin. Skemmdir á bifreiðinni R. 118 urðu þær, að framhögghlíf skemmdist og framaurhlíf rispaðist lítillega. Skv. uppdrætti af slysstaðnum stendur bifreiðin R. 118 á ská í götunni á svæði utan akbrautar og veit í suðaustur. Framendi hennar hægra megin nær þó aðeins inn á svæði, sem markað er sem akbraut. Um 8 metrum fyrir framan bifreiðina R. 118 stendur bifreiðin R. 3675 bein fyrir í götunni vinstra megin úti við jaðar þess svæðis, sem markað er sem akbraut. Aftur af bifreiðinni í beina stefnu á götunni eru sýnd hjólför, sem eru um 7 metrar. Aftur af þeim taka við hemlaför, sem eru um 10 metrar. Er árekturinn varð, var veður bjart, en færi blautt. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malborið. Bifreiðin R. 118 er fólksflutningabifreið 6 manna af gerðinni Chevrolet, og bifreiðin R. 3675 er fólksflutningabifreið 6 manna af gerðinni Chrysler. Í skoðunarvottorði bifreiðaeftirlitsins, dagsettu 18. ágúst 1953, segir, að tveir bifreiðaeftirlitsmenn hafi skoðað bifreiðina R. 3675. Var hún reynd í akstri á Sigtúni. Er henni var ekið austur Sigtún á móts við húsin nr. 31 og 33 með 20 mílna, 32 km, hraða og stöðvuð, reyndist lengd hemlafara 13,5 metrar. Tekið var fram, að Sigtúnsvegurinn væri malarvegur með lausri möl. Hraðamælir bifreiðarinnar R. 3675 var óvirkur, en mæling hraðans var gerð með samanburði við eftirlitsbifreiðina R. 15, sem ekið var samtímis á sama hraða, en hún hefur mílumæli. Við nákvæma athugun á hemlum bifreiðarinnar R. 3675 sást, að á hægra afturhjóli verkaði hemillinn aðeins seinna en á hinum hjólunum, sem öll mörkuðu greinilega hemlaför.

Ákærður, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi í umrætt skipti komið akandi á bifreið sinni, R. 3675, með 20—25 km hraða austur Sigtún. Kveðst hann vera öruggur um, að hann hafi ekið með þessum hraða, enda þótt enginn hraðamælir hafi verið í sambandi í bifreið hans. Er hann fór með bifreiðina í skoðun, kvað hann bifreiðaeftirlitið enga athugasemd hafa gert við það. Er ákærður nálgaðist húsið nr. 33 við Sigtún, varð hann var við bifreiðina R. 118, er stóð þar utan akbrautar vinstra megin bein fyrir í götunni. Í dómi neitaði ákærður að svara því, hve bilið hefði verið langt á milli bifreiðar sinnar og bifreiðarinnar R. 118, er bifreiðinni R. 118 var ekið af stað, en

vísaði til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni. Þar hafði hann sagt, að um leið og hann sá bifreiðina R. 118, hefði henni verið ekið af stað og beygt skyndilega til hægri. Átti hann þá eftir 3—4 metra að henni. Ákærður kveðst hafa hemlað, strax og hann varð var við, að hætta stafaði af bifreiðinni R. 118. Ekki gaf ákærður hljóðmerki, enda kveður hann ekki hafa verið tíma til þess. Frekari spurningum neitaði ákærður að svara í dómi, en vísaði stöðugt til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni. Þar hafði hann sagt, að eftir að hann hemlaði, hefði bifreið sín dregið hjólin á lausamöl á götunni. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort bifreiðarstjóri R. 118 hefði stanzað eða ekki, er áreksturinn varð, en hann varð þannig, að högghlífarhornið og aurhlíf hægra megin að framan á bifreiðinni R. 118 lentu fyrst utan í vinstri aurhlíf að framan á bifreið hans, en við það, að bifreið ákærðs hefði runnið áfram, hefði framendi bifreiðarinnar R. 118 hægra megin dregizt aftur með hlið bifreiðarinnar R. 3675. Ákærður gerði hvorki athugasemd við uppdrátt né skoðunarvottorð. Er áreksturinn varð, var ákærður einn í bifreiðinni.

Oddgeir Einarsson, stjórnandi bifreiðarinnar R. 118, hefur skýrt svo frá atvikum, að fyrir framangreindan árekstur hefði bifreið sín staðið fyrir framan húsið nr. 33 við Sigtún norðan megin götunnar og snúið austur. Er Oddgeir fór út í bifreiðina og settist undir stýri hennar, varð hann ekki var við neina bifreið á ferð austur eða vestur götuna. Áður en hann ók af stað og beygði til hægri út í götuna, kveðst hann hafa gáð að umferðinni um götuna til beggja handa, en ekki orðið var við neina bifreið. Er Oddgeir hafði beygt út í götuna og var að aka út á venjulega akbraut, varð hann skyndilega var við bifreið á leið austur götuna á greiðri ferð, að minnsta kosti á 40 km hraða, að því er hann gizkar á. Átti þessi bifreið þá eftir 4—5 metra að bifreið hans. Oddgeir kveðst hafa snarhemlað, og hafi bifreið hans, R. 118, numið staðar, er bifreiðin R. 3675 rakst á hana hægra megin að framan með framanskráðum afleiðingum. Að árekstrinum afstöðnum var bifreiðinni R. 3675 ekið áfram góðan spöl. Oddgeir kvaðst telja, að bifreiðarstjóri R. 3675 hefði getað forðað árekstrinum, ef hann hefði ekið á eðlilegri ferð eða venjulegum innanbæjarhraða.

Vitnið Oddur Valentínusson, Sigtúni 31, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið við glugga heima hjá sér, er veit út að Sigtúni, og séð til ferða bifreiðarinnar R. 3675, rétt áður en áreksturinn varð. Virtist því bifreiðinni vera ekið nokkuð greitt. Kveðst það telja, að henni hafi verið ekið á meiri hraða en löglegt er hér innan bæjar eða á meira en 25 km hraða. Bifreiðin var svo horfin vitninu sjónum, er áreksturinn varð, en það heyrði inn til sín hávaðann af honum. Kveðst vitnið ekkert geta sagt um áreksturinn.

Vitnið Sigurður Kristófer Guðmundur Sigþórsson lögregluþjónn,

er kom á árekstrarstaðinn og gerði uppdrátt af honum, segir öll ummerki þar hafa bent til þess, að bifreiðinni R. 3675 hafi verið ekið á talsvert miklum hraða. Er það ætlun vitnisins, að hraði hennar hafi að minnsta kosti verið 40—50 km miðað við klukkustund.

Vitnið Hjörleifur Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður segir hjólbarða bifreiðarinnar R. 3675 hafa verið sléttslitna, og hafi hún vegna þess að áliti þess runnið svo langt í lausamölinni, er hún var reynd í akstri, eins og reyndin varð.

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærðs, að hann hafi ekið með 20—25 km hraða á klukkustund, er árekstur inn varð, og vegna þess, hve Oddgeir Einarsson hafi ekið skyndilega í veg fyrir sig, hafi hann ekki átt þess kost að forða árekstrinum, enda þótt hann gerði allar hugsanlegar ráðstafanir til þess. Af framburði Oddgeirs Einarssonar, ummerkjum á árekstrarstað og einnig þegar virtur er framburður ákærðs sjálfs, sem hefur neitað að svara í dómi veigamiklum spurningum varðandi árekstur inn, þykir nægilega sannað, að ákærður hafi ekki viðhaft nægilega aðgát í akstri, þar sem hann fylgdist ekki með ferðum bifreiðarinnar R. 118 og veitti henni ekki næga athygli fyrr en um seinan. Ekki gaf ákærður heldur bifreiðarstjóra hennar viðvörun, né heldur sveigði hann frá henni, en með því hefði hann átt að geta forðað árekstrinum. Þá er nægilega sannað með skoðunarvottorði og viðurkenningu ákærðs sjálfs, að hraðamælirinn í bifreið ákærðs var ekki í sambandi.

Hins vegar þykir ekki nægilega sannað gegn neitun ákærðs, að hann hafi ekið of hratt. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Með framangreindu atferli hefur ákærður gerzt brotlegur gegn 9. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Ákærðan ber hins vegar að sýkna fyrir brot á öðrum lagaákvæðum, er í ákæru greinir.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 100,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., kr. 400,00.

Máli Oddgeirs Einarssonar hefur verið lokið með dómssátt.

Dómsorð:

Ákærður, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, greiði 100,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., kr. 400,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 21/1954.

Aron Guðbrandsson

gegn

Jóni Erlendssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur í héraðsstefnu haft uppi þá dómkröfu, að varnaraðilja verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu hliðs þess, er í málinu greinir. Samkvæmt málflutningi sóknaraðilja þykir eiga að skýra þessa kröfu hans þannig, að hann vilji fá dómsorð um það, að varnaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til nefnds lykils. Sóknaraðili á rétt á að fá efnisúrlausn dómstóla um slíka kröfu. Frávísunardómur héraðsdómara verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200,00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Jón Erlendsson, greiði sóknaraðilja, Aroni Guðbrandssyni, kærumálskostnað, kr. 200,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 23. október 1954.

Ár 1954, laugardaginn 23. okt., var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn úrskurður í bæjarþingsmálinu: Aron Guðbrandsson gegn Jóni Erlendssyni.

Með stefnu í máli þessu, útg. 9. júní sl., hefur stefnandi, Aron Guðbrandsson, gert þá fyrri kröfu, að stefndum, Jóni Erlendssyni, bónda að Mógilsá, Kjalarnesi, verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda yfir veg hans við þjóðveginn.

Af hálfu stefnds er krafizt, að þessari efniskröfu verði ex officio eða eftir kröfu hans vísað frá dómi.

Að loknum málflutningi um þetta atriði 12. okt. sl. var það sérstaklega lagt undir dóm eða úrskurð réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá, að frá því á árinu 1942 hafi hann samþykkt, að ábúandi jarðarinnar Mógilsár hefði lykil að lás á hliði á girðingu yfir einkaveg hans rétt við þjóðveginn í landi Mógilsár. Síðan hafi stefndur, Jón Erlendsson, með framferði sínu margbrotið af sér allan rétt til þess að hafa umferðarrétt um hlið þetta, og auk þess hafi þegar verið dæmt, að hann eigi ekki umferðarrétt þarna.

Þá heldur stefnandi fram, að ákveðið hafi verið með hæstaréttardómi 10. apríl 1954, að afnot ábúanda, Jóns Erlendssonar, af umræddum vegi skuli aðeins vera þau að fara þvert yfir veginn aðeins á tveimur sérstaklega tilgreindum stöðum, og þar sem stefndur hafi ekki heimild til annarra nota af veginum, hafi hann ekki lengur neitt að gera við lykil að hliðinu.

Stefndur rökstyður frávísunarkröfu sína með tvennu móti. Í fyrsta lagi eigi stefndur, Jón Erlendsson, hluta jarðarinnar móti systrum sínum og sitji á þeirra hluta í leiguábúð. Þótt dæmdur yrði réttur af honum persónulega til að hafa lykil að læsingu hliðsins, yrði sá réttur eigi dæmdur af meðeigendum hans í máli þessu, þar sem þeim er eigi stefnt. Hefði stefndur því áfram rétt til að hafa lykil að læsingunni sem ábúandi að jarðarhlutum systra sinna. Beri því að vísa þessari kröfu stefnanda frá dómi að kröfu stefnds eða ex officio.

Á þessa röksemdafærslu verður ekki fallizt, með því að stefndur, Jón Erlendsson, hefur sem ábúandi jarðarinnar fengið umræddan lykil afhentan til afnota, eins og tekið er fram berum orðum í fyrrgreindum dómi frá 24. júní 1950. Er því formlega rétt að stefna honum einum inn í málið, eins og stefnandi hefur gert.

Þá hefur stefndur í öðru lagi bent á það, að með dómi bæjar-

þings Hafnarfjarðar, upp kveðnum 24. júní 1950, milli sömu aðilja, er stefnanda heimilað að læsa með lás umræddu hliði gegn því, að stefndur, Jón Erlendsson, fái afhentan til afnota lykil að lás þessum. Sá dómur var síðan staðfestur í Hæstarétti með dómi, upp kveðnum 26. jan. 1954. Af þessu sé augljóst, að vísa beri þessari kröfu stefnanda frá ex officio.

Eins og þegar er fram tekið, hefur stefnandi haldið fram, að stefndur, Jón Erlendsson, sé búinn að fyrirgera þeim rétti, er hann hafi öðlazt með tilvitnuðum dómum, og jafnframt heldur stefnandi fram, að eftir að dómur Hæstaréttar frá 10. apríl 1954 kom, séu í máli þessu svo breytt viðhorf, að stefndur, Jón Erlendsson, hafi einungis heimild til að fara þvert yfir veginn á tveimur sérstaklega tilgreindum stöðum og hafi því ekkert að gera við lykil að hliðinu.

Á þessa röksemdafærslu stefnanda verður þó ekki fallizt, og með því að þegar hefur verið dæmt í undirréttardómi frá 24. júní 1950 og staðfest með hæstaréttardómi 29. janúar 1954 um þetta málsatriði, eins og það í stefnukröfu er lagt fyrir dóminn, þá ber samkv. 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa stefnulið þessum frá dómi ex officio.

Því úrskurðast:

Fyrri liður stefnukröfu stefnanda, Arons Guðbrandssonar, um að svipta stefndan, Jón Erlendsson, heimild til að hafa lykil að læsingu á nefndu hliði, vísast frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Nr. 89/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Jóhanni Pétri Runólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af broti á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Þau tvö vitni, sem getur í héraðsdómi, hafa staðfest fyrir dómi, að þau hafi keypt eina áfengisflösku af stjórnanda bifreiðar, er hafi borið einkennismerkið R. 3101. Ákærði var eigandi og ökumaður bifreiðar þeirrar, sem ber þetta merki,

á þeim tíma, er hér skiptir máli. Hann hefur ætíð synjað þess að hafa selt framangreindum vitnum áfengi.

Hið eina atriði, sem ber böndin að ákærða um áfengissölu þessa, er nefnd tilgreining vitnanna á einkennismerki bifreiðar hans, þar sem téð vitni hafa lýst því, að þau geti ekki þekkt ökumann bifreiðarinnar aftur, og á annan hátt hefur ekki verið tryggð sönnun þess, að ákærði hafi verið bifreiðarstjóri sá, er vitnin áttu skiptin við. Að svo vöxnu máli þykir, gegn eindreginni neitun ákærða, viðurhlutamikið að telja fram komnar nægar sönnur fyrir sekt hans. Verður því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, er ákveðast kr. 700,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Réttarfarssekt Þorvalds Þórarinssonar hdl. fyrir ósæmileg ummæli í málsvarnarskjali, sem að nokkru eru greind í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin 500,00 krónur, sem renni í ríkissjóð og afplánist með varðhaldi 4 daga, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Pétur Runólfsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 700,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 3. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af fulltrúa sakadómara, Stefáni Guðjohnsen, upp kveðinn dómur í málinu nr. 139—140/1954: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Pétri Runólfssyni. En mál þetta var þingfest og dómtekið 20. janúar sl.

Málið er höfðað gegn Jóhanni Pétri Runólfssyni bifreiðarstjóra, Suðurlandsbraut 89, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 28. des. 1953, og ákærði þar ákærður „fyrir að hafa um klukkan 22.00 fimmtudaginn 19. nóv. sl. selt eina flösku af ákavíti fyrir kr. 120,00 við Suðurgötu (sic) 20 í Reykjavík, en brot þetta telst varða við 15. gr., sbr. 1. mgr. 35. gr. áfengislaga, nr. 33/1935.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er fæddur 13. janúar 1931 að Innra-Klifi í Breiðdal og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1951 23/11 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
1953 14/9 — Áminning fyrir brot á 15. gr. lsþ.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 22.00 fimmtudaginn 19. nóv. 1953 tóku lögreglumennirnir Ingi Jónsson og Ívar Hannesson á leigu bifreiðina R. 3101, en bifreiðin stóð þá við bifreiðasíma Hreyfils á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar. Lögreglumennirnir voru óeinkennisklæddir. Er þeir voru setztir inn í bifreiðina, bað Ingi Jónsson bifreiðarstjórann að selja þeim félögum eina flösku af víni, og kvaðst hann skyldu gera það. Bað Ingi hann að aka að húsinu nr. 20 við Túngötu. Er bifreiðarstjórinn hafði stöðvað bílinn þar, tók hann eina heilflösku af ákavíti og seldi Inga Jónssyni hana fyrir kr. 120,00, og var Ívar Hannesson ásjáandi, er salan fór fram. Fyrir aksturinn greiddi Ingi kr. 15,00. Loks slepptu þeir bifreiðinni þarna í Túngötunni; var þá klukkan 22.10. Lögreglumennirnir rituðu sinn í hvoru lagi hjá sér, strax og þeir slepptu bifreiðinni, númer hennar svo og önnur atriði, er máli skiptu við þessa sölu, og merktu flöskuna, er þeir höfðu keypt af bifreiðarstjóranum á R. 3101.

Föstudaginn 20. nóvember gáfu þeir svo skýrslu hjá Erlingi Pálssyni yfirlögreglumanni um áfengissölu þessa.

Lögreglumenn þessir voru sendir út af örkinni til að kaupa vín af leigubílstjórum í því skyni að kæra þá síðan fyrir áfengissölu.

Fyrir dómi hafa vitnin Ívar Pétur Hannesson og Ingi Jónsson, lögregluþjónar, haldið fast við frumskýrslur sínar í málinu. Ekki treystu þeir sér til að þekkja aftur bifreiðarstjórann á R. 3101 né til að geta lýst útliti hans. Ekki gátu lögreglumennirnir heldur lýst bifreiðinni R. 3101, en annar þeirra kvaðst hafa séð hana standa á Fríkirkjuveginum fyrir framan skrifstofu dómsins, er

hann kom til yfirheyrslu, og segir, að það sé áreiðanlega sama bifreiðin sem um ræðir í skýrslu þeirra.

Vitnin segjast bæði vera fullviss um, að númer bifreiðarinnar sé rétt tilgreint í skýrslu þeirra, R. 3101, enda hafi þeir, strax er þeir slepptu bifreiðinni, skrifað hvor í sínu lagi hjá sér númerið R. 3101 og einnig merkt flöskuna sama númeri.

Lögreglumennirnir Ingi og Ívar staðfestu fyrir dómi, báðir, framburði sína með eiði.

Eigandi bifreiðarinnar R. 3101 reyndist vera ákærði í máli þessu, Jóhann Pétur Runólfsson.

Hann skýrir svo frá fyrir dómi, að hann aki bifreið sinni, R. 3101, frá bifreiðastöðinni Hreyfli hér í bæ, kveðst gera það að staðaldri, og ekki komi aðrir til greina en hann. Ákærði kveðst hafa keypt bifreið þessa 1. nóvember sl. og stundum aka henni leiguakstri fram á kvöld, sé mikið að gera.

Ákærði, sem mætti fyrir dómi 4. desember sl., telur það því rétt vera, að hann hafi verið við akstur bifreiðarinnar R. 3101 fimmtudagskvöldið 19. nóvember sl., en harðneitar því að hafa það kvöld né endranær selt áfengi. Hann kveðst ekki muna eftir atvikum þeim, er í skýrslu lögreglumanna segir, né eftir að hafa selt þar greindum lögreglumönnum flösku af ákavíti og telur ýtarlega aðspurður útilokað, að rétt sé skýrt frá atvikum í áðurgreindum skýrslum þeirra lögreglumanna.

Samprófun vitnanna og ákærða bar engan árangur.

Framburður vitnanna um skrásetningarmerki R. 3101 er ekki studdur öðrum gögnum en þeim, að rétt er, að bifreiðinni er ekið frá Hreyfli, en vitnin höfðu tekið bifreiðina á leigu við bílasíma Hreyfils við Lönguhlíð, en lítill styrkur í því, að annað vitnanna fullyrðir, eftir að hafa séð R. 3101 aftur, að það sé sú hin sama bifreið sem um ræðir í þeirra skýrslum, lögregluþjónanna. Hefði þó virzt hægurinn hjá, að vitnin hefðu sett á sig gerð og a. m. k. lit bifreiðarinnar. Þótt framburður vitnanna um skrásetningarmerki R. 3101 sé ekki studdur gögnum sem skyldi, telst þó með hinum eiðfestu framburðum vitnanna þrátt fyrir neitun ákærða nægilega sannað, að bifreiðarstjórinn á R. 3101 hafi selt vitnunum ¼ flösku af ákavíti í umrætt skipti.

Niðurstöðu þessari til stuðnings má benda á, að vitnin skrá sitt í hvoru lagi hjá sér í vasabók númer bílsins svo og á flöskuna, strax og þau slepptu bílnum, og hafa sýnt í dóminum vasabókarblað þessu til stuðnings.

Vitni þessi eru lögreglumenn. Vitnin taka bílinn við bílasíma Hreyfils, en upplýst er, að bílnum er ekið frá Hreyfli, svo og, að alkunna er, að leigubílstjórar eru almennt grunaðir um að selja áfengi.

Nú er það upplýst með framburði ákærða sjálfs, að hann hafði stundað leiguakstur kvöld það, sem vitnin áttu að hafa keypt

áfengið af bílstjóranum á R. 3101, og jafnframt, að ekki aki aðrir bílnum en ákærði. Leiðir þetta til þess, að sannað verður talið, sbr. framanskráð, að ákærði hafi selt vitnunum margumrædda áfengisflösku. Með því hátterni hefur ákærði brotið gegn 15. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935. Samkvæmt 33. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 14/1948, þykir refsing ákærða með hliðsjón af síðastnefndum lögum hæfilega ákveðin 3.000 kr. í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 400,00.

Skipaður verjandi ákærða, Þorvaldur Þórarinsson hdl., hefur skilað málsvörn í máli þessu, lagðri fram sem dskj. nr. 6, 20. janúar 1954. Í vörn þessari hefur verjandi farið mjög út fyrir efni máls þessa og orðlengt mjög atriði, sem alls ekki varða þetta mál, og þykir því rétt að tildæma honum lægri málsvarnarlaun en ella eða eins og áður segir kr. 400,00.

Skipaður verjandi hefur og í vörn sinni í máli þessu viðhaft mjög svo ósæmileg ummæli um vitnin í máli þessu og fleiri. Á 4. bls. í 9. línu segir: „.... keypt tvö mannhrök ....“ o. s. frv. Á 3. bls. í 20. línu: „.... auðvelda hinum tveimur atvinnusvardagamönnum ....“ o. s. frv. Á 4. bls. í 15. línu: „.... að ekki sé minnzt á það þokkalega lokatakmark og yndislega fyrirheit að mega gegna þess háttar verki, á meðan starfsævin endist, undir handleiðslu hr. Erlings Pálssonar og hr. Sigurjóns Sigurðssonar ....“

Með tilliti til ofangreindra dæma svo og fjölmargra annarra ósæmilegra ummæla í vörn málsins, m. a. á 5. bls. um dómsmálaráðherra Íslands, lítur dómurinn svo á, að Þorvaldur Þórarinsson hdl. hafi með þessu unnið til réttarfarssektar samkv. 160. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og ákveðst sektin kr. 200 til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi 2 daga, verði hún eigi greidd innan tveggja vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Pétur Runólfsson, greiði 3.000,00 kr. í sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 400,00.

Þorvaldur Þórarinsson hdl. greiði kr. 200,00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 2 daga, verði hún eigi greidd innan tveggja vikna frá birtingu dómsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Nr. 142/1953. **Páll Merkúr Aðalsteinsson**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Steindóri Einarssyni (Theodór B. Líndal)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál út af bifreiðaárekstri.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 19.708,65 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 5. ágúst 1951 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann *aðallega* algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að dæmdar fébætur verði lækkaðar. Þá krefst hann þess, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað málsins í héraði, en aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Páll Merkúr Aðalsteinsson, Granaskjóli 2 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 4. marz f. á., gegn Steindóri Einarssyni, Sólvallagötu 68 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 19.708,65, með 6% ársvöxtum frá 5. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, R. 1488, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 5. ágúst 1951 ók stefnandi bifreið sinni, R. 5770, eftir Suðurlandsvegi áleiðis til Reykjavíkur. Er stefnandi var á leið niður svonefnda Ártúnsbrekku við Elliðaár, ók hann bifreið sinni til hægri inn á veginn til að forðast ójöfnur, sem hann taldi vera á vinstri vegarhelmingi. Ók stefnandi á rólegri ferð eða með um það bil 15 mílna hraða miðað við klukkustund, að því er hann telur. Stefnandi varð þess nú var, að langferðabifreið stefnda, R. 1488, kom á móti honum með um 40—50 km hraða miðað við klukkustund. Bifreið þessi var á leið frá Reykjavík til Selfoss, og var hún að sveigja af Suðurlandsbraut inn á Suðurlandsveg, er stefnandi sá fyrst til ferða hennar. Hefur stefnandi áætlað, að fjarlægðin milli bifreiðanna hafi þá verið um það bil 200 metrar. Er bifreiðarnar áttu ófarnar um 5—6 bíllengdir hvor að annarri, kveðst stefnandi hafa vikið bifreið sinni til vinstri, en þá hafi ekill R. 1488 um leið snarbeygt til sinnar hægri handar. Kveðst stefnandi hafa beitt fullu átaki á hemla, er hann sá, að árekstri yrði ekki forðað. Skullu bifreiðarnar saman, þannig að framhluti R. 5770 rakst á vinstra framhjól og aurhlíf R. 1488. Við áreksturinn kastaðist R. 5770 til baka og snerist næstum við. Var hún að miklu leyti utan vegarins, er hún stöðvaðist. Bifreiðin R. 1488 fór öll út af veginum, áður en hún stöðvaðist. Bifreið stefnanda skemmdist mjög við árekstur-inn, einkum framhluti hennar. Verulegar skemmdir urðu og á R. 1488. Tvö börn, sem sátu í framsæti R. 5770, féllu út úr bifreiðinni, er hægri framhurð hennar hrökk upp við áreksturinn. Hvorugt þeirra meiddist alvarlega, og önnur meiðsl á mönnum urðu ekki.

Strax eftir áreksturinn var lögregla kvödd á vettvang, og gerði einn lögregluþjónanna uppdrátt af stöðu bifreiðanna. Lögreglurannsókn var og háð þegar eftir slysið. Skýrði stefnandi þá svo frá, að hann mundi hafa ekið yfir á hægri vegarhelming, er hann var að forðast ójöfnurnar á vinstri vegarhelmingi, en að hann hefði verið kominn inn á miðjan veg eða meira, er bifreiðarnar rákust á, því að þá hefði hann verið búinn að beygja til vinstri,

og að hann hefði snarbeygt, rétt um leið og áreksturinn varð. Er stefnandi var síðar yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur, breytti hann hins vegar fyrri frásögn sinni og kvaðst eigi hafa ekið lengra inn á veginn en inn á vegarmiðju. Gaf hann þá skýringu á hinum breytta framburði, að í skýrslu þeirri, er hann gaf rannsóknarlögreglunni, hefði hann átt við, að hann hefði ekið bifreið sinni yfir á hægri helming vinstri vegarhelftar. Einnig taldi hann nú, að áreksturinn hefði orðið utan vestari vegjaðars.

Ökumaður R. 1488 hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið austur Suðurlandsbraut með rúmlega 40 km hraða miðað við klukkustund á að gizka, en hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur. Hann kveðst fyrst hafa veitt R. 5770 athygli, er hann var búinn að beygja inn á Suðurlandsveg og var að rétta bifreiðina af á veginum. Hafi hann þá verið vinstra megin við miðjan veg, en ekki kominn yzt út að vegbrún. Stefnandi hafi þá ekið úti við sína hægri vegarbrún. Kveðst ökumaður R. 1488 hafa stigið á hemilinn, en þó ekki beitt fullu átaki. Er stefnandi hafi haldið óbreyttri stefnu, kveður ökumaður R. 1488 sér hafa komið í hug að víkja til hægri. Hafi hann fyrst skipt úr fjórða ganghraðastigi í þriðja og því næst sveigt í krappri beygju til hægri. Hafi þá verið um það bil 30 metrar milli bifreiðanna og eina ráðið til að forða árekstri að víkja til hægri handar. Í sama bili hafi ökumaður R. 5770 hins vegar vikið til sinnar vinstri handar. Ökuhraða sinn í þeim svifum, að árekstur varð, hefur ekill R. 1488 áætlað um það bil 30 km miðað við klukkustund. Eigi kveðst hann hafa beitt fullu átaki á hemla, fyrr en bifreiðarnar skullu saman.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 20. marz 1952, var stefnandi með akstri sínum í umrætt skipti talinn hafa gerzt brotlegur við 6. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, en ekill R. 1488 talinn hafa brotið gegn 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. laga nr. 24/ 1941 og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ökumaður R. 1488 eigi alla sök á árekstrinum. Hann hafi ekið óhæfilega hratt og enga tilraun gert til að draga úr hraða bifreiðar sinnar, fyrr en um leið og árekstur hafi orðið. Þá hafi hann, andstætt umferðarreglum, vikið til hægri handar, enda hafi áreksturinn orðið á vinstri vegjaðri stefnanda. Hafi ökumaður R. 1488 því verið í algerum órétti. Hins vegar hafi stefnandi ekið hægt. Hann hafi vikið til vinstri handar, er bifreiðarnar nálguðust hvor aðra, og eigi hafi hann heldur áður verið lengra frá sínum vinstri vegjaðri en inn undir vegarmiðju.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann beri ekki ábyrgð á tjóni stefnanda, þar eð ekki sé sýnt fram á, að ökumaður R. 1488 eigi neina sök á slysinu. Þá hefur hann og talið, að þótt svo yrði litið á, að ekill R. 1488 hafi sýnt eitthvert gáleysi, þá sé meginsökin

þó hjá stefnanda sjálfum, þannig að sá hluti af tjóni stefnanda, sem svari til sakar ekils R. 1488, sé bættur að fullu með síðargreindum kr. 8.000,00, er réttargæzlustefnda hafi þegar greitt stefnanda. Sérstaklega hefur stefndi bent á, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni á röngum vegarhelmingi móti sól og undan brekku. Hins vegar hafi ökumaður R. 1488 ekið á sínum vinstri vegarhelmingi, er hann sá til ferða stefnanda, og hafi því ekki verið ástæða til annars fyrir hann en að aka með óbreyttri stefnu, eins og hann hafi líka gert, þar sem það hafi verið stefnanda að víkja. Ökumaður R. 1488 hafi eigi heldur sveigt til hægri, fyrr en ekki hafi sýnzt önnur leið fær til að komast úr þeirri hættulegu aðstöðu, sem stefnandi hafi skapað með akstri sínum, en þá fyrst hafi stefnandi beygt til sinnar vinstri handar.

Í sama mund og R. 5770 var ekið niður Ártúnsbrekku eftir Suðurlandsvegi og slysið varð, var bifreiðinni R. 5327 ekið niður brekkuna eftir Vesturlandsvegi. Hafa farþegi og ökumaður þeirrar bifreiðar borið fyrir dómi, að R. 5770 hafi verið ekið með hægri ferð sem næst á miðjum vegi, en hins vegar hafi hraði R. 1488 verið mikill. Hafa vitni þessi talið, að bifreiðunum hafi verið beygt mjög samtímis og R. 1488 þó fyrr.

Tengdafaðir stefnanda, sem var meðal farþega í bifreið hans, taldi í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar eftir slysið, að stefnandi hefði ekið nálægt miðjum vegi fyrir slysið. Er hann kom fyrir sakadóm sem vitni, taldi hann hins vegar, að stefnandi hefði haldið bifreið sinni vinstra megin við vegarmiðju.

Eftir slysið tók rannsóknarlögreglan skýrslu af 5 farþegum úr R. 1488, og hafa þrír þeirra staðfest þær skýrslur fyrir dómi, svo að séð verði. Hafa þeir skýrt svo frá, að fyrir slysið hafi R. 5770 verið ekið á sínum hægri vegarhelmingi að því undanskildu, að einn þeirra telur bifreiðinni hafa verið ekið um það bil á miðjum vegi. Þá hafa vitni þessi yfirleitt talið, að R. 1488 hafi verið beygt ívið fyrr en R. 5770. Ekki urðu þau vör við, að ekill R. 1488 drægi úr hraða bifreiðar sinnar, fyrr en árekstur inn varð.

Er slysið varð, var sól í þunnum skýjabakka í vestri, og er ósannað, að sólskin hafi verið stefnanda til baga við aksturinn.

Ágreiningslaust er, að á árekstrarstaðnum hafi vegurinn verið nægilega breiður, til þess að bifreiðarnar gætu mætzt án nokkurra vandkvæða, enda virðist breidd hans eftir fyrrgreindum uppdrætti lögreglunnar vera um 7½ m. Á uppdrætti þessum, sem allmörg vitni hafa staðfest, að sé réttur í aðalatriðum, er árekstrarstaðurinn merktur um það bil 1½ m frá vestari vegbrún, á vinstri vegarhelmingi stefnanda, en vegjaðarinn er þó óglöggur þarna, þar eð utan við hann er melur, sem er í svipaðri hæð og sjálft yfirborð vegarins. Austari vegjaðar er hins vegar hærri, og er því ekki haldið fram í málinu, að gerlegt hafi verið fyrir ekil R. 1488 að aka þar út af veginum til að forða árekstri.

Vitnum ber yfirleitt saman um, að R. 1488 hafi verið ekið greitt og jafnvel hratt, og að sögn ekilsins sjálfs var ökuhraðinn yfir 40 km miðað við klukkustund. Hann hefur og haldið fram, að R. 5770 hafi verið ekið á röngum vegarhelmingi og það úti við vegjaðar, er hann kom fyrst auga á hana. Mátti hann því ætla, að hætta kynni að stafa af akstri R. 5770, og bar honum að draga úr hraða bifreiðar sinnar og vera við því búinn, að hann kynni að þurfa að stöðva hana skyndilega. Hafði hann og nægilegt svigrúm til athafna, er hann sá R. 5770 fyrst. Eigi að síður hélt hann rakleitt áfram án þess að draga að neinu ráði úr hraða bifreiðarinnar, þar til fjarlægðin milli bifreiðanna var aðeins um það bil 30 metrar, að hann þverbeygði yfir á hægri vegarhelming, andstætt umferðarreglum, og þá fyrst, er árekturinn varð, freistaði hann þess að beita hemlum til fulls. Eigi gaf hann heldur neitt hljóðmerki, er hann nálgaðist R. 5770. Þegar allt þetta er virt, þykir ökumaður R. 1488 hafa ekið svo óvarlega og andstætt umferðarreglum, að telja verði, að hann eigi verulega sök á árekstrinum.

Eins og fyrr segir, viðurkenndi stefnandi fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann hefði ekið bifreið sinni inn á hægri vegarhelming á leið niður brekkuna. Að vísu breytti stefnandi þeirri frásögn, er hann kom fyrir sakadóm, en þar eð skýring sú, er hann gaf þá á hinum breytta framburði, er ekki alls kostar sennileg og hin fyrri viðurkenning hans er studd framangreindum vættum farþega í R. 1488 og frásögn ekils bifreiðarinnar, þá þykir nægilega leitt í ljós þrátt fyrir breytingu stefnanda á framburði sínum og vætti ökumanns og farþega R. 5327, að stefnandi hafi fyrir slysið ekið á hægri vegarhelmingi. Leitt er í ljós í málinu, að vinstri vegarhelft stefnanda var vel akfær, enda þótt hún væri nokkuð óslétt. Þar sem stefnandi ók á röngum vegarhelmingi og dró óhæfilega lengi að víkja á veginum og beygði þá fyrst til vinstri, er árekstur virtist yfirvofandi og í sömu svifum og ökumaður R. 1488 beygði sinni bifreið til hægri, þá þykir hann sjálfur einnig eiga sök á slysinu.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að telja ökumann R. 1488 eiga sök á árekstrinum að ⅔ hlutum, en stefnanda sjálfan að ⅓ hlutum. Ber stefnda samkvæmt 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaga að bæta stefnanda tjón hans af árekstrinum að tiltölu við sök ekils R. 1488.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður á R. 5770 samkvæmt mati dómkvaddra manna	kr.	16.193,60
2. Atvinnumissir í 84 daga kr. 90,00 á dag	—	7.560,00
3. Leiga fyrir bifreiðarskúr í 3 mánuði	—	900,00
4. Kostnaður vegna ófáanlegra varahluta	—	3.055,05
Alls	kr.	27.708,65
÷ Greitt af Sjóvátryggingarfélagi Íslands	—	8.000,00
Alls	kr.	19.708,65

Um 1. Stefndi hefur engum andmælum hreyft gegn fjárhæð þessa kröfuliðar, og verður hann því tekinn til greina.

Um 2. Bifreið stefnanda var 6 manna leigubifreið til mannflutninga. Hefur stefnandi sérstaklega bent á það til stuðnings þessum lið, að mat á skemmdum bifreiðar hans hafi ekki farið fram fyrr en 12. september, og beri stefnda því að bæta stefnanda atvinnutjón hans frá slysdegi til matsdags með fullri dagatölu, því að ekki hafi verið unnt að láta byrja á viðgerð fyrr en að loknu mati á skemmdunum. Þá sé í matsgerð hinna dómkvöddu manna reiknað með, að þurft hafi 309 vinnustundir til viðgerðarinnar, en það séu rúmlega 38 dagar miðað við 8 stunda vinnudag, en venja sé á viðgerðarverkstæðum, að einungis einn maður í senn vinni að viðgerð hverrar bifreiðar. Loks beri að telja með sunnudaga á þeim tíma, sem samkvæmt framansögðu verði að ætla, að viðgerðin hefði tekið. Beri samkvæmt þessu að reikna stefnanda bætur fyrir atvinnumissi í 84 daga.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum, bæði að því er varðar bótafjárhæð fyrir hvern dag svo og dagafjölda. Sérstaklega hefur hann andmælt, að sér beri að greiða stefnanda hærri atvinnutjónsbætur, þótt stefnandi hafi dregið að láta fara fram mat á skemmdunum, svo og því, að rétt sé að reikna með því, að einungis einn maður ynni við viðgerðina í senn.

Stefnanda var innan handar að æskja dómkvaðningar matsmanna til að meta skemmdirnar á bifreið hans þegar eftir slysið. Matsbeiðni hans er þó eigi dagsett fyrr en 28. ágúst 1951. Þar sem sá dráttur var honum sjálfum að kenna, getur hann ekki krafið stefnda um bætur fyrir atvinnumissi á þeim tíma, sem þessi dráttur hans seinkaði því, að viðgerð hæfist. Er hinir dómkvöddu matsmenn komu fyrir dóm til að staðfesta mat sitt, skýrði annar þeirra svo frá, að viðgerðir þær, sem reiknað væri með í matinu, hefðu fleiri en einn maður getað unnið samtímis, en gat þess, að venja væri á bifreiðaverkstæði því, þar sem hann ynni, að einungis einn maður ynni við hverja bifreið í senn. Bifreið stefnanda var hins vegar aldrei komið á verkstæði til viðgerðar, heldur vann stefnandi að viðgerðunum sjálfur að nokkru, en fékk bifvélavirkja sér til aðstoðar að nokkru leyti og kom einstökum hlutum til viðgerðar á bifreiðaverkstæði. Þegar allt framanritað er virt, þykir hæfilegt að taka kröfur stefnanda samkvæmt þessum lið til greina með kr. 3.500,00.

Um 3. Stefnandi rökstyður þennan lið með því, að vegna árekstrarins hafi hann orðið að taka bifreiðarskúr á leigu í ágúst, september og október 1951 til þess að geyma bifreiðina í honum, auk þess sem hann hafi þurft á skúrnum að halda, á meðan viðgerð fór fram, þar eð bifreiðin hafi ekki verið sett á verkstæði. Hafi hann greitt kr. 300,00 á mánuði í leigu fyrir skúrinn.

Stefndi hefur andmælt þessum lið sem tjóninu óviðkomandi,

enda verði að telja leigu fyrir geymsluskýli til almenns rekstrarkostnaðar atvinnubifreiðar.

Ekki þykja næg rök leidd að því, að hér sé um að ræða nauðsynleg útgjöld vegna slyssins, enda á valdi stefnanda að koma bifreiðinni á verkstæði til viðgerðar. Verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Um 4. Stefnandi reisir kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að er gert hafi verið við bifreiðina, hafi fremri og aftari aurhlíf, vatnskassahlíf, brettahlíf, skraut á vélarhlíf, listar og ljóskersrammi verið ófáanlegt hér á landi. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna sé verð þessara hluta nýrra talið samtals kr. 3.055,05. Hins vegar hafi stefnandi orðið að láta smíða hluti þessa, og telur hann hæfilegt að reikna með því, að hlutirnir hafi af þeim sökum orðið helmingi dýrari en ella.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið, enda hefur hann haldið því fram, að allur viðgerðarkostnaður sé innifalinn í matsfjárhæðinni samkvæmt 1. lið.

Matsmenn hafa að vísu borið fyrir dómi, að þótt gera hefði mátt við eða smíða eitthvað af þeim varahlutum, sem taldir eru í matsgerð þeirra, þá hefði það þó orðið kostnaðarmeira en að kaupa hluti þessa nýja. Stefnandi hefur hins vegar engin gögn lagt fram um kostnað vegna smíði fyrrgreindra hluta, og hann hefur ekki leitt næg rök að því, að ekki hafi verið gerlegt að afla þessara varahluta erlendis frá, þótt ófáanlegir væru í bili. Þar sem enn fremur er í matsgerðinni reiknað með fullu verði þessara hluta nýrra, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu hefur tjón stefnanda vegna árekstrarins orðið kr. 19.693,60 (kr. 16.193,60 + 3.500,00), og ber stefnda að bæta honum það að ⅝ hlutum, eins og fyrr segir. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 11.816,16 að frádregnum þeim kr. 8.000,00, sem réttargæzlustefnda hefur þegar greitt, eða kr. 3.816,16. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum svo sem krafizt er svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600,00, og er þá haft í huga, að réttargæzlustefnda hefur greitt kostnað við fyrrgreinda matsgerð.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Páli Merkúr Aðalsteinssyni, kr. 3.816,16 með 6% ársvöxtum frá 5. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 600,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 22/1954.

Helgi Benediktsson
gegn
Gunnari A. Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun skaðabótakröfu á hendur undirdómara út af dómaraverki staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 27. okt. 1954 skotið frávísunardómi héraðsdómara til Hæstaréttar og krafizt þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, sóknaraðilja verði dæmt að greiða réttarfarssekt fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun svo og kærumálskostnað.

Ákvæði 34. gr. laga nr. 85/1936 um skaðabótakröfur á hendur héraðsdómara gilda einnig í opinberum málum samkvæmt 15. gr. laga nr. 27/1951. Í 34. gr. laga nr. 85/1936 segir, að dómari verði einungis sóttur í einkamáli í héraði til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks, eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli. Ákvæði 3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 um kröfur á hendur dómara verður því að túlka með þeim takmörkunum, sem felast í 34. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu brestur skilyrði til þess, að sóknaraðili, Helgi Benediktsson, megi sækja varnaraðilja, Gunnar A. Pálsson setudómara, til skaðabóta í héraði vegna dómaraverka Gunnars í máli því, sem ákæruvaldið hefur höfðað gegn sóknaraðilja, Helga. Ber því að staðfesta frávísunardóminn að niðurstöðu til.

Ekki er ástæða til að dæma sóknaraðilja réttarfarssekt.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðilja, Gunnari A. Pálssyni, kr. 200,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 7. þ. m., hefur Helgi útgerðarmaður Benediktsson í Vestmannaeyjum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 7. maí 1954, gegn Gunnari A. Pálssyni setudómara, Blómvallagötu 13 hér í bæ, Sigurgeiri löggregluþjóni Kristjánssyni, Boðaslóð, og Torfa bæjarfógeta Jóhannssyni, Sólhlíð, báðum í Vestmannaeyjum, og krafizt þess, að þeir verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 72.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndi Gunnar hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Einnig krefst hann þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sekt fyrir þersýnilega tilefnislausa málshöfðun.

Stefndu Sigurgeir og Torfi hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málflutningur fór að þessu sinni fram um frávísunarkröfu stefnda Gunnars.

Málavextir eru þeir, að stefndi Gunnar hefur samkvæmt sérstakri umboðsskrá haft á hendi rannsókn í máli, er ákæruvaldið hefur höfðað gegn stefnanda. Hinn 10. júlí 1953 þingaði stefndi Gunnar í máli þessu og setti sakadóm Vestmannaeyja í skrifstofum stefnanda þar. Stefnandi fór úr dóminum og gekk í annað herbergi í húsinu og læsti að sér. Stefndi Gunnar lét þá aðstoðarmenn sína sækja stefnanda og flytja hann í dóminn, en stefndi Sigurgeir var annar þeirra manna, er sóttu stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá í stefnunni, að stefndi Sigurgeir hafi „framið á sér líkamlegar misþyrmingar með þeim afleiðingum, að þumalfingur annarrar handar er varanlega liðhlaupinn og höndin síðan lítt nothæf, sbr. vottorð læknanna Ólafs Halldórssonar og Baldurs Johnsens, og báðar axlir auk þess allmjög lemstraðar og enn ekki jafngóðar".

Telur stefnandi, að auk stefnda Sigurgeirs beri stefndi Gunnar ábyrgð á misferli þessu með því að fyrirskipa árásina að óþörfu og tilefnislausu og með því að láta viðgangast, að hafðar væru í frammi líkamlegar misþyrmingar, en stefndi Torfi sé einnig ábyrgur fyrir að hafa lánað stefnda Gunnari manninn (þ. e. stefnda Sigurgeir), og einnig beri stefndi Torfi embættislega ábyrgð á því, að

stefndi Sigurgeir hafði ekki kunnáttu eða skapstilling til þess að láta ógert að fremja lemstur og líkamsmeiðingar.

Stefndi Gunnar styður frávísunarkröfuna þeim rökum, að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936 megi hafa bótakröfu sem þessa einvörðungu uppi í máli fyrir æðra dómstóli, enda eigi hér ekki við undantekningar þær, sem taldar eru í nefndri lagagrein. Hann telur fyrirmæli greinar þessarar gilda um þetta mál samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 27 frá 1951. Hins vegar telur hann ekki efni til þess að beita hér ákvæðum 151. gr. síðastnefndra laga og að stefnandi hafi ekki heldur gætt þeirra fyrirmæla um varnarþing og réttargæzlu, sem greind eru í 3. tölulið 154. gr. sömu laga. Kröfu sína um réttarfarssekt á hendur stefnanda styður stefndi Gunnar við 2. tölulið 188. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni á þeim grundvelli, að mál þetta sé höfðað samkvæmt heimildum 18. kafla laga nr. 27 frá 1951, enda sé hér um að ræða bætur fyrir framkvæmd aðgerðar, sem hefur frelsisskerðing í för með sér, svo sem greinir í 151. gr. þeirra laga, og slíkt mál sé réttilega höfðað í héraði samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laganna. Sektarkröfu stefnda hefur stefnandi eindregið mótmælt.

Í lögum nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála, segir svo í 2. mgr. 15. gr.: „Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.“ Í þeim lagakafla, sem fjallar um dómara o. fl., er fyrrnefnd 34. gr., en í 2. málslið 2. mgr. hennar segir svo: „Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.“

Undantekning frá þessari almennu reglu felst í 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27 frá 1951, en þar segir, að rétt sé aðilja að höfða mál í héraði með venjulegum hætti, ef hann vill hafa uppi bótakröfu, vegna þess að hann hafi orðið fyrir aðgerðum þeim, sem taldar eru í 151.—153. gr. sömu laga, enda stefni hann þá héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur honum. Samkvæmt upphafi töluliðarins er heimildin til að beita þessari undantekningu þó því bundin, að þær leiðir séu ekki farnar, sem getur í 1. og 2. tölulið sömu greinar, en í þeim er svo ákveðið, að leiði rannsókn ekki til ákæru, geti aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta, eða gangi mál til dóms, geti aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði. Ákvæði eru um fyrningu bótakröfu í 157. gr. Segir þar, að hún fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppsögu sýknudóms eða frá því að hann var laus látinn úr refsivist. Heimild aðilja til að beita undantekningarákvæði 3. tölul. 154. gr. er því bundin því skilyrði, að dómur gangi í opinberu máli gegn honum eða rannsókn eða ákæra falli niður.

Ekki er í ljós leitt, að nokkurt þessara skilyrða sé fyrir hendi í máli þessu, og var stefnanda því eigi rétt að sækja stefnda Gunnar í héraði til bótagreiðslu vegna dómaraverka. Ber því að taka til greina kröfu stefnda Gunnars og vísa málinu frá dómi, að því er hann varðar. Einnig er rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Gunnari málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00. Hins vegar virðist ekki efni til þess eftir atvikum að dæma stefnanda til sektargreiðslu, og verður sú krafa stefnda Gunnars ekki tekin til greina.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi, að því er varðar stefnda Gunnar A. Pálsson.

Stefnandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda Gunnari kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 23/1954.

Ákæruvaldið
gegn
Gísla Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1954 var tekið fyrir í sakadómi Vestmannaeyja að rannsaka ætlað brot kærða, Gísla Gíslasonar, stórkaupmanns í Vestmannaeyjum, á ákvæðum laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Í máli þessu viðurkenndi kærði, að hann hefði flutt til landsins 28 kassa, samtals 2286 kg, af barnaleikföngum frá Vestur-Þýzkalandi án þess að hafa fengið innflutningsleyfi fyrir vörum þessum. Á farmskírteini var varan nefnd eldhúsáhöld, en við tollafgreiðslu kom í ljós, að um barnaleik-

föng var að ræða, og galt kærði toll af vörunni samkvæmt ákvæðum tolllaga um leikfangatoll, en tollafgreiðslumaður lét hann fá vöruna í hendur, án þess að hann afhenti innflutningsleyfi.

Samkvæmt reikningi frá verzlunarfyrirtæki því í Hamborg, sem seldi kærða vöruna, nam innkaupsverð hennar 10.282,48 þýzkum ríkismörkum. Tollur sá, sem kærði galt af vörunni, er talinn hafa numið kr. 46.389,51.

Í þinghaldinu 4. október 1954 kannaðist kærði við að hafa brotið ákvæði laga nr. 88/1953 með því að flytja inn framangreinda vöru án innflutningsleyfa og bauðst til að greiða sekt í ríkissjóð til að sleppa við málssókn. Samþykkti dómarinn þetta og ákvað, að sektin skyldi vera kr. 10.000,00 til ríkissjóðs. Greiddi kærði sektina í þinghaldinu.

Eftir að kærði hafði greitt sekt sína, tók verðgæzlustjóri vöruinnflutning þenna til athugunar. Í bréfi til Innflutningsskrifstofunnar, dags. 22. október 1954, kveður verðgæzlustjóri kærða hafa selt tilteknu verzlunarfyrirtæki í Reykjavík vöru þá, sem í málinu greinir, fyrir kr. 340.842,60 samkvæmt sölureikningi kærða, en kostnaðarverð vörunnar hafi alls numið kr. 90.745,38.

Með bréfi 30. október 1954 hefur dómsmálaráðherra samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í þinghaldi 4. október 1954 um að lúka máli kærða með dómssátt. Telur ráðherrann, að málalokin verði að teljast fjarstæð, þar sem sekt sú, er kærði gekkst undir að greiða, sé smáræði „í samanburði við hinn mikla hagnað, sem hann hefur haft" samkvæmt áðurgreindum sölureikningi.

Kærða hefur verið gefinn kostur á að gæta réttar síns fyrir Hæstarétti.

Með því að á það má fallast, að samkvæmt gögnum þeim, sem nú liggja fyrir, megi telja dómssáttina fráleita, ber samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 að fella hana úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, er kærði, Gísli Gíslason, gekkst undir

fyrir sakadómi Vestmannaeyja hinn 4. október 1954, er úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Vestmannaeyja 4. október 1954.

Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi samkvæmt ábendingu verðgæzlustjóra athugað, hvernig varið væri tollafgreiðslu á leikfangasendingu, sem kom til Reykjavíkur með Skógafossi síðari hluta ágústmánaðar, og var sendingin frá Gísla Gíslasyni, stórkaupmanni hér. Var varan nefnd búsáhöld á farmskírteini Skógafoss.

Við athugun kom í ljós, að vara þessi hafði komið til Vestmannaeyja með e/s Dettifossi frá Hamborg, og var farmskírteini dagsett 24. júlí sl. og hljóðaði um 28 kassa „kitchen utensils", 2.286 kg. Hafði verið „deponerað" kr. 46.389,51 fyrir tolli. Maður sá, sem venjulegast annast tollafgreiðslu, var ekki í bænum, en kom heim 2. þ. m. Skýrði hann þá frá því, að Gísli hefði komið til sín með farmskírteinið, og stimplaði hann á það leyfi til skipaafgreiðslunnar um afgreiðslu vörunnar, enda kvað hann sig hafa haldið, að um búsáhöld væri að ræða. Tollverðirnir skoðuðu vöruna, og kom þá í ljós, að hér var um leikföng að ræða. Krafði tollafgreiðslumaðurinn Gísla þá um innflutningsleyfi og leikfangatoll. Greiddi Gísli tollinn, en hafði ekki innflutningsleyfi fyrir leikföngum frá Vestur-Þýzkalandi, en aðeins 5.000 króna leyfi frá Austur-Þýzkalandi og 1.500 króna leyfi frá Englandi. Kvað hann Gísla hafa lofað að standa skil á leyfunum síðar.

Til staðar er í sakadóminum farmskírteini Dettifoss 24. júlí, reikningur frá firmanu Terramar í Hamborg, að fjárhæð DM. 10.282,48, enn fremur innflutningsskýrsla, undirrituð af Gísla Gíslasyni, og er varan þar talin „Barnabúsáhöld og leikföng". Enn fremur eru til staðar innflutningsleyfi, B. 39234 og A. 8186.

Mætti þá í dóminum kærði, Gísli Gíslason, fæddur 22/11 1917 í Vestmannaeyjum, til heimilis að Heimagötu 15, og var hann áminntur um sannsögli og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951. Kærðum eru sýnd hin fram lögðu skjöl. Kærður játar að hafa flutt inn leikföng þessi á þann hátt, er að framan segir, og hafi hann ekki haft innflutningsleyfi frá Vestur-Þýzkalandi, en telur, að hann hafi haft ástæðu til þess að ætla, að hann fengi það von bráðar.

Kannast mættur við að hafa brotið lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Býðst kærður til að greiða sekt í ríkissjóð til þess að sleppa við málssókn.

Samþykkti dómarinn þetta og ákvað, að sektin skyldi vera kr. 10.000,00, og greiddi kærður sektina í réttinum. Enn fremur greiddi hann kr. 25,00 í málskostnað.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Nr. 119/1954 og 120/1954.

Ákæruvaldið (Magnús Thorlacius)
gegn
Sigurði Þorkeli Þorlákssyni
(Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Dómi sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1954 í málinu: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni — er áfrýjað, að því er varðar sök ákærða Sigurðar. Þá er og áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júní 1954: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þorkeli Þorlákssyni. — Eru brot þau, sem ákærða Sigurði eru gefin að sök í málum þessum, öll framin, áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti, að því er þau varða ákærða Sigurð.

Ákærði Sigurður hefur viðurkennt að hafa framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í málum þessum, og kemur sú játning heim við atvik, sem á annan hátt hafa verið leidd í ljós í málunum. Eru brotin rétt færð undir refsilagaákvæði í hinum áfrýjuðu dómum. Þykir refsing ákærða fyrir brot þessi með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði, en frá ber að draga gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um réttindasviptingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er tekur til ákærða Sigurðar, eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þorkell Þorláksson, sæti fangelsi 15

mánuði, en frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er þau varða ákærða Sigurð, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Jónssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1954.

Ár 1954, föstudaginn 9. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1420—1421/1954: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. febrúar sl., er opinbert mál höfðað gegn þeim Matthíasi Friðþjófssyni verkamanni, Efstasundi 87 hér í bæ, og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni verkamanni, Raufarhöfn, fyrir auðgunarbrot, Matthíasi Friðþjófssyni samkvæmt 244. gr. og Sigurði Þ. Þorlákssyni samkvæmt 254., sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, með því, 1) að því er Matthías varðar, að hafa að kvöldi laugardagsins 12. eða 19. september 1953 tekið ein föt, jakka, 2 rafmagnslampa, rafmagnsrakvél og belti um borð í hollenzka skipinu Maasyn N., er lá á Raufarhöfn, að ófrjálsu með leynd og slegið eign sinni á muni þessa, og 2) að því er Sigurð varðar, að taka síðar þátt í ávinningi af auðgunarbroti Matthíasar, vitandi, með hverjum hætti munirnir voru fengnir.

Ákærast því nefndir Matthías Friðþjófsson og Sigurður Þorkell Þorláksson til að sæta refsingu samkvæmt ofanrituðum hegningarlagaákvæðum til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Matthías er fæddur 20. nóvember 1935 að Skinnalóni á Raufarhöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1953 17/8 Þingeyjarsýsla. Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaga.

Ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson er fæddur 9. júní 1930 í Sandgerði og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 18/12 Siglufj. Dómur, 10 daga varðhald, skilorðsb., fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarl.
1945 1/2 Siglufj. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusþ. Siglufjarðar.
1946 14/11 Siglufj. Dómur, 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegnl. og 5. gr. lögreglusþ. Siglufjarðar. Sviptur leyfi til að kaupa og neyta áfengis.
1946 30/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 6/1 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
1948 10/2 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusþ. Siglufj.
1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og sviptur rétti ævilangt til þess að öðlast ökuskírteini fyrir þjófnað, áfengis- og bifreiðalagabrot.
1949 15/2 Rvík. Dómur, 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1952 21/11 Rvík. Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1952 3/12 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarl.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Nótt eina í septembermánuði síðastliðnum fór ákærði Matthías Friðþjófsson um borð í hollenzka skipið m/v Maasyn N., þar sem það lá á Raufarhöfn, og sló eign sinni á eftirtalda muni, sem voru þar í opnu herbergi: ein karlmannsföt, einn karlmannsjakka, eitt karlmanns-víravirkisbelti, tvo rafmagnsborðlampa og eina rafmagnsrakvél. Í fötunum reyndist vera hollenzk bankabók, og var innstæða hennar 349 gyllini og 99 sent.

Um mánaðamótin september og október sl. kom ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson heim til ákærða Matthíasar og sá þá fyrrgreinda muni hjá honum. Ákærði Matthías sagði ákærða Sigurði Þorkeli frá því, hvernig hann var að munanum kominn. Eigi að síður keypti ákærði Sigurður Þorkell fötin og fékk rakvélina að láni, en kaupverð fatanna var eigi tiltekið, þegar hann tók við þeim.

Öllum fyrrgreindum munum hefur nú verið skilað til eiganda þeirra.

Ákærði Matthías hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Ákærði Sigurður Þorkell hefur með atferli sínu gerzt brotlegur

gegn 254. gr., sbr. 244. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með tilliti til fyrri afbrota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði Matthías Friðþjófsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júní 1954.

Ár 1954, föstudaginn 4. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2627/1954: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þorkatli Þorlákssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Í máli þessu er Sigurður Þorkell Þorláksson, til heimilis á Raufarhöfn, en nú gæzlufangi, ákærður fyrir að hafa framið þessi brot:

I° að hafa að kvöldi föstudagsins 19. marz sl. tekið að ófrjálsu kuldaúlpu úr bifreiðinni R. 4484, er stóð í porti við Vonarstræti,

II° að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. marz brotizt inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja í Hafnargötu 30 í Keflavík og stolið þar kr. 1.050,00 í peningum og þremur úlpum,

III° að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. marz brotizt inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 61, í því skyni að stela þar,

IV° að hafa aðfaranótt mánudagsins 29. marz brotizt aftur inn í þessa verzlun og tekið þar sporjárn og skæri. Teljast verknaðir þessir varða við 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar III°.

Hann er ákærður til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu bóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 9. júní 1930 í Sandgerði, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1944 18/12 Siglufj. Dómur, 10 daga varðhald, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaga.

1945 1/2 Siglufj. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lsþ. Siglufjarðar.

1946 14/11 Siglufj. Dómur, 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarl. og 5. gr. lögreglusþ. Siglufjarðar. Sviptur leyfi til að kaupa og neyta áfengis.
1946 30/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 6/1 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
1948 10/2 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþ. Siglufjarðar.
1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og sviptur rétti ævilangt til þess að öðlast ökuskírteini fyrir þjófnað, áfengis- og bifreiðalagabrot.
1949 15/12 Rvík. Dómur, 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1952 21/11 Rvík. Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir áfengissölu.
1952 3/12 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarl.
1954 9/4 Rvík. Dómur, 45 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 254. og 244. gr. hegningarl.

Samkvæmt játningu ákærða sjálfs og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

I.

Að kvöldi föstudagsins 19. marz sl. tók ákærði að ófrjálsu hlífðarjakka úr skinni úr bifreiðinni R. 4484, er stóð ólæst í porti við Vonarstræti 4 B. Hann hitti síðan kunningja sinn og fékk hann til að selja jakkann. Fékk hann 150 eða 170 kr. fyrir hann, og keyptu þeir félagar áfengi fyrir og drukku það saman. Jakkinn komst til skila, og hefur ekki komið fram bótakrafa af þessu tilefni.

II.

Aðfaranótt laugardagsins 27. marz brauzt ákærði drukkinn inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 30 í Keflavík. Stal hann þar nokkru af peningum og þremur kuldaúlpum. Samkvæmt upplýsingum úr verzluninni nam upphæð sú, er stolið var af peningum, kr. 1.050,00, og áttu 500 kr. að hafa verið teknar úr peningakassa í nýlenduvörudeild, en 550 kr. í kjötdeildinni. Ákærði neitar því, að hann hafi tekið nema rúmlega 600 krónur, kveðst hafa talið peningana morguninn eftir og verið þá ódrukkinn. Inn í verzlunina komst ákærði með því að brjóta rúðu í hurð og seilast þannig í „smekk"-lás.

Daginn eftir kveðst ákærði hafa farið til Reykjavíkur og verið þar við drykkju. Um kvöldið fór hann til Keflavíkur aftur. Þá um nóttina milli kl. 1 og 2 brauzt ákærði inn í skipa- og járnvörudeild Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 61 í Keflavík. Gekk hann á

hurð þannig, að læsingarumbúnaðurinn gaf eftir. Áður en til þess kæmi, að hann stæli þarna, varð hann var mannaferða og hafði sig þá á brott.

Næstu nótt brauzt ákærði aftur inn í þessa verzlun og með sama hætti og hið fyrra skiptið. Hann leitaði þarna eftir peningum og reyndi að sprengja upp tvær læstar skúffur í borði án árangurs. Til þess notaði hann sporjárn og skæri, er hann fann í verzluninni. Áhöld þessi hafði ákærði á brott með sér, en ekki er upplýst, að hann hafi stolið þarna neinu öðru.

Ákærði var ölvaður í öll skiptin, er hann framdi brot þau, er nú hefur verið lýst.

Ákærði hefur þannig gerzt sekur um verknaði þá alla, er ákæran tekur til, og varða þeir við lagaákvæði þau, er þar getur. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og er litið er til fortíðar ákærða, hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Árétta ber réttindasviptingu þá skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, er ákærða hefur verið ákveðin í fyrri dómum. Ákærði hefur undir rannsókn málsins sætt varðhaldi síðan 30. marz. Í fyrstu þóttist hann ekkert muna um ferðir sínar á umræddum tíma og hvorki játaði né neitaði sekt sinni. Hinn 6. apríl skýrði hann rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hefði framið innbrotin. Hinn 31. marz hafði hann viðurkennt þjófnaðinn á skinnjakkanum. Rétt þykir skv. 76. gr. hegningarlaga, að gæzluvistin síðan 6. apríl, alls 59 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Kaupfélag Suðurnesja gerði bótakröfu á hendur ákærðum, svo hljóðandi:

Bætur vegna skemmda af innbroti	kr.	500,00
Peningar, er stolið var	—	1.050,00
Bætur vegna skemmda á úlpum	—	800,00
	Kr.	2.350,00

Bótakröfunni hefur ákærði mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri. Dómurinn verður að líta svo á, að eigi hafi verið færð fram gögn til styrktar kröfunni og nauðsynleg rannsókn um kröfuna verði ekki gerð án óhæfilegs dráttar á málinu. Verður því að vísa kröfunni frá.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 500 kr. til skipaðs verjanda hans, Þorvalds Garðars Kristjánssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þorkell Þorláksson, sæti fangelsi eitt ár. Frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Suðurnesja vísast frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Garðars Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Nr. 81/1954. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Jóni Ísak Magnússyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms sökum galla á dómi og rannsókn máls.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraðsdómi eru ekki rakin ákæruatriði á hendur sakborningi, 8 að tölu, sem greind eru í ákæruskjali dómsmálaráðherra, og eigi hefur héraðsdómari heldur tekið einstök ákæruatriði til úrlausnar hvert fyrir sig að einu undanskildu. Sakir þessara megingalla á héraðsdómi ber að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Það athugast, að nokkur þeirra vitna, sem kvödd hafa verið fyrir dóm og borið þar vætti, hafa ekki verið eiðfest. Þá hafa eigi allir þeir menn verið krafðir vættis, sem ástæða var til að kveðja fyrir dóm til að afla frekari gagna um atvik, sem vitni höfðu greint frá í rannsókn málsins.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda

og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 28. desember 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Jóni Ísak Magnússyni smið, til heimilis að Silfurgötu 4, Ísafirði, til refsingar fyrir áfengissmygl og áfengissölu samkvæmt áfengislögum, nr. 33/1935, 14. gr., sbr. 27. gr., og 15. gr., sbr. 33. gr., enn fremur til að sæta upptöku áfengis samkv. heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði. Hann hefur sætt þessum refsingum:

1926 14/6 150 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 skv. sætt. Smyglun áfengis.

1927 9/11 400 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn l. nr. 15/1925 skv. dómi lögregluréttar. Smyglun áfengis.

Hinn 21. des. 1952 fór fram samkvæmt úrskurði dómarans leit að smygluðu og öðru ólöglegu áfengi í húsakynnum Jóns Ísaks Magnússonar á Silfurgötu 4 og í Soffíubúð á Silfurtorgi vegna grunar, sem á honum lá um sölu áfengis. Við leitina, sem lögregluþjónarnir og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í íbúð ákærðs:	1	flaska af ákavíti
	1	— — gin
Í kjallara:	1	— — pólskum spíritus
Í vinnustofu undir gólfi:	2	flöskur — — —
	3	— — ákavíti
	3	— — brennivíni
Í herbergi fram af vinnustofu:	3	— — ákavíti
	1⅓	flaska — brennivíni
	1	ákavítisflaska með spíritus
	2	tómar flöskur undan pólskum spíritus.

Enn fremur fundust 14 tómar flöskur undan dönskum bjór. Þannig fundust alls 16⅓ flöskur af áfengi, þar af 4 flöskur með pólskum spíritus, en 12⅓ flöskur af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins. Í Soffíubúð fannst ekkert áfengi.

Ákærður hefur stöðugt neitað því að hafa selt áfengi og haldið því fram, að Áfengisverzlunarvín það, sem fannst við húsleitina hjá honum, hafi hann keypt til eigin neyzlu. En þá grein hefur hann gert fyrir smyglaða áfenginu, að ýmsir menn af botnvörpungunum Sólborgu og Ísborgu frá Ísafirði hafi fært honum að gjöf

flöskur þær, sem hjá honum fundust. Komu þeir til hans og veittu honum vín, en skildu síðan eftir heilar flöskur og slatta í flöskum. Sama kvað hann gilda um tómu flöskurnar undan dönskum bjór, sem fundust við húsleitina. Ákærður kveðst ekki muna, hvaða menn gáfu honum vínið, en þeir hafi verið margir.

Ákærður hefur haldið því fram í málinu, að hann hafi aldrei selt áfengi og að framburðir vitna þeirra, sem leidd hafa verið, séu ósannir og að það sé álit hans, að vitnin hafi verið hrædd af lögreglunni og dómaranum til þess að ljúga upp á hann vínsölu.

Í málinu hafa verið leidd allmörg vitni, og hafa mörg þeirra haldið því fram, að ákærður hafi selt þeim áfengi. Vitnin eru þessi:

1. Höskuldur Agnarsson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa keypt af ákærðum eina flösku af pólskum spíritus fyrir 300 krónur ásamt Hákoni Bjarnasyni. Hákon fór inn til ákærðs, en vitnið beið utan við næsta hús á meðan. Viku áður fór vitnið til ákærðs og keypti af honum eina flösku af ákavíti á 125 krónur.

2. Hákon Bjarnason. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa ásamt Höskuldi Agnarssyni keypt eina flösku af pólskum spíritus af ákærðum fyrir 300 kr. Seldi ákærður vitninu flöskuna í vinnustofunni. Höskuldur vissi, þegar vitnið fór inn til ákærðs. Vitnið kvaðst oft áður hafa keypt Áfengisverzlunarvín af ákærðum.

3. Ásmundur Jóhannesson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa ásamt Hermanni Guðmundssyni keypt eina flösku af spíritus hjá ákærðum og borgað fyrir hana 300 kr., sem Hermann lagði til.

4. Hermann Guðmundsson. Vitnið skýrði frá því, að 20. des. 1952 hefði Ásmundur Jóhannesson keypt fyrir hann eina flösku af erlendum spíritus hjá ákærðum fyrir 300 kr. Sá vitnið Ásmund fara inn í vinnustofu ákærðs og koma þaðan út aftur með flöskuna.

5. Gunnar Einar Líkafrónsson. Vitnið skýrði frá því, að hann hefði í félagi við Einar Kristján Ólafsson keypt tvær flöskur af pólskum spíritus af ákærðum. Einar Kristján fór til ákærðs og sótti vínið.

6. Gunnar Leósson. Vitnið kvaðst hafa 4. okt. 1952 keypt eina flösku af spíritus hjá ákærðum, og hefði hann átt að greiða fyrir hana 300 kr., en aldrei greitt nema 280 kr. Skýrði hann einnig frá því, að hann hefði fáeinum sinnum áður keypt brennivín af ákærðum.

7. Jón Kristján Símonarson. Vitnið kveðst í þrjú eða fjögur skipti hafa keypt pólskan spíritus af ákærðum. Salan fór ætíð fram í vinnustofu ákærðs, og var venjulega um hálfflöskur að ræða. Verðið var 120 kr., og var spíritusinn blandaður. Í eitt skipti var áfengið á heilflösku undan pólskum spíritus. Þessi áfengiskaup vitnisins fóru fram sumarið og haustið 1952. Á sl. tveimur árum kvaðst vitnið oft hafa keypt vín af ákærðum, brennivín, ákavíti og einu sinni gin. Kvaðst hann samtals mundu hafa keypt milli 10 og 20 vínflöskur af ákærðum, og hefði það vín allt verið frá Áfengis-

verzlun ríkisins. Brennivínið hafi kostað 120 eða 125 kr., ákavítið verið 5 kr. dýrara og ginið kostað 150 kr. Í eitt skipti, í júlímánuði 1952, kvaðst vitnið hafa keypt af ákærðum fimm áfengisflöskur í einu, fjórar flöskur af brennivíni og ákaviti og eina af gini. Nokkrir menn voru í félagi við hann um þessi kaup, og neyttu þeir þess á dansleik í Súgandafirði sama dag.

Framburðir vitnanna nr. 1—7 hafa verið staðfestir með eiði.

Fleiri vitni hafa verið leidd í málinu, og verður nú framburður þeirra rakinn:

1. Pétur Haraldsson. Vitnið skýrir frá því, að laugardagskvöldið 4. okt. 1952 hafi hann verið á gangi í Silfurgötunni ásamt Þorsteini Jónssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sáu þeir þá mann nokkurn fara inn til ákærðs. Kom þeim saman um það að njósna um brennivínssölu ákærðs og stönzuðu því við gluggann á vinnustofu hans. Eftir örstutta stund sáu þeir manninn, sem inn hafði farið, koma út, og sýndist þeim hann vera með flösku í jakkavasanum. Nokkru síðar fór annar maður inn. Þegar hann kom út aftur, sagði hann þeim félögum, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærðum. Síðan fóru þrír menn, hver eftir annan, inn til ákærðs. Þegar þeir komu út aftur, taldi vitnið og félagar hans, að tveir þeirra hefðu verið með áfengisflösku, enda sýndi einn þeirra þeim brennivínsflösku, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærðum. Þá kveðst vitnið fyrir rúmu ári hafa hitt á götu mann nokkurn úr Súgandafirði, sem bað hann að koma með sér til ákærðs til þess að kaupa af honum vín.

Beið vitnið fyrir utan hús ákærðs, meðan maðurinn fór inn. Þegar hann kom út aftur, var hann með tvær brennivínsflöskur, sem hann sagði vitninu, að hann hefði fengið hjá ákærðum. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærður gerði mikið að því að selja áfengi.

2. Þorsteinn Jónsson. Vitnið var 4. okt. 1952 statt á Silfurgötunni með þeim Pétri Haraldssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sáu þeir 5 menn fara inn til ákærðs. Tveir þeirra sýndu vitninu vínflöskur, þegar þeir komu út aftur, og sögðust hafa keypt þær af ákærðum. Þá skýrði vitnið frá því, að hann vissi um mann, sem hefði keypt flösku af gini sl. vor af ákærðum, og annan, sem um svipað leyti hefði keypt 3 flöskur af brennivíni hjá honum.

3. Jón Snorri Bjarnason. Vitnið var 4. okt. 1952 statt á Silfurgötunni með Pétri Haraldssyni og Þorsteini Jónssyni. Stönzuðu þeir við vinnustofu ákærðs til þess að forvitnast um það, hverjir færu til ákærðs. Var þeim kunnugt um, að það orð lá á ákærðum, að hann seldi mönnum áfengi. Skýrði vitnið frá því, að þeir hefðu stanzað um 8 mínútur við vinnustofuna, og hefðu á þeim tíma 5 menn farið inn til ákærðs. Einn þeirra stanzaði hjá vitninu og félögum hans, þegar hann kom aftur út, og dró hann ekki dul á, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærðum.

Framburðir þessara þriggja vitna hafa einnig verið staðfestir með eiði.

Þá hafa þessi vitni verið leidd í málinu:

1. Einar Kristján Ólafsson. Vitnið kvaðst 20. des. 1952 hafa keypt af ákærðum tvær flöskur af pólskum spíritus fyrir 300 kr. hvora flösku. Var Gunnar Einar Líkafrónsson í félagi við hann um kaupin.

2. Hörður Guðjónsson. Vitnið kvaðst 2. nóvember 1952 hafa keypt eina flösku af ákavíti frá Áfengisverzlun ríkisins af ákærðum fyrir 125 kr. Kaupin fóru fram heima hjá ákærðum.

Þessir framburðir hafa ekki verið staðfestir með eiði.

Í málinu er sannað, að ákærður hafði í vörzlum sínum, þegar húsleitin fór fram, smyglað áfengi, sem hann hefur ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt. Þá verður að telja sannað, að ákærður hafi selt smyglað áfengi.

Þá verður að telja sannað með vitnaframburðum og öðrum atvikum, að ákærður hafi í atvinnuskyni selt vín frá Áfengisverzlun ríkisins.

Með þessu atferli hefur ákærður gerzt brotlegur við 14. gr., sbr. 27. gr., og 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, nr. 33/1935.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald og 6.000 króna sekt til Menningarsjóðs að meðtöldu lítragjaldi skv. 27. gr. áfengislaga, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. laga nr. 19/1940 skal áfengi það, er fannst hjá ákærðum við húsleit 21. des. 1952, vera upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns Grímssonar málaflutningsmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 300 krónur.

Dómsorð:

Ákærður, Jón Ísak Magnússon, sæti 15 daga varðhaldi og greiði 6.000 króna sekt til Menningarsjóðs.

Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar.

Áfengi það, sem fannst við húsleit hjá ákærðum, skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Grímssonar, að upphæð 300 krónur.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 24/1954.

Ewald Berndsen
gegn
Pétri Þorsteinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður fógetaréttar, sem heimilaði töku fjárnuminna muna úr vörzlum gerðarþola, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ewald Berndsen, greiði varnaraðilja, Pétri Þorsteinssyni, kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. október 1954.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Péturs Þorsteinssonar hdl., hér í bæ, hefur sú krafa komið fram, að teknir verði úr vörzlum gerðarþola, Ewalds Berndsens, Grenimel 20, ýmsir munir, sem fjárnám var gert

í hinn 7. júlí sl., og gerðarbeiðanda afhent umráð þeirra, svo að fram verði komið nauðungarsölu á þeim.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að vörzlusvipting þessi fari fram. Var ágreiningur þessi lagður undir úrskurð fógeta að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór í dag.

Hinn 16. maí 1953 er kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur dómur í málinu nr. 402/1953: Pétur Þorsteinsson gegn Magnúsi Helgasyni, Lúðvík Guðmundssyni og Ewald Berndsen, og var þeim gert að greiða stefnanda málsins kr. 183.707,78 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 46,20 í afsagnarkostnað, kr. 440,00 í stimpilgjald og kr. 4.400,00 í málskostnað.

Dómur þessi er birtur fyrir dómþolunum Magnúsi og Ewald hinn 3. júní 1953. Hinn 19. júní 1953 óskar gerðarbeiðandi eftir fjárnámi hjá Magnúsi Helgasyni og Ewald Berndsen, og er hinn sama dag tekið fyrir að gera fjárnám hjá Magnúsi, og lyktaði því með fjárnámi í fasteign Magnúsar hinn 31. júlí 1953.

Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum að nýju hinn 15. júní 1954 og krefst nú fjárnáms hjá Ewald Berndsen fyrir ⅓ hluta fjárhæðarinnar, þ. e. kr. 61.235,93, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓% af kr. 61.235,93 í þóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilgjald, kr. 1.466,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð.

Fjárnám fór fram hinn 7. júlí sl. á heimili gerðarþola Ewalds í ýmsum innanstokksmunum hans, svo og var skrifuð upp til fjárnáms bifreið hans, R. 5708, en frestað var fjárnámsgerðinni að sinni að öðru leyti, m. a. vegna matsgerðar á ofannefndri bifreið. — Málið var síðan tekið fyrir enn á ný hinn 9. júlí, og voru þá teknar ákvarðanir um framkvæmd matsgerðar á bifreiðinni. Matsgerð hefur þó ekki enn farið fram.

Gerðarbeiðandi snýr sér á nýjan leik til fógetaréttar Reykjavíkur hinn 11. þ. m. og krefst þess, að hinir fjárnumdu munir verði teknir úr vörzlum gerðarþola til sölu við nauðungaruppboð, og enn fremur, að frekari eignir hans verði fjárnumdar, þar eð enn sem komið er, hafi ekki fengizt nægileg verðmæti til lúkningar skuldinni.

Gerðarþoli hefur lýst yfir því, að hann geti ekki bent á frekari eignir til fjárnáms. Hann hefur og mótmælt því, að hinir fjárnumdu munir verði teknir úr vörzlum sínum, og ber það fyrir sig, að liðnar séu meira en 12 vikur, frá því að fjárnám fór fram, og verði fjárnámið því að teljast fallið niður.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt þessari skoðun gerðarþola sem löglausri, og er krafan um vörzlusviptingu hér til úrskurðar.

Gerðarþoli virðist byggja mótmæli sín gegn vörzlusviptingarkröfu gerðarbeiðanda á ákvæðum 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887. Verður engan veginn fallizt á það, að gerðarþoli geti borið þessi

ákvæði fyrir sig. Eftir að þessi fjárnámsgerð var byrjuð, hefur enginn annar aðili farið fram á fjárnám hjá gerðarþola, og ekki hefur bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Verður ekki séð, að nein lagafyrirmæli hindri það, að hinir fjárnumdu munir verði nú teknir úr vörzlum gerðarþola, og er krafa gerðarbeiðanda um vörzlusviptingu tekin til greina.

Því úrskurðast:

Munir þeir, sem fjárnám var gert í hinn 7. júlí 1954, skulu teknir úr vörzlum gerðarþola til sölu á nauðungaruppboði skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. október 1954.

Hinn 14. þ. m. var hér í réttinum kveðinn upp úrskurður þess efnis, að ýmsir munir, sem gert var fjárnám í hjá gerðarþola, Ewald Berndsen, hinn 7. júlí sl. að kröfu gerðarbeiðanda, Péturs Þorsteinssonar, skyldu á ábyrgð gerðarbeiðanda teknir úr vörzlum gerðarþola og gerðarbeiðanda fengin umráð þeirra til sölu á nauðungaruppboði.

Er mál þetta var síðan að nýju tekið fyrir hér í réttinum til frekari aðgerða hinn 26. þ. m., sýndi gerðarþoli í réttinum áfrýjunarstefnu, dags. 22. þ. m., en þar er áðurnefndum úrskurði fógeta áfrýjað til Hæstaréttar. Á grundvelli þessarar áfrýjunarstefnu mótmælti gerðarþoli því, að hin fyrirhugaða vörzlusvipting færi fram. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafizt, að hin áður úrskurðaða vörzlusvipting færi fram. Hélt umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram, að ef gerðarþoli vildi ekki una við úrskurð fógeta þar að lútandi, hefði honum borið að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar, og geti áfrýjun því engan veginn hindrað, að úrskurðinum verði framfylgt.

Er ágreiningur þessi hér til úrskurðar.

Verður hér ekki talin ástæða til þess að rekja málavöxtu nema að litlu leyti. Fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda, sem byggist á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu 402/1953: Pétur Þorsteinsson gegn Magnúsi Helgasyni, Lúðvík Guðmundssyni og Ewald Berndsen, er dagsett hinn 15. júní sl. Er krafizt fjárnáms hjá gerðarþola Ewald fyrir ⅓ hluta dómsskuldarinnar, kr. 61.235,93, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, ⅓ % af kr. 61.235,93 í víxilþóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilkostnað, kr. 1.466,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og eftirfarandi uppboð.

Hinn 7. júlí sl. fór fram fjárnám á heimili gerðarþola í ýmsum innanstokksmunum hans, en munir þessir eru enn í vörzlum gerðarþola, og fjárnámsgerðinni að nokkru frestað að öðru leyti.

Gerðarbeiðandi sneri sér á nýjan leik til fógeta hinn 11. þ. m. með kröfu um, að hinir fjárnumdu munir yrðu teknir úr vörzlum

gerðarþola. Er mótmæli komu fram af hálfu gerðarþola gegn því, að vörzlusvipting færi fram, var það atriði tekið til úrskurðar og kveðinn upp um það úrskurður þess efnis, að vörzlusvipting skyldi fram fara, og er það sá úrskurður, sem gerðarþoli hefur áfrýjað til Hæstaréttar, sjá hér að ofan.

Með tilliti til 198. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja, að gerðarþola hafi borið að kæra áðurnefndan úrskurð fógeta til Hæstaréttar eftir reglum XV. kafla nefndra laga, ef hann vildi ekki við hann una. Gerðarþoli hefur þó skotið úrskurðinum til Hæstaréttar eftir almennum reglum um áfrýjun, og verður ekki talið, að slíkt málsskot hindri það, að úrskurðinum verði framfylgt.

Því úrskurðast:

Úrskurði fógeta í máli þessu, upp kveðnum 14. þ. m., skal framfylgt skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Mánudaginn 22. nóvember 1954.

Nr. 10/1953. **Gunnar A. Pálsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. jan. 1953 og krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. febrúar 1953 og krafizt þess, að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, áfrýjanda dæmd á hendur fésekt fyrir þau svo og dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hin átöldu ummæli eru þessi: „. . . . hann“, þ. e. gagnáfrýjandi, „hefur í mín eyru viðhaft miður vinsamleg orð um mér æðri dómara“. Eigi þarf að skilja þessi ummæli svo, að aðal-

áfrýjandi drótti því að gagnáfrýjanda, að hann hafi viðhaft refsiverð orð um nefnda dómendur. Eins og á stendur, þykja hin átöldu orð ekki eiga að varða aðaláfrýjanda refsingu. Hins vegar eru orðin óviðurkvæmileg, og ber því að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940, enda hafa þau eigi verið sönnuð.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Gunnar A. Pálsson, greiði gagnáfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1952.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. nóvember 1951, gegn Gunnari A. Pálssyni rannsóknardómara, Vesturgötu 28 hér í bæ, út af ummælum stefnda um stefnanda í bréfi, dagsettu 11. s. m. Krefst stefnandi þess, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur til að greiða sekt fyrir þau og til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að í bréfi, dagsettu 11. nóvember 1951, er stefndi ritaði dr. Einari Arnórssyni hæstaréttarlögmanni og lagt var fram í Hæstarétti, segir svo meðal annars: „— — til Helga Benediktssonar og það engu fremur, þótt mér hafi verið sögð ýmis miður vinsamleg ummæli hans um mig, enda tel ég slíkt af hans hálfu ofur sannlegt (sic) og þá ekki sízt, þar eð hann hefur í mín eyru viðhaft miður vinsamleg orð um mér æðri dómara".

Í stefnunni í máli þessu eru tilgreind innan tilvitnunarmerkja þau ummæli, er stefnandi telur gefa efni til málshöfðunar, og eru þau þar á þessa leið: „miður vinsamleg ummæli um sér æðri dómara". Þrátt fyrir þetta misræmi þykir rétt að líta svo á, að í stefn-

unni sé átt við síðustu sjö orðin, sem tilgreind voru úr bréfi stefnda. Telur stefnandi, að í þeim felist ærumeiðandi aðdróttun, og séu þau auk þess tilhæfulaus og ósönn.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hin tilfærðu ummæli séu á engan hátt meiðandi, en jafnframt telur hann, að stefnandi hafi bæði í blöðum og bréfum farið um sig slíkum orðum, að ummæli sín ættu að vera refsilaus, þótt talin yrðu meiðandi.

Ummæli stefnda, þau er mál þetta reis af, þykja þannig löguð, að rétt er að taka til greina kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra, en hins vegar þykir ekki alveg næg ástæða til að refsa stefnda fyrir þau, og verður hann því sýknaður af refsikröfunni. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Að öðru leyti skal stefndi, Gunnar A. Pálsson, vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1954.

Nr. 133/1953. **Ottó B. Arnar** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Birni Ólafssyni (Jón N. Sigurðsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1953. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess,

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar hér fyrir dómi með sama hætti og í munnlegum málflutningi í héraði, þannig:

1. Laun fyrir tímabilið 1. janúar 1950—15. nóvember sama ár	kr.	25.696,38
2. Laun fyrir eftirvinnu á sama tíma	—	1.140,00
3. Ágóðaþóknun, 10% af kr. 19.454,50	—	1.945,45
4. Fargjald frá Englandi til Íslands	—	300,00
Samtals	kr.	29.081,83

Frá þessari fjárhæð dregur gagnáfrýjandi:

a. Greidd laun	kr.	21.673,92	
b. Andvirði £ 45-2-1 með gengi 26,22	—	1.182,10	
	Kr.	22.856,02	— 22.856,02
Verður því krafa gagnáfrýjanda	kr.		6.225,81

Um 1. kröfulið. Í bráðabirgðasamningi aðilja frá 27. ágúst 1949 er ákveðið, að laun gagnáfrýjanda skuli ekki vera lægri en Landssíminn greiðir fyrir sams konar starf. Aðaláfrýjanda var kunnugt um, að gagnáfrýjandi hafði áður unnið hjá Landssímanum, og þykir rétt að skýra samningsákvæðið og fylla þannig, að byrjunarlaun gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda skyldu vera hin sömu og gagnáfrýjandi hafði hjá Landssímanum, er hann lét þar af störfum. Samkvæmt gögnum málsins á gagnáfrýjandi þá rétt til launa fyrir áðurgreint tímabil, er nema alls kr. 24.034,00.

Um 2. kröfulið. Þessi liður, kr. 1.140,00, er viðurkenndur réttur af aðaláfrýjanda.

Um 3. kröfulið. Þessi liður styðst við ákvæði í bráðabirgðasamningi aðilja. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert rétti til þessarar ágóða-

þóknunar, og verður þessi liður því tekinn til greina, enda hefur fjárhæð hans ekki sætt andmælum.

Um 4. kröfulið. Aðaláfrýjandi hafði með bráðabirgðasamningnum skuldbundið sig til að greiða fargjald það, sem hér ræðir um, og hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi greitt það. Ber því að taka þenna lið til greina.

Um frádráttarliðina.

Um a. Aðiljar eru sammála um fjárhæð þessa frádráttarliðar.

Um b. Samkvæmt bráðabirgðasamningnum bar aðaláfrýjanda að greiða kostnað af för gagnáfrýjanda til Englands og dvöl hans þar við nám síðara hluta árs 1949. Af þessum sökum fékk gagnáfrýjandi í hendur frá enskum viðskiptafyrirtækjum aðaláfrýjanda £ 270-0-0, en fyrirtækin færðu aðaláfrýjanda fé þetta til skuldar. Gagnáfrýjandi kannast við, að honum beri að endurgreiða aðaláfrýjanda andvirði £ 45-2-1, eða kr. 1.182,10, sé miðað við gengi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi eins og það var árið 1949. Aðaláfrýjandi telur hins vegar, að auk framangreindra £ 45-2-1 beri að draga frá £ 31-3-10, sem gagnáfrýjandi hafi varið til útgjalda, er ekki falli undir ákvæði bráðabirgðasamningsins. Einnig telur aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjanda beri að endurgreiða nefndar fjárhæðir í íslenzkum krónum miðað við gengi sterlingspunds eins og það varð eftir gengisfall íslenzkrar krónu í marz 1950.

Kostnaðarliðir þeir, sem aðaláfrýjandi vill draga frá kröfu gagnáfrýjanda, samtals að fjárhæð £ 31-3-10, virðast allir vera þess eðlis, að þeir falli undir ákvæði bráðabirgðasamningsins um ferða- og dvalarkostnað gagnáfrýjanda. Koma hér því aðeins til frádráttar £ 45-2-1, sem reikna ber með gengi á sterlingspundum árið 1949. Frádráttur samkvæmt þessum lið verður því kr. 1.182,10.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 24.034,00 + kr. 1.140,00 + kr. 1.945,45 + kr. 300,00, samtals kr. 27.419,45, að frádregnum kr. 21.673,92 + kr. 1.182,10, samtals kr. 22.856,02. Mismun þessara niðurstöðutalna, kr. 4.563,43, ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ottó B. Arnar, greiði gagnáfrýjanda, Birni Ólafssyni, kr. 4.563,43 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1951 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Björn Ólafsson loftskeytamaður, Reykhólum hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 7. jan. 1951, gegn Ottó B. Arnar, Mímisvegi 8 hér í bæ, til greiðslu á kr. 7.916,95 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við dómtöku málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 6.225,81.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst til stefnda með bráðabirgðasamningi, dags. 27. ágúst 1949. Í samningi þessum er ákveðið, að stefnandi fari til Englands til þess að kynna sér ýmis tæki hjá tveimur félögum í London, en stefndi skyldi greiða ferðakostnað stefnanda og sjá honum fyrir ókeypis uppihaldi, meðan á námsdvöl hans stæði. Að afloknu námi skyldi stefnandi hefja starf sitt hjá stefnda sem viðgerðarmaður, og var ráðningartími ákveðinn 24 mánuðir. Skyldi á sínum tíma gerður nýr samningur með aðiljum og í honum nánar kveðið á um kaup og annað, en kaup skyldi ekki vera lægra en Landssíminn greiddi fyrir sams konar starf og auk þess 10% ágóðaþóknun af vinnu stefnanda. Þóknun þessa skyldi leggja til hliðar við hver mánaðamót og stefnanda gefinn kostur á, ef um semdist með aðiljum, að gerast meðeigandi fyrirtækis stefnda og þóknuninni þá varið til að greiða fyrir eignarhluta hans.

Stefnandi fór þegar utan og kom eigi aftur heim fyrr en í desembermánuði og hóf störf sín hjá stefnda í ársbyrjun 1950. Stefnandi vann hjá stefnda þar til um miðjan nóvember s. á., en hætti þá vegna þess, að hann fékk eigi, að hann telur, greidd þau laun, er hann taldi sig eiga rétt á að fá. Sundurliðar hann þannig kröfur sínar, að sér hafi borið í laun um tímabilið kr. 25.696,38, fyrir eftirvinnu kr. 1.140,00 og í ágóðaþóknun kr. 1.945,45, eða samtals kr. 28.781,83,

en stefndi hafi greitt kr. 21.673,92 og eftir standi því kr. 7.107,91. Þá skýrir stefnandi svo frá, að í Englandsför sinni hafi hann veitt viðtöku £ 270-0-0, er stefndi átti. Af þessu fé hafi hann greitt fyrir stefnda £ 99-16-11, en ferða- og dvalarkostnaður sinn hafi numið £ 125-1-0. Mismuninn, £ 45-2-1, beri sér að endurgreiða stefnda í íslenzkum krónum miðað við gengi kr. 26,22 eða kr. 1.182,10, þó að frádregnum kr. 300,00, er hann kveðst hafa greitt úr eigin vasa fyrir fargjaldi heim til Íslands. Krafa hans er því um kr. 7.107,91 ÷ kr. 882,10 eða kr. 6.225,81.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að laun stefnanda hafi eigi átt að nema meira en kr. 23.573,00 og yfirvinna kr. 1.140,00, en upp í þetta hafi hann greitt kr. 21.673,92. Hann vefengir, að ágóðaþóknun stefnanda eigi að koma til útborgunar, en viðurkennir, að hún sé rétt reiknuð. Enn fremur telur hann, að stefnanda beri að endurgreiða sér £ 170.31 (sic) svo og íslenzkar kr. 910,00 (fargjald hans til London). Staðhæfingu sína um launafjárhæðina byggir stefndi á því, að samkvæmt samningnum hafi stefnandi átt að fá byrjunarlaun símvirkja, en kröfur sínar, að því er varðar ágóðaþóknun stefnanda og endurgreiðslu á ferðakostnaði og sterlingspundum, virðist hann byggja á því, að stefnandi hafi rofið samningana. Verður nú hvert þessara atriða um sig tekið til athugunar.

Stefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að hann hafi haft hámarkslaun símvirkja hjá Landssíma Íslands, áður en hann réðst til stefnda. Kveðst hann hafa tekið það fram við samningsgerðina, að hann ætlaðist til að fá jafnhátt kaup og hann hafði haft hjá Landssímanum, þegar hann hætti í þjónustu hans. Hann kveðst þó eigi hafa sagt stefnda, hversu hátt kaupið var, heldur aðeins, hver starfsaldur sinn var. Hann skýrir og svo frá, að stefndi hafi eigi greitt mánaðarlaun á ákveðnum gjalddögum, heldur misháar fjárhæðir, eftir því sem aðstæður leyfðu. Hann kveðst og oft hafa kvartað yfir því við stefnda, að hann fengi ekki eins hátt kaup og honum bæri, og hafi stefndi tekið því vel og lofað að bæta úr. Stefndi hefur skýrt svo frá, að ekki hafi verið rætt um það við samningsgerðina, að stefnandi fengi sama kaup og hann hafði síðast hjá Landssímanum, en kunnugt var stefnda um launakjör símvirkja þar, og eigi hefur hann mótmælt því, að stefnandi hafi þá sagt honum um starfsaldur sinn. Þá hefur hann og viðurkennt, að rétt sé lýsing stefnanda á tilhögun launagreiðslna, og eigi mótmælt því, að stefnandi hafi kvartað yfir henni.

Þegar virt eru þessi atriði, þykir verða að líta svo á, að stefnandi hafi mátt treysta því, að launakjör hans yrðu hin sömu og þau, er hann hafði haft síðast hjá Landssímanum, og að honum sé því rétt að miða kaupkröfu sína við þau.

Stefndi hefur, eins og fyrr segir, viðurkennt kröfu stefnanda, kr. 1.140,00, fyrir yfirvinnu.

Telja verður, að stefnandi hafi haft rétt á ágóðaþóknun sinni,

hvort sem henni yrði varið til kaupa á hluta fyrirtækis stefnda eða ekki, og hann eigi því rétt til að fá hana greidda, þar eð víst er, að eigi verður af kaupum.

Í margnefndum samningi aðiljanna er eigi gert ráð fyrir, að framlag stefnda til ferðakostnaðar og til námsdvalar sé afturkræft, og verður endurgreiðslukröfu stefnda því eigi sinnt. Ekki er annað í ljós leitt en stefnanda hafi verið heimilt að greiða dvalarkostnað sinn í Englandi af því fé, er hann veitti viðtöku þar vegna stefnda. Í málinu hefur stefnandi lagt fram greinargerð um þennan kostnað, og hefur stefndi til vara krafizt þess, að frá þessum kostnaði verði dregið £ 31-3-10, er hann telur óeðlileg útgjöld.

Gegn mótmælum stefnanda þykir þessi krafa eigi svo rökstudd, að hægt sé að taka hana til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 900,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ottó B. Arnar, greiði stefnanda, Birni Ólafssyni, kr. 6.225,81 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 900,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1954.

Nr. 75/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Pétri Guðmundssyni (Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins, sem getið er í héraðsdómi. Reyndist staður varðskipsins

við dufl það, sem sett hafði verið út hjá b/v Sólborgu, um 2.3 sm., skip ákærða kl. 01.10 hinn 16. apríl 1954 um 1.3 sm. og ljósdufl, sem lagt var frá varðskipinu kl. 01.36 sama dag milli skips ákærða og b/v Skúla Magnússonar, um 1.5—1.6 sm. innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur eigi breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Pétur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1489/1954: Ákæruvaldið gegn Pétri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Pétur Guðmundsson, skipstjóri á togaranum Hafliða, SI. 2, til heimilis á Laugavegi 147 í Reykjavík, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að flotvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt föstudagsins 16. apríl 1954 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. En til vara er hann ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa í fyrrnefnt sinn eigi haft

veiðarfærin öll í búlka innan borðs. Er hann því ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. október 1916 að Hrólfsskála á Seltjarnarnesi, og hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé, að því undanskildu, að hann var hinn 3. september 1935 sektaður á Siglufirði um kr. 30,00 fyrir götuóspektir og hinn 27. janúar 1953 sektaður hér í bæ um kr. 75,00 fyrir umferðarlagabrot.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra á varðskipinu Ægi, var varðskipið föstudaginn 16. þ. m. statt við ljósdufl, sem það hafði sett út við b/v Sólborgu, ÍS. 260, og var í 10.0 sjómílna fjarlægð frá Þridröngum og 7.8 sjómílna fjarlægð frá Einidrang eða 2.4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna NV af Einidrang. Kl. 01.10 sáust tveir togarar rétt hvor hjá öðrum í réttvísandi 267° og í 1.2 og 1.4 sjómílna fjarlægð. Var þegar haldið að togurunum. Kl. 01.21 var skotið lausaskoti að togurunum, og sneri þá annar þeirra, sem var b/v Hafliði, SI. 2, hér um bil heilan hring til stjórnborða og lýsti umhverfis sig með ljóskastara. Kl. 01.32 var skotið skörpu skoti, og námu þá togararnir staðar og drógu inn vörpurnar. Kl. 01.36 var látið út ljósdufl milli togaranna, sem reyndust vera áðurnefndur togari og Skúli Magnússon, RE. 202, og hafði b/v Hafliði stjórnborðsvörpu í sjó. Bátur var sendur frá varðskipinu yfir að b/v Hafliða til að sækja skipstjórann, ákærða, og var hann fluttur yfir í varðskipið til yfirheyrslu. Þar var honum tjáð, að hann væri að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, og kom það honum á óvart, þar sem hann taldi sig vera utan þeirra. Hann kvaðst hafa verið að kasta, og við athugun á vörpu hans sást, að enginn fiskur var í henni né heldur á þilfari. Var ákærði síðan fluttur aftur yfir í skip sitt og ákveðið að bíða birtu til frekari staðarákvörðunar.

Kl. 10.25 var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði og skipstjórinn á b/v Skúla Magnússyni sóttir í skip sín og fluttir yfir í varðskipið. Kl. 10.52 var farið að áðurnefndu ljósdufli b/v Sólborgar, og þaðan staðsettu skipstjórar togaranna ásamt yfirmönnum varðskipsins b/v Skúla Magnússon, sem lá fast við ljósdufl það, sem lagt hafði verið út milli togaranna um nóttina og áður er getið, og miðaðist b/v Skúli Magnússon í réttvísandi 277° og mældist í 1.4 sjómílna fjarlægð eftir ratsjá frá áður staðsettu dufli b/v Sólborgar. Mældist staður duflsins þannig 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi á stað þess var 90 metrar. Að þessari staðsetningu lokinni var kl. 11.09 haldið aftur til togaranna, skipstjórar þeirra fluttir hvor í sitt skip og þeim sagt að sigla til Reykjavíkur. Meðan skipstjórarnir voru í varðskipinu við Sólborgarduflið, athuguðu þeir ratsjárfjarlægðir í Þridranga og Einidrang og sam-

þykktu staðarákvörðun varðskipsins við þetta dufl. Veður var SSV 6, sjór SSV 4, þokuloft, loftvog 767,0. Mælingu varðskipsins kl. 01.10 gerðu skipherrann og III. stýrimaður, en mælinguna kl. 10.52 skipherra og I. stýrimaður, og hafa stýrimennirnir staðfest skýrslur sínar um þetta atriði og annað, sem þeir hafa borið í máli þessu, með eiði.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann telji skýrslu skipherrans rétta, þar á meðal, að duflið hafi verið 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, þegar staður þess var mældur kl. 10.52, og um athafnir togarans á þessum tíma skýra ákærði og stýrimaður togarans svo frá, að hann hafi verið að kasta stjórnborðsflotvörpunni, og voru varpan, „grandrópar" og vörpuhlerar komin í sjó. Getur þetta vel samrýmzt lýsingu III. stýrimanns og bátsmanns varðskipsins á ástandi veiðarfæra togarans, þegar þeir fóru um borð í hann til að sækja ákærða, og telst því sannað, að athafnir togarans hafi verið þær, sem ákærði og stýrimaður togarans hafa lýst. Ákærði hefur skýrt svo frá, að þegar þetta gerðist, hafi hann verið nýkominn á þessar slóðir vestan af Selvogsbanka. Kl. 23.35 kveðst hann hafa fært sig til skipa, sem sögðust vera 20 sjómílur NVaV frá Þrídröngum. Kl. 01.35 taldi hann togarann vera staddan 15 sjómílur NVaV½V frá Þrídröngum, en í þann mund kom varðskipið að honum. Samkvæmt þessu taldi ákærði sig vera 1—2 sjómílur utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði miðaði radíóvitann í Vestmannaeyjum, og stað skipsins kl. 01.35 ákvarðaði hann eftir þessari miðun og dýpinu, sem var 50 faðmar. Fjarlægðarmælingu gerði hann enga, og ratsjá skipsins, sem hafði verið í gangi allan daginn, var í óstandi, þegar hér var komið, og gagnslaus.

Ákærði hefur haldið því fram, að togarann kunni að hafa rekið fyrir straumi og vindi í áttina til lands, frá því að varðskipið kom að honum og þar til duflið var sett út, og einnig, að duflið kunni að hafa rekið í áttina til lands, og geti þetta valdið þeim mun, sem hann segir verið hafa á stað duflsins um morguninn og stað togarans, þegar varðskipið kom að honum.

Í tilefni af þessu hefur dómurinn kvatt tvo skipstjóra til að skoða duflið og legufæri þess, og hafa þeir gefið lýsingu á því, sem sýnir, að hvort tveggja hefur verið í góðu standi, og er upplýst, að akkerið var stokkakkeri. Samkvæmt upplýsingum skipherrans var um nóttina SSV 6 vindstig og sjór SSV 4, en ákærði segir vindinn hafa verið SSV 6—7 og mikinn vestanstraum. Hvorugur þeirra mældi styrkleika straumsins.

Sannað er, að legufæri duflsins voru í góðu lagi og greið, bæði þegar það var sett út og tekið inn, og hafa skipherrann og allir stýrimenn varðskipsins eiðfest það afdráttarlausa álit sitt, að duflið hafi ekki rekið. Að öllum aðstæðum athuguðum telur dómurinn eigi ástæðu til að ætla, að duflið hafi rekið, a. m. k. ekki neitt, sem máli skiptir. Einnig er það álit dómsins, að ekki sé mögulegt, að

togarinn hafi borizt vegna vinds, öldugangs eða straums 1.6 sjómílur inn fyrir fiskveiðitakmörkin, — hvað þá enn lengri leið alls, eins og ákærði virðist gefa í skyn, — frá því varðskipið kom að honum og þar til duflið var sett út. Vera má, að skipið hafi borizt eitthvað í átt til lands vegna vinds og straums á þessari stuttu stundu, en fráleitt er, að það orki því, að togarinn teljist hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna, þegar varðskipið kom að honum.

Eins og áður segir, hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið að kasta stjórnborðsflotvörpu togarans, þegar varðskipið kom að honum, og hafi hún, „grandrópar" og vörpuhlerar verið komin í sjó. Hljóta þessar aðgerðir að teljast veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920.

Þar sem það því er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum með flotvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 677 brúttó smálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Hafliða, SI. 2, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Mál skipstjórans á b/v Skúla Magnússyni er afgreitt sérstaklega.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Guðmundsson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Hafliða, SI. 2, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1954.

Nr. 73/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Kristjáni Kristjánssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins, sem getið er í héraðsdómi. Reyndist staður varðskipsins við dufl það, sem sett hafði verið út hjá b/v Sólborgu, um 2.3 sm., skip ákærða kl. 01.10 hinn 16. apríl 1954 um 1.4—1.5 sm. og ljósdufl, sem lagt var frá varðskipinu kl. 01.36 sama dag milli skips ákærða og b/v Hafliða, um 1.5—1.6 sm. innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur eigi breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kristján Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun

sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1487/1954: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Kristján Kristjánsson, skipstjóri á togaranum Skúla Magnússyni, RE. 202, til heimilis á Sólvallagötu 13 hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að flotvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt föstudagsins 16. apríl 1954 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952, en til vara er hann ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa í fyrrnefnt sinn eigi haft veiðarfæri öll í búlka innan borðs.

Er hann því ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júlí 1893 í Bolungavík, og hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé, að því undanskildu, að hann var hinn 5. júní 1948 sektaður hér í Reykjavík um kr. 1.000,00 fyrir tolllagabrot.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra á varðskipinu Ægi, var varðskipið föstudaginn 16. þ. m. statt við ljósdufl, sem það hafði sett út við b/v Sólborgu, ÍS. 260, og var í 10.0 sjómílna fjarlægð frá Þrídröngum og 7.8 sjómílna fjarlægð frá Einidrang eða 2.4 sjómílur innan við fiskveiðitakmörkin NV af Einidrang. Kl. 01.10 sáust tveir togarar rétt hvor hjá öðrum í réttvísandi 267° og í 1.2 og 1.4 sjómílna fjarlægð. Var þegar haldið að togurunum. Kl. 01.21 var skotið lausu skoti að togurunum. Kl. 01.32 var skotið skörpu skoti, og námu þá togararnir staðar. Kl. 01.36 var látið út ljósdufl milli togaranna, sem reyndust vera Skúli Magnússon, RE. 202, og Hafliði, SI. 2. Við athugun kom í ljós, að b/v Skúli Magnússon var að draga inn bakborðsvörpu. Varðskipið náði talstöðvarsambandi við ákærða, skipstjóra b/v Skúla Magnússonar, og tilkynnti honum, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna, en

ákærði hélt sig vera utan þeirra og sagðist hafa verið að kasta vörpu, þegar varðskipið kom. Varð síðan að samkomulagi milli skipherrans og ákærða að bíða nánari athugana, þar til birti af degi. Kl. 10.25 var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði og skipstjórinn á b/v Hafliða sóttir í skip sín og fluttir yfir í varðskipið. Kl. 10.52 var farið að áðurnefndu ljósdufli á stað b/v Sólborgar, og þaðan staðsettu skipstjórar togaranna ásamt yfirmönnum varðskipsins b/v Skúla Magnússon, sem lá fast við ljósdufl það, sem lagt hafði verið út á milli togaranna um nóttina og áður er getið, og miðaðist b/v Skúli Magnússon í réttvísandi 227° og mældist í 1.4 sjómílna fjarlægð eftir ratsjá. Einnig athuguðu skipstjórar togaranna ratsjárfjarlægð í Þrídranga og Einidrang og samþykktu staðarákvörðun varðskipsins við ljósdufl b/v Sólborgar. Að þessari staðsetningu lokinni, kl. 11.09, var haldið aftur til togaranna, og kl. 11.25 voru skipstjórar þeirra fluttir hvor í sitt skip og sagt að sigla til Reykjavíkur. Þegar duflið, sem lagt var milli togaranna, var tekið inn, var gerð ratsjármiðun til Þrídranga réttvísandi 99°. Við framangreinda staðsetningu duflsins, sem lagt var milli togaranna, reyndist staður þess vera 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna og dýpi á staðnum 90 metrar. Mælingu varðskipsins kl. 01.10 gerðu skipherrann og III. stýrimaður, en mælinguna kl. 10.52 skipherra og I. stýrimaður, og hafa báðir stýrimennirnir staðfest með eiði skýrslur sínar um mælingar þessar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann telji skýrslu skipherrans rétta, þar á meðal, að duflið hafi verið 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, þegar staður þess var mældur kl. 10.52, og um athafnir togarans á þessum tíma skýrði ákærði og stýrimaður togarans svo frá, að hann hafi verið að kasta bakborðsflotvörpunni og hún verið komin í sjó ásamt „grandrópum", en eigi vörpuhlerarnir, og kveðst ákærði ekki hafa verið búinn að gefa skipun um að slaka þeim. Ekkert er komið fram, sem hnekki þessari skýrslu þeirra um athafnir togarans.

Enda þótt ákærði viðurkenni stað duflsins kl. 10.52 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, kveðst hann ekki viðurkenna, að togarinn hafi verið á þeim stað, þegar varðskipið kom að honum og setti út duflið í 100—200 faðma fjarlægð frá honum. Hann heldur því einmitt fram, að togarinn hafi á þessum tíma verið um hálfa sjómílu utan fiskveiðitakmarkanna. Eigi mældi hann þó stað togarans á þessum tíma, en kl. 21.00 um kvöldið hafði hann miðað radíóvitann í Vestmannaeyjum, og miðaðist hann þá í SA½A misvísandi, og var dýpið 50—52 faðmar. Eftir þetta virðist ákærði enga athugun hafa gert um stað togarans, en hann kveðst hafa álitið hann vera hinn sama, allt þar til varðskipið kom, og skýrir í því sambandi svo frá, að bergmálsdýptarmælir togarans hafi verið í gangi allan þann tíma og sýnt sama dýpi. Ákærði hefur haldið því fram, að togarann hafi rekið fyrir straumi og vindi í áttina til lands, frá því að varð-

skipið kom að honum og þar til duflið var sett út, og einnig gefið í skyn, að duflið hafi rekið í áttina til lands, og hafi þetta valdið þeim mun, sem hann segir verið hafa á stað duflsins um morguninn og stað togarans, þegar varðskipið kom að honum. Í tilefni af þessu hefur dómurinn kvatt tvo skipstjóra til að skoða duflið og legufæri þess, og hafa þeir gefið lýsingu á því, sem sýnir, að hvort tveggja hefur verið í góðu standi, og er upplýst, að akkerið var stokkakkeri. Samkvæmt upplýsingum skipherrans var um nóttina SSV 6 vindstig og sjór SSV 4, en ákærði segir vindinn hafa verið SSV um 7 stig. Hvorugur þeirra mældi styrkleika straumsins, en ákærði heldur því fram, að verið hafi mikill straumur, sem setti í áttina til lands. Sannað er, að legufæri duflsins voru í góðu lagi og greið, bæði þegar það var sett út og tekið inn, og hafa skipherrann og allir stýrimenn varðskipsins staðfest það afdráttarlausa álit sitt, að duflið hafi ekki rekið.

Að öllum aðstæðum athuguðum telur dómurinn eigi ástæðu til að ætla, að duflið hafi rekið, a. m. k. ekki neitt, sem máli skiptir. Einnig er það álit dómsins, að ekki sé mögulegt, að togarinn hafi borizt vegna vindsins, öldugangs eða straums 1.6 sjómílur inn fyrir fiskveiðitakmörkin, — hvað þá rúmar 2 sjómílur alls, eins og ákærði virðist halda fram, — frá því að varðskipið kom að honum og þar til duflið var sett út. Vera má, að skipið hafi borizt eitthvað í átt til lands vegna vinds og straums á þessari stuttu stundu, en fráleitt er, að það orki því, að togarinn teljist hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna, þegar varðskipið kom að honum.

Eins og áður segir, hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið að kasta bakborðsflotvörpu togarans, þegar varðskipið kom að honum, og hafi hún verið komin í sjó. Hljóta þessar aðgerðir að teljast veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920. Þar sem það því er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum með flotvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 677 brúttó smálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Skúla Magnússonar, RE. 202, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Mál skipstjórans á b/v Hafliða er afgreitt sérstaklega.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Kristjánsson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Skúla Magnússonar, RE. 202, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1954.

Nr. 179/1953. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Finnbogasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Öflun nýrra gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er í mörgum greinum áfátt. Ber því nauðsyn til að leita frekari skýrslna um það, áður en dómur verður á það lagður í Hæstarétti.

1) Leiða þarf í ljós efnahag Birnu Löwdals á þeim tíma, sem hún samþykkti víxil þann, sem í máli þessu greinir, hverjar skuldir hvíldu þá á henni og hvernig henni gekk að inna þær af hendi.

2) Birna Löwdal skal spurð um aðdraganda að því, að hún hugðist selja víxilinn, hvernig hún ætlaði að verja víxilfénu, hvort hún þurfti að greiða aðkallandi skuldir, og ef svo var, þá hverjum lánardrottnum, og hvernig fór um greiðslu slíkra

skulda, ef til voru. Birna skal enn spurð, hvernig skipti hennar og ákærða hófust og hvers vegna hún leitaði til ákærða um sölu víxilsins, hvers vegna hún seldi víxilinn eigi í banka og hvort það sé rétt, að hún ætlaði að láta sér nægja kr. 23.000,00 fyrir hann. Hún skal innt eftir því, hvers vegna hún dró um nokkurn tíma að leita réttar síns á hendur ákærða. Hún skal spurð, hvort hún hafi borið vandkvæði sín út af víxlinum upp við nokkra menn, áður en hún leitaði til lögfræðings þess, sem kærði málið af hennar hendi, og ef svo var, þá hvað hún hafi tjáð þeim mönnum.

3) Menn, sem Birna Löwdal kann að hafa borið sig upp við, skulu látnir gefa skýrslu um frásögn hennar af málsefni, ef til þeirra næst.

4) Útgefandi víxilsins skal spurður um það, hvaða skýrslu Birna Löwdal hafi gefið honum um það, til hvers víxilféð átti að renna, hvort hún hugðist greiða skuldir með því, og ef svo var, þá hverjar, hvort hún kvartaði við hann undan viðskiptum við ákærða, og ef svo var, þá hvað hún sagði honum um þau skipti.

5) Ákærði skal rækilega um það spurður, hvernig hann varði því fé, sem hann fékk fyrir víxilinn, hvernig hann aflaði fjár síðar til að greiða Birnu Löwdal og hvar og hvenær hann innti greiðslur af hendi til hennar. Hann skal og spurður, hvort hann notaði bankaávísanabók í þeim eða öðrum viðskiptum.

6) Leitað skal vitneskju um fjáreyðslu ákærða á þeim tíma, er hér skiptir máli, hvort hann losaði sig þá úr skuldum o. fl.

Héraðsdómara ber að prófa mál þetta af nýju og afla framangreindra skýrslna svo og annarra þeirra skýrslna, er hin nýja prófun veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn þá, sem að ofan greinir.

Mánudaginn 29. nóvember 1954.

Nr. 33/1954. **Ákæruvaldið** (Theodór B. Líndal)
gegn
Kristjáni Einarssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Sýknað af broti á 248. og 249. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Hvorki orð þau í símskeyti Hálfdánar Bjarnasonar til ákærða 23. apríl 1948, sem rakin eru í héraðsdómi, en á þeim orðum hafa þeir gefið skýringar, sem ósannað er, að séu rangar, né óstaðfest ummæli R. Gismondis, sem nú er látinn, veita gegn neitun ákærða sönnun fyrir því, að hann hafi áskilið sér sjálfum til handa gjald það, er í málinu greinir. Þykir verða að leggja til grundvallar, að umrætt gjald hafi átt að renna til Gunnars skipamiðlara Guðjónssonar sem bætur fyrir tjón hans í sambandi við siglingu farmskipsins Lady Kathleen til Grikklands í stað Ítalíu, eins og í héraðsdómi greinir. Eftir þeim gögnum, sem fram hafa komið við rannsókn málsins, er eigi í ljós leitt, að með samningaumleitunum um nefnda greiðslu til skipamiðlarans hafi tilraun verið gerð til að ganga á rétt Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykir mega staðfesta.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar á að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theodórs B. Líndals og Einars B. Guðmundssonar, kr. 4.500,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. marz 1954.

Ár 1954, mánudaginn 1. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var af Guttormi Erlendssyni hrl., setudómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Einarssyni.

Málið er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, dags. 25. marz 1952, og er það svo hljóðandi:

„Dómsmálaráðherra gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Kristjáni Einarssyni framkvæmdarstjóra, Smáragötu 3 hér í bæ, fæddum 1. júlí 1893, fyrir að hafa vorið og sumarið 1948 gert árangurslausar tilraunir til að taka á óleyfilegan hátt 6 ensk pence af hverjum saltfiskspakka eða 10 shillings ensk af hverju saltfiskstonni, sem samningar stóðu um að selja héðan af landinu til Grikklands, en brot þetta er talið varða við 248. gr. og 249. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. greindra laga."

Á grundvelli þessa ákæruskjals var héraðsdómur kveðinn upp í málinu 30. maí 1952 og þar einungis tekin afstaða til þess, hvort ákærði hefði gert tilraun til að taka sjálfum sér til handa greiðslu þá, er greinir í ákæruskjali. Þeim dómi áfrýjaði dómsmálaráðuneytið 11. sept. 1952, og kom málið til flutnings í Hæstarétti 13. nóv. 1953. Þar var lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. sama dag, og er þar tekið fram, að ætlazt hafi verið til, að ákæruskjalið væri skilið þannig, að ákæran tæki bæði til þess, að ákærði „hefði sjálfur átt að fá hin umræddu sex pence, svo og til þess, að aðrir hefðu átt að fá þau". Hinn 6. nóv. 1953 ómerkti Hæstiréttur héraðsdóminn og vísaði málinu heim í hérað, þar sem héraðsdómarinn hafði ekki tekið afstöðu til síðarnefnda atriðisins í nefndu skýringarbréfi dómsmálaráðuneytisins. Með bréfi, dags. 10. des. 1953, sendi ráðuneytið dómaranum málið til meðferðar að nýju samkvæmt umboðsskrá hans, ákæruskjalinu og nefndum dómi Hæstaréttar. Eftir að fram hafði farið frekari rannsókn í málinu og framhaldsvörn verið lögð fram, var málið dómtekið 23. febrúar 1954.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. júlí 1893. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að vitað sé:

1922 4/2 Aðvörun fyrir eldfæri í óstandi.
1923 2/1 Aðvörun fyrir eldfæri í óstandi.
1925 6/1 Sætt, sekt 400 kr. fyrir áfengissölu.

1930 20/8 Sætt, sekt 5 kr. fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1931 22/5 Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1938 3/5 Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
1940 20/8 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.
1947 8/9 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Tildrög málsins eru þessi:

Í skýrslu til Landssambands íslenzkra útvegsmanna (skammstafað L.Í.Ú.), dags. 16. nóv. 1948, ræðir Geir H. Zoëga, sem um þetta leyti var starfsmaður við Innkaupadeild L.Í.Ú., nokkur atriði í samskiptum sambandsins og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda (skammst. S.Í.F.). Er S.Í.F. í skýrslunni einkum gagnrýnt fyrir það að gefa L.Í.Ú. ekki tækifæri til að leigja S.Í.F. skip undir saltfisksfarma svo og fyrir fyrirkomulag saltfiskssölunnar á Ítalíu og Grikklandi.

Stjórn L.Í.Ú. sendi S.Í.F. skýrslu þessa til umsagnar, og eru athugasemdir þess dags. 26. nóv. 1948. Er þar vísað á bug nefndri gagnrýni Geirs H. Zoëga. Í athugasemdunum er þess m. a. getið, að í apríl og maí 1948 hafi S.Í.F. boðið og Enrico Gismondi & Co. samþykkt að kaupa 2000 smál. af saltfiski, en Gismondi síðan fallið frá kaupunum. Er þessa getið hér vegna þess, er síðar gerðist í málinu.

Þegar stjórn L.Í.Ú. bárust athugasemdir þessar, fól hún Geir H. Zoëga að svara þeim. Hófst hann þegar handa um öflun gagna í því skyni. Hjá firmanu E. Gismondi & Co. spurðist hann sérstaklega fyrir um sölu þá á 2000 smál. af saltfiski, sem áður er greint frá. Vegna þessa sendi firmað Geir skjöl þau, er farið höfðu milli þess og Hálfdánar Bjarnasonar, umboðsmanns S.Í.F. á Ítalíu, viðvíkjandi þessari sölu, til þess að sýna, hver gangur málsins hefði verið. Meðal þessara skjala var afrit símskeytis, dags. 23. apríl 1948, frá Hálfdáni Bjarnasyni til ákærða, sent á heimili hans hér í bænum. Endar skeytið þannig: „Referring to your letter of 17th inst. to me Zuerich Gismondi approves your six regards.“ Enn fremur var meðal skjalanna afrit bréfs á ítölsku, dags. 16. ágúst 1948, frá Gismondi til Hálfdánar Bjarnasonar, og endar það í íslenzkri þýðingu á þessum orðum: „Vér göngum út frá, að við ofangreint verð (þ. e. 78/— pr. pakka fob.) skuli bætt 6 d. í samræmi við fyrri orðsendingar yðar.“ Í skjölunum finnast engar skýringar á þessum atriðum.

Andsvar Geirs við áðurnefndum athugasemdum S.Í.F. er dags. 20. jan. 1949. Er þar sérstaklega vakin athygli á símskeytinu frá 23. apríl 1948, án þess þó að efni þess sé rakið. Einnig er þess þar getið, að skjölin viðvíkjandi áðurnefndri 2000 tonna saltfisksölu fylgi andsvarinu.

Þetta andsvar sendi Geir til skrifstofu L.Í.Ú. hér í bæ, en afrit þess til Jóhanns Þ. Jósefssonar ráðherra, Jóns bankastjóra Maríassonar, Finns alþingismanns Jónssonar, Ólafs Jónssonar framkvæmdarstjóra og Lofts Bjarnasonar útgerðarmanns.

Andsvar Geirs var lagt fram á fundi, sem stjórn L.Í.Ú. hélt 3.

marz 1949, og virðast þá einnig öll fylgiskjölin, er með því voru, hafa verið lögð fram. Þar sem andsvarið var samið á ensku, ákvað stjórn L.Í.Ú. að láta þýða það á íslenzku. Fylgiskjölin voru þó ekki þýdd á íslenzku. Hin íslenzka þýðing andsvarsins var síðan samkv. ákvörðun stjórnar L.Í.Ú. send til ríkisstjórnarinnar, stjórnar S.Í.F., stjórnar Fiskimálasjóðs og allra stjórnarmeðlima L.Í.Ú. Ekki verður annað séð en allir þeir, er andsvarið fengu, hafi haft frjálsan aðgang að fylgiskjölum þess í skrifstofu L.Í.Ú.

Geir H. Zoëga hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi eigi til fullnustu skilið niðurlag nefnds símskeytis frá 23. apríl 1948 og því spurzt frekar fyrir um efni þess hjá Gismondi. Eftir því sem upp er komið í málinu, virðist það þó hafa dregizt til 15. júlí 1949. Þann dag virðist Geir hafa skrifað Gismondi tvö bréf, og hefur aðeins annað þeirra verið lagt fram í málinu. Í bréfi þessu biður Geir fyrst og fremst um nánari upplýsingar um greiðsluna á 6 d. pr. fiskpakka. Í annan stað spyrst hann fyrir um það, hvort ákærði hafi fengið greidda dulda þóknun af tveimur eða þremur skipsförmum af saltfiski, sem Gismondi hafi keypt frá Íslandi með milligöngu Hálfdánar Bjarnasonar.

Þessum bréfum svarar Gismondi með bréfi, dags. 18. júlí 1949. Þar segir hann, að firma sitt hafi aldrei átt verzlunarviðskipti við Ísland með milligöngu Hálfdánar Bjarnasonar. Enn fremur segir hann, að þegar samningar hófust um áðurnefnd 2000 tonn af saltfiski, sem seljast áttu fob., hafi Hálfdán Bjarnason sagt, að ákærði væri vanur að fá í þóknun 6 d. pr. pakka, og væri hún tekin af farmgjaldinu. Kveðst Gismondi hafa samþykkt að greiða slíka þóknun, og sé við hana átt, þar sem rætt er um 6 d. í símskeytinu frá 23. apríl 1948.

Geir H. Zoëga kom hingað til lands í ágúst 1949, og hafði hann þá gögn þessi meðferðis. Ræddi hann við stjórnarformann og framkvæmdarstjóra L.Í.Ú. um mál þetta. Niðurstaðan af viðræðum þeirra varð sú, að réttast væri að leggja málið fyrir Richard Thors, stjórnarformann S.Í.F., en sem algert trúnaðarmál. Skrifaði Geir síðan bréf, sem dags. er 5. sept. 1949, til Richards Thors og sendi honum gögn þau, er mál þetta varða. Jafnframt telur hann æskilegt, að þeir ásamt stjórnarformanni L.Í.Ú. ræddu mál þetta sín á milli.

Er Richard fékk bréf þetta, átti hann þegar símasamtal við Geir. Sagði hann, að þar sem mál þetta væri fyrir sig lagt sem algert trúnaðarmál, teldi hann sér óheimilt að ræða það við aðra. Hins vegar gæti hann ekki tekið við slíkum ásökunum á hendur framkvæmdarstjóra S.Í.F. án þess að ræða þær við hann, og ef það væri ekki leyft, neyddist hann til að endursenda bréfið. Féllst Geir þá strax á, að Richard ræddi málið við ákærða.

Er Richard átti tal við ákærða um mál þetta, skýrði hinn síðarnefndi svo frá, að sér væri mál þetta óviðkomandi með öllu. Þau 6 d., sem um ræðir í símskeytinu frá 23. apríl 1948, hafi átt að vera

greiðsla frá Gismondi til Gunnars Guðjónssonar skipamiðlara vegna tjóns, er sá síðarnefndi varð fyrir í sambandi við flutning á lýsi, þegar leigusamningi, er gerður hafði verið um skipið Lady Kathleen, var breytt á þá lund, að skipið færi til Grikklands í stað Ítalíu, eins og um hafði verið samið í upphafi ferðar. Verður mál þetta allt rakið nánar hér á eftir samkvæmt upplýsingum þeim, sem fengizt hafa við rannsókn málsins. Fékk ákærði Richard í hendur ýmis skjöl, er hann taldi staðhæfingu sinni til stuðnings. Jafnframt kom þeim Richard og ákærða saman um að leggja mál þetta fyrir næsta aðalfund S.Í.F., sem halda átti í desember þetta sama ár.

Er Richard hafði rætt við ákærða, hélt hann þegar á fund þeirra Geirs og formanns stjórnar L.Í.Ú. Tjáði hann þeim, að hann teldi ákærða hafa hreinsað sig af grun þeim, sem á hann hefði verið lagður um töku dulinna greiðslna í sambandi við saltfisksölur, og sýndi þeim jafnframt gögn þau, er ákærði hafði fengið honum í hendur. Hann skýrði þeim einnig frá því, að málið yrði lagt fyrir næsta aðalfund S.Í.F.

27. okt. 1949 skrifaði Geir H. Zoëga til Gismondi og sagði honum skýringar ákærða á því, hvert áðurnefnd 6 d. hafi átt að renna, og óskar umsagnar hans um þá frásögn. Þessu bréfi svarar Gismondi með tveimur bréfum, sem bæði eru dags. 29. okt. 1949. Er annað ritað á ensku og stílað beint til Geirs H. Zoëga. Er þar gefin sama skýring á nefndum 6 d. og í bréfinu frá 18. júlí 1949. Hitt bréfið er á dönsku og stílað til L.Í.Ú. í London. Þar kveður Gismondi sér kunnugt um, að lýsi það, er flutt var til Grikklands með Lady Kathleen, hafi eftir miklar tafir verið flutt frá Grikklandi til ákvörðunarstaðar síns, Genúa, og hafi mikill kostnaður orðið því samfara. Kveðst hann hafa annazt þessa flutninga samkv. beiðni ítalska firmans S.I.R. Að því er snertir skýringu ákærða á áðurnefndri 6 pence greiðslu, segir hann, að hún sé „digt og forbandet lögn".

Er Geir hafði fengið bréf þessi í hendur, ritaði hann bréf, sem dags. eru 3. og 9. nóv. 1949, til Vilhjálms Þórs, sem var í stjórn S.Í.F. Eru þau bæði auðkennd „Private and Confidential". Enn fremur ritaði hann Richard Thors bréf, sem dags. er 8. nóv. 1949. Er málið þar útlistað á grundvelli þeirra bréfa, sem Geir hafði fengið frá Gismondi, og grun beint að ákærða um töku ólöglegra umboðslauna. Sams konar skýrslur kveðst Geir hafa sent Tryggva Ófeigssyni útgerðarmanni, Helga Guðmundssyni bankastjóra og Skúla alþingismanni Guðmundssyni.

Eftir að Richard Thors og Vilhjálmur Þór fengu ofannefnd bréf í hendur, var málið lagt fyrir næsta fund, sem stjórn S.Í.F. hélt, en það var 14. nóv. 1949. Þar var síðan samþykkt 28. jan. 1950 að beiðast opinberrar rannsóknar á ásökunum Geirs H. Zoëga í sambandi við þetta mál og þau atriði í áðurnefndum skýrslum hans, sem hann taldi stjórn S.Í.F. til álösunar.

Við rannsókn málsins hafa þeir Gunnar Guðjónsson og Hálfdán Bjarnason skýrt svo frá, að síðari hluta árs 1947 hafi Gunnar Guðjónsson tekið að sér að annast leigu á skipum til flutnings á saltfiski frá Íslandi til Ítalíu fyrir firmað S.I.R. þar, en sjálft hafi firmað átt að annast flutningana. Var Gismondi þátttakandi í þessu firma að 45%. Lady Kathleen var síðasta skipið af þremur, sem Gunnar lagði til þessara flutninga. Áttu með því að fara eftirstöðvar þess saltfisksmagns, sem samið var um að flytja til Ítalíu, en ekki hafði komizt með hinum skipunum tveimur. Af þessum ástæðum var ekki unnt að fá skip, sem tæki nákvæmlega það magn af saltfiski, sem flytja skyldi. Þetta leysti Gunnar á þann hátt, að hann tók á leigu skip, sem í komst meiri farmur en saltfisksmagninu nam, en tók því næst 168 tonn af lýsi til flutnings til Genúa, svo að skipið yrði fullhlaðið. Byrjað var að ferma skipið í Reykjavík, en þar var lýsið. Fiskurinn var hins vegar á ýmsum stöðum úti um land, og tók skipið hann þar. Af þessum ástæðum varð lýsið neðst í skipinu.

Meðan á fermingu skipsins stóð, féll fiskverð mjög á Ítalíu. Tóku kaupendur fisksins því til bragðs að selja hann til Grikklands fyrir milligöngu Gismondis. Var reikningurinn fyrir fiskinn stílaður á Gismondi og greiddur af honum til S.Í.F. Fyrir kaupendurna skipti mjög miklu máli, að fiskurinn væri fluttur beint til Grikklands með sama skipinu í stað þess að umferma hann á Ítalíu. Kaupendur fisksins sneru sér því til Hálfdánar og báðu hann um að hlutast til um við Gunnar, að leigusamningi skipsins yrði breytt á þá lund, að skipið flytti fiskinn beint til Grikklands. Var Hálfdán þá staddur í Kaupmannahöfn, en þar var þá Gunnar staddur líka. Tókst þeim að fá leigusamningi skipsins breytt á þá leið, að það færi með fiskinn beint til Grikklands. Talaðist þeim jafnframt svo til, að S.I.R. eða Gismondi eða firmun bæði sameiginlega mundu greiða flutningskostnað lýsisins frá Grikklandi til Genúa. Ekki virðist þó hafa verið formlega frá því gengið við firmun, að svo yrði gert.

Þegar á reyndi, voru eigendur fisksins á Ítalíu tregir til að greiða kostnað af flutningi lýsisins frá Grikklandi til Ítalíu. Dróst því úr hömlu, að svo yrði gert. Loks önnuðust kaupendur lýsisins sjálfir flutning þess frá Grikklandi til Ítalíu í marzbyrjun 1948. Töldu þeir kostnað við það nema um 1200—1300 sterlingspundum. Taldi Gunnar, að hin ítölsku félög, sem fiskinn seldu til Grikklands, ættu að greiða þenna kostnað að öllu leyti, en þau vildu eigi á það fallast. Var um þetta þráttað nokkra hríð, en úrlausn fékkst þó engin.

Um svipað leyti og þeir atburðir gerðust, er lýst var nú síðast, var ráðin för ákærða til Englands og Tékkó-Slóvakíu á vegum S.Í.F. Var ráð fyrir því gert, að hann mundi hitta Hálfdán Bjarnason í þessari för. Um þetta var Gunnari Guðjónssyni kunnugt. Fór hann þess á leit við ákærða, að hann ræddi mál þetta við Hálfdán og reyndi að fá hann til að koma því til leiðar, að eigendur fisksins, sem fluttur var til Grikklands, greiddu kostnaðinn við flutning

lýsisins þaðan til Ítalíu. Þar sem ákærða var með öllu ókunnugt um þessi viðskipti, enda skipsleigan að engu leyti á vegum S.Í.F., bað hann Gunnar að skrifa sér bréf um málið, sem hann gæti síðan lagt fyrir Hálfdán, er fundum þeirra bæri saman. Bréf Gunnars er dags. 25. marz 1948, og er þar lýst málavöxtum um atriði þetta í samræmi við það, sem rakið er hér á undan.

Vegabréf ákærða sýnir, að hann fór héðan af landi 7. apríl 1948, kom til Zürich 16. apríl 1948 og fór þaðan 18. apríl 1948. Kom hann til Reykjavíkur 20. apríl 1948. Enn fremur sýnir vegabréf Hálfdánar, að hann kom til Sviss 16. apríl 1948 og fór þaðan 22. apríl 1948. Hittust þeir ákærði og Hálfdán í Zürich, meðan hinn fyrrnefndi dvaldist þar. Ræddu þeir m. a. kröfu lýsiskaupenda á hendur Gunnari. Þar sem samningaumleitanir fóru þá fram milli Hálfdánar og Gismondis um fob.-kaup hins síðarnefnda á áðurgreindum 2000 tonnum af saltfiski, kvaðst Hálfdán mundu leitast við að fá Gismondi, ef samningar tækjust um söluna, til að taka skip á leigu hjá Gunnari Guðjónssyni til flutnings á fiskinum og greiða honum fyrir það aukagjald, sem nægja mundi að mestu til greiðslu á kröfum lýsiskaupenda á hendur Gunnari. Töluðu þeir um, að með 6 d. aukagjaldi á pakka mundi Gunnar fá tjón sitt bætt að mestu leyti, eins og það var þá talið vera.

Ákærði fór frá Zürich snemma morguns 18. apríl 1948. Um kvöldið 17. apríl ætlaði hann að afhenda Hálfdáni bréf Gunnars, en náði ekki sambandi við hann. Skrifaði hann þá Hálfdáni bréf, sem dags. er 17. apríl 1948. Segir þar, að hann sendi Hálfdáni bréf Gunnars og treysti honum til að gera sitt bezta fyrir Gunnar í málinu.

Áður en ákærði fór í umræddа utanför sína, hafði stjórn S.Í.F. á fundi sínum 12. marz 1948 samþykkt að bjóða umrædd 2000 tonn af saltfiski fyrir £ 75-0-0 fob. per tonn. Var Hálfdáni sent símskeyti þessa efnis 15. marz 1948 og þar jafnframt tekið fram, að fiskurinn væri boðinn til sölu með neyzlu á Ítalíu fyrir augum, en ekki til að endurselja hann í öðrum löndum. Þessu svaraði Hálfdán með símskeyti 16. marz 1948. Þar segir hann, að kaupendurnir telji verðið aðgengilegt, en hins vegar vilji þeir ekki fallast á það skilyrði, að þeim sé óheimilt að endurselja fiskinn til annarra landa. Daginn eftir heimkomu ákærða úr áðurnefndri utanför bauð S.Í.F. umrædd 2000 tonn af saltfiski til sölu fyrir £ 78-0-0 fob. pr. tonn.

Hálfdán skýrir svo frá, að hann hafi síðan átt tal við Gismondi um mál þetta. Hafi hann fallizt á, ef samningar tækjust um nefnd 2000 tonna saltfiskskaup, að láta Gunnar Guðjónsson annast flutninginn á fiskinum og greiða honum umfram venjulegt farmgjald 6 d. pr. pakka. 23. apríl 1948 voru samningar komnir það langt áleiðis, að útlit var á, að af sölunni yrði. Þann dag sendi Hálfdán símskeyti til S.Í.F. þess efnis, að Gismondi samþykkti að kaupa nefnd 2000 tonn fyrir 78/— fob. Endanlegt samþykki fengist þó ekki, fyrr en

gengið væri frá nauðsynlegum formsatriðum og leyfum, en þess væri fastlega vænzt, að kaupin strönduðu ekki á þeim. Sama dag sendi Hálfdán símskeyti til ákærða. Er þar gerður sami fyrirvari um endanlegt samþykki á kaupunum. Þá er lögð rík áherzla á, að ákærði beiti sér fyrir því, að S.Í.F. bjóði ekki fisk til sölu í Grikklandi til 31. maí 1948. Er þetta atriði í samræmi við skilyrði, er Gismondi hafði sett fyrir kaupunum í bréfi til Hálfdánar, dags. 17. apríl 1948, enda var ætlun Gismondis að endurselja fiskinn í Grikklandi í sambandi við útboð gríska innflytjendasambandsins á sölu saltfisks þangað. Loks endar símskeyti Hálfdánar til ákærða á orðum þeim, sem tekin eru upp hér að framan. Samdægurs sendi Hálfdán afrit beggja þessara símskeyta til Gismondis. 26. apríl 1948 krefst ákærði f. h. S.Í.F. tafarlauss samþykkis á kaupunum, að öðrum kosti verði fiskurinn boðinn til sölu í Grikklandi. Þessar kröfur voru ítrekaðar 27. apríl og 4. maí 1948. Slíkt samþykki var Gismondi ekki reiðubúinn að gefa, og varð því ekki af kaupunum.

Á fundi sínum 13. apríl 1948 samþykkti stjórn S.Í.F. sölu á 2000 tonnum af saltfiski til Grikklands fyrir £ 85-0-0 c. & f. pr. tonn. Var þeim fiski afskipað 10. maí 1948. Við uppgjör reyndist c. & f.-kostnaðurinn kr. 374.032,78, sem með þáverandi gengi íslenzkrar krónu miðað við sterlingspund jafngildir £ 7-2-8 pr. tonn.

Við rannsókn máls þessa hefur Hálfdán Bjarnason skýrt svo frá, að þar sem í símskeyti hans sé talað um bréf ákærða frá 17. apríl 1948, sé átt við bréf ákærða, er fylgt hafði bréfi Gunnars Guðjónssonar og áður hefur verið frá sagt, enda ákærði ekki skrifað honum annað bréf, sem dags. var þenna sama dag. Hins vegar telur hann um að kenna óaðgæzlu sinni við samningu símskeytisins, að í því skuli standa „your six", því að samkvæmt meiningu hans hafi þar raunverulega átt að standa „Guðjónsson's six". Telur hann, að þeir, sem um málavexti vissu, hafi ekki getað misskilið, að við það var átt, að Gismondi tæki þátt í tjóni Gunnars af áðurnefndum lýsisflutningum með þessari greiðslu.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 1948, óskaði Gismondi eftir því, að Hálfdán Bjarnason útvegaði tilboð fob. á 4 þús. tonnum af saltfiski í sambandi við útboð gríska innflytjendasambandsins 25. ágúst 1948. Þessu bréfi svaraði Hálfdán með símskeyti 15. ágúst 1948. Segir þar, að ógerningur muni að ná samningum um þessa sölu, þar sem S.Í.F. ætli að bjóða fiskinn til sölu í Grikklandi millilíðalaust. Þó muni S.Í.F. ef til vill samþykkja fast tilboð Gismondis á 78/— pr. pakka fob. Þessu símskeyti svaraði Gismondi með bréfi, dags. 16. ágúst 1948. Telur hann þar, að ekki muni heldur verða af viðskiptum í þetta sinn, en óskar þó eftir því, að S.Í.F. geri honum fast tilboð á áðurnefndu verði. Endar bréfið síðan á orðum þeim, sem tekin eru upp hér að framan. Þessari málaleitan Gismondis virðist S.Í.F. ekki hafa svarað, og varð ekki af kaupunum.

Ákærði kveður sér ekki hafa verið kunnugt um síðastnefnt atriði

téðra bréfaskipta, fyrr en hann kynntist því við rannsókn málsins. Hefur ekkert komið fram í málinu, er hnekki þeirri frásögn hans.

Hálfdán Bjarnason hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í niðurlagi bréfs Gismondis frá 18. ágúst 1948 sé átt við sams konar greiðslu til Gunnars Guðjónssonar og um getur í símskeytinu frá 23. apríl 1948. Telur hann, að þar sem Gismondi hafi samkv. bréfinu viljað hækka verð fisksins um 6 d., geti ekki verið um að ræða duldar greiðslur til ákærða eða annarra, þar eð verð fisksins standi á öllum skilríkjum í sambandi við söluna og því engin leið að leyna því. Ekki hafa fengizt aðrar upplýsingar um áminnzta hækkun á verði fisksins.

Þegar atburðir þeir gerðust, er í máli þessu greinir, skipuðu eftirtaldir menn stjórn S.Í.F.: Richard Thors, Jóhann Þ. Jósefsson, Vilhjálmur Þór, Jón Maríasson og Ólafur Jónsson. Hafa þeir allir mætt í málinu og gefið skýrslur. Er það samhljóða álit þeirra, að þar sem umrædd 2000 tonna sala hafi verið með fob.-skilmálum, geti samningar milli kaupandans og skipamiðlarans um farmgjöldin ekki skipt máli fyrir seljanda fisksins. Jafnframt hafa þeir allir lýst yfir því, að þeir telji ákærða ekki hafa framið trúnaðarbrot gagnvart S.Í.F. með afskiptum sínum af málefni Gunnars Guðjónssonar, sem í máli þessu greinir.

Um það málefni og lyktir þess hefur þetta komið fram í málinu:

Með bréfi, sem dags. er 14. júlí 1948, krafði lögmaður lýsiskaupendanna á Ítalíu Gunnar Guðjónsson um bætur vegna tjóns þess, er þeir höfðu orðið fyrir vegna mistaka þeirra, sem orðið höfðu á lýsisflutningunum. Nam skaðabótakrafan £ 18.128-7-1. Var sætzt á mál þetta í júlí 1950. Fengu lýsiskaupendurnir í bætur 5.850.000 lírur, en ýmis kostnaður af málinu varð 877.858 lírur. Upp í þessar fjárhæðir greiddi S.I.R. 2.045.039 lírur, en Hálfdán Bjarnason 1 millj. lírur. Eftirstöðvarnar greiddi Gunnar Guðjónsson.

Að því er snertir það ákæruatriði, að ákærði hafi gert tilraun til að taka sjálfum sér til handa margnefnd 6 d. pr. pakka, skal þetta tekið fram:

R. Gismondi andaðist 21. febrúar 1950. Hann hefur ekki komið fyrir dóm og staðfest þar frásagnir þær, er fram koma í áðurnefndum bréfum hans til Geirs H. Zoëga. Verður því með þær að fara á sama hátt og skýrslur, sem utan dóms eru gefnar óábyrgum aðiljum. Í því sambandi er á það að líta, að í bréfi sínu frá 18. júlí 1949 skýrir Gismondi rangt frá í því efni, að hann hafi aldrei keypt fisk frá Íslandi fyrir milligöngu Hálfdánar Bjarnasonar, enda játar hann í bréfi til Geirs H. Zoëga, dags. 13. des. 1948, að hann hafi á tímabilinu des. '47 til jan. '48 endurselt 3 fiskfarma af íslenzkum saltfiski til Grikklands. Er þetta í samræmi við önnur gögn í málinu. Enn fremur er ekki fyllilega í ljós leitt, hvað þeim Geir H. Zoëga og Gismondi hefur á milli farið í þessum efnum, því að ekki hafa fengizt til afnota í málinu öll þau bréf, sem vitað er, að á milli þeirra hafa

farið. Dregur þetta hvort tveggja úr trúgildi frásagnar Gismondis. Þá ber og á það að líta, að í málinu er ekkert það upp komið, er styrki frásögn Gismondis, miklu fremur hið gagnstæða. Með samhljóða vætti Gunnars Guðjónssonar og Hálfdánar Bjarnasonar verður að telja fullnægjandi grein gerða fyrir því, hvert margnefnd 6 d. pr. pakka hafi átt að renna og af hvaða ástæðu.

Verður því enginn trúnaður lagður á þá frásögn Gismondis, að ákærði hafi ætlað að taka til sín persónulega greiðslur í sambandi við saltfisksölur þær, er í máli þessu greinir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins, að því er þetta atriði snertir.

Kemur þá til athugunar hitt ákæruatriðið, hvort ákærði hafi gerzt sekur um tilraun til að taka á óleyfilegan hátt til handa öðrum en sjálfum sér umrædd 6 d. pr. pakka. Er ljóst af því, sem upp er komið í málinu, að einungis getur hér verið átt við Gunnar Guðjónsson.

Það er komið fram í málinu, að umrædd sala til Ítalíu var með fob.-skilmálum. Væntanlegir farmsamningar milli kaupandans og skipamiðlarans voru því S.Í.F óviðkomandi og gátu á engan hátt skaðað hagsmuni þess. Samþykkt kaupverð virðist einnig sýna, að svo hafi ekki verið, þar sem það var £ 3-0-0 hærra pr. tonn en stjórn S.Í.F. hafði upphaflega boðið og £ 0-2-8 hærra pr. tonn en bezta sala hjá S.Í.F., sem átti sér stað um sama leyti, hvort tveggja miðað við fob.-skilmála. Þá er og á það að líta, að breyting sú, er gerð var á ferðaáætlun Lady Kathleen, var til hagræðis fyrir eigendur fiskfarmsins, og því eðlilegt, að þeir greiddu þann aukakostnað allan, er hún hafði í för með sér. Verður því ekki séð, að ólögmætt geti talizt, þótt þeir bættu skipamiðlaranum tjón hans í því formi að greiða honum hærri farmgjöld en ella hefði verið. Loks er þess að geta, að í málinu eru ekki sönnuð önnur afskipti ákærða af málefni Gunnars Guðjónssonar en þau að flytja bréf hans til Hálfdánar Bjarnasonar, og getur það ekki talizt saknæmt.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, verður einnig að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Eftir þessum úrslitum ber að gera ríkissjóði að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðra verjenda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000,00 samtals.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra verjenda, Einars B. Guðmundssonar hrl. og Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 5.000,00 samtals.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1954.

Nr. 144/1954. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Jóhannesi Hjartarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í málinu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóhannesi Hjartarsyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1954.

Nr. 160/1954. **Glersteypan h/f**
gegn
Jóni Guðmundssyni
og
Jóni Jakobssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Glersteypan h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1954.

Nr. 40/1953. **Dánarbú Ísaks Vilhjálmssonar**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Vilhelm Davíðssyni f.h.
Vilhelms Sverrissonar (Gunnar Jónsson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dánarbætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Dómþoli í héraði, Ísak Vilhjálmsson, andaðist, eftir að málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, og kemur dánarbú hans í stað hans hér fyrir dómi.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur máli þessu verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Gerir aðaláfrýjandi þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 2.500,00 eða aðra fjárhæð eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 98.276,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Fallast ber á, að aðaláfrýjandi beri óskorað fébótaábyrgð á slysi því, sem um ræðir í héraðsdómi.

Með hliðsjón af álitsgerð Kr. G. Guðmundssonar tryggingarfræðings og þegar litið er til þess, sem vitað er um hagi gagnáfrýjanda, þykja bætur honum til handa samkvæmt 1. lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000,00.

Ákvæði héraðsdóms um bætur samkvæmt 2. og 3. lið þykir mega staðfesta.

Samkvæmt framanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 40.000,00 + kr. 8.000,00 + kr. 2.500,00, samtals kr. 50.500,00, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 8.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, dánarbú Ísaks Vilhjálmssonar, greiði gagnáfrýjanda, Vilhelm Davíðssyni f. h. Vilhelms Sverrissonar, kr. 50.500,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og samtals kr. 8.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Vilhelm Davíðsson f. h. Vilhelms Sverrissonar hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 9. október 1951, gegn Ísak Vilhjálmssyni, Bjargi á Seltjarnarnesi, til greiðslu dánarbóta, að fjárhæð kr. 98.276,00, með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur Samvinnutryggingum hér í bæ verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, G. 380, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu, og þær hafa engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 1.250,00 og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 23. des. 1950 um kl. 7 varð Jarþrúður Davíðsdóttir, móðir Vilhelms Sverrissonar, fyrir bifreiðinni G. 380, eign stefnda, og hlaut þau meiðsl, að hún beið bana af.

Ökumaður G. 380, sem er vöruflutningabifreið af International-gerð, hefur skýrt svo frá, að hinn 23. des. 1950 um kl. 7.10 hafi hann ekið frá Bjargi á Seltjarnarnesi áleiðis til Reykjavíkur, en hafi ætlað inn í Rauðhóla. Hafi hann verið einn í bifreiðinni. Myrkur var á, úrkomulaust, en vegir blautir. Ökumaðurinn kveðst hafa ekið austur Kaplaskjólsveg með um 30 km hraða miðað við klst. Ljósker bifreiðarinnar hafi verið tendruð á svonefndum hærri geisla. Umferð var lítil um veginn, þó kveðst ökumaðurinn brátt hafa séð tvær bifreiðar koma á móti sér. Er um 200 metrar hafi verið milli hans og fyrri bifreiðarinnar, hafi hann skipt ljósum bifreiðarinnar á

lægri geislann, og hið sama hafi gert ökumaður bifreiðarinnar, sem á móti kom. Þá kveðst ökumaðurinn hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar. Er þessar bifreiðar mættust, hafi síðari bifreiðin, sem á móti kom, verið í um 50 til 60 metra fjarlægð. Þessi bifreið hafi verið með háum ljósum, og hafi þau ekki verið lækkuð, og hafi hann því alveg blindazt af þeim. Þá hafi hann enn dregið úr hraða bifreiðarinnar, en ekið nokkuð inni á veginum, þar sem vinstri vegarbrúnin hafi verið ógreiðfær. Um leið og bifreiðarnar mættust, kveðst ökumaðurinn allt í einu hafa séð konu um 1 m fyrir framan framenda bifreiðarinnar vinstra megin. Hafi hann þá þegar hemlað, en vinstra ljósker bifreiðarinnar rekizt í konuna og hún fallið til vinstri frá bifreiðinni. Hann hafi þá litið út um dyrnar, en sleppt hemlinum, og hafi bifreiðin runnið nokkuð áfram, meðan hann var að gæta út. Síðan hafi hann stöðvað bifreiðina og því næst ekið henni aftur á bak og stöðvað hana rétt fyrir framan konuna á hægri vegarbrún miðað við stefnu bifreiðarinnar. Hafi hann síðan farið út, og hafi konan þá legið á bakinu nærri þvert á veginum, og hafi höfuðið snúið að vegarbrúninni. Hún hafi þá verið með lífsmarki. Um 5 mín. síðar hafi borið þarna að bifreið á leið til Reykjavíkur. Var hún stöðvuð þarna, en ökumaður hennar ók þegar til lögreglustöðvarinnar og tilkynnti um slysið, og komu þá strax lögreglumenn og sjúkrabifreið á vettvang. Ökumaður þessi telur, að konan hafi legið á vinstri vegarbrún utan venjulegrar akbrautar, er hann kom á vettvang. Ekki hefur komið fram, hvaða bifreiðar það voru, sem ökumaður G. 380 telur sig hafa mætt fyrir slysið, og engir sjónarvottar hafa fundizt.

Eins og áður getur, komu lögreglumenn á vettvang nokkru eftir slysið, og gerðu þeir teikningu af staðháttum. Telja þeir, að konan hafi þá legið á vinstri vegarbrún utan venjulegrar akbrautar.

Hin slasaða kona, sem reyndist vera Jarþrúður Davíðsdóttir, Granaskjóli 19 hér í bæ, var flutt á Landspítalann, en reyndist örend, er þangað kom. Við krufningu fannst mjög mikið brot á höfuðkúpubotni, þannig, að stórt stykki hafði losnað og skekkzt á kúpubotninum. Þá hafði heilinn marizt nokkuð að neðan. Mörg rif voru brotin báðum megin og blæðingar út frá þeim. Enn fremur fannst smásprunga í milti og einnig tvær smásprungur í lifur. Banameinið var talið hið mikla brot á höfuðkúpubotninum, er hafi valdið dauða svo að segja samstundis.

Bifreiðin var rannsökuð slysdaginn, og kom þá í ljós, að hægt var að stöðva hana með fóthemlum á 4 metra vegarlengd, ef henni var ekið með 25 km hraða miðað við klst. Hins vegar var handhemill lélegur, stýrisarmur vinstra megin var laus, flauta í ólagi og hliðarrúður brotnar.

Þar sem slysið varð, er malborinn vegur, og virðist venjuleg akbraut hafa verið um 7 metra breið, en utan hennar um eins metra breitt, malborið svæði, sem aðallega hefur verið notað af

fótgangendum. Lýsing er ekki góð þarna. Myrkur var, er slysið varð, úrkomulaust, en vegurinn blautur.

Af ákæruvaldsins hálfu var mál höfðað gegn ökumanni G. 380 vegna slyss þessa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 20. apríl 1951, var hann talinn hafa átt sök á slysi þessu með gálausum akstri og hafa með atferli sínu gerzt brotlegur við ákvæði 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, og 215. gr. hgl., nr. 19 frá 1940. Þá var hann talinn hafa gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. bifreiðalaganna, sbr. 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna, með því að aka bifreiðinni, sem ekki var í fyllsta lagi. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður G. 380 eigi alla sök á slysi þessu, þar sem hann hafi ekið á Jarþrúði sálugu, sem hafi gengið á þeim hluta vegarins, sem ætlaður sé fótgangandi fólki. Stefndi, eigandi bifreiðarinnar, beri hins vegar fébótaábyrgð á tjóni því, sem af hafi hlotizt, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaga.

Stefndi telur hins vegar, að Jarþrúður heitin eigi meginsök á slysi þessu. Hún hafi gengið á vinstri vegarhluta, en slíkt sé mjög óvarlegt í myrkri og slæmu skyggni, þar sem þá komi bifreiðar þær, sem veginn aki, á eftir hinum fótgangandi á sama vegarhelmingi. Fótgangandi vegfarendur eigi í slíkum aðstæðum, sem hér um ræðir, að ganga á hægri vegarbrún á móti umferðinni. Þá hafi Jarþrúður heitin gengið óhæfilega mikið inni á veginum. Með þessu hafi hún brotið gegn mjög þýðingarmiklum umferðarreglum og hagað sér svo óvarlega, að ekki verði hjá því komizt að telja hana sjálfa eiga meginsök á, hvernig fór.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti alla, en nokkrar breytingar munu hafa verið gerðar á vegi þessum, síðan slysið varð. Hér að framan hafa verið rakin gögn þau, sem fram hafa komið um atvik að slysi þessu. Samkvæmt frásögn ökumanns G. 380 ók hann áfram með nokkrum hraða, eftir að hann hafði blindazt af ljósum annarrar bifreiðar. Slíkt var mjög óvarlegt, þar sem þarna gat verið umferðar von af gangandi fólki, og ljóst er af lemstrum þeim, sem Jarþrúður heitin hlaut, að hraði bifreiðarinnar hefur verið allverulegur. Þá verður ekki annað séð af atvikum öllum en Jarþrúður heitin hafi gengið nálægt vegarbrún. Verður því að telja ökumanninn eiga sök á árekstri þessum. Ekki verður, eins og á stóð, talið Jarþrúði heitinni til meðsakar, þótt hún gengi ekki alveg á vegarbrúninni, en engin ákvæði skylda fótgangandi vegfarendur að ganga á hægri vegarbrún í myrkri. Með vísan til þessa og ákvæða 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna verður að telja stefnda fébótaskyldan fyrir því tjóni, sem af slysi þessu hlauzt.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Bætur fyrir missi framfærslueyris frá móður .... kr. 78.776,00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 17.000,00
3. Greftrunarkostnaður ..... — 2.500,00

Kr. 98.276.00

Um 1. Jarþrúður heitin var 35 ára að aldri, er hún lézt. Hún hafði verið gift Sverri Guðmundi Meyvantssyni, en þau skildu að borði og sæng 4. ágúst 1949. Sonur þeirra, Vilhelm, er fæddur 16. júní 1941, og hafði Jarþrúður heitin forræði hans samkvæmt leyfisbréfinu til skilnaðar að borði og sæng, en maðurinn skyldi greiða meðlag með drengnum til 16 ára aldurs, kr. 100,00 að viðbættri verðlagsuppbót á mánuði hverjum. Jarþrúður heitin virðist hafa verið fátæk og haft litlar tekjur. Um haustið 1950 hafði hún ráðizt til starfa á sjúkrahúsi einu hér í bænum, og skyldi hún hafa kr. 1.291,00 í kaup á mánuði auk fæðis fyrir sig og drenginn og kr. 300,00 á mánuði í húsaleigustyrk. Ekki virðist sú vistráðning hafa verið bundin nema til vors.

Í máli þessu er stefndi krafinn um það framfærslutjón, sem ætla mætti, að drengurinn Vilhelm Sverrisson hafi beðið við fráfall móður sinnar. Hefur stefnandi fengið sérfróðan mann í tryggingarmálum til að reikna út tjón þetta. Sérfræðingur þessi telur, að þótt gert sé ráð fyrir, að faðir drengsins hefði greitt meðlag með honum, þá hefði móðir hans samt lagt honum til fæði og húsnæði, en verðmæti þess miðað við verðlag árið 1950 næmi kr. 5.815,00 á ári, en heildarverðmætið til 16 ára aldurs drengsins kr. 32.552,00. Sé ekki reiknað með neinum styrk frá föðurnum, nemi heildarverðmæti framfærslueyrisins frá móðurinni hins vegar helmingi hærri fjárhæð. Ef miðað sé við verðlag í októbermánuði 1951, séu samsvarandi verðmætisfjárhæðir kr. 39.388,00 og kr. 78.776,00, og við þá fjárhæð hefur stefnandi miðað kröfu sína. Þá hefur stefnandi bent á, að rétt sé að reikna með, að Jarþrúður heitin hefði styrkt son sinn eitthvað fram yfir 16 ára aldur, hefði henni enzt líf til.

Stefndi hefur mótmælt því, að drengurinn hafi nokkurt framfærslutjón beðið. Þótt hann hafi misst móður sína, þá eigi hann skyldaframfæranda, föður sinn, sem verði að sjá einn um framfærslu hans. Faðir hans hafi líka full ráð á að inna framfærsluskyldu sína af hendi, og ef hann þrjóti, komi opinberir aðiljar til. Til vara hefur stefndi mótmælt kröfum stefnanda sem allt of háum og bent á, að í öllum tilvikum hafi verið hægt að fá meðlag með drengnum frá Almannatryggingunum, enda þótt faðir hans greiddi þau ekki.

Svo sem að framan getur, virðist Jarþrúður heitin hafa haft litlar tekjur og engar eignir átt. Sverrir Guðmundur Meyvantsson virðist einnig vera eignalaus og hafa haft frekar litlar tekjur. Síðan Jarþrúður heitin lézt, hafa Almannatryggingar greitt barnalífeyri með drengnum Vilhelm, sem er kr. 200,00, að viðbættri dýrtíðaruppbót á mánuði hverjum. Sverrir Guðmundur virðist ekkert hafa greitt með

drengnum, en nefndur barnalífeyrir er endurkræfur úr hendi hans. Það er ljóst, að drengurinn Vilhelm hefur orðið fyrir framfærslutjóni vegna fráfalls móður sinnar, Jarþrúðar, og ætla má, að hún hefði eitthvað styrkt hann fram yfir 16 ára aldur. Meðalmeðlag föður með barni hér í Reykjavík er nú kr. 2.400,00 á ári auk uppbótar samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið um fjárhag hennar, þá þykja hæfilegar bætur honum til handa af þessu efni kr. 22.000,00.

Um 2. Stefndi hefur krafizt sýknu af þessum kröfulið, þar sem engin röskun hafi orðið á högum drengsins við fráfall móður hans. Til vara hefur stefndi mótmælt honum sem allt of háum. Hér að framan hafa verið raktir hagir drengsins og Jarþrúðar heitinnar. Þegar þeir eru virtir svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 8.000,00.

Um 3. Kröfuliður þessi hefur engum tölulegum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 32.500,00 (22.000,00 + 8.000,00 + 2.500,00) með vöxtum svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ísak Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Vilhelm Davíðssyni f. h. Vilhelms Sverrissonar, kr. 32.500,00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1954.

Nr. 17/1954. X (Gústaf Ólafsson hdl.)
gegn
Y (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Valdimar Stefánsson, sakadómari í Reykjavík, hefur sem umboðsdómari í máli þessu kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefndu, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu. Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti, og krefst málflytjandi hans, að sér verði dæmd hæfileg málflutningsþóknun úr ríkissjóði, hvernig sem málið fer.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Þá krefst og málflytjandi hennar málflutningslauna sér til handa úr ríkissjóði, hver sem úrslit máls þessa verða.

Eftir að úrskurður var kveðinn upp í Hæstarétti í máli þessu ....., var blóð tekið af nýju úr aðiljum og barninu Z og blóðúrtökin send til prófessors Alexanders S. Wieners í New York, sem er heimskunnur sérfræðingur á sviði blóðrannsókna. Eftir að hann hafði rannsakað blóðið, gaf hann nákvæma skýrslu um rannsóknina, dags. 4. ágúst 1954. Er niðurstaða rannsóknar hans á þessa leið:

„A-B-O- og MN-tilraunir í þessu máli leiða ekkert í ljós, en Rh-Hr-tilraunir sanna, að X er ekki faðir Z, barns Y.

Í blóði Y er ekki rh″-eigind, sem hins vegar er í blóði Z, barns hennar, þannig að rh″-eigind hlýtur að vera í blóði föður Z. Þar sem rh″-eigind er ekki í blóði X, getur hann ekki verið faðir Z.“

Samkvæmt umsögn prófessors Níels Dungals er blóðeigind sú, sem merkt er rh" í skýrslu prófessors Wieners, hin sama sem merkt er E í blóðrannsóknum þeim, sem áður höfðu farið fram í máli þessu hér á landi og í Danmörku og greindar eru í héraðsdómi.

Framangreinda skýrslu og niðurstöðu prófessors Alexanders S. Wieners þykir verða að leggja til grundvallar í máli þessu, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns stefndu í héraði, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Að öðru leyti á hvor aðili að bera sinn kostnað af málinu í héraði.

Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja hér fyrir dómi, kr. 3.000,00 til hvors, og annan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, X, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Y, í máli þessu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málflutningslaun talsmanns stefndu í héraði, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, á að vera óraskað. Að öðru leyti beri hvor aðili sinn kostnað af málinu í héraði.

Málflutningslaun skipaðra málflytjenda aðilja fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar héraðsdómslögmanns og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000,00 til hvors, svo og annar kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 29. desember, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu: Y gegn X, sem tekið var til dóms hinn 22. sama mánaðar.

Hinn 9. apríl 1948 ól kærandi, Y, óskilgetið sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið Z.

Barnið ól hún á heimili ljósmóðurinnar í Selvogi, Þórunnar Friðriksdóttur, húsfreyju í Þorkelsgerði, og bæði áður en kærandi ól

barnið og eins við fæðingu þess lýsti hún yfir því við ljósmóðurina, að kærði, X, væri faðir barnsins. Meðan kærandi gekk með barnið, sagði hún móður sinni hið sama um faðerni þess, og hefur hún aldrei hvikað frá því, að kærði sé faðir barnsins og að í því efni kæmi enginn annar til greina. Kærði hefur ætíð neitað faðerni barnsins, og hinn 22. júní 1948 höfðaði kærandi því mál þetta gegn honum til viðurkenningar á faðerni barnsins. Dæmt var í máli þessu hér á bæjarþinginu 22. desember 1950 með þeim úrslitum, að kærði var sýknaður af kröfum kæranda og málskostnaður látinn niður falla. Voru þau úrslit á þeim rökum reist, að við blóðflokkarannsókn hafði komið í ljós, að barnið hafði Rhesus-eiginleikana D og E, en hvorki kærandi né kærði. Þar sem kærandi hafði þá ekki, hlutu þeir að vera frá föðurnum komnir, en fyrst kærði hafði þá ekki, gat hann ekki verið faðir barnsins. Enn fremur hafði komið í ljós, að kærandi og barnið voru af undirflokknum M, en kærði af undirflokknum N. Segir svo í vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, að ef kærði væri faðir barnsins, hlyti það að vera af MN-undirflokki, en fyrst það sé af M-undirflokki, hljóti faðir þess að vera af M- eða MN-undirflokki.

Kærandi undi ekki þessum málalokum, og samkvæmt beiðni hennar sendi héraðslæknirinn í Hveragerðishéraði Rannsóknarstofu Háskólans blóðsýnishorn úr kæranda og barninu hinn 10. nóvember 1951 í því skyni, að blóðflokkarannsóknin yrði endurtekin. Við rannsókn þessara nýju sýnishorna kom í ljós, að bæði kærandi og barnið voru af MN-undirflokki og að kærandi hafði Rhesus-eiginleikann D. Þar sem þessi nýja rannsókn leiddi annað í ljós en hin fyrri og Rannsóknarstofa Háskólans taldi, að mögulegt væri samkvæmt síðari rannsókninni, að kærði væri faðir barnsins, taldi hún æskilegt, að allar blóðrannsóknirnar yrðu gerðar að nýju, helzt samtímis hjá öllum aðiljum, svo að blóðsýnishorn þeirra yrðu öll prófuð samtímis með sömu „sera", svo að endanleg niðurstaða fengist um N- og Rh-eiginleika allra aðilja. Þessa niðurstöðu blóðrannsóknarinnar tilkynnti Rannsóknarstofa Háskólans sýslumanni Árnessýslu með bréfi, dagsettu 21. nóvember 1952, og á grundvelli hennar fór talsmaður kæranda, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, þess á leit við dómsmálaráðuneytið í bréfi, dagsettu 2. janúar 1953, að mál þetta yrði að nýju tekið til meðferðar fyrir héraðsdómi og dómur á það lagður. Með vísun til lögjöfnunar frá 30. gr. laga nr. 112/1935, um Hæstarétt, heimilaði ráðuneytið endurupptöku málsins með bréfi, dagsettu 7. febrúar 1953. Dagana 23. febrúar og 9. apríl 1953 var þingað í málinu hér í bæjarþinginu, en með umboðsskrá, dagsettri 27. apríl 1953, var Valdimar Stefánsson sakadómari skipaður til þess sem umboðsdómari að halda áfram meðferð málsins og kveða upp dóm í því, og hefur hann kveðið upp dóm þennan.

Dómkröfur kæranda eru þær, að kærði verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs

16 ára aldurs þess og fæðingarstyrk lögum samkvæmt. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi kærða að mati dómsins. Kærði krefst sýknunar af öllum kröfum kæranda og til vara, að hann fái að synja fyrir faðernið með eiði. Málskostnaðar krefst hann eigi.

Sáttaumleitun hefur reynzt árangurslaus.

Svo sem áður segir, ól kærandi barnið í Þorkelsgerði í Selvogi, á heimili ljósmóðurinnar, Þórunnar Friðriksdóttur húsfreyju. Barnið var við fæðinguna 48 sm á lengd, 7 merkur á þyngd og höfuðmál 32 og 31 sm. Ljósmóðirin hefur vottað, að barnið hafi að sínum dómi haft einkenni fullburða barns að öðru leyti en því, hve létt það var. Borgarlæknirinn í Reykjavík telur barnið hafa fæðzt fullburða og að mestar líkur séu til þess, að það hafi verið getið um 14. júlí 1947, en jafnframt hefur hann talið, að mögulegur getnaðartími þess hafi verið tímabilið frá 25. maí til 13. ágúst 1947. Þetta álit borgarlæknisins var ásamt ýmsum öðrum atriðum málsins borið undir Læknaráð, og var ráðið samþykkt því.

Kærði dvaldist að Bjargi í Selvogi um þriggja vikna skeið um jólaleytið 1946. Þá kynntist hann kæranda, og fyrir jólin fór hún eitt sinn með honum af dansleik, þangað sem hann bjó, og eru þau sammála um, að þau hafi þá haft samfarir saman.

Í apríl og maí 1947 fór kærði snöggar ferðir austur í Selvog, en ágreiningslaust er, að hann hafði ekki holdleg mök við kæranda þá.

Hinn 30. júní 1947 var dóttir hjónanna Bjarna hreppstjóra Jónssonar og Halldóru Halldórsdóttur í Guðnabæ í Selvogi fermd, og komu gestir af því tilefni á heimili þeirra um kvöldið. Skemmtu menn sér þar við dans, og lék kærði á harmoníku fyrir dansinum. Kærði, sem er systursonur húsfreyjunnar, hafði verið fenginn til að leika fyrir dansinum og fór austur í Selvog gagngert til þess og hafði herbergi í Nesi, sem er skamman spöl frá Guðnabæ og slétt tún á milli. Þegar dansinum lauk, var kærði orðinn vel kenndur af víni. Nokkru áður en dansinum lauk, gekk kærandi með kunningjakonu sinni, Málfríði Guðmundsdóttur í Nesi, frá Guðnabæ og heim til hennar og síðan aftur að Guðnabæ. Skýrir hún nú svo frá, að þegar hún kom heim undir Guðnabæ, hafi þeir verið þar fyrir kærði og Þórarinn Snorrason á Bjarnastöðum í Selvogi. Hafi þá kærði stungið upp á því við hana, að hún kæmi með honum heim að Nesi, þar sem hann gisti, og kveðst hún hafa gengið þangað með honum. Þegar þangað kom, segir hún þau hafa háttað saman og haft oftar en einu sinni samfarir saman án þess að viðhafa nokkrar varnir gegn barnsgetnaði, og dvaldist hún þarna hjá honum þar til árla morguns, að hún fór heim til sín. Hefur hún staðfastlega haldið því fram, að við þessar samfarir sé barnið getið, og komi annað alls ekki til greina, þar sem hún hafi ekki haft samfarir við nokkurn annan karlmann en kærða í þetta skipti, allt frá því að þau voru þannig saman um jólaleytið 1946 og fram að fæðingu barnsins.

Kærði skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi að vísu orðið var við kæranda í fermingarveizlunni, en eigi kveðst hann minnast þess, að þau töluðust þar við. Þegar hann var hættur að leika fyrir dansinum, kveðst hann hafa gengið einn með harmoníkuna austur að Nesi og farið að sofa. Alls ekki kveðst hann minnast þess, sem kærandi hefur frá skýrt, að þau hafi farið saman heim að Nesi, háttað þar og haft samfarir saman, og telur hann þó, að hann hlyti að muna það, ef það hefði gerzt.

Leitað hefur verið vitnisburða um það, hvort kærandi og kærði hafi fylgzt að heim að Nesi umrædda nótt.

Þórarinn Snorrason á Bjarnastöðum skýrir svo frá sem vitni, að þegar dansinum í Guðnabæ var lokið, hafi hann talað við kærða á Guðnabæjarhlaði, og hafi kærði ætlað með sér heim að Bjarnastöðum. Í þessum svifum hafi kærandi komið þarna að, en hann þurft að kalla á mann, sem var inni í Guðnabæ, og því farið inn andartak. Þegar hann kom út aftur, var kærði farinn, og sá hann (Þórarinn) kærða og kæranda ganga saman yfir túnin heim að Nesi. Þórarinn gekk frá Guðnabæ heim til sín að Bjarnastöðum og hyggur, að hann hafi komið heim um mjög svipað leyti og kærandi og kærði komu heim að Nesi.

Halldór Guðmundsson, bóndi að Þórðarkoti í Selvogi, hefur skýrt svo frá sem vitni, að þegar dansinum lauk í Guðnabæ, hafi hann ásamt Bjarna hreppstjóra Jónssyni í Guðnabæ og Helga Guðnasyni sjómanni, Þorkelsgerði, gengið austur túnið að Þórðarkoti og að girðingu einni, en þar sneri hann við og fór heim og háttaði. Í Nesi, Guðnabæ og Þórðarkoti eru samliggjandi slétt og mishæðalítil tún. Þegar þeir voru að ganga austur frá Guðnabæ, kveðst Halldór hafa séð kæranda og kærða ganga saman eftir Nestúninu heim að Nesi og hverfa þar fyrir bæjarhornið. Ekki veit Halldór, hvað frekar varð um þau, og hann sá hvorugt þeirra fara frá Nesi, áður en hann háttaði um nóttina, en það gerði hann, mjög skömmu eftir að hann sá til ferða þeirra.

Helgi Guðnason sjómaður, Þorkelsgerði, hefur skýrt svo frá sem vitni, að þegar hann var staddur úti fyrir Guðnabæ, eftir að dansinum var lokið, hafi hann séð kæranda á túninu milli Ness og Guðnabæjar, skammt frá síðarnefnda bænum, og kærða ganga til hennar heiman frá Guðnabæ, og virtist vitninu kærandi bíða eftir kærða þarna á túninu. Síðan kveðst hann hafa séð þau ganga saman heim að Nesi. Eftir þetta var Helgi nokkra stund á ferli úti, áður en hann fór heim, og sá eigi kæranda fara frá Nesbænum á þeim tíma.

Þessi vitni, Þórarinn Snorrason, Halldór Guðmundsson og Helgi Guðnason, hafa öll staðfest skýrslur sínar með eiði.

Bjarni hreppstjóri Jónsson í Guðnabæ hefur sem vitni skýrt svo frá, að hann hafi, eftir að dansinum lauk, gengið ásamt vitnunum Halldóri Guðmundssyni og Helga Guðnasyni austur túnin, og hafi hann og Helgi gengið alla leið að Nesi, en eigi kveðst hann hafa

tekið eftir því, að þau kærandi og kærði gengju þá saman heim að Nesi. Hann kveðst ekkert hafa séð til ferða kæranda, eftir að hún fór úr fermingarboðinu í Guðnabæ.

Engin vitni hafa fram komið, sem orðið hafa vör við kæranda heima í Nesi um nóttina, eftir að kærði kom þangað úr fermingarboðinu, né heldur um, að hún hafi farið um morguninn þaðan heim til sín. Móðir kæranda, A... B... í D..., kveðst að vísu hafa vaknað, þegar kærandi kom heim, en eigi spurði hún hana, hvaðan hún væri að koma, né heldur sagði kærandi henni það. A... gætti ekki á klukku, þegar kærandi kom heim, en fann á sér, að komið var undir morgun, og áleit hún, að kærandi væri að koma úr fermingarboðinu.

Af hálfu kærða hefur því verið haldið fram, að kærandi sé mjög lauslát, og er í því sambandi bent á þær staðreyndir, að hún hafi nú eignazt annað barn í lausaleik og þýðzt kærða til líkamslosta í fyrsta sinn, sem þau hittust.

Nokkur vitni hafa að gefnu tilefni frá kærða verið yfirheyrð um hið ætlaða lauslæti kæranda, en upplýsingar þeirra verið mjög veigalitlar. Þau hafa ekkert getað sagt um þetta með vissu, en hafa vitnað í orðróm, sem gengið hafi um þetta í Selvoginum og óvíst er, hvort hefur við rök að styðjast.

Eftir endurupptöku málsins var gerð að nýju blóðflokkarannsókn á aðiljum og barninu. Fyrst voru hinn 23. febrúar sl. tekin tvö blóðsýnishorn úr hverju þeirra, og rannsakaði Rannsóknarstofa Háskólans annað, en hitt var sent dr. A. E. Mourant, Lister Institute í London, í því skyni, að hann rannsakaði það. Vegna fjarveru þessa vísindamanns frá rannsóknarstofnuninni gat hann ekki rannsakað sýnishornið, og var þá það ráð tekið að taka enn á ný tvö blóðsýnishorn úr aðiljum og barninu. Annað sýnishornið rannsakaði Rannsóknarstofa Háskólans, en hitt var sent dr. P. H. Andresen, yfirlækni blóðbankans í Bispebjerg Hospital í Kaupmannahöfn, til rannsóknar, en að sögn Rannsóknarstofu Háskólans er hann mjög þekktur fyrir blóðflokkarannsóknir og nýtur mikils trausts í þeim efnum á alþjóðavettvangi.

Fullt samræmi náðist í rannsókn dr. P. H. Andresens og báðum hinum síðasttöldu rannsóknum Rannsóknarstofu Háskólans, og varð niðurstaðan sú, að blóðflokkanna vegna væri ekkert því til fyrirstöðu, að kærði gæti verið faðir barnsins, nema Rhesus-eiginleikinn E. Hann fannst í blóði barnsins, en hvorki í blóði kæranda né kærða, en samkvæmt álitsgerð Læknaráðs er það svo, að „ef öruggt væri, að hvorki móðir né tilnefndur faðir barns með tiltekinn Rhesus-eiginleika hefðu þann eiginleika, væri það eitt nóg til að útiloka hinn tilnefnda barnsföður". Hitt er svo annað mál, að fullkomlega örugg vísindaleg aðferð til að greina Rhesus-blóðflokkana virðist ekki enn vera til. Prófessor P. H. Andresen kveðst vera þeirrar skoðunar, að útilokun eftir Rhesus-kerfinu, sé ekki unnt að telja, að hafi sömu

úrslitaþýðingu og útilokun eftir ABO- og MN-kerfinu, en útilokun eftir Rhesus-kerfinu sé mjög verulegar líkur fyrir útilokun faðernis. Hann getur þess í álitsgerð sinni, að varðandi eiginleikann E hafi komið í ljós einstaka veik (óljós) tilbrigði, og verði því að íhuga þann möguleika, sem að vísu sé mjög lítill, að bæði kærandi og kærði hafi haft slíkt E-tilbrigði, sem ekki hafi verið unnt að sýna fram á með þeim aðferðum, sem unnt væri að beita, og að barnið hafi því getað fengið tvöfalt magn af þessu tilbrigði. Það kunni því að hafa verið þessi veiki eiginleiki, tvöfaldur að styrkleika, sem rannsóknin leiddi í ljós. Sé þessu svo farið, er kærði ekki útilokaður frá faðerninu með tilliti til blóðeiginleikanna. Á þetta sjónarmið fellst Læknaráð, en kveðst ekki geta fellt dóm á það, hve mjög fjarlægur sá möguleiki sé, að prófun P. H. Andresens prófessors, sem ber saman við tvær síðustu prófanir Rannsóknarstofu Háskólans, hafi þannig ekki leitt hið rétta í ljós í þessu efni.

Læknaráð telur, að enn sé ekki fengin nægileg reynsla eða nægilegt öryggi fengið í greiningu blóðflokka Rhesus-kerfisins til þess að byggja útilokun faðernis skilyrðislaust á rannsóknarniðurstöðu eins þáttar þess kerfis. Þetta álit sitt hefur Læknaráð útskýrt nánar þannig, að það líti svo á, að möguleiki sé á í einstöku fágætum tilfellum, að Rhesus-þáttur, einkum E, geti dulizt svo, að ekki takist með núverandi aðferðum að sýna fram á tilvist hans. Af þessu leiðir, að meðan svo er, getur „útilokun" samkvæmt einstökum Rhesusþætti, einkum E, ekki talizt einhlítt sönnunargagn gegn faðerni barns. Eigi að síður telur Læknaráð, að með blóðflokkagreiningu samkvæmt Rhesus-kerfinu megi yfirleitt afla mikilsverðra gagna til að styðjast við, þegar ráða skal fram úr barnsfaðernismálum.

Af þessu, sem rakið hefur verið úr álitsgerðum Læknaráðs, prófessors P. H. Andresens og Rannsóknarstofu Háskólans um blóðflokkarannsóknir í máli þessu, verður að telja, að kærði sé ekki blóðflokkanna vegna alveg útilokaður frá að geta verið faðir barnsins. Blóðflokkarannsóknin virðist þó mjög styrkja málstað hans, og einnig er það honum til stuðnings, að barnið hefur eftir stærðinni að dæma verið rétt á mörkum þess að geta talizt fullburða.

Hins vegar er upplýst um samfarir aðilja um jólaleytið 1946, og sannað telst með eiðfestum skýrslum þriggja skilgóðra vitna og skýrslu kæranda, en gagnstætt staðhæfingu kærða, að þau, kærandi og kærði, hafi orðið samferða frá Guðnabæ að Nesi margnefnda aðfaranótt 1. júlí 1947.

Er þetta, auk staðfestu kæranda í málinu frá upphafi, mjög til styrktar málstað hennar, og þykir það þrátt fyrir niðurstöðu blóðrannsóknarinnar eiga að valda því, að úrslit þessa máls skuli samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, velta á fyllingareiði kæranda þannig, að vinni hún innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir löglegan undirbúning, að hún hafi haft holdlegar samfarir

við kærða hinn 1. júlí 1947, þá skuli hann teljast faðir hins óskilgetna sveinbarns, Z að nafni, sem hún ól 9. apríl 1948, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess og fæðingarstyrk lögum samkvæmt.

Vinni kærandi ekki eiðinn, skal kærði vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu.

Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 skulu málflutningslaun talsmanns kæranda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.000,00, greidd úr ríkissjóði, en eftir atvikum þykir rétt, að kærði greiði málflutningslaun talsmanns síns, Gústafs Ólafssonar hdl., kr. 1.000,00. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Dómsorð:

Vinni kærandi, Y, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmæltu varnarþingi eftir löglegan undirbúning, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða, X, hinn 1. júlí 1947, skal hann teljast faðir sveinbarnsins Z, sem kærandi ól 9. apríl 1948, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess og fæðingarstyrk lögum samkvæmt.

Vinni kærandi ekki eiðinn, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Málflutningslaun Ragnars Jónssonar hrl., talsmanns kæranda, kr. 1.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Kærði, X, greiði málflutningslaun talsmanns síns, Gústafs Ólafssonar hdl., kr. 1.000,00.

Að öðru leyti skal málskostnaður niður falla.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1954.

Nr. 31/1954. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Friðjón Sigurðsson hdl.)
gegn
Sveinbirni Guðlaugssyni
f.h. Ólafs Odds Sveinbjarnarsonar
(Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1954 og krafizt *aðallega*, að honum verði dæmd sýkna, *til vara*, að bætur þær, sem dæmdar voru í héraði, verði lækkaðar. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eða til vara, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. apríl 1954 áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 29. nóv. 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 139.590,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags, svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hans í Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4.000,00, og hljóti talsmaður hans fyrir Hæstarétti kr. 3.500,00 af þeim.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

gagnáfrýjanda, Sveinbirni Guðlaugssyni f. h. Ólafs Odds Sveinbjarnarsonar, kr. 4.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og af þeim hljóti talsmaður hans fyrir Hæstarétti, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, kr. 3.500,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Sveinbjörn Guðlaugssson, Hvítingavegi 8, Vestmannaeyjum, f. h. ólögráða sonar síns, Ólafs Odds, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. september 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Flugráðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 139.590,00, með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 24. september 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara* lækkunar á kröfum hans. Í báðum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 3. apríl 1949 var stefnandi, Ólafur Oddur, að fást við sprengihylki með þeim afleiðingum, að það sprakk í höndum hans, og stórskaddaðist hann á vinstri hendi.

Stefnandi, Ólafur Oddur, sem er fæddur 5. júlí 1938, hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hann gengið ásamt þremur öðrum drengjum út í svonefnda Sæfellsöxl. Þar í öxlinni hafi þeir séð merki eftir sprengingar, og þar hafi þeir fundið marga spotta af hvíthúðuðum rafmagnsleiðsluvír, sem þeir hafi hirt. Við einn spottann hafi hangið lítil „patróna" í pappahulstri, og hafi spottinn verið tvöfaldur, sem við hana var festur. „Patróna" þessi hafi verið 6 til 7 sm á lengd og álíka og blýantur að gildleika. Kveðst stefnandi hafa tekið „patrónu" þessa og stungið henni í vasa sinn. Síðan hafi þeir drengirnir farið heim til sín. Hann hafi farið í kvikmyndahús og haft sprengihylkið í vasa sínum. Eftir að hann kom úr kvikmyndahúsinu, hafi hann hitt einn leikbróður sinn. Þeir hafi farið að húsabaki og þar skoðað sprengihylkið. Þar hafi hann losað í burtu rafmagnsleiðsluspottann og sagað hylkið í sundur með skeiðahníf, er hann hafi fengið að láni hjá félaga sínum. Síðan hafi hann hellt um það bil helmingi sprengiefnisins úr hylkinu og ætlað að loka hylkinu með því að berja það saman. Hafi hann lagt hylkið á vegginn, haldið því með vinstri hendi og barið á það með hnífnum. Hylkið hafi strax sprungið og stórskaddað vinstri hönd hans.

Drengir þeir, sem voru með stefnanda, er sprengihylkið fannst, hafa allir komið fyrir dóm. Þeir eru fæddir 4. apríl 1937, 5. ágúst 1939 og 5. febrúar 1941. Ber frásögn þeirra alveg saman við frásögn Ólafs Odds, sem hér hefur verið rakin. Drengur sá, er hylkið fann,

telur, að brúnir þess, þar sem leiðslurnar voru festar, hafi verið rauðmálaðar. Drengirnir telja, að svæði þetta hafi verið ógirt. Hafa drengirnir afhent spotta af nefndum rafmagnsleiðslum, sem þeir telja, að hafi verið eins og sá, sem við sprengihylkið var festur.

Fram hefur komið í málinu, að Flugráð lét vinna að stækkun flugvallarins í Vestmannaeyjum um þessar mundir. Maður sá, sem hafði verkstjórnina þarna á hendi, hefur skýrt svo frá, að um haustið 1948 hafi verið unnið að sprengingum, meðal annars í Sæfellsöxl. Vinnu hafi verið hætt 5 til 6 vikum fyrir áramótin. Við sprengingar þessar hafi verið notað meðal annars venjulegt „dýnamit", og í því hafi verið kveikt með sprengihylkjum (hvellhettum), sem springi við lítið högg. Sprengihylki þessi séu 5 til 6 sm löng og um 6 mm í þvermál. Við sprengihylkin hafi verið tengdur rafmagnsþráður, og hafi verið kveikt í þeim með því að hleypa straumi í þráðinn. Komið hafi fyrir, að sprengihylkin spryngju ekki, og hafi ætíð verið leitað að slíkum hylkjum eftir hverja sprengingu. Daginn eftir að slys þetta varð, hafi hann sent tvo menn að leita að sprengihylkjum á svæði þessu, en þeir hafi ekkert fundið. Maður þessi hefur talið, að allt flugvallarsvæðið hafi verið girt með gaddavír. Þá hafi verið tvö spjöld á girðingunni, þar sem tekið hafi verið fram, að óviðkomandi væri bannaður aðgangur. Þá hefur maður þessi skýrt frá því, að á árinu 1946 hafi verið stolið sprengihylkjum úr geymslu Flugráðs. Þjófnaðurinn hafi verið tilkynntur lögreglunni, en ekki komizt upp, hverjir voru þar að verki. Þá hafi rétt fyrir áramótin 1948 og 1949 verið brotizt inn í skúr, þar sem sprengiefni voru geymd, og stolið meðal annars nokkru af sprengihylkjum. Þjófnaður þessi hafi ekki verið tilkynntur lögreglunni fyrr en eftir, að slys þetta varð. Ekki er upp komið, hver valdur var að þjófnaði þessum.

Annar maður, sem var verkstjóri í þjónustu Flugráðs, alllöngu áður en slys þetta varð, hefur skýrt svo frá, að þá hafi það látið vinna að sprengingum í Sæfellsöxlinni. Hafi þá verið notuð sprengihylki (hvellhettur) mjög áþekk því, sem drengirnir telji sig hafa fundið, og við þau hafi verið festur vír af sömu gerð og þeir telja. Flugvallarsvæðið á þessum stað hafi verið ógirt, og telur hann, að það hafi jafnan verið það. Það sé að minnsta kosti ógirt nú.

Lögregluþjónn, sem hafði með höndum athugun vegna slyss þessa þegar eftir það, telur, að flugvallarsvæðið hafi verið girt á þessum tíma, en hliðum, sem á því hafi verið, hafi sjaldnast verið lokað.

Lögregluranns6kn fór lítil fram strax eftir slys þetta, og voru vitni fyrst yfirheyrð á árinu 1950 og svo á árinu 1952. Í nóvembermánuði 1952 fór héraðsdómarinn í Vestmannaeyjum með þá Ólaf Odd og þrjá félaga hans og fleiri menn og lét þá benda á stað þann, þar sem þeir fundu sprengihylkið. Bentu drengirnir á staðinn, svo að þeir töldu, að aðeins skakkaði fáum metrum, en miklar breytingar höfðu orðið á svæðinu, síðan slysið varð. Var staðurinn innan

hinnar fyrirhuguðu flugvallarviðbótar til austurs. Svæði þetta er ógirt og talið, að það hafi aldrei verið girt.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að sprengihylki það, sem drengirnir fundu, hafi verið frá því, að menn í þjónustu Flugráðs voru að vinnu þarna að sprengingum. Þetta sé ljóst bæði af fundarstaðnum og útliti þess og spottans, sem við það var festur. Sprengihylkið hafi orðið eftir ósprungið. Ástæða sé til að ætla, að ekki hafi verið nægilega vel rannsakað eftir á, hvort öll sprengihylkin hafi sprungið við sprengingarnar. Slíkt hafi verið vangæzla af starfsmönnum Flugráðs, sem það hljóti að bera fébótaábyrgð á eftir venjulegum reglum, en ríkissjóður beri fjárhagsábyrgð á Flugráði. Þá hefur stefnandi bent á, að óforsvaranlegt hafi verið af Flugráði að hafa svæði þetta ógirt og óvarið, eftir að unnið hafi verið þarna að sprengingum, sérstaklega þar sem vitað var, að ósprungin sprengihylki gátu leynzt þar.

Stefndi, sem hefur ekki mótmælt fjárhagsábyrgð ríkissjóðs á Flugráði, byggir sýknukröfu sína á því, að algerlega sé ósannað, að sprengihylki það, sem orsakaði slysið, hafi verið frá því, að starfsmenn Flugráðs voru að vinna þarna. Hefur stefndi í því sambandi mótmælt því, að byggt verði á skýrslu drengjanna, sem sé gefin mörgum árum seinna, um útlit sprengihylkisins og fundarstað þess. Það sé því alveg ósannað, að sprengihylkið hafi fundizt á flugvallarsvæðinu. Þótt sprengihylkið hafi fundizt á flugvallarsvæðinu, þá sé þar með alls ekki sannað, að það hafi stafað frá vinnu starfsmanna Flugráðs þarna, því að fleiri hafi getað látið vinna þarna. Þá hefur stefndi bent á, að eftir sprengingar hafi verkstjóri Flugráðs látið leita gaumgæfilega að ósprungnum sprengihylkjum. Þetta hafi verið svo rækilega gert, að frekari aðgæzlu verði ekki krafizt af starfsmönnum þess. Enn hefur stefndi talið, að vel geti verið, að sprengihylki það, sem slysið orsakaði, hafi verið af þeim birgðum, sem stolið var úr geymslu Flugráðs. Geymslur þessar hafi verið öruggur geymslustaður, og Flugráð geti ekki borið ábyrgð á tjóni því, sem af þessum sprengihylkjum kunni að hafa orðið.

Stefndi hefur enn talið, að hafi sprengihylki það, sem slysið orsakaði, fundizt á flugvallarsvæðinu, þá hafi drengirnir farið inn á það í algeru heimildarleysi, og þar sem það hafi verið bannsvæði, geti Flugráð ekki borið ábyrgð á því tjóni, sem af því hafi hlotizt, að bannreglur voru brotnar.

Til vara telur stefndi, að þetta framferði drengjanna hljóti að leiða til þess, að Ólafur Oddur verði sjálfur talinn eiga meginsök á, hvernig fór. Þar við bætist, að drengur á hans reki hljóti að vita, hve hættuleg slík hylki sem þessi séu, og sé því bæði það framferði hans að taka með sér hylkið svo og meðferð hans á því mjög óforsvaranleg.

Hér að framan hafa verið raktar þær skýrslur, sem fram hafa komið um slys þetta. Þegar litið er til atvika allra, þykir ekki var-

hugavert að leggja til grundvallar skýrslur drengsins Ólafs Odds og þriggja félaga hans um fundarstað sprengihylkis þess, sem hér um ræðir, svo og útlit sprengihylkisins og umbúnað, enda styðst það við skýrslur annarra manna um gerð sprengihylkja þeirra, sem þarna voru notuð af starfsmönnum Flugráðs, en ekki hefur verið bent á aðra aðilja, er hafi látið vinna þarna að sprengingum. Með vísan til þessa og þess, að viðurkennt er, að komið hafi fyrir, að sprengihylki hafi fundizt ósprungin eftir sprengingar, þykir verða að leggja það til grundvallar, að sprengihylki það, er slysið orsakaði, hafi verið frá sprengingum starfsmanna Flugráðs. Ekki er sannað, að svæði þetta hafi verið girt, og viðurkennt er, að hafi það verið girt, þá hafi sú girðing verið slík, að hægt hafi verið að komast inn á svæðið án verulegrar fyrirhafnar. Þegar þetta allt er virt, verður að telja, að þótt leitað hafi verið að ósprungnum sprengihylkjum eftir sprengingar þarna, þá hafi öryggisráðstafanir Flugráðs eða manna þess eigi verið slíkar sem heimta verður, þar sem unnið hefur verið í slíkum mæli með hættuleg sprengiefni. Verður því að leggja fébótaábyrgð á tjóni því, sem af þessu hefur hlotizt, á stefnda.

Eins og atvikum var háttað og að framan hefur verið lýst, verður það ekki lagt drengnum Ólafi Oddi til sakar, þótt hann færi inn á svæði þetta. Hins vegar þykir mega telja, að drengur á hans aldri hljóti að hafa nokkra þekkingu á þeirri hættu, sem fylgir því að meðhöndla sprengiefni. Verður því að telja honum til sakar í þessu sambandi, að hann flutti sprengiefnið heim og meðhöndlaði það eins og að framan hefur verið lýst.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta ábyrgð á slysi þessu þannig að telja stefnda bera fébótaábyrgð að ⅔ hlutum.

Kröfur sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr.	114.390,00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	25.000,00
3. Kostnaður af örorkumati	—	200,00
	Kr.	139.590,00

Um 1. Farið var með Ólaf Odd í sjúkrahús strax eftir slysið. Við komuna í sjúkrahúsið lýsir læknir sá, sem tók á móti honum, meiðslum hans svo, að fremri köggull þumalfingurs vinstri handar sé alveg burtu og efri köggullinn standi ber fram úr sárinu. Þá var fremsti köggull vísifingurs sömu handar sprengdur burtu og miðköggullinn stóð út úr sárinu. Enn fremur var langatöng vinstri handar særð mjög, og stóð fremsti köggullinn ber fram úr sárinu. Drengurinn lá í sjúkrahúsinu til 14. apríl 1949, en fór þá heim til sín. Sár hans greru vel. Hinn 25. sept. 1950 rannsakaði Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir drenginn, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 13. marz 1951:

„Vinstri hönd: Á þumalfingur vantar yztukjúku. Á vísifingur vantar yztukjúku og mestalla miðkjúku. Á löngutöng vantar yztukjúku og

dálítinn hluta af miðkjúku." Varanlega örorku drengsins mat tryggingayfirlæknirinn 25%.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti tekjutaps drengsins miðað við fyrrgreint örorkumat. Hinn sérfróði maður hefur í útreikningum sínum, sem eru dagsettir 8. sept. 1952, miðað við, að Ólafur Oddur stundaði daglaunavinnu og að árstekjur í slíkri vinnu væru kr. 31.385,51. Hefur hann ekki gert ráð fyrir, að drengurinn hefði tekjur fyrr en eftir 16 ára aldur og að á 17. ári hans yrðu tekjurnar 80% af tekjum fullorðins manns. Síðan hefur hann gert ráð fyrir, að tekjurnar hækkuðu um 4% af fullorðinna manna tekjum á hverju ári, unz fullum tekjum væri náð eftir 21 árs aldur. Heildarverðmæti tekjutapsins þannig reiknað taldi hinn sérfróði maður nema kr. 114.390,00. Hefur stefnandi við þessa fjárhæð miðað í kröfum sínum.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst lemstrum þeim, sem Ólafur Oddur hlaut af sprengingunni. Þegar það hefur verið virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að ákveða tjón hans samkvæmt þessum lið kr. 90.000,00.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst lemstrum þeim, sem Ólafur Oddur hlaut af sprengingunni, og afleiðingum þeirra. Þegar þessa alls er gætt svo og annars þess, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 15.000,00.

Um 3. Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón drengsins af slysi þessu alls kr. 105.200,00 (90.000,00 + 15.000,00 + 200,00). Eins og að framan er rakið, ber stefnda að bæta ⅔ hluta þess eða kr. 70.133,33, sem honum ber að greiða með vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.500,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Flugráðs, greiði stefnanda, Sveinbirni Guðlaugssyni f. h. Ólafs Odds Sveinbjörnssonar, kr. 70.133,33 með 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og kr. 6.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. desember 1954.

Kærumálið nr. 25/1954.

Ákæruvaldið
gegn
Helga Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kveðið á um, að umboðsdómari skuli víkja sæti sökum ýmissa mistaka og mikils dráttar á málinu.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði, Helgi Benediktsson, hefur með kæru 26. október 1954, er hingað barst 4. nóvember sl., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, og hefur dómsmálaráðherra veitt honum heimild til kæru þessarar samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951. Krefst ákærði þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að teknar verði til greina kröfur þær, sem hann bar fram fyrir sakadóminum og lýst er í 1. og 3.—5. tölulið í hinum kærða úrskurði. Eftir að kæran barst Hæstarétti, var verjanda ákærða og Gunnari A. Pálssyni dómara gefinn kostur á að skiptast á greinargerðum um málið.

Í hinum kærða úrskurði eru kröfur ákærða greindar í 5 töluliðum, og verða þær teknar til athugunar með sama hætti.

1.

Ákærði hefur áður í máli þessu borið fram kröfu um, að Gunnar A. Pálsson, dómari samkvæmt umboðsskrám, víki úr dómarasæti í máli þessu. Þeirri kröfu var hrundið með dómi Hæstaréttar 23. janúar 1953, með því að eigi þóttu þá vera fyrir hendi nægar ástæður til að láta hann víkja úr dómarasæti í málinu.

Nú hefur í kærumáli þessu komið fram, að Gunnari umboðsdómara hafa orðið á framhaldandi mistök í málinu.

Er þar fyrst til að telja, að þegar dómarinn fór til Vestmannaeyja til að taka bókhaldsgögn úr vörzlum ákærða hinn 10. júlí 1953, gerði hann ekki Sigurði Ólasyni hæstaréttar-

lögmanni, skipuðum verjanda ákærða, viðvart. Hafði dómarinn þó sérstaklegt tilefni til að veita verjandanum kost á að gæta réttar ákærða við töku bókhaldsgagnanna, þar sem verjandinn hafði í bréfi til dómarans, dags. 7. júlí 1953, óskað þess, að honum yrði gert viðvart um töku gagnanna og veitt aðstaða til þess að gæta um það réttar og hagsmuna ákærða. Var verjandinn af þessum sökum ekki viðstaddur í þinghaldinu 10. júlí 1953, er bókhaldsgögnin voru tekin. Í þinghaldi þessu synjaði dómarinn og þeirri beiðni ákærða, að honum yrði skipaður sérstakur réttargæzlumaður við töku bókhaldsgagnanna. Þessi meðferð dómarans getur ekki samrýmzt ákvæðum 86. gr. laga nr. 27/1951. Er hér um ítrekaða synjun dómarans að ræða, þar sem hann hafði áður neitað ákærða um að hafa lögfróðan verjanda við dómprófun, eins og greinir í dómi Hæstaréttar frá 23. janúar 1953. Verjandi ákærða reisti kröfu sína um, að dómarinn viki sæti, meðal annars á þessari málsástæðu, en dómarinn getur hennar ekki í hinum kærða úrskurði.

Í dómi Hæstaréttar frá 23. janúar 1953 segir, að þá sé orðinn aðfinnsluverður og óréttlættur dráttur á rannsókn málsins, þó að dómaranum væri þá gefið færi á að lúka málinu með viðeigandi hraða. Samt sem áður hefur dómarinn ekki unnið að málinu með þeirri kostgæfni og þeim hraða, sem nauðsyn bar til, eins og málinu var komið. Meðal annars hefur dómarinn, svo sem greinir í úrskurði hans, enn eigi tekið fulla afstöðu til þess, hver vitni þarf að sanprófa og heitfesta.

Í hinum kærða úrskurði lýsir dómarinn því, að verjandi málsins hafi í greinargerð sinni í héraði og fylgiskjölum hennar farið með ýmis ósannindi, er ætla verði vísvitandi, að minnsta kosti sum, svo og meiðandi aðdróttanir, sem dómarinn muni taka til meðferðar í efnisdómi í málinu. Nú hefur dómarinn í greinargerð til Hæstaréttar í kærumáli þessu, dags. 19. f. m., farið mjög óviðurkvæmilegum orðum um verjandann. Meðal annars kveður hann verjandann fara með vísvitandi ósannindi í málsskjölum og að ákærði og verjandi hafi komið á með sér vissri verkaskiptingu til að tefja málið og flækja og torvelda. Hefur dómarinn þannig fyrir

fram tekið afstöðu til sakarefnis, sem hann átti síðar að kveða upp efnisdóm um, sbr. 19. kafla laga nr. 27/1951. Einnig hefur dómarinn í nefndri greinargerð borið verjanda það á brýn, að hann hafi tekið þátt í tilbúningi rangra ásakana á hendur dómaranum, og enn hefur dómarinn látið liggja að því, að verjandinn hafi rofið lögmannsheit sitt. Samrýmast þessi ummæli ekki stöðu Gunnars sem dómara í málinu, enda þótt verjandinn hafi á ýmsan hátt veitzt að dómaranum með miklum harðyrðum, sem ber undir dómara aðalmálsins að dæma.

Af ástæðum þeim, sem að framan hafa verið raktar, ber að ákveða, að Gunnar A. Pálsson umboðsdómari víki sæti í máli þessu.

2.

Ákærði hefur hér fyrir dómi fallið frá þeirri kröfu, sem í þessum lið greinir.

3.

Heimilt var að kveðja ákærða fyrir dóm í Reykjavík, þar sem dómsmálaráðherra hafði veitt til þess samþykki sitt, sbr. 5. gr. laga nr. 27/1951. Verður sú krafa ákærða, sem greind er í 3. tölulið hins kærða úrskurðar, því ekki tekin til greina.

4.

Ákærði hefur gert þá kröfu, að vitni í málinu verði samprófuð og eiðfest. Af dómsgerðum má sjá, að hinir tilkvöddu skoðunarmenn, Franz A. Andersen, Hermann Jónsson og Sigurður Schram, hafa verið látnir heitfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Vitni, sem leidd hafa verið í málinu, virðast ekki hafa verið látin heitfesta framburð sinn. Samkvæmt 100. gr. laga nr. 27/1951 ber dómara að láta vitni, sem eiðhæf eru í því máli, heitfesta framburð sinn, en heimilt er honum þó að láta heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Á þessu stigi málsins kemur ekki til greina, að Hæstiréttur segi fyrir um það, hver vitni ber að heitfesta og hvort kunna eigi að sleppa einhverjum vitnum við

heitfestingu. Ber dómara aðalmálsins að taka afstöðu til þessa og samprófa og heitfesta vitni, eftir því sem lög standa til. Úrlausn héraðsdómarans um þennan kröfulið er því úr gildi felld.

5.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað í héraði í þessum hluta málsins eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða hefur í greinargerð í kærumáli þessu viðhaft óviðeigandi ummæli um héraðsdómarann, og ber að víta þau.

Dómsorð:

Gunnar A. Pálsson, dómari samkvæmt umboðsskrám, víkur úr dómarasæti í málinu: Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni.

Ákvæði hins kærða úrskurðar í 4. tölulið um samprófun og heitfestingu vitna er úr gildi fellt.

Að öðru leyti eiga ákvæði hins kærða úrskurðar að vera óröskuð.

Málflutningslaun verjanda ákærða í kærumáli þessu fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1954.

Ár 1954, mánudaginn 25. október klukkan 10, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var í húsinu nr. 10 við Hafnarstræti í Reykjavík, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m. Úrskurðurinn var kveðinn upp af formanni sakadómsins, Gunnari A. Pálssyni, dómara samkvæmt umboðsskrám.

Mál þetta var höfðað gegn ákærða, Helga Benediktssyni kaupmanni, Heiðavegi 20, Vestmannaeyjum, samkvæmt ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðuneytinu 16. apríl 1952. Ákæruatriðin eru 26 að tölu. Að efni til eru þau m. a. ætluð brot á lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, lögum um tollheimtu og tolleftirlit og almennum hegningarlögum.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að rekja efni og gang máls þessa í úrskurði þessum, enda hvort tveggja greinilega rakið í sérstökum úrskurði þessa dóms, upp kveðnum 17. nóvember 1952, er kærður var til Hæstaréttar, sem síðan kvað upp dóm í kærumálinu 23. janúar 1953. Vísast til þessara dómsúrlausna beggja um fyllri skýringu málavaxta, en þær eru prentaðar í dómasafni Hæstaréttar, XXIV. bindi, 43.—63. bls.

Verjandi ákærða, Sigurður Ólason hrl., hefur um langa hríð eða allt frá 31. marz 1953 haft aðstöðu til að vinna að vörn sinni fyrir ákærða um öll ákæruatriðin, 26 að tölu, nema ákæruatriðið nr. 20 (ætluð verðlagsbrot) og nr. 25 (ætluð bókhaldsbrot). Skjöl varðandi þau tvö atriði ákæruskjalsins fékk hann ekki til ótakmarkaðra afnota fyrr en 7. júlí 1954, enda þótt hann hafi jafnan átt aðgang að þeim. Hinn 7. júlí 1954 var verjanda ákveðinn frestur til að skila vörn fyrir ákærða til 25. september 1954. Taldi verjandi frestinn of stuttan, en gerði ekki athugasemdir að öðru leyti. Má þó geta þess, að í bréfi ákærða til verjanda 3. júní 1954, er lagt var fram 7. júlí 1954, kvaðst ákærði endurtaka kröfu sína um, að formaður sakadómsins viki sæti í málinu. Með tilliti til fyrrgreindrar hegðunar verjanda í þinghaldinu 7. júlí virtist sakadóminum þó ekki ástæða til að ætla, að verjandi tæki þessa kröfu ákærða alvarlega, enda þótt hann í bréfi til formanns sakadómsins 16. júní 1954, fram lögðu 7. júlí 1954, tæki svo til orða, að vegna fyrrnefnds bréfs ákærða mundi hann „ekki komast hjá því að fylgja fram þessari kröfu". Virtist sakadóminum og ljóst, að þar sem verjandi tók við löngum fresti til efnisvarnar í málinu án þess að minnast á að fá fyrst skamman frest til rökstuðnings því, að formanni sakadómsins bæri að víkja sæti, mundi hann ekki hafa þá kröfu uppi, enda var þessi hegðun hans ósamrýmanleg því.

Nú fór hins vegar svo, að í stað þess að skila efnisvörn fyrir ákærða 25. september sl. lagði verjandi fram greinargerð, sem hann gerir í þessar kröfur:

1) að formaður sakadómsins víki sæti í málinu;

2) að rannsökuð verði fyrir dómi ýmis atriði í dómarastörfum formanns sakadómsins í máli þessu og önnur skipti hans af málum ákærða, enda verði formaðurinn látinn víkja úr dómarasæti í málinu, meðan sú rannsókn stendur;

3) að ákærða verði á varnarþingi sínu gefinn kostur á að „koma fyrir sig vörnum" ..., „sérstaklega um verðlags- og bókhaldsákæruna";

4) að vitni í málinu verði samprófuð og heitfest;

5) að verjanda verði dæmd þóknun úr ríkissjóði „fyrir þenna þátt málsins".

Voru þær kröfur, er nú voru greindar, teknar til sérstaks úrskurðar í samræmi við 124. gr. laga nr. 27 5. marz 1951.

Greinargerð verjanda til rökstuðnings nýgreindum kröfum er löng,

en jafnframt óskipuleg og ekki vel ljós. Er t. d. mjög óhægt um vik að átta sig á, hvaða málsástæðum og rökum hann styður hvern einstakan lið fyrrgreindra krafna sinna. Hér á eftir verður þó allt það úr greinargerð verjanda tekið til meðferðar, er formanni sakadómsins virðist geta talizt til málsástæðna og raka fyrir umræddum kröfum, og rætt undir þeim lið krafnanna, sem því sýnist helzt ætlað að styðja.

Um 1. Flest þau rök og málsástæður, sem fram koma í greinargerð verjanda, sýnast eiga að renna stoðum undir kröfu ákærða um, að formaður sakadómsins víki sæti í málinu. Um þá kröfu hefur að vísu verið dæmt áður, sbr. úrskurð þessa dóms 17. nóvember 1952 og dóm Hæstaréttar 23. janúar 1953. Hins vegar er krafan nú að nokkru leyti reist á nýjum málsástæðum, og að því leyti, sem hún er jafnframt reist á hinum sömu og fyrr, heldur ákærði fram, að atvikum sé svo háttað, að rétt sé að fá úr því skorið á ný, hvort þær eigi ekki að leiða til þess, að hérgreindri kröfu hans verði nú sinnt; atvik hafi t. d. skýrzt og jafnvel sannazt, er áður hafi verið óljós og ósönnuð.

Verða nú þau atriði greinargerðarinnar, sem sýnast eiga að styðja þessa kröfu ákærða, tekin til athugunar hvert um sig.

a. Með dómi Hæstaréttar 23. janúar 1953 var svo kveðið á, að yfirskoðun skyldi fara fram á skýrslu verðgæzlumannanna Björns Jakobssonar og Þorvalds Ara Arasonar. Til þeirrar yfirskoðunar voru dómkvaddir þeir Hermann Jónsson, skrifstofustjóri verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs, og Sigurður Schram, fulltrúi í sömu stofnun. Gerðu þeir um hríð tilraunir til að vinna verk sitt, en gáfust að lokum upp, þar eð ákærði gerði þeim ókleift að framkvæma yfirskoðunina. Þegar svo var komið, krafðist verjandi, að lagt yrði fyrir yfirskoðunarmennina að halda áfram starfa sínum og ljúka honum. Með úrskurði 23. júní 1953 synjaði þessi dómur þessari kröfu verjanda. Kærði þá verjandi úrskurðinn, og með dómi Hæstaréttar 1. júlí 1953 var honum hrundið. Jafnframt var m. a. lagt fyrir formann sakadómsins að afla nauðsynlegra sakargagna og sjá um, að yfirskoðunarmennirnir ynnu verk sitt til hlítar, áður en dómur gengi.

Hinn 10. júlí 1953 fór formaður sakadómsins til Vestmannaeyja og setti dómþing í skrifstofum ákærða í þessu skyni. Ákærða hafði verið gert aðvart um þinghaldið, rétt áður en það skyldi hefjast, og þegar formaður sakadómsins kom á vettvang með aðstoðarmenn sína, var ákærði þar fyrir með nokkurn liðsafla. Hóf formaður sakadómsins starf sitt á því að vísa þeim mönnum á brott, sem honum þótti þarna ofaukið, og setti síðan sakadóminn og hóf venjulega bókun. Er að því var komið að kynna ákærða hæstaréttardóminn frá 1. júlí 1953, stökk hann snögglega öllum að óvörum úr dóminum. Tókst honum að loka sig inni í öðru herbergi og síðan enn öðru þar inn af og hlýddi ekki áskorunum um að koma í dóminn aftur. Þegar beðið hafði verið um hálftíma eftir því, að ákærði áttaði sig og kæmi

í dóminn aftur, en án árangurs, kvað formaður sakadómsins upp úrskurð þess efnis, að herbergi það, er ákærði dveldist í, skyldi opnað með valdi. Var það síðan gert og aðferðum nákvæmlega lýst í þingbókinni. Er þessu var lokið, tóku lögreglumenn ákærða og færðu hann í dóminn, sem síðan hélt áfram störfum sínum.

Nú heldur ákærði því fram, að með þessum aðgerðum hafi formaður sakadómsins að þarflausu beitt hann slíku harðræði, að hann geti ekki lengur gegnt dómarastörfum í máli þessu og því fremur þar sem ákærði hafi verið meiddur í sambandi við umræddar aðgerðir.

Þær aðgerðir, sem gripið var til í umræddu þinghaldi, voru um allt nauðsynlegar, enda var ekki til þeirra gripið, fyrr en sýnt var, að ekkert dugði annað til þess að koma fram fyrirmælum Hæstaréttar. Aðgerðirnar voru og um allt lögmætar og framkvæmdar á lögmætan hátt, enda var ekki beitt meira harðræði en brýna nauðsyn bar til. Voru lögreglumenn þeir, er framkvæmdu aðgerðirnar eftir fyrirmælum formanns sakadómsins, hinir samvizkusömustu, stilltir vel og varfærnir á alla lund. Formaður sakadómsins fylgdist nákvæmlega með gerðum þeirra og gat ekki séð, að neinum aðgerðum væri beitt, er ætla mætti, að gætu valdið meiðslum á ákærða. Kvartaði hann ekki heldur um neitt slíkt við formann sakadómsins.

Af því, sem lýst hefur verið, má ljóst vera, að hér greind málsástæða leiðir ekki til þess, að formaður sakadómsins víki sæti í máli þessu, og breytir málshöfðun ákærða gegn honum, sú er rædd verður undir c hér á eftir, engu um þetta efni.

b. Verjandi telur, að svo mikill dráttur sé nú orðinn á máli þessu eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins frá 23. janúar 1953, að valda eigi fyrningu ýmissa sakaratriða. Sé drátturinn að kenna formanni sakadómsins, er þess vegna sé ekki að treysta sem dómara að þessu leyti, þar eð honum hljóti að vera kappsmál að firra sig hugsanlegu ámæli af þessum sökum.

Það er að vísu rétt hjá verjanda, að mjög hvimleiður dráttur hefur orðið á máli þessu, síðan nýgreindur dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Skjöl málsins og bókanir í þingbók sýna hins vegar ljóslega, að dráttur þessi stafar að verulegu leyti af ýmissi hegðan ákærða og verjanda hans, sbr. og áður tilvitnaða úrskurði þessa dóms og dóma Hæstaréttar. Að öðru leyti stafar drátturinn af því, hversu tímafrek yfirskoðun verðlagsbrotaskýrslunnar reyndist.

Þegar af þessum ástæðum leiðir málsástæða þessi ekki til þess, að formaður sakadómsins víki sæti.

c. Formaður sakadómsins tók í marzmánuði 1953 sem gerðardómsmaður þátt í málsmeðferð og uppkvaðningu úrskurðar í gerðardómsmáli, er nafngreindur iðnnemi í Vestmannaeyjum átti í gegn ákærða. Var formaðurinn nefndur í dóminn af hálfu iðnnemans.

Ákærði hefur tvisvar, meðan rannsókn máls þessa hefur staðið, stefnt formanni sakadómsins fyrir dómstóla, fyrra skiptið út af

nokkrum orðum í bréfi til Einars Arnórssonar hrl., sbr. nánar fyrrgreindan úrskurð sakadómsins 17. nóvember 1952, og síðara skiptið nú fyrir skömmu, til greiðslu tjónbóta fyrir meiðsl, er hann telur sig hafa orðið fyrir í sambandi við aðgerðir þær, sem lýst var undir a.

Seta formanns sakadómsins í greindum gerðardómi skiptir ekki máli, að því er varðar hæfi hans til dómstarfa í þessu máli. Hið sama er að segja um nýgreindar tvær málssóknir, er ákærði hefur hafið gegn formanninum, enda eru þær báðar meinlausar og svo skaðlausar að áliti formannsins, að honum er sama um, hvort af stað var farið eða heima setið.

Leiða þessar málsástæður ákærða því ekki til þess, að formaður sakadómsins víki sæti.

d. Þegar formaður sakadómsins fór til Vestmannaeyja 10. júlí 1953, svo sem fyrr er skýrt frá, tók hann með sér í förina þá Franz A. Andersen, löggiltan endurskoðanda, og Björn Jakobsson verðgæzlumann. Taldi hann sér aðstoð þeirra nauðsynlega við töku bókhaldsgagna ákærða, enda varð og sú raunin á.

Telur ákærði, að með vali þessara aðstoðarmanna og þá sérstaklega Björns hafi formaður sakadómsins viljað storka sér á ótilhlýðilegan hátt. Ekkert slíkt vakti þó fyrir formanninum, er hann kvaddi nýnefnda menn með sér til Vestmannaeyja, heldur eingöngu það, að þeir voru báðir svo vel kunnugir gögnum þeim, er taka þurfti, að formaðurinn taldi sér brýna þörf aðstoðar þeirra, enda var á hvorugs ráði sá ljóður gagnvart ákærða, að ekki væri fyllilega réttmætt að notfæra sér aðstoð þeirra um töku bókhaldsgagnanna. Verk sitt í dóminum unnu báðir vel og af fyllstu prúðmennsku.

Víkur formaður sakadómsins því ekki sæti fyrir þessa sök.

e. Ákærði telur formann sakadómsins hafa bókað um sig ýmsan „óhróður" í þingbókina, er sýni, að hann vilji færa allt til verri vegar fyrir sér. Virðist svo sem ákærði vilji með þessari staðhæfingu sýna, að hugarþel formannsins til sín sé ekki slíkt, að hann geti verið óhlutdrægur dómari í máli þessu.

Á þessa staðhæfingu ákærða verður ekki fallizt. Bera engar bókanir í þingbók slíkan blæ. Er að sjálfsögðu eingöngu fært til bókar það, sem er og ætla mátti verða til skýringar sakaratriðum, svo og það annað, sem nauðsyn krafði hverju sinni varðandi gang málsins og væntanlegan dóm.

Leiðir þessi staðhæfing því ekki til þess, að formaðurinn víki sæti.

f. Þá telur ákærði, að formaður sakadómsins hafi haft í hótunum við vitni, ef þau gæfu ekki vottorð svo sem honum líkaði. Nefnir hann þar til mann, sem er ekki hið minnsta við mál þetta riðinn, hvorki sem vitni né á annan hátt, og aldrei hefur komið til álita að kalla fyrir dóm í sambandi við rannsókn málsins. Verður ekki ætlað, að þessi málsástæða sé notuð í góðri trú, svo rakalaus sem hún er. Víkur formaður sakadómsins því ekki sæti fyrir hana.

Hafa þá verið teknar til meðferðar allar þær málsástæður úr framangreindri greinargerð verjanda, sem ætla má, að hafðar hafi verið uppi til rökstuðnings þeirri kröfu ákærða, að formaður sakadómsins víki sæti í máli þessu. Svo sem greint hefur verið, þykir engin þeirra leiða til þess, að þeirri kröfu ákærða beri að sinna.

Um 2. Það, sem ákærði fer fram á í þessum kröfulið, er ekki þess eðlis, að borið verði undir þenna dómstól. Slíka kröfu ber að gera til ákæruvaldsins, og á það úrskurðarvald um hana.

Um 3. Þegar lokið var framangreindri yfirskoðun verðlagsbrotaskýrslunnar, sbr. *Um 1. a*, bar að veita ákærða tækifæri til að kynna sér hana. Nú stóð svo á, að allir dómendur málsins voru búsettir hér í bænum svo og yfirskoðunarmennirnir, er búast mátti við, að jafnvel þyrfti að spyrja fyrir dómi að ákærða viðstöddum og veita honum þannig tækifæri til athugasemda og samprófunar við þá. Enn fremur voru öll gögn málsins, þ. á m. fyrirferðarmikil og vandflutt bókhaldsgögn, hér í bænum. Loks var verjandi ákærða búsettur hér. Af þessum ástæðum var mun hagfelldara og kostnaðarminna að láta ákærða koma fyrir dóm hér en í Vestmannaeyjum í framangreindu skyni. Beiddist sakadómarinn því í öryggisskyni ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins um, að leiða mætti ákærða fyrir dóm hér í bænum. Féllst ráðuneytið á þetta, og gaf formaður sakadómsins síðan út stefnu til ákærða til móts fyrir þessum dómi hér í bænum. Þrátt fyrir stefnuna kom ákærði ekki fyrir dóminn.

Þenna kröfulið ákærða mun bera að skilja svo, að honum skuli veitt tækifæri til að kynna sér yfirskoðunarskýrsluna í Vestmannaeyjum svo og skýrslu löggilts endurskoðanda, Franz A. Andersens, um bókhaldsrannsókn hans hjá ákærða.

Skýrslan um bókhaldsrannsóknina hefur þegar verið undir ákærða borin í Vestmannaeyjum, og um fyrrgreinda yfirskoðunarskýrslu er það að segja, að honum hefur þegar verið veitt tækifæri til að kynna sér hana við beztu aðstöðu og á lögmætum þingstað, sbr. framanskráð. Það tækifæri lét ákærði ónotað, og verður því þessi krafa hans ekki tekin til greina, enda á hann þess og kost að láta fram koma í efnisvörn málsins hverjar þær athugasemdir, er hann kann að óska.

Um 4. Í máli þessu hafa verið leidd mörg vitni. Ekki hefur þótt ástæða til að láta nema fá þeirra heitfesta framburði sína eða yfirskoðunarmenn verðlagsbrotaskýrslunnar og Franz A. Andersen. Liggja til þess ýmsar ástæður, en einkum þó þær, að sum vitnanna hafa haft slík afskipti af sakaratriðum, að ekki þótti rétt að heitfesta þau, og önnur eru aðeins leidd til skýringar og styrktar sönnunargögnum, er fyrir liggja í málinu, og framburðir þeirra því ekki slíkir, að sekt eða sýkna ákærða velti beinlínis á þeim.

Samprófanir vitna hafa farið fram, þegar ástæða hefur þótt til. Hins vegar hefur ákærði ekki verið samprófaður nema við eitt vitni, og gefið var honum tækifæri til samprófunar við yfirskoðunar-

mennina, en það notaði hann ekki. Víðtækari samprófun ákærða við vitni hefur ekki þótt nauðsynleg og því ekki verið framkvæmd, en þó má geta þess, að hegðun hans hefur jafnan verið slík, að samprófun hans við vitni hefði ekki verið framkvæmanleg til nokkurs gagns.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, lítur formaður sakadómsins nú svo á, að ekki sé ástæða til frekari heitfestinga vitna eða samprófana en þegar hafa farið fram. Komi hins vegar í ljós við samningu efnisdóms í málinu, að slíks reynist þörf um einhver atriði, verður það að sjálfsögðu gert þá.

Slíkar samprófanir og heitfestingar, sem hér er rætt um, eru að sjálfsögðu þáttur í rannsókn málsins. Ein krafa ákærða, sem þessi dómur úrskurðaði um 17. nóvember 1952, var sú, að málinu yrði frestað til nýrrar og fyllri rannsóknar. Var henni ekki sinnt. Þegar sá úrskurður var kærður, bar hið sama undir dóm Hæstaréttar. Tók Hæstiréttur hana ekki til greina að öðru leyti en því að mæla fyrir um framangreinda yfirskoðun verðlagsbrotaskýrslunnar og að Franz A. Andersen skyldi spurður fyrir dómi að verjanda viðstöddum um öll atriði, er verða mættu málinu til skýringar. Þar sem málið hefur þannig verið borið undir Hæstarétt og hann mælt í dómi sínum hvorki fyrir um frekari vitnaleiðslur, heitfestingar framburða né samprófanir, þá verður og að telja, að framangreint álit formanns sakadómsins varðandi þá kröfu ákærða, er hér um ræðir, hafi fyllstu stoð í hæstaréttardóminum frá 23. janúar 1953.

Með vísun til framanskráðs verður þessari kröfu ákærða ekki sinnt.

Um 5. Verjanda verður ekki dæmd þóknun „fyrir þenna þátt málsins".

Hafa nú allar þær kröfur, er ákærði hefur gert, verið athugaðar, og verður engin þeirra tekin til greina, svo sem ljóst er af framanskráðu.

Fyrr í úrskurði þessum hefur verið getið þeirra galla, sem aðallega eru í greinargerð ákærða frá faglegu sjónarmiði. Auk þess eru í henni og fylgiskjölum hennar ýmis ósannindi, er ætla verður vísvitandi, a. m. k. sum. Þá er og í greinargerðinni fjöldi meiðandi ummæla um ýmsa aðila svo og margs konar ærumeiðandi aðdróttanir. Til þessa alls mun verða tekin afstaða í efnisdómi í málinu.

Formaður sakadómsins getur þess, að enda þótt hann í samræmi við 13. gr. laga nr. 27/1951 kveði einn upp úrskurð þenna, þá hefur hann haft samráð við meðdómendur sína um samningu hans. Enn fremur getur formaður þess, að nokkur dráttur hafi orðið á uppkvaðningu úrskurðarins. Stafar hann aðallega af því, hve mikið verk var að semja úrskurðinn og athuga viðeigandi skjöl. Að nokkru leyti stafar drátturinn þó af því, að formaðurinn þurfti að vinna aðkallandi verk, meðan á samningu úrskurðarins stóð, og nú síðustu

dagana af veikindum verjanda ákærða, sem nauðsynlegt þótti, að væri við uppkvaðningu úrskurðarins, þar eð bæði þurfti hann að taka ákvörðun um, hvort úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar, og eins þurfti að ákvarða honum lokafrest til efnisvarnar í málinu.

Ályktarorð:

Framangreindum kröfum ákærða, Helga Benediktssonar, verður ekki sinnt.

Verjanda ákærða, Sigurði Ólasyni hrl., verða ekki úrskurðuð málflutningslaun að sinni.

Þriðjudaginn 7. desember 1954.

Nr. 107/1953. **Halldór Björnsson**
gegn
Sveinbirni Sigurðssyni
og
Oddnýju Stefánsson.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1953 til þingfestingar í septembermánuði sama ár. Hefur áfrýjandi síðan fengið marga fresti í málinu. Er málið var tekið fyrir í þinghaldi 30. f. m., bað áfrýjandi enn um frest, en af hálfu stefndu var frestbeiðninni synjað. Áfrýjanda var þá veittur kostur á að rökstyðja frestbeiðni sína, en hann hafnaði því og hefur enga grein gert fyrir henni. Að svo vöxnu máli ber að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu ómaksbætur, er ákveðast kr. 600,00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Halldór Björnsson, greiði stefndu, Sveinbirni Sigurðssyni og Oddnýju Stefánsson, ómaksbætur, kr. 600,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. desember 1954.

Nr. 24/1954. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ingvari Diðrik Júníussyni (Theodór B. Líndal)
og
Hauki Sigurjónssyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 206. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum á hvor hinna ákærðu að greiða málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar eiga ákærðu að greiða in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00.

Það er aðfinnsluvert, að heitfesting vitna hefur í sakadómi Reykjavíkur verið látin undir höfuð leggjast.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 1.800,00. Ákærði Haukur Sigurjónsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.800,00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. október 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 20. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4121—22/1953: Ákæruvaldið gegn Ingvari Diðriki Júníussyni og Hauki Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 26. ágúst sl., eru ákærðu, Ingvar Diðrik Júníusson sjómaður, Arnarhóli við Breiðholtsveg, og Haukur Sigurjónsson sjómaður, Leifsgötu 4, báðir hér í bæ, ákærðir fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, og að því er Ingvar Diðrik varðar sérstaklega, fyrir fjárdrátt samkvæmt 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, með því á tímabilinu júlí—október 1952 að koma karlmönnum, aðallega erlendum hermönnum og sjómönnum, í kynni við stúlkur og láta þeim í té húsnæði til holdlegs samræðis og annarra kynferðismaka í herbergi, sem meðákærði Haukur hafði á leigu á Leifsgötu 4 í Reykjavík, gegn þóknun frá karlmönnunum í peningum eða áfengi, tóbaki o. fl., og að því er Ingvar Diðrik varðar sérstaklega, með því að taka hinn 20. okt. 1952 við 150,00 kr. frá Lt. O'Neal til kaupa á áfengi fyrir hann og drekka síðan hið keypta áfengi sjálfur án þess að standa skil á andvirðinu.

Ákærast því nefndir Ingvar Diðrik Júníusson og Haukur Sigurjónsson til að sæta refsingu samkvæmt framangreindum hegningarlagaákvæðum, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson er fæddur 21. nóvember 1933 í Keflavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1951 1/6 Rvík. Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
1952 9/4 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. hegnl., bifreiðal. og umferðarl. Sviptur rétti til ökuskírteinis í 6 mánuði.
1952 16/4 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.
1953 16/1 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
1953 2/6 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.

Haukur Sigurjónsson er fæddur 12. júlí 1931 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1950 9/2 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr., 2. mgr., hegningarl.
1950 5/1 Rvík. Kærður fyrir brot á 22. kafla hegningarl. Fellt niður með stjórnarráðsúrsk. 6/3 1950.
1950 10/2 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1951 19/2 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðal.
1951 6/4 Rvík. Áminning fyrir vöntun á skrásetningarmerki bifreiðar.
1951 18/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir vöntun á skrásetningarmerki.
1951 13/6 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 26. gr. bifreiðal.
1951 15/6 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
1952 9/4 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

Málavextir eru þessir:

I.

Í júlí- eða ágústmánuði 1952 tók ákærði Haukur Sigurjónsson eitt herbergi á leigu í bakhúsi á Leifsgötu 4 hér í bæ, en Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson bókbindari, þar til heimilis, hefur séð um húseign þessa og leigt út nokkur herbergi í bakhúsinu. Greiddi ákærði Haukur kr. 300,00 í húsaleigu á mánuði til sl. áramóta. Stúlka að nafni Hulda Bergsdóttir, starfandi í Fiskiðjuveri ríkisins, bjó í næsta herbergi við ákærða Hauk í greindu bakhúsi. Kvartaði hún undan því við Gunnlaug Þorvald, að ákærði Haukur drægi til sín í herbergi sitt hermenn og stúlkur, og hefði hávaði og óþægindi orðið af því. Talaði Gunnlaugur Þorvaldur við ákærða Hauk um þetta, og lofaði hann að fara úr herberginu 1. desember sl., og endurgreiddi Gunnlaugur Þorvaldur honum þá húsaleiguna fyrir desembermánuð.

Verða nú raktir framburðir þeirra vitna, er borið hafa í málinu og máli skipta.

Vitnið Hulda Bergsdóttir, 28 ára að aldri, hefur borið, að það hafi búið í greindu bakhúsi á Leifsgötu 4 síðan í júlí f. á. Vitnið kveður allsukksamt hafa verið í herbergi ákærðu í húsinu á sl. hausti, einkum um helgar og á miðvikudagskvöldum, en þá hafi komið þangað margar íslenzkar stúlkur og hópur af hermönnum. Ein af stúlkunum hafi verið kölluð Gréta og önnur Jonný. Vitnið kveðst aldrei hafa komið inn í herbergi ákærðu, en það hafi orðið sjónarvottur að faðmlögum stúlkna og hermanna í skotum í gangi hússins. Á kvöldin og næturnar hafi vitnið ekki komizt hjá því að heyra sitt af hverju af samtali þessa fólks og ákærðu. Hafi vitninu skilizt á samtölunum, að ákærðu næðu í stúlkur handa hermönnunum og að þeir greiddu ákærðu peninga fyrir útvegun stúlknanna, en það hafi þó aldrei heyrt ákveðnar fjárhæðir nefndar. Hermennirnir hafi lagt til áfengi eða peninga fyrir því, og hafi þeir svo og stúlkurnar og ákærðu neytt þess í herberginu og þau oft orðið ölvuð.

Vitnið kveðst einu sinni hafa heyrt hermann segja við annan hvorn ákærða, líklega ákærða Hauk, að hann (hermaðurinn) væri búinn að greiða honum peninga, og mætti ákærði ekki svíkja hann, heldur útvega honum tvær stúlkur, og ef honum líkaði þær ekki, þá að fá þá þriðju, sem hann máske vildi nota („use the girl"). Hafi vitninu skilizt, að hér væri átt við samfarir við stúlkuna. Einnig kveðst vitnið oft hafa heyrt úr herbergi sínu ákærðu spyrja hermenn í ganginum að því, hvort þeir hugsuðu sér eða ætluðu að hafa samfarir við stúlkur, sem væru í herbergi þeirra. Hafi ákærðu notað orðalagið: „Are you going to fuck her?" Þá hafi hermenn haft orð á því við ákærðu á ganginum, að þeir væru búnir að hafa samfarir við stúlkur í herberginu, og hafi hermennirnir þá látið í ljós, hvernig þeim hafi líkað við stúlkurnar til samfara. Hafi samtöl hermannanna og ákærðu á ganginum snúizt fyrst og fremst um samfarir hermanna og stúlkna í herberginu. Allur þessi ólifnaður og hávaði og vökur hans vegna hafi knúið vitnið til að kvarta við húsráðandann undan hegðun ákærðu.

Vitnið Magnea Hulda Magnúsdóttir frammistöðustúlka, 28 ára að aldri, hefur borið, að það hafi búið í bakhúsinu síðan 1. október f. á. Stúlkur og hermenn hafi oft komið í herbergi ákærðu í húsinu, einkum á miðvikudögum og um helgar og dvalizt þar fram eftir kvöldi. Stúlkurnar hafi verið margar og yfirleitt hinar sömu, og hafi vitnið einkum heyrt nöfn þriggja: Jonnýjar, Grétu og Steinu. Áfengi hafi þarna verið um hönd haft, og muni stúlkurnar aðallega hafa neytt af því. Vitnið kveðst oft hafa heyrt á samtöl þessa fólks frammi á gangi hússins. Eitt sinn hafi það heyrt ákærðu segja þar við hermenn, að hermennirnir ættu að greiða þeim peninga, en ekki hafi það heyrt ákveðnar fjárhæðir tilgreindar. Einu sinni hafi vitnið heyrt hermann segja við ákærða Hauk, að hann (hermaðurinn) væri búinn að greiða honum peninga fyrir að útvega honum tvær stúlkur og sú þriðja gæti verið „extra". Hafi hermaðurinn sagzt skyldu drepa hann, ef hann gerði það ekki. Ákærði Haukur hafi þá farið út og komið með tvær stúlkur að minnsta kosti. Þá hafi vitnið heyrt ákærðu segja við hermenn, að þeir gætu útvegað hermönnunum stúlkur, hvenær sem þeir vildu, og ef hermennirnir væru ekki ánægðir með þær, sem þeir hefðu, gætu þeir fengið aðrar, en ekki hafi þeir útskýrt þetta frekar. Hermennirnir hafi tekið þessum boðum vel. Nokkrum sinnum kveðst vitnið hafa heyrt á samtölum stúlkna, hermanna og ákærðu á ganginum, að eitt par, stúlka og hermaður, væru inni í herbergi ákærðu og hefðu samfarir. Einu sinni hafi vitnið heyrt ákærða Hauk spyrja hermann að því á ganginum, hvort hann væri búinn að hafa samfarir og hvernig honum hefði líkað stúlkan. Hermaðurinn hafi sagzt vera búinn að hafa samfarir við stúlkuna, en hann hafi verið óánægður og ekki viljað hana aftur.

Vitnið Ásdís Jónatansdóttir verksmiðjustúlka, 28 ára að aldri,

hefur borið, að það hafi búið í greindu bakhúsi síðan í septemberlok f. á. Hermenn og stúlkur hafi oft komið í herbergi ákærðu í húsinu, einkum um helgar, og dvalizt þar fram eftir kvöldi og nóttu. Hafi vitnið heyrt nöfn þriggja stúlkna: J....., G..... og Steinu. Vitnið kveðst ekki hafa komizt hjá því að heyra orðaskipti hermanna, stúlkna og ákærðu. Það hafi oft heyrt, að hermenn létu ákærðu fá peninga til áfengiskaupa, en ekki heyrt ákveðnar fjárhæðir nefndar. Einu sinni hafi það heyrt hermann biðja annan hvorn ákærðu að útvega honum tvær stúlkur, og ef hann væri ekki ánægður með þær, þá hina þriðju. Þá kveðst vitnið hafa heyrt ákærða Ingvar Diðrik segja við hermenn, hvort þeir vildu þessa eða hina stúlkuna. Hafi hermennirnir þá nefnt ákveðna stúlku og hún þá gjarna látið í ljós samþykki sitt. Vitnið geti ekki sagt um, hvort þetta hafi leitt til kynferðismaka. Einu sinni hafi ákærði Ingvar Diðrik frekar en Haukur verið staddur á gangi hússins, og hafi hann þá spurt hermann, sem komið hafi fram á ganginn, að því, hvernig honum hefðu líkað samfarirnar, en það muni hafa verið fyrrgreind G....., sem átt hafi verið við. Hermaðurinn hafi látið vel yfir. Nokkru síðar hafi ákærði Ingvar Diðrik spurt hermanninn að því, hvenær hann vildi koma aftur til að hafa samfarir.

Öll vitnin þrjú, Hulda Bergsdóttir, Magnea Hulda Magnúsdóttir og Ásdís Jónatansdóttir, hafa borið, að þau hafi einu sinni verið stödd í herbergi fyrst talda vitnisins, og hafi þau þá heyrt, að hermaður og stúlka voru inni á salerni þar við hliðina, og hafi hljóð og samtöl þeirra gefið ótvírætt til kynna, að þau höfðu samfarir þar.

Vitnin Jóhanna Jónsdóttir, Þorfinnsgötu 2, og Jónína Ögmundsdóttir, Blönduhlíð 18, afgreiðslustúlkur í veitingastofunni í Austurstræti 14 hér í bæ, hafa borið, að ákærði Ingvar Diðrik hafi komið nær daglega í greinda veitingastofu og þá hitt oft hermenn og stúlkur þar inni eða verið í fylgd með þeim. Hafa vitnin nafngreint fimm af stúlkunum: J....., G....., Steinu, Dollýju og Möttu. Vitnin hafa borið, að ákærði Ingvar Diðrik hafi á sl. hausti skýrt þeim nokkrum sinnum frá „partýum" heima hjá honum, þar sem hermenn og fyrrgreindar stúlkur væru og áfengi væri haft um hönd. Hafi hann fengið 150 eða 300 krónur hjá hermönnunum fyrir „partýin", en annars færi upphæðin eftir því, hve mikla peninga hermennirnir gætu látið af hendi. Vitnið Jóhanna kveður, að ákærði Ingvar Diðrik hafi að minnsta kosti einu sinni skýrt frá því, að þær J.... og G.... hafi haft samfarir við hermenn í „partýi" hjá honum, en vitnið Jónína kveður sér hafa skilizt á ákærða Ingvari Diðriki, að þetta hafi komið oft fyrir í „partýunum".

Tíu stúlkur hafa borið það í málinu, að þær hafi komið í „partý" eða heimsókn til ákærðu í bakhúsinu á Leifsgötu 4 seinni hluta sl. árs. Stúlkurnar eru þessar: J..... B..... F....., D-götu .., Kringlumýri, f. ..... 1935, G..... T..... R..... (G....), starfsstúlka á P...., f. ..... 1933, Matthildur Jónsdóttir,

starfsstúlka, Sörlaskjóli 36, f. 31. október 1933, Erla Guðjónsdóttir (Dollý), starfsstúlka, Sörlaskjóli 36, f. 20. september 1933, Tómasína Jórunn Stefánsdóttir (Jóa), Trípólíkamp 23, f. 29. október 1936, Esther Kristín Helgadóttir, Nesvegi 53, f. 27. júní 1935, Soffía Emilía Richter, starfsstúlka á Kleppi, Langholtsvegi 112, f. 2. ágúst 1934, Millý Jóna Jósefsdóttir, Langholtsvegi 104, f. 1. ágúst 1934, Steina Pálína Haraldsdóttir, Langholtsvegi 141, f. 2. janúar 1934, og Óla Óladóttir, starfsstúlka, Eskihlíð 9, 21 árs að aldri, allar til heimilis í Reykjavík. Þessar stúlkur eru flestar eða allar kunningjastúlkur. Komu þær í „partý" heima hjá ákærðu, sumar tvisvar til þrisvar, en aðrar oft á tímabilinu frá ágúst til október f. á. Voru þær oftast tvær eða fleiri saman og í fylgd með hermönnum og ákærðu, öðrum eða báðum, en stundum komu þær þangað einar, og voru þá hermenn þar fyrir. Einnig kom fyrir, að erlendir sjómenn væru þarna mættir. Hermennirnir voru alltaf nýir og nýir. Áfengi var allajafna veitt, og útveguðu hermennirnir það, og varð oft úr ölvun. Stundum kom til faðmlaga og kossa milli hermannanna og stúlknanna. Stúlkunum ber saman um, að þær viti ekki til þess, að ákærðu hafi fengið peninga hjá hermönnunum nema til áfengiskaupa. Þó kveður vitnið J..... B..... F....., að ákærði Ingvar Diðrik hafi látið orð falla um, að það gæti vel verið, að hann gæti fengið peninga fyrir að „redda stelpum í partý" með hermönnum heima hjá sér.

Vitnið J..... B..... F..... hefur viðurkennt að hafa að minnsta kosti í þrjú skipti og í hæsta lagi fimm skipti haft samfarir við hermenn í fyrrgreindum „partýum" ákærðu. Í sum skiptin hafi það verið við sama hermanninn, en í önnur skiptin ekki við þann sama. Ákærði Ingvar Diðrik hafi allajafna verið þá í herberginu með vitninu S..... L..... Hann hafi ekki á nokkurn hátt hvatt vitnið til samfaranna. Þá hefur vitnið G..... T..... R..... viðurkennt að hafa í tvö til þrjú skipti haft samfarir í herbergi ákærðu við hermann, sem það hafi þá verið með (vitnið Robert Carrol Smith). Ákærði Ingvar Diðrik hafi þá einnig verið með stúlku í herberginu, en hann hafi ekki hvatt vitnið til samfaranna. Enn fremur hafa vitnin J..... B..... F..... og E..... T..... borið, að þær hafi í september og október f. á. haft umrætt herbergi á Leifsgötu 4 á leigu fyrir 300 krónur á mánuði. Hafi þær þá verið með varnarliðsmönnum, sem hafi fengið þær til að taka herbergið á leigu, og hafi þeir greitt herbergisleiguna beint til ákærða Ingvars Diðriks. Hermennirnir hafi iðulega verið hjá vitnunum í herberginu og haft oft samfarir við þau. Hinar af stúlkunum 10 hafa neitað því að hafa haft samfarir eða önnur kynferðismök í herbergi ákærðu.

Tveir hermenn á Keflavíkurflugvelli hafa borið vitni í málinu. Vitnið Robert Carrol Smith, 21 árs að aldri, hefur borið, að það hafi nokkrum sinnum komið í „partý" til ákærða Ingvars Diðriks.

Einu sinni eftir eitt „partýið" hafi hann haft samfarir við stúlku, G..... að nafni, sem ákærði Ingvar Diðrik hafi kynnt hann fyrir. Vitnið kveðst ekki hafa látið hann fá peninga nema fyrir áfengi og vindlingum. Vitnið hefur skýrt frá því, að einu sinni hafi ákærði Ingvar Diðrik komið til þess, þar sem það hafi verið að tala við nokkra hermenn hjá Reykjavíkurapóteki. Hafi ákærði Ingvar Diðrik þá spurt einn sjóliða, sem þar var: „You want to fuck?" Sjóliðinn hafi þá svarað: „No, why?" Ákærði Ingvar Diðrik hafi þá sagt: „I know where you can get a piece of ash for 10 krónur." Sjóliðinn hafi ekki farið í burtu með ákærða Ingvari Diðriki. Vitnið kveðst nokkrum sinnum eftir þetta hafa heyrt ákærða Ingvar Diðrik spyrja hermenn sömu spurningar og nú var greint, og hafi þá nokkrir þeirra farið með honum í hvert skipti.

Vitnið John Stephen Cole, 22 ára að aldri, hefur borið, að það hafi nokkrum sinnum komið í „partý" í herbergi ákærða Ingvars Diðriks, en hefur neitað því að hafa haft þar samfarir. Vitnið kveðst ekki heldur hafa látið ákærða Ingvar Diðrik fá peninga nema til að kaupa áfengi fyrir, en allmikið hafi verið drukkið í „partýunum". Þessi tvö vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson, sem fyrr um getur, hefur ekkert getað borið um hávaða eða óþægindi af völdum ákærðu eða um heimsóknir hermanna eða stúlkna til þeirra.

Framburður ákærðu er þessi:

Ákærði Haukur Sigurjónsson var á árinu 1952 háseti á togurum og því mikið fjarverandi úr bænum. Hann leyfði ákærða Ingvari Diðriki, sem hann þekkti, að sofa í herberginu, sem hann hafði á leigu á Leifsgötu 4, og þegar hann var ekki í bænum, hafði ákærði Ingvar Diðrik einn afnot og umsjón með herberginu. Gaf ákærði Ingvar Diðrik oft upp Leifsgötu 4 sem heimilisfang sitt, þó að hann hefði heimili hjá foreldrum sínum á öðrum stað í bænum. Á sl. hausti fór ákærði Haukur til Grænlands, og leyfði hann þá ákærða Ingvari Diðriki að leigja herbergið út hermanni fyrir 300 krónur á mánuði, og hélt ákærði Ingvar Diðrik, sem hafði verið nær atvinnulaus í tvo mánuði, leigunni.

Ákærðu héldu oft „hermannapartý" í herberginu, og voru þeir sammála um að halda þau. Ákærði Haukur kveður, að tilgangur þeirra með þeim hafi fyrst og fremst verið sá að geta fengið ókeypis áfengi og skemmtun. Ákærði Ingvar Diðrik kveður, að tilgangur sinn hafi verið sá fyrst og fremst að vera með skemmtilegu fólki og vera í gleðskap, en hann sé ekki mikill vínmaður. Þá hafi hann langað til að læra ensku. Oft hafi sömu hermennirnir verið í „partýunum", en stundum nýir hermenn. Þá útveguðu ákærðu stúlkur í „partýin", og þekktu þeir þær flestar, en síðar hafi sumar þeirra komið sjálfkrafa. Eru það stúlkur þær, sem áður voru taldar.

Ákærðu hafa eindregið neitað því, að þeir hafi þegið peninga hjá hermönnunum fyrir „partýin". En hermennirnir lögðu til

áfengi, gosdrykki og vindlinga í „partýin". Þá þágu ákærðu oft mat á veitingastofum hjá hermönnunum. Enn fremur greiddu hermennirnir bifreiðakostnað í sambandi við „partýin". Þegar kaupa þurfti áfengi, lögðu hermennirnir út peninga fyrir því, en ákærðu önnuðust kaup á því.

Stúlkur og hermenn í „partýunum" fundu gjarna til áfengisáhrifa, og kom þá til faðmlaga og kossa. Ákærðu hafa eindregið neitað því, að þeir hafi fengið stúlkurnar til að láta vel að hermönnunum. Þegar ákærðu þekktu hermennina, létu þeir hermennina oft fá herbergislykil og fóru sjálfir út í bæ. Þetta hafi þó ekki verið gert til að auðvelda kynferðileg mök hermanna og stúlkna.

Í fyrstu staðhæfðu ákærðu, að hermenn og stúlkur hefðu alls ekki haft samfarir í „partýunum" eða eftir þau í herberginu. En eftir framburði vitnanna Huldu Bergsdóttur, Magneu Huldu Magnúsdóttur og Ásdísar Jónatansdóttur, sem áður getur, breyttu þeir framburði sínum.

Ákærði Ingvar Diðrik bar nú, að í „partýunum" hafi hermenn og stúlkur „parað" sig saman að eigin geðþótta. Hafi þetta endað nokkrum sinnum í samförum í herberginu, og hafi þá aðrir sjaldnast farið út á meðan og ljós ekki verið slökkt. Vitnið J..... B..... F..... hafi að minnsta kosti haft samfarir í þrjú skipti við hermenn. Í eitt skiptið hafi það dvalizt um helgi heilan sólarhring í herberginu. Hafi þá tveir hermenn og einn borgari af Keflavíkurflugvelli haft samfarir við það. Einnig hafi vitnið G..... T..... R..... haft að minnsta kosti samfarir í fjögur skipti í herberginu, í tvö skipti við sama hermanninn, vitnið Robert Carrol Smith, í eitt skipti við annan hermann, vitnið John Stephen Cole, og í eitt skipti við tvo blökkumenn með stuttu millibili sömu nótt. Ákærði Ingvar Diðrik kveðst alls ekki hafa hvatt vitnin til samfaranna og ekki heldur þegið fé fyrir af hermönnunum eða blökkumönnunum.

Ákærði Haukur bar, að vitnið J..... B..... F..... hefði við eitt tækifæri haft samfarir við þrjá hermenn í herberginu og vitnið G..... T..... R..... hefði við annað tækifæri haft samfarir við tvo blökkumenn í herberginu. Ákærði Haukur kveðst ekki hafa hvatt stúlkurnar til samfaranna og ekki þegið fé fyrir hjá mönnunum.

Ákærði Ingvar Diðrik hefur tekið fram út af framburði vitnisins Huldu Bergsdóttur, að hann kunni svo lítið í ensku, að hann geti varla átt í orðræðum við hermenn, og kannast hann ekki við að hafa spurt hermann að því, hvort hann hefði hugsað sér eða ætlað sér að hafa samfarir við stúlku í herberginu. Þá minnist hann þess ekki, að hermaður segði við hann, að hann væri búinn að hafa samfarir við stúlku í herberginu, nema þá, að annar fyrrnefndra blökkumanna hafi haft orð á þessu. Þá hefur ákærði tekið fram út af framburði vitnisins Magneu Huldu Magnúsdóttur, að hann

kannist ekki við að hafa sagt við hermenn, að hann gæti útvegað þeim stúlkur, og ef þeir væru ekki ánægðir, þá gæti hann náð í aðrar stúlkur. Út af framburði vitnisins Ásdísar Jónatansdóttur kveðst ákærði Ingvar Diðrik minnast þess, að einu sinni hafi hann verið með hermanni í herberginu, sem beðið hafi hann um að ná í tvær stúlkur til að drekka með, og hafi hann látið ákærða fá 30 krónur fyrir leigubifreið til að sækja stúlkur. Þetta hafi verið um kl. 2 um nótt, og kveðst ákærði hafa farið snögga ferð út, en komið brátt aftur kvenmannslaus. Þá hefur ákærði Ingvar Diðrik neitað því eindregið að hafa átt í orðaskiptum þeim við sjóliða hjá Reykjavíkurapóteki, sem vitnið Robert Carrol Smith hefur borið um.

Ákærði Haukur hefur tekið fram út af framburði vitnisins Huldu Bergsdóttur, að hann kannist ekki við að hafa spurt hermenn að því, hvort þeir hefðu hugsað eða ætlað sér að hafa samfarir við stúlkur í herberginu, eða að hermaður segði einu sinni við hann, að hann væri búinn að greiða honum peninga og því mætti hann (ákærði) ekki svíkja hann, heldur útvega honum tvær stúlkur, og ef honum líkaði þær ekki, þá jafnvel þá þriðju. Ákærði Haukur hefur minnzt þess að hafa spurt hermann einu sinni að því, hvort hann væri búinn að hafa samfarir og hvernig honum hefði líkað, en hermaðurinn hafði þá farið með stúlku í herbergi sitt í Hlíðahverfi. Hefði maðurinn þá sagzt hafa haft samfarir við stúlkuna.

Af málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, er ljóst, að sannað er með framburðum margra vitna, sér í lagi stúlknanna á Leifsgötu 4 og að nokkru með framburðum ákærðu sjálfra, að á tímabilinu júlí eða ágúst til október 1952 stuðluðu ákærðu oft að því sem milligöngumenn, að hermenn og erlendir sjómenn kæmust í samband við íslenzkar stúlkur til lauslætis og drykkjuskapar, og létu þeim í té í þessu skyni herbergi, sem ákærði Haukur hafði á leigu, og var ákærðu ljóst, að karlar þessir og konur hefðu öðru hverju við þessi tækifæri samfarir saman í herberginu. Er sannað, að ákærðu fengu ókeypis áfengi og vindlinga fyrir þátt sinn í þessu svalli, og virðist vonin um þenna ávinning auk ánægju þeirra sjálfra af þátttöku í svallinu hafa verið aðaltilgangur þeirra með áðurnefndri milligöngu. Hafa þeir þannig gerzt brotlegir gegn 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Seinni hluta mánudagsins 20. október f. á. hitti ákærði Ingvar Diðrik hermann einn af Keflavíkurflugvelli, Lt. F. H. O'Neal að nafni, inni á veitingastofunni að Austurstræti 14 hér í bæ. Þeir fóru um kvöldið ásamt nokkrum stúlkum og tveimur öðrum hermönnum á Ránargötu 50 og neyttu þar áfengis, sem þeir voru með. Þegar þetta áfengi þraut, lét O'Neal ákærða Ingvar Diðrik fá 150 krónur til að kaupa fyrir eina flösku af brennivíni. Fór ákærði

Ingvar Diðrik út og kveðst hafa keypt flöskuna, tekið hana upp og farið að drekka úr henni, og hafi það orðið til þess, að hann fór ekki aftur á Ránargötu 50. Síðar um nóttina handtóku lögreglumenn hann heima hjá sér, og var þá búið að tæma úr brennivínsflöskunni. Ákærði Ingvar Diðrik kveðst hafa keypt flöskuna á 120 krónur, en 30 krónur fóru í bifreiðarkostnað, eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Framangreint atferli ákærða Ingvars Diðriks varðar við 247. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

III.

Refsing ákærða Ingvars Diðriks Júníussonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en refsing ákærða Hauks Sigurjónssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 28. nóvember til 9. desember f. á., en ekki þykja vera ástæður til samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að draga þá varðhaldsvist frá refsingu þeirra.

Ákærðu ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna að svipta kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Ingvar Diðrik Júníusson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Theodór B. Líndal hrl., kr. 800,00 í málsvarnarlaun. Ákærða Hauk Sigurjónsson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Einari Ásmundssyni hrl., kr. 800,00 í málsvarnarlaun. Annan kostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Haukur Sigurjónsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Theodór B. Líndal hrl., í málsvarnarlaun kr. 800,00. Ákærði Haukur Sigurjónsson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Einari Ásmundssyni hrl., í málsvarnarlaun kr. 800,00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. desember 1954.

Nr. 64/1954. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Þórólfur Ólafsson)
gegn
Ingimundi Hjálmarssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jón Ásbjörnsson, prófessorarnir Ólafur Lárusson og Theodór B. Líndal og Einar B. Guðmundsson hrl.

Útsvarsmál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur, sökum þess að dómaranum bar að víkja sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1954. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaksins heimiluð. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi var árin 1950 og 1951 heimilisfastur í Seyðisfjarðarkaupstað. Virðist hann fyrra árið aðallega hafa stundað bifreiðaakstur, en ýmsa daglaunavinnu síðara árið. Stefndi átti á þessum árum eina kú og nokkrar sauðkindur. Á skattframtölum árin 1951 og 1952 taldi hann fram til frádráttar tap á landbúnaði skattárin 1950 og 1951, svo sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, en ríkisskattanefnd felldi þessa frádráttarliði niður. Í máli þessu er um það deilt, hvort ríkisskattanefnd hafi verið þetta heimilt.

Nú hefur það komið fram í máli þessu fyrir Hæstarétti, að héraðsdómarinn hafði á þessum árum einnig nokkra búfjáreign, og taldi hann fram á skattskýrslum sínum árin 1951 og 1952 til frádráttar tekjum tap á landbúnaði skattárin 1950 og 1951, en ríkisskattanefnd felldi þá frádráttar-

liði einnig niður af sömu ástæðu og frádrátt stefnda. Þar sem aðstaða héraðsdómarans var að þessu leyti samsvarandi aðstöðu stefnda, bar honum að víkja sæti í málinu samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr., laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1.200,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Ingimundi Hjálmarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00.

Úrskurður fógetaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 19. febrúar 1954.

Á skattframtölum 1951 og 1952 fyrir skattárin 1950 og 1951 taldi Ingimundur Hjálmarsson, verkstjóri á Seyðisfirði, til frádráttar tekjum sínum tap á landbúnaði, kr. 1.402,00 á árinu 1950 og kr. 1.276,00 á árinu 1951.

Með bréfi, póstlögðu í ágúst 1952, tilkynnti ríkisskattanefnd umræddum gjaldanda, sem er gerðarþoli við lögtak þetta, að hún teldi þetta tap hans á landbúnaði ekki frádráttarbært tekjum til skatts, þar eð landbúnaður hans væri stundaður sem aukastarf til framleiðslu neyzluvara til heimilisnotkunar. Var gerðarþola tjáð, að hann mætti búast við því, að nefndir frádráttarliðir yrðu felldir niður og sköttum breytt til samræmis við það. Var honum gefinn nokkur frestur til að senda nefndinni umsögn sína um málið. Gerðarþoli svaraði ekki bréfi nefndarinnar, og með úrskurði, dags. 4. nóv. 1952, ákvað ríkisskattanefnd, að því er virðist með áðurgreindri röksemd, að leyfa ekki umrætt tap til frádráttar tekjum. Var tekjuskattur gerðarþola hækkaður af þessum sökum um kr. 19,00 gjaldárið 1951 og kr. 57,00 gjaldárið 1952 eða samtals um kr. 76,00, sem gerðarþoli hefur neitað að greiða og lögtak er nú byrjað fyrir.

Gerðarþoli hefur haldið því fram hér fyrir réttinum, að hann hafi um margra ára skeið stundað landbúnað sem aukastarf til þess að afla sér tekna umfram vinnulaun, sem hann gefur í skyn, að hafi verið rýr vegna lítillar atvinnu hér. Hann kveðst jafnan hafa haft af þessu dálitlar tekjur, og hafi þær verið taldar fram og skattlagðar ásamt öðrum tekjum hans. Tap sitt á landbúnaði umrædd ár telur hann stafa af hinu slæma árferði, sem þá var. Hann hefur

loks bent á, að landbúnaður sinn standi engan veginn í sambandi við heimilishald sitt. Að vísu hafi hann notað sumt af framleiðslunni sjálfur, af því að það var honum hagkvæmt og lá beinast við. En það stafi alls ekki af því, að ekki hafi verið hér nægilegt framboð af landbúnaðarvörum til heimilisnotkunar. Af framangreindum ástæðum telur hann fyrrnefnda tekjuskattshækkun ríkisskattanefndar ólögmæta, mótmælir því, að lögtak þetta fari fram, og krefst málskostnaðar. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður falli niður.

Í lögum nr. 6/1935, 10. gr., í upphafi a-liðar, virðist ákveðin sú regla, að útgjöld vegna atvinnurekstrar til að afla tekna séu frádráttarbær tekjum til skatts. Ber því að athuga, hvort landbúnaður gerðarþola muni hafa verið rekinn í fjáröflunarskyni.

Rétturinn telur það alkunna staðreynd, sem ekki þurfi að sanna í máli þessu, að smábúskapur verkamanna og jafnvel fleiri launþega hér í bæ sé rekinn í því skyni að afla tekna til viðbótar vinnulaunum og tryggja fjárhagslega afkomu. Það er einnig alkunnugt af skattframtölum og leiðir af hlutarins eðli, að nettó-hagnaður er yfirleitt af smábúskap þessum, annars væri hann ekki rekinn svo almennt hér á Seyðisfirði, þar sem fast framboð hefur verið á landbúnaðarafurðum, þar á meðal mjólk, um margra ára skeið. Ekki verður séð, að það breyti eðli eða tilgangi þessa atvinnurekstrar frá sjónarmiði skattalaga, þótt framleiðendur noti framleiðslu sína að nokkru eða öllu leyti sjálfir. En slíkt er að sjálfsögðu hagkvæmt.

Líkur hafa ekki verið færðar að því, að landbúnaður gerðarþola sé neitt frábrugðinn landbúnaði annarra gjaldenda hér í þessu efni. Loks hefur ríkisskattanefnd ekki bent á neinar veilur í landbúnaðarframtölum gerðarþola umrædd ár, og verður því að telja, að þar sé eingöngu um frádráttarhæf gjöld að ræða.

Skiptir því ekki máli hér í réttinum vanræksla gerðarþola að svara athugasemd ríkisskattanefndar, enda hefur gerðarþoli gert réttinum nokkra grein fyrir landbúnaðartapi sínu umrædd ár.

Samkvæmt framangreindu verður að neita um framhald hinnar byrjuðu lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin byrjaða lögtaksgerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 8. desember 1954.

Nr. 70/1954. **Halldór Ásgrímsson**
(Árni Halldórsson, cand. jur., sonur áfrýjanda)
gegn
Sýslumanni Norður-Múlasýslu f.h. ríkissjóðs
(Þórólfur Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jón Ásbjörnsson, prófessorarnir Ólafur Lárusson og Theodór B. Líndal og Einar B. Guðmundsson hrl.

Útsvarsmál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur, sökum þess að dómaranum bar að víkja sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. apríl s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að því leyti, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks fyrir kr. 1.448,00. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi var árin 1950 og 1951 heimilisfastur í Vopnafjarðarkauptúni og kaupfélagsstjóri þar á staðnum. Á þessum árum átti hann nokkurn bústofn nautgripa og sauðfjár. Á skattframtölum árin 1951 og 1952 taldi hann fram til frádráttar tap á landbúnaði skattárin 1950 og 1951, svo sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, en ríkisskattanefnd felldi þessa frádráttarliði niður. Í máli þessu er um það deilt, hvort ríkisskattanefnd hafi verið þetta heimilt.

Nú hefur það komið fram í máli þessu fyrir Hæstarétti, að héraðsdómarinn hafði á þessum árum einnig nokkra búfjáreign, og taldi hann fram á skattskýrslum sínum árin 1951

og 1952 til frádráttar tekjum tap á landbúnaði skattárin 1950 og 1951, en ríkisskattanefnd felldi þá frádráttarliði niður af sömu ástæðu og frádrátt áfrýjanda. Þar sem aðstaða héraðsdómarans var að þessu leyti samsvarandi aðstöðu áfrýjanda, bar honum að víkja sæti í málinu samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr., laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber stefndá að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, sýslumaður Norður-Múlasýslu f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Halldóri Ásgrímssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00.

Úrskurður fógetadóms Norður-Múlasýslu 12. febrúar 1954.

Á skattframtölum 1951 og 1952 fyrir skattárin 1950 og 1951 taldi Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri á Vopnafirði, til frádráttar tekjum sínum tap á landbúnaði, kr. 4.288,00 á árinu 1950 og kr. 4.337,00 á árinu 1951.

Með bréfi, dags. 10. sept. 1952, tilkynnti ríkisskattanefnd umræddum gjaldanda, sem er gerðarþoli við lögtak þetta, að hún teldi áðurgreint tap á landbúnaði ekki frádráttarbært tekjum til skatts, þar eð um aukastarf væri að ræða til framleiðslu neyzluvara til heimilisnotkunar. Var gerðarþola jafnframt gefinn frestur til 15. okt. s. á. til að senda nefndinni umsögn sína um málið. Gerðarþoli svaraði ekki á tilskildum fresti, og með úrskurði, dags. 11. nóv. 1952, ákvað ríkisskattanefnd að leyfa ekki umrætt tap á landbúnaði til frádráttar tekjum. Varð samanlagður tekjuskattur gerðarþola gjaldárin 1951 og 1952 af þessum sökum kr. 1.340,00 hærri en ella mundi, og tekjuskattsviðauki hækkaði um kr. 576,00. Verða þetta samtals kr. 1.916,00, sem gerðarþoli neitar að greiða og lögtak er nú byrjað fyrir.

Gerðarþoli sendi ríkisskattanefnd umsögn í málinu, dags. 10. nóv. 1952, og virðist hún ekki hafa legið fyrir, þegar nefndin felldi áðurgreindan úrskurð. Aðalefni umsagnar þessarar er það, að gerðarþoli reki landbúnað eingöngu til framleiðslu mjólkur til eigin þarfa og aðeins vegna þess, að mjólk fáist ekki keypt í Vopnafjarðarkauptúni. Telur hann sanngirni mæla með því, að nefndin leyfi

umræddan halla á landbúnaði til frádráttar, meðan ekki sé framleidd þar mjólk til sölu. Í greinargerð, sem gerðarþoli hefur lagt fram hér í fógetaréttinum, er enn vikið að þessu, og enn fremur bendir hann á, að sér hafi áður verið gert að greiða skatt af landbúnaðartekjum. Loks vitnar gerðarþoli máli sínu til stuðnings í lög nr. 6/1935, 7. gr. og 10. gr., b-lið, sbr. reglug. nr. 133/1936, 16. gr., D-lið. Krefst hann þess, að synjað verði um framgang lögtaksins og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður. En til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Rétturinn telur, að b-liður 10. greinar laga nr. 6/1935, sbr. reglugerð nr. 133/1936, 16. gr., D-lið, eigi ekki beinlínis við um atriði það, sem hér er til úrskurðar. Heimildina til að draga framleiðslukostnað frá tekjum er að finna í a-lið 10. greinar laga nr. 6/1935, sbr. reglug. nr. 133/1936, 16. gr., D-lið. Segir þar, að gjöldin séu frádráttarbær, ef þau gangi til að afla teknanna. Virðist þetta eiga að taka bæði til þess, að gjöldin séu til þess fallin að tryggja tekjur og halda þeim við, og svo hins, að starfsemi sé rekin í því skyni að afla tekna. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun ríkisskattanefndar, að tap á landbúnaði, sem stundaður er sem aukastarf til framleiðslu neyzluvara til heimilisnotkunar, sé ekki frádráttarbært tekjum til skatts, því að vitanlega er slíkur smábúskapur oftast nær rekinn til að afla tekna og gefur tekjur, þótt í smáum stíl sé.

Nú er það hins vegar upplýst af gerðarþola, að landbúnaður hans er eingöngu rekinn af persónulegri nauðsyn til að afla mjólkur til heimilisþarfa, væntanlega án tillits til þess, hvað framleiðslan kostar, af því að hún fæst ekki keypt í kauptúninu. Slík starfsemi, sem ekki er rekin í atvinnuskyni eða til öflunar tekna, getur ekki leitt af sér tap í þeirri merkingu, sem það orð hefur í 10. gr. laga nr. 6/1935.

Gerðarþoli lætur þess getið, að tekjur sínar af landbúnaði hafi áður verið skattlagður með öðrum tekjum, en lýsir því að vísu ekki nánar, hvenær né hverjar aðstæður hafi verið þá. Þetta skiptir þó ekki máli. Tekjur af ýmsum atvikum geta verið skattskyldar, þótt tilsvarandi útgjöld séu ekki frádráttarbær tekjum til skatts. Svo er t. d. um gjafir, að þiggjanda ber að greiða skatt af þeim. En ekki er þeim, sem gefur gjafir, rétt að draga þær frá tekjum sínum til skatts. Sama er að segja um happdrættisvinninga, að þá ber að skattleggja, nema lög mæli öðruvísi fyrir. En útgjöld vegna kaupa á happdrættismiða eru ekki frádráttarbær tekjum til skatts. Gerðarþoli hefur því ekki getað átt rétt til frádráttar af þessum sökum, meðan landbúnaður hans var ekki rekinn í tekjuöflunarskyni.

Samkv. framanrituðu telur rétturinn, að lögtakinu beri að halda áfram. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Hinu byrjaða lögtaki skal fram haldið.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. desember 1954.

Nr. 83/1954. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson)
gegn
Nicholas Wright (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt staði þá, sem mælingar yfirmanna varðskipsins í máli þessu taka til. Reyndist staður dufls þess, sem sett var í sjó hjá skipi ákærða, tæplega 1.6 sm. innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Nicholas Wright, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttar-

lögmannanna Baldvins Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1954.

Ár 1954, laugardaginn 24. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1628/1954: Ákæruvaldið gegn Nicholas Wright, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Nicholas Wright, skipstjóri á brezka togaranum Red Knight, LO. 445, til heimilis í 44 Dronsfield Road í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara síðastliðna nótt úti af Selvogi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. marz 1901 í Fleetwood, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra varðskipsins Þórs, var varðskipið í nótt á eftirlitsferð á Selvogsbanka á vesturleið. Kl. 03,58 sást örugglega, að togari, sem reyndist vera Red Knight, LO. 445, var innan fiskveiðitakmarkanna, og var þá haldið til hans. Kl. 04,04 nam varðskipið staðar við hlið togarans, sem var að vinda inn stjórnborðsvörpu sína. Þá strax var sett út dufl og um leið kallað til togarans, að hann væri stöðvaður vegna meints fiskveiðibrots. Kærði var sóttur yfir í togarann og honum sýnt í ratsjá varðskipsins, hvar skip hans væri, og um leið var að honum ásjáandi gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Selvogsviti miðast réttvísandi í 330°, fjarlægð 6.7 sjómílur eftir ratsjá, dýpi 108 metrar.

Þar sem talsverð móða var yfir landinu, var ekki unnt að mæla með sextant, og var því ákveðið í samráði við kærða að sigla inn að Selvogsvita til að sannprófa fjarlægðina. Kl. 05,10 sigldi varðskipið frá duflinu, vegmælir 18,9 og réttvísandi stefna 330°. Kl. 05,32 var vegmælir 24,2, Selvogsviti beint fram undan og fjarlægð í land 1.1 sjómíla. Þar var snúið á stefnu 150° réttvísandi, og þegar búið var að snúa í sömu fjarlægð frá landi, var vegmælir 24,7. Siglt var að duflinu aftur í stefnu 150° réttvísandi, og kl. 06,04 var varðskipið í um 80 metra fjarlægð austan við duflið, vegmælir 30,0,

dýpi 108 metrar. Gefur þetta stað togarans um 1.6 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna.

Kærði, sem fylgdist með þessu öllu, viðurkenndi fyrir skipherranum, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en tók jafnframt fram, að um algert óviljaverk væri að ræða, því að ratsjá togarans væri ekki í góðu lagi, og eftir beiðni hans athuguðu II. og III. stýrimaður varðskipsins ratsjá togarans, og töldu þeir sig ekki geta gert nákvæma staðarákvörðun með henni. Kærða var boðið að bíða, unz unnt væri að gera mælingar með sextant, þegar móðunni létti, en hann afþakkaði það og kvaðst viðurkenna allar athuganir varðskipsins réttar og vildi fara strax til hafnar til að ljúka máli sínu. Kl. 06,50 var duflið tekið upp og haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 14,30.

I. stýrimaður varðskipsins var á stjórnpalli frá kl. 04,30, þar til lagt var af stað til hafnar, og II. stýrimaður varðskipsins var þar einnig frá kl. 04,00 til kl. 08,00. Þeir fylgdust báðir með mælingunum, sem gerðar voru, og siglingunni frá duflinu upp undir land og til baka aftur, og hafa þeir báðir staðfest skýrslu skipherrans um þessi atriði. II. og III. stýrimaður varðskipsins athuguðu ratsjá togarans, og virtist hún vera mjög léleg. III. stýrimaður varðskipsins fór um borð í togarann, strax og hann hafði numið staðar, og sá, að þar var verið að draga inn stjórnborðsvörpuna og að fiskur var í henni.

Allir hafa stýrimennirnir staðfest skýrslur sínar með eiði.

Kærði hefur viðurkennt skýrslu skipherrans að öllu leyti rétta og kannast hreinskilnislega við að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna á þeim stað, sem skýrsla skipherrans greinir, en hefur tekið fram, að þetta hafi hann ekki gert sér ljóst, fyrr en hann hafði fylgzt með mælingu varðskipsins og siglingu þess frá duflinu til lands og aftur til baka. Þegar varðskipið kom að togaranum, hafði hann verið á veiðum á þessum slóðum í 17 klukkustundir, og eins og skyggni var háttað, gat kærði ekki á þeim tíma, sem varðskipið kom að honum, gert staðarákvörðun nema með ratsjá togarans, en hún er af úreltri gerð, svo að kærði sá ekki í henni ströndina, eins og hún í raun og veru er. Telur hann sig hafa séð í henni sjávarbjörgin nokkru austan við Selvogstangana, eins og hann hefur merkt á hinu framlagða korti, og hélt þau vera Selvogstangana, en ekki hafa séð tangana sjálfa, sem eru nokkru lægri. Telur hann þessa villu hafa valdið því, að hann taldi sig vera fjær landi en hann í raun og veru var.

Þar sem það því er sannað samkvæmt framansögðu, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 406 brúttó-smálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin

74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Red Knight, LO 445, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 500,00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Nicholas Wright, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Red Knight, LO. 445, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 500,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. desember 1954.

Nr. 63/1952. **Kristinn Friðriksson** (Sigurður Ólason)
gegn
Albert Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn greiðslu á kr. 1.184,00 svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið viðurkennt, að stefndi, Halldór Jónsson, Tómas Gíslason og Ölver Fannberg hafi verið ráðnir landmenn hjá áfrýjanda á vetrarvertíðinni 1950. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Friðriksson, greiði stefnda, Albert Guðmundssyni, kr. 2.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Albert Guðmundsson, Laugateigi 9 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 25. maí 1950, gegn Kristni Friðrikssyni, Hraunteigi 20 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 11.424,00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að snemma í janúar 1950 hafi hann ásamt Ölver Fannberg, Sólvallagötu 9, Halldóri Jónssyni, Mávahlíð 22, og Tómasi Gíslasyni, Hafnarstræti 12, öllum hér í bænum, ráðizt landmaður vetrarvertíðina 1950 á v/b Friðrik Jónsson, RE. 15. Hafi bátur þessi verið eign stefnda og Ármanns Friðrikssonar, en stefndi gert bátinn út. Stefnandi kveður þá félaga hafa verið ráðna yfir alla vertíðina með ákvæðisvinnutaxta, þannig að þeir skyldu fá goldnar kr. 24,00 fyrir að beita hvert bjóð og hver þeirra hafi átt að beita 7 bjóð fyrir hvern róður. Vertíð hafi hafizt nokkru eftir áramót, og hafi báturinn farið í einn róður. Hafi þeir beitt fyrir þann róður og hinn næsta, en báturinn hafi ekki farið nema þennan fyrsta róður. Kveður stefnandi, að fjárhagsörðugleikar eigenda bátsins muni hafa valdið þessu, enda hafi skuldheimtumenn þeirra gengið að bátnum og látið selja hann á nauðungaruppboði seint í janúar 1950. Hafi stefndi þá rift ráðningarsamningnum við þá

félaga, en þeir hafi hins vegar tjáð honum, að þeir mundu krefjast bóta fyrir óheimil vistarrof. Stefndi hafi þó ekki greitt þeim neinar bætur né heldur fyrir þá beitingu, er þeir inntu af hendi. Kveður stefnandi, að vegna greindra samningsrofa hafi þeir félagar verið atvinnulausir framan af vertíðinni, og áætlar, að þeir hafi tapað af 15 róðrum, en hann telur, að venjulegt sé að fara um 60 róðra á vetrarvertíð eða sem svarar 15 róðrum á mánuði. Áætlar stefnandi, að tjón hvers þeirra félaga nemi umsömdu kaupi þeirra fyrir að beita 15 sinnum 7 bjóð eða kr. 2.520,00. Þá kveður stefnandi, að hver þeirra eigi inni hjá stefnda kaup fyrir 2 beitingar eða kr. 336,00. Hafi því krafa hvers þeirra á hendur stefnda numið kr. 2.856,00, en þeirra allra hinni umstefndu fjárhæð. Hafa þeir Halldór, Tómas og Ölver framselt stefnanda kröfur sínar.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 11.264,00, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti. Þá krafðist hann til vara greiðslu á kr. 9.416,00 auk vaxta og málskostnaðar eins og í stefnu segir.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 1.184,00. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Er sú fjárhæð, sem stefndi hefur viðurkennt, kaup þeirra félaga fyrir þær tvær beitingar, er þeir inntu af hendi, að frádregnum kr. 160,00, er stefndi hefur greitt stefnanda upp í þá vinnu. Mótmælin gegn kröfum stefnanda að öðru leyti reisir stefndi á því í fyrsta lagi, að þeir félagar hafi ekki verið ráðnir til neins ákveðins tíma, og hafi hann því getað látið þá hætta vinnu fyrirvaralaust. Þá reisir stefndi mótmæli sín í öðru lagi á því, að hann hafi orðið að hætta atvinnurekstri sínum af óviðráðanlegum ástæðum og vegna opinberra aðgerða, en á slíku geti hann ekki borið ábyrgð. Í þriðja lagi telur stefndi, að þeir félagar hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni við það að hætta vinnu hjá honum, þeir hafi þegar fengið vinnu annars staðar. Loks heldur stefndi því fram, að róðrafjöldinn sé of hátt áætlaður hjá stefnanda.

Þeir stefnandi og Tómas Gíslason hafa komið fyrir dóm og borið það, að þeir félagar hafi verið ráðnir landmenn við bátinn yfir vetrarvertíðina. Þá liggur fyrir yfirlýsing þeirra Ölvers Fannbergs og Halldórs Jónssonar sama efnis. Stefnandi hefur skorað á stefnda að koma fyrir dóm og gefa skýrslu um málsatvik, en hann hefur ekki sinnt því. Þykir því verða að leggja skýrslur þeirra félaga um ráðningartímann til grundvallar, og hefur því fyrsta varnarástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Þá verður ekki á það fallizt hjá stefnda, að það leysi hann undan fébótaábyrgð á slitum hans á ráðningarsamningnum við stefnanda og félaga hans, að bátur sá, sem þeir voru ráðnir landmenn við, var seldur á nauðungaruppboði vegna fjárhagsörðugleika stefnda og meðeigenda hans. Hefur því önnur sýknuástæða stefnda ekki heldur við rök að styðjast.

Það er ósannað, að þeir félagar hafi, eftir að vistarráðum þeirra hjá stefnda var slitið, fengið vinnu á vetrarvertíðinni 1950, fyrr en hér segir: Halldór 31. janúar, stefnandi 2. febrúar, Tómas 25. febrúar og Ölver 10. marz. Má því ótvírætt telja, að þeir hafi orðið fyrir nokkru atvinnutjóni á þeim tíma, sem leið, frá því að þeir létu af störfum við bátinn og þar til þeir fengu vinnu að nýju.

Stefnandi hefur lagt fram útdrátt úr tímaritinu Ægi af skýrslu yfir róðrafjölda vélbáta úr verstöðvum við Faxaflóa og á Suðurnesjum á vetrarvertíðinni 1950. Að skýrslu þessari athugaðri þykir ekki of hátt áætlað, að þeir Ölver og Tómas hafi misst af beitingarkaupi fyrir 15 róðra vegna vistrofa stefnda. Eru því hinar framseldu kröfur þeirra á hendur stefnda réttmætar. Hins vegar þykir hæfilegt að áætla, að þeir stefnandi og Halldór hafi tapað af kaupi fyrir að beita í 5 róðra hvor, og ber því að lækka kröfu hvors þeirra um beitingarkaup fyrir 10 róðra eða kr. 1.680,00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umkröfðu fjárhæð, kr. 11.264,00 ÷ (kr. 1.680,00 + kr. 1.680,00) = kr. 7.904,00, með vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1.000,00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, skipstjórum.

Dómur þessi hefur eigi orðið kveðinn upp fyrr vegna veikinda eins dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Friðriksson, greiði stefnanda, Albert Guðmundssyni, kr. 7.904,00 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 83/1953. X (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Ý (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1953. Gerir hann þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að honum verði dæmdur synjunareiður. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati dómsins.

Stefnda, sem hefur fengið gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. M. a. hefur vitnið Ívar Nikulásson komið fyrir dóm af nýju. Hefur hann nú viðurkennt, að hann hafi kvöld eitt komið heim til áfrýjanda ásamt stefndu og kunningjakonu hennar, er Rikka hafi verið nefnd, og hafi áfrýjandi þá átt heima í kjallaraherbergi í Norðurmýri. Hefur hann svo og stefnda og vitnið Friðrika Baldvinsdóttir greint frá húsbúnaði í herberginu, og ber þeim saman í höfuðdráttum. Við samprófun við áfrýjanda síðar hefur Ívar þó sagt, að hann geti ekki alveg fullyrt, hvaða stúlkur það voru, sem voru með þeim áfrýjanda í herbergi hans í umrætt skipti.

Með skírskotun til framanritaðs og þess, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann, þó svo, að eiðsfrestur telst 2 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.500,00, og renni þar af kr. 2.000,00 í

ríkissjóð. Fallist stefnda á eiðnum, skal áfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar í málinu, og greiði hún honum þá kr. 1.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefndu fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar telst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda, Ý, vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, X, greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, en þar af renni kr. 2.000,00 í ríkissjóð.

Fallist stefnda á eiðnum, greiði hún áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefndu fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. marz 1953.

Ár 1953, mánudaginn 16. marz, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1953: Ý gegn X, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Hinn 11. nóvember 1949 ól ógift stúlka, Ý, þá til heimilis á Hofsósi, óskilgetið fullburða sveinbarn, er í skírninni hlaut nafnið Z. Föður að barni þessu hefur hún lýst X hér í bæ. Hann hefur ekki viljað kannast við faðernið, og hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins og skyldaður til að greiða með því skv. yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess og fæðingarstyrk svo og málskostnað.

Kærandi kveðst hafa kynnzt kærðum í janúar 1949, er hún hafi dvalizt hér í bæ. Hún kveðst einu sinni hafa haft samfarir við kærðan, og hafi þær farið fram rétt fyrir miðjan febrúar 1949, en kærandi man ekki nánar, hvaða dag. Hún hafi verið á ferli í miðbænum ásamt vinkonu sinni, Friðriku Baldvinsdóttur, og hafi þau þá hitt kærðan og Ívar nokkurn Nikulásson á Lækjartorgi. Þau hafi tekið

tal saman, og hafi það orðið úr, að kærandi og Friðrika hafi fylgzt með þeim félögum heim til X í herbergi hans í kjallara á K-götu 8. Kveðst hún hafa verið þarna hjá kærðum alla nóttina og haft þrívegis samræði við hann. Kærandi kveður þau Friðriku og Ívar hafa farið burt um stund, en komið aftur og verið bæði í herberginu um nóttina. Hafi Ívar farið burt snemma morguns, en sjálf kveðst hún ásamt Friðriku hafa verið þarna fram að hádegi, er þau hafi öll fylgzt að burt úr herberginu, kærandi, kærður og Friðrika.

Kærandi segir, að hún og kærður hafi engar varúðarráðstafanir viðhaft til að koma í veg fyrir, að getnaður hlytist af samförum þeirra.

Vitnið Friðrika Baldvinsdóttir skýrir frá fundum hennar og kæranda og þeirra kærðs og Ívars á sama hátt og kærandi. Hún segir, að þær hafi farið með kærðum og Ívari heim til kærðs, sem búið hafi í kjallaraherbergi við K-götu, annaðhvort númer 8 eða 7. Þarna hafi þær verið fram á nótt, en þær hafi ekki verið þarna til hádegis næsta dags, eins og kærandi haldi fram, heldur minnir hana, að þær færu báðar saman burt um nóttina, og hafi kærandi síðan komið heim með henni og gist hjá henni það, sem lifði nætur. Friðrika segir, að um kvöldið hafi þau kærandi og kærður legið saman uppi á dívan í herberginu, en myrkt hafi verið í herberginu og plötuspilari verið í gangi, svo að hún hafi ekki haft aðstöðu til að fylgjast með, hvað kæranda og kærðum hafi farið á milli. Megi vel vera, að þau hafi haft samfarir, en ekki geti hún fullyrt það. Hún kveður kæranda hafa sagt sér síðar, að hún hefði haft samræði við kærðan þarna. Friðrika man ekki gerla, hvenær þetta átti sér stað.

Kærður kveðst kannast við kæranda, og umræddan vetur hafi hann oft séð hana á Lækjartorgi og stundum átt tal við hana og kunnkonu hennar, er kölluð hafi verið Rikka. Kærður var um þessar mundir strætisvagnsstjóri og bjó að eigin sögn í kjallaraherbergi á K-götu 8. Hann neitar því eindregið, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við kæranda, og neitar því, að hún eða áðurnefnd Rikka hafi nokkru sinni komið heim til sín á K-götu 8.

Vitnið Ívar Nikulásson, sem kunnugur er kærðum og var starfsfélagi kærðs á umræddum tíma, kveðst kannast við kæranda og Friðriku, en neitar því með öllu, að hann hafi komið heim til kærðs ásamt þeim, kveðst aldrei hafa komið heim til kærðs í fylgd með kvenmanni.

Kærandi var umræddan vetur í vist hjá Jóni Péturssyni, Skúlagötu 68, og konu hans, Kristínu Guðlaugu Kristófersdóttur. Kristín segir, að kærandi hafi einhverju sinni verið að heiman heila nótt og sagt sér á eftir, að hún hefði þá sofið hjá kærðum, og telur Kristín þetta hafa verið einhvern tíma á líklegum getnaðartíma barnsins. Kristín segir einnig, að er kærandi sagði henni frá þunga

sínum, hafi hún sagt sér, að kærður væri faðirinn. Annars telur Kristín kæranda hafa verið lausa á kostunum og telur líkur til, að hún hafi verið í þingum við fleiri en kærðan. Hefur hún tilnefnt tvo menn, sem oft hafi heimsótt kæranda, en kærandi hefur með öllu synjað fyrir samfarir við nefnda menn. Og hefur hún algerlega neitað, að hún hafi haft samfarir við nokkurn mann nema kærðan á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Þegar frá er skilið vætti Kristínar Guðlaugar Kristófersdóttur, hefur ekkert komið fram því til styrktar, að svo hafi verið.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum og barni kæranda. Samkvæmt henni er ekki útilokað, að kærður sé faðir barnsins, enda varð niðurstaðan þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Kærandi	A_1	MN	÷	+	+	+
Barnið	A_1	M	+	+	÷	+
Kærður	O	MN	+	+	÷	+

Samkvæmt áliti borgarlæknisins í Reykjavík eru mestar líkur til, að umrætt barn kæranda sé getið um 14. febrúar 1949, en mögu-leikar eru þó á því, að það hafi komið undir einhvern tíma á tíma-bilinu 26. des. 1948 til 16. marz 1949.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að málsúrslit verða að vera komin undir eiði. Kærður hefur algerlega neitað því, að kærandi hafi nokkru sinni komið heim til hans. Þetta er þó mjög ósennilegt, sbr. framburð kæranda og vitnisins Friðriku Baldvins-dóttur, sem báðar hafa tilgreint heimili kærðs rétt. Ósamræmi það, sem er í framburðum kæranda og Friðriku, rýrir hins vegar sönn-unargildi þeirra. Verður nokkurt álitamál, hvor málsaðilja skuli fá eiðsheimildina. Eftir atvikum þykir framburður kæranda þó öllu sennilegri, og verða málsúrslit því þau skv. 213. gr. laga nr. 85/1936, að vinni hún innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 26. desember 1948 til 16. marz 1949 haft holdlegt samræði við kærðan, X, skuli kærður teljast faðir að barni því, er kærandi ól hinn 11. nóvember 1949 og skírt var Z, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir árið 1949 lögum samkvæmt. Þá skal hann og greiða henni 500 krón-ur í málskostnað, en þar af renni 415 krónur til ríkissjóðs.

Verði kæranda eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá 300 krónur í málskostnað.

Dómsorð:

Vinni kærandi, Ý, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tíma-bilinu frá 26. desember 1948 til 16. marz 1949 haft holdlegt sam-

ræði við kærðan, X, skal kærður teljast faðir að sveinbarni því, er kærandi ól hinn 11. nóvember 1949 og skírt var Z, og greiða með því skv. yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til kæranda og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1949. Þá skal hann og greiða henni 500 krónur í málskostnað, en þar af renni 415 krónur til ríkissjóðs.

Verði kæranda eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá 300 krónur í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 162/1954. **Margrét Helgadóttir**
og
Ástríður Guðjónsdóttir
gegn
Ingólfi Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Margrét Helgadóttir og Ástríður Guðjónsdóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þær vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 174/1954. **Jón Valdimarsson**
gegn
Árna H. Bachmann.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Valdimarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 20. desember 1954.

Nr. 183/1954. **Kristinn Guðbrandsson,**
Magnús Magnússon
og
Haraldur Þorsteinsson
gegn
Sveinbirni Davíðssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristinn Guðbrandsson, Magnús Magnússon og Haraldur Þorsteinsson, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Sveinbirni Davíðssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 163/1954. **Guðlaugur Ásgeirsson**
og
Sigurður Berndsen
gegn
Pétri Péturssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest 30. nóvember sl., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Sigurðar Berndsens, og féll málið þá niður, að því er hann varðaði.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson sótti hins vegar dómþing og bað um frest til desembermánaðar, en stefndi, sem lét sækja dómþing, vildi ekki samþykkja þann frest. Á dómþingi 3. þ. m. varð það að samkomulagi með aðiljum að fresta málinu til desembermánaðar. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 20. þ. m., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Guðlaugs Ásgeirssonar. Fellur málssókn hans því einnig niður. Af hálfu stefnda var hins vegar sótt dómþing, og krafðist hann ómaksbóta. Með hliðsjón af kostnaði þeim, sem stefndi hefur haft af málinu, þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 500,00.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Pétri Péturssyni, kr. 500,00 í ómaksþóknun að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 164/1954. **Guðlaugur Ásgeirsson**
og
Sigurður Berndsen
gegn
Pétri Péturssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest 30. nóvember þ. á., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Sigurðar Berndsens, og féll málið þá niður, að því er hann varðaði.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson sótti hins vegar dómþing og bað um frest til desembermánaðar, en stefndi vildi ekki samþykkja þann frest. Á dómþingi 3. þ. m. varð það að samkomulagi með aðiljum að fresta málinu til desembermánaðar. Er málið var tekið fyrir á dómþingi 20. þ. m., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Guðlaugs Ásgeirssonar, og féll málið því niður. Af hálfu stefnda var hins vegar sótt dómþing, og krafðist hann ómaksbóta. Með hliðsjón af kostnaði þeim, sem stefndi hefur haft af málinu, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 500,00.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Pétri Péturssyni, kr. 500,00 í ómaksþóknun að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 181/1954. **Guðlaugur Ásgeirsson**
gegn
Pétri Péturssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Stefndi, Pétur Pétursson, hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Með hliðsjón af kostnaði þeim, sem stefndi hefur haft af málinu, ber að dæma áfrýjanda til að greiða honum kr. 1.000,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 182/1954. **Guðlaugur Ásgeirsson**
gegn
Pétri Péturssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Stefndi, Pétur Pétursson, hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Með hliðsjón af kostnaði þeim, sem stefndi hefur haft af málinu, ber að dæma áfrýjanda til að greiða honum kr. 800,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 10/1954. **Kjartan Sveinsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Sýslumanni Árnessýslu, umráðamanni jarðeigna Strandarkirkju (Páll S. Pálsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Leigumáli um jörð. Synjað um útburð.

Dómur Hæstaréttar.

Ragnar Bjarkan stjórnarráðsfulltrúi hefur sem setudómari í máli þessu kveðið upp hina áfrýjuðu úrskurði.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1954 tveimur úrskurðum í máli þessu, upp kveðnum 12. október og 19. nóvember 1953. Krefst hann þess *aðallega*, að hinir áfrýjuðu úrskurðir og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá fógetadómi, en *til vara*, að úrskurðurinn frá 19. nóvember 1953 verði felldur úr gildi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fógetaúrskurðurinn frá 12. október 1953, þar sem hrundið var frávísunarkröfu áfrýjanda, var ekki kærður til Hæstaréttar. Verður þeim úrskurði samkvæmt 3. mgr. 108. gr., sbr. 223. gr., laga nr. 85/1936 því ekki haggað nú, nema vísa ætti málinu sjálfkrafa frá fógetaréttinum, en til þess er ekki ástæða.

Jörðin Stakkavík í Selvogshreppi var árið 1943 og er enn eign Strandarkirkju. Eyðibýlið Hlíð hafði fylgt jörðinni Stakkavík, enda eru jarðir þessar metnar sameiginlega til fasteignamats. Árið 1943 sagði ábúandi Stakkavíkur og Hlíðar lausri ábúð sinni. Hinn 15. júní sama ár ritaði áfrýjandi biskupi bréf og mæltist til þess, að honum yrði leigð jörðin Stakkavík ásamt Hlíð. Biskup ritaði kirkjumálaráðuneytinu hinn 7. október 1943 og mælti eindregið með því, að áfrýj-

anda yrðu leigðar nefndar jarðir til lífstíðar frá fardögum 1943 að telja. Bréfi biskups fylgdu áðurnefnd umsókn áfrýjanda, meðmæli skógræktarstjóra, dags. 29. ágúst 1943, og meðmæli sandgræðslustjóra, dags. 30. ágúst sama ár. Bera gögn þessi með sér, að þeim biskupi, skógræktarstjóra og sandgræðslustjóra hafi þótt nauðsyn til bera að friða umræddar jarðir fyrir beit í framtíðinni vegna landsuppblásturs og sandfokshættu, en áður hafði verið rekinn þar allmikill sauðfjárbúskapur.

Eftir að kirkjumálaráðuneytinu hafði borizt bréf biskups og gögn þau, er því fylgdu, varð kirkjumálaráðherra við beiðni áfrýjanda. Hinn 3. nóvember 1943 ritaði kirkjumálaráðuneytið sýslumanni Árnessýslu, sem samkvæmt reglum nr. 20/1931, sbr. lög nr. 50/1928, hefur yfirumsjón með jarðeignum Strandarkirkju, og æskti þess, að hann byggði áfrýjanda „jörðina Stakkavík ásamt Hlíð í Selvogshreppi til lífstíðarábúðar frá fardögum 1943 að telja gegn 200 króna afnotagjaldi og gegn því, að hann kaupi húsin af fyrrverandi ábúanda jarðarinnar og yfirtaki lán það, er á húsunum hvílir".

Gögn máls þessa bera með sér, að kirkjumálaráðherra og biskupi var kunnugt, er framangreind ákvörðun var tekin, að áfrýjandi ætlaði sér ekki að flytjast á jörðina og hefja þar ábúð, enda var tilefni ákvörðunarinnar það, að nauðsyn bæri til að taka jörðina úr ábúð til friðunar fyrir beit, er sauðfjárbúskap fylgdi.

Hinn 19. marz 1945 gaf sýslumaður Árnessýslu út leigumála fyrir jörðinni til áfrýjanda. Í leigumálanum er tekið fram, að leigutíminn teljist frá fardögum 1943 til lífstíðar leigutaka, að áfrýjanda sé ekki skylt að búa á jörðinni og að leigutaki beri einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns samkvæmt 3. og 4. gr. ábúðarlaga.

Krafa stefnda um niðurfellingu leigumála áfrýjanda er að öðrum þræði reist á þeirri málsástæðu, að Selvogshreppur eigi rétt til að ráðstafa jörðinni samkvæmt 3. og 4. gr. ábúðarlaga, enda hafi komið fram krafa frá hreppnum um að fá jörðina til ráðstöfunar.

Með áðurgreindri stjórnarathöfn kirkjumálaráðherra var

jörðin Stakkavík ásamt Hlíð tekin úr ábúð til friðunar og leigð áfrýjanda til lífstíðar. Réttur Selvogshrepps samkvæmt 3. og 4. gr. ábúðarlaga er því aðeins fyrir hendi, að nefnd jörð sé eigi tekin úr ábúð og til friðunar samkvæmt stjórnarfarslegri heimild, enda fullnægi hreppurinn að sínu leyti skilyrðum 3. og 4. gr. ábúðarlaganna um að útvega innan fresta, sem þar greinir, hæfan ábúanda til að flytjast á jörðina og hefja þar búskap. Um hugsanlegan rétt Selvogshrepps samkvæmt framansögðu verður ekki dæmt í fógetamáli þessu, enda er hér um að ræða málefni milli Selvogshrepps annars vegar og kirkjumálaráðuneytisins og áfrýjanda hins vegar. Sú málsástæða stefnda, sem hér var rædd, getur því ekki leitt til þess, að kröfur hans verði til greina teknar.

Í öðru lagi hefur stefndi stutt kröfu sína um riftun leigumálans þeim rökum, að áfrýjandi hafi að ýmsu leyti vanefnt skyldur sínar sem leigutaki, eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði.

Samkvæmt 8. gr. leigumálans var áfrýjanda gert að leita tillagna sveitarstjórnar Selvogshrepps um lán til annarra á landsnytjum. Þetta ákvæði virðist reist á þeirri forsendu, að nefnd sveitarstjórn eigi rétt til jarða þeirra, sem hér er um að tefla, samkvæmt 3. og 4. gr. ábúðarlaga, en hvort svo er, hefur eigi verið í ljós leitt í máli þessu. Brot áfrýjanda á þessu ákvæði verður honum þegar af þessari ástæðu því eigi talið til útburðarsakar. Við samningsgerð var eigi ráðgert, að áfrýjandi hefði ábúð á jörðunum, og var því vitað fyrir fram, að hann mundi eigi geta hagnýtt sér veiðiaðstöðu í Hlíðarvatni með sama hætti og ábúandi. Hins vegar var ekki eðlilegt að skjóta loku fyrir hæfilega og skynsamlega veiði í nefndu vatni. Var því nauðsynlegt að setja í leigumálann rækileg ákvæði um hagnýtingu veiðinnar eða setja áfrýjanda síðar slíkar reglur, er veiðiaðstaðan batnaði vegna vegarsambands við fjölbyggð héruð og bæi. Við setningu reglna um veiðina þurfti að kanna, hversu mikil veiði er eðlileg í Hlíðarvatni, þegar litið er til viðhalds og eflingar fiskstofns, en um það brestur skýrslur í málinu. Var því eðlilegt og sanngjarnt, að stefndi hefði, er tilefni gafst, veitt áfrýjanda viðvörun um veiðina og veitt honum færi á því að ganga

að og hlíta hóflegum reglum um hana, áður en hann leitaði til fógetaréttar. Þykir af þeim ástæðum, sem nú voru raktar, varhugavert að telja, að hagnýting á veiðinni hafi verið slíkt brot á leigumálanum, að varða eigi útburði. Þá hafa áfrýjanda ekki heldur verið settar skýrar og eðlilegar reglur um meðferð og framkvæmdir á jörðinni að öðru leyti, og þykja því ekki sannaðar á hann aðrar þær vanefndir, sem leiða ætti til leiguriftunar.

Samkvæmt því, sem sagt var hér að framan, verður úrskurður fógeta frá 19. nóvember 1953 felldur úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður frá 19. nóvember 1953 er úr gildi felldur.

Stefndi, sýslumaður Árnessýslu, umráðamaður jarðeigna Strandarkirkju, greiði áfrýjanda, Kjartani Sveinssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 12. október 1953.

Með beiðni, dags. 5. júní 1953, hefur gerðarbeiðandi, Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, krafizt þess, að framkvæmdur verði á ábyrgð hans, en kostnað gerðarþola, útburður á Kjartani Sveinssyni, skjalaverði í Reykjavík, og öllu, sem honum til heyrir, af jörðunum Stakkavík og Hlíð í Selvogshreppi, en jarðir þessar eru eign Strandarkirkju í Selvogi.

Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Gerðarþoli hefur neitað framgangi gerðarinnar og krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Útburðarkrafan er byggð á leiguuppsögn, dags. 30. okt. 1952, miðað við fardaga 1953, og er uppsögnin á 8. bls. á dskj. nr. 3.

Fógeti leitaði um sættir milli aðilja, en árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dags. 19. marz 1945, 32.—33. bls. á dskj. nr. 3, leigði gerðarbeiðandi gerðarþola jarðir þessar til lífstíðar leigutaka gegn 250,00 króna árlegu eftirgjaldi miðað við almennt verðlag í jan.-marz 1939. Skyldi gerðarþoli

greiða alla skatta og skyldur af jörðunum og halda uppi af þeim lögskilum eiganda að kostnaðarlausu.

Þá var það skilyrði sett fyrir leigunni af hálfu gerðarbeiðanda í 8. gr. samningsins, að gerðarþoli „leggi stund á friðun jarðanna og uppgræðslu og leitist við að auka hlunnindi þeirra". Í sömu grein segir enn fremur, að óski gerðarþoli að lána öðrum landsnytjar, enda sé honum það leyfilegt samkvæmt ábúðarlögum, þá beri honum að leita um það tillagna sveitarstjórnar Selvogshrepps. Loks segir í 7. gr. samningsins: „Um leigu þessa gilda ákvæði ábúðarlaganna að svo miklu leyti sem þau geta átt við. Leigusala er kunnugt um, að leigutaki hyggur ekki til þess að reka búskap á jörðunum, en leigutaki ber einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns samkv. 3. og 4. gr. ábúðarlaga."

Kröfu sína í málinu byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli hafi brotið leigusamninginn með stórkostlegum og margendurteknum vanefndum á skyldum sínum samkvæmt honum, aðallega 8. gr., og margvíslegum réttarbrotum gagnvart gerðarbeiðanda, þannig, að hann hafi fyrirgert leigurétti sínum, jafnvel án útbyggingar eða uppsagnar, samkv. 2. mgr. 31. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951. Kveður gerðarbeiðandi höfuðskilyrði leigunnar hafa verið það, að gerðarþoli legði stund á friðun jarðanna og uppgræðslu og leitaðist við að auka hlunnindi þeirra. Þetta skilyrði hafi gerðarþoli ekki haldið, heldur miklu fremur nítt þær og rányrkt. Gerðarþola hafi verið óheimilt að lána öðrum eða leigja nytjar jarðanna og hlunnindi nema þá með samþykki hreppsnefndarinnar. Þetta ákvæði hafi gerðarþoli þrásinnis og í rauninni alla tíð virt að vettugi og sumarið 1952 t. d. leigt einhverjum Hafnfirðingum veiði í vatninu fyrir 9 þús. krónur og auk þess á sama tíma ýmsum fleiri. Sköttum, skyldum og öllum lögskilum hafi gerðarþola borið að halda uppi, en þetta hafi hann jafnan refjazt við.

Í annan stað byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfuna á því, að sveitarstjórn Selvogshrepps hafi fyrst með bréfi, dags. 16. jan. 1947, og síðan með bréfum, dags. 7. des. 1951 og 21. jan. 1952, krafizt þess, að jarðirnar yrðu losaðar úr núverandi leigu og byggðar til ábúðar lögum samkvæmt, sbr. 3. og 4. gr. ábúðarlaga, en í leigusamningnum sé beint tekið fram, að gerðarþoli hafi einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns skv. nefndum lagagreinum.

Fyrir þrásetu gerðarþola á jörðunum og margvíslegar vanefndir og tjón, þ. á m. sérstaklega fyrir ólöglega útleigu hlunninda jarðanna, hefur gerðarbeiðandi áskilið sér fullar skaðabætur úr hendi gerðarþola.

Staðhæfingum gerðarbeiðanda um vanefndir á leigusamningnum hefur gerðarþoli öllum mótmælt. Hann kveðst hafa lagt stund á friðun jarðanna á þann hátt, að áður hafi verið þar 300—400 fjár auk hrossa og tveggja kúa, og hafi fé þetta og hross gengið nálega

eingöngu á útibeit, en skepnuhald þetta hafi hann lagt niður, og gangi nú engar skepnur frá jörðunum á landi þeirra. Hann kveðst að vísu ekki hafa sett upp neinar nýjar girðingar á jörðunum, en bæjarhúsið kveðst hann hafa keypt og endurbyggt, en engin útihús kveður hann vera á jörðunum. Hann kveðst hafa hlaðið upp eyjarnar í Hlíðarvatni fyrir æðarvarp, en varpið hafi lítið aukizt, enda hafi minkur verið mjög áleitinn í landi jarðanna, og hafi hann stórkostlega spillt varpinu og raunar einnig veiðinni í vatninu, en gerðarþoli kveðst hafa gert allt, sem unnt var, til að útrýma minknum. Að því er silungsveiðina snertir, kveður gerðarþoli hana hafa aukizt mjög fyrstu árin, er hann hafði jarðirnar, en síðari árin hafi hún staðið í stað. Síðustu árin kveðst hann hafa gert nokkuð að því að leigja einstökum mönnum silungsveiði í vatninu, einn og einn dag í einu til stangaveiði, en ekki fleiri en 4 mönnum í einu. Sumarið 1952 hafi þeir þó stundum verið 4—6, og það sumar kveðst hann hafa haft ca. 9.000,00 kr. bruttótekjur fyrir leigu á silungsveiðinni til félags í Hafnarfirði, en ekki aðrar tekjur að ráði af veiðinni það sumar. Í landi jarðanna kveður hann skógarleifar hafa sáð sér út í stórum stíl síðustu árin, og sé þar urmull af uppvaxandi plöntum. Hann kveðst engan búskap hafa á jörðunum og nytjar þær ekki sjálfur að öðru leyti en því, er silungsveiðina snertir, en hann kveðst lána hreppsbúum þær litlu slægjur, sem til eru, endurgjaldslaust.

Þegar kom að munnlegum flutningi málsins á dómþingi 23. sept. sl., bar gerðarþoli fram kröfu um, að málinu yrði vísað frá fógetaréttinum, og kom aðiljum saman um að flytja þá hlið málsins sérstaklega og fá úrskurð um hana, áður en efnishlið málsins yrði tekin til meðferðar.

Fór því fram munnlegur flutningur um frávísunarkröfuna, og var hún tekin til úrskurðar á því dómþingi.

Gerðarþoli byggir frávísunarkröfuna á því, að Páll Hallgrímsson sýslumaður hafi farið í mál þetta án heimildar frá réttum aðilja og án nokkurs samráðs við hann. Hafi hann því ekki haft umboð til að reka málið af hálfu eiganda jarðanna, er gerðarþoli telur vera ríkissjóð. Heldur gerðarþoli því fram, að umboðsskortur Páls Hallgrímssonar eigi að valda frávísun málsins, en lögmanni gerðarþola hafi verið með öllu ókunnugt um þetta, þar til honum 23. f. m. bárust dómskj. nr. 8—12, en á þeim byggir hann staðhæfingu sína um umboðsskort gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi mótmælir frávísunarkröfunni á þeim forsendum, að sýslumaðurinn í Árnessýslu sé samkvæmt lögum nr. 50/1928 og reglugerð nr. 20/1931 umboðsmaður jarðeigna Strandarkirkju, enda hafi hann undirritað leigusamninginn við gerðarþola frá 19. marz 1945, og auk þess beri niðurlag dskj. nr. 12 það með sér, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi í reyndinni samþykkt málssókn þessa.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1928, um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið um-

sjón með stjórn kirkjufjánna og setur reglur um framkvæmd hennar. Hefur ráðuneytið samkvæmt þessari heimild sett bráðabirgðareglur, nr. 20 frá 10. apríl 1931, um fjárstjórn Strandarkirkju, sem eru enn í gildi, og segir þar í 3. gr., að maður, er ráðuneytið þar til skipar, hafi undir yfirumsjón sýslumanns umsjón með jarðeignum kirkjunnar, og byggir hann þær með samþykki sýslumanns.

Samkvæmt þessum ákvæðum verður að telja, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi vald til að ráðstafa og byggja jarðeignir kirkjunnar, þ. á m. segja upp ábúð á þeim. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur að vísu æðsta valdið í þessum málum og mundi því geta gripið fram fyrir hendur sýslumanns, en ef ráðuneytið lætur málið afskiptalaust, verður að telja gerðir sýslumanns í fullu gildi.

Samkvæmt niðurlagi dskj. nr. 12 tekur ráðuneytið fram, að því hafi verið kunnugt um þessi málaferli, en látið þau afskiptalaus, og verður því að líta svo á, að Páll Hallgrímsson sýslumaður hafi ekki farið út fyrir umboð sitt með málaferlunum.

Verður frávísunarkrafa gerðarþola því ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun málskostnaðar bíði efnisdóms í málinu.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 19. nóvember 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 6. nóv. 1953, hefur umráðamaður jarðeigna Strandarkirkju í Selvogi, Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, með beiðni, dags. 5. júní 1953, krafizt þess, að framkvæmdur verði á ábyrgð hans, en kostnað gerðarþola, útburður á Kjartani Sveinssyni, skjalaverði í Reykjavík, og öllu, sem honum til heyri, af jörðunum Stakkavík og Hlíð í Selvogshreppi, en jarðir þessar eru eign Strandarkirkju í Selvogi.

Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Gerðarþoli hefur neitað framgangi gerðarinnar og krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Fógeti leitaði um sættir milli aðiljanna, en árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dags. 19. marz 1945, 32.—33. bls. í dskj. nr. 3, leigði gerðarbeiðandi gerðarþola jarðir þessar til lífstíðar leigutaka gegn 200 króna árlegu eftirgjaldi miðað við almennt verðlag í jan.-marz 1939. Skyldi gerðarþoli greiða alla skatta og skyldur af jörðunum og halda uppi af þeim lögskilum eiganda að kostnaðarlausu.

Þá var það skilyrði sett fyrir leigunni af hálfu gerðarbeiðanda í 8. gr. samningsins, að gerðarþoli „leggi stund á friðun jarðanna og uppgræðslu og leitist við að auka hlunnindi þeirra". Í sömu grein

segir enn fremur, að óski gerðarþoli að lána öðrum landsnytjar, enda sé honum það leyfilegt samkvæmt ábúðarlögum, þá beri honum að leita um það tillagna sveitarstjórnar Selvogshrepps. Loks segir í 7. gr. samningsins: „Um leigu þessa gilda ákvæði ábúðarlaganna að svo miklu leyti sem þau geta átt við. Leigusala er kunnugt um, að leigutaki hyggur ekki til þess að reka búskap á jörðunum, en leigutaki ber einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns samkv. 3. og 4. gr. ábúðarlaga."

Með bréfi, dags. 30. okt. 1952, 8. bls. í dskj. nr. 3, sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp leigu á jörðunum frá fardögum 1953.

Kröfu sína í málinu byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli hafi brotið leigusamninginn með stórkostlegum og margendurteknum vanefndum á skyldum sínum samkvæmt honum, aðallega 8. gr., og margvíslegum réttarbrotum gagnvart gerðarbeiðanda, þannig, að hann hafi fyrirgert leigurétti sínum, jafnvel án útbyggingar eða uppsagnar, sbr. 2. mgr. 31. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sem er samhljóða 2. mgr. 31. gr. laga nr. 8/1951. Kveður gerðarbeiðandi höfuðskilyrði leigunnar hafa verið það, að gerðarþoli legði stund á friðun jarðanna og uppgræðslu og leitaðist við að auka hlunnindi þeirra. Þetta skilyrði hafi gerðarþoli ekki haldið, heldur miklu fremur nítt þær og rányrkt. Gerðarþola hafi verið óheimilt að lána öðrum eða leigja nytjar jarðanna og hlunnindi nema þá með samþykki hreppsnefndarinnar. Þetta ákvæði hafi gerðarþoli þrásinnis og í rauninni alla tíð virt að vettugi og sumarið 1952 t. d. leigt einhverjum Hafnfirðingum veiði í vatninu fyrir 9 þús. krónur og auk þess á sama tíma ýmsum fleiri. Sköttum, skyldum og öllum lögskilum hafi gerðarþola borið að halda uppi, en þetta hafi hann jafnan refjazt við.

Í annan stað byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfuna á því, að sveitarstjórn Selvogshrepps hafi fyrst með bréfi, dags. 16. jan. 1947, og síðan með bréfum, dags. 7. des. 1951, 21. jan. 1952 og 8. maí 1952, krafizt þess, að jarðirnar yrðu losaðar úr núverandi leigu og byggðar til ábúðar lögum samkvæmt, sbr. 3. og 4. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sem að þessu leyti eru samhljóða 3. og 4. gr. laga nr. 8/1951, en í leigusamningnum sé beint tekið fram, að gerðarþoli beri einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns samkvæmt nefndum lagagreinum.

Fyrir þrásetu á jörðunum og margvíslegar vanefndir og tjón, þ. á m. sérstaklega fyrir ólöglega útleigu hlunninda jarðanna, hefur gerðarbeiðandi áskilið sér fullar skaðabætur úr hendi gerðarþola.

Staðhæfingum gerðarbeiðanda um vanefndir á leigusamningnum hefur gerðarþoli öllum mótmælt. Hann kveðst hafa lagt stund á friðun jarðanna á þann hátt, að áður hafi verið þar 300—400 fjár auk hrossa og tveggja kúa, og hafi fé þetta og hross gengið nálega eingöngu á útibeit, en skepnuhald þetta hafi hann lagt niður, og gangi nú engar skepnur frá jörðunum á landi þeirra. Hann kveðst

að vísu ekki hafa sett upp neinar nýjar girðingar á jörðunum, en bæjarhúsið kveðst hann hafa keypt og endurbyggt, en engin útihús kveður hann vera á jörðunum. Hann kveðst hafa hlaðið upp eyjarnar í Hlíðarvatni fyrir æðarvarp, en varpið hafi lítið aukizt, enda hafi minkur verið mjög áleitinn í landi jarðanna, og hafi hann stórkostlega spillt varpinu og raunar einnig veiðinni í vatninu, en gerðarþoli kveðst hafa gert allt, sem unnt var, til að útrýma minknum. Að því er silungsveiðina snertir, kveður gerðarþoli hana hafa aukizt mjög fyrstu árin, er hann hafði jarðirnar, en síðari árin hafi hún staðið í stað. Síðustu árin kveðst hann hafa gert nokkuð að því að leigja einstökum mönnum silungsveiði í vatninu til stangaveiði, en ekki fleiri en 4 mönnum í einu. Sumarið 1952 hafi þeir þó stundum verið 4—6, og það sumar kveðst hann hafa haft ca. 9.000,00 króna bruttótekjur fyrir leigu á silungsveiðinni til félags í Hafnarfirði, en ekki aðrar tekjur að ráði af veiðinni það sumar. Í landi jarðanna kveður hann skógarleifar hafa sáð sér út í stórum stíl síðustu árin, og sé þar urmull af uppvaxandi plöntum. Hann kveðst engan búskap hafa á jörðunum og nytjar þær ekki sjálfur að öðru leyti en því, er silungsveiðina snertir, en hann kveðst lána hreppsbúum þær litlu slægjur, sem til eru, endurgjaldslaust.

Áður en kom til munnlegs flutnings á efnishlið málsins, krafðist gerðarþoli frávísunar, og varð samkomulag um að flytja þá hlið málsins sérstaklega og fá úrskurð um hana, áður en efnishliðin yrði tekin til meðferðar. Var úrskurður um frávísunarkröfuna kveðinn upp 12. okt. sl. á þá lund, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina, en ákvörðun málskostnaðar látin bíða efnisdóms í málinu.

Við munnlegan flutning málsins, er fram fór 6. þ. m., hefur gerðarþoli haldið því fram,

1. að jarðirnar hafi verið teknar úr ábúð með nefndum leigusamningi frá 1945, og séu þær því ekki lengur „jarðir" í merkingu ábúðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1933 og 1. gr. laga nr. 8/1951, sem eru samhljóða, og hafi sveitarstjórn því ekki þann rétt yfir þessum jörðum, sem henni er áskilinn yfir öðrum jörðum skv. 3. og 4. gr. ábúðarlaga;

2. að gerðarbeiðandi hafi farið út fyrir umboð sitt, er hann setti það ákvæði í leigusamninginn frá 19. marz 1945, 32.—34. bls. í dskj. nr. 3, að leigutaki beri einn ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitaði réttar síns skv. 3. og 4. gr. ábúðarlaganna, með því að lagt hafi verið fyrir gerðarbeiðanda í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. nóv. 1943, að leigja gerðarþola jarðirnar til lífstíðar án þess að minnast á nokkra slíka ábyrgð gerðarþola, skv. dskj. nr. 8;

3. að ákvörðun hreppsnefndar Selvogshrepps um að krefjast uppsagnar á leigusamningnum hafi verið ólögleg, þar sem málið hafi ekki verið tekið fyrir á formlegum hreppsnefndarfundi;

4. að undirskriftirnar undir kröfubréf hreppsnefndarinnar frá 16.

jan. 1947, 7. des. 1951, 21. jan. 1952 og 8. nóv. 1952 hafi ekki verið staðfestar fyrir rétti, og hefur hann mótmælt skjölum þessum á þeim grundvelli;

5. að uppsögnin á 8. bls. á dskj. nr. 3 hafi að vísu komið nægilega snemma fram, en hún sé alveg ólögleg, með því að ekki sé tekið þar fram, hverjar sakir gerðarþola séu, sbr. 30. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sem er samhljóða 30. gr. laga nr. 8/1951.

Öllum þessum mótbárum hefur gerðarbeiðandi mótmælt í flutningi málsins, og verða rök hans þar um tekin til meðferðar hér á eftir.

Rétturinn lítur svo á, að leiga gerðarþola á jörðum þessum geti ekki talizt „ábúð" í merkingu ábúðarlaga, þar sem hann rekur ekki búskap á jörðunum og á þar ekki lögheimili, sbr. t. d. 19. gr. ábúðarlaga, enda ekki gert ráð fyrir því í leigusamningnum. Ákvæði ábúðarlaga skulu þó gilda um leiguna að svo miklu leyti sem þau geta átt við skv. 7. gr. leigusamningsins, 32.—34. bls. á dskj. nr. 3.

Að því er snertir vanefndir gerðarþola á leigusamningnum, ber á það að líta, að 8. gr. leigusamningsins er mjög svo óákveðin um skyldur gerðarþola, þar sem einungis er tekið fram, að hann skuli „leggja stund á friðun jarðanna og uppgræðslu og leitast við að auka hlunnindi þeirra", án þess að nokkuð sé um það rætt, hvað honum sé skylt að gera til fullnægingar á þessu. Að hinu leytinu verður ekki talið, að gerðarþoli hafi fyrirgert leigurétti sínum vegna vanefnda á þessum ákvæðum, nema um sé að ræða verulegt brot á þeim af hans hálfu. Slíkt brot þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sýnt fram á, og ekki hefur hann leitað um það dóms úttektarmanna, sbr. 2. mgr. 31. gr. ábúðarlaganna, og verður útburðarkrafa hans af þessum sökum því ekki tekin til greina.

Ekki þykir það heldur geta valdið útburði, þótt gerðarþoli hafi leigt silungsveiði í Hlíðarvatni án þess að leita um það tillagna sveitarstjórnar Selvogshrepps, enda hefur sveitarstjórnin samkv. leigusamningnum aðeins tillögurétt um leigu veiðinnar.

Þá kemur að annarri aðalástæðu gerðarbeiðanda fyrir útburðarkröfunni, en það er krafa sveitarstjórnar Selvogshrepps samkvæmt 3. og 4. gr. ábúðarlaga, að jarðirnar verði löglega byggðar, en eins og áður er tekið fram, skyldi gerðarþoli samkvæmt 7. gr. leigusamningsins bera ábyrgð og áhættu af því, ef sveitarstjórn leitar réttar síns samkvæmt nefndum lagagreinum. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram bréf hreppsnefndar Selvogshrepps, dags. 16. jan. 1947, 36. bls. á dskj. nr. 3, þar sem hún krefst þess að fá umráð og ábúðarrétt jarðanna frá fardögum 1947, og afrit af símskeyti gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 23/12 1947, 36. bls. í dskj. nr. 3, þar sem leigusamningnum er sagt upp frá 1948, svo og bréf oddvita og hreppstjóra Selvogshrepps, dags. 7. des. 1951, 40. bls. í dskj. nr. 3, þar sem þeir fara þess á leit, að jarðirnar verði losaðar úr núverandi ábúð, þannig að þær verði til ábúðar í næstu fardögum (1952), og einnig

bréf sömu, dags. 21. jan. 1952, 42.—44. bls. í dskj. nr. 3, og loks bréf oddvita og Sveins Halldórssonar hreppsnefndarmanns í Selvogshreppi, dags. 8. nóv. 1952, 70. bls. í dskj. nr. 3, þar sem þeir endurtaka kröfur sínar um, að jarðirnar verði losaðar úr núverandi „ábúð", svo að þeim verði ráðstafað samkvæmt fyrirmælum ábúðarlaga.

Öllum þessum skjölum og kröfum hefur gerðarþoli mótmælt, m. a. við munnlegan flutning málsins, sem að framan er lýst, og verða þau mótmæli nú tekin til athugunar í sömu röð og þau eru sett fram hér að framan.

Um 1. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að þar sem jarðir þessar séu metnar sérstaklega í núgildandi fasteignamati og landverð þeirra sé yfir kr. 1.000,00, séu þær skv. 1. gr. ábúðarlaga „jarðir" í merkingu þeirra laga, enda þótt þær um tíma hafi verið teknar úr „ábúð", enda geti landeigandi og leigjandi ekki samið svo um, að „jarðir" skuli falla undan ákvæðum ábúðarlaga nema samkvæmt sérstökum lagaheimildum, sem hér sé ekki til að dreifa.

Verður rétturinn að fallast á þessa skoðun gerðarbeiðanda og lítur svo á, að sveitarstjórn hafi sama rétt yfir þessum jörðum sem öðrum samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. ábúðarlaga.

Um 2. Gerðarbeiðandi heldur því fram, og verður rétturinn á það að fallast, að sveitarstjórn hefði getað leitað réttar síns samkv. 3. og 4. gr. ábúðarlaganna um að krefjast þess, að jarðirnar yrðu löglega byggðar, þótt þetta hefði ekki verið tekið fram í leigusamningnum.

Gerðarbeiðandi þykir því ekki hafa farið út fyrir umboð sitt með því að taka þetta beint fram í samningnum til að taka af allan vafa, m. a. um skaðabótarétt gerðarþola á hendur gerðarbeiðanda.

Um 3. Ekki hafa komið fram sannanir fyrir því, að mál þetta hafi verið tekið formlega fyrir á hreppsnefndarfundi, en gerðarbeiðandi heldur því fram, að þar sem 2 af 3 hreppsnefndarmönnum Selvogshrepps hafi undirritað kröfubréfin um, að jarðirnar yrðu löglega byggðar, væri það næg sönnun þess, að meiri hluti hreppsnefndarinnar stæði á bak við þessa ákvörðun.

Verður rétturinn að fallast á, að nægilegt sé samkv. 3. og 4. gr. ábúðarlaga, að meiri hluti hreppsnefndar láti þannig í ljós vilja sinn um þetta efni, þó að málið hafi ekki verið tekið formlega fyrir á hreppsnefndarfundi.

Um 4. Um undirskriftirnar undir kröfubréf hreppsnefndarinnar heldur gerðarbeiðandi fram, að hér sé um opinber skjöl að ræða, sem telja skuli ófölsuð, þar til annað sannast, sbr. 153. gr. einkamálalaganna.

Verður rétturinn að fallast á þetta, og þar sem ekkert hefur komið fram, er orðið geti til að hnekkja skjölum þessum, heldur þvert á móti, með því að Bjarni Jónsson hefur fyrir rétti 31. júlí sl. staðfest undirskrift sína undir bréfin frá 16. jan. 1947, 7. des. 1951 og

21. jan. 1952 og Óskar Þórarinsson hefur einnig fyrir rétti 31. júlí sl. viðurkennt undirskrift sína undir bréfið frá 8. nóv. 1952, þá verður þessi mótbára gerðarþola ekki tekin til greina.

Um 5. Í uppsögn gerðarbeiðanda, dags. 30. okt. 1952, 8. bls. í dskj. nr. 3, er ekkert tekið fram, hverjar sakir gerðarþola séu. Skv. 30. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sem er samhljóða 30. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951, skal skýrt tekið fram, hverjar sakir leiguliða séu hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, og í 31. gr. sömu laga er tekið fram, hvaða sakir leiguliða varða útbyggingu.

Kemur þá til álita, hvort uppsögn sú, er hér um ræðir, þarf að uppfylla skilyrði 30. gr., til að lögleg sé, Í því sambandi ber á það að líta, að skv. 3. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 22/1940, sem að þessu leyti er samhljóða 3. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951, er hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki sjálfur, skyldur til að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, og ef hann byggir ekki jörðina fyrir 15. marz, skal honum skylt að bjóða sveitarstjórn ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Eins og fram er tekið hér að framan, getur leiga gerðarþola á Stakkavík og Hlíð ekki talizt ábúð í þessari merkingu, þar sem hann rekur ekki búskap á jörðunum og á þar ekki lögheimili, enda ekki gert ráð fyrir því í leigusamningnum.

Samkvæmt þessu lagaákvæði og því, sem rakið er hér að framan, virðist sveitarstjórn Selvogshrepps því hafa haft rétt til að krefjast þess, að jarðir þessar yrðu byggðar á venjulegan og löglegan hátt. En er sveitarstjórn ætlar að leita réttar síns samkvæmt þessu ákvæði, þykir verða að segja upp leigu jarðanna með eðlilegum fyrirvara, en sú uppsögn getur ekki talizt „útbygging" samkvæmt 30. og 31. gr. ábúðarlaga, og þykir því ekki þurfa að uppfylla skilyrði þessara greina um útbyggingu, enda ekki nauðsynlegt, að venjulegar útbyggingarsakir séu fyrir hendi.

Verður því að telja nægilegt, ef uppsögn hefur komið nægilega snemma fram. Uppsögn sú, sem hér liggur fyrir, kom til vitundar gerðarþola í nóvemberbyrjun 1952, og þykir hún því með hliðsjón af 30. og 32. gr. ábúðarlaga hafa komið nægilega snemma fram, enda hefur gerðarþoli viðurkennt það.

Verður því samkvæmt framansögðu að telja uppsögnina löglega.

Eins og að framan er rakið, lítur rétturinn svo á, að hreppsnefnd Selvogshrepps hafi haft rétt til að krefjast þess, að jarðirnar Stakkavík og Hlíð í Selvogi yrðu losaðar úr núverandi leigu og byggðar til ábúðar lögum samkvæmt, og þar sem lögleg krafa þar um hefur komið frá hreppsnefndinni og gerðarþola hefur verið sögð upp leigan með nægilegum fyrirvara frá fardögum 1953, verður krafa gerðarbeiðanda í máli þessu tekin til greina, og ber gerðarþola þegar að rýma jarðirnar með öllu, sem honum til heyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að gera gerðarþola að greiða gerðarbeið-

anda kr. 1.000,00 upp í málskostnað, þar með talinn málskostnað vegna frávísunarkröfunnar.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.000,00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.